Alþingi 1949.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1949, mánudaginn 14. nóvember, var sextugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og annað aðalþing í röðinni, en áttugasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup steig í stólinn og lagði út af Jeremía 29. kap. 11.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
6. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
9. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
10. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
11. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
12. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
14. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
15. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
17. Gísli Jónsson, þm. Barð.
18. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
21. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
22. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
23. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
24. Hermann Jónasson, þm. Str.
25. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
26. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
27. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
28. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
29. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
30. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
31. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
32. Jónas Rafnar, þm. Ak.
33. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
34. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
35. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
36. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
37. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
38. Ólafur Thors, þm. G-K.
39. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
40. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
41. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
42. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
43. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
44. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
45. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
46. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
47. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
48. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
49. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
50. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
51. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
52. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Voru þingmenn allir til þings komnir og á fundi, nema Eiríkur Einarsson, sem hafði boðað veikindaforföll, en í stað hans var til þings kominn

Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 8. þ. m. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætis-

ráðherra, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember næst komandi.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gert í Reykjavík, 8. nóvember 1949.

Sveinn Björnsson.

/Stefán Jóh. Stefánsson.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember 1949."

Samkvæmt bréfi því, er ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá endurreisn Alþingis fyrir 104 árum er þetta 84. samkoma þess, en frá því, er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 75 árum, er þetta þing hið 69. í röðinni, en 52. aðalþing.

Eftir nýafstaðnar almennar alþingiskosningar sezt nú nýkjörið þing á rökstóla, og býð ég þingmenn velkomna til starfa.

Er fráfarandi ráðuneyti fékk lausn 2. nóvember, bar ég fram þá ósk, að flýtt yrði sem mest myndun nýs ráðuneytis, þegar er Alþingi kæmi saman til funda. Sömu ósk bar ég fram við formenn allra þingflokkanna fjögurra, er ég átti tal við þá um viðhorfið daginn eftir, 3. nóvember. Skildist mér á þeim öllum, að þeir væru mér sammála um, að þetta væri mjög æskilegt, og tóku því vel að hefja þá þegar þann undirbúning undir stjórnarmyndun sem kleift væri. Nú er Alþingi er komið saman til funda, ber ég fram sömu óskina enn þá einu sinni.

Í 15. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn". Í lýðfrjálsu landi með þingræðisvenjum er ráðgert, að þjóðhöfðinginn noti þetta vald sitt ekki nema í fullu samræmi við vilja þingsins, þannig, að hann skipi að jafnaði ekki ráðherra, nema áður sé fengin trygging fyrir því, að þeir njóti stuðnings meiri hluta þings, eða að minnsta kosti, að meiri hluti þings sé ekki andvígur ráðuneytinu. Af þessu leiðir aftur, að það hvílir raunverulega á þingmönnum að skapa þau skilyrði, sem þarf til þess að hægt sé að skipa slíkt ráðuneyti. Þetta er bæði réttur og skylda þingmanna samkvæmt þingræðisvenjum.

Nú hefur það farið svo hér á landi í hvert skipti eftir annað, að stjórnarmyndun hefur tekið mjög langan tíma, jafnvel svo mánuðum skiptir. Þetta hefur tafið mikið önnur störf þingsins, því að segja má með nokkrum sanni, að öll venjuleg þingstörf sitji á hakanum, þar til fenginn er nægur stuðningur fyrir nýtt ráðuneyti. Ég þykist viss um, að bæði þingmenn sjálfir og þjóðin öll telja það æskilegt, að þessi töf frá störfum verði sem styzt.

Alþingi það, sem nú er komið saman til funda, á að samþykkja fjárlög fyrir næsta ár, sem eiga að ganga í gildi eftir 6—7 vikur. Fjárhags- og efnahagsmál kalla mjög að um ráðstafanir stjórnar og þings, sem ekki þola neina bið; dráttur á þeim getur orðið landi og þjóð mjög örlagaríkur.

En hvað á að gera, ef ekki tekst samt að mynda stjórn, sem hafi tryggðan stuðning meiri hluta Alþingis, án of mikils dráttar?

Ég skil stjórnarskrá vora svo, að er mikið liggur við — og það liggur mikið við nú —, þá sé það bæði réttur og skylda forseta að reyna að skipa ráðuneyti, innan þings eða utan, þó að það hafi ekki fyrir fram tryggðan meiri hluta þings, ef slíkur stuðningur fæst ekki. Alþingi getur lýst vantrausti á slíku ráðuneyti, en verður þá um leið að sjá fyrir öðru ráðuneyti, sem því líkar betur. Löggjöf um aðsteðjandi vandamál og aðrar ráðstafanir þola ekki þá bið, sem leiðir af því, að óeðlilega lengi starfi ráðuneyti, sem fengið hefur lausn vegna þess, að það telur sér ekki fært að fara lengur með stjórn eða telur sig ekki njóta lengur trausts meiri hluta þings. Því er ekki hægt fyrir Alþingi að ætla sér óákveðinn frest í von um, að viðhorfið breytist. Þess vegna eru það og algerar undantekningar í öðrum lýðræðis- og þingræðislöndum, að það taki nema stuttan tíma, jafnvel einn dag eða fáa daga, að mynda nýtt ráðuneyti í stað þess, sem fer frá. Þegar það kemur fyrir, að það tekur lengri tíma, eins og t. d. í sumar í Belgíu og nú nýverið í Frakklandi, er það almennt talið nokkurs konar þjóðarógæfa og af sumum jafnvel talið til þess fallið að draga úr áliti og virðingu þjóðarinnar einnig út á við. Í Frakklandi tók stjórnarmyndun þrjár vikur og þótti allt of langur tími. Það, sem kemur fyrir hjá öðrum þjóðum sem undantekning, má ekki verða venja hjá oss Íslendingum, ef vér viljum teljast í hópi þingræðisþjóða.

Ég veit, að það er álit sumra, að öðruvísi horfi við hér en annars staðar, en get ekki fallizt á þau rök, sem færð eru fyrir því. Fyrr á árum var þjóðhöfðinginn í fjarlægu landi; nú er hann hér viðstaddur. Hér eru fjórir flokkar, og enginn þeirra hefur meiri hluta þings; nú hafa að vísu tveir flokkanna saman slíkan meiri hluta, en hvorugur þeirra hefur meiri hluta ásamt öðrum hvorum hinna tveggja flokkanna. Víða annars staðar stendur verr á, flokkarnir eru fleiri og þarf stuðning fleiri en tveggja flokka og jafnvel fleiri en þriggja flokka. — Málum vorum er svo komið vegna verðbólgu, dýrtíðar, of mikils framleiðslukostnaðar til þess að geta keppt við aðra innanlands og utan, of hárra ríkisútgjalda, of hárra skatta og tolla o. s. frv., að erfitt er að sameinast um það, á hvern hátt skuli fram úr ráðið. Mér finnst þessi rök frekar vera rök fyrir því, að stjórnarmyndun þolir enga bið, en fyrir því, að langan tíma þurfi til stjórnarmyndunar, sem aftur leiðir af sér langa töf á aðkallandi störfum þings og stjórnar.

Í samræmi við það, sem ég hef sagt, tel ég rétt að skýra hinu háa Alþingi frá því á þessum fyrsta fundi þess, að ef svo skyldi fara, mót von minni, að ekki hafi tekizt að tryggja nýju ráðuneyti nægan stuðning fyrir 30. þ. m., þó helzt fyrr, mun ég líta svo á, að ekki beri að fresta því lengur, að ég geri tilraun til þess að skipa nýtt ráðuneyti, sem Alþingi getur þá hafnað eða sætt sig við, — enda eru þá liðnar fjórar vikur frá því fráfarandi ráðuneyti fékk lausn frá störfum og frá því, er ég mæltist til þess við formenn þingflokkanna að hefja undirbúning að stjórnarmyndun, — og meira en mánuður frá því kunn

voru úrslit kosninganna, en meira en tvær vikur frá því, að Alþingi kom saman til funda.

Að svo mæltu vil ég biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, mælti: „Lifi Ísland.“ — Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forseti kvaddi nú elzta þingmanninn, Jörund Brynjólfsson, 1. þm. Árn., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs Alþingis. Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (JörB): Áður en þingstörf hefjast að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum þriggja fyrrverandi alþingismanna, sem látizt hafa milli þinga. Þessir menn eru Sveinn Ólafsson, umboðsmaður í Firði, sem andaðist að heimili sínu, Firði, 20. júlí s. l., 86 ára að aldri, séra Þorsteinn Briem, sem andaðist að heimili sínu hér í Reykjavík 16. ágúst síðastl., 64 ára að aldri, og Þórarinn Benediktsson frá Gilsárteigi, sem lézt í landsspítalanum í fyrradag, 12. þ. m., 78 ára að aldri.

Sveinn Ólafsson fæddist í Firði í Mjóafirði 11. febrúar 1863. Foreldrar hans voru þau Ólafur bóndi í Firði Guðmundsson og kona hans Katrín Sveinsdóttir bónda á Kirkjubóli í Norðfirði Jónssonar. Sveinn ólst upp með foreldrum sínum, en fór til Noregs 18 ára gamall og dvaldist þar við nám í lýðháskólum 1881—82. Síðan fór hann í Möðruvallaskóla og lauk þaðan prófi 1884. Ári síðar fór hann utan öðru sinni og stundaði nám í kennaraskóla Kaupmannahafnar 1885—86. Vorið 1887 reisti hann bú á Asknesi í Mjóafirði og bjó þar til ársins 1899. Þá tók hann við forstöðu verzlunar í Bakkagerði í Borgarfirði eystra og gegndi því starfi um tveggja ára skeið, en vorið 1901 gerðist hann bóndi í Firði og rak þar búskap fram á elliár og átti þar jafnan heimili síðan.

Það kom snemma í ljós, að Sveinn Ólafsson var frábær vitsmunamaður og jafnframt áhugasamur um þjóðmál, og þótti hann því þegar á ungum aldri vænlegur til forustu, enda voru honum snemma falin hvers konar trúnaðarstörf í héraði. Hann var hreppsnefndarmaður í nærfellt hálfa öld, sýslunefndarmaður í nálega 30 ár og amtsráðsmaður um skeið. Árið 1909 varð hann umboðsmaður Múlasýsluumboðs og gegndi því starfi milli 30 og 40 ár. Hann var þingmaður Sunnmýlinga á árunum 1916—33 og sat á 20 þingum samfleytt. Þótt kominn væri yfir miðjan aldur, eða 53 ára, þegar hann tók fyrst sæti á Alþingi, gætti þess þegar, að þar var enginn miðlungsmaður setztur á þingbekk. Fyrir sakir fjölhæfni hans, glöggskyggni og mælsku, samfara víðtækri þekkingu á landshögum og atvinnumálum þjóðarinnar, einkum landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, mun honum jafnan verða skipað á bekk með mikilhæfustu þingmönnum þjóðarinnar á þessu tímabili. Hann var hvort tveggja í senn, kappsfullur og rökvís málafylgjumaður og samningamaður, ef því var að skipta og honum þótti einhver afsláttur á fyllstu kröfum vænlegur í bili til þess að þoka máli áleiðis.

Hann átti sæti í milliþinganefnd í vatnamálum, svonefndri fossanefnd, sem starfaði á árunum 1917—19, varð þar í minni hluta um mikilvæg atriði og ritaði ýtarlegt sérálit. Þegar vatnalöggjöfin var sett nokkrum árum síðar, urðu sjónarmið hans ofan á í þinginu. Sem vænta mátti var hann áhrifamaður í fjölmargri lagasetningu, ekki sízt á sviði atvinnumálanna, sérstaklega sjávarútvegsins, og má þar einkum nefna nýja skipun síldarútvegsmála.

Sveinn Ólafsson var rammíslenzkur og málfar hans í ræðu og riti kjarnmikið og sérkennilegt. Þegar hann tók til máls, og það gerði hann oft á þingi, var setningaskipun öll svo óskeikul og fastmótuð sem hið vandaðasta ritmál. Innanþingsskrifurum, sem ekki náðu ræðum hans orðréttum, fundust stundum handrit sín illa leikin, þegar þeir sáu þau yfirlesin af ræðumanni, enda var hann svo stílfastur og málvandur, að hann vildi ekki hlíta í því efni orðalagi annarra en sjálfs sín.

Áður en Alþingismannatalið var gefið út 1930, voru þingmönnum sendar nokkrar spurningar á blaði varðandi æviatriði þeirra. Síðasta spurningin var á þessa leið: Önnur atriði, er máli þykja skipta og einkum lúta að þjóðmálastarfsemi. Í svardálkinn ritaði Sveinn Ólafsson og varð að þjappa saman efninu, því að rúmið var lítið:

„Hef frá æsku talsvert kynnzt Norðurlandaþjóðum, einkum Norðmönnum, einnig Skotum. Mótaðist snemma norskum áhrifum. Hef oft dregið líkur af norskum fyrirmyndum. Varð ákveðinn sjálfstæðismaður snemma fyrir norsk áhrif. Samanburður íslenzkrar sveitamenningar við hliðstæða menningu Skandinava hefur rótfest þá skoðun hjá mér, að sveitamenningin íslenzka sé fjöregg þjóðarinnar. Eftir því ekið seglum.“

Með þessum orðum lýsir hann bezt sjálfur meginviðhorfi sínu í allri þjóðmálastarfsemi.

Sveins í Firði mun lengi verða minnzt sem eins hins vitrasta og menntaðasta Íslendings í bændastétt.

Séra Þorsteinn Briem var fæddur að Frostastöðum í Blönduhlíð 3. júlí 1885, sonur Ólafs Briems, bónda þar, en síðar og lengst af á Álfgeirsvöllum, og konu hans, Halldóru Pétursdóttur. Var hann ungur settur til mennta og tók stúdentspróf 1905, en guðfræðiprófi lauk hann 1908. Næsta vetur dvaldist hann í Danmörku til frekari undirbúnings undir lífsstarf sitt. Prestsvígslu tók hann í júlímánuði 1909 sem aðstoðarprestur séra Jens Pálssonar í Görðum á Álftanesi, en tæpum tveimur árum síðar voru honum veitt Grundarþing í Eyjafirði, og þjónaði hann því kalli í 8 ár, en sótti þá um Mosfell í Grímsnesi, hlaut kosningu og gegndi prestsembætti þar um tveggja ára skeið. Eftir það var honum veitt Garðaprestakall á Akranesi, og þar starfaði hann í aldarfjórðung, að frátöldum rúmum tveimur árum, er hann gegndi ráðherraembætti, eða til vorsins 1946, en þá lét hann af prestskap vegna heilsubilunar. Um sumarið fór hann til Svíþjóðar til að leita sér lækninga og dvaldist

þar og í Danmörku í sjúkrahúsum og undir læknahöndum um nærfellt tveggja ára skeið. Hvarf hann þá heim og virtist hafa fengið nokkra bót meina sinna, en brátt sótti í sama horf, sjúkleiki hans ágerðist og dró hann til dauða rúmu ári eftir heimkomuna.

Þegar á fyrstu prestskaparárum séra Þorsteins þótti mjög að honum kveða sem kennimanni, og brátt kom svo, að almenningsálitið skipaði honum á bekk með fremstu andlegrar stéttar mönnum þjóðarinnar. Bar margt til: virðulegur persónuleiki, prúðmannleg framkoma, fjölþættar gáfur og alúð sú og innileiki, sem hann lagði í starfið. Sérstaklega var hann talinn skara fram úr í prédikunarstarfinu, og þótti í ræðum hans fara saman andríki, orðkynngi og frábær flutningur. Þess var að vænta, að slíkum manni væru falin ýmis aukastörf á sviði kirkjumála og kristindóms, enda varð sú raunin á. Hann var formaður í milliþinganefnd í kirkjumálum, er skipuð var 1929. Prófastur var hann í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1931 til þess er hann lét af prestskap. Í kirkjuráði átti hann sæti frá stofnun þess, og í stjórn „almennra kirkjufunda" sat hann lengi. Formaður Hallgrímsdeildar Prestafélags Íslands var hann um langt skeið og síðar heiðursfélagi.

Allmörg hin síðustu árin og svo að segja fram undir andlátið vann séra Þorsteinn að miklu ritverki um íslenzkan sálmakveðskap. Hafði hann aflað sér víðtækrar þekkingar á því sviði og vann að þessu áhugamáli sínu, meðan kraftar entust, með þeirri vandvirkni, sem einkenndi öll störf hans, en auðnaðist ekki að ljúka því.

Þó að séra Þorsteinn teldi sig fyrst og fremst þjón kirkjunnar og málefna hennar, lét hann og ýmis önnur mál til sín taka. Hann hafði m. a. mikinn áhuga á landbúnaði og trúði örugglega á framtíð hans og lífsorku íslenzkrar frjómoldar, og sjálfur rak hann jafnan búskap með góðum árangri á prestssetursjörðunum, er hann sat.

Séra Þorsteinn sóttist ekki eftir vegtyllum og virðingarstöðum, en um svo frábæran vitsmunamann og mannkosta gat naumast hjá því farið, að aðrir yrðu til þess að benda á hann og fá hann til að gegna trúnaðarstörfum utan síns embættislega verkahrings. Á árunum 1932—34 var hann skipaður ráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar og hafði með höndum kirkju- og kennslumál og landbúnaðarmál. Kom hann þá fram á þingi nokkrum málum, er hann hafði unnið að í kirkjumálanefndinni. Af öðrum merkum málum, sem hann undirbjó á ráðherratíð sinni, má nefna ábúðarlögin, er allmiklar deilur höfðu staðið um, en honum tókst að leysa.

Á þingi átti séra Þorsteinn sæti í níu ár, 1934—37 sem landskjörinn þingmaður, en þingmaður Dalamanna 1937—42. Var hann ávallt mikils metinn af samþingismönnum sínum sökum vitsmuna og hygginda, og tillögugóður var hann ætíð, ráðsvinnur og rökvís. — Hann var einn af stofnendum Bændaflokksins og formaður hans 1935—42.

Við fráfall séra Þorsteins Briems á þjóðin á bak að sjá einum mætustu sona sinna.

Þórarinn Benediktsson var fæddur 3. marz 1871 í Keldhólum á Völlum. Foreldrar hans voru Benedikt Rafnsson, síðar bóndi í Höfða á Völlum, og kona hans, Málfríður Jónsdóttir bónda í Keldhólum Marteinssonar. Þórarinn útskrifaðist úr búnaðarskólanum á Eiðum 1892, mun síðan hafa stundað ýmis sveitastörf, unz hann reisti bú á Gilsárteigi í Eiðaþinghá 1897, og þar bjó hann alla búskapartíð sína. Hreppstjóri var hann 1898 og síðan alla þá tíð, er hann bjó á Gilsárteigi, og sýslunefndarmaður um skeið. Þá átti hann sæti á búnaðarþingi nokkur ár, og á tímabili var hann í stjórn Eiðaskóla. Árið 1919 brá hann búi og fluttist eftir það til Seyðisfjarðar. Gerðist 1920 gjaldkeri útibús Íslandsbanka og síðar Útvegsbankans þar og mun hafa gegnt því starfi til 1931. Eftir það stundaði hann ýmis störf á Seyðisfirði, meðal annars búnaðarstörf og skriftir. Hann átti sæti á Alþingi sem þingmaður Sunnmýlinga á þingunum 1914 og 1915.

Þórarni Benediktssyni er svo lýst, að hann hafi verið greindur maður og gegn, jafnan traustur í starfi og trúr hverju góðu málefni, er hann lagði lið. Þótt ekki hefði hann sig mjög í frammi á hinum stutta þingsetutíma sínum, aflaði hann sér trausts og virðingar samþingismanna sinna, er vel kunnu að meta störf hins hyggna og hollráða manns.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum og votta þar með virðing minningu þessara mætismanna. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Þá skýrði aldursforseti frá því, að forseta sameinaðs þings hefði borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1949.

Það tilkynnist yður hér með, að Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., getur ekki að svo stöddu tekið sæti á Alþingi sökum veikindaforfalla, og hefur hann óskað þess, að varamaður hans, Sigurður Ó. Ólafsson, taki í hans stað sæti á þingi fyrst um sinn.

Virðingarfyllst
F. h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins
Jóhann Hafstein."

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv., og Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., en þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:
BSt, EOl, EmJ, EystJ, GJ, HG, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JörB, LJóh, PZ, SÁ, SG, StgrA, ÞÞ.

2. kjördeild:
ÁkJ, ÁS, BÁ, BÓ, SÓÓ, FRV, GG, GTh, GÞG, JóhH, JR, KK, KS, LJós, SB, StJSt, StSt.

3. kjördeild:
ÁÁ, ÁB, BBen, BrB, FJ, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JJós, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, SkG, StgrSt, VH.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem

voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild, og 3. deild kjörbréf þm. í 2. deild.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf þeirra þm., sem eiga sæti í 3. kjördeild, og hefur ekki fundið neitt athugavert við þau, enda engar kærur legið fyrir um neina af þessum kosningum. Leggur kjördeildin því til, að kosning nefndra þm. sé tekin gild.

Kjördeildin hefur fengið ógilda seðla úr þrem kjördæmum til athugunar, og er þar greinilega merkt við einn frambjóðandann, án þess að það sé reglulegur kross. Einn seðill er þannig, að merkt er við tvo frambjóðendur, og því tvímælalaust ógildur, enda ekki krossaður, heldur eru önnur merki við nöfnin. Ég get um þetta, þó að ekki hafi það áhrif á kosninguna. Hún er tvímælalaus. En það mun vera mjög misjafnt í einstökum kjördæmum, hvað kjörstjórnir eru strangar um ógildingu seðla, ef vilji kjósandans kemur sýnilega fram. Ég veit t. d., að í mínu kjördæmi er það þannig, að seðill er gerður ógildur, ef ekki er reglulegur kross. Í öðrum kjördæmum mun það vera þannig, að ef eitthvert merki er við listabókstaf eða nafn, er seðillinn tekinn gildur. Mér skilst, að hér þurfi nokkurrar samræmingar við.

ATKVGR.

Till. 1. kjördeildar um, að kjörbréf þm. í 3. kjördeild verði tekin gild, samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. 2. kjördeildar (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 2. kjördeild hefur fengið til meðferðar kjörbréf 18 þm. Þeir eru þessir: Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., Emil Jónsson, þm. Hafnf., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Gísli Jónsson, þm. Barð., Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., Jón Gíslason, þm. V-Sk., Jón Pálmason, þm. A-Húnv., Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., Jónas Árnason, 6. uppbótarþingsæti Sameiningarflokks alþýðu, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv., Steingrímur Aðalsteinsson, 3. uppbótarþingsæti Sameiningarflokks alþýðu, Þorsteinn Þorsteinsson, 2. uppbótarþingsæti Sjálfstfl.

Kærur hafa engar borizt út af neinu þessara kjörbréfa. 2. kjördeild leggur til, að kosning þessara 18 þm. sé tekin gild.

ATKVGR.

Till. 2. kjördeildar samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. 3. kjördeildar (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Kjördeildin fékk kjörbréf 17 þm. úr 2. kjördeild. Ég hirði ekki um nöfnin, nema hæstv. forseti óski þess sérstaklega. Ég skal þó geta þess, að fyrir 2. þm. Árn., Eiríks Einarsson, lá ekkert kjörbréf fyrir, heldur fyrir varamann hans. Það kemur til athugunar þegar aðalþm. nær fullri heilsu og leggur sitt kjörbréf fram. Engar kærur lágu fyrir og engar aths. komu fram, og leggur kjördeildin til, að kosningar allra þessara þm. verði teknar gildar.

ATKVGR.

Till. 3. kjördeildar samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þá undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Ásgeir Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson, Jónas Árnason, Jónas Rafnar, Karl Kristjánsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fundi frestað eftir ósk forsætisráðherra.

Þriðjudaginn 15. nóvember var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosninguna varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Jón Pálmason 18 atkv., Steingrímur Steinþórsson 17 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 8 atkv. og Haraldur Guðmundsson 7 atkv., en einn seðill var ógildur og einn auður.

Þar sem enginn hafði hlotið meira en helming greiddra atkv., lét forseti endurtaka kosninguna, og hlaut Jón Pálmason 18 atkv., Steingrímur Steinþórsson 17 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 9 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði enn fengið meira en helming greiddra atkv., lét aldursforseti fram fara bundna kosningu um þá tvo, er flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.,

með 25 atkv. — Jón Pálmason fékk 19 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.,

með 18 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 9 atkv., Finnur Jónsson 7 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Því næst fór fram kosning annars varaforseta. Kosningin var þrítekin. Við fyrstu atkvgr. fékk Ingólfur Jónsson 18 atkv., Finnur Jónsson 9 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 9 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði fengið tilskilinn meiri hluta atkv., var kosningin endurtekin. Hlaut þá Ingólfur Jónsson 18 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 11 atkv., Finnur Jónsson 10 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Varð nú fram að fara bundin kosning um þá tvo, sem flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.,

með 19 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 12 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SkG, á B-lista JS. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru ÞÞ og LJóh, á B-lista HermJ, RÞ og á C-lista SG. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Rannveig Þorsteinsdóttir.

Kosning til efri deildar.

Loks var tekin til meðferðar kosning 17 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram fjórir listar. Á A-lista voru HG, HV; á B-lista HermJ, BSt, PZ, VH, KK, RÞ; á C-lista BrB, FRV, StgrA; á D-lista BBen, EE, GJ, JJós, LJóh, ÞÞ. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson,
Hermann Jónasson,
Eiríkur Einarsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Gísli Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Jósefsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Lárus Jóhannesson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Rannveig Þorsteinsdóttir.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D.

1. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista var HV; á B-lista HelgJ, HÁ, KK; á C-lista ÁS, LJós; á D-lista PO, GJ, IngJ, BÓ. — A-listi fékk 7 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. og D-listi 19 atkv. Kosningu hlutu því:

Pétur Ottesen,
Helgi Jónasson,
Gísli Jónsson,
Ásmundur Sigurðsson,
Halldór Ásgrímsson,
Hannibal Valdimarsson,
Ingólfur Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Björn Ólafsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna og varamanna voru á listunum hvoru sinni jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir samkv. því, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Bjarni Benediktsson (D),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Eysteinn Jónsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Jóhann Jósefsson (D).

Varamenn:
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Björn Ólafsson (D).

3. Allsherjarnefnd.

Á listunum voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Voru samkv. því kjörnir án atkvgr.:

Jón Sigurðsson (D),
Jón Gíslason (B),
Ingólfur Jónsson (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Skúli Guðmundsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Stefán Stefánsson (D).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jónas Rafnar (A),
Áki Jakobsson (C),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Þorsteini Þorsteinssyni. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
11. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
15. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
16. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Eiríkur Einarsson hafði boðað veikindaforföll, en í hans stað var til þings kominn varamaður hans, Sigurður Ó. Ólafsson. Allir þdm. voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bernharð Stefánsson og Lárus Jóhannesson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar, og varð að þrítaka atkvgr. Við fyrstu atkvgr. hlaut Bernharð Stefánsson 8 atkv., Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 3 atkv.

Þar sem enginn hafði hlotið meira en helming greiddra atkv., lét forseti endurtaka kosninguna, en atkv. féllu á sama veg og hið fyrra sinn.

Varð nú fram að fara bundin kosning um þá tvo, sem flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 10 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn, kvaddi Pál Zóphóníasson til skrifarastarfa, en lét síðan fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningin var þrítekin. Við fyrstu atkvgr. hlaut Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv., Rannveig Þorsteinsdóttir 4 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 4 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Við aðra atkvgr. fékk Rannveig Þorsteinsdóttir 7 atkv., Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 3 atkv., en 1 seðill var auður.

Varð þá fram að fara bundin kosning. Hlaut kosningu

Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.,

með 8 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson fékk 6 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Var kosningin tvítekin. Við fyrri atkvgr. fékk Lárus Jóhannesson 5 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 4 atkv., Gísli Jónsson 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Við endurtekna atkvgr. hlaut kosningu

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 6 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 4 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SóÓ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna. Fram kom till. um að veita þau afbrigði frá þingsköpum, að deildarmenn skyldu halda þeim sætum, er þeir höfðu á síðasta þingi. Afbrigðanna var synjað með 9:5 atkv. Var þá hlutað um sætin samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Brynjólfur Bjarnason,
7. — — Finnbogi R. Valdimarsson,
8. — — Páll Zóphóníasson,
9. — — Hermann Jónasson,
10. — — Haraldur Guðmundsson,
11. — — Steingrímur Aðalsteinsson,
12. — — Hannibal Valdimarsson,
13. — — Lárus Jóhannesson,
14. — — Gísli Jónsson,
15. — — Þorsteinn Þorsteinsson,
16. — — Rannveig Þorsteinsdóttir,
17. — — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram þrír

listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (B),
Lárus Jóhannesson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Eiríkur Einarsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Eiríkur Einarsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Gísli Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Eiríkur Einarsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Gísli Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Lárus Jóhannesson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Gísli Jónsson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Lárus Jóhannesson (A).

7. Menntamálanefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Eiríkur Einarsson (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, sem þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu í neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
13. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
17. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
18. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
25. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
26. Ólafur Thors, þm. G-K.
27. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
30. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
31. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir framangreindir þingmenn voru á fundi.

Aldursforseti deildarinnar, Jörundur Brynjólfsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Pál Þorsteinsson og Ingólf Jónsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 18 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 11 atkv. og Ásmundur Sigurðsson 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 18 atkv. — Gísli Guðmundsson fékk 9 atkv., Ásmundur Sigurðsson 6 atkv., en tveir seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Jónas Rafnar, þm. Ak.,

með 17 atkv. — Gísli Guðmundsson fékk 8 atkv., Ásmundur Sigurðsson 5 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista IngJ. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Áki Jakobsson,
9. — — Lúðvík Jósefsson,
10. — — Jón Sigurðsson,
11. — — Steingrímur Steinþórsson,
12. — — Jörundur Brynjólfsson,
13. — — Skúli Guðmundsson,
14. — — Björn Ólafsson,
15. — — Jón Pálmason,
16. — — Jóhann Hafstein,
17. — — Pétur Ottesen,
18. — — Kristín Sigurðardóttir,
19. — — Halldór Ásgrímsson,
20. — — Gunnar Thoroddsen,
21. — — Jón Gíslason,
22. — — Ólafur Thors,
23. — — Jónas Árnason,
24. — — Finnur Jónsson,
25. — — Sigurður Ágústsson,
26. — — Sigurður Guðnason,
27. — — Jónas Rafnar,
28. — — Ásmundur Sigurðsson,
29. — — Ásgeir Ásgeirsson,
30. — — Ásgeir Bjarnason,

31. sæti hlaut Stefán Stefánsson,
32. — — Helgi Jónasson,
33. — — Einar Olgeirsson,
34. — — Gylfi Þ. Gíslason,
35. — — Gísli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var JPálm, ÁÁ, JóhH; á B-lista SkG, JG; á C-lista EOl. — A-listi hlaut 18 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Jón Pálmason,
Skúli Guðmundsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Einar Olgeirsson,
Jóhann Hafstein.

Við kosningu annarra nefnda komu einnig fram þrír listar, en á þeim voru hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Þær kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

2. Samgöngumálanefnd.

Sigurður Bjarnason (A),
Jón Gíslason (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Stefán Stefánsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Jón Sigurðsson (A),
Steingrímur Steinþórsson (B),
Jón Pálmason (A),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Ásgeir Bjarnason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Pétur Ottesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ágústsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Sigurður Ágústsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Sigurður Guðnason (C),
Gunnar Thoroddsen (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Kristín Sigurðardóttir (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Jónas Árnason (C),
Jónas Rafnar (A).

7. Menntamálanefnd.

Gunnar Thoroddsen (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Kristín Sigurðardóttir (A).

8. Allsherjarnefnd.

Jóhann Hafstein (A),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Áki Jakobsson (C),
Björn Ólafsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Tekjuskattsviðauki 1950.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950* [50. mál] (stjfrv., A. 68).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, um tekjuskattsviðauka fyrir árið 1950, er um framlengingu á eldri lögum, sem gilt hafa um nokkurra ára skeið. Það er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að komast á næsta ári af án þess, að þessi tekjuauki fáist í ríkissjóð. Þess vegna er lagt til, að þessi lög gildi áfram.

Ég tel óþarfa að fjölyrða frekar um frv., og vil leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 99).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur afgr. nokkur mál, sem aðallega eru framlenging á gildandi l. Þar er fyrst um að ræða þetta fyrsta mál á dagskrá, sem er frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950. Þá er næst annað mál á dagskránni, sem er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka. Þá er fimmta mál á dagskránni, sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til síldarútvegsmanna, er síldveiðar stunduðu 1948. Enn fremur sjöunda mál á dagskrá, sem er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri. Þessi fjögur mál eru ýmist staðfesting á brbl. eða framlenging, sem n. er sammála um að mæla með, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti þetta gilda sem framsögu af n. hálfu um öll málin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins óska þess, að hv. d. vísi þessu máli til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 114).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, og voru þá mættir á fundi allir nm. nema hv. 1. landsk. Voru allir, sem á fundi þessum voru, sammála um, að fjárhag ríkisins væri því miður ekki þannig háttað, að hægt væri að sleppa þeim tekjum næsta ár, sem leiðir af þessum skatti, sem gilt hefur undanfarin ár. Fjhn. leggur því til, að hv. d. samþykki þetta frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 133).

---

2. Gjaldaviðauki 1950.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka [52. mál] (stjfrv., A. 70).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um viðauka við ýmis gjöld til ríkissjóðs er um, að framlengd verði ákvæði, sem hafa verið framlengd frá ári til árs um nokkuð mörg ár, og er hér ekki um neina breyt. að ræða frá því, sem nú er. Hér er lagt til, að þessum viðaukum verði haldið fyrir árið 1950. — Vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 100).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil aðeins leggja til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 115).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., en þar eru færðar saman í eitt frv. eldri heimildir fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka, og gilda þær heimildir árið 1949. Það er eins með þetta frv. og það mál, sem var hér til umræðu næst á undan, að n. álítur ekki hægt fyrir ríkið að sleppa þeim tekjustofnum, sem hér um ræðir, fyrir næsta ár. Hv. 1. landsk. var ekki á fundi, er n. afgreiddi þetta mál, en allir aðrir nm. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ErlÞ, HG, KK, LJóh, RÞ, ÞÞ, SÓÓ, GJ, BSt.
PZ, StgrA greiddu ekki atkv.
6 þm. (HermJ, JJós, VH, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég hef bent á það hér áður, að ég teldi, að þessi framlengingar-skattafrv., sem liggja fyrir þessu þingi, hefðu öll átt að afgreiðast í sambandi við fjárhagsgrundvöll næsta árs og að það sé rangt að slíta þau úr því sambandi, þar sem óvíst er enn, hve mikið fé ríkissjóður þarf að fá. Ég hef því ekki tekið þátt í atkvgr. þeirra og mun ekki heldur gera það viðkomandi þessu frv. og sit hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 134).

---

3. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum [54. mál] (stjfrv., A. 72).

Á 9. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hafði fyrir stjórnarskiptin afhent frv. þetta til flutnings. Ástæðan er sú, að í fjárlagafrv. varð að gera ráð fyrir því, að þetta gjald yrði innheimt áfram eins og á þessu ári. Þörfin á tekjunum er augljós. Hæstv. fjmrh. er upptekinn í Nd., og vildi ég óska, að málinu yrði vísað til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hefði viljað biðja hæstv. ráðh., er mælti fyrir frv., um upplýsingar varðandi tvö atriði.

Í fyrsta lagi: Hefur sú tekjuáætlun, sem reiknað var með á þessu ári, staðizt, og hve miklu hefur þetta gjald numið alls á þessu ári? Í öðru lagi: Er víst, að ríkissjóður þurfi ekki að hækka þetta gjald frá því, sem nú er, þar sem ríkissjóður þarf hærri upphæðir í tekjur yfirleitt í ár en áður, og þessi tekjustofn einn sá réttlátasti, er við höfum, annar en réttlátur stighækkandi tekjuskattur?

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég verð að segja, að ég hef ekki nákvæmar tölur varðandi þetta, en við fljótlega áætlun hefur svo virzt, að ekki þyrfti að kvíða því, að þetta gjald stæðist ekki. Um síðara atriðið skal ég ekkert segja, það fellur í annars hlut. Þegar fjárlagafrv. var samið, var augljóst, að halda yrði við þessum tekjustofni. Ef breytinga er þörf, er það málefni, sem annar mun flytja en ég. Hverju þetta gjald hefur numið í ár, er ekki hægt að segja nákvæmlega, því að áætla verður fyrir þann tíma, sem eftir er af árinu. Ég ætla, að ég muni geta upplýst hv. fjhn. um, hvað næst verður komizt í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 92).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er aðeins um framlengingu á tollum af innlendum framleiðsluvörum, sem hafa verið lagðir á undanfarið og voru í fyrra hækkaðir að miklum mun og giltu þá fyrir yfirstandandi ár. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt það til í frv. þessu, að þessi hækkun yrði einnig látin gilda fyrir 1950. Það virðist ekki vera vanþörf á að halda þeim tekjum það ár eins og yfirstandandi ár, og þess vegna taldi n. rétt að mæla með því, þar sem hér er ekki um nauðsynjavörur að ræða, að þetta gjald héldist áfram, og var öll sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarverandi, en ég hygg hann sé ekki mótfallinn þessu frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls beindi ég þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort hagur ríkissjóðs væri það góður, að ekki mundi þurfa að auka tekjuöflun hans á einn eða annan veg. Ég benti á, að ef þess þyrfti, þá teldi ég, að sá óþarfi, sem hér er hækkaður tollur á, — og talaði um 1. gr., — mundi vera eitt af því, sem hvað helzt þyldi að hækka toll á, svo að tekjur ríkissjóðs ykjust. Nú sé ég, að n. hefur orðið sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt, nema einn nm., sem hefur verið fjarstaddur. Tel ég þá líklegt, að hún hafi talað við ráðh., og skil það svo, að það væri allt í lagi með tekjuöflun ríkissjóðs og þess vegna engin þörf á hækkun hér.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Nefndin átti ekki sem slík tal við hæstv. ráðh. um þetta atriði. Hinu get ég lofað hv. 1. þm. N-M., að minnzt verði á þetta við hæstv. fjmrh. milli 2. og 3. umr., hvort hann óski eftir breytingu á frv. Þetta er stjfrv., og það var þess vegna ekki ástæða til þess fyrir n. að spyrja hæstv. stj. um það, hvort hún vildi meiri hækkun. Ég geri ráð fyrir því, að ef hæstv. fjmrh. hefði óskað eftir meiri hækkun en hér er gerð, þá hefði hann komið með brtt. um það. En til þess að enginn misskilningur komi til greina, skal ég sjá um, að minnzt verði á þetta atriði við hæstv. fjmrh., hvort sérstaklega er óskað eftir hækkun í þessu tilfelli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. N-M. við 2. umr. þessa máls um, hvort n. hefði ekki leitað til hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún vildi þarna hafa enn þá hærra gjald til ríkissjóðs en hér væri til tekið, þá sagði ég, að ég mundi reyna að ná viðtali af hæstv. fjmrh. á milli umr. En mér hefur nú ekki tekizt það. Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leggi kapp á að hækka þessi gjöld frá því, sem hún hefur lagt fyrir þingið nú. Og yfirleitt mun ekki vera venja, að nefndir leiti til ríkisstj. um slíka hluti. En þar sem hæstv. fjmrh. fannst ekki og er víst í öðrum störfum, þá verð ég að lýsa yfir, að ég

tel ekki neina ástæðu til að fresta þessari umr. til frekari ráðagerða með ríkisstj., þar sem líka frv. er ekki búið að ganga í gegnum hv. Nd., en þar á hæstv. fjmrh. sæti og þar getur hann lagað þetta frv., ef honum sýnist ástæða til þess. En ég tel ekki ástæðu til annars en að samþ. frv. eins og það liggur fyrir nú og eiga þá undir kasti með það, hvort hæstv. ríkisstj. telur ástæðu til þess að smíða ofan á þessa hækkun á gjöldum eða ekki.

Forseti (BSt): Ég skal taka fram, að ég boðaði þennan fund til þess að greiða fyrir því, að þessi tvö mál, sem bæði eru um framlengingar á gjöldum í ríkissjóð, sem annars falla úr gildi um áramótin, gætu orðið að lögum, áður en þingfrestun verður fyrir jólin. Hér er nú hluti af hæstv. ríkisstj. viðstaddur, og ef ósk kæmi um það frá hæstv. ríkisstj., að þessu máli yrði frestað og þetta tekið til nýrrar athugunar, þá mundi ég verða við því. — En þess virðist ekki vera óskað, og þá verður haldið áfram með afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 125).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Eins er háttað með 6. og 7. mál á dagskránni (54. og 55. mál þingsins), sem er hvort tveggja um framlengingu gildandi laga, og hefur fjhn. afgr. bæði þessi mál í einu hljóði, enda eru þessi frv. óbreytt að efni frá því, sem verið hefur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. 22:1 atkv.
2. gr. samþ. 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 145).

---

4. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna [55. mál] (stjfrv., A. 73).

Á 9. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta mál og undanfarið mál. Það var lagt fram af fyrrverandi fjmrh. í sambandi við fjárlagafrv. Með frv. er farið fram á, að heimildir þær, sem ríkisstj. voru veittar með ákvæðum 3. gr. l. nr. 98 frá 9. júlí 1941, sbr. l. nr. 129 29. des. 1947, skuli gilda til ársloka 1950. Í aths. er það tekið fram, að þetta ákvæði hafi gilt undanfarið, frá ári til árs, og ekki sé tímabært að hrófla við því. En 3. gr. l. frá 1941 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt: 1. Að fella niður til ársloka 1942" — þannig var þetta orðað fyrst, en heimildin hefur verið endurnýjuð, eins og áður er sagt — „tolla af: baunum, ertum, linsum, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi" — síðan eru taldar margar fleiri tegundir —. „2. Að lækka um helming til sama tíma tolla af: sykri, strásykri, höggnum sykri" — fleiri tegundir eru taldar —. „3. Að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum ...". Alþ. hefur margendurtekið þessa heimild, og vil ég mælast til þess, að hv. d. vísi frv. að lokinni þessari umr. til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda n. á, að ég held, að síðan þessi l. voru sett sé búið að setja önnur l. um breyt. á álagningu á tóbaki. Það væri viðkunnanlegra að færa þetta saman en að framlengja þetta fyrst. Það er þægilegra að hafa þetta á sama stað, svo að ekki þurfi að leita á mörgum stöðum eins og í fyrra, þegar breyt. á benzínskatti var að finna á þrem stöðum frá sama þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 101).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er um það, að heimildir þær, sem ríkisstj. voru veittar með ákvæðum 3. gr. l. nr. 98 9. júlí 1941, verði framlengdar árið 1950. En þessi l., sem hér er vitnað í, voru, eins og menn sjá, sett í byrjun stríðsins og áttu þá að nægja sem dýrtíðarráðstafanir. Þessar heimildir, sem um getur í 3. gr., eru í þremur töluliðum. Í 1. lið er ríkisstj. heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörutegundum, eins og nánar er þar talið upp. Það eru sem sagt allar mögulegar kornvörutegundir. Í 2. lið er stj. heimilað að lækka um helming toll af sykri alls konar, sem nánar er svo talið upp. Í 3. tölul. er stj. aftur á móti heimilað að hækka um allt að 50% tolla af áfengi og tóbaki og innlendum tollvörutegundum. Þetta ákvæði með áfengið og tóbakið er orðið mjög þýðingarlítið, þar sem verð þessara vörutegunda er orðið margfalt við það, sem það var, þegar þessi l. voru sett. Samt sýnist ekki ástæða til að hrófla við þessu, því að það hefði auðvitað ekkert gildi, þó að farið væri að heimila ríkisstj. að hækka tolla á áfengi og tóbaki um nokkur hundruð eða þús. prósenta, því að álagningin er nú margföld á við tollinn. — Ég hef svo ekkert frekar um þetta mál að segja f. h. nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 126).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

5. Ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. (stjfrv.).

Á 13. fundi í Sþ., 4. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. [81. mál] (stjfrv., A. 166).

Á 22. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í því skyni að leitast við að tryggja sjávarútveginum starfsgrundvöll hefur ríkisstj. undirbúið eða haft með höndum tvíþætt starf. Í fyrsta lagi undirbúning á heildartillögum, miðað við allsherjarlausn á þeim vandamálum, sem dýrtíðin hefur bakað útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, og í öðru lagi gert tillögur til bráðabirgðaúrlausnar fyrir bátaútveginn, til þess að hann geti hafið framleiðslu nú þegar, en þurfi ekki að bíða þess, að útséð verði um, hverja afgreiðslu þær heildartill. fá, sem ríkisstj. undirbýr nú og síðar verða bornar fram. Að þessum málum hefur verið unnið af kappi af ríkisstj. hálfu allt frá því að þingleyfi hófst og síðan. Það var í miðjum desember, sem fyrir lágu kröfur Landssambands ísl. útvegsmanna varðandi ábyrgð á fiskverði, og öllum dm. munu vera þær kröfur kunnar í höfuðatriðum að minnsta kosti. En þann 19. des. s. l. kom greinargerð frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem gerð var grein fyrir þeirra þörfum og kröfum til þess að hægt væri að halda áfram rekstri. Jafnskjótt og þessi greinargerð hafði borizt, hófust viðræður milli þessara aðila beggja annars vegar og ríkisstj. hins vegar. Á sama tíma lét ríkisstj. fara fram athugun á þeim kröfum, sem fyrir lágu í einstökum atriðum, og var sú athugun gerð af trúnaðarmönnum stj. með hliðsjón af ábyrgðarverðinu og framleiðslukostnaði á síðasta ári. Þar sem þessi athugun gat ekki hafizt fyrr en rétt fyrir hátíðar, vegna þess að kröfur útvegsmanna og hraðfrystihúseigenda voru ekki kunnar fyrr, var ekki hægt að leggja þetta mál fyrir Alþingi

fyrir hátíðar, enda óhjákvæmilegt, að athugun á málinu tæki nokkurn tíma, en hins vegar ekki hægt að leggja fram bráðabirgðatill. nema slík athugun lægi fyrir. Nú hefur þessi athugun farið fram, og hér liggur frv. fyrir og er, eins og segir í grg., úrlausn til bráðabirgða, miðuð við það að skapa nægilegt öryggi fyrir bátaútveginn, svo að hann geti hafið veiðar í tæka tíð, án þess að bíða þurfi eftir niðurstöðum, sem kunna að verða hjá Alþingi, á öðrum aðgerðum varðandi afkomu bæði bátaútvegsins og sjávarútvegsins í heild. Ríkisstj. leggur áherzlu á, að stefna beri að heildarlausn á þessum málum, enda hefur hún í undirbúningi till. í því efni. Hins vegar er það á allra vitorði, að brýn nauðsyn er að koma bátaútveginum af stað, og fyrir þeirra hluta sakir er þetta frv. fram borið, eins og hv. þm. munu hafa kynnt sér, ef þeir lesa aths. við frv.

Frv. gerir ráð fyrir, að til að byrja með sé tryggður rekstur flotans, að svo miklu leyti sem hægt er með þessum ráðstöfunum, til 1. marz, og er þess að vænta, að fyrir þann tíma verði búið að koma sér niður á tillögur til frekari úrlausnar, þannig að þá geti við tekið þær úrlausnir, sem geri ábyrgðina í þessu formi óþarfa. Ef á hinn bóginn, mót von, svo skyldi fara, að ekki yrði búið að koma sér saman um heildarúrlausn á þeim 2 mánuðum, er gert ráð fyrir í frv., að ábyrgðin í þessu formi haldi áfram út vetrarvertíð, eða til 15. maí. Þetta virðist, eftir því sem fram hefur komið, vera óhjákvæmilegur varnagli, enda kom það skýrt fram í viðræðum við útvegsmenn þá, sem í fyrirsvari voru og stóðu fyrir málflutningi af hálfu bátaútvegsins, að það væri óhjákvæmilegt, að ábyrgðin gæti framlengzt yfir alla vertíðina, ef svo skyldi fara, að ekki yrðu aðrar leiðir fundnar á þessu tímabili, er gerðu ábyrgðina óþarfa. Það er hins vegar tilgangurinn, að nær sem slík heildarlausn kemur til, leysi hún af hólmi skuldbindingar ríkisins samkvæmt þessu frv., að svo miklu leyti sem þróun þessara mála gerir slíkt framkvæmanlegt.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál almennt, en vildi aðeins bæta því við, að eins og nú horfir, er það bæði ósk og von ríkisstj., að hæstv. Alþ. afgreiði þetta mál svo fljótt, að sem fyrst geti orðið sá árangur af, að bátaflotinn hefji sitt starf, og finnst mér hóflegt að gera ráð fyrir og óska eftir, að það dragist ekki lengur en fram í byrjun næstu viku, að frv. afgreiðist frá Alþ. Stjórnin hefur eftir megni reynt að hraða aðgerðum og þykist vita, að Alþ. hafi hug á því sama eða sé sama sinnis og afgreiði þessa bráðabirgðalausn fljótt.

Grundvallarábyrgðarverðið í 1. gr. frv. hefur verið 65 aurar, eða var árið 1949, en nú er gert ráð fyrir 10 aura hækkun pr. kg af blautfiski. Aðalfundur L.Í.Ú. gerði að vísu ráð fyrir mjög miklu hærra verði, og við athugun á ýmsum kostnaðarliðum og mörgu fleiru í sambandi við þetta hefur ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki verði hjá því komizt að tryggja útveginum 75 aura, eins og gert er með þessari gr. frv. Ég vil og vitna til ákvæða 5. gr., sem inniheldur ákveðin fríðindi, hin sömu og á s. l. ári, er miða raunverulega að því að hækka fiskverðið til framleiðenda.

Um 2. gr. er það að segja, að eigendur frystihúsanna kröfðust þess, að frumverðið á þorskflökum, sem var kr. 1.33, yrði sett í kr. 1.56½ pr. lbs. Eftir athugun á auknum kostnaði við framleiðsluna, og þegar miðað er við hækkað hráefnisverð, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr., er það álit ríkisstj., að ábyrgðarverðið hækki í kr. 1.53. Þá er lagt til, að ábyrgðarverð á saltfiski hækki úr kr. 2.25 í kr. 2.48 pr. kg, og er sú hækkun miðuð við hækkun á hráefnisverðinu. Að vísu hefur nú orðið töluverð lækkun á saltverði, en þar kemur á móti hækkun á vinnslukostnaði, og þegar allt kemur til alls, mun láta nærri, að kr. 2.48 sé rétt verð.

Ég minntist áðan, í sambandi við 1. gr., á ákvæði 5. gr., sem líka var 5. gr. í dýrtíðarlögunum 1949. Þá var áætlað að heimila ríkisstj. að verja 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða á árinu, og er þar um að ræða hreina uppbót til eigenda veiðiskipanna. Hér er miðað við að halda þessum hætti, og segir nú í 5. gr., að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 1 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúar þessa árs. Síðar, eða í 12. gr., er ákvæði miðað við hugsanlega framlengingu þessara ráðstafana frá 1. marz til 15. maí, og á framlag ríkissjóðs samkv. 5. gr. þá að hækka um 2.5 millj. kr. á því tímabili, og yrði þá alls varið 3½ millj. kr. til að lækka framleiðslukostnað sjávarafurða á vertíðinni, eða þeim tíma, er bráðabirgðaástand gæti haldizt samkvæmt frv. Er það hliðstætt að tíma til við þær 5 milljónir, sem voru í lögum í fyrra til þessara ráðstafana.

Þá er það tekið fram í athugasemdum við þetta frv., eins og fyrr segir, að aflamagnið tvo fyrstu mánuði ársins er áætlað 23 þús. smálestir, og sé gert ráð fyrir sömu hlutfallslegu skiptingu á því eftir verkunaraðferðum og var s. l. ár, er talið, að aukinn kostnaður nemi 6 millj. 170 þús. kr. En miðað við sama aflamagn hefði sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á fyrrgreint tímabil í fyrra, numið 5,4 millj. kr. Af því leiðir, að hinn áætlaði kostnaður af öllum þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í þessu frv. og eiga að ná yfir mánuðina janúar og febrúar, nemur 11 millj. 570 þús. kr. Sé miðað við alla vetrarvertíðina og aflamagnið áætlað 86 þús. smálestir, næmi viðbótarkostnaður alls 21,4 millj. kr., en sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á þetta tímabil 1949, hefði numið 20,2 millj., miðað við óbreytt verðlag. Niðurstaðan af þessum áætlunum er því sú, að ef þessar ráðstafanir, sem lagðar eru til í frv., eiga að ná til 15. maí, þarf 41,6 millj. kr. til að standa undir ábyrgðarverði blautfisksins og öðrum þeim útlátum úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í ýmsum greinum þessa frv.

6. og 11. gr. eru um framkvæmdaratriði ýmisleg, sem áður eru kunn, og eru þær samhljóða ákvæðum 7.—12. gr. l. nr. 100 1948, en það eru fiskábyrgðarlögin frá þeim tíma, og tel ég ekki, að þær þarfnist sérstakra skýringa. Ég vil samt sem áður, að því er snertir 6. gr., segja aðeins

nokkur orð. Hún fjallar um það, að við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skuli þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstj. heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum til þess að því verði náð. Þessa verður að sjálfsögðu gætt eftir fremstu getu, en ég vil aðeins benda á það, að viðhorfið í þessum efnum mun þó breytast eitthvað á þessu ári. Þannig hafa Bretar t. d. tilkynnt nýlega, að matvælaráðuneyti þeirra muni ekki kaupa hraðfrystan fisk eins og undanfarin ár, heldur muni sú verzlun gefin frjáls, og það þýðir, að ekki er lengur beint við stjórnina þar að eiga um sölu á hraðfrysta fiskinum, heldur kaupendur ýmiss konar þar í landi, og lýtur salan þá lögmálum frjálsrar verzlunar, þörf almennings fyrir vöruna og markaðsástandi að öðru leyti.

Ég hef áður vikið að því almennum orðum, sem stendur í 12. gr., en skal þó benda á það, sem stendur í aths. frv. um þá grein. Eins og áður er sagt, gerðu fulltrúar útgerðarmanna það að ófrávíkjanlegri kröfu og skilyrði fyrir því, að útgerðin hæfist í janúar, að afkoma bátaútvegsins eða aflinn yrði tryggður til vertíðarloka. Það var mikið rætt og ákvæði þar um sett í 12. gr. Ég hef áður rætt um þetta ákvæði, og það er svo skýrt, að um verður ekki villzt. Greinin er í samhljóðan við það, að ríkisstj. taldi, að hjá því yrði ekki komizt að taka þessa kröfu útgerðarmanna til greina og framlengja ábyrgðina til vertíðarloka, ef ekki yrði annað aðhafzt fyrir lok vertíðarinnar til að bæta aðstöðu útvegsins.

Ég vík þá að tekjuöfluninni samkv. 13. grein. Það leiðir af sjálfu sér, að er menn eru tilneyddir að gera því skóna, að ríkisábyrgð á fiski haldi áfram fyrir skemmri eða lengri tíma, þá verður að taka tillit til þess, að ríkið þarf á fé að halda til að standa straum af þeirri ábyrgð. Það hefur nú verið talið hæfa að ætla, að upphæð sú, er ríkissjóður tekur að sér að ábyrgjast til 1. marz, nemi 11½ millj. kr., ef öll vara kæmi til útflutnings, sem framleidd er á því tímabili. Þess er þó ekki að vænta, að svo hratt gangi útflutningur framan af ári. Til tekjuöflunar er lagt til að framlengja III. kafla laga nr. 100/1948, og er gert ráð fyrir, að tekjur af leyfisgjöldum samkv. 30. gr. l. standi straum af fiskábyrgðinni til 1. marz. Ef miðað er við síðasta ár, má gera ráð fyrir, að tekjur af gjöldum þessum nemi um 8 millj. kr., þegar frá eru dregin gjöld af heimilisvélum, en í frv. er lagt til, að afnuminn sé innflutningstollur af heimilistækjum, og er það í samræmi við óskir margra þm. Má í því sambandi benda á, að hér er komið fram frv. um afnám þessa tolls af heimilistækjum. Nú verður að vísu ekki sagt um það með neinni vissu, hversu mikið fé útheimtist til 1. marz, þó að hér sé áætlun um það gerð. Og þó að ríkisstj. hafi lagt til, að leyfisgjöld af þessum tegundum framlengist til ársloka 1950, er það álit hennar, að það ákvæði þurfi að athuga betur, þegar séð er, hve miklar skuldbindingar ríkið þarf að taka á sig til 1. marz. Þessi leyfisgjöld voru lögleidd af illri nauðsyn, vil ég segja, og eru ekki öllum að skapi, miður jafnvel en flest annað, þó að til þeirra yrði að grípa. Kann að vera, að eitthvað af þeim þurfi enn að vera í gildi um tíma, en suma af þessum tekjuliðum ætti að fella úr gildi hið allra bráðasta, og er þá einkum átt við varahluti í bifreiðar og bifreiðagúmmí, og í frv. þessu er gert ráð fyrir, að gjald af heimilistækjum sé þegar fellt niður.

Um 14. gr. vil ég taka fram, sem oft áður, að það er einlæg von ríkisstj., að Alþ. samþykki varanlega lausn dýrtíðarinnar fyrir 1. marz, svo að 12. gr. og þá 14. gr. þurfi ekki að koma til framkvæmda. Þrátt fyrir þá von telur ríkisstj., að ekki verði hjá því komizt, samkvæmt eindreginni kröfu útvegsmanna, að gera ráðstafanir, sem tiltækar væru, ef þessi von brygðist, þ. e. láta ábyrgðarverðið ná yfir alla vertíðina, ella færi útgerðin nú ekki af stað. Ríkisstj. telur sér því skylt að benda á tekjustofna til 15. maí, ef endilega þyrfti til þess að koma, en það gerist einvörðungu, ef Alþingi finnur ekki lausn á dýrtíðarmálunum fyrir þann tíma og bindur þar með bagga ábyrgðarinnar áfram. Það er hugsanlegur möguleiki, og því telur ríkisstj. sér skylt, þar eð hún gerir ráð fyrir útgjöldum til 15. maí undir þeim kringumstæðum, að benda þá einnig á tekjustofna á móti til jafnlangs tíma. Þess vegna er það tillaga ríkisstj., að horfið sé að þeirri leið til tekjuöflunar, sem segir í 14. gr. frv. Eins og fyrr er bent á, eru það 42 millj. kr., sem við álítum, að tryggja þurfi ríkissjóði til þess að geta staðið undir fiskábyrgðinni samkv. þessu frv. Í þessu sambandi hefur nokkuð verið rætt um það að leggja á sérstakan gjaldeyrisskatt til þess að standa undir þessum útgjöldum. Þetta hefur komið fram í umr. um þetta og frá mér, þegar ég lagði síðast fyrir Alþingi fjárlagafrv. Enn er lagt til, að lagður verði á gjaldeyrisskattur, en þó með undanþágu, því að ekki er hægt að láta hann ganga jafnt yfir allar vörur; þá er það af tekjuástæðum það sama og að söluskatturinn yrði hækkaður, sem því nemur, um gjaldeyrisskattinn, og er því lagt til samkv. 21. gr. laga nr. 100/1948, að söluskatturinn verði hækkaður allverulega, eða í stað 6% verði hann allt að 30%, og sennilega verður að ákveða hann nálægt því. Samkvæmt 21. gr. l. um söluskatt var gert ráð fyrir, að hann yrði lagður á innfluttar vörur, en ekki á þjónustu, t. d. fargjöld o. þ. h. Það mælir og með að hækka söluskattinn, heldur en leggja á nýja tolla, að undanþágulistinn er til, svo að framkvæmdin verður einfaldari en ef stofna yrði til nýs gjaldeyristolls.

Frv. þetta er, eins og áður er sagt, bráðabirgðalausn. Þennan vanda verður að leysa á öðrum grundvelli en nú er lagt til, og í þessu frv. er aðeins verið að gera ráðstafanir til þess, að bátaflotinn komist á veiðar, en allir vita, að mikill hluti eldri togaranna hefur legið bundinn mánuðum saman, og nýju togararnir berjast í bökkum. Það vandamál er ekki snert með þessu frv., og bráðabirgðaþörfin er metin hér mest. Þess vegna vil ég benda á það í þessu sambandi varðandi tekjuöflun þá, sem gert er ráð fyrir, að mundi standa undir útgjöldunum samkv. þessu frv., að hún gefur ekki rétta mynd af þeim álögum, sem leggja þyrfti á þjóð-

félagsþegnana til varanlegra úrbóta. Ríkisstj. mun síðar bera fram till., sem miða að því, en ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Ég vona, að hv. þm. leggi sama skilning í lausn þessa vanda, sem ég hef lýst, og ætti ekki að vera komið langt fram í næstu viku, að frv. nái lögfestingu. Með því er stuðlað að því, að bátarnir fari á veiðar. Ég bæti því við, að ríkisstj. hefur rætt við lánsstofnanir um þetta, þar á meðal stjórn Landsbankans, og hefur vilji þeirra verið, að reynt verði að koma bátunum til starfa sinna hið allra fyrsta.

Þetta mál hefur mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og ætti því heima í sjútvn. En hér er ekki síður um mikilsvert fjárhagsmál að ræða, og vil ég leggja til, að málinu verði vísað til fjhn. og 2. umr., að þessari umr. lokinni.

Forseti (FJ): Þegar ég setti fund, hafði ég ekki dagskrá. Mér skauzt yfir, að afbrigða þurfti fyrir málinu, þar sem of skammt var liðið síðan því var útbýtt. Ég vil leyfa mér nú að leita afbrigða fyrir málinu og einnig fyrir þeim umr., sem á undan eru gengnar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á að ræða um málið almennt og það, sem málið snertir, nú við 1. umr., og mun einnig óska nokkurra upplýsinga nú við þessa umr.

Í fyrsta lagi vil ég minna hv. þm. á, að á s. l. vori, rétt í þann mund, er verið var að ganga frá fjárl. fyrir árið 1949 og dýrtíðarl., að þá voru samþ. enn 70 millj. kr. útgjöld úr ríkissjóði til greiðslu í uppbætur og til þess að greiða niður verð innanlands. Er Alþingi lauk við að ganga frá fjárl., sem voru greiðsluhallalaus á pappírnum, þá var samþykkt að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna, en það var gert rétt fyrir þinglausnir. Ég vil í þessu sambandi benda á, hve hættulegt fordæmi það er, að þegar Alþingi er nýhætt störfum, skuli kaup hafa verið hækkað til muna í landinu, sem aftur skapaði svo fleiri hækkanir og nýja verðbólgu. Enn fremur var það og vitað, að þótt búið væri að setja útflutningsábyrgð á fisk, þá var hagur bátanna mjög þröngur. Af þessum ástæðum var það þegar ljóst, að fyrir næstu vertíð yrði að hefja ráðstafanir að nýju. Þetta vil ég undirstrika, og sýnilegt er, að hnúturinn er nú mun fastari og torleystari. Bátaflotinn er sokkinn dýpra í skuldafenið en áður. Framsóknarmenn kviðu fyrir þessu og sáu glöggt, hvað var að gerast. Þeir hafa hvað eftir annað undirstrikað og bent á þann voða, sem nú er að koma í ljós, og hafa gert till. um, að á síðastliðnu sumri yrði þá þegar hafizt handa og rannsakað, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til frambúðarlausnar. Við framsóknarmenn töldum, að hinar fyrri leiðir væru illfærar lengur og það væri ekki hjá því komizt að finna ný úrræði. Enn fremur bentum við á þessi önnur úrræði, en þau voru, að fjármagnið yrði fært til framleiðslunnar og metin yrðu jöfnuð með niðurfærslu á gengi, en með þessu yrðu að fylgja hliðarráðstafanir til þess að reyna að forðast og draga úr, að þær ráðstafanir kæmu mjög illa niður á þeim, sem verst væru stæðir. Við vildum fá tryggingu fyrir meiri hluta til þess að koma þessum till. í framkvæmd, m. a. um stóríbúðaskatt á húsnæði, endurskoðun skattamála, verzlunarmála og aðra hluti, sem snertu dýrtíðina hvað mest, og í öðru lagi og í framhaldi af þessu, að hægt yrði að hætta við uppbótakerfið. En þegar framsóknarmenn voru í ríkisstj., fengust ekki samtök um þetta, og þá töldum við, að rétt væri, að almennar þingkosningar færu fram og úr því fengist skorið, hvað þjóðin kysi. Þjóðin gat þá kosið á milli tillagna okkar framsóknarmanna og annarra. Kosningar fóru svo fram í haust, eins og menn muna, og að kosningunum afstöðnum var nokkuð rætt um stefnubreytingu, en meiri hluti fékkst ekki í haust fyrir neinni þeirra leiða, sem fram komu. Það stöðvaði Framsfl., að hinir þingflokkarnir vildu ekki fallast á þá grundvallarstefnu, sem við höfðum haldið fram og talið líklegasta til þess að sporna fæti við dýrtíðinni og því öngþveiti, sem ríkir í framleiðsluháttum þjóðarinnar. Niðurstaðan varð svo sú, að minnihlutastjórn var ákveðin um mánaðamótin nóvember—desember. Ekki hefði það verið ósanngjarnt að álykta sem svo, að sú stjórn hefði nú undirbúið málið og komið fram með raunhæfar tillögur til úrbóta, en þessi ríkisstj. hefur eytt tímanum í eintómar undanfærslur. Nú hefur hæstv. ríkisstj. haft málið til meðferðar síðan í nóvemberlok, og hver er árangurinn? Hann er þetta frv., sem hér hefur nú verið lagt fram af hæstv. stjórn. Það var minnzt á þetta mál fyrir jólin, og tilkynnti hæstv. forsrh. þá þinginu, að frv. yrði ekki lagt fram fyrr en eftir áramótin. Það þýddi, að útgerðin gat ekki hafizt á venjulegum tíma. Ástæðurnar fyrir þessum drætti voru gefnar svona úr og í, að ríkisstj. væri ekki málið nógu kunnugt, og sumpart var tímaskorti kennt um. Þessar ástæður er vart hægt að taka gildar, því að í núverandi stjórn eru tveir ráðherrar, sem sæti áttu í fyrrv. ríkisstj., og var þeim vel kunnugt um þetta mál, auk þess sem þegar hefur verið upplýst í máli þessu í kosningarbaráttunni, en öllum, sem fylgzt hafa með fjármálum landsins að undanförnu, hefur verið ljóst um gang þessa máls í höfuðdráttum, enda var mjög um það talað í baráttunni í kosningunum. Er því þessi dráttur á tylliástæðum byggður. Enn fremur var það tekið fram, þegar Ólafur Thors tók við forsætisráðuneytinu, og því yfir lýst, að ríkisstj. mundi taka á málinu með skírskotun til yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. gaf í sambandi við málið í fyrrv. stjórn. En hvernig stendur nú á því, að sá grundvöllur er nú ekki lengur nothæfur? Hæstv. forsrh. skírskotaði til ákveðinnar stefnu, en er hér kannske um enga stefnu að ræða? Er hún skökk, eða er hún ófullnægjandi? Hæstv. ríkisstj. hefur kannske fundið á sér, að þetta mundi ske, og síðan talið það gott og gilt að láta hæstv. forsrh. draga það fram yfir nýár að taka málið tökum, ef á þeim tíma kæmu stjórninni ráð í hug, sem teljast mættu framtíðarúrræði. Nú hefði verið hægt að ganga

til verks, ef hæft hefði verið í því, sem hæstv. forsrh. sagði þá um nýja stefnu í þessum málum, en nú sést á frv., að ekkert er hæft í fyrri yfirlýsingum hæstv. forsrh. Þess vegna hefur það nú skeð, að ríkisstj. hefur afsakað það með því að halda svona lengi í frv., að vertíð hefur ekki getað hafizt á tilteknum tíma, og landið hefur daglega tapað stórfé. Það stafar af því, að hæstv. stjórn dreif ekki í því fyrir áramótin að reyna að knýja eitthvað samkomulag í gegnum þingið fyrir áramótin, og eftir allan þennan drátt virðist ríkisstj. ekkert annað hafa í pokahorninu en þetta frv., en henni hefði verið það alveg vorkunnarlaust að bera frv. sem þetta fyrr fram, og hún hefði ekki þurft að draga þetta svona lengi. (*Forsrh.:* Hvenær var gengið frá samþykkt þessa frv. í fyrra?) Löggjöfin var sett fyrir jól í fyrra, en það dróst fram í janúar, að útgerðin færi á stað, og ég er ekki viss um, að hæstv. forsrh. haldi, að nú fari útgerðin á stað sama dag og l. eru samþ. Ég óska þess því eindregið, að ekki verði frekari dráttur á setningu einhverra laga útgerðinni aðlútandi, svo hún geti farið af stað sem fyrst. En hér hefur verið haldið svo á málunum, að stórkostlega ámælisvert er, og vil ég leyfa mér að undirstrika það. — Ég skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en víkja að málinu almennt.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ábyrgðarverðið hækki frá því sem nú er, og kom það engum á óvart, sem veit, hvernig ástatt er fyrir bátaútveginum. Hér er gert ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs nái til 1. marz, og þeim auknu útgjöldum, sem af því stafa, verði mætt með því að framlengja og hækka söluskattinn, toll á heimilisvélum o. fl. og svo leyfisgjöldin. Það má skipta frv. í tvo meginþætti, bráðabirgðaúrræði til bráðabirgða og bráðabirgðaúrræði til frambúðar. Bráðabirgðaúrræði til frambúðar tel ég vera að hækka ábyrgðarverðið og á móti því að hækka söluskattinn, sem þýðir 25% tollhækkun á flestar nauðsynjavörur. Ég segi til frambúðar, því að ef menn neyðast til að samþykkja þennan nýja toll, hver trúir því þá, að þingið sjái sér fært að samþykkja nýja till. um að fella hann burt seinna? Ég ályktа því, að samþykkt þessa nýja skatts mundi verða til þess, að hann stæði áfram, en ekki gert nýtt átak til hins betra. Þessa hættu hljóta kunnugir að sjá. Ég vil vekja athygli á því, hversu einkennilegt hlutskipti hæstv. ríkisstj. er, bæði sem ríkisstj. og flokksforustu, að vera ætíð óþreytandi að lýsa því yfir, að ekki sé hægt að halda áfram uppbótastefnunni, hvað þá að ganga lengra á þeirri braut. Hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. leggur nú til að halda áfram þeirri leið, sem hún hefur verið óþreytandi í að fordæma? Hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. er ekki tilbúinn að leggja fram sína stefnu í málunum, þegar hann nú hefur ekki við neina að kljást? Í stað þess leggur nú Sjálfstfl. til það, sem forustumenn hans hafa fordæmt með sterkustu orðum tungunnar. Ég veit, að það verður talað um tímaskort og að hæstv. stj. hafi ekki getað ráðfært sig nóg við sérfræðinga sína, en þetta eru aðeins tyllirök að afsaka sig með því. Það er nú meira en mánuður síðan Sjálfstfl. myndaði ríkisstj. og var áður búinn að ákveða í orði, hvað hann ætlaði að gera, og þess vegna er ómögulegt að bera við tímaskorti. Ég vil nú enn spyrja, hvernig stendur á því, að flokkurinn leggur nú fram það, sem hann hefur alltaf þótzt berjast á móti. Ég veit ekki, nema flokkurinn kinoki sér við að sýna stefnu sína, og þykir mér það líklegasta skýringin. Sjálfstfl. sér nú misræmið í þessu og setur því langan kafla í grg. um það, að menn megi ekki halda, að á þennan hátt vilji Sjálfstfl. skipta byrðum viðreisnarinnar niður á landsfólkið. Það eru því meinleg örlög að vilja leggja byrðarnar á landsfólkið eftir leiðum, sem okkur eru óskiljanlegar, en leggja samt fram allt aðrar till., sem Sjálfstfl. hefur mjög barizt á móti. Ég geri nú ráð fyrir, að hæstv. ráðh, muni segja, að þetta sé allt málæði úr þm. og ráðstafanir þær, sem í frv. greinir, séu aðeins til bráðabirgða. En ég vil nú spyrja, hvort samþykkt þessa frv. eykur líkurnar fyrir frambúðarlausn. Ég segi nei.

Ég vil þá koma að því, sem nýtt er í málinu, þ. e. a. s. leyfi til að innheimta söluskattinn eftir 1. marz. Það er á mjög ófullkominn hátt gerð grein fyrir því í frv., hve mikilli fjárhæð þessar álögur nema, og vil ég því nú við 1. umr. málsins taka fram nokkrar tölur. Ég hef að vísu haft lítinn tíma til þess að kynna mér allar aðstæður, en hef þó í morgun aflað mér nokkurra upplýsinga hjá ríkisbókhaldinu. Það telur, að 6% söluskattur af innflutningi til nóvemberloka s. l. ár nemi sem næst 18 millj., og mætti því ætla, að allt árið yrði hann a. m. k. 20 millj. Annars ætlaði ríkisbókhaldið að athuga þetta nánar. Til fróðleiks má geta þess, að 16½ millj. af þessu var lagt á vörur, sem skipað var upp hér í Rvík. Ef þessar tölur eru nærri lagi og gert er nú ráð fyrir, eins og hér í frv., að fimmfalda söluskattinn, þá yrði hann um það bil 100 millj. á ári, en ef miðað er við tíu mánuði, þá yrði þetta 80 millj. til tekjuauka. Ef gert er nú ráð fyrir, að innflutningur minnki, eins og við vitum allir, að þörf er á, og í staðinn fyrir 20 millj. sé reiknað með 15 millj., þá nemur þessi skattur samt 75 millj. pr. anno og fyrir tíu mánuði 60 millj. Það skakkar að vísu ekki miklu við það, sem sagt er í frv., en þó eru þessar tölur yfirleitt hærri. Ég vil í þessu sambandi spyrja, hvernig það er fundið, þar sem talað er um í frv., að ábyrgðarverðið til maíloka kosti 42 millj., mér er það sem sagt ekki vel ljóst. Mér hefur alltaf skilizt, að eins eyris hækkun á ábyrgðarverðinu mundi nema 1,2—1,3 millj. pr. anno. Ég vil því spyrja, hvort reiknað er hér með lægra verði á hraðfrysta fiskinum. Einnig vil ég í framhaldi af þessu fara nokkrum orðum um þá mynd, sem við Alþingi blasir og þetta frv. er einn stór dráttur í. Hér leggur hæstv. ríkisstj. til að hækka aðflutningsgjöldin um 60—80 millj., að vísu til bráðabirgða eins og hæstv. stjórn segir, en ég býst þó við, að það sé til frambúðar. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að leysa vandamál bátaútvegsins aðeins til bráðabirgða og ekki á þann hátt, sem þeir sjálfir telja heppilegastan. Er þetta því gífurlega mikið fjármagn, sem ráðgert er að kasta í

hina miklu dýrtíðarhít aðeins til bráðabirgða. Samt sem áður eru, eins og hæstv. atvmrh. tók fram, alveg óleyst vandamál togaraflotans, sem ekki er eins mikið vitað um, en mér skilst, að sá vandi sé töluverður, sérstaklega hvað viðvíkur gömlu togurunum, en þá vill víst enginn taka undir ábyrgð. Það er og sagt, að nýsköpunartogararnir berjist í bökkum, en um afkomu þeirra liggja ekki fyrir neinar opinberar skýrslur. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vilji ekki beita sér fyrir því, að upplýsingar um afkomu togaraflotans verði birtar, svo að einn dráttur enn komi í þá mynd, sem við þinginu blasir.

Til viðbótar þessu eru svo fjárlög þau, sem hæstv. stj. hefur lagt fram, með raunverulegum greiðsluhalla, ef greiða á uppbætur til opinberra starfsmanna. En það versta af öllu er þó, hvernig er með viðskiptin út á við. S. l. ár er áætlað, að verði um 100 millj. kr. halli á viðskiptum við útlönd, og við vitum, að svona er ekki hægt að halda áfram, nema með stórskuldum erlendis. Mér er sagt, að ekki sé hægt að áætla útflutninginn nema um 300 millj., og það er allt, sem við höfum til að kaupa með vörur erlendis, að viðbættri dálítilli Marshallaðstoð, en auðvitað viljum við reyna að komast hjá að nota hana alla sem eyðslueyri. Það lítur því út fyrir, að án stórkostlegrar skuldasöfnunar verðum við að færa innflutninginn niður, bæði til að mæta hækkuðu vöruverði erlendis svo og vegna þess, að innlendar útflutningsvörur hafa fallið mjög í verði á heimsmarkaðinum. Þetta er enn einn dráttur í þá mynd, sem við verðum að hafa fyrir augunum á næstunni. Útlitið er þó ekki geigvænlegra en við mátti búast og ætti ekki að koma neinum á óvart. Þetta hef ég að vísu oft sagt áður, en segi þetta nú aðallega til þess að undirbyggja þá skoðun mína, að það sé ekki leiðin til að lækna meinsemdina að hækka nú aðflutningsgjöldin og kasta þar með einum steininum enn í verðbólguhítina. Ef þetta eitt verður gert, mundi það aðeins leiða af sér rangindi og truflun. Það er því þjóðarnauðsyn, eins og ég tók fram í upphafi, að alhliða úrræði séu fundin til þess að jafna metin.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi minnast á og ég held að þurfi að ræðast í sambandi við þetta mál, þótt ekki séu um það ákvæði í frv. Það var farið inn á það í tíð fyrrv. stj. að gefa útvegsmönnum hluta af gjaldeyrinum frjálsan, þ. e. a. s. hrognagjaldeyrinn o. fl. Ég hygg, að ekki séu til ákvæði í l., sem leyfi þetta, og ég vil segja, að þótt ég tæki þátt í því í fyrrv. ríkisstj. að veita þetta leyfi, þá sé þetta mjög vafasamt. Það þarf ekki lengi að velta því fyrir sér, að mjög vandfarið er með þetta atriði, því að framkvæmdin er þannig, að útgerðarmenn fá leyfi til að ráðstafa sjálfir gjaldeyri fyrir hrogn, Faxasíld o. fl. Þeir skila gjaldeyrinum að vísu til bankanna, en geta svo ávísað honum sjálfir og fá að selja hann með vissu álagi, sem þeir hafa heimild til frá verðlagsyfirvöldunum. Það var byrjað með hrognin, en síðan tekið fleira. Ég hef verið samþykkur þessu, af því að ég álít, að útgerðarmenn hafi þurft þessa með. Þetta er ekki annað en að leggja skatt á neyzluvörur, sem fer svo til framleiðendanna og þeir eru, að mínum dómi, vel að komnir. Vegna þess að ekkert er í l. um þetta atriði, vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj. um þetta. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að það, sem gert er í þessum efnum, sé gert hér á Alþ., svo að menn geti fylgzt með því. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort það hafi ekki komið til athugunar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, hvort hún hefur hugsað sér að halda þessu áfram eins og verið hefur, eða hvort hún hefur hugsað sér að breyta til, draga úr eða auka á þessu sviði. Ég teldi nauðsynlegt, að menn fengju hér yfirlit yfir þetta mál.

Enn fremur vildi ég beina því til hæstv. ríkisstj., að mikið er talað um, að ýmsar vörur, sem ganga manna í millum og þykja dýrar, eru álitnar vera fluttar inn í sambandi við frjálsa gjaldeyrinn. Ég hygg, að mikið af þessu sé á misskilningi byggt, og enn fremur er það mín skoðun, að þetta umtal sé ekki heppilegt fyrir útveginn. Ég vildi skora á hæstv. atvmrh. að skýra frá því opinberlega, hvaða vörur það eru, sem leyft er að leggja þessa aukaálagningu á. Það munu vera fáir vöruflokkar og tiltölulega mjög lítið magn, miðað við þá vöru, sem til landsins kemur, sem er flutt inn samkvæmt þessari heimild. Það er því gott að fá þetta upplýst, svo að ekki verði neinir viðskiptahnykkir gerðir í skjóli þessa fyrirkomulags. Ég hygg, að ástæðulaust sé, að menn tali sífellt um það, að einhver vara, sem dýr kann að þykja, sé dýr vegna þess, að svo og svo mikið renni til útvegsins, en slíkt leyfa menn sér að segja. Allt þetta kerfi er mjög ófullnægjandi fyrir útgerðina, vegna þess að það snýr öllu öfugt. Það kemur þjóðinni til að halda, þeim hluta hennar, sem ekki kemur nálægt framleiðslu sjávarútvegsins, að það sé hún eða þeir, sem hirða sín laun, sem styrkja útgerðina eða þá, sem afla verðmætanna, sem lífsafkoma okkar að miklu leyti byggist á. Þetta er einn gallinn, sem fylgir þessu uppbótastandi og er ef til vill ekki síður röksemd fyrir því en annað, að menn þurfa endilega að finna leið út úr þessu feni. Ég held svo, að það væri mjög æskilegt bæði fyrir neytendur og framleiðendur að fá upplýst, hvaða vörur eru fluttar inn fyrir hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri. — Ég skal svo láta máli mínu lokið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði, enda geri ég ráð fyrir, að að því er varðar einstök atriði um skilning á einstökum greinum í frv., þá muni atvmrh. svara því. Ég hefði hins vegar ekki talið mér skylt, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, að hafa bein afskipti af umr., ef ekki í upphafi máls hv. 1. þm. S-M. hefðu fallið nokkrar fullyrðingar, sem ekki eiga við rök að styðjast. Hv. þm. sagði, að það hefðu, að mér skilst á öndverðu þingi, verið gerðar tilraunir, og að ég held undir forustu Framsfl., til þess að ná samkomulagi um framkvæmd einhverra viðtækari ráðstafana en þessi bráðabirgðalausn ber með sér. Ég efa það ekki, að það hafi fyrir

hv. þm. vakað að gera þessa tilraun, en ég tel honum ekki heimilt að skýra Alþ. frá því, að þær tilraunir hafi raunverulega strandað á öðrum flokkum, a. m. k. viðurkenni ég það ekki hvað Sjálfstfl. áhrærir. Eins og þm. man, var Sjálfstfl. um það spurður, í fyrsta lagi, hvort hann vildi fallast á þau ágreiningsmál, sem Framsfl. hefði gert að skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi á s. l. sumri, og í öðru lagi var hann spurður um það, hvort Sjálfstfl. mundi fyrir sitt leyti vilja lofa að vera samþykkur nýjum tekjuöflunarfrv. til þess að halda áfram uppbótaleiðinni — ekki hætta við hana —, ef Alþfl. væri ekki fáanlegur inn á aðrar leiðir. Í þriðja lagi þá var Sjálfstfl. tilkynnt, að þess arna væri af honum óskað í því skyni, að Framsfl. gæti myndað stjórn, undir sinni forustu, með Alþfl., án þátttöku Sjálfstfl. Sjálfstfl. svaraði, að hann teldi, að sum ágreiningsmál Framsfl. væri vel hægt að fallast á, eins og hann alltaf sagði og kom fram í svörum fulltrúa Sjálfstfl. í fyrrv. ríkisstj. á s. l. sumri. Á önnur vildi hann ekki fallast. Í öðru lagi sagði Sjálfstfl., að hann vildi sjá þessi tekjuöflunarfrv., sem hann átti að samþ., og að öðru leyti bíða með frekari umsögn, þar til lengra væri komið samningum milli þeirra flokka, sem áttu að standa að ríkisstj. Allt þetta liggur fyrir upplýst af formanni Sjálfstfl., af formönnum annarra flokka og í opinberum skýrslum. Ég vil þess vegna ekki viðurkenna það, að af hendi Framsfl. hafi alvarlegar tilraunir verið gerðar til þess að ná samstarfi, a. m. k. ekki við Sjálfstfl., um lausn dýrtíðarmálanna á öðrum grundvelli en með áframhaldandi uppbótum. En það er einmitt það, sem Framsfl. spurði um, hvort Sjálfstfl. væri reiðubúinn fyrir sitt leyti að tryggja tekjur til þess að halda áfram niðurgreiðslum, ef Alþfl. væri ekki fáanlegur inn á aðrar brautir.

Hv. 1. þm. S-M. hefur æ ofan í æ og nú síðast í þessari ræðu sveigt tal sitt að mér fyrir það, að ég hafi ekki gert mér nægilega ljóst, hvernig ástandið var í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar, og telur sig sjálfsagt hafa vitað það miklu betur, og er það kannske eðlilegt, þar sem hann var í stj. En það er þó sannleikur, að á öndverðu þessu þingi er hann að leita hófanna við mig um það, hvort ég vilji halda áfram tekjuöflun til áframhaldandi uppbóta. Ég skal ekki gera þetta að frekara ágreiningsefni. Þetta liggur skjallega fyrir, og mér finnst ekki rétt, að þær staðreyndir séu brenglaðar hér, af því að það liggja fyrir yfirlýsingar formanna allra flokkanna, sem um málið sömdu.

Ég vil svo aðeins segja það, út af þeim ummælum í minn garð, að ég hafi ekki gert mér fyllilega ljóst, hvernig ástandið var, að ég vil minna á, að ég bað þennan hv. þm. að segja frá sínu brjósti, hvernig þetta væri, áður en ég minntist á það, en hann gerði það ekki. Það er nú aukaatriði að vera að deila um þetta, en er samt tæplega hægt fyrir mig að þegja við æ endurteknum staðhæfingum í þessu efni.

Hv. þm. sagði, að það hefðu verið hreinar tylliástæður að biðja um frest í málinu til þess að kynna sér nánar allar aðstæður. Ég veit, að þessi hv. þm. þekkir það eins vel og ég, að eftir að fram eru komnar kröfur útgerðarmanna, verður ríkisstj. að hafa nokkurn tíma til að kynna sér, á hvaða rökum þær eru reistar, og þreifa sig áfram og semja sig áfram. Þegar ég fyrir jólin sagði, að ég væri í vafa um, hvort auðið yrði að bera fram bráðabirgðaúrlausn í málinu eða hvort við teldum okkur neydda til að halda útveginum í höfn, þrátt fyrir þann skaða, sem af því mundi leiða, þar til við teldum okkur færa um að bera fram úrræði til endanlegrar lausnar, þá meinti ég það, að ég vildi fyrst og fremst rannsaka, hvaða afsláttur væri raunverulega hægt að gera og fá frá þeim till., sem L.Í.Ú. hafði samþ., en fundi þess var þá nýlokið. Og mér finnst, að reynslan hafi sannað, að þörf hafi verið á þessum drætti. Útgerðarmenn voru þá með kröfur um kr. 1,04 fyrir kg af fiski, en ríkisstj. hefur lagt til, að greiddir yrðu 75 aurar, að viðbættum þeim fríðindum, sem veitt voru einnig af hendi fyrrv. ríkisstj. í 5. gr. ábyrgðarl. frá í fyrra og einnig í 5. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég veit, að ef hv. 1. þm. S-M. vill mæla af sanngirni, þá játar hann, að það er ekki von, að þegar ríkisstj. hafa borizt þessar till. ýmist þann 15. eða 19. des., að hún treysti sér þá til að leggja fram og knýja gegnum Alþ. skynsamlegar till., sem í senn bera með sér, hvað hún telur nauðsynlegt að gera, og líka fela í sér líkur fyrir því, að útgerðin mundi hefjast handa. Og þó að ég megi ekki fullyrða, að það frv., sem hér er til umr., tryggi það, að útgerðin hefjist, þá hef ég miklar vonir um það, þegar með eru tekin þau fríðindi, sem fyrrv. ríkisstj. veitti útveginum og hv. þm. gerði að umræðuefni, og kannske þá með einhverjum viðbótum, sem mér er ekki ljóst til fulls, hverjar þyrftu að vera. Ég vil þess vegna á engan hátt viðurkenna, að þessi umhugsunarfrestur ríkisstj. hafi verið til skaða, og ekki heldur, að hann hafi orsakað neitt tjón. Ég veit ekki betur en að þeirri útgerð hafi verið haldið uppi, sem stunduð hefur verið fyrir Vesturlandi og annars staðar, og allir þeir farið á sjó, sem hafa tilhneigingu til þess haft. Ég vil minna á það sem algilda staðreynd, að enda þótt l. um þetta efni væru sett á Þorláksmessu 1948, var ekki búið að ganga frá málinu, þannig að útgerðin vildi sætta sig við það, fyrr en 11. jan. í fyrra, svo að ef við höfum bakað bátaútgerðinni tjón og þar með þjóðinni, þá er fyrrv. ríkisstj. undir sömu sökina seld, en ég hygg, að hvorug stj. sé verð ámæla í þessum efnum.

Hv. þm. vék því næst að því, að það þyrfti að skipta þessu frv. í tvo kafla, og ég tel það alveg rétt, nefnilega þann kafla, sem hnígur að því, að útvegurinn fái tryggingu til 1. marz, og svo hitt, sem tekur við þar á eftir, ef gegn vonum stj. ekki verður búið að setja heildarlöggjöf 1. marz. Ég er honum að mörgu leyti sammála um ýmislegt, sem hann sagði. Ég vil ekki leyna því, að ríkisstj. hafði ríkan áhuga fyrir því að geta miðað allar sínar till. eingöngu við 1. marz og þurfa ekki að ganga lengra. Ástæðan fyrir því, að hún gekk lengra, er sú, að útgerðin hefur haldið því mjög fast fram við ríkisstj., að hún teldi sér ekki fært að hefjast handa, nema því aðeins, að þetta viðbótarákvæði væri í l. Ég verð að viðurkenna haldgæði þeirra raka,

sem útgerðarmenn hafa fært fram fyrir þessu. Þeir segja: Ef við byrjum á útgerð og það hendir okkur svo, að Alþ. fæst ekki til að gera neinar heildarráðstafanir, þá stöndum við á miðri vertíð algerlega tryggingarlausir og án þess að okkur sé mögulegt að stöðva útgerðina. Þeir, sem kunnugir eru útgerð, vita, að það er ákaflega mikið rétt í þessu, því að það er mjög miklum vandkvæðum bundið fyrir útgerðarmenn, ef þeir hafa á annað borð hafið vertíð, að stöðva hana 1. marz. Og það verður að viðurkenna, að það er viss sanngirni, sem mælir með því, að ef Alþ. fæst ekki til að gera skynsamlegar framtíðarráðstafanir í þessum efnum, þá hangi útvegurinn ekki alveg í lausu lofti. Það er viðurkenning á þessu sjónarmiði, sem felst í 12. gr. l. Ég skal játa það, að ég hefði óskað, að sú grein hefði ekki þurft að vera í frv., og þá í fullu trausti þess, að Alþ. hefði fengizt til að setja heildarráðstafanir. En ég vil leyfa mér að vona, að þingið verði búið að setja heildarlöggjöf um þetta fyrir þann tíma, svo að ekki þurfi til þeirrar greinar að grípa. — Hv. þm. sagði réttilega, að ríkisstj. hefði marglýst því yfir, að hún væri andvíg uppbótaleiðinni. Og hún er það og á því hefur engin breyting orðið og verður ekki. Hvernig stendur þá á því, segir hv. þm., að ríkisstj. ber fram till. um uppbótaleiðina? Ríkisstj. gerir það ekki. Við berum fram till. um bráðabirgðalausn, en við boðum ný úrræði. Hins vegar má segja á þessa leið: Útgerðin verður að halda áfram með einhverjum hætti, í fyrsta lagi. Í öðru lagi: Við viljum ekki halda uppbótaleiðinni. Við berum þó fram bráðabirgðalausn til þess að forðast óþarfa tafir á útgerðinni, og við berum einnig — og það er aðalatriðið — áður en langt um líður, fram aðrar leiðir í málinu. Hins vegar verður að játa, að ef Alþ. fellir þær till. og kemur sér ekki saman um neinar aðrar, þá er enginn okkar þm., sem ætlast til þess, að útgerðin missi alla ábyrgð 1. marz, ef þingið setur enga heildarlöggjöf um málið. Ég hef orðið að beygja mig fyrir útgerðarmönnum. Ég verð að játa það, að ég veit ekki um einn þm. úr neinum flokki, sem gengur út frá því, að það sé eðlilegt, að útgerðin missi alla ábyrgð 1. marz og fái ekkert í staðinn. En ég vil leyfa mér að minna á það, að þó að svo ógiftusamlega takist, að ekki verði búið að setja heildarlöggjöf fyrir 1. marz, þá er það engan veginn tilgangur, hvorki frv. né ríkisstj., að ákvæði 12. gr. skuli um fram allt gilda til vertíðarloka. Um þetta er sagt í 12. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950.“ Með öðrum orðum, hvaða dag sem Alþ. ber gæfu til að setja heildarlöggjöf í þessum efnum, þá eru þessar vandræðaráðstafanir, þessar troðnu slóðir og gömlu leiðir, sem allir eru orðnir þreyttir á að ganga, úr gildi felldar. Og ég vil segja hv. þm. það, að ég vildi vona, að hann og hans flokkur geti átt samleið með Sjálfstfl. og helzt fleiri mönnum hér á þingi um einhver samtök undir forustu nýrrar stjórnar, til þess að fá varanlega lausn á þessu máli. Ég hygg, að við séum allir orðnir meira og minna sannfærðir um það, að það verði ekki til langframa haldið áfram eins og gert hefur verið. Ég hygg, að við séum að fá í æ ríkari mæli sannfæringu um það, að ef uppbótaleiðin verður enn farin á árinu 1950, þá leiðir það til þess, að það verða allar sömu þarfir fyrir nýjar tekjur um næstu áramót eins og eru nú. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að sá dráttur, sem er á því, að Sjálfstfl. beri fram sínar till. hér, stafar ekki af því, að Sjálfstfl. sé hræddur við að leggja fram sínar till. Ég vona, að ef Alþ. fellir ekki stj. mjög bráðlega, þá beri Sjálfstfl. gæfu til þess að bera fram till., sem hann þarf ekki að vera hræddur við að sýna. Það eru fleiri en hv. 1. þm. S-M., sem hafa áhyggjur af því, hvernig ástatt er, og það eru fleiri en hann, sem sjá, að það verður að gera einhverjar varanlegar ráðstafanir og leggja inn á nýjar brautir. Og það er ekki neitt frumlegt hjá Sjálfstfl., þó að hann sé að tala um þetta. Ég ætlast ekki til, að menn falli fram og tilbiðji Sjálfstfl., þó að hann geri þessar leiðir að umræðuefni, sem hv. þm. S-M. og margir aðrir hafa gert að umræðuefni. Ég vil losa mig og minn flokk undan því ámæli, að við séum nokkuð hræddir við að bera fram till. Hann veit svo vel, að enginn þarf að skammast sín fyrir það á þessum tímum, undir þessum alvarlegu kringumstæðum, að bera fram till., sem miða í einlægri viðleitni að því að leysa vandann og vísa á nýjar brautir. Mér virðist sú mynd alveg rétt, sem hv. þm. S-M. að lokum dró upp í ræðu sinni. Sú lýsing, sem hann gaf af ástandinu, er rétt og sýnir, að bráðabirgðalausn þessi getur ekki verið varanleg lausn. Sú mynd, sem hv. þm. S-M. dró upp og margir aðrir hafa dregið upp, sannar, að það verður að leggja inn á aðrar brautir. Og það er þess vegna lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að bornar verði fram till. um aðrar lausnir í þessum málum og Alþ. beri gæfu til að sameinast um þær framtíðarlausnir. Það hefur af hendingu orðið hlutskipti Sjálfstfl. að fara með ríkisstj. og hafa forustu í þessum efnum. Eins og ég sagði áðan, mun Sjálfstfl. hiklaust leggja fram sínar till., þegar hann telur sig hafa fengið hæfilegan tíma til að skoða þær till., sem nú eru í deiglunni. Hv. 1. þm. S-M. hefur oft staðið að flutningi vandasamra till. og hann veit, að það þarf margt að athuga, enda verður því ekki með sanni neitað, að úr því að á annað borð var talið kleift að bera fram till. um bráðabirgðalausn, þá er það ekki aðalatriði, hvort till. koma vikunni fyrr eða seinna. Ef útgerðin ætti að bíða, þá væri það aðalatriði, en það er ekki sama aðalatriðið, úr því að á að leysa vandann í bili til bráðabirgða.

Ég vil svo, eins og ég sagði í upphafi, ekki á þessu stigi gera einstök atriði að umræðuefni. Ég mun ekki svara þeim fyrirspurnum varðandi tekjuöflunina og fleira, sem fram komu í ræðu hv. þm., vegna þess að hæstv. atvmrh. mun gera það. Ég skal aðeins upplýsa tvennt. Fyrsta: Ég hygg, að það séu á nokkrum misskilningi byggðir hans útreikningar um þá fjárhæð, sem aflast mundi í ríkissjóð samkv. 14. gr. frv. Í öðru lagi vildi ég varðandi hrognapeningana aðeins segja

það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu telja sig tilneydda að sigla þar í kjölfar annarra, og hygg ég, að ef við berum gæfu til að finna framtíðarlausn, þá skipti það ekki eins miklu máli nú eins og áður. Ég hef átt þátt í því að lögleiða þessa hrognapeninga, en ég hygg, að það væri ekki ástæða til að vekja um þetta meiri deilur en áður, nema síður sé, af því að það er að sjálfsögðu tilgangurinn að afnema þau hlunnindi, þegar okkur tekst að ná heildarsamkomulagi, og ég skal enda orð mín á því, að ég ætla að trúa því, þar til annað reynist, að þó að ýmislegt beri á milli, þá beri Alþ. gæfu til að setja um þessi efni einhverja þá heildarlöggjöf, sem lengur verði við unað og til meiri lukku leiði en þessar troðnu slóðir. Ég endurtek það, að ríkisstj. mun gera sína skyldu og bera fram leiðir, þegar hún er búin að hafa þann tíma, sem ekki er hægt að neita henni um. Og ég vil beina því til hv. 1. þm. S-M., að það er a. m. k. efnismunur á því, hvort verið er að leysa höfuðstefnu málsins eða hvort menn eru að kynna sér ýmis vandamál, sem eru undanfari að till. í lagaformi. Ég get ekki neitað því, að mér sýnist ekki eftir kosningunum í haust, að líkur séu til, að vandinn leggist harðar á Sjálfstfl. en aðra flokka, þó að hending réði því, að svo hefur farið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða við 1. umr. þessa máls að fara um frv., sem hér liggur fyrir, nokkrum almennum orðum. Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún tók við völdum, að vera mætti, að hún sæi sér ekki annað fært, a. m. k. fyrst um sinn, en að feta einhverjar troðnar slóðir í dýrtíðarmálunum. Þessar leiðir, sem nú hafa verið kallaðar troðnar slóðir, eiga sér nokkra forsögu og höfuðslóðirnar voru ekki einu sinni, a. m. k. ekki á vissan hátt, lagðar af fyrrv. ríkisstj., heldur af ríkisstj. þeirri, er sat næst áður, og það var hlutverk þáv. atvmrh., hv. þm. Siglf. (ÁkJ), að leggja það til fyrst hér á Alþ., að ríkið tæki ábyrgð á ákveðnu verði fyrir útfluttar afurðir bátaútvegsins. Það var í lok ársins 1946. Síðan má segja, að þessar götur, sem þá voru lagðar, hafi að nokkru leyti verið troðnar síðan, með breyt., sem þurft hefur að gera frá ári til árs, vegna þess, hvernig á hefur staðið. Og nú má einnig segja, að í frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., a. m. k. í 1. kafla þess, sé haldið áfram þessar troðnu slóðir. Þó þykist maður sjá það, að sett hafi verið upp eins konar vegarskilti í 12. og 14. gr. frv., sem boði nýja vegi, sem leggja eigi í náinni framtíð. En sá galli er á þeirri gjöf Njarðar, að ekkert vita menn, hvert sá vegur liggur né hvernig hann verður lagður, hvað traustur hann verður og til hvers hann leiðir. Framundan er, hvað það snertir, myrkviður og óvissa um vegarlagninguna í framtíðinni. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti ekki farið dult með það, að hann hefur talið það nauðsynlegt og telur enn nauðsynlegt að tryggja það, að bátaútvegurinn gangi, svo mikið sem allir landsmenn eiga undir því, að bátarnir séu reknir, bæði til öflunar verðmæta og gjaldeyris og eins til þess að halda uppi atvinnu í landinu. Alþfl. hefur því fyrir sitt leyti undanfarin ár verið með því og að því stuðlað, að slík ábyrgð væri veitt fyrir afurðir bátaútvegsins af hálfu ríkissjóðs, sem löggjöf síðari ára ber vitni um. Að sjálfsögðu skiptir Alþfl. ekki um skoðun, hvað þetta atriði snertir, þó að hann eigi ekki hlut að ríkisstj. Hann er þess vegna meðmæltur því, að það verði, a. m. k. fyrst um sinn, veittar einhverjar slíkar ábyrgðir fyrir afurðir bátaútvegsins, sem nægilegar eru, við skynsamlega yfirsýn og athugun, til þess að bátaútvegurinn geti gengið, a. m. k. að það sé þá ástæðulaust fyrir þá, sem reka bátaútgerð, að fara ekki af stað, ef ákveðnar ábyrgðir eru í boði. Ég get ekkert um það sagt og hef ekki ástæðu til að dæma um það, hversu mikið þyrfti að hækka ábyrgðarverðið á afurðum sjávarútvegsins frá því, sem það var ákveðið í árslok 1948. Í þessu frv. er lagt til, að fiskurinn sé hækkaður um 10 aura kg, hraðfrysti fiskurinn um 20 aura pr. lbs. og um 23 aura pr. kg af útfluttum saltfiski. Á bátafiskinn nemur þetta um 15%. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að frá því að sams konar löggjöf var sett, fyrir rúmu ári, hefur framleiðslukostnaður aukizt, sem meðal annars kemur nú í ljós hvað bátaútveginn snertir í hækkuðu olíuverði, svo að eitt af fleiri dæmum sé nefnt. Það verður hins vegar ekki um það dæmt, hvort þessi hækkun á ábyrgðarverðinu sé eðlileg eða ekki, en ég hef ástæðu til að ætla, að ríkisstj. hafi gengið svo langt í, ef svo má segja, að „prútta" niður kröfum bátaútvegsmanna sem hún sá sér fært. Ég vil lýsa því yfir af hálfu Alþfl., að hann mun vera með því, að tekin sé ábyrgð á einhverju ákveðnu verði á afurðum bátaútvegsins.

Í þessu frv. eru 1.—11. gr. að mestu leyti og sumar alveg samhljóða tilsvarandi gr. í l., sem afgreidd voru á seinasta Alþ., óbreyttar að öðru leyti en því, sem ég hef nú um getið og hæstv. atvmrh. tók fram, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði, að ábyrgðarverðið er hækkað.

Ég gæti gert ráð fyrir því, að fulltrúar kommúnista mundu sízt telja þetta ábyrgðarverð of hátt, því að á seinasta Alþ. fluttu þeir, í frv.formi m. a. till. um það að ákvarða verðið á bátafiskinum 70 aura pr. kg í stað 65 aura pr. kg, sem ákveðið var, og kr. 1.45 fyrir lbs. fob. í stað kr. 1.33, sem var í ábyrgðarl. síðustu, og fyrir saltfiskinn kr. 2.40 fyrir kg fob. í stað kr. 2.25, sem ákvarðað var sömuleiðis í l. frá síðasta þingi. Auk þess var lagt til í þessu frv. kommúnista, að bátaútvegsmenn fengju hálfan þann gjaldeyri, sem þeir fengju fyrir sölu á afurðum sínum, algerlega frjálsan, ekki eingöngu til þess að kaupa fyrir hann nauðsynlegar vörur til útgerðarinnar, heldur líka til innkaupa á öðrum varningi, sem gert var ráð fyrir, að leyfður yrði innflutningur á. Á þessu má sjá, að a. m. k. þessi flokkur hefur á síðasta þingi verið með því að veita ábyrgðina og hana ekki órífari en gert var í l. s. l. ár, og nokkuð í áttina við það, sem lagt er til nú með þessu frv.

En það eru viss atriði í 12. og 14. gr. frv., sem ég fyrir mitt leyti get ekki mælt með, eins og þau liggja fyrir. Í 12. gr. er gert ráð fyrir, að ef ekki verður fyrir lok febrúarmánaðar n. k. sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstj., þá

framlengist gildi þessara l., þar til slík löggjöf hefur verið sett, þó ekki lengur en til 14. maí 1950. Fyrst og fremst er það athugavert við orðalag þessarar gr., að þegar rætt er um framtíðarrekstur bátaútvegsins, þá er það komið undir dómi ríkisstj. að meta, hvort Alþ. hefur getað sett frambúðarákvæði um rekstrarmál bátaútvegsins. Þar sem Alþ. setur um þetta mál löggjöf og ber að því leyti á því ábyrgð, þá tel ég með öllu ótækt, að það sé ríkisstj. að ákveða og undir hennar dómi komið, hvort Alþ. hefur sett frambúðarlöggjöf um rekstur bátaútvegsins, og sérstaklega er þetta að mínum dómi alveg fráleitt, ef meiri hl. Alþ. er þeirrar skoðunar, að hann hafi gert slíkt, en ríkisstj., sem styðst við minni hl. á Alþ., væri annarrar skoðunar, og hennar dómar ættu þá að ráða á móti dómum meiri hl. Alþ. Ég er þeirrar skoðunar, að skurðarpunkturinn í þessu efni eigi að vera 1. marz, eins og að nokkru leyti er lagt til í frv. ríkisstj. Því miður varð það niðurstaðan rétt fyrir jólin, að ekki var samþ. till., sem hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) flutti af hálfu Alþfl., um að framlengja gildi III. kafla dýrtíðarlaganna, l. nr. 100 frá 1948, til 1. marz í stað 1. febrúar. Ég álít, eins og ég sagði áður, eðlilegast, að skurðarpunkturinn verði þar og þetta sé hvað ábyrgð snertir ákvarðað eins og ríkisstj. leggur til, en séu svo ekki heldur hvað snertir fjáröflun og aðrar leiðir, sem meira veltur á í framtíðinni, teknar ákvarðanir á þessu stigi málsins, áður en frekari ráðstafanir eru gerðar. Af þessari skoðun minni leiðir, að ég tel, að 12. gr. fái ekki staðizt. Ég tel ekki heldur rétt að framlengja III. kafla dýrtíðarl. allt árið 1950, miðað við það að ákveða ábyrgðarverðið á afurðirnar til 1. marz. Ég endurtek það, að ég tel, að miða eigi við 1. marz með fiskábyrgðina og fjárútvegun í því skyni, eða þangað til kemur að þeim till., sem áreiðanlega verða fram komnar og sjá dagsins ljós og verða lagðar fyrir Alþ. af stj. og hún hefur boðað og telur að verði frambúðarlausn í þessum efnum. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort þær till. eru líklegar til að verða frambúðarlausn, af því að ég hef ekki hugmynd um, í hverju þær till. verða fólgnar, þar sem ríkisstj. hefur ekki farið um það mál neina almennum orðum og ekkert látið í það skína, hvaða nýjar leiðir eigi að leggja inn á. Þá fyrst, þegar fyrir liggja ákveðnar till., er tími til þess kominn að taka til þeirra ákveðna afstöðu. Einnig hvað snertir 14. gr. frv., tel ég, að ekki eigi að veita þær gífurlegu heimildir til fjáröflunar, sem í henni felast, meðan ekkert er vitað um, hvaða tilraunir á að gera um frambúðarlausn málsins. En þar er lagt til, eins og skýrt hefur verið frá og gr. ber með sér, að söluskatturinn, sem um ræðir í 21. gr. l. nr. 100 frá 1948, verði hækkaður allt upp í 30%, úr 6% í 30%, eða m. ö. o. fimmfaldaður. Nú vil ég ekkert um það dæma, hve mikið þetta kynni að gefa í ríkissjóð. Hv. 1. þm. S-M. var með ágizkanir, byggðar á tölum og upplýsingum, sem hann hafði fengið, og þykir mér ekki ólíklegt, að það sé nærri lagi, sem hann gat um. Það er athyglisvert, að undantekningarákvæðin í 23. gr. l. nr. 100 1948 ná einungis til rekstrarvara, en ekki til neinna nauðsynjavara. Undanteknar þessum gífurlega háa söluskatti, ef hann verður lögfestur eins og 14. gr. segir, fyrir utan íslenzkar landbúnaðarafurðir, eru fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð. Það lætur að líkindum, hve gífurlegur skattur þetta verður, ef hann nær lögfestingu, þar sem söluskatturinn verður fimmfaldur á allri neyzluvöru, sem til landsins flyzt, miðað við það, sem nú er í l. Það er fyrirsjáanlegt hversu stórkostleg verðhækkun þetta er á nauðsynjavörum almennings. Það má því réttilega segja, eins og tekið er fram í niðurlagi grg. fyrir frv. þessu, að þessi mikla hækkun á söluskatti sé í raun og veru beinn gjaldeyrisskattur. Hann er beinn gjaldeyrisskattur við innkaup á öllum nauðsynlegum nauðsynjavörum almennings í landinu. Ég vil undirstrika það, að fyrrv. ríkisstj. í leit sinni að tekjuöflun til þess að geta staðið undir ábyrgðum á afurðum bátaútvegsins og til þess að geta greitt niður verð á innlendum vörum kostaði kapps um það að afla teknanna, eftir því sem auðið var, með þeim hætti, að það kæmi sem minnst til verðhækkunar á allar brýnustu nauðsynjar almennings. Þetta sést bezt, þegar athuguð eru ákvæði 30. gr. dýrtíðarl. frá 1948. Þar er, eins og annars staðar, leitazt við að afla teknanna að vísu á vörum, sem eru margar hverjar þannig, að menn vilja fá þær, en ekki geta talizt til þeirra vöruflokka, sem mætti nefna brýnar nauðsynjar almennings. En hækkunin á söluskattinum næði fyrst og fremst til þessara vara og yrði þá þess valdandi, að þær hækkuðu geysilega í verði.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa orð mín öllu fleiri varðandi þetta frv., sem fyrir liggur til umr. Ég hef lýst yfir fylgi mínu við það að tryggja með ábyrgð útflutningsvörur bátaútvegsins, og ég get fyrir mitt leyti fallizt á það, að skurðarpunkturinn væri, hvað það snertir, 1. marz, þannig að fyrir þann tíma gæfist Alþ. kostur á því að leggja inn á nýjar leiðir, ef meiri hl. væri fyrir því hér á Alþ. Alþfl. mun að sjálfsögðu taka afstöðu til þessara leiða út frá sínum stefnumálum og þá að gefnu tilefni benda á þær leiðir, sem hann teldi heppilegastar, hvort sem þær yrðu nokkuð nálægt því, sem hæstv. ríkisstj. eða aðrir flokkar teldu, að rétt væri. Segja mætti, að það væri mjög óheppilegur tími fyrir útgerðina, ef þessi ábyrgð yrði algerlega felld úr gildi og ekki hefði verið gripið til annarra ráða 1. marz, á miðri vertíð, en hæstv. forsrh. tók það fram í ræðu sinni við þessa umr., að bátaútvegsmenn teldu það ekki nægilegt fyrir sig, að ábyrgðinni væri lofað til 1. marz. En ég er þeirrar skoðunar, eins og kom einnig fram í ræðu hæstv. forsrh., að a. m. k. meiri hl. Alþ. mundi ekki sjá sér fært annað en að gera þá einhverjar þær ráðstafanir, sem tryggðu það, að bátaútvegurinn gæti haldið áfram, jafnt eftir 1. marz sem fyrir 1. marz. Og meðan við vitum ekki neitt um þær leiðir, sem hæstv. ríkisstj. mun leggja til, að farnar verði, álít ég skynsamlegast að miða við 1. marz. Alþ. hefur hátt á annan mánuð til stefnu til að ákveða, hvað við skuli taka þá, og ég ætla, að

það muni nægur tími. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. flýti því svo sem auðið er að leggja sínar frambúðartill. fyrir Alþ., af því að mig uggir, að vera kynni, að Alþ. yrði ekki að öllu leyti sammála um þær till., sem fram kynnu að koma. Því hefur verið slegið fram, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki vilja leggja till. sínar fram fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, en ef svo er, þá tel ég það bera vott um, að till. hennar séu þess eðlis, að þær séu ekki álitlegar fyrir almenning í kaupstöðum landsins. Ef hæstv. ríkisstj. hefur trú á því, að till. hennar séu réttar, sanngjarnar og eðlilegar, þá ætti hún ekki að hika við að leggja þær fram, heldur jafnvel telja sér það til styrktar að koma með þær fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Ég teldi það rýra gildið á trú þeirra, ef þær yrðu fyrst bornar fram að afstöðnum bæjarstjórnarkosningunum. Sem sagt, ég vænti þess fastlega, að till. frá ríkisstj. komi sem allra fyrst, og þá mun Alþfl. taka afstöðu til þeirra, algerlega málefnalega og út frá sínum höfuðsjónarmiðum.

Ég lýsi því yfir að lokum að Alþfl. er fylgjandi því, að veittar verði ábyrgðir fyrir bátaútveginn, og getur fyrir sitt leyti gengið inn á, að þær séu fyrst um sinn ákvarðaðar til 1. marz. En hann vill ekki fyrir sitt leyti ákvarða að leggja á stórkostlega nýja tolla og skatta né gefa minnihlutastjórn mjög víðtækar heimildir, eins og gert er ráð fyrir í 12., 13. og 14. gr. frv. Að sjálfsögðu verður þetta frv. nánar athugað í fjhn., og gefst þá tækifæri til að ræða málið, þegar það kemur frá n., og mun hæstv. ríkisstj. án efa gefa n. og Alþ. þær upplýsingar, sem óskað verður eftir, til nánari skýringa á sumum ákvæðum frv.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, að ég tel það vandræði, þó að fyrrv. ríkisstj. hafi gengið inn á það af illri nauðsyn, að hafa það á valdi ríkisstj. og ólögbundið að ákveða, fyrir hvaða hluta af afurðum bátanna útvegsmenn megi sjálfir nota gjaldeyri til innflutnings á erlendum vörum. Og ég tek undir ósk hv. 1. þm. S-M. um það, að hæstv. atvmrh. vildi segja Alþ. frá meðferð þessa máls, eins og hann sem fjmrh. og sjútvmrh. í fyrrv. stj., undir meðferð sams konar máls á Alþ., lýsti því, hvernig ríkisstj. hefði hugsað sér að greiða fyrir útvegsmönnum með því að láta þá fá frjálsan gjaldeyri fyrir slíkan takmarkaðan hluta af afurðunum og þá sérstaklega þeim afurðum, sem ekki væru seljanlegar við kostnaðarverði erlendis, nema gerðar væru til þess sérstakar ráðstafanir, eins og t. d. hrogn, en þeim var kastað, unz útgerðarmönnum var leyft að ráðstafa sjálfum gjaldeyri þeim, er þeir fá fyrir þau. Það voru því rök fyrir því að veita þessa undanþágu, þó að farið sé með þessu móti inn á hálar brautir og varhugaverðar, sem skapa misræmi og óréttlæti í verðlagi og völuflutningi til landsins. Ég mun svo láta staðar numið um þetta mál að sinni.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi svara einu eða tveim atriðum í ræðum þeirra hv. 1. þm. S-M. (EystJ) og hv. 8. landsk. (StJSt). Mér kemur það satt að segja undarlega fyrir sjónir, þegar þessir hv. þm., sem báðir áttu sæti í hæstv. fyrrv. ríkisstj., eru að benda núv. ríkisstj. á það, að sú leið, sem þeir fóru í sambandi við gotugjaldeyrinn sé á takmörkunum að vera lögleg. Ég er sammála þeim í því, að þetta sé vandræðaleið, og margt kemur í kjölfar hennar, sem er óæskilegt, en þetta liggur fullkomlega innan þeirra takmarka, sem lög heimila, og löggjafarvaldið hefur heimilað slíkt samkv. l. um fjárhagsráð. Leyfi þetta er mjög víðtækt, og getur ráðið sett reglur um innflutning eftir vild, svo að ég hygg, að þó að skemmtilegt sé að skírskota í lagaheimild, þá sé ekki hér um lögleysu að ræða.

Hv. 1. þm. S-M. vildi halda því fram, að hækkun á aðflutningsgjaldi vegna þessa frv. gæti numið 60—80 millj. kr. á ári, og hv. 8. landsk. var með sömu tilgátu og hélt, að það færi nærri sanni. Ég vil nú gera nokkra grein fyrir því, sem stendur í grg. fyrir frv. Það er reiknað með, að innflutningur árið 1950 nemi um 300 millj. kr. Ég skal ekki segja nema hann verði nokkru meiri, ef innflutningur samkvæmt Marshallaðstoðinni væri tekinn til greina. En ef reiknaðar eru útflutningstekjur og duldar greiðslur, þá er óvarlegt að reikna með meiru en 300 millj. á þessu ári. Undanþágur samkv. 23. gr. eru 50—60 millj. kr., segjum 55 millj. kr.; ef þetta er dregið frá, eru eftir 245 millj. kr. Nú er ekki gert ráð fyrir, að söluskattur verði lagður á fyrr en 1. marz, og þá er búinn ⅙ hluti ársins og þá eru ekki eftir nema 200 millj. kr. til að skattleggja til að ná þeim 42 millj., sem þarf. Þá eru þau 21%, sem leggja má á þessar 200 millj. kr., og við það bætast svo 6%, eða samtals 27% álagning, en upphæðin verður þá rúmar 40 millj., en ekki 60—80 millj. En sé þessum 6% skatti, sem lagður er á allt árið, bætt við, getur heildarskattupphæðin komizt upp í 60 millj. kr., og sé ég ekki, að þar geti skakkað miklu, en breytist nokkuð, ef útflutningsáætlunin reynist eitthvað hærri eða lægri. Hv. 8. landsk. áleit, að skurðarpunkturinn í þessum till. ætti að vera 1. marz, og gæti verið, að það væri ekki óhyggilegt, en ef svo væri, þarf ekki að búast við, að miklar tekjur séu komnar þá, en Alþ. verður þá að sjá fyrir greiðslum, sem þá eru fallnar í gjalddaga og ekki er hægt að komast hjá, en fyrir mér vakti, að tekjustofnar stæðu undir kostnaði, sem orðinn yrði 1. marz. Auðvitað er hægt fyrir Alþ. að gera þennan skurðarpunkt og segja, að það ráðstafi þessu ekki lengur, en þá tekur það á sig þá ábyrgð, að útvegurinn stöðvist á miðri vertíð.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta frv. hefði getað verið komið fyrir nýár, og hefði það verið betra, því að þetta frv. sýnir ekki mikinn undirbúning og hefði hæstv. ríkisstj. getað byrjað að undirbúa það strax og hún var sett á laggirnar, en ekki þurft að bíða eftir kröfum frá útgerðarmönnum um það, hvað þeir teldu sig þurfa hátt ábyrgðarverð. Það var skýrt fyrir þm., áður en þeir fóru heim í jólafrí, að ástæðan fyrir því, að málið væri ekki leyst, væri sú, að ríkisstj. hefði komizt að því, að þörf væri róttækari og gagngerari breytinga en hún hélt í fyrstu, en

svo kemur þetta frv., sem er mjög í sama stíl og undanfarin ár og hefði vel getað verið komið fyrir nýár, svo að bátarnir hefðu strax getað hafið vertíð. Ég er sammála um það, að nauðsyn sé að tryggja ákveðið verð á fiski, svo að bátarnir fari af stað, og geri ég ráð fyrir, að allir hv. þm. séu sammála um það.

Það er vert að líta á þróun þessara mála og hvenær fiskábyrgð var fyrst ákveðin, en hún hófst upphaflega í ársbyrjun 1946 fyrir hluta hraðfrysta fisksins og ákveðið magn af saltfiski til að tryggja rekstur útvegsins. Í ársbyrjun 1947 eða fyrir áramót stóð þannig á, að stjórnarkreppa hafði verið og sjávarafurðir ekki seldar, en söluhorfur sæmilegar og forsendur fyrir ábyrgðinni voru þær, að þetta væri gert til að tryggja rekstur útvegsins, þó að ekki væri búið að selja afurðirnar. Þegar svo hæstv. fyrrv. ríkisstj. tók við, lagði hún höfuðkapp á að sannfæra menn um, að fiskábyrgðin væri óheppileg og það yrði að hætta við hana, en þegar hæstv. ríkisstj. átti sjálf að gera ráðstafanir til að bátaflotinn gæti starfað, fann hún ekkert annað ráð en þetta og framlengdi fiskábyrgðina óbreytta í þau 2 ár, sem hún sat að öllu leyti að stjórn, þannig að hún kom ekki með neitt nýtt annað en álögur, sem hún afsakaði með því, að þær ættu að standa undir útgerðinni, og ávallt voru hærri en líklegt var, að ábyrgðin yrði. Þannig notaði hún ábyrgðina til að leggja á hærri tolla og skatta en áður hafa þekkzt, og þetta er orðin svo föst regla, að þegar lögð er fram till. um 12 millj. kr. útgjöld, eins og þegar um uppbót til opinberra starfsmanna var að ræða, þá þykir ekki ómaksins vert að útvega tekjur til að standa á móti því. Útvegurinn er þannig notaður sem bakhjarl til að afsaka með álögurnar og er notaður sem átylla til að leggja nýja, ósanngjarna skatta á almenning af hæstv. fyrrv. og sennilega hæstv. núv. ríkisstj., og dýrtíðin með því móti gerð enn óviðráðanlegri en áður. Ég minnist þess, að í blaði hæstv. fjmrh. er því haldið fram, að það kosti ríkið 70 millj. kr. á ári að halda bátaútveginum uppi, og almenningur hér í Rvík, sem kominn er úr tengslum við atvinnuvegina, trúir, að allar þessar álögur séu gerðar til að halda útveginum uppi. En sannleikurinn er sá, að álögur þessar gera vandamál útvegsins meiri ár frá ári, en þetta er gert af þeim, sem fá tekjurnar af gjaldeyri þeim, sem útgerðin hefur aflað, og nú verða þeir að halda trúnni við. Að ausa styrkjum til útgerðarinnar þýðir því það, að gróðastéttin hér fái enn meira fé til sinna þarfa, en útgerðin situr eftir með sitt tjón. Það er því engin tilviljun, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur haldið áfram á sömu braut. Heildsalarnir hafa viljað halda aðstöðu sinni áfram, og því er lagður nefskattur á almenning í landinu til að halda við gróða auðmannastéttarinnar í Reykjavík.

Ræturnar að erfiðleikunum má rekja langt aftur í tímann, eða til ársins 1933 eða 1934. Og alltaf þegar sá aðilinn, þ. e. sjávarútvegurinn, sem átti að veita blóði í þetta kerfi heildsala og gróðamanna, hefur verið að því kominn að sligast, þá hafa höftin verið aukin. Þegar ég beitti mér fyrir því, að ábyrgðarlögin væru sett, þá var það höfuðröksemdin, að ríkið væri skyldugt til að gera þetta á meðan það tæki gjaldeyrinn frá útveginum, en raunin hefur orðið sú, að ríkinu blæðir, en gróðinn rennur til þeirra, sem hagnýta gjaldeyrinn. Ég er sannfærður um það, að á meðan sá háttur er hafður á, að gjaldeyririnn er tekinn frá þeim, sem afla hans, og fenginn öðrum, sem enga áhættu hafa af þessu, en græða með því móti tugi milljóna, þá er útvegurinn settur í óþolandi aðstöðu, sem ekki verður greitt úr. Hvað svo sem ríkisvaldið gerir og hversu mikið sem það greiðir í þessu skyni, verður það aðeins bráðabirgðalausn, meðan ekki er ráðizt á þetta kerfi. Skattar þeir, sem lagðir hafa verið á almenning undir því yfirskini, að það væri gert til að bjarga útgerðinni, hafa átt höfuðsökina á aukinni dýrtíð í landinu. Höfuðástæðunnar til þess, að launþegar og opinberir starfsmenn kröfðust hærri launa, er að leita í þessum ósanngjörnu nefsköttum, sem ríkisstj. telur, að séu til að bjarga sjávarútveginum. Nú er verið að leggja á nýja skatta, sem talið er að nemi rúmum 40 millj. kr., en sterk rök mæla með að verði 60—80 millj. kr., en ekki eins og hæstv. ráðh. telur, því að hann tekur ekki tillit til þess, að 6% eru ekki lögð á gjaldeyrinn, heldur á vöruna hingað komna og borgaða með íslenzkum peningum. Mér finnst því, eftir að hafa hlustað á umr., að réttara muni, að þessir skattar nemi 60—80 millj. en rúmum 40 millj., eins og hæstv. ráðh. sagði.

Ríkið fór inn á þá braut að ábyrgjast verð á fiski, sem óhjákvæmilegt var, því að annars hefði allt stöðvazt, meðan enginn meiri hluti var fyrir því að breyta innflutningsfyrirkomulaginu, sem óhjákvæmilegt er að gera, eins og bezt sést á þessu frv. En það er hinn mesti misskilningur hjá ríkisstj., úr því að á annað borð er verið að ábyrgjast verð á fiski, að vera að skera það við nögl sér, sérstaklega frá sjónarmiði þeirra, sem ætla sér að greiða kostnaðinn með tollum á almenning, og ef þetta er á annað borð gert, þá verður að koma útveginum vel af stað, svo að sem mest veiðist, því að það skapar meiri gjaldeyri og aukinn innflutning og þar af leiðandi meiri skatta og tolla, og hefur þessi knífni valdið meira tjóni en græðzt hefur.

Það kom í ljós, að mikill skaði var að því að fylgja ekki till. sósíalista um að framleiða meiri saltfisk, en hæstv. fyrrv. ríkisstj. virtist vera hrædd við það og fór meira að segja inn á þá braut að greiða útflutningsuppbætur á ísaðan fisk, sem leiddi aftur til þess, að hraðfrystihúsin fengu ekki nægilegt hráefni, og varð því framleiðsla þeirra dýrari, og saltfiskframleiðendur fengu ekki heldur nægilegan fisk, en þeir hefðu getað selt meira og fengið meiri gjaldeyri fyrir hann en ísaðan fisk. Nú er þannig komið, að líkur eru til, að togararnir verði að fara að leggja afla sinn upp í salt. Þetta skapar okkur þörf fyrir mikla og góða saltfiskmarkaði. En markaðsörðugleikarnir fyrir ísfiskinn eru ekki eingöngu okkur Íslendingum að kenna eða dýrtíðinni hér heima, því að hver heilvita maður sér, að það getur alls ekki borgað sig að sigla út með 300 tonn af fiski og

fá fyrir þau kannske 3000 £. Þetta bara sýnir, að við verðum að verka fiskinn hér heima og afla okkur nýrra markaða. En þá þýðir ekki að afhenda einokunarhringum einkaleyfi á sölunni, og því fyrirkomulagi, sem verið hefur, að láta eitt félag, Sölusambandið, hafa alla saltfisksölu með höndum, verður að breyta. Þess munu vera dæmi, að menn hafa ekki fengið að selja sinn fisk, þó að hærra verð hafi verið í boði en það, sem Sölusambandið seldi fyrir, vegna þess að þeir fengu ekki leyfi til þess. Ég tel það algerlega ranga leið, að binda afurðasöluna til útlanda slíkum skorðum og ekki sízt, þegar hún er fengin í hendur félagi, sem hefur á henni einkaleyfi án þess að þurfa að standa ríkinu reikningsskap gerða sinna, auk þess sem slík aðferð er stórhættuleg vegna markaða. Ég er sannfærður um, að við fengjum betra verð fyrir saltfiskinn, ef framleiðendur fengju að selja hann sjálfir. Auk þess hefur komið fram ákæra frá L.Í.Ú. á þetta sölufélag, að það hafi ekki haft það sjónarmið, að framleiðendur fengju sem hæst verð fyrir fiskinn, heldur hafi einkahagsmunir fárra manna setið í fyrirrúmi. Ég ætla ekki að fara nánar út í það mál hér, þó að það sé mjög alvarlegt og krefjist nákvæmrar rannsóknar. Það er mjög eðlileg og sjálfsögð afleiðing, að ríkið verði að bera ábyrgð á vissu fiskverði, þegar það hneppir útveginn í slíka fjötra sem raun ber vitni í sambandi við afurðasöluna og þar að auki tekur allan gjaldeyri af útgerðinni og ráðstafar honum til heildsala og annarra, sem hafa af honum stórkostlegan gróða. Þetta hefur verið gert nú síðustu ár, en svo er bara komið og sagt, að útgerðin sé komin á ríkið. Sannleikurinn er sá, að allur sá gífurlegi gróði, sem einstaklingar og félög hafa hlotið í sambandi við innflutningsverzlunina, er runninn beint frá sjávarútveginum, og hefði hann lent í höndum útvegsmanna, þá væri sjávarútvegurinn betur staddur. Þessi þróun undangenginna ára er óeðlileg og hættuleg þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar, því að sumir eru farnir að trúa þeirri firru, að hann sé raunverulega kominn á ríkið. Það er því alveg nauðsynlegt að stíga skref til þess að samræma hagnaðarvonina í innflutningsverzluninni og áhættuna í sjávarútveginum, svo að hann verði rekinn með öllu því fjármagni og öllum þeim kröftum, sem til eru bæði hjá verzlunarmönnum og útvegsmönnum. Þjóðin á allt undir sjávarútveginum, og hún getur alls ekki haldið uppi eðlilegu fjármálalífi nema útvegurinn sé rekinn með krafti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er áframhald á sömu braut og áður, og það er í raun og veru mjög eðlilegt, því að þau öfl, sem að ríkisstj. standa, vilja ekki aðra lausn. Ríkisstj. væri sennilega til með að auka enn meira álögurnar á almenning, ef hún þyrði það vegna bæjarstjórnarkosninganna, en við verzluninni má alls ekki hrófla. Það er sem sé alveg útilokað, að hún leysi grndvallaratriði til úrbótar í þessu máli, en það er breyting á gjaldeyrisverzluninni. Heildsalarnir eiga að fá að halda áfram að græða, hvað svo sem það kostar ríkið. Þessi aðstaða, sem innflytjendunum er sköpuð með þessu fyrirkomulagi, veldur hinu geysimikla kapphlaupi eftir gjaldeyri, sem leiðir svo af sér svartamarkaðsbrask og alls konar svindl. Og þetta skipulag veldur því, að fáir fást til að leggja fé í framleiðsluna, enda heppnast þeim, sem gjaldeyrinn hreppa, að safna milljónum á þurru landi, án þess svo mikið sem að koma nærri nokkru, sem heitir framleiðsla. Það er að segja útgerðarmenn og framleiðendur hafa áhættuna, en heildsalarnir hirða ágóðann. Á meðan slíkur háttur er á hafður, er engin von til að finna varanlega lausn á vandamálum útvegsins og framleiðsluatvinnuveganna yfirleitt. — Við sósíalistar höfum borið fram till. um það, að bátaútvegurinn fengi að ráðstafa einhverjum hluta af þeim gjaldeyri, sem hann aflar, og þá um leið hljóta ágóðann af þeim gjaldeyri. Þetta hefur ekki fengizt samþykkt, þó að hver maður hljóti að sjá, að það gæti að verulegu leyti leyst vanda þessa atvinnuvegar, auk þess sem það mundi örva menn mjög til þess að leggja fé og fyrirhöfn í þennan áhættusama rekstur. Við höfum glöggt dæmi þess í sambandi við Faxasíldina í haust. Það var útlit fyrir, að alls ekki yrði gert neitt út á síldveiðar í Faxaflóa á síðasta hausti, en til þess að fyrirbyggja það var útvegsmönnum gefinn kostur á að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem fyrir þá síld fengist, sem kynni að veiðast. Þetta varð til þess, að saltaðar voru um 40 þúsund tunnur síldar, sem ella hefðu alls ekki orðið til, auk þess sem það bjargaði fjölda manns frá atvinnuleysi og skapaði miklar tekjur fyrir bátaútveginn. Mér dettur ekki í hug, að hægt sé að gefa allan gjaldeyri frjálsan, en allmiklum hluta mætti leyfa útgerðarmönnum að ráðstafa og létta með því undir erfiðleikum útvegsins. Við þurfum að skapa útveginum betri aðstöðu, og slík ráðstöfun, sem hér hefur verið drepið á, stefndi í rétta átt. Hins vegar er ekkert í frv., sem léttir verulega undir með útveginum eða er til þess fallið að örva hann. Það hefur að vísu verið gefinn frjáls nokkur gjaldeyrir, en það er aðeins gjaldeyririnn fyrir þær vörur, sem ella hefði verið kastað í sjóinn, eins og t. d. hrognin.

Þá ætla ég að víkja nokkuð að ábyrgðarupphæðinni, en þar finnst mér ríkisstj. fara nokkuð gáleysislega með tölur, eftir því sem gert er ráð fyrir í grg. frv. Ég get ekki séð, að fiskábyrgðin til 15. maí muni kosta 21 millj. kr. Það er talað um, að fiskábyrgðarkostnaðurinn, sem komið hefði á þetta tímabil árið 1949, hefði numið 20 millj. og 200 þús. kr., en svo er gert ráð fyrir 21 millj. og 400 þús. til viðbótar. Ef gert er ráð fyrir, að hraðfrysti fiskurinn verði 20 þús. tonn, þá sé ég ekki, að kostnaðurinn vegna ábyrgðarinnar á honum geti verið meiri en 8,8 millj., miðað við sama verð og í fyrra. Sé svo gert ráð fyrir 15 þús. tonnum af saltfiski, þá nemur sú viðbót á ábyrgðarverðinu ca. 3,5 millj., eða samtals væri um 12.3 millj. að ræða. En þess í stað telur ríkisstj. sig þurfa yfir 20 millj. Jafnvel þótt minn útreikningur væri að einhverju leyti of lágt reiknaður, þá er þessi upphæð ríkisstj. ranglega allt of há. Það virðist því sem ríkisstj. hugsi sér nú að leggja nýjan skatt á vegna allrar fiskábyrgðarinnar, enda þótt allir skattarnir, sem lagðir

voru á vegna ábyrgðarinnar í fyrra, hafi verið framlengdir. Ég verð að segja, að mig rak í rogastanz, þegar ég sá þessa viðbótarupphæð, sem ríkisstj. hugsar sér að afla vegna fiskábyrgðarinnar. Það eru harla einkennilegar ráðstafanir, ef afla á tekna vegna fiskábyrgðarinnar, að innkalla allar tekjurnar, sem lagðar voru sérstaklega á vegna fiskábyrgðarinnar fyrir, en bæta svo við nýjum álögum á almenning, sem nema allri fiskábyrgðinni. Þetta eru ráðstafanirnar, að vísu til bráðabirgða, segir ríkisstj. Annars hef ég nú ekki mikla trú á varanlegri lausn á þessum vandamálum frá þeim, sem að stj. standa, en það er bezt að láta reynsluna skera úr því. Ég mótmæli þeirri aðferð, sem hér á sýnilega að viðhafa, en hún er sú að leggja á almenning þunga skatta og nota til þess fiskábyrgðina eða telja fólki trú um, að skattarnir séu allir vegna hennar. Sósfl. hefur frá upphafi verið andvígur skattapólitík fyrrv. og núv. ríkisstj., en hún hefur verið að auka stöðugt tolla og nefskatta. Þessir skattar koma langharðast niður á almenningi og alveg eins á þeim, sem sízt geta staðið undir þeim. Launþegum hefur verið talin trú um, að þessir skattar væru nauðsynlegir til þess að bjarga útveginum frá stöðvun, og vegna þessara blekkinga hefur heppnazt að leggja á óvinsælustu skattana í skjóli fiskábyrgðarinnar. Þetta hefur orðið til þess að baka útveginum óvinsældir og gert marga fráhverfa honum, þegar hann þurfti verulega á örvun að halda. Sömuleiðis hefur því verið haldið fram, að útvegurinn lifði nú orðið á ríkissjóði, og getur hver heilvita maður séð, hvílík firra slíkt er, þó að hann fái lítils háttar styrk á móti margföldum upphæðum, sem af honum eru teknar. Blekkingar sem þessar eru ekki til þess fallnar að auðvelda lausn þeirra vandamála, sem nú bíða.

Í sambandi við lækkun á rekstrarkostnaði útvegsins er ekkert nýtt í þessu frv. Aðeins er gert ráð fyrir að verja svipaðri upphæð og ákveðið var á síðasta ári í þessu skyni, en þá var ákveðið að verja 5 millj. kr. til að lækka vátryggingagjöld bátaflotans. Þá var líka ákveðið, að bankarnir skyldu láta af hendi ódýr rekstrarlán. Framkvæmdin á þessu ákvæði mun hafa orðið sú, að bankarnir lánuðu til stutts tíma rekstrarfé með 4% vöxtum, en væri lánið ekki greitt á þeim ákveðna tíma, hækkuðu vextirnir í 6½%, án tillits til þess, hvernig á stóð. Virðist sú framkvæmd allhæpin og í alla staði mjög óréttlát. Sósfl. hefur alltaf lagt áherzlu á, að lækka bæri útgerðarkostnaðinn og aðstoða útveginn á þann hátt. Í því sambandi hefur verið bent á, að eðlilegast væri að bankarnir, sem hafa mest af sínum tekjum af sjávarútveginum, létu í té ódýr rekstrarlán, t. d. með 2½% vöxtum. Gæti slíkt orðið verulegt hagræði fyrir útveginn. Þeir bátar, sem fengu stofnlánadeildarlán, verða að borga 6%. Lægstu vextirnir eru af lánum úr fiskveiðasjóði, eða 4%, en svo eru þeir sem sagt allt upp í 6%, sem eru hreinustu okurvextir. Með þessum ráðstöfunum væri hægt að bæta afkomuna mjög mikið, og enn má gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem við sósíalistar höfum hvað eftir annað bent á, t. d. varðandi olíuverzlunina. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að hún er rekin með þeim endemum, að hver lítri er hátt á annan tug aura hærri en hann þyrfti að vera. Í stað þess að dreifingarkerfið sé aðeins eitt, þá eru þau þrjú. Þrjú olíufélög, sem keppa hvert við annað og öll verða að láta reksturinn bera sig, hafa líka ábyggilega samkomulag um það, og það kemur svo á bak útvegsins að halda rekstri þeirra uppi. Við getum stórlækkað olíuna, jafnvel svo, að þrátt fyrir gengislækkunina hefði engin hækkun þurft að verða á henni, ef dreifing færi fram með hagkvæmari hætti. Þá eru enn fremur óhóflegir skattar á útgerðarvörum og álagning verzlunarfyrirtækja, sem losna mætti við, ef samtök sjómanna sjálfra önnuðust innkaup á þeim. Hefur margoft verið á þetta bent af okkur sósíalistum, en það hefur mætt litlum skilningi af hálfu stjórnarvaldanna, a. m. k. fyrrv. stjórnar. Koma þar ábyggilega fremur til greina annarleg sjónarmið verzlunarmannanna en sjónarmið útvegsmanna.

Þá er það, sem hvað mestum vandræðum veldur, sú óheillastefna fyrrv. ríkisstj. að láta pólitískt ofstæki ráða markaðsöflun í stað þess að láta viðskiptahagsmuni Íslands eina ráða. Það eru engin skynsamleg rök fyrir því, að okkur hafi ekki staðið til boða markaðir í Sovétríkjunum 1948 eins og 1947. En ríkisstj. gerði allt til að fyrirbyggja, að við hefðum þar viðskipti, og enginn ráðh. gat svo opnað sinn munn, að hann dengdi ekki svívirðingum yfir þessa aðila, enda var þá búið að gera Marshallsamning, svo að fúkyrðin voru ekki út í bláinn sögð. Þá býst ég við, að það sé einsdæmi, að einn ráðherra hafi hagað sér þannig eins og við heyrðum hér, að hann hélt því fram, að Sovétríkin settu pólitísk skilyrði fyrir kaupum á okkar afurðum á sama tíma og verið var að leita þar samninga um markaði. Þeir vissu líka, hvað þeir voru að gera, ráðherrarnir. Þeir voru sem sagt sannfærðir um, að Bandaríkin og Bretland mundu leysa öll okkar viðskiptavandamál. Sú von hefur nú heldur en ekki brugðizt. En svo ákveðin var þessi viðleitni að einskorða markaði okkar við engilsaxnesku löndin, að við vorum byrjaðir að gera tilraunir með landanir í Austur-Þýzkalandi og Sovétríkjunum á ísfiski, en hinn erlendi fulltrúi, sem um þær mundir var staddur hér uppi, var atyrtur á hinn versta hátt, og engir samningar tókust. Hefði þó mátt bíða eftir því að reyna, hvort þessi viðskipti gætu ekki orðið hagkvæm. Um leið og við vorum búnir að missa markaðina í Sovétríkjunum, færði England sig svo upp á skaftið og lækkaði verð á vörum okkar, sem það hafði neyðzt til að hækka á meðan við höfðum sambönd í austri. Sú reynsla hefur orðið hvarvetna, þar sem Sovétríkin hafa komið inn, að verðið hefur hækkað þannig, t. d. það sem nýjast má nefna, að verð á ull frá Ástralíu hefur stórhækkað vegna keppni Sovétríkjanna við auðhringana um þá vöru. — Þannig hafa hagsmunir okkar í viðskiptamálum verið bornir fyrir borð vegna pólitísks ofstækis.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki bæri að skoða álagningu skatta í frv., sem hann viðurkenndi, að kæmu óréttlátlega niður á almenn-

ingi, sem stefnu Sjálfstfl. Finnst nú nokkrum manni líklegt, að Sjálfstfl. komi með þessar till. sínar rétt fyrir kosningar, en geymi sínar sanngjörnu og góðu till. þar til eftir kosningar? Fáir munu verða til að trúa því. Þær till., sem Sjálfstfl. mun hugsa sér að gera eftir kosningar, verða sjálfsagt ekki fallegar, fyrst þessar eru svona. Reynslan er sú af Sjálfstfl., og raunar hinum tveimur stuðningsflokkum fyrrv. ríkisstj. einnig, að þeir hafa verið ákaflega kjarkmiklir til árása á alþýðu rétt eftir kosningar, en móðurinn hefur svo runnið af þeim, þegar kosningar hafa nálgazt. Allar líkur eru til, að sama sagan endurtaki sig nú. Ég verð að segja, að ég er mjög undrandi yfir því, að Sjálfstfl. skuli ekki vera kominn það langt í athugunum sínum á ástandinu, sem honum hefði nú raunar átt að vera fullkunnugt um, að hann geti látið Alþingi vita í höfuðdráttum, hvað hann hugsar sér. Það virðist vera erfitt að fá á því aðra skýringu en þá, að ekkert megi láta uppi fyrr en að afstöðnum kosningum og mikið liggi við að leyna því þangað til, sem á seyði er.

Hæstv. forsrh. gat þess, að útveginum yrðu látin í té sömu gjaldeyrishlunnindi og á síðast liðnu ári og eitthvað til viðbótar. Væri fróðlegt að vita, hvað fyrirhugað er. Vil ég skora á hæstv. atvmrh. að gefa þær upplýsingar í því efni, sem hann getur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ábyrgðin nái til 15. maí, og bent á, sem rétt er, að ef hún ætti aðeins að ná til 1. marz, mundu bátarnir ekki fara af stað. En ég vil benda á, að hér er eingöngu miðað við vetrarvertíðina við Faxaflóa, en fiskur er víðar dreginn úr sjó en þar. Vertíðirnar á Vestur-, Norður- og Austurlandi byrja í endaðan marz og apríl og standa fram í júní. En 15. maí á fiskábyrgðin að falla niður, og þá á sem sagt að banna þessu fólki að halda vertíðinni áfram, enda þótt því sé hin mesta nauðsyn, t. d. á Norðurlandi, þar sem síldarleysið hefur komið mjög hart niður, að fiskveiðarnar verði því sem tekjudrýgstar. Það þarf nauðsynlega að ganga þannig frá, að ábyrgðin gildi fyrir allt árið. Allt annað er of mikið öryggisleysi fyrir fólkið í þessum landshlutum og yrði aðeins til að hrekja það í enn stærri stíl til Rvíkur og þorpanna við Faxaflóa, enda er það eitt sanngjarnt, að Alþingi hugsi líka um vandamál þessa fólks.

Hvað snertir tekjuöflunarleiðir til þess að standa undir ábyrgðinni, þá er Sósfl. á móti nefsköttum og drápstollum og hefur hins vegar oft bent á tekjuöflunarleiðir, sem ekki koma niður á almenningi og valda ekki aukinni dýrtíð, en það er aftur á móti raunin um tollana og nefskattana, sem hafa svipaða verkun og að pissa í skóinn sinn. Sósfl. er því andvígur þessum tekjuöflunarleiðum og mun ekki greiða atkvæði með þessum sköttum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér þykir það leitt, en ég sé, að dálítil villa hefur slæðzt inn í frv. Þegar síðasta gr. var orðuð, hefur verið sett „tollverði", en til þess var ætlazt, að það væri af „cif-verði", og veldur það dálítilli breytingu, eða allt að 3—4%. En villuna mun ég ræða við hv. fjhn., er hún hefur fengið frv.

Ég ætla ekki að fara neitt út í að svara hv. þm. Siglf. (ÁkJ) í sambandi við ummæli hans um söluna til Rússlands. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem hann sagði um ísfisksöluna til Rússlands. Ég var í Rússlandi um þessar mundir, og við gengum á eftir þeim um að leyfa það, að einn til tveir togarar fengju að sigla þangað til reynslu með ísfisk, en þeir sögðust ekkert hafa með hann að gera. Slagorð sósíalista um þetta eru því algerlega úr lausu lofti gripin, eins og fyrri daginn.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um ræðu hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Hún var þó að ýmsu leyti merkileg, m. a. vegna þess, að það virtist vera hans mesta áhyggjuefni, að ábyrgðarverðið væri ekki nógu hátt, og álagningin þá sjálfsagt ekki nógu mikil. Enn fremur hafði hann áhyggjur af því, að útvegsmönnum yrði ekki gefið nógu mikið af frjálsum gjaldeyri. Þá sagði hann, að þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og alls konar álögur í tíð fyrrv. stjórnar, hefðu útvegsmenn ekki fengið hækkað verð. Það er rétt, að ábyrgðarverðið hefur staðið í stað, en söluverð erlendis hefur líka lækkað, og uppbótagreiðslurnar hafa því farið vaxandi, enda þótt útvegsmenn hafi ekki fengið hærra verð fyrir aflann. Dýrtíðarráðstafanir í þá átt að greiða niður verð á vörum innanlands hafa líka farið vaxandi, og munar miklu um það árið 1949 frá árinu 1946. Það liggja þannig til þess eðlilegar orsakir, að ríkisstj. hefur orðið að afla aukinna tekna til þess að standa undir auknum niðurgreiðslum og uppbótum á útflutningsvörur. Þeir skattar, sem í því skyni hafa verið lagðir á, hafa ekki verið nefskattar nema að litlu leyti. Var reynt til þess, að þeir legðust á þá hluti, sem almenningur þyrfti lítt eða ekki að nota. Það var lagður skattur á bíla, benzín, kvikmyndir, innlenda sælgætisframleiðslu og þær innflutningsvörur aðrar, sem almenningur þyrfti sízt að nota, en allar nauðsynlegustu vörurnar voru undanþegnar skatti. Þetta er höfuðmunurinn á fyrri stefnu og þeirri, sem nú á að fara, að leggja jafnt á allar vörur. Í tíð fráfarandi stj. leituðumst við við að leggja gjöld á vörur, sem almenningur notar lítið, þær er telja mátti umfram venjulega neyzlu. Þó er neyzluskatturinn undanþeginn. En mismunurinn á söluskattinum áður fyrr og þessum, sem nú á að leggja á, er mikill, því að hann fimmfaldast, fer m. ö. o. úr 6% í 30%. — Freistandi væri að fara frekar út í ræðu hv. þm. Siglf., en ég mun nú sleppa því og minni heldur á 1—2 atriði. Annars hefur hv. 8. landsk. gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna. En mig langar til að láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig þær tölur eru taldar — eða upphæðir —, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og eins yfir hinu, hvernig á að afla teknanna. Eru í því sambandi tvö atriði í frv. Annað er þetta: Útvegsmönnum á að tryggja svo hátt verð, að þeir fari af stað á veiðar. Það hygg ég, að tekizt hafi með 75 aura verðinu. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi haft samráð við útvegsmenn, og býst við, að þetta verð sé nægi-

legt, þótt það sé allmiklu lægra en fram kemur í tillögum frá fundi stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Ég veit eigi um það og ræði þetta mál því ekki nánar. En, eins og ég tók fram, geri ég ráð fyrir, að upphæðin muni nægja.

Hitt atriðið er það, hversu mikið þetta kosti, og hvernig afla eigi fjárins. Það er gert ráð fyrir að hækka ábyrgðarverðið úr 65 aurum í 75 aura, eða um 10 aura pr. kg. Ef gengið er út frá því í fyrstu að afla tvo mánuði ársins 23 þús. tonn, sem er hærri tala en árið 1949, þegar öfluðust um 16 þús. tonn, (*Atvmrh.:* Það er tekið meðaltal af fimm árum.), jæja, meðaltal af 5 árum, þá nemur hækkunin á þessum 23 þús. tonnum eða 23 millj. kg. eigi nema 2,3 millj. kr. Nægir þetta því eigi til þess að ná umræddri upphæð. Í ábyrgðarverðinu til hraðfrystihúsaeigenda er innifalið heldur meira en felst í verðinu á fiski, eins og hann kemur úr sjónum, vinnslukostnaði hans. En um saltfiskverðið er það tekið fram, að hækkunin umfram fiskverðið sjálft, hækkunin á því, nemi um helmingi af því, sem fiskverðsupphæðinni nemur, ef reiknað er með kr. 1.53 í stað kr. 1.33 í núgildandi l., pr. enskt pund fob. Miðað við hækkunina eina á fiskverðinu mundi þurfa 12—13 aura. Því er hækkunin um 15—20% meiri. En þó nær upphæðin, er stj. þarf að greiða, vart meira en 2,3 millj. kr., og verði haldið áfram með þessar ábyrgðargreiðslur út árið og verði gert ráð fyrir svipuðum sjávarafla og verið hefur að undanförnu, þá telst mér til, að hækkunin á meðlagsskyldu ríkissjóðs geti ekki farið yfir 18—20 millj. kr. (*Atvmrh.:* Allt árið?) Það er reiknað m. a. með 30 þús. tonnum af flökum, og eru þá innifaldar um 13½ millj. kr. í hækkuninni einni, og síðan bætist við vinnslukostnaður, svo að meðlagsskylda ríkissjóðs yrði 16—18—20 millj. kr. En hitt skil ég ekki, að leggja þurfi til viðbótar á landsmenn 30% á ábyrgðarverðið. Samkvæmt frásögn hæstv. ríkisstj. hefur þetta að vísu breytzt á þá leið, að leggja skuli á cifverð, en eigi tollverð — að viðbættu fob.-verði. En yrði það gert, mundi skatturinn nema um 80—90 millj. kr. En ef í staðinn skuli lagt á cifverð, kemur hækkunin á ca. 250 millj. kr., þ. e. 300 millj. kr. innflutning, að frádregnum 60 millj. kr., þ. e. 240 millj. kr., — með 24% hækkun frá því, sem nú er, og að frádregnum ⅛ (í tvo mánuði), þ. e. 10 millj. kr. Þ. e.: hækkunin gæti eigi orðið minni en 50 millj. kr. frá 1. marz til að jafna upp 18 millj. kr. hækkun, sem fiskverðshækkunin að viðbættri hækkuninni til hraðfrystihúsanna kallar á. Mér finnst því, að þessar tölur í frv. séu í senn losaralegar og ríflega áætlaðar fyrir álagningunni á ríkissjóð.

Hitt er annað mál, hvernig aflað skuli tekna á móti þessu, þannig að það á að leggja á söluskatt, sem er raunverulegur gjaldeyrisskattur: Það er lagt á innflutninginn allan. Þetta er gengisfelling um 30% á öllum innfluttum nauðsynjavörum. Fráfarandi stj. hafði það fyrir reglu í skattaálögum, að tekna ríkissjóðs yrði eigi aflað með jöfnu álagi, heldur skyldi undanskilja almennar neyzluvörur og hækka þá gjöldin á hinum, sem almenningur notar ekki almennt. Því vildi ég leggja áherzlu á það, að verði farið út í að afla tekna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir sem möguleika í þessu frv., — því að við vitum, að um þær leiðir verður eigi að ræða eftir þ. 1. marz n. k., — og verði því haldið fram, þá — ég endurtek — vildi ég undirstrika það, að teknanna verði eigi aflað með jöfnu álagi, þ. e. með beinni 30% gengisfellingu, heldur verði leitazt við að draga úr álagningunni á þær vörur, sem almenningur notar mest. Ég sé eigi betur en hér sé svo ríflega áætlað, þ. e. tekjurnar eru áætlaðar þrisvar sinnum hærri en útgjöldin, að unnt ætti að vera að sleppa öðrum vörutegundum en þeim, sem við þörfnumst til daglegrar neyzlu. Ef það yrði gert og lagt yrði á aðrar og minna notaðar vörur, þá held ég, að við mundum verða til viðtals um málið, þ. e. um aðra leið en hér er farin í því. Miðað við þær tölur, er hér að framan eru taldar, þá ætti að vera kleift að draga út úr talsvert magn af vörum, sem skatturinn yrði lægri á. — Þetta vil ég, að n. sú, er málið fær til athugunar, kanni nánar, því að á því veltur fylgi mitt við þennan hluta frv. Eins vildi ég biðja hana um að reikna betur út, hvað þurfa muni til að standa straum af kostnaði þeim, sem aðgerðirnar skv. frv. mundu hafa í för með sér.

Ég skal svo ekki fara miklu meira út í að ræða frv. í einstökum atriðum. Hefur grein verið gerð fyrir málinu af hv. 8. landsk. En ég vildi láta þetta koma fram vegna tekjuöflunarinnar og útreiknings á tekjum og greiðslum skv. frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit við forseta, að hann léti athuga, hvort ekki væri leið til þess að viðkomandi ráðh. væri hér viðstaddur, þegar ég tala, þar sem ég þyrfti m. a. að bera fram við hann fyrirspurn.

Forseti (FJ): Ég skil það vel, að hv. þm. finnist það nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. sé viðstaddur, og mælist eindregið til þess, að hann verði látinn vita af því, ef hann er hér staddur í húsinu.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Vegna þess að ýmsir af þeim, sem hér hafa talað og borið fram fsp., sem mér er ætlað að svara, eru nú ekki mættir, vildi ég gjarnan, að hv. 1. þm. S-M. tali nú, og ég þá ekki fyrr en hann hefur lokið máli sínu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að halda neina langa ræðu, því að bæði ætlaði ég að vera búinn að fá svarað hér ýmsum fsp., sem ég bar fram í dag, áður en ég talaði núna, og svo finn ég mig ekki knúinn til þess að tefja þetta mál um of, og í þriðja lagi er ekki svo bjögulegt um að litast hér í d., að það beint hvetji menn til þess að halda hér langar ræður.

Ég ætla í fám orðum að minnast á það, sem fram kom hjá tveim hæstv. ráðh. við umr. málsins í dag. Það var í fyrsta lagi út af þeim

drætti, sem á því hefur orðið, að hæstv. ríkisstj. legði fram þetta frv. Hæstv. forsrh. færði enn sem fyrr sömu ástæður fyrir þessum drætti og taldi hann í allan máta mjög eðlilegan. Ég skal ekki, þrátt fyrir það að þær ástæður eru ekki gildar, orðlengja það fremur hér, og leiði það því hjá mér. Ég hefði talið það afsakanlegt, þó að þetta hefði dregizt fram yfir nýár fyrir ríkisstj., ef hún hefði þá komið fram með nýjar till. til úrbóta í málinu, en þar sem því er ekki til að dreifa, þá er þetta algerlega óafsakanlegt og hefur, eins og hv. þm. Hafnf. (EmJ) hefur í sinni ræðu réttilega tekið fram, orðið til verulegs tjóns fyrir útveginn og þjóðina alla í heild. Þó að hæstv. forsrh. hafi látið í það skína, að þeir gætu og mundu róa, sem vildu, þó að ekki væri búið að samþykkja lögin, þá veit hann það þó vel, að svo er ekki, heldur eru samtök um það að byrja ekki fyrr en þetta frv. hefur verið samþykkt.

Hæstv. forsrh. sagði það, að ríkisstj. vildi ekki fara uppbótaleiðina, heldur mundi hún boða nýja leið. En ég verð að segja það, að mér finnst það mjög einkennilegt, þegar ekkert bólar á þeirri nýju leið enn sem komið er, og skil ég því ekkert í því, hvað hæstv. forsrh. meinar eiginlega, því að ég get ekki betur séð en að hann vilji einmitt uppbótaleiðina, ef marka má af þessu frv. Það var eitt í þessu sambandi, sem ég gleymdi í dag, og það er, að þegar ríkisstj., sem er óþreytandi að tala um þessa nýju leið, og hæstv. forsrh. segir, að það sé ekki alveg búið að ganga frá till. endanlega, en verið sé í óða önn að ganga frá og útfæra einstök atriði, en það hlýtur þá að vera svo langt á leið komið, að ljóst sé í höfuðdráttum, hver leiðin muni vera, og væri þá mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. skýrði þinginu frá henni í höfuðdráttum. Gæti það haft geysimikla þýðingu fyrir málið, ekki síst þar sem hér er verið að samþykkja fyrir fram varaleið, ef hin skyldi bregðast, en við vitum ekki enn þá, hver aðalleiðin kann að vera. Vildi ég mjög eindregið skora á ríkisstj. að skýra okkur frá því, hver þessi leið í raun og veru er, sem hún þreytist aldrei á að boða, því að það virðist hún svo sannarlega ekki gera. Það er þó ekki hægt að kalla þetta boðskap hjá ríkisstj., því að allt í þeim boðskap er hulið. Þetta vildi ég taka fram sérstaklega, að ríkisstj. gæfi einhverjar upplýsingar um, hver þessi nýja leið hennar er.

Þá vildi ég minnast í örfáum orðum á það, sem hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. sögðu um svo nefndan hrognagjaldeyri eða gotupeninga. Forsrh. sagði, að það væri ekki rétt að fara að vekja neinar deilur um hrognapeningana, og er það fjarri mér að ætla að fara að gera það, eins og ég líka tók fram í dag. En til þess að fá mynd af þessu eins og það á að vera, þá vildi ég gjarnan fá það upplýst, hvernig ríkisstj. hyggst haga sér í þessum málum, hvort hún ætlar sér að draga úr þessum gjaldeyri eða bæta við hann eða halda áfram eftir sömu reglum og settar voru í tíð fyrrv. ríkisstj. Enn fremur vil ég geta þess, að þótt ég hafi ef til vill átt nokkurn þátt í, að þetta komst á, þá benti ég á það, að vafasamt væri, hvort heimildir fyrrv. ríkisstj. til þessara ráðstafana væru í lögum. Hæstv. fjmrh. vísaði þá í gjaldeyrislöggjöfina í því sambandi, en það verður þó að teljast mjög hæpið, því að ef sá skilningur er réttur, þá mætti taka á þann hátt óendanlega marga völuflokka og setja svo ofan á þá skatt til útflytjendanna, en það mun alls ekki hafa vakað fyrir þeim, sem gjaldeyrislögin settu. Hæstv. fjmrh. þótti einkennilegt, að ég skyldi benda á þetta, þar sem ég átti þátt í því, að þessi háttur var upp tekinn, og hélt, að ég vildi nú nema hann úr gildi. En ég er ekki að gera neinar kröfur um, að þetta verði fellt úr gildi í þessu frv., heldur tel ég, að heimildin sé svo hæpin, að ríkisstj. eigi að lýsa því yfir, ef hún ætlaði sér að gera eitthvað frekar í málinu, að hún muni ekki gera neitt nema með ráði og vilja þingsins, því að þegar hrognapeningarnir voru teknir upp, þá var það gert með ráði þingsins, og ég held líka, að það sama hafi verið, þegar við var bætt nokkrum vörutegundum síðar, þá var það allt opinbert. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að halda því áfram að gera þess konar ráðstafanir með ráði þingsins og vitneskju og lýsa því yfir, hvernig fyrirkomulag hún hugsi sér, og ekki hvað síst þegar hæstv. forsrh. hefur gefið það í skyn, að kannske ætti að bæta fleiri vörutegundum við, þó að hann vissi hins vegar ekki, hvaða vörutegundir það ættu að vera. En ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái, að það er algerlega ómögulegt fyrir Alþingi að samþykkja þetta frv. án þess að fá upplýsingar varðandi þetta. Og ef ríkisstj. vill ekki samvinnu við Alþingi, þá verður þingið sjálft að setja ákvæði um þetta í löggjöfina. Um það, hvort rétt er að útgerðin fari þessa braut, lengra eða skemmra, eða einhverja aðra, það er mál, sem þarf að athuga vel og kryfja til mergjar.

Þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði áður í dag, og vona, að hæstv. atvmrh. athugi og skýri frá því, svo að þetta verði gert ljósara fyrir okkur og raunar öllum almenningi, svo að við getum verið á því hreina með, hvaða vörur það séu, sem undir þessi ákvæði eiga að falla, svo að maður heyri ekki alltaf sama tóninn hjá fólki um okurverð á þessum vörum og öðrum, sem það álítur eiga þar undir. Ég vænti þess, að hæstv. atvmrh. komi inn á þetta í ræðu sinni á eftir.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á tekjuöflunaraðferðir þær, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég sagði, að hér væri um 60—80 millj. kr. aukningu pr. anno að ræða, miðað við sama innflutning og s.l. ár, en gerði svo ráð fyrir, að innflutningurinn þyrfti að færast niður, en þetta yrði að minnsta kosti 80 millj., ef hann stæði í stað. En nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst það, að ég hafi alls ekki tekið of djúpt í árinni, því að eins og söluskatturinn er nú ákveðinn, þá er óhugsandi, að þetta komist niður í 60 millj. Eins og vitað er, þá getur innflutningurinn ekki farið niður í 300 millj., þegar innflutningur fyrir Marshallfé er talinn með, en miðað við það lágmark, þá væri söluskatturinn samt miklu meira en 60 millj., ef söluskatturinn er 5-faldaður. En nú er ekki meiningin að 5-falda allan söluskatt, en það breytir þá málinu þannig, að ef miðað er við 300 millj. kr. innflutning og þar af er skatt-

skylt 245 millj., þá verður skattaaukningin samt 60 millj. kr. miðað við þennan lægsta hugsanlega innflutning. Það er því augljóst, að viðbótartekjur verða þarna að minnsta kosti 60 millj., en sennilega eitthvað á milli 60 og 80 millj., en til þess að þær yrðu 60 millj. kr., þá þyrfti að lækka innflutninginn um 100 millj. kr. frá því, sem hann er í ár. Ég er hissa á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki strax hafa gert grein fyrir þessu, en sennilega stafar þetta af því, að hún hefur viljað reikna þetta varlega, og eins vegna villu, sem hefur slæðzt í frv., en hér hlýtur þó að vera um 60—80 millj. álögur að ræða, þrátt fyrir það að sú villa sé leiðrétt. En sem sagt, það hlýtur að vera augljóst, að ég hef tekið of varlega í árinni í dag, því að sú tala var í raun og veru of lág, eins og nú er komið fram.

Þetta var það, sem ég vildi taka fram fyrst og fremst, en ég vil einnig í þessu sambandi leyfa mér að minnast á fyrirspurn, sem ég bar fram í dag og hv. þm. Hafnf. (EmJ) einnig tók undir, hvernig þessi útgjaldahlið í þessu máli er hugsuð, en skal að öðru leyti ekki fara út í það nánar núna, enda tel ég, að það hafi komið nægilega skýrt fram í dag, bæði hjá hv. þm. Hafnf. og mér.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. S-M. (EystJ), þar sem hann skorar á ríkisstj. að gera grein fyrir þeim till., sem hún ætlar að bera fram til þess að leysa þann vanda, sem þjóðin á nú við að stríða, þá vil ég árétta, að það er tæplega eðlilegt, að ríkisstj. skýri frá því meðan það mál er enn í deiglunni. En það er hins vegar um þrjár leiðir að velja. Í fyrsta lagi er það niðurgreiðsluleiðin, í öðru lagi er það verðhjöðnunarleiðin, í þriðja lagi er það gengisfelling. Ríkisstj. hefur ekki farið dult með það, að hún er andvíg niðurgreiðslunum. Þegar sú leið er frá tekin, er því um tvær leiðir að velja. Og ég vil segja hv. 1. þm. S-M. og öðrum það, að ríkisstj. vinnur nú að því með sérfræðingum sínum að gera samanburð á þessum tveimur leiðum, og jafnskjótt sem þessum samanburði er lokið og hann liggur fyrir, þá mun ríkisstj. ekki hika við að bera fram sínar till.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það hafa komið fram ýmsar aths., sem ætla mátti og eðlilegt þykir í sambandi við þetta mál, og að því er snertir fsp. til mín út af einstökum atriðum, þá er mér skylt að leysa úr þeim, eftir því sem efni standa til. Ég held samt, að ég verði sjálfur að koma fram með eina fyrirspurn til hv. 1. þm. S-M., sem fór mörgum orðum um það afskaplega tjón, sem bátaútvegurinn hefði hlotið af því, að þetta frv. var ekki borið fram nokkrum dögum fyrir jól, heldur nú fyrstu dagana í janúar. Ég skil varla, að hv. þm. sé svo ókunnugri vertíðarrekstri en allir aðrir, að hann viti ekki sjálfur, að þetta getur ekki skipt miklu máli. Sannleikurinn er sá, að vertíð hefst ekki í veiðistöðvum hér fyrr en nokkuð er komið fram í janúar, sums staðar talsvert seinna. Hitt veit ég, að undirbúningur undir vertíðina er á ýmsum stigum á leiðinni alla tíð frá haustnóttum, og vitaskuld verður þeim undirbúningi haldið áfram í þetta sinn eins og ávallt áður, án tillits til þess, hvað snemma slíkar till., sem hér eru til umr., væru lagðar fram. Hitt er annað mál, að hefði það dregizt fleiri vikur fram í janúarmánuð, að tekin væri afstaða til þeirra till., sem L.Í.Ú. gengst fyrir fyrir hönd útgerðarmanna, þá mætti fara að tala um, að af því hlytist mikið tjón. Það liggur ekki fyrir að ræða um tjón, og sízt stórtjón, þó að síðasta vika desembermánaðar liði án þess að ábyrgðarfrv. kæmi fram. Ég sé, að hv. 1. þm. S-M. hefur gengið frá, svo að ég get beðið með fyrirspurn þá, sem ég vildi fyrir hann leggja.

Ég vendi þá mínu kvæði í kross og leyfi mér að ávarpa fyrrverandi kollega minn úr fyrrv. ríkisstj., hv. þm. Hafnf. Mér fannst það undarlegt, hvernig hann gat fullyrt það, svona upp úr sér, að ríkisstj. væri með þessu frv. að þrefalda tekjurnar á móts við það, sem fram þyrfti að leggja. Hann endurtók þetta, og ég skrifaði það hjá mér. Þessi fullyrðing er byggð á ákaflega miklum misskilningi, eins og líka fullyrðing hans um, að söluskatturinn, samkv. 21. gr. l., sem um hann gilda, sé skilyrðislaust lagður á allar nauðsynjavörur. Þetta endurtók hv. þm. svo oft, að það var eins og hann vildi hamra þessu inn í þá þm., sem hér voru viðstaddir. Sannleikurinn er sá um söluskattinn, að undanþágur frá honum eru gefnar og auglýstar fyrir langalöngu, í tíð fyrrv. ríkisstj., í Lögbirtingablaðinu. Ég kann þann lista ekki utan að, en fjmrh. hefur haft heimild til þess að gefa víðtækar undanþágur á vissum vörutegundum, eftir því sem þörf krefur. Og þessi heimild var notuð í tíð fyrrv. ríkisstj. þannig, að það er langur listi í Lögbirtingablaðinu yfir vörutegundir, sem undanþegnar hafa verið söluskatti. Þar eru t. d. fóðurvörur og rekstrarvörur ýmiss konar, sem ég man sérstaklega eftir. Þess vegna hef ég, þegar rætt er um söluskattinn, lagt þann skilning í þetta mál, að sama heimild og hefur verið í l. og hefur fylgt ákvæðunum um söluskattinn haldist áfram, þannig að það sé á valdi fjmrh. að verða við sanngjörnum óskum um undanþágur, eins og leitazt var við að gera í tíð fyrrv. stj. Það er þess vegna fjarri því, að sú fullyrðing hv. þm. Hafnf. hafi við rétt rök að styðjast, að söluskatturinn sé undantekningarlaust lagður á allar nauðsynjavörur. Þetta tel ég nauðsynlegt að upplýsa, því að vitanlegt er það, að allir slíkir skattar eru nægilega óvinsælir, ég vil segja hjá þm. og landsfólki öllu, þó að ekki sé verið að gera leik að því að láta þá líta verr út en þeir gera í raun og veru. Þá fullyrti hv. þm. í þessu sambandi, og ber við sinni fyrri staðhæfingu um söluskattinn, að hér væri verið með sama sem 30% gengisfellingu. Það ræður að líkindum, að þegar grundvöllurinn er skakkur, eins og hann var að því er snerti fyrri fullyrðingar þm., þá verður prósentuútreikningurinn a. m. k. vafasamur. Ég skal játa, að ég er ekki sérstaklega flughastur reikningsmaður, og skal láta það liggja milli hluta að gera samanburð á gengislækkun og þessum skatti, og einnig hvað mörg prósent geti verið um að ræða, en ég leyfi mér að vefengja ákaflega mikið þessa fullyrðingu, og sérstaklega slæ ég því föstu, að hún er byggð á

röngum forsendum. En hjá þessum þm. kom líka fram sérstök fullyrðing um það, hve mikið hefði verið kastað til þess höndunum að reikna út þörfina fyrir fjárframlög í þessu skyni. Ég lýsti því upphaflega í stórum dráttum, hvað álitið væri, að til þess þyrfti, og það kemur fram í frv. Hv. þm. Hafnf. fullyrti, að eftir sínum reikningi væri hækkunin, sem hér um ræðir, á ábyrgðarverði og öðru, samkv. þessu frv. skakkt út reiknuð, og taldi, að miðað við afla alls ársins gæti verið um hækkun að ræða, sem gæti numið 16 til 18 millj. kr. Hér ber vissulega mjög mikið á milli, og ef þessir útreikningar þm. væru réttir, væri vissulega til of *mikils mælzt, hvað tekjuöflun snertir.* Nú er það svo, að þessir útreikningar hafa að vísu verið framkvæmdir undir handleiðslu ríkisstj., en þeir eru aðallega framkvæmdir af fiskábyrgðarn., en hún hefur jafnan verið ráðunautur um þessi mál, og hefur með útfærsluna af fiskábyrgðinni að gera síðan hún var sett á stofn. Ég skal nú, til þess að leitast við að skýra þetta mál betur en ég gerði í frumræðu minni, upplýsa, hvernig þetta er reiknað út, samkvæmt þeim plöggum, sem fyrir liggja. Það er reiknað með, að afli bátaflotans til loka febrúarmánaðar geti orðið 23 þús. smálestir, en 86 þús. smálestir frá 1. jan. til 15. maí. Hækkunin á fiskverðinu, sem fyrir liggur í þessu frv., miðað við janúaraflann, svo að við tökum tímabilið janúar—febrúar, mundi nema 2300000 kr. og svo greiðslunni samkv. 5. gr. Hluti af þeim 5 millj. kr., sem áður voru í l., mundi nema 1 millj. kr. á afla þessara tveggja mánaða. Svo kemur hækkun á framleiðslukostnaði freðfisks og óhjákvæmileg breyting á verkun og pökkun á þessar 23 þús. smálestir af hráefni, eða það, sem ætlazt er til að fari í frystihús. Er gert ráð fyrir, að þessi liður hækki um 2870000 kr. yfir þessa tvo mánuði. *(EmJ:* Það er útilokað.) Ég vil nú beiðast þess, að menn telji ekki útilokað það, sem reiknað er út af trúnaðarmönnum ríkisstj., án þess að þeir séu heyrðir og lagðar séu fram allar þær röksemdir og áætlanir, sem þeir hafa með höndum. En ég býst ekki við, að hv. þm. hafi gert sér það ljóst, hvernig ástandið er að því leyti er við kemur pökkun og öðru hjá hraðfrystihúsunum. Ég álít ekki í frumræðu ástæðu til að halda hér langan fyrirlestur um það, en þar um er ákaflega margt að segja. Það er vitanlegt, að undanfarið hefur meginið af hraðfrysta fiskinum verið pakkað í svokallaða 7 lbs. pakka, en í þessari pakkningu er allt það magn fisks, sem fer til Englands, Hollands og Tékkóslóvakíu, og líka það, sem í fyrra var sent til Vestur-Þýzkalands, selt. Sá fiskur, sem seldur hefur verið til Ameríku, og það litla, sem hefur verið selt til Sviss, er ekki pakkað á þennan hátt. Nú er það ljóst, og hefur raunar verið ljóst allt síðasta ár, að hraðfrystihúsin hafa litla von um að selja framleiðslu sína lengur á Mið-Evrópumarkaðinum í þessum umbúðum. Það má segja, að í starfsemi þeirra þurfi að verða bylting, hvað það snertir að ganga frá vörunni. Norðmenn, sem eru þar eins og víðar keppinautar Íslendinga, bjóða vöru sína ekki í þessum stóru og óhentugu pökkum, sem Íslendingar hafa hingað til notað og kaupendur eru mjög ófúsir á að taka við, og hefur það oft komið í ljós, þótt það hafi verið hægt að svæla þessari vöru inn á þá. Þess vegna er nú gert ráð fyrir, að mig minnir, að um 12 þús. tonn verði á þessu ári pökkuð í nýtízku umbúðir, þ. e. a. s. í eins lbs. og tveggja lbs. pakka eða kannske eins lbs. og eins kg pakka. Þetta út af fyrir sig hefur í för með sér ákaflega mikla hækkun á vinnulaunum, burtséð frá þeirri almennu vinnulaunahækkun, sem nú er fyrir dyrum hjá hraðfrystihúsunum, því að það gefur auga leið með það, að það tekur meiri tíma að afgreiða fiskinn eins og nú verður að gera en eins og hingað til hefur verið gert. Og það er *sjáanlegt, að við höldum ekki markaðinum með* því að breyta ekki til. Hér við bætist, að smáir pakkar verða miklu dýrari. Nú er ég ekki kominn til að segja, að hver stafur í útreikningum hraðfrystihúsanna og eins niðurstöðum fiskábyrgðarn., sem fram hefur komið og hér liggur fyrir, sé réttur, en ég fullyrði, að hér sé ekki um neinar stórkostlegar skekkjur að ræða, svo mikið er búið að grandskoða, hver aukakostnaður verður vegna þessarar breyttu meðferðar fisksins. Það er í rauninni ákaflega undarlegt, að þm. hafa ekki gert sér grein fyrir því, þegar þeir hafa verið að gagnrýna þennan skatt, að þessi breyting er nauðsynleg. Og hún er nauðsynleg. Það telja allir umboðsmenn hraðfrystihúsanna og allir aðrir, sem kunnugir eru verzlun, að Íslendingar haldi ekki velli og engin von sé til þess, að þeir haldi velli á þessum mörkuðum, nema breytt sé til um frágang fisksins. Ég vík svo að því aftur, að hækkun sú, sem þessi breytta meðferð fisksins orsakar, mundi á því magni, sem hér er lagt til grundvallar, nema 2870000 kr. Þeir póstar, sem hér hafa verið nefndir, gera þá á það fiskmagn, sem ég hef hér talað um, 6170000 kr. En miðað við ástandið s. l. ár eða samkv. ábyrgðarl., sem þá voru í gildi, hefur ábyrgðin á þessum hluta numið 5400000 kr. Og þegar svo hækkunin kemur til greina, þá verður það, svo framarlega sem um 23 þús. tonn verður að ræða 11570000 kr. sem þetta mundi kosta ríkissjóð. Ef tekið er svo tímabilið janúar—maí eða öll vertíðin, þá verða þessir liðir sem hér segir: Þá er um að ræða 86 þús. tonn. Hækkun á fiskverðinu, 10 aur. á kg á 86 þús. tonn, mundi nema 8600000 kr. Greiðsla samkv. 5. gr. yrði yfir þennan tíma 3500000 kr. Þá kemur sá liður, sem ég hef eytt mestum tíma í að skýra, kostnaðaraukinn vegna hækkunar á framleiðslukostnaði hraðfrystihúsanna og óhjákvæmilegra breytinga á verkun og pökkun hraðfrysta fisksins, en sá liður er 9300000 kr. Þessar tölur gera samtals 21400000 kr., og er þá verið að tala um kostnað vegna hækkaðs hrávöruverðs, aukinna vinnulauna almennt, aukins kostnaðar vegna breytinga á framleiðsluaðferðum hraðfrystihúsanna. Áætlaðar greiðslur á þetta magn, miðað við fiskábyrgðina frá 1949, nema 20200000 kr. Samtals eru þetta 41600000 kr. Það gefur svo auga leið með það, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, fær vissulega tækifæri til þess, bæði hjá fiskábyrgðarn. og öðrum aðilum, sem að þessu hafa unnið, að ganga úr skugga um, hvernig þessir kostnaðarliðir eru reiknaðir út. Ég tel það frekar fánýtt að eyða

miklum tíma í það við 1. umr. málsins að deila um, hvort þetta muni vera rétt út reiknað, vegna þess að ég lít svo á, að villur, sem kynnu þarna að finnast, geti aldrei verið það miklar, að það skipti neinu máli.

Þetta, sem ég hef sagt hér, vildi ég upplýsa, til þess að leggja þetta mál eins greinilega fram og mér er unnt og á hverju eru byggðir þeir kostnaðarliðir frv., sem svo mjög hafa verið vefengdir af einstökum þm. Ég skal bæta því við, vegna þeirrar sérstöku fullyrðingar hv. þm. Hafnf., að hækkunin miðað við allt árið væri að hans dómi réttilega metin á 16 til 18 millj. kr., að ég hef líka útreikning yfir það, byggðan að vísu á sömu forsendum, þar sem sömu kostnaðarliðirnir eru teknir til greina og í þessu frv. Ef miðað er við, að afli alls ársins sé 130 þús. tonn, þá verður 10 aura hækkunin á hvert kg á 130 þús. tonnum 13 millj. kr., og hækkunin samkv. 5. gr. er nærri því 5½ millj. kr. Þá vantar að taka tillit til aukins kostnaðar vegna breyttra pökkunaraðferða hraðfrystihúsanna, og er hann hátt á 14. millj. kr. Málið liggur því þannig fyrir, að í stað þess, að þetta sé hæfilega metið á 16 til 18 millj. kr., eins og hv. þm. Hafnf. hélt fram, þá er nær sanni að segja, að það sé hæfilega metið á 32½ millj. kr., og munar það þá nærri því helmingi frá því, sem rétt áætlun, eftir öllum atvikum að dæma, gefur í skyn, og frá því, sem þessi hv. þm. hefur fullyrt um þetta mál.

Ég hef þá leitazt við með tölum og þeim rökum, sem mér hafa borizt í þinghléinu frá aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og frá trúnaðarmönnum ríkisins, að upplýsa það mál eftir föngum, sem snertir kostnað við fiskábyrgðina og þá hækkun, sem breytt viðhorf hefur í för með sér. Og þar með hef ég hrakið þær fullyrðingar, sem hv. þm. Hafnf. hafði um það atriði, en vitaskuld liggja þessar niðurstöður allar, eins og ég sagði áður, til gagnrýni fyrir fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar. En ég vil a. m. k. samt segja það, að við höfum ekki leitazt við á nokkurn hátt í ríkisstj. að auka vísvitandi á þá kostnaðaráætlun, sem þurfti að gera, eða heimta vísvitandi hærri tekjur en við teljum, að þurfi.

Ég var að segja, í því að hv. 1. þm. S-M. gekk út, að ég vildi í sambandi við fullyrðingu hans um hið mikla tjón, sem hafi hlotizt af því, að málið kemur fram 5. jan., en ekki á Þorláksmessu, leggja þá spurningu fyrir hann, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því undanfarin ár, hvað mikill afli hafi verið kominn á land af bátum 5. janúar. Það væri vissulega þörf á því, ef hann stendur í þeirri meiningu, að á þessu tímabili hafi orðið stórtjón fyrir seinlæti ríkisstj. varðandi fiskábyrgðina. *(EystJ:* Gerir hæstv. ráðh. sér von um, að málið verði afgr. í nótt?) Nei, en hinu vil ég bæta við, að ef hv. þm. lítur svo á, að á þessum dögum hafi yfirleitt orðið tjón af drættinum, þá vænti ég þess, af því að ég veit, að honum er vel við bátaútgerðina og ber hag útgerðarmanna fyrir brjósti, að hann muni vilja aðstoða ríkisstj. í því að draga úr þessu tjóni, sem er ekki nema ímyndað, en gæti orðið tjón, ef langur dráttur yrði á, að málið fengi afgreiðslu. Þess vegna er það rökrétt afleiðing af þeirri hugsun, sem sérstaklega kom fram hjá honum, að aðstoða ríkisstj. í að fá hraðað bráðabirgðalausn málsins, til þess að ekki hljótist tjón fyrir bátaútveginn af drætti á meðferð málsins á Alþingi.

Hv. 1. þm. S-M. spurði mig um það og mjög réttilega, — og ég virði mikils hans innstu hvatir í því efni, að því er snertir að burtnema óorð, sem sumir ætla, að hafi lagzt á bátaútvegsmenn vegna hins svo kallaða frjálsa gjaldeyris, — hv. þm. spurði um það, hvort ég vildi auglýsa, hvaða vörur þeir hefðu mátt kaupa fyrir hina svo kölluðu hrognapeninga og annað, sem féll í það kjölfar. Það er alveg rétt, að þetta sé upplýst, og ég tel það rétt athugað hjá hv. þm., eins og hann kom fram með, að það er til þess, að það sé ekki verið að hampa því í hvert sinn, sem einhver vara er óeðlilega dýr, að kenna það alltaf bátaútvegsmönnum og þeirra frjálsa gjaldeyri. Ég met þetta sjónarmið vissulega og er sömu hugsunar og hann í því efni. Nú er það að vísu svo, að ég hafði persónulega lítil eða engin áhrif á það, hvaða vörur leyfðar voru af innflutningsyfirvöldunum á sínum tíma fyrir þessa svo kölluðu hrognapeninga etc., en ég hef aflað mér upplýsinga, hvaða vörur það eru, og skal upplýsa, hvað það er, eftir upplýsingum, sem ég hef fengið í viðskmrn. Fyrir þennan gjaldeyri má kaupa í fyrsta lagi:

Niðursuðuvörur, gólfteppi, olíukyndingartæki, reiðhjól, snyrtivörur, skjalaskápa, ljósakrónur, þvottavélar, íþróttavörur.

Í 2. flokki eru þessar vörur:

Þakefni, gúmmískófatnaður, gólfdúkar, rörahlutir og rör, tilbúinn fatnaður.

3 flokkur:

Grammófónplötur, vélar til að nota í verksmiðjurekstur, enda séu þær ekki söluhæfar á almennum markaði, ljósmyndavélar.

Þetta fékk ég upplýst að gefnu tilefni hjá viðskmrn.

Ég býst við, að þetta sé hér um bil tæmandi, a. m. k. gat ég ekki komizt eftir, að um fleiri vörur væri að ræða. Það er leiðinlegt, ef allt óorð um dýrar vörur og jafnvel svartamarkaðsverzlun leggst á bátaútvegsmenn. Nú er það vitað, og vil ég gera mitt til þess eins og hv. þm. að hindra, að það verði. En fleiri hafa gjaldeyrisfríðindi, þó að það sé ekki í sama formi og bátaútvegurinn, og þá er eins líklegt, að þær vörur, sem óánægja er út af, hafi getað verið keyptar fyrir þann gjaldeyri, eins og þennan frjálsa gjaldeyri útvegsmanna. Þá hef ég upplýst þetta.

Hinn dýrmæta tíma, sem hv. 1. þm. S-M. talaði um, að farið hefði forgörðum, má mikið stytta, ef nú væri góður vilji að greiða fyrir málefnum útvegsins, og almanakstíminn er ekki svo langt liðinn í mánuðinum, að það þarf ekkert tjón að verða, ef þingið bregður fljótlega við að leysa þessi mál.

Þá spurði hv. 1. þm. S-M., hvaða verð á hraðfrysta fiskinum sé lagt til grundvallar. Ég held það hafi fallið einhver orð um það hjá einhverjum hv. þm., sem vék að, að það mundi vera miðað við verðið 1949, og ég tel, að það muni vera rétt. Fiskábyrgðarn. hefur sjálfsagt ekki getað miðað við neitt eða farið að búa sér til

neitt tilvonandi markaðsverð á þessu ári og hefur miðað sína útreikninga við það, að fiskurinn seldist á svipuðu verði á erlendum markaði eins og s. l. ár, og það er þá svar við þeirri spurningu.

Hv. þm. hélt því fram, eða lét í það skína a. m. k., að hann teldi ekki hægt — hann leiðréttir það þá, ef ég hef misskilið það — að samþykkja það, sem hér liggur fyrir, þessar ráðstafanir til bráðabirgða nema gera um leið margháttaðar aðrar ráðstafanir. Ég verð að segja það, að fyrir þeim mönnum, sem þykir allt of seint ganga með að fá þessi mál fram, þá finnst mér það ekki vera til flýtisauka, ef alþm. gerðu það að skilyrði nú fyrir sömu ráðstöfunum og gerðar voru í fyrra án margháttaðra annarra ráðstafana, að nú ætti ekki málið að fá afgreiðslu nema gerðar væru um leið margháttaðar aðrar ráðstafanir. Og ég vil minna hv. þm. á það, að þegar við vorum að fást hér við sams konar mál s. l. ár rétt fyrir áramótin 1948—49, síðast á árinu 1948, þá var hann með í því eins og ég að gera þessar ráðstafanir, gangast undir fiskábyrgðina af nauðsyn, án þess að hann þá teldi nauðsynlegt, að um leið þyrfti að gera margháttaðar aðrar ráðstafanir. Ég vil aðeins minna á, að þetta væri nýjung, sem ekki væri í samræmi við fyrri afstöðu þm. og síður en svo til þess fallin að flýta fyrir málinu.

Hjá hv. 1. þm. S-M. og ég held líka hjá fyrrv. hæstv. forsrh., hv. 8. landsk., kom, að því er ég skildi það, fram sú skoðun, að ákvæði 12. gr. frv., sem gera ráð fyrir framlengingu til loka vetrarvertíðar, ef ekki hefðu aðrar aðgerðir komið áður, — ég skildi þá þannig, að þeir væru báðir á móti því, að þessi gr. næði lögfestingu. Ég skal strax taka fram út af aths. hv. 8. landsk., að það er ekki aðalatriði í þessu máli, þó að það standi þar í gr. Þetta atriði er auðvitað opið til umr., og má breyta því, ef það þykir sérstaklega hættulegt. En hitt vil ég benda þessum hv. þm. á, að það hefur verið í þeim samtölum, sem ríkisstj. hefur átt við útvegsmenn nú í þinghléinu og fyrir þinghléið, alveg ófrávíkjanleg krafa þeirra, að ábyrgðin yrði framlengd til vetrarvertíðarloka, ef ekki yrðu innan hæfilegs tíma, og þá helzt fyrir 1. marz, komnar aðrar ráðstafanir, sem tryggðu þeirra hlut sæmilega, hvað afkomu snertir. Þetta atriði út af fyrir sig var rætt mjög ýtarlega í þeim viðtölum, sem fram fóru milli okkar og fulltrúa útvegsmanna. Og þeir sögðu, og ég held, að þeir hafi alveg lög að mæla í því efni, að þegar þeir væru að ráða til sín fólk á vertíðinni eða færu að ráða til sín fólk fyrir vertíðina, þá gætu þeir ekki ætlazt til, að nokkur sjómaður vildi ráða sig upp á það að eiga enga atvinnu vísa, þegar febrúar væri liðinn. Að sjálfsögðu yrðu þeir að birgja sig upp að veiðarfærum og beitu og öðrum nauðsynjum allt miðað við rekstur vetrarvertíðar. Og þeir, sem til þekkja, vita, að þetta er satt. Ég hef sjálfur verið lengst af við þennan atvinnuveg riðinn, og ég veit, að þau rök, sem útgerðarmenn færðu fyrir nauðsyn tryggingar til vetrarvertíðarloka, eru rétt. Það er erfitt með nokkurri sanngirni að mótmæla þeim. Ríkisstj. vildi ekki taka á sig þá ábyrgð að skella skolleyrunum við jafnéðlilegum og sjálfsögðum röksemdum útgerðarmanna. Og ég segi það, að ég skil ekki það hlutskipti að hampa ábyrgð framan í útgerðarmenn miðaða við aðeins tvo mánuði af vertíðinni, þannig að engin trygging sé fyrir framhaldi á henni, þegar aðalaflatíminn færi í hönd, en það tel ég að sé, þegar kemur fram í marzmánuð. Ég ímynda mér, að enginn þingmanna vildi verða til þess að haga því svo, því að það mætti ef til vill segja, að með því væru ginningar hafðar í frammi við útgerðarmenn og þá, sem að útgerð standa, sjómenn á bátum o. fl. Ég tel, að það sé ekki hægt að daufheyrast við réttum rökum útgerðarmanna og setja hnefann í borðið nú, hvort sem það væri ríkisstj. eða Alþingi, sem gerði það, og segja: Ábyrgð getið þið fengið í tvo mánuði aðeins, en síðan er ekkert víst, hvað fyrir liggur, og láta þannig hilla undir það, að útgerðarmenn, komnir af stað, verandi að ráða sér fast fólk, hafandi ábyrgð í huga fyrir alla vertíðina, kæmust í þá aðstöðu á miðri vertíð að verða algerlega ofurseldir, ég vil segja náð, bæði ríkisstj. og annarra ráðamanna í landinu. Ég vænti þess vegna einlæglega, að þessir alþm. og aðrir, sem athuga þetta mál, fallist á það, að svo fremi sem ekki er komið annað skipulag á þessa hluti áður en kemur fram í marzmánuð, þá verði fallizt á þá till. ríkisstj., að ábyrgðin haldi áfram, og það undirstrikað með því að samþykkja þær tekjur, sem ríkissjóður nauðsynlega þarf á að halda á einn veg eða annan, sem undir slíkri ábyrgð þarf að standa.

Ég vil í þessu sambandi, þótt það kæmi ekki frá þeim hv. þm., sem ég sérstaklega var að tala við nú, þó að það kæmi frá öðrum, svara um leið þeim aths. hv. þm. Siglf. (ÁkJ), að það væri rangt að láta ekki ábyrgðina þegar í stað gilda fyrir allt árið. Það mál horfir öðruvísi við. Það er ekki komið neitt fram af því, eins og er, að menn fari að útbúa sig fyrir vertíð, sem hefst í maímánuði eða eftir vetrarvertíð, og það er sjálfsagt ekki tilætlunin með þessum l. að gera hlut Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga neitt minni en annarra landsmanna í þessu efni, heldur er þetta einvörðungu byggt á því, að ríkisstj. gæti þess fastlega, að áður en sá tími kemur, verði kominn á annar háttur og hægt verði að sigla fram hjá því að hafa framhaldandi ábyrgð allt árið. Verði það ekki, þá er það auðvitað atriði, sem Alþingi bæði getur og ber skylda til, ef það hefur ekki farið aðra leið, að ganga forsvaranlega frá á góðum tíma, áður en maímánuður kemur.

Þá var af hv. 1. þm. S-M. og eins hv. 8. landsk. vikið að hinum svokallaða frílista. Við hann kann að vera margt að athuga. Fyrsta sporið í því efni var það, að á það var fallizt, sem bæði ég og aðrir sáu á sínum tíma, að það var einasta leiðin til þess að koma í veg fyrir, að verðmæti væri fleygt í sorpið eða hafið, það væri að gefa frjálsan gjaldeyri fyrir þessa vöru. Það voru hrognin. Um nokkurn tíma, áður en þetta var gert, höfðu útgerðarmenn ekki nokkurn áhuga fyrir að hirða hrognin. Það borgaði sig ekki á neinn hátt, verkalaun voru of dýr, og það fékkst of lítið fyrir vöruna. Þá var gripið til þess ráðs, góðu heilli, hygg ég, að þeir, sem

hirtu hrognin, fengju frjálsan þann gjaldeyri, sem fyrir þau kæmi. Þar við hafa síðar bætzt aðrar vörur, og þær voru því aðeins hirðanlegar að dómi útgerðarmanna, að þeir gætu rétt hlut sinn með þessum gjaldeyrisfríðindum í sambandi við þennan frílista. Mér heyrðist og varð þess sérstaklega var í seinni ræðu hv. 1. þm. S-M., að nú væru talsverðar vangaveltur hjá honum og eins hjá hv. 8. landsk. um það, hvað gera beri í þessu efni. Síðast þegar við afgreiddum löggjöf um þetta sama efni, voru þessir hv. þm., sem þá voru í ríkisstj., sammála mér um það, að það yrði að láta eftir kröfum útgerðarmanna að hafa þessi fríðindi, og ég ætla, að hlutur sjómanna hafi talsvert drýgzt við það. Ég tel þess vegna, að út frá því sjónarmiði séð þurfi enginn að harma það, þó að þessi gjaldeyrir hafi verið gefinn frí á þann hátt, sem það var framkvæmt, sem ég tel of langt mál að útskýra hér, en það var framkvæmt undir eftirliti viðskmrn. og viðskiptan. Agnúar þykja á öllu, og eins hafa agnúar einhverjir fylgt þessum ráðstöfunum, en ég tel þó tvímælalaust, að hagnaðurinn hafi orðið meiri fyrir þjóðarbúið. Ég get þó ekki stillt mig um að segja, að ég hef reynslu fyrir því — og á þar ekki við þá þm., sem ég var að svara —, ég hef langa og mikla skemmtilega reynslu af því, að ýmsar n. og ráðamenn í þjóðfélaginu virðast líta svo á, að það sé böl, ef sjómenn eða útgerðarmenn hirða illseljanlega vöru með þeim skilyrðum, að þeir megi fá þennan frjálsa gjaldeyri, sem svo er kallaður. Það hefur kostað mikla baráttu að fá ýmsar af þessum n., sem hér starfa, — það hefur kostað mikið að teygja þær til að framkvæma eða gera þetta mögulegt í framkvæmd. Svona þröngur getur skilningurinn á alþjóðarþörfum og alþjóðarhag stundum orðið og ekki sízt í þjóðfélagi, sem er að verða nærri því yfirskipulagt á ýmsum sviðum, eins og okkar.

Út af þessu sérstaka atriði með frílista handa útgerðarmönnum vil ég benda þm. á það, að þeir hafa fengið þessi réttindi og nutu þeirra á s. l. ári í fullum friði við ríkisstj. og með hennar leyfi. Og fríðindi eru það vissulega þeim til handa. Hvað halda menn eiginlega um bátaútvegsmenn og þá, sem hjá þeim vinna nú á dögum? Við lifum á þeim tímum og erum búnir að gera alllengi núna upp á síðkastið, að það er hver stéttin af annarri að gera kröfur, ekki um það að fá að halda því, sem þær hafa, nei, um það að fá ný fríðindi, nýjar kauphækkanir, meiri frítíma og hvað annað. Eigum við á sama tíma að gera ráð fyrir því, að það sé réttmætt eða sanngjarnt að ætlast til þess, að af sjómönnum og útvegsmönnum séu tekin fríðindi, sem þeir hafa fengið á löglegan hátt? Ég skil ekki í, að hv. þm. séu þeirrar skoðunar, og ég teldi að það væri eftir atvikum, þegar allt viðhorf er tekið með í reikninginn að öðru leyti, allt viðhorfið gagnvart því, hvað hægt er að gera fyrir þennan atvinnuveg, að það væri mjög skakkt spor að taka af þessum atvinnuvegi þau litlu fríðindi, sem hann kann að hafa notið í gegnum þennan frílista? Mér er ekki nein launung á því, að ég hef látið í það skína í viðræðum við þessa menn, að ég teldi víst, að það mundi verða litið svo á, að þessi fríðindi yrðu ekki af þeim tekin. Þessir menn eiga náttúrlega vissar óskir um aukin fríðindi á þessu sviði, og skal ég ekki um það segja, hvað rétt er að gera í því efni, og vil ekki gera mig að dómara í því efni á þessu stigi málsins, en ég vil segja, að það væri mjög ósanngjarnt og óhyggilegt að svipta þennan atvinnuveg þeim stuðningi, sem hann hefur gegnum hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri og, hvað sem um hann má segja að öðru leyti, virðist þó ekki kosta nein framlög úr ríkissjóði.

Ég held, að ég hafi þá komið inn á þær beinu spurningar, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) lagði fyrir mig, og að öðru leyti tekið til umræðu það, sem mér virtist þurfa að svara í tilefni af ræðu hans. En út í hin hreinpólitísku sjónarmið, eða þann part ræðu hans, sem var miðaður við kosningar og pólitík, hirði ég ekki um að fara, enda hefur hæstv. forsrh. talað um það.

Ég held að það atriði, hvað bæði hv. 1. þm. S-M. og, að ég hygg, einnig hv. þm. Hafnf. (EmJ) mikla fyrir sér, hvað tekjur af söluskattinum geti orðið, þurfi athugunar og endurskoðunar við. Ég ætla ekki að gizka á neinar tölur, enda fánýtt, því að fjhn. fær sjálfsagt tækifæri til þess við meðferð málsins að endurskoða og gagnrýna það, sem haldið er fram af stjórninni, sem hér leggur málið fram.

Ræða hv. þm. Siglf. (ÁkJ) var þannig löguð og hann kom svo víða við, að ég held, að ekki sé þörf á að eltast við allar hans mörgu kenningar og fullyrðingar í sambandi við þetta mál. Hann kom með svo einstaklega margt, sá þm., eins og hans er venja, sem ekki kemur málinu við. Þó finnst mér rétt að nota þetta tækifæri til þess að bera hönd fyrir höfuð einnar stofnunar hér á landi, sem þm. Siglf. lagði sérstaklega undir hnífinn, og taldi hana hættulega og skaðlega fyrir útveginn og ég held jafnvel fyrir þjóðina, þ. e. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. Ég veit það, að sölusambandið er ekki búið til af pólitískum ástæðum. Sölusambandið er upphaflega stofnað til þess að vera sjálfsvörn fyrir framleiðendur á saltfiski í þessu landi, sjálfsvörn gegn markaðstjóni og því verðfalli, sem fyrir allmörgum árum var hér að færast yfir þessa atvinnugrein út af óhyggilegri samkeppni ýmissa aðila, innlendra og útlendra, sem höfðu afskipti af saltfisksölunni. Það var oft boðið sama firmanu eða sama manninum erlendis frá tveimur aðilum, menn undirbuðu hver annan og framboðin komu þannig fram, að þar sem kaupandinn gat álitið, að um 1000 tonn væri að ræða, gat það verið helmingi minna magn, eins og oft á sér stað, þegar eftirlitslaust er barizt um sölumarkað. Ég var sjálfur áratugum saman búinn að starfa í samtökum útvegsmanna að saltfisksölu á þrengra sviði, í fisksölusamlagi, sem voru til allvíða, sérstaklega á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum, og við vissum það, sem þá áttum allt okkar undir því, hvernig varan seldist, hvaða erfiðleikar voru bakaðir saltfisksölunni út af samvizkulausum tilboðum, stundum frá mönnum, sem engan saltfisk áttu. Við reyndum að sameina saltfisksamlögin, en það mistókst, þar til bankarnir sáu fram á þau vandræði og það tjón, sem þetta

bakaði atvinnugreininni, og gengu í fararbroddi að stofna þessi allsherjarsamtök, Sölusamband íslenzkra saltfiskframleiðenda. En sömu ástæður, sem lágu til grundvallar fyrir þessu, lágu líka til grundvallar fyrir því, þegar Alþ. stofnaði síldarútvegsnefnd. Munurinn er aðeins sá, að Alþ. hefur aldrei haft afskipti af þessum samtökum saltfiskeigenda, sem ég nú lýsti. Það er rangt, að hér sé um nokkur stórgróðasamtök að ræða. Þetta samlag er samlag, sem allir saltfiskframleiðendur í landinu eru þátttakendur í. Það starfar undir fullkomnu lýðræðisfyrirkomulagi, heldur sinn árlega aðalfund og safnar ekki í neinar kornhlöður, heldur fá útvegsmenn reikninga sína útborgaða eins og lög standa til. Ég veit, að þessi stofnun hefur orðið fyrir miklu ámæli í sambandi við kosningarnar s. l. haust, en ég vil mótmæla því, að sá áróður hafi haft við rök að styðjast, og tel ég ekki til framdráttar fyrir íslenzkan útveg að rýra gildi þessara samtaka saltfiskframleiðenda, sem aðeins gæti orðið til framdráttar niðurrifsstefnu hv. þm. Siglf. og annarra kommúnista. Það er eins og þeir megi hvergi sjá græna grein, því að þá telja þeir rétt að ráðast á þessi samtök.

Allur hugarburður hv. þm. Siglf. ýmist um markaðstap eða annað af völdum fyrrv. og núv. ríkisstj. er fleipur eitt og staðleysustafir. Það hefur sannarlega verið reynt að verzla við þessi lönd austan járntjaldsins eins og hægt hefur verið, og það hefur ekki staðið á Íslendingum. Og þegar hv. þm. talar um ómakleg orð ráðh. í garð Sovétríkjanna eða Stalíns, frábið ég mér slíkar athugasemdir, þar sem ég hef aldrei lagt slíka stjórn í einelti með skömmum. En hv. þm. Siglf. og flokksbræður hans hafa hvað eftir annað á Alþ. níst niður viðskiptaþjóðir Íslendinga á hinn herfilegasta hátt og kallað samningana við Stóra-Bretland skemmdarsamninga, þó að Bretar hafi reynzt Íslendingum hinir tryggustu og beztu viðskiptavinir á öllum sviðum.

Eiginlega var það ágætt, að hv. þm. Siglf. klykkti út í síðustu ræðu sinni með þessu kjörorði kommúnista, sem alls staðar heyrist, hvort heldur er verið að ræða um fjárlög eða annað í þessu þingi, að hafa ábyrgðarverðið sem allra hæst, en segja líka, að það væri mjög slæmt að leggja nokkra skatta á til þess að standa við það verk. Þetta er hin venjulega kenning þessa hv. þm., það að lofa öllu, en hafa hvergi grundvöll til þess að geta staðið við loforðin.

Mér hefur fundizt í þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, gæta allmikils misskilnings í garð útgerðarmanna, bæði að því er snertir fríðindi þeirra og kröfur um hækkað ábyrgðarverð. Það er a. m. k. rétt að taka fram, að allt þetta getur átt rót sína að rekja til þess, að menn hafa ekki nægilega komizt inn í sama andrúmsloft að því er snertir þarfir útgerðarinnar eins og þeir, sem hafa staðið í viðtölum við útgerðarmenn undanfarið, og sé það af svipuðum orsökum sprottið, að þm. munu yfirleitt ekki hafa getað gert sér grein fyrir því út af fyrir sig, að hraðfrysti fiskurinn þarf að vera í allt öðrum, betri og glæsilegri umbúðum á erlendum markaði en við höfum hingað til boðið hann fram, en það hefur mikinn kostnað í för með sér. Ég vil þess vegna vona, að við nánari athugun þessa máls fallist þm. á það að greiða nú fyrir bátaútveginum, svo að þetta mál fái sem bráðast sína lausn, og að það sé gert þann veg, að þeir, sem nú ganga til verks á bátaflotanum við strendur landsins, hafi það öryggi, sem ég fyrir mitt leyti tel, að þeir eigi kröfu á að fá, og þeir gerðu á sínum tíma að ófrávíkjanlegri kröfu í viðtali við ríkisstj., að séð verði fyrir því, að hægt verði að halda því, sem hér verður á fallizt, í fullum gangi til vertíðarloka, hvað sem verður borið fram síðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla að verða mjög stuttorður, þótt atvmrh. hafi nú raunar gefið tilefni til lengri ræðu en ég ætlaði að halda. Bæði er það, að hv. þm. Siglf. hefur ýtarlega rakið afstöðu okkar sósíalista til þessa máls, og auk þess fer það til n., sem ég á sæti í, og mun ég þar fá tækifæri til að fá ýtarlegri upplýsingar en nú liggja fyrir. Nokkur atriði eru það þó, nokkrar spurningar, sem ég vildi beina til atvmrh., og mun þó reyna að stytta mál mitt, því að það er ekki tilgangur okkar að tefja þetta mál.

Það er þá í fyrsta lagi viðvíkjandi því spursmáli, sem ýmsir hafa komið inn á, hvort það sé tap á útgerðinni á Íslandi. Ég held, að það sé ákaflega rangt að líta svo á, að svo sé. Við getum stillt spursmálinu þannig, hvort það sé tap á gjaldeyrisframleiðslu Íslendinga, hvort það sé tap fyrir þjóðina að vera að framleiða gjaldeyri, því að ef við ætlum að leggja fram lausn á þessu máli, verðum við fyrst að stilla spurningunni rétt upp. Mitt álit er, að það sé stórgróði á gjaldeyrisframleiðslu Íslendinga. En þessi gróði fer á ýmsa staði aðra en til þeirra, sem bera ábyrgð á rekstri útgerðarinnar. Það er verzlunin, sem sogar í sig gjaldeyri frá útgerðinni, og bankarnir, sem verzla með gjaldeyri og lána út fé til þess að hagnýta gjaldeyrinn, hafa á sama tíma og talið er, að útgerðin tapi, þá halda þeir um 30 millj. kr. gróða. Það er gróði, sem fyrst og fremst og að mestu leyti stafar af gjaldeyrisframleiðslu. Þessar 30 millj., sem eru hreinn gróði bankanna á s. l. ári og mörgum undanförnum árum, er gróði, sem er þannig að miklu leyti tekinn frá útgerðinni. Sömuleiðis er svo og svo mikið af þeim gróða, sem verzlunarauðmagnið í landinu fær, gróði af útgerðinni. Þá er líka mikið af útgjöldunum í sambandi við skrifstofubákn ríkisins tekið af útgerðinni. Þetta þarf að gera sér ljóst, þegar við ætlum að skapa jafnvægi í þjóðfélaginu. Hvernig ætti þá að kippa þessu í lag? Í kapítalistisku þjóðfélagi, þar sem gróðinn við reksturinn er hvötin, sem rekur atvinnurekandann til þess að reka þennan atvinnuveg, er ekki hægt að halda þessum atvinnuvegi gangandi án þess að gróði sé á honum. Þegar þjóðfélagið ætlar að ráðstafa, hvar gróði skuli vera og hvar ekki, þarf að koma því þannig fyrir, að gróði sé á þeim hlutum, sem þarf að reka, og við erum sammála um, að það þarf að vera gróði á útgerðinni. Ef við álítum, að við höfum ekki efni á því að láta reka verzlunina með gróða, verðum við að taka hana sömu tökum og við tókum t. d. símaþjónustuna og hafnargerðir, þ. e. að þjóðnýta hana,

svo að engir gróðamöguleikar séu þar. Ef við ætlum að sjá til þess, að útgerðin gangi, þá verður að taka mikið af þeim gróða, sem fer til bankanna, og veita til útgerðarinnar. Við getum gert það með ýmsu móti. Það er hægt að gera það með þjóðnýtingu, en ef við ætlum að lækna þetta mein, verðum við að gera okkur ljóst, hvernig í því liggur og hvernig á að skera meinsemdina.

Í öðru lagi vildi ég vekja athygli á því, að tilgangurinn með þessu frv. er sá, að því er 1. gr. snertir, eins og alltaf hefur verið með fiskábyrgðarl., að tryggja atvinnu og tryggja framleiðsluna. Við verðum að sjá til þess, þegar við ræðum um þessa hluti, að við göngum þannig frá þessu, ef það varðar miklar álögur á þjóðina, að það komi að fullum notum. Ráðstafanir verður að gera til þess að þjóðin fái meiri framleiðslu og aukinn gjaldeyri, en það er langt frá því, að það sé gert með þessu frv. T. d. er alveg óþolandi, að gömlu togararnir liggi bundnir við bryggju, þegar við erum í slíkum gjaldeyrisvandræðum sem nú, og það er hægt að bæta úr þessu með því að láta bæjarfélögin reka togarana og leyfa þeim að ráðstafa gjaldeyrinum. Þannig skapaðist stórkostlega aukinn gjaldeyrir fyrir þjóðina. En svo er það eitt atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. atvmrh. um. Það er í sambandi við þá ábyrgð, sem ríkissjóður ætlar að taka á sig, og viljum við þm. fá að vita í fyrsta lagi, hvort ábyrgðin muni koma sjávarútveginum að gagni, og í öðru lagi, hvort þjóðfélagið geti staðið undir henni, og enn fremur langar mig til þess að fá upplýst, hvort fiskábyrgðin er slík, að bankarnir í krafti hennar áliti sér fært að veita útgerðarmönnum og hraðfrystihúsum lán, sem þeim eru nauðsynleg. Það hefur einmitt verið gildi fiskábyrgðarinnar, að bankarnir hafa séð sér fært hennar vegna að lána til sjávarútvegsins, en þó hafa orðið misfellur á því. Bankarnir hafa það alveg í hendi sinni, hvort þeir veita þessi lán, og ég hef stundum orðið var við, að þeir hafa stöðvað hraðfrystihúsin og sagt: Við getum ekki lánað út á ykkar fisk, því að við erum ekki öruggir um söluna á honum. — Sem sagt, bankarnir hafa ekki tekið ríkisábyrgðina á fiskverðinu sem fulla tryggingu og vilja vita það með fullri vissu, hvort fiskurinn selst. Því er viðbúið, að bankarnir segi nú: Við vitum ekki, hvernig gengur með söluna á fiskinum, þótt ríkissjóður hafi tekið ábyrgð á verðinu, og þið skuldið okkur svo mikið, að við sjáum okkur ekki fært að veita ykkur lán. — Það getur því hæglega komið fyrir, að bankarnir geri ekki mikið með ríkisábyrgðina, ef sala á okkar afurðum er í óvissu. Ég vil þess vegna fá að vita, hvort bankarnir hafa tekið á sig almennar skuldbindingar um að veita lán til útgerðarinnar, eða hvort við megum búast við því, að þeir stöðvi bátana og hraðfrystihúsin þrátt fyrir ríkisábyrgðina. Þetta er ákaflega alvarlegt mál, því að ef bankarnir beittu þessari aðferð, þá er þessi fiskábyrgð gagnslaus og útgerðin stöðvast, en slíkt ástand veit ég, að enginn hv. þm. vill eiga þátt í að skapa. Þess vegna er það ekki aðeins Alþingis, heldur og Landsbankans, að taka þessa ábyrgð á sínar herðar, og það er skylda bankans að taka þessa ríkisábyrgð gilda án tillits til markaðsspursmála. Ef slíkt er ekki fyrir hendi, þá þurfum við að gera okkur ýtarlegri grein fyrir útlitinu í markaðsmálum okkar og þá sérstaklega hvað snertir ísfiskinn. Freðfiskframleiðslan var komin upp í 75 millj. kr. í októberlok og er þar með langstærsti hluti útflutnings okkar. Salan á honum er því þýðingarmesti þáttur útflutningsverzlunarinnar, og hvernig var sú sala á s. l. ári? Mig minnir, að Þýzkalandsmarkaðurinn hafi verið aðalbjörgunin, þannig að Marshallfé var fengið og kallað andvirði fisksins. Í stað gjafa og lána, sem við gátum fengið, borguðum við Marshallféð með þessum fiski. Þetta þýðir náttúrlega sama og gefa fiskinn. Varðandi England þá er það vitað, að enska ríkisstj. kaupir ekki fisk í ár, og eru þannig tveir stærstu ísfiskmarkaðir okkar í óvissu, og er þá ekki óeðlilegt, að þm. vilji fá að vita, hvað hæstv. ríkisstj. meinar um horfurnar í markaðsmálunum. Hæstv. atvmrh. sagði, að þegar enska ríkisstj. hætti að kaupa fiskinn, þá væri þar með frjáls verzlun á fiski í Englandi. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur sagt þetta af vanþekkingu eða ekki, en ég veit ekki til þess, að til sé frjáls freðfiskverzlun í Englandi. Ég held, að fyrirtæki þau, sem fengizt hafa við fiskverzlun í Englandi s. l. 3 ár, hafi verið keypt upp af feitmetishringnum Unilever, sem stjórnar nú allri fisksölu í Englandi og hefur keypt allan fiskinn, sem enska stjórnin hefur keypt af okkur. Unilever ræður alveg yfir fiskverðinu í Englandi, svo að þar er freðfisksalan einokuð sem mest má verða og ekki um neina frjálsa verzlun að ræða, og skil ég ekki, hvers vegna ráðamenn hér á landi dylja þjóðina þessa. En þetta er staðreynd, að við erum alveg upp á þennan hring komnir, en hann tekur mun minna tillit til sjónarmiða okkar en enska stjórnin gerði, meðan hún keypti af okkur fiskinn. Mér finnst því nauðsynlegt, að einhverjar upplýsingar fáist um horfur á sölu freðfisksins. Ég heimta þær ekki nú á stundinni, en óhjákvæmilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, fái gagngerðar upplýsingar um þetta efni. Það er jú bókstaflega þannig, að ef við erum ekki öruggir með freðfiskmarkaðinn, þá erum við með samþykkt þessa frv. að stofna til ríkisgjaldþrots, ef freðfiskframleiðslan selst ekki. Því þarf n. að fá um þetta gagngerðar upplýsingar.

Hæstv. atvmrh. minntist á markaðsmálin viðvíkjandi okkar viðskiptapólitík. Ég er þess alveg reiðubúinn að ræða þessi mál, ef hæstv. ráðh. væri viðstaddur, en býst við að geyma mér það til 2. umr., ef hann skyldi verða við þá. Það er hægt að gefa upplýsingar um ónotaða möguleika í markaðsmálunum, og það er alveg óþarfi, þegar við fáum spark frá Bretum, að vera að útbásúna þá sem tryggustu og beztu viðskiptavini okkar. Þeir hafa arðrænt okkur og tekið með hervaldi okkar vörur fyrir smánarverð, svo að það er lítil ástæða til að vera að flytja þeim sérstök þakkarávörp.

Ráðh. hæstv. minntist einnig á S.Í.F. og rakti sögu þess. Ég er nú hræddur um, ef við ættum að ræða það mál, að þá kæmist málið ekki til n. fyrstu vikurnar, ef ég færi að ræða það allt

saman, t. d. þegar brbl. voru sett rétt eftir þinglokin 1935 og Haraldur Guðmundsson, núv. hv. 4. þm. Reykv., var kúgaður til hlýðni við Kveldúlf og Alliance. Ef ég ætti enn fremur að ræða það, þegar S.Í.F. er notað til þess að halda niðri verði á íslenzka fiskinum, þá veit ég ekki, hvar við lentum með þessa umr.

Út af ummælum hæstv. ráðh. um það, að við sósíalistar værum svo ósvífnir, að við vildum samþykkja ríkisábyrgðina, en ekki skattana til þess að afla tekna á móti, þá vil ég minna á, að hér var samþykkt fyrir jólin þáltill., sem felur í sér tugmilljónaútgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að nokkurra tekna væri aflað á móti. Hverjir fluttu þá till. og samþykktu? Voru það ekki meðal annarra sjálfstæðismenn? Væri ekki með því að samþykkja ábyrgðina, en ekki skattana, verið að fara troðnar slóðir Sjálfstfl.? Og það verð ég að segja, að álögur þær, sem frv. felur í sér, eru ósvífnar. Ekki eingöngu vegna þess, hve þungt þær koma niður á alþýðu manna, heldur og vegna þess, að þær miða einnig að því að auka dýrtíðina í landinu og stefna yfirleitt í hreinan voða. Ef við ættum að hafa nokkurt réttlæti í þessum málum, þá verðum við að taka það fé, sem vantar, fyrst og fremst af heildsölunum og bönkunum. Við verðum að þora að skera niður gróðamöguleika verzlunarinnar, skrifstofubákn ríkisins og óhófsgróða bankanna. Hins vegar er alveg óréttmætt að ásaka okkur sósíalista fyrir það, að við höfum ekki bent á tekjulindir. Við fluttum 1947 hér á Alþingi frv. í 8 köflum um þessi mál. Við höfum lagt fram till. um að taka peningana hjá þeim, sem geta látið þá í té, og að ríkið einoki fyrir sig gróðamöguleikana í þjóðfélaginu, og við erum reiðubúnir hvenær sem er með till. um slíkt. Hins vegar voru till. okkar felldar 1947, því að hér á Alþingi var ekki fyrir hendi meiri hluti, sem vildi láta verzlunarauðmagninu blæða fyrir töp sjávarútvegsins. Við höfum því bent á tekjuleiðir, og við mótmælum síðustu greinum þessa frv., af því að við álítum þær álögur, sem þar felast, óréttmætar og við viljum ekki láta meiri hluta Alþingis sleppa við að leysa þessi mál, vandamál sjávarútvegsins, á kostnað þeirra, sem á sjávarútveginum græða. Það er hins vegar eðlilegt, að Sjálfstfl., flokkur auðmannanna, reyni að leysa þessi mál á kostnað alþýðunnar, en það er það, sem Alþingi má ekki láta ske. Ég vona svo að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um það, sem ég gat um áðan, hvort sem það verður nú eða við 2. umr.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sagði áðan, um það bil sem hann taldi sig hafa leiðrétt nokkrar tölur úr minni ræðu, að það væri fánýtt að ræða þetta nú, því að hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, mundi athuga þessa útreikninga, og væri því tilgangslaust að ræða þetta nú, og get ég raunar fallizt á þetta sjónarmið, en ég get ekki stillt mig um að gera nokkrar aths. við leiðréttingar hans á orðum mínum.

Það, sem ég gerði, var að draga fram, hve fiskábyrgðin yrði mikil og hins vegar, hver tekjuaukning ríkissjóðs samkv. frv. yrði til að mæta þessari ábyrgð, og skýrði ég frá, hvernig ég hefði komizt að niðurstöðum mínum. Ég gerði ráð fyrir, að fiskframleiðslan yrði 130 þús. tonn, og nú hækkar ábyrgðarverðið um 10 aura pr. kg., þannig að hækkun ábyrgðarverðsins til bátaflotans verður um 13 millj. kr., en hækkunin til hraðfrystihúsanna verður um 5 millj. kr., svo að alls mun hækkunin nema ca. 18 millj. kr. Má vera, að hér sé aðeins of lítið í lagt, en ég get ekki reiknað þetta öðruvísi. Ég gerði ráð fyrir því, að magnið, sem hraðfrystihúsin mundu koma til með að frysta, væri 30 þúsund tonn. Hækkunin til þeirra nemur 20 aurum pr. enskt pund. Það þýðir, að ef framleiðslan er 66 þús. pund, þá hækkar ábyrgðin til hraðfrystihúsanna um 13,2 millj., og að viðbættri ábyrgð á saltfiskframleiðsluna yrði hækkunin þá um 19 millj. kr. í stað 18 millj. kr., sem ég fékk út með hinni aðferðinni. Þetta er ekki hægt að vefengja. Hæstv. ráðh. bar hér allt annað saman, t. d. 5 millj. kr., sem greiddar voru s. l. ár, og þá hækkun, sem breyting á pökkunaraðferðum veldur, en það er ekki hækkun, sem stafar af hærra ábyrgðarverði. Það, sem ég ber saman, er hækkunin á ábyrgðarverðinu annars vegar og tekjur ríkissjóðs vegna frv. hins vegar, og er annað þrisvar sinnum hærra en hitt. Ráðherrann komst að þeirri niðurstöðu, að hækkunin á ábyrgðarverðinu í allt verði 32,5 millj. kr., og er frá því er dregið 5 millj. kr. samkv. 5. gr. og hækkunin, sem stafar af breyttum pökkunaraðferðum, sé ég ekki annað en okkur fari að bera saman, Svo að þetta ber allt að sama brunni. Hækkunin á tekjuskattinum eftir frv. er þriðjungi hærri en þörf er eftir ábyrgðarverðinu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að fullyrðing mín um, að þessi tekjuöflun væri algerlega hliðstæð gengislækkun, væri röng, og vildi rökstyðja það með því, að ýmsar vörur mundu verða undanþegnar söluskattinum. Það getur vel verið, að ráðh. hugsi sér slíkar breyt. á frv. í framkvæmd, en þar sem ég hafði ekki annað að álykta eftir en frv. sjálft, þá gat ég ekki gert ráð fyrir slíkum breyt., því að í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir 30% söluskatti af allri innfluttri vöru. Í aths. við 14. gr. er að vísu getið um þær undanþágur, sem gerðar voru frá söluskatti í 23. gr. l. 100/1948, og jafnvel gert ráð fyrir, að söluskattur verði ekki reiknaður af þeim. En þrátt fyrir það er ég þeirrar skoðunar, að þessi mikli söluskattur verki eins og gengislækkun, því að hann skal innheimtur af flestöllum nauðsynjum fólks og þar af leiðandi enginn, sem losnar við hann. Þessi aðferð er verulega frábrugðin þeirri, sem farin var á síðasta ári, því að þá var aðeins um 6% söluskatt að ræða, en hins vegar lagður hærri skattur á þær vörur, sem almenningur gat verið án. Hér er ekkert um það skeytt, á hverjum skattarnir lenda, heldur lagður jafn skattur á þær vörur, sem enginn getur án verið, og hinar, sem aðeins hinir efnaðri borgarar geta veitt sér. Augljóst er, að slík aðferð getur ekki verið réttlát.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þetta mál en orðið er, enda hefur það þegar verið gert allrækilega. En mér fannst ég ekki geta látið vera að minnast á ræðu hæstv. ráðh. og mótmæla staðhæfingum hans í sambandi við

það, sem ég sagði áðan um tekjuöflunina í sambandi við hækkunina á ábyrgðarverðinu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við aths. hæstv. ráðh. — Hann taldi engan skaða skeðan, þó að þetta frv. kæmi ekki fram fyrr en í dag, því að vertíð væri ekki hafin hvort sem væri, og auk þess hefði ekkert fiskazt þessa fyrstu daga í janúar. Þetta tel ég ekki rétt hjá hæstv. ráðh. og hef það fyrir satt, að vertíð byrji um áramót. Hitt er rétt, að vegna seinagangs og óánægju í sambandi við þessi mál undanfarið hefur lítið orðið úr veiði í janúar. En það á ekki að vera til eftirbreytni, heldur til viðvörunar. Það kostar líka tólfunum nú, því að oftast hafa einhverjar ráðstafanir verið gerðar fyrir áramót, en nú er kominn 5. jan., þegar frv. um þetta efni er lagt fram, og sjá allir, að það hlýtur að taka nokkra daga að afgreiða það í Alþingi, enda þótt það verði kannske samþykkt, og hljóta því allir að sjá, að í hreint óefni er komið, og er það fyrst og fremst sleifarlagi ríkisstj. að kenna. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að vísu, að nauðsyn væri að hraða málinu, og beindi því til mín sérstaklega. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég hef ekki tafið þetta mál með óeðlilega löngum ræðum. Hins vegar hefur hann sjálfur verið mjög langorður og talað mörgum sinnum lengri tíma en ég. Það er því sízt hans að ásaka mig fyrir að tefja málið. Annars ætla ég ekki að fara frekar út í það atriði.

Hæstv. ráðh. minntist á, að ég væri að telja eftir þau fríðindi, sem útgerðarmenn hefðu fengið í sambandi við frjálsan gjaldeyri. Þetta er alls ekki rétt. Það er fjarri lagi, að ég hafi talið það eftir. Hitt tók ég fram, að rétt væri að upplýsa, hvaða vörur það væru, sem útgerðarmönnum væri heimilt að leggja á í sambandi við þennan frjálsa gjaldeyri. Ég vil benda ráðh. á, að þetta tók ég fram vegna þess, að útgerðarmenn hafa kvartað undan því við mig, að það væri sífellt nudd um það, að óeðlileg viðskipti færu fram í sambandi við þennan gjaldeyri. Til þess að koma í veg fyrir þennan áróður tel ég heppilegt að gefa nákvæma skýrslu yfir þessar vörur og greina þar rækilega á milli flokka, svo að ekki gæti verið um nein óhrein viðskipti að ræða. Þá hefðu útgerðarmenn hreinan skjöld, og aðrir gætu ekki notað þessi hlunnindi útgerðarmanna sem skálkaskjól fyrir svartamarkaðsbraski og gjaldeyrissvindli.

Þá sagði hæstv. ráðh., að afstaða mín til þessa máls væri í ósamræmi við afstöðu mína í fyrra, því að þá hefði ég fylgt sams konar máli. Ég vil í því sambandi benda hæstv. ráðh. á, að það er dálítið annað að sætta sig við 6% söluskatt eða 30%, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og þar af leiðandi er þetta frv. algerlega ósamanberandi við dýrtíðarfrv. í fyrra.

Ég man ekki eftir fleiru, sem ég tel sérstaklega þörf á að ræða í sambandi við það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., og skal því láta staðar numið.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram, að ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. á þessu stigi málsins. Hæstv. ráðh. hefur reynt að bera á móti þeirri gagnrýni, sem ég bar fram í sambandi við frv. í minni fyrri ræðu, einkum varðandi það, hversu tekjuáætlunin væri allt of há miðað við ábyrgðarverðið. En þetta hefur algerlega mistekizt hjá hæstv. ráðh., því að í stað þess að hnekkja gagnrýni minni hefur ráðh. upplýst, hversu illa þetta frv. er undirbúið og hversu óljóst það liggur fyrir honum sjálfum. Það hefur greinilega komið fram, að ríkisstj. telur sig þurfa 48 millj. til þess að standast kostnaðinn af fiskábyrgðinni til 15. maí, en til þess að mæta þessum kostnaði hugsar hún sér, eftir frv., að leggja á söluskatt, sem nemur 60—70 millj. Afsökun hæstv. ráðh. á þessu ósamræmi er sú, að hér sé um prentvillu að ræða. Hins vegar er það harla nýstárlegt, ef heilar setningar eru ein prentvilla. Auk þessa eru svo þessar áætlanir ríkisstj. rangar, eins og ég drap á í minni fyrri ræðu. — Hæstv. ráðh. minntist á dýrari pakkningar á útfluttum fiski. Það getur vel verið, að þær séu nauðsynlegar, en það liggur heldur ekkert fyrir á móti því, að hægt sé að fá hærra verð fyrir vöruna í slíkum pakkningum, og tel ég það einmitt mjög sennilegt, og mun ég því geyma frekari umr. um það, auk þess sem ég hef áður drepið á, þar til málið hefur verið athugað í fjhn.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði viljað hækka fiskábyrgðina, en fella niður tekjustofna til að mæta henni. Ég hef ekki borið fram neinar till. né kröfur um það efni, enda ekki séð þá reikninga, sem útvegsmenn byggja á kröfur sínar eða þær niðurstöður, sem leiddu til þess verðs, sem ríkisstj. leggur til grundvallar í till. sínum, og get þar af leiðandi ekki dæmt um það mál á þessu stigi. Ég vissi, að útvegsmenn gerðu kröfu til að fá kr. 1,04 fyrir hvert kg af nýjum fiski, og var mér strax ljóst, að sú krafa var allt of há, miðað við ábyrgðarverðið í fyrra. En það, sem ég benti á í ræðu minni og ráðh. virðist hafa misskilið, var það, að úr því að ríkissjóður tæki að sér að ábyrgjast verð á útflutningsvöru sjávarútvegsins til þess að tryggja rekstur hans, þá væri nauðsynlegt að hafa verðið það hátt, að þessi atvinnuvegur yrði starfhæfur af fullum krafti. Um tekjuöflunarleiðina hef ég rætt ýtarlega og vil endurtaka, að Sósfl. er andvígur auknum tollum og nefsköttum, vegna þess að þeir hafa þann stóra ókost að auka dýrtíðina og gera vandamálin margfalt torleystari. Ég hélt satt að segja, að nægileg reynsla væri fengin á þeirri leið til þess að sjá, að hún er ekki vænleg til árangurs, því að með auknum tollum og sköttum er almenningur beinlínis knúinn til að krefjast kauphækkana. Svo langt hefur líka gengið á síðast liðnu ári, að stjórnarflokkarnir sjálfir, sem völdu þá þessa leið, samþykktu 20% kauphækkun til opinberra starfsmanna, til þess að þeir gætu mætt þessum auknu álögum.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) var að tala um, að fyrrv. stjórn hefði valið aðra leið en þetta frv. gerir ráð fyrir, og ekki lagt byrðarnar á almenning. Þetta er ekki rétt, því að hér er ekki gert annað en fimmfalda þann skatt, sem fyrrv. stjórn lagði á. Hér er því um sömu leið að ræða, en fastara hert að. Það er hægt að finna aðrar tekjuöflunarleiðir, sem bæði eru hyggilegri og réttlátari, og þær höfum við sósíalistar áður

bent á og erum reiðubúnir að gera enn. Annars er raunverulega búið að afla tekna vegna fiskábyrgðarinnar. Það var gert með nýjum sköttum og gjöldum 1947, sem svo hafa gilt áfram 1948, og má þar til nefna tollahækkunina um 65% og þungaskattinn um 200%, auk bifreiðaskatta og benzínskatta. Þetta gaf um 50 millj., og var þá lagt á til að mæta fiskábyrgðinni. Nú hafa fjöldamargir skattar verið lagðir á til viðbótar, svo sem söluskattur af bifreiðum, nýr gjaldeyrisskattur, skattur af innflutningi heimilisvéla og margir fleiri. Alla þessa skatta á nú að framlengja, en auk þess á að leggja á 30% söluskatt, eða um 60—70 millj. kr. skatt á almenning í landinu, og allir eru þessir skattar lagðir á til þess að mæta fiskábyrgðinni, sem stjórnin sjálf telur, að kosti þó ekki nema milli 40 og 50 millj. kr. Ég hef áður bent á þá hættu, sem í því felst að nota útveginn sem skálkaskjól til þess að leggja á óréttlátustu og óvinsælustu skattana, og ég vil endurtaka, að slíkt er ekki til að örva þennan undirstöðuatvinnuveg okkar, sem öll afkoma þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á. Ástæðan er sú, að önnur gjöld ríkisins hafa hækkað, t. d. er þar skemmst að minnast þeirrar gjaldahækkunar, sem hér var samþykkt á Alþ. í formi uppbótar á laun opinberra starfsmanna. Ég er ekki að lasta þá ráðstöfun, síður en svo, en tek hana aðeins sem dæmi, af því að hún er hendi næst til að vitna í. Ég sé enga ástæðu til að gera útveginum svo rangt til, þegar ríkið er að afla sér tekna fyrir þessu eða hinu, að segja almenningi, að alltaf sé verið að fara ofan í vasa hans vegna útvegsins. Það er hættulegt að gera almenning gramman út í útveginn, og það er ranglátt hreint og beint, þegar álögurnar ganga alls ekki til að styrkja þann atvinnuveg. Það eru alls konar skattar lagðir á almenning undir því yfirskini, að það sé vegna fiskábyrgðarinnar, sem ekki er rétt. Slíkt réttir ekki við fjárhag útgerðarinnar né traust almennings á útveginum. Inn á þetta fór hv. atvmrh. ekki, en var með slettur eins og þær, að ég hefði lagt til, að ábyrgðin hækkaði, en hefði ekki komið með neinar till. um tekjuöflun þar í móti. En þessar álögur eru ekki vegna fiskábyrgðarinnar. Ríkisstj. ætlar bara að nota sér að smeygja þessu í gegn undir því yfirskini, að þeirra sé þörf vegna ábyrgðarinnar, af því að hér á Alþ. er sennilega meiri hluti fyrir henni, að hún framlengist. Þrjátíu prósent söluskattur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi muna tugum stiga í vísitölu, og ef þetta er aðeins forleikurinn að varanlegri lausn Sjálfstfl. á dýrtíðarmálunum, þá er ríkisstj. heilsugóð, ef hún treystir sér til að bera það fram og halda sér við það.

Ég minntist hér stuttlega á markaðsmálin, og mun síðar gefast tækifæri til að ræða þau, svo að ég skal nú ekki vera margorður um þau mál. Ég benti á þá staðreynd, að við gerðum viðskiptasamninga við Sovétríkin, sem gáfu okkur möguleika til sölu á afurðum fyrir 90 millj. kr., en við gátum ekki hagnýtt þá samninga til fulls sökum aflaleysis. En við seldum mikið af hraðfrystum fiski á mjög sæmilegu verði, og þessum markaði er búið að glata. Ég tók fram, að fyrrv. ríkisstj., eða einstakir ráðherrar, hefði virzt bundin við að glata þessum mörkuðum í Sovétríkjunum. Þessi ríki keyptu mikið af okkur, en við minna af þeim. Mismuninn átti svo að greiða okkur í dollurum og pundum, eða frjálsum gjaldeyri. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður í móti mælt. En svo langt var frá, að fyrrv. stjórn færði út þennan markað, að hún glataði honum þvert á móti alveg. Hér á Íslandi voru ráðherrarnir í persónulegu stríði við Sovétríkin og blönduðu þeim og blanda inn í umræður hér á Alþ. við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Það hefur verið sagt jafnvel, að pólitísk skilyrði hafi verið sett í sambandi við þessa samninga, sem allir vita, að er tilhæfulaust með öllu. Þetta eru aðeins staðreyndir. Út af því, sem hv. atvmrh. sagði um orðbragðið, að hann hefði aldrei haft það orðbragð, sem ég talaði um, þá verð ég nú að viðurkenna, að ég man ekki til, að hv. atvmrh. hafi haft það. En flokksbróðir hans í ríkisstj. hefur verið þeim mun duglegri í þessu efni.

Þá kem ég að Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og ákærunum á hendur því. Ég vil upplýsa hv. atvmrh. um það, að hér er ekki nein kommúnistalygi á ferðinni. Þær ásakanir eru rökstuddar með bréfum og skýrslum frá skrifstofu L.Í.Ú. í London, og hefur þetta allt verið lagt fyrir stjórn L.Í.Ú. Ég fullyrði, að það muni vera eins dæmi, að aðili, sem trúað er fyrir opinberu valdi, eins og S.Í.F., sem er löggiltur einkaútflytjandi á saltfiski, skuli sitja þegjandi undir jafnþungum og rökstuddum ákærum og ekki krefjast rannsóknar af sinni hálfu til að fá áburðinum hnekkt, ef ósannur væri. En ekkert hefur heyrzt um það, að ríkisstj. ætli að krefjast opinberrar rannsóknar, og býst ég ekki heldur við, að þægilegt væri fyrir stjórn S.Í.F., að sú rannsókn færi fram. En það er víst, að ef slíkur aðili sem S.Í.F. væri farinn að leggja kapp á að stinga fé í sinn vasa, hefði hann ekki eins góða aðstöðu til þess og áður að pressa upp verðið á útflutningsvörunum. Ég býst við, að það komi að því, að þetta verði rannsakað, þótt núv. stjórn muni ekki láta gera það, og þá mun koma í ljós, hvað satt er, og þá getur hv. ráðh. geymt reiði sína þangað til. Og ef hann fyndi, að þessi áburður væri alveg órökstuddur og rakalaus, mundi hann sjálfur hreinsa S.Í.F af honum.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ráðið það af ræðum þm., að ég hafi tekið hér fullmikinn tíma til svara eða varnar, og þó að ég telji, að ég hafi ekki með góðu móti getað þagað eða sagt minna en ég hef sagt, vil ég nú stytta mál mitt eftir megni.

Ég var feginn að heyra það frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), að hann hefði aldrei hugsað sér að breyta til um frílistahlunnindin. Að því er snertir útreikninga, er við höfum verið hér með og hlustað á, held ég, að það sé næsta fánýtt að pexa um þetta á þessu stigi málsins. Það mál er í þeirra höndum, sem trúandi er til að rannsaka þetta til hlítar, og er því fánýtt að ræða það hér mikið á meðan.

Þá álít ég, að þm. mikli allt of mikið fyrir sér þá skatta, sem hér um ræðir, og er þá vantalið, að ríkisstj. er þar aðeins að benda á

þrautaleið, sem hún vonar, að ekki þurfi að fara. En látum það allt gott heita.

Út af síðustu ummælum hv. þm. Siglf. (ÁkJ), um skýrslu trúnaðarmanns L.Í.Ú. og allt, sem þar er tínt saman af óhróðri um S.Í.F. og umboðsmenn þess í öðrum löndum, skal ég segja það, að ég veit ekki betur en stjórn S.Í.F. sé búin að gera ráðstafanir til að fara í mál við þá, sem hafa breitt út þennan óhróður. Mig skyldi ekki undra, þótt hv. þm. Siglf. fengi síðar í því sambandi ástæðu til að standa fyrir öllum sínum klækiyrðum varðandi þetta mál. Stjórn S.Í.F. hefur ekkert að óttast, hún er sér þess ekki meðvitandi að hafa gert neitt rangt. Þar hefur alltaf verið starfað af heilum hug, bæði af fyrrv. stjórnarmönnum, sem ýmsir eru nú látnir, og núverandi stjórn. Hitt er svo annað mál, að þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem fyrir kemur hér á Íslandi, að þeir menn, sem standa í fararbroddi fyrir því að koma íslenzkum framleiðsluvörum á framfæri á erlendum vettvangi, megi bíta í það súra epli, að reynt sé að gera þá tortryggilega og helzt að hafa af þeim æruna, ef mögulegt væri. Það er svo fjarri því, að stjórn S.Í.F. vilji halda þessu máli niðri, að hún hefur einmitt samþykkt að höfða mál á þá, sem hafa breitt þennan óhróður út. Það er algerlega að ófyrirsynju að blanda honum inn í þetta mál, og er það aðeins gert í þeim eina tilgangi að ófrægja stjórnarmenn S.Í.F.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil út af þessum orðum hv. atvmrh. upplýsa, að stjórn S.Í.F. hefur höfðað meiðyrðamál gegn Þjóðviljanum fyrir að birta upp úr skýrslunni um S.Í.F., en ekki er manndómurinn meiri en það, að hún hefur ekki farið í mál við þann, sem samdi þessa skýrslu. Samkvæmt 108. gr. hegningarlaganna má refsa manni fyrir að viðhafa óviðurkvæmileg orð um aðra menn, jafnvel þó að sönn reynist. Því vita allir fyrir fram, að þessi dómur í málinu gegn Þjóðviljanum segir ekkert um sök eða sakleysi S.Í.F. Ef hæstv. ráðh. teldi, að S.Í.F. hefði alveg hreint mél í pokahorninu, mundi hann og stjórn S.Í.F. fyrirskipa opinbera rannsókn, þar sem skýrslan með ákærunum á hendur S.Í.F. væri rannsökuð. En á meðan svo er ekki gert, verður að slá því föstu, að ekki sé allt hreint. Það er ekki nokkur leið að draga aðra ályktun af slíku aðgerðaleysi, enda mun nú ýmislegt nýtt vera komið fram í þessu máli, og gefst sennilega tækifæri til að ræða um það síðar.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. Siglf. hefur nú upplýst, að Þjóðviljinn hafi verið sóttur til saka fyrir óhróður sinn. Þessi þm. hefur hér gerzt málpípa Þjóðviljans. Það er gott. Þá getur hann leitt trúnaðarmann, eða fyrrverandi trúnaðarmann (það er víst búið að segja honum upp stöðunni), L.Í.Ú. sem vitni í málinu. Ég vissi, að það stóð til að stefna þeim, sem borið hafa út óhróðurinn um S.Í.F., og hv. þm. Siglf. kannaðist nú við, að sú málshöfðun væri hafin. Ég segi ekki annað en það, að það er lítill vandi fyrir óhlutvanda menn að æsa til óhróðurs í þjóðfélaginu, ef þeir eru ekki vandari að heimildum til að byggja málatilbúnað sinn á en Londonar-Zoëga þessi lagði Þjóðviljanum í hendur sem áróðursvopn í kosningum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 6. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 177, 176, 178, 179, 180, 182, 183, 184).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar í nokkra daga og hefur gefið út sameiginlegt nál., þó að einstakir nm. séu með ýmiss konar till. Það má þó til sanns vegar færa, að rétt hafi verið að gefa út eitt sameiginlegt álit, því að allir nm. vilja fylgja áframhaldandi ábyrgð á fiskverðinu, en það er höfuðatriði þessa máls. Um ýmis smærri atriði og framkvæmdaratriði komu svo fram nokkrar sérstakar till., ýmist fluttar af einstökum nm. eða fleirum í senn. Þær einu till., sem allir nm. eru sammála um, eru þær tvær, sem birtar eru á þskj. 177, en fyrri brtt. er um það, að ábyrgðarverðið skuli ekki eingöngu fara eftir fisktegund, eins og tekið er fram í l., heldur sé einnig miðað við 7 punda pökkun, en það þýðir, að taka skuli tillit til aukakostnaðar af annars konar pökkun og sérstaklega þá eins punds pökkun, sem mun aukast mjög á yfirstandandi ári. Þetta er í sjálfu sér engin breyting, því að þessi hefur verið framkvæmd l. alveg frá því í fyrstunni, en okkur þótti viðfelldnara, fyrst þetta hefur verið eitt af höfuðatriðum verðákvörðunarinnar, að heimildin væri gefin í l. sjálfum. Önnur brtt. n. er um það, að breytt verði ábyrgðinni á saltfiskinum úr 2.48 í 2.52. Þetta er 4 aura hækkun. Við athugun kom það í ljós, að um ábyrgðarverð hraðfrysta fisksins er tekið tillit til kauphækkana, sem hafa orðið síðan síðustu l. um þetta voru gefin út. En í útreikningi á verði saltfisksins hefur ekki verið tekið tillit til annars en hækkunar á hráefni. Við óskuðum því álits atvmrh. og fiskábyrgðarn. á öðrum liðum, sem þyrfti að taka tillit til, og varð niðurstaðan sú, að bæði kauphækkanir og hækkun á tryggingu og fleiru mundu valda 6¼ eyris verðhækkun á saltfiskinum, en þar koma aftur til frádráttar 2¼ aurar, sem sparast á lækkuðu saltverði. Mismunurinn, 4 aurar, þarf því að koma fram í verðinu, og er þessi brtt. okkar miðuð við það að hækka þá tölu, sem í frv. er, upp í kr. 2.52.

Þetta er það, sem ég hef að segja fyrir hönd n. í heild sinni. En ég vil nota tækifærið til að minnast fáum orðum á þær brtt., sem ég á þátt í, ýmist einsamall eða með öðrum nm. — Ég skal þá fyrst geta um brtt., sem hæstv. fjmrh. ber fram, um að 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru, þ. e. a. s. söluskatturinn í 14. gr., breytist í 25%. Fjmrh. lagði þessa till. fyrir n., en við

óskuðum þess heldur, að hann flytti hana sjálfur, því að hér er í raun og veru ekki um breyt. að ræða, heldur leiðréttingu á frv. hæstv. ráðh. Ég og hv. 2. þm. Reykv. berum fram till. á þskj. 179, um að 12. gr. falli niður. En 12. gr. frv. er um það, að ef ekki verði gerðar neinar allsherjar ráðstafanir viðvíkjandi útgerðinni og í okkar dýrtíðarmálum fyrir 1. marz, skuli ábyrgðin gilda til 15. maí. Við leggjum hér til, að gr. falli niður, en það þýðir ekki, að við viljum, að ábyrgðin falli niður á miðri vertíð. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mun flytja brtt. um það, að ríkisábyrgðin nái til alls ársins, en ég flyt þessa till. m. a. vegna þess, að ég er með annarri till., sem er um það, að III. kafli dýrtíðarl., þ. e. a. s. tekjuöflunin, gildi aðeins til 1. marz. Þykir mér þá rétt, að sjálf ábyrgðin gildi ekki til lengri tíma. Ég get lýst því yfir fyrir mína hönd og minna flokksmanna, að við munum á sinni tíð fylgja því, að ábyrgðin haldi áfram alla vertíðina, ef ekki er búið að gera aðra skipan á þessum málum fyrir þann tíma. En þar sem þarf hvort sem er frekari athugun á þessum málum einmitt kringum 1. marz, þá er eins gott að málið sé tekið upp í heild sinni og þá í sambandi við annað frv., III. kafla dýrtíðarl. Og þar sem ríkisstj. nú gerir ráð fyrir, að möguleikar muni vera á því, að heildarsamþykkt um þessi erfiðustu mál Alþ., dýrtíðarmálin og verðlagsmálin, geti orðið lokið fyrir 1. marz, þá virðist eðlilegt, að þessi ráðstöfun nái ekki lengra en til þess tíma. Í sambandi við þessa brtt. hef ég gert grein fyrir brtt. á þskj. 180, sem er frá mér einum. Hún er um það, að III. kafli dýrtíðarl. gildi ekki nema til 1. marz, í staðinn fyrir til ársloka 1950, eins og í frv. stendur. — 3. brtt., sem ég þarf að minnast á, er á þskj. 178 og er frá mér, hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og hv. þm. V-Húnv. (SkG) og er um það, að 14. gr. falli niður, þ. e. a. s. hækkunin á söluskattinum. Það er hvort tveggja, að okkur hefur ekki litizt á þessa leið, a. m. k. ekki óbreytta, og fyrir mér leiðir þetta þar að auki af brtt., sem ég gat um síðast, að ábyrgðin og tekjuöflun vegna ábyrgðarinnar nái ekki lengra að sinni en til 1. marz, því að sú tekjuöflun, sem m. a. er tekin í 14. gr., er miðuð við það, að framhald verði á ábyrgðinni eftir 1. marz.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessar brtt. Hinir einstöku þm. munu gera grein fyrir öðrum brtt. sínum, sem mér virtist ekki, að skiptu allar svo mjög miklu máli, í sambandi við þetta mál. En n. leggur til í heild sinni, að ábyrgðin verði framlengd, og þó að menn hugsi sér hana framlengda mismunandi langan tíma, þá er þetta yfirlýsing frá öllum nm., fyrir sína hönd og sinna flokka sennilega, um það, að þeir framlengi ábyrgðina til vertíðarloka, ef ekki verður önnur ráðstöfun gerð fyrir 1. marz. — Læt ég svo máli mínu lokið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Frsm. n., hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), hefur gert grein fyrir afstöðu n. um þann hluta málsins, sem n. í heild er sammála um, og um þær brtt., sem við nokkrir nm. flytjum sameiginlega. Það, sem einkennir í raun og veru afgreiðslu n., er það, að öll n. er sammála um fiskábyrgðina og að meiri hl. n. er andvígur 14. gr. Og þar sem vitað er, að þeir flokkar, sem meiri hl. er fulltrúi fyrir, standa bak við andúðina gegn 14. gr., þá er þar með séð fyrir því, að þær álögur, sem þar um ræðir, verða ekki á lagðar að þessu sinni. Því miður eru brtt. mínar ekki komnar úr prentun, en þeim mun verða útbýtt rétt strax, og ætla ég nú að minnast á þær.

Ég flyt þá brtt. við 1. gr. frv., að í stað orðanna „í janúar og febrúarmánuði" komi: á árinu 1950. Hingað til hefur þetta verið þannig, að þegar fiskábyrgðin hefur verið lögleidd, þá hefur það strax verið látið gilda fyrir allt árið, og þrátt fyrir mikið traust manna á afgreiðslu mála hér á Alþ., þá held ég, að ekki sé vert að gera of mikið úr því og að rétt muni vera að binda þetta við allt árið frá byrjun. Svo fremi að Alþ. geri þarna aðrar breyt., t. d. í febrúarmánuði, þá breytist náttúrlega þessi grein þar með. En ég álít rétt að láta útgerðarmenn, sem ætla að hefja útgerð, fá tryggingu í l. um, að ábyrgð sé tekin á verðinu allt árið. — Ég ber svo fram brtt. um að fella niður 13. gr. frv., sem þýðir það, að þær tekjur, sem af söluskattinum koma, eins og hann er nú, mundu samkv. l., sem samþ. voru fyrir jólin, aðeins koma inn í janúarmán. Deilan er um það, *hvort söluskatturinn eigi að vera í gildi* í febrúarmánuði. Svo framarlega sem brtt. mín um að fella niður 13. gr. verður samþ., mun ég við 3. umr. málsins flytja brtt. um að afla nýrra tekna í staðinn fyrir þær, sem niður falla. Við sósialistar höfum flutt hér mjög ýtarlegar brtt. við fiskábyrgðarl., þegar þau hafa verið hér til umr. áður, til þess að tryggja tekjur á annan hátt en hér er tekið fram. Þetta kom sérstaklega fram í frv., sem við fluttum á Alþ. 1947. Í því voru gerðar mjög ýtarlegar till. bæði viðvíkjandi sölu sjávarafurða, innkaupastofnun fyrir þjóðina, verzlun með olíu og niðurfellingu tolla, um ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað útvegsins, um verzlun með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur og um eftirlit með verðlagi þeirra. Ég hef ekki séð ástæðu til þess við 2. umr. að endurtaka þessar till., meðan ekki er séð, að afstaða sé hér tekin með *því af meiri hl. Alþ. að fella niður þær leiðir*, sem fyrst og fremst stefna að því að leggja álögur á alþýðu manna. Það er deilt um, hvor leiðin skuli farin, hvort þær tekjur, sem þarf vegna fiskábyrgðarinnar, skuli teknar með almennum tollum, sem leggjast á alþýðu manna, eða hvort tekjurnar eiga að nást með því að taka á einn eða annan hátt verzlunargróðann í þjónustu ríkisins eða að nokkru leyti einnig að draga úr þeim gífurlega kostnaði, sem á útgerðinni hvílir vegna vaxtabyrða. Um þetta er í raun og veru greitt atkv. Álögur þær, sem nú á að lögfesta samkv. 14. gr. í frv. ríkisstj., eru ekki einvörðungu miðaðar við það að standa undir fiskábyrgðinni, heldur er fiskábyrgðin notuð sem yfirskin til þess að hækka tolla og auka dýrtíðina. Þannig er farið að því ár eftir ár að leggja á nýjar álögur, fyrst söluskattinn, sem svo er tvöfaldaður, og nú er lagt til, að hann verði lagður á *fimmfaldur*, og allt er þetta gert í skjóli fiskábyrgðarinnar, en

þó miðað við að skapa meiri tekjur en þyrfti til að standa undir fiskábyrgðinni. Ég get þessa, af því að hér er um principdeilumál að ræða. Það þýðir lítið að flytja hér þing eftir þing till. í þá átt að ganga á verzlunargróðann, svo framarlega sem enginn möguleiki er til að fá þær samþykktar, en ég tók það fram við 1. umr., að ef slíka hugarfarsbreyt. væri að eygja hér á Alþ., þá mundi ég koma með brtt. í áðurgreinda átt.

Þá hef ég í n. nokkuð rætt um það við aðra nm., hvaða frekari tryggingu Alþ. gæti veitt sjávarútveginum en þá, sem um ræðir í 1. gr., fyrir því, að sú fiskábyrgð, sem Alþ. nú veitir, komi að gagni. Ég gat þess við 1. umr., að það gildi, sem fiskábyrgðin hefði fyrst og fremst fyrir útgerðina, væri í því fólgið, að bankarnir hefðu treyst sér til að lána útgerðinni, svo að hún gæti gert út alla vertíðina í trausti á þessa fiskábyrgð ríkisins. Ég gat þess enn fremur, að bankarnir hefðu stundum sagt við hraðfrystihúseigendur, að nú gætu þeir ekki lánað meira, t. d. út á ákveðna tegund framleiðslu þeirra, af því að þeir álitu, að ekki væri til markaður fyrir hana. Nú er það vitanlegt, að a. m. k. bankastjórar Landsbankans líta svo á, að markaður sé mun óvissari en verið hefur, og þeir hafa látið þá skoðun í ljós, að það mundi engan veginn vera öruggt, að þeir láni út á eins mikla framleiðslu og reiknað er með af hálfu útgerðarmanna og lagt er til grundvallar fyrir fiskábyrgðinni. Ef svo færi, að bankarnir tækju upp á því, máske um miðja vertíð, að stöðva útlán sín, þá væri þar með að meira eða minna leyti búið að eyðileggja gildi fiskábyrgðarinnar fyrir útgerðina. Ég álít, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir þetta, og að útgerðinni sé tryggt það frá upphafi, að hún komi til með að fá lán í samræmi við þessa fiskábyrgð. Eðlilegast yrði að framkvæma þetta á þann hátt, að bankarnir yrðu skyldaðir til þess með l. að lána samkvæmt þessari ríkisábyrgð út á það, sem bátarnir gætu veitt og frystihúsin fryst. Slíkt kann að virðast dálítið óeðlileg afskipti af sumra hálfu af rekstri bankanna, en ég vil taka það fram, að Alþingi og ríkisstjórn taka ráðin yfir sjálfri framleiðslunni úr höndum útvegsins, taka ráðin yfir sölu aflans út úr landinu úr höndum útvegsins, taka gjaldeyrinn, sem útvegurinn framleiðir, úr höndum hans og afhenda bönkunum, og það er þá ekki nema eðlilegt, fyrst búið er að gera ríkið að aðila, sem eigi að stjórna þessu og ráða, að ríkið tryggi það um leið, að einn partur þess, bankarnir, haldi áfram sinni lánastarfsemi og veiti útveginum nægilegt lán, til þess að hann geti framleitt af fullum krafti. Ég hef minnzt á þetta í fjhn., en það hefur nú ekki fengið undirtektir þar, en ég er hins vegar ekki tilbúinn með till. um þetta efni, vegna þess að ég vildi fyrst heyra undirtektir hv. þm. hvað þetta snertir. Ég mundi síðar færa nokkur rök að því, hve mikla þýðingu það hefur fyrir afkomu útvegsins, hvort útgerðin er tryggð allan tímann eða ekki. Ég vil geta þess, að svo framarlega sem meiri hluti Alþ. er ekki samþykkur því að skylda bankana á þennan hátt til að lána útgerðinni og tryggja þannig, að útgerðin sé rekin af fullum krafti allan tímann, þá álít ég, að það verði alvarlega að athuga aðra leið í þessu sambandi, þá leið, að þegar eða ef bankarnir neita á ákveðnu tímabili að lána lengur t. d. út á freðfiskinn og hætta væri á, að bátaútvegurinn stöðvaðist, þá væri bátaútveginum og hraðfrystihúsunum fenginn réttur til að selja þann fisk og þá framleiðslu, sem framleidd er eftir þann tíma og ekki er hægt að fá bankalán út á, frjálst út úr landinu og að þeir hefðu, eftir ákveðnum reglum, ráðstöfunarrétt yfir þeim gjaldeyri, sem þeir fengju fyrir þá framleiðslu. Ég álít, að það þurfi að koma í veg fyrir, að hægt sé að stöðva útgerðina á miðri vertíð, og jafnframt þurfi að koma í veg fyrir, að útgerðarmönnum sé neitað um lán og bannað að selja vöru, sem þeir geta framleitt og sjálfir selt. Við munum eftir því, hvað hæstv. fjmrh. sagði hér nýlega í ræðu um ríkisábyrgð í sambandi við verkamannabústaði, að ríkisábyrgðin væri ekki sérlega mikils virði gagnvart bönkunum. Ég er ákaflega hræddur um, að við þurfum að taka nokkurt tillit til þeirra raunhæfu orða við afgreiðslu þessa máls, á þann hátt, að við göngum þannig frá málinu, að bankarnir verði að taka tillit til þessarar ríkisábyrgðar. Ég minni sem sagt á þetta atriði nú og vildi við þessa umr. gjarnan heyra undirtektir hv. þm. um það. Eftir því, sem þær undirtektir verða, mun ég koma með till., sem miða að því að tryggja þetta raunhæft.

Þá vil ég enn fremur geta þess, að við tveir nm. tókum til athugunar, hvort ekki mundi vera réttast að lögbinda frílistann. Ég býst við, að hv. þm. V-Húnv. (SkG) komi inn á þetta efni, þegar hann talar, og mun ég því ekki orðlengja um það.

Svo langar mig til að fara nokkrum orðum um þá útreikninga, sem lágu fyrir n. og þessi fiskábyrgð byggist á, af því að ég held, að rétt sé fyrir okkur að gera okkur við þessa umr. málsins nokkuð ljóst, hvaða verðmæti hér er um að ræða. Hafi ég misskilið eitthvað af þeim reikningum, sem lágu fyrir n., þá þætti mér vænt um, að það yrði leiðrétt. Ég vil nú reyna að gefa nokkurt yfirlit yfir það, hvernig þessir útreikningar eru gagnvart saltfiskinum og hraðfrysta fiskinum. Á árinu 1949 hafa ríkisgreiðslurnar numið fyrir 23 þús. tonn 11,5 millj. kr., eða 500 kr. á tonnið, og mér reiknast til, að nú í ár verði að bæta við þetta um 250 kr. á tonnið, eða á árinu 1950 verði ríkið að greiða 750 kr. með saltfisktonninu. Sé reiknað með 23 þús. tonna framleiðslu af saltfiski, mun það verða að útflutningsverðmæti líklega í hæsta lagi 44 millj. kr., en ríkisábyrgðin af því mun nema 16,5 millj. Hvað freðfiskinn snertir, þá var ríkisábyrgðin í fyrra 19 millj. kr. með 27 þús. tonnum, eða um 700 kr. á tonn. Nú í ár er gengið út frá því, að hráefnahækkun á samsvarandi magni mundi skapa viðbótargreiðslur, sem nema 7,7 millj. kr. Síðan kemur til greina sú hækkun, sem mun verða af auknum umbúðakostnaði og fleiru, um 4 millj. kr., en við það bætist svo, eftir útreikningum L. Í. Ú., sú hækkun, sem verður vegna

breyttra pökkunaraðferða. Er þá kominn aukakostnaður, sem nemur 10 til 11 millj. kr. Nú vil ég geta þess í þessu sambandi, að þar sem hér er reiknað með 10—11 millj. kr. í auknum kostnaði, þá þýðir það raunverulega, að þarna er verið að reikna með verðlækkun á freðfiskinum. Það er gefið, að samanborið við 7 lbs. pökkunina, þá mundi þessi nýja pökkun eiga að skapa samsvarandi verðmæti, þannig að hún hefði átt að bæta almennt við, eins og fram kemur í brtt., sem fjhn. sameiginlega flytur. Taki maður þessa hækkun með, verður viðbótin alls 21,7 millj. kr., og að viðbættri útflutningsábyrgðinni, 19 millj. kr., verður þetta samtals 40,7 millj. kr. Ef hægt væri að reikna með 2600 kr. fyrir tonnið af freðfiskinum, þá verður þessi afli um 70 millj. kr. í útflutningsverðmæti, en meðgjöfin með þessu magni er þá um 40 millj. kr. Þá yrði saltfiskurinn, 23 þús. tonn, og freðfiskurinn, 27 þús. tonn, að útflutningsverðmæti 114 millj. kr. og með því væru borgaðar 56 millj. kr. af ríkinu, eða upp undir það helmingur af verðmæti þessa útflutnings. Nú er rétt að gera sér það ljóst, og ég vil taka það greinilega fram, að ég reikna með því, að ríkið borgi verðlækkunina á freðfiskinum, 10 til 11 millj. kr.

Þá vil ég minnast á, að enn fremur hafa fulltrúar frá togaraeigendum komið að máli við n. og rætt við okkur afstöðuna, bæði viðvíkjandi gömlu togurunum og nýsköpunartogurunum, og það er rétt, að það komi fram við þessa umr., svo að það verði tekið með í reikninginn, þegar ríkið gerir sínar ráðstafanir varðandi þessa framleiðslu. Það er sérstaklega bent á það, hvað gömlu togarana snertir, að þeir mundu, ef þeir væru gerðir út á saltfisk, geta framleitt um 8 til 9 þús. tonn af saltfiski, sem er að verðmæti um 16 til 18 millj. kr. Og hvað nýsköpunartogarana snertir, sem er reiknað með að geti framleitt 100 þús. tonn, ef þeir eru gerðir út á ísfisk, þá mundu þeir geta framleitt saltfisk, ef ekki eru reiknaðar afskriftir af þeim, fyrir um 2 kr. kg, eða á því verði, sem almennt er reiknað með, að hægt sé að fá fyrir saltfisk. Þið takið eftir þessu, að það er verið að tryggja bátaútveginum kr. 2,52 fyrir hvert kg af saltfiski. Nýsköpunartogararnir geta framleitt hann fyrir 2 kr. kg, ef ekki er reiknað með afskriftum af þeim. Það er þess vegna gefið, að það vandamál, sem liggur fyrir okkur í sambandi við ákvörðun um fiskábyrgðina og þar með ráðstöfun á fiskframleiðslu Íslendinga í ár og skipulag af hálfu ríkisins á þessari framleiðslu, snertir ekki einungis bátaútveginn, heldur líka bæði gömlu og nýju togarana. Hins vegar er það gefið, að það, sem raunverulega gerir það að verkum, að ekki er hægt að taka t. d. gömlu togarana að einhverju leyti með í fiskábyrgðina eða að skipuleggja nýsköpunartogarana á saltfiskveiðar nú, er það, að álitið er, að framleiðsla saltfisks verði allt of mikil. Nú vil ég taka það fram, að allur sá útreikningur, sem liggur til grundvallar fyrir fiskábyrgðinni, eins og hún liggur fyrir hér, byggist á fullri drift, bæði hjá bátunum og hraðfrystihúsunum, þannig að hraðfrystihúsin geti framleitt allan tímann og svipað magn og undanfarin ár. Svo framarlega sem það kemur í ljós, að bankarnir treysti sér ekki til og þeir aðilar, sem með söluna hafa að gera, að selja meira en t. d. 15 þús. tonn af freðfiski og framleiðslan gæti stöðvazt af óttа við markaðsvandræði, þá mundi það þýða það, að allur útreikningurinn til grundvallar fiskábyrgðinni væri rangur, vegna þess að allur fastur kostnaður við rekstur bátanna og hraðfrystihúsanna mundi auðvitað verða miklu hærri en hann nú er reiknaður, ef hann ætti að reiknast á helmingi minna magn, hvað freðfiskinn snertir. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, að þm. geri sér það ljóst, þegar þetta mál er afgr., að það er reiknað með fullum afköstum hraðfrystihúsanna og fullum gangi bátanna, í því verðmæti, sem hér er lagt til grundvallar, og svo framarlega sem full afköst eru ekki tryggð og útveginum tryggt að geta starfað af fullum krafti allan tímann, þá er ekki skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir útveginn með þessum l. Við reyndum í n. að fá nokkrar upplýsingar viðvíkjandi útliti um markaði, og ég álít, að það sé atriði, sem menn alveg sérstaklega verða að gera sér grein fyrir við afgreiðslu þessa máls. Það verður að vera þeim hv. þm. ljóst, sem eiga að taka á sig þá ábyrgð að afgreiða þessi l., hvernig útlitið sé með markaði fyrir fiskframleiðsluna og hvað það sé, sem hægt er að treysta á. Við þurfum að vita, á hvaða fjárhagslegum grundvelli við stöndum, þannig að við ekki lítum svo á eftir á, að við höfum verið að stiga út í eitthvert kviksyndi. Það hefur verið upplýst, að England og Þýzkaland hafi verið aðalmóttökulöndin fyrir freðfiskinn á s. l. ári., en að útlitið sé þannig, að í Þýzkalandi sé mjög lítil von um markað fyrir freðfisk og á Englandi sé útlit fyrir stórkostlega minnkandi markað fyrir annað en freðfisk, sem stendur, sem er að nokkru leyti í sambandi við það, að enska stjórnin hefur ákveðið að hætta öllum fiskkaupum. Hins vegar liggur ákaflega mikið fyrir af frystum fiski í Englandi, svo að mjög lítlar vonir standa til þess, að freðfiskmarkaðurinn þar taki á móti varla helmingi af því, sem verið hefur undanfarið. Eftir útlitinu að dæma, er það svo, að helzt séu vonir um markaði í sumum litlu löndunum, t. d. í Sviss, Palestínu og kannske Finnlandi. Þess vegna er ekki annað hægt að segja en að markaðsmálin séu mál, sem við verðum alvarlega að athuga við afgreiðslu þessa máls. Ég álít, að það séu fullkomnir möguleikar á því fyrir okkur að halda þeirri lífsafkomu, sem þjóðin hefur haft undanfarið, svo framarlega sem framleiðsluhættir okkar eru hagnýttir til fulls. Það er enginn efi á því, að jafnvel þótt við reiknum með verðlækkun á okkar afurðum, bæði á freðfiski, saltfiski og ísfiski, þá getum við komizt upp í það að hafa hærri útflutningsverðmæti en við höfum haft undanfarin ár, og reikna ég þá líka með samsvarandi síldarleysi og verið hefur. Við verðum aðeins að geta tryggt það, að bátaflotinn, togararnir, og þar með gömlu togararnir, og hraðfrystihúsin sé rekið með fullum krafti allan tímann. Ég hef stillt upp að gamni mínu útreikningi yfir það, ef reiknað er með

því, að bátarnir séu á saltfiskveiðum og gömlu togararnir, en sú framleiðsla mundi nema 30 þús. tonnum. Sé þessi framleiðsla reiknuð á 2 þús. kr. tonnið, mundi þetta gera 60 millj. kr. Ef reiknað er með 27 þús. tonnum af freðfiski, á því verði, sem selt var fyrir á síðasta ári, 2600 kr. á tonn, þá yrðu það um 70 millj. kr. Ef svo nýsköpunartogararnir færu á ísfisk og framleiddu 125 þús. tonn á 750 kr. tonnið, þá mundi það nema 93 millj. kr., eða ef þeir færu á saltfiskveiðar yfir hávertíðina, sem mundi þýða, eftir útreikningi L.Í.Ú., að þeir mundu framleiða um 22 þús. tonn af saltfiski og svo ísfisk hinn tímann, þá yrði verðmæti þeirrar framleiðslu 100 millj. kr. Þessi fullnýtti floti mundi gefa, hvað þessa framleiðslu snertir, 223 millj. kr., með þessu lækkaða verði, en sama framleiðsla gefur á árinu 1947, á því síldarleysisári, 160 millj. kr. af þeim 290 millj. kr., sem við fluttum út fyrir það ár. Við höfum möguleika á því að auka framleiðslu okkar, við höfum tæki til þess, og jafnvel þó að við verðum að reikna með verðlækkun og síldarleysi undanfarinna ára, að undanskildu árinu 1948, þá mundi verðmæti þessa útflutnings slaga upp í 350—400 millj. kr., eða hátt upp í andvirði þeirrar framleiðslu, sem við fengum á því ári, sem Hvalfjarðarsíldin gaf okkur 100 millj. kr. í tekjur. Ég tek þetta fram vegna þess, að þær hugmyndir hafa komið fram varðandi lækkun lífsafkomu þjóðarinnar, að óhjákvæmilegt sé, að útflutningsverðmætið minnki. En ef við höldum útflutningsverðmætinu, þá getum við fengið nauðsynjar okkar, og við vinnum upp lækkað verðlag með meiri afköstum og fjölbreyttari framleiðslu. Með því getum við aflað nægra tekna til þjóðfélagsins og þurfum ekki að skera niður lífsafkomu þjóðarinnar. En nú virðist það vofa yfir, að þessi framleiðsla verði skorin niður. Það er talað um, að freðfiskframleiðslan fari niður í 15—20 þús. tonn og saltfiskframleiðslan niður í 20 þús. tonn og hugsanlegt sé, að til viðbótar við það, að gömlu togararnir liggja bundnir við hafnarbakkann, þá verði nýsköpunartogararnir einnig stöðvaðir. Ef slíkt yrði, þá verður útflutningsverðmætið ekki lengi að fara niður í 100 millj. kr. Verði framleiðslan minnkuð, þá er þetta að athuga: Í fyrsta lagi: Það yrði stórkostlegt tap fyrir sjávarútveginn, vegna þess að allur rekstrarkostnaður yrði hærri. Í öðru lagi: Það hefði í för með sér atvinnuleysi fyrir þá landsmenn, sem við sjávarútveginn vinna. Í þriðja lagi: Það leiddi af sér stórkostlegan gjaldeyrisskort fyrir þjóðina. Í stað 80—120 milljóna kr. kæmi þá aðeins 60—80 milljónir kr. Í fjórða lagi: Slíkur gjaldeyrisskortur ylli því, að eingöngu brýnustu rekstrar- og nauðsynjavörur og vörur til annarra atvinnuvega yrðu fluttar inn, en sparaður yrði innflutningur á þeim vörum, sem gefa mesta tolla og aðflutningsgjöld af sér í ríkissjóð. Þær mundu eigi þykja eins nauðsynlegar. En með þverrandi tolltekjum og sköttum stæði ríkið eigi undir þeim útgjöldum og ábyrgðum, sem á það eru lagðar í l. Ef þessi útflutningsverzlun mundi bila, þá bilaði og allur ríkisbúskapurinn.

Ég held, að við eigum að ræða þetta mál alvarlega. Hér er í rauninni ekki um dýrtíðarvandamálið að ræða. Það er áreiðanlega hægt fyrir Íslendinga að leysa dýrtíðarmálin innanlands. Það eru ekki þau, sem hafa verið að drepa þjóðina undanfarin ár. Það er ekki heldur verðlagslækkunin. Spurningin er um hitt, hvort við séum samkeppnisfærir. Þótt við tækjum upp á því að ætla að undirbjóða hollenzka, danska, norska og aðra erlenda fiskimenn með því að þræla sjómönnum okkar út, þá mundi það eigi leysa málin. Þessar þjóðir sleppa okkur ekki inn í lönd sín. Þær leggja toll á fiskinn, eins og Englendingar og Þjóðverjar munu gera. Þær takmarka innflutninginn og hindra okkur í að selja, þótt við reyndum að undirbjóða alla aðra. Eigi er heldur um það að ræða að bíða eftir lausn í dýrtíðar- og verðlagsmálunum. Það er hægt að lækka verðlagið, en það lagar ekki hitt, sem mér hefur eigi enn verið bent á, en er þó aðalmálið: markaðsvandamálið. Það er mesta málið. Það er möguleiki á að selja fiskinn fyrir það verð, sem með ríkisábyrgð er kleift að framleiða hann fyrir. Þar er þá komið að því vandamáli, sem er höfuðvandamálið.

Fyrir rúmum tveim árum var tekin sú ákvörðun að binda verzlun Íslendinga fyrst og fremst við Vestur-Evrópulönd. Það var gerður Marshallsamningur. Þar var undirstaðan sú, að fyrir freðfisk og ísfisk væru markaðirnir í Englandi, Þýzkalandi og víðar þar um slóðir. Á allan hátt var reynt að gylla það fyrir þjóðinni, hversu öruggt það væri að binda sig efnahagslega við þessi lönd. En ég benti á, að þessi lönd lægju öll að Atlantshafinu, væru fiskveiðaþjóðir, hefðu margar stundað fiskveiðar við Íslandsstrendur og mundu, þegar þær væru búnar að ná sér eftir hörmungar styrjaldarinnar, taka upp útgerð að nýju og keppa við okkur, ef eigi hafi þá verið hafnir samningar um þá samvinnu, er gerði okkur Íslendinga samkeppnisfæra, og að við fengjum að selja fiskinn okkar. Ég sýndi fram á, að við fengjum að selja til Þýzkalands til að fæða Þjóðverja meðan þeir væru að byggja upp togaraflota sinn að nýju, en síðan yrðum við útilokaðir, þegar Þjóðverjar og aðrar þjóðir færu að sigla á Íslandsmið eftir 2—3 ár. Við áttum að framleiða mat handa hinum hungruðu Þjóðverjum, en síðan mundum við fá sparkið. Ég studdi þetta eigi einvörðungu með tilgátum, ég studdist líka við ummæli hins ameríska umboðsmanns Marshallhjálparinnar, en hann sagði, að eftir árið 1950 mundi fiskframleiðsla Íslendinga skipta litlu máli fyrir þessi lönd. Og nú er það komið á daginn, að með því að binda viðskipti okkar við þessi lönd höfum við gert hrapallega og örlagaríka vitleysu. Við bindum okkur við lönd, sem vilja lítið með okkur hafa að gera. En öll okkar framleiðslugeta og miklu framleiðslutæki eru miðuð við fullan rekstur og mikla og örugga markaði. Þess vegna er ég hræddur um, að við, ef við brjótum nú ekki við blaði, fáum að kenna á fyrstu afleiðingunum af rangri viðskiptapólitík. Ég get um það sem dæmi, að sé það satt, sem ég hef heyrt eftir einum af bankastjórum Landsbankans, er ég þekki nokkuð, að eigi sé unnt að selja nema um 15 þús. tonn af freðfiski í ár, þá er það ekki

nema helmingur af því, sem við getum framleitt. En í júnímánuði árið 1947, þegar við ákváðum að selja til Sovétríkjanna m. a. freðfisk fyrir 97 millj. kr., þá var samið um mikla sölu, sem komst upp í 15 þús. tonn, og er það m. ö. o. eigi nema um helmingur af kleifri framleiðslu, ef tækin eru í fullum rekstri. — Því álít ég, að mál það, sem ríður á að fá rætt og upplýst frá þeim, er gerst eiga um þetta að vita, sé markaðsútlitið og öryggið fyrir vörur sjávarútvegsins, — hvar þeir, sem ráða í landinu, hafa öryggið, sem þeir lofuðu þjóðinni með Marshallsamningnum og hún á kröfu til. Og ég vil geta þess fyrir þær sakir, hversu mikið hefur verið talað um lausn mála bátaútvegsins í febrúarmánuði, að það eru engin rök, þótt við vitum, að hún yrði gengislækkun um 30—40%, að þetta hjálpaði neitt verulega, hvað þessi mál snertir. Ástandið mundi breytast að vísu til batnaðar um skeið, — áður en hækkun útlendrar vöru kæmi fram. En mjög mikið af þeirri hækkun, sem við berjumst við nú, er gengislækkun, sbr. verð á olíu og benzíni. Þetta veldur því, að ríkið verður að taka á sig milljóna króna byrðar vegna verðhækkunar á dollarnum. Ég held, að Alþ. eigi kröfu á því, að markaðsmálið sé rætt og frá því sé skýrt, hvaða möguleika þeir menn sjái, sem landinu halda í einokunarklóm, og þeir sýni, hvar og hvernig við eigum að selja afurðirnar og kaupa nauðsynjar okkar í staðinn. Íslendingar búa við einokun af hálfu hæstv. ríkisstj.

Ég hef farið ýtarlega inn á þetta mál, því að ég held, að ef við eigum að ræða það raunhæft, þá verði mönnum, áður en þeir samþykkja eitthvað, að vera ljóst, hvað þeir eru að gera. Við eigum ekki aðeins að horfast í augu við ástandið, heldur og gera viðhlítandi ráðstafanir til að skapa fjárhagslegan grundvöll. Þessi fiskábyrgðarl. eru ekki nægilegur grundvöllur. Samtímis þarf svo að skapa markaðsöryggi. Ég vonast til, að inn á þetta verði komið, og er reiðubúinn til ýtarlegra umræðna um það mál. Og ég vonast til, að eigi verði reynt að blekkja menn með því að segja, að breytingar á einu saman verðlaginu geti bjargað þessu, því að það væri algerlega rangt. Tilgangurinn með fiskábyrgðunum hefur verið sá að skapa fjárhagsgrundvöll. Hann verður þó eigi tryggður með því einu, heldur og með hinu, að tryggja markaði um leið. Og ég vonast því til, að hæstv. ríkisstj. gefi þessari hv. d. þær uplýsingar, sem hún sjálf veit beztar, svo að d. geti rætt það vandamál alveg raunhæft.

ATKVGR.

Brtt. 176, 178, 179, 180, 182, 183, 184 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni frv. almennt. Vil ég aðeins minnast á tvær brtt., sem eigi hefur áður verið getið og ég er flm. að. — Á þskj. 182 flyt ég brtt. ásamt hv. þm. Snæf., þess efnis, að á eftir 5. gr. frv. komi ný gr. um ábyrgð ríkissjóðs á verði fyrir útflutt kjöt. Gr. þessi er samhljóða að efni samsvarandi ákvæði í l. nr. 100/1948, um aðstoð við atvinnuvegina. En ríkið mun ekki hafa þurft að greiða neitt vegna þess ákvæðis, því að ekki hefur verið flutt út neitt af kjöti á verðlagsárinu frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950. Ég býst ekki við, að til þessa þurfi heldur að taka nú, því að horfur eru á, að allt kjöt, sem kom á markaðinn í haust, verði selt innanlands. En okkur þótti rétt, að ákvæðið stæði áfram.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 183, um viðbót við 12. gr. frv., en í henni eru ákvæði um það, að verði eigi gerðar aðrar ráðstafanir fyrir lok febrúarmánaðar en í þessu frv. felast, þær er leysi rekstrarvandamál bátaútvegsins, þá skuli gildi l. framlengjast til 15. maí og skuli þá framlag ríkissjóðs hækka. Nú tel ég, að kæmi ný löggjöf áður en ábyrgðin fellur niður, þ. 15. maí, ætti framlagið að lækka hlutfallslega. E. t. v. hefði verið hægt að orða þetta á heppilegri veg, en mönnum á að vera ljóst, að gangi ný löggjöf í gildi fyrir 15. maí, þá verði þessi upphæð að lækka hlutfallslega eftir því, hvenær þetta ákvæði fellur niður.

Varðandi orð hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vil ég taka fram, að við fjárhagsnm. höfum til athugunar eina brtt. í viðbót. Við höfum þó eigi getað rætt hana, og er þá til athugunar, hvort við komum henni að við 2. eða 3. umr. En þar eð hún liggur eigi fyrir enn, geri ég hana ekki frekar að umtalsefni.

Finnur Jónsson: Við tveir þm., hv. þm. Borgf. (PO) og ég, höfum flutt brtt. við annað lagafrv. í þinginu fyrir áramót vegna sjóveðskrafna þeirra, sem á fiskiskipum hvíla eftir síldarvertíðina. Nú höfum við fengið upplýsingar um, að þetta hafi eitthvað lagazt. En hins vegar liggur fyrir í bréfi, sem fylgir þessu frv., að Landssamband íslenzkra útvegsmanna telji það eitt af skilyrðum þess, að hægt verði að hefja útgerðina í vetur, að sjóveðskröfurnar verði innleystar með aðstoð ríkisins hið allra fyrsta. Áður hafði Landssambandið gert um það ákvörðun eða samþykkt á fundi sínum fyrir áramótin, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til samkomulags þess, er fulltrúafundur L.Í.Ú. gerði við ríkisstj. þ. 11. jan. 1949, þar sem ríkisstj. lofaði setningu laga um afla- og hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og jafnframt, að sjóðurinn yrði starfræktur árið 1949, samþykkir aðalfundur L.Í.Ú. að skora á Alþingi, að með því að lögin um afla- og hlutatryggingasjóð ákveða, að greiðslur úr sjóðnum nái ekki til ársins 1949, þá geri það þegar ráðstafanir í sambandi við frumvarp til laga um viðauka við og breytingu á lögum nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl., á þá leið, að síldarútvegsmönnum, er gerðu út á síldveiðar sumarið 1949, verði veitt aðstoð vegna aflabrestsins, eigi minni og með svipuðu fyrirkomulagi og gert var vegna síldarleysisins 1948.

Í þessu sambandi vill fundurinn vekja athygli Alþingis á því, að þar sem margir útvegsmenn hafa enn ekki getað innleyst sjóveðskröfur af skipum sínum, er það mjög aðkallandi, að máli þessu verði hraðað."

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það að ræða þessa till. frekar. Það var á sínum tíma samkomulag um það milli fjórða sambandsþings útgerðarmanna og ríkisstj., að aflatryggingasjóðurinn skyldi taka til starfa 1949, en síðan var ákveðið með l. frá Alþ., að það skyldi ekki verða fyrr en 1950. Ríkið hafði veitt þeim mönnum nokkra fyrirgreiðslu, sem verst höfðu orðið úti, er síldarvertíðin brást í annað, þriðja og fjórða sinn, en í fyrrasumar var það í fimmta sinn, sem vertíðin brást, og þar sem aflatryggingasjóðurinn gat ekki tekið til starfa fyrir þá vertíð, er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að Alþ. veiti heimild til þess að greiða fyrir þeim, sem fyrir aflabresti urðu þarna fimmta sinn, er vertíðin brást s. l. sumar. Það er því þess vegna, sem við höfum lagt fram þessa till. núna, þar sem það er einnig sýnilegt, að það gæti ekki komið annars það fljótt á dagskrá núna, að það yrði afgreitt í tæka tíð. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna."

Lögin, sem þarna er vitnað til, eru frá 15. des 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Í 2. gr. þeirra laga er það tekið fram, að ríkissjóður geti leyst til sín lögveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkv. lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. mgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests 1948. — Þá eru í 3. gr. þessara laga ýmis fyrirmæli um það, hvernig hagað skuli innlausn þessara krafna, og annað, sem nauðsynlegt er að lögum. En samkv. 5. gr., sbr. 6. gr., skipar sjútvmrh. 5 manna nefnd, skilanefnd, til að hafa á hendi innlausn lög- og sjóveðskrafna og aðra framkvæmd laganna.

Nú er svo komið, að starfandi er skilanefnd, skv. l., og er þá ekki nema eðlilegt, að hún hafi á hendi innlausnina.

Það má segja, að það hafi verið heldur hljótt um þetta mál hér á þingi og gætir um það nokkurs misskilnings, því að stjórn L.Í.Ú. heldur því fram, að hún hafi haft samband og miklar umr. um þetta mál við fyrrv. hæstv. sjútvmrh., núv. atvmrh., en hann heldur því hins vegar fram, að það hafi varla verið minnzt á þetta mál við sig. En það má vera, að þeir hafi álitið sem svo, að þar sem áður var búið að gera nauðsynlegar ráðstafanir, er vertíðin hafði brugðizt sumrin á undan, þá hafi þeir nú talið, að þessar ráðstafanir mundu nú einnig verða gerðar án sérstaks eftirgangs. En hvað sem því líður, þá hefur L.Í.Ú. nú safnað skýrslum um sjóveðskröfur á viðkomandi skipum, og eftir því sem fyrir liggur, virðist sjóveð nú vera á um það bil 70 skipum, sem síldveiðar stunduðu s. l. sumar. Eflaust er það nú svo, að þessi skip fara nú ekki öll á þorskveiðar í vetur. En ef sjóveðin væru innleyst af þeim, þá gæti það munað miklu um þann afla, sem þau veiddu, ef þau færu öll á vertíðina í vetur. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, nemur sjóveðið um 3 millj. króna á þessum skipum, en eðlilega þarf þessi skýrsla endurskoðunar við, en við flm. höfum þó haldið okkur við þá upphæð, en flm. erum við hv. þm. Borgf. (PO), hv. þm. Siglf. (ÁkJ), hv. þm. Snæf. (SÁ) og ég. Ætlunin var, að hv. sjútvn. Nd. flytti þessa till., en við náðum ekki í hv. þm. N-Þ. (GG) það tímanlega, að hann gæti sagt álit sitt á henni eða gefið svar um, hvort hann yrði með henni, svo að þess vegna er hún flutt af okkur hinum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa till., en vil leyfa mér að leggja hana fram núna og óska, að afbrigða verði leitað fyrir henni. Einnig vil ég leyfa mér að vænta þess, þar sem það lítur út fyrir, að flokkarnir séu sammála um að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun útvegsins, að þá verði einnig gerðar ráðstafanir til þess að sjá fyrir þessu veigamikla atriði.

Forseti (SB): Mér hefur borizt till. frá þm. Ísaf., þm. Borgf., þm. Siglf. og þm. Snæf., og er hún svo hljóðandi: [Sjá þskj. 186].

Þar sem brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi takast fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. og ég erum sem meðlimir hv. fjhn. Nd. sammála um samþykkt þessa frv., að mestu eins og það liggur hér fyrir, en þó með þeim breyt., sem lagt er til á þskj. 177, að gerðar verði. Þó vildi ég gjarnan fallast á breyt. á 12. gr. eins og kom fram hjá hv. þm. V-Húnv. (SkG) áðan. Í sambandi við fjáröflun þá, sem í frv. ræðir til þess að standa straum af útgjöldunum, mun hæstv. fjmrh. tala hér á eftir. En ég verð þó að segja það, að það er dálítið óviðfelldið, þegar um er að ræða svo stóra útgjaldaliði sem hér, að þm. skuli ekki vilja heimila ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að mæta þessum útgjöldum.

Það hefur mikið verið um þetta rætt, en þó aðallega af hv. 2. þm. Reykv. (EOl), en að svo stöddu mun ég ekki fara út í þær umr. frekar. En hins vegar vil ég leggja á það megináherzluna, að þessu máli verði flýtt svo sem auðið er, þar sem hver dagur, sem á sjó gefur og ekki er hægt að róa, vegna þess að ekki er búið að samþ. þetta frv., getur kostað þjóðina 1—3 millj. kr. í útflutningsverðmætum.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir það, að hv. fjhn. hefur leitazt við að sýna lit í þessu stórmáli, en hefði

þó kannske átt að vona, að það hefði orðið fyrr, svo mikil áherzla sem var á það lögð af þingflokkunum, að ríkisstj. kæmi með till., jafnvel um sjálfa jólahelgina. Þá hefði einnig mátt ætla, að einhverjir mundu koma með till. um þetta efni, á þessum grundvelli, svo að þeir, sem við eiga að búa, gætu fengið tryggingu, er við mætti una.

Nú sýnist mér það ekki vera umdeilt, að undirbúningur ríkisstj. hafi verið á þann veg, að engan veginn hefur verið tekið undir fyllstu kröfur, er fyrir lágu, heldur hafi hún leitazt við að stilla þeim í hóf, áður en hún lagði þær fyrir hv. Alþ. Það virðist horfa þannig við, að hv. fjárhagsnefndarmenn, og líklega þá einnig þeir flokkar, sem að þeim standa, líti allmisjöfnum augum á þessa ábyrgð. Það hafa myndazt ýmsar samfylkingar um brtt. á hinum ýmsu þskj.: Alþfl.-menn og kommúnistar, framsóknarmenn og kommúnistar og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn á einstaka. Um þau atriði, sem n. hefur orðið sammála um, má heita, að sé fullt samkomulag í hv. d., og um þær breyt., sem hún leggur til, að gerðar verði, og birtast á þskj. 177 og teljast mega réttmætar eftir atvikum. En n. hefur komizt að þeirri niðurstöðu um ábyrgðarverð á saltfiski, að þar væri fullhart í reikningnum gengið, en upphaflega er við það miðað, að saltverð hafi minnkað, en flutningskostnaður hins vegar aukizt sem því nemur. Það mun þó sönnu nær að hafa ábyrgðina eins og lagt er til í brtt.

Þá er það sjálf ábyrgðin. Mér skilst, að hv. 2. þm. Reykv. vilji ganga lengst og láta ábyrgðina gilda fyrir allt árið. Þar næst er það svo frv. sjálft og till. hv. þm. V-Húnv., sem vill ganga jafnlangt og í frv. segir, hvað ábyrgðina áhrærir. Svo er það hv. form. fjhn., þm. V-Ísf. (ÁÁ), sem ekki vill taka lengri ábyrgð en til 1. marz. Þó hefur hann gefið þá yfirlýsingu fyrir sjálfan sig og flokksbræður sína, að ef ekki væru á því tímabili komnar fram aðrar heildarráðstafanir, sem gerðu ábyrgðina óþarfa, þá mundi hann vera með áframhaldandi ábyrgð. Í samræmi við till. sína um, að 12. gr. félli niður, vill hann einnig láta fella 14. gr., en hún fjallar um tekjuöflun til þess að standa undir þessum skuldbindingum.

Mér skilst, að bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V-Húnv. vilji láta ábyrgðina standa áfram eftir 1. marz, hv. þm. V-Húnv. til vertíðarloka, 15. maí, en hinn allt árið. En báðir eru á því að fella í burtu 14. gr., og virðist þá sem þeir vilji láta lögfesta ábyrgð, láta Alþingi gefa fyrirheit um að styrkja bátaútveginn með milljónaframlagi, en gera hins vegar ekkert ráð fyrir neinni tekjuöflunarleið til þess að standa undir þessum útgjöldum. Í þessu sambandi vil ég minnast á till. um kjötábyrgðina og taka fram, að ég skal ekki hafa á móti henni.

Þegar um er að ræða að gera ráðstafanir til þess að gera það fært fyrir bátaútveginn að hefja veiðar, og á það hefur verið lögð mikil áherzla, bæði núna fyrir áramótin og fyrr, af Alþfl. og Framsfl., þá er það undarlegt, þegar sá þessara flokka, sem hvað mesta áherzlu lagði á skjóta úrlausn, vill kippa öllum fjárhagsgrundvellinum undan og sigla þannig í kjölfar hv. 2. þm. Reykv.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á afstöðu bankanna til þessa máls. Ég get sagt hv. þdm. það, að það hefur verið rætt við bankastjóra þjóðbankans af hv. n., og ég hef rætt við bankastjóra Útvegsbankans um lán til útgerðarinnar, og kom það þá í ljós mjög skýrt, sérstaklega þó hjá bankastjóra Útvegsbankans, að þeir mundu miða gerðir sínar við það, hvað Alþ. mundi gera í þessu máli. Það getur vel verið, að bönkunum þyki nægilega frá þessu gengið í frv., en hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V-Húnv. vilja, að þingið lofi þessari ábyrgð án þess að tryggðar séu tekjur til þess að standa undir skuldbindingunum, en ég efast þó um, að bönkunum finnist nægilega og forsvaranlega frá þessu gengið.

Við 1. umr. þessa máls var mikið mál í það borið, að í frv. væri ofreiknaður sá kostnaður, sem af ábyrgðinni stafaði. Ég sagði það þá, að við skyldum ekki eyða of miklum tíma í það í d. að ræða það, því að hv. fjhn. mundi verða séð fyrir öllum gögnum, sem ríkisstj. hefði haft undir höndum, og gæti þá hv. fjhn. gengið úr skugga um, hvort of í lagt væri. Ég ætla nú, að það hafi komið fram á fundum hv. fjhn., að engin ástæða var til þess að vefengja þær tölur, sem ég lét eftir mér hafa við 1. umr. málsins. Enn fremur mikluðu sumir hv. þm. það mjög fyrir sér við 1. umr., hversu þung skattakrafa sú væri, er lögfesta skyldi til þess að standa straum af þeim útgjöldum, sem mæta átti, og gekk það svo langt, að einn hv. þm. fullyrti, að ríkisstj. væri þarna að heimta þrefaldar tekjur á við það, sem ábyrgzt væri. Eins og hv. þm. vita, er ekki í fjárlfrv., eins og það liggur fyrir, gert ráð fyrir neinum útgjöldum vegna fiskábyrgðarinnar. Þess vegna var fyllilega réttmætt að ganga út frá því, ef á að taka þá ábyrgð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að gera ráð fyrir fiskábyrgðinni eins og hún var á s. l. ári, að viðbættri þeirri hækkun, sem menn hafa orðið sannfærðir um, að væri það minnsta, sem bátaflotinn, hraðfrystihúsin og saltendur þyrftu að fá. Það var talið, að þetta mundi nema 42 millj. kr. Þessi tala mun láta nærri að vera rétt, og hv. fjhn. hefur nú haft tækifæri til þess að sannfærast um það rétta í málinu. Þá var einnig við 1. umr. málsins reynt að færa rök að því, að söluskatturinn í frv. því, sem fyrir liggur, væri allur ætlaður til að standa undir fiskábyrgðinni. En svo er ekki. Í fjárlfrv. er stór tekjuliður miðaður við þann söluskatt, sem var í gildi s. l. ár, sem er 6% af tollverði innfluttrar vöru. Hann er talinn þar í tekjum, og útgjöld frv. eru miðuð við, að hann sé áframhaldandi í gildi, og í útgjaldaliðum fjárlfrv. er enginn eyrir fyrir fiskábyrgðinni. Þess vegna er það, að þegar talað var um söluskattinn, eins og ráð var fyrir gert, að hann þyrfti að vera, þá hefði réttmæt gagnrýni átt að draga frá þau 6%, sem þegar eru komin í fjárlfrv. Það var ekki gert, heldur var hafður í frammi áróður til að gera skattaálögurnar miklu meiri í augum fólksins en þær í raun og veru voru og til að skapa andúð gegn frv.

Þetta liggur nú allt skýrara fyrir, og eins og ég minntist á, þá hafa nm., að undanskildum fulltrúum Sjálfstfl., lagt það til, að ábyrgðin héldist, en að fjáröflunarmöguleikunum væri kippt í burtu. Sjálfstæðismenn vilja hins vegar fylgja sinni stj. í því að freista þess að afgreiða þetta mál á ábyrgan hátt eins og venja hefur verið eða eins og gerð var tilraun til að gera á síðasta Alþ. Ríkisstj. hefur ekki bolmagn til þess að lögfesta sínar kröfur eingöngu með tilstyrk síns eigin flokks, og verður það þess vegna Alþingis að taka ábyrgð á því, sem hér kann fram að fara. Ef Alþ. velur þann kost að samþykkja ábyrgðina fyrir allt árið, án þess að gera neinar ráðstafanir til þess að standa undir kostnaðarhliðinni, eins og hv. 2. þm. Reykv. leggur til og að því er mér virðist hv. þm. V-Húnv. líka, þá verður það fram að fara. Ég skal á þessu stigi málsins engu um það spá, hvort fulltrúar útvegsmanna telja sig bættari með þá afgreiðslu málsins, sem hér virðist vera stefnt að. Í viðtölum sínum við ríkisstj. héldu þeir því fast fram, að ábyrgðin a. m. k. gilti til miðs maímánaðar. Þeir létu svo auðvitað ríkisstj. hitt eftir, að gera till. um það, á hvern hátt yrði undir slíkum ábyrgðum staðið, og hún hefur sýnt viðleitni í því efni, eins og fyrir liggur í frv. því, sem er hér til umr. Verður það nú Alþingis að kveða á um það, hver afdrif frv. verða, hvað það snertir.

Ég sé ekki ástæðu til að gera að umræðuefni hina löngu og heimspekilegu markaðsræðu hv. 2. þm. Reykv. við þessa umr., því að það gæti orðið til að tefja mjög afgreiðslu málsins, sem ég og ríkisstj. öll hefur lagt áherzlu á að tefja ekki og sömuleiðis lagt áherzlu á að undirbúa svo forsvaranlega fyrir Alþ., að það gæti tekið sínar ákvarðanir fljótlega, og svo fljótt, að engin stöðvun hlytist af drætti málsins hér á Alþ. Hitt er svo annað mál, að fyrir ríkisstj. hefur það ávallt vakað, að þetta væri bráðabirgðalausn, sem borin er fram jafnhliða von um, að heildarlausn náist, eins og margsinnis hefur komið fram. Mér heyrist líka á ræðum ýmissa þm. nú, að það liggi í loftinu eða sé nokkuð fast í hugum manna, að slík heildarlausn þurfi að nást. Hitt var samt sem áður álit okkar í ríkisstj., að jafnvel þótt um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða eða ráðstöfun, sem við vildum láta verða bráðabirgðaráðstöfun, þá væri það ekki verjandi að leggja þessar till. fram, svo þýðingarmiklar sem þær eru fyrir þennan stóra atvinnuveg, án þess að á það væri bent, hvernig sá kostnaður yrði uppi borinn, sem ríkissjóður augsýnilega þyrfti á sig að taka.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Í sambandi við brtt. á þskj. 176 vil ég aðeins geta þess, að þetta er í framhaldi af því, sem ég sagði, þegar málið var síðast til umr., og ég hef komið hér með brtt., sem er, eins og hv. frsm. n. tók fram, leiðrétting á því, sem áður var komið og hefur áður verið rætt, og sé ég því ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð. Ég tel, eins og sakir standa nú, að þá sé þetta eins nærri sanni og hægt er, en alltaf hlýtur þetta að vera áætlunartala. Út af þeim brtt., sem fram hafa komið, þá virðist mér það liggja fyrir, að tveir flokkar, Alþfl. og Sósfl., leggi til, að 12. og 14. gr. verði felldar niður, m. ö. o., að það sé aðeins tekin ábyrgð á fiskverðinu til 1. marz og lengur ekki. Hins vegar virðist það koma fram af afstöðu fulltrúa Framsfl., að hann vilji halda ábyrgð ríkissjóðs til 15. maí, sem hefur verið talin 42 millj. kr., án þess að nokkur tekjuöflun komi þar á móti, nema það litla, sem gert er ráð fyrir í 3. kafla dýrtíðarl. Þetta er að vísu ekki fram komið enn, en hlýtur að skýrast við afgreiðslu málsins í d. Afstaða þeirra tveggja flokka, sem ég nefndi fyrst, er sú, að þeir vilja samþykkja ábyrgðina til 1. marz og gefa yfirlýsingu um áframhald, og þá á útvegurinn það undir Alþ., hvort hann fær nokkra ábyrgð á áframhaldandi rekstri, ef heildarlausn um afgreiðslu málsins hefur ekki fengizt fyrir þann tíma. Þetta er afstaða, sem ég viðurkenni, að megi deila um. Framsfl. vill hins vegar láta ríkissjóð taka á sig ábyrgðina til vertíðarloka, án þess að nokkrar tekjur komi þar á móti og án þess að nokkur viti á þessari stundu, hvort og hvernig eigi að afla tekna til þess að standa undir þessari ábyrgð, ef hún á að halda áfram til 15. maí. Mig furðar mjög mikið á þessari afstöðu Framsfl., ef það kemur í ljós, að hún verður eins og ég nú hef lýst. Mig furðar sérstaklega á því, vegna þess að enginn annar flokkur hefur frekar en þessi valið mönnum heiti sem óábyrgum mönnum, ef þeir hafa afgreitt mál, þó að það hafi verið á minna óábyrgan hátt en hér er um að ræða. Ég sé ekki aðra ráðningu á þessu en þá, að flokkurinn sé staðráðinn í því, að fyrir 1. marz veiti hann Sjálfstfl. fylgi til þess að koma fram till. til frambúðarlausnar á þeim vandamálum, sem hér um ræðir, og er þá náttúrlega allt öðru máli að gegna um afstöðu flokksins.

Í sambandi við brtt. á þskj. 180 vil ég benda á það, að ef framlengingin á III. kafla dýrtíðarl. nær ekki lengra en til 1. marz, þá er sýnilegt, að tekjur af þeim lið verða ekki svo miklar í þessa tvo mánuði, að þær hrökkvi til að standa undir þeim minnstu gjöldum, sem óhjákvæmilega hljóta að verða á þessu tímabili. Þá verður Alþ. að framlengja þessa tekjuöflun eða gera ráðstafanir til að afla fjár á annan hátt til að standa straum af þeim útgjöldum, sem þarna koma til greina. Þess vegna hefði mér fundizt eðlilegt að hafa þetta eins og það er í frv., að framlengja tekjuliðina til ársloka, en taka þá til endurskoðunar 1. marz, þegar vitað er, hvernig með þessi mál verður farið, hve miklu ríkissjóður þarf að standa skil á vegna ábyrgðarinnar, og þá mætti láta tekjuliðina gilda þann tíma, sem ætla mætti, að þeir þyrftu að gilda til þess að afla þess fjár. — Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál frekar, þangað til séð verður, hvernig frá frv. verður gengið í deildinni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sögðu um afstöðu Framsfl. í sambandi við þetta mál. Afstaða hans mun verða þannig, að flestir af þm. Framsfl. munu greiða atkv. með till. hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), um að framlengja gömlu

skattana til 1. marz, og framsóknarmenn munu yfirleitt vera fylgjandi því að fella 14. gr. frv. niður. Jafnframt munu flestir framsóknarmenn væntanlega greiða atkv. á móti því að fella niður 12. gr. frv., og hafði því hæstv. fjmrh. í höfuðdráttum rétt fyrir sér, þegar hann gizkaði á, hver afstaða þm. Framsfl. mundi verða.

Vegna þeirra orða hæstv. fjmrh., að það væri ábyrgðarleysi að samþykkja till. stj. um að ábyrgðin geti gilt til 15. maí, ef ekki yrði búið að gera aðrar ráðstafanir, án þess að samþykkja nú að framlengja skattana til þess tíma, vil ég segja nokkur orð. Það er sagt, að það vanti peninga til að standa undir fiskábyrgðinni. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að það mun láta nærri, að á undanförnum árum hafi verið aflað tekna, sem menn hafa sagt, að ættu að vera til þess að standa undir fiskábyrgðinni og borga niður verðlagið innanlands, sem numið hafa 80 millj. kr. á ári. Þetta mun áreiðanlega ekki vera fjarri lagi. Hverjar eru svo dýrtíðargreiðslurnar? Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, og ef svo illa tækist til, að ábyrgðin yrði framlengd til 15. maí, þá kostar það 42 millj. kr. Við vitum allir, að raunverulega er þessu á þann veg farið, að það vantar gífurlega fjármuni í ríkissjóð, ef uppbótaleiðin verður farin áfram, en þá vantar ekki frekar til að greiða með fiskábyrgðina en sitt hvað annað. Þegar hér var samþ. 20% launauppbót fyrir jólin, ekki með atkv. framsóknarmanna, heldur stj., þá var ekki talað um, að peninga vantaði eða ábyrgðarleysi væri að samþykkja þá till., án þess að um leið væri lagður á skattur. Manni skildist, að peningar væru til til þess að greiða það, en þegar að því kemur að athuga, hvort til séu einhverjir peningar til að standa undir fiskábyrgðinni til bráðabirgða, þá er álitið, að svo sé ekki. Sannleikurinn er sá, að það vantar stórkostlega peninga, en eins og ég sagði áður, ef allir reikningar eru rannsakaðir, þá mun það sannast, að þá vantar ekki frekar í fiskábyrgðina en hvað annað. Þetta vildi ég, að hæstv. ríkisstj. hefði í huga. Það er náttúrlega ákaflega þægilegt að láta þjóðina standa í þeirri meiningu, að þegar þarf að hækka laun, þá rigni peningum úr loftinu, en aðeins þegar kemur til þess að greiða fiskábyrgðina, þurfi að ná sköttum í ríkissjóð, en taka svo skattana í aðrar greiðslur. Með þessu móti stendur þjóðin í þeirri trú, að hægt sé að þenja út ríkisreksturinn, án þess að lagðir séu á skattar, skattarnir séu svo teknir til þess að útvegurinn geti gengið áfram. Við skulum athuga það, að auðvitað þurfa menn að gera sér grein fyrir, hvernig hægt er að ná í peninga, ef útflutningsábyrgðin þyrfti að halda áfram, en það er erfitt að segja um það með þá peninga, sem inn koma, hvað af þeim fer til framleiðslunnar og hvað til annars. Ég hefði ekki minnzt á launauppbótina í sambandi við þessar umr., ef hæstv. ráðh. hefði ekki gefið tilefni til þess, en þetta mál er sannarlega ekki eins einfalt og hann gefur í skyn.

Að gefnu tilefni vil ég gera grein fyrir öðru atriði, varðandi afstöðu Framsfl. Nú er vertíð hafin og um tvennt að velja, að stöðva alveg vertíðina meðan við glímdum um það, hvort ekki yrði fundin betri frambúðarlausn en ábyrgðin, eða ráðstafanir til bráðabirgða, sem nægilegar eru til þess að koma bátaflotanum af stað. Nú er því haldið fram, að menn eigi ekki að gera út nema að sjá fótum sínum forráð alla vertíðina. Við framsóknarmenn viljum ekki verða til þess að stöðva vertíðina, en við viljum fylgja því, að ábyrgð sé tekin á fiskverðinu til 1. marz og í bakhönd til 15. maí, til þess að útgerðin treysti sér af stað. Þetta gerum við í trausti þess, að fyrir þann tíma, 1. marz, verði búið að finna aðrar leiðir, og af því að við gerum þetta í trausti þess, þá viljum við ekki leggja á nýja skatta, sem við vonum þá, að aldrei þurfi að leggja á, vegna þess að fyrir þann tíma verði búið að finna önnur úrræði. Af þessum ástæðum viljum við fella 14. gr. úr frv., og við viljum ekki framlengja gömlu skattana nema til 1. marz, af því að við teljum, að ekki eigi að ákvarða skattaálögur nema örstutta stund fram í tímann, nema í sambandi við heildarráðstafanir í þessu máli, og að menn geri það upp við sig, hve mikil þörf er á sköttum í heild og til hvers þeir eru notaðir. Ég neita því, að þetta sé óábyrg afstaða, og þá vegna þess líka, að ég tel, að það mundi draga stórkostlega úr líkum fyrir því, að Alþ. kæmist inn á nýjar brautir, ef nú yrði samþ. að láta þessa skatta gilda áfram. Afstaða Alþfl. finnst mér nokkuð svipuð, en hún er þó önnur að því leyti til, að sá flokkur vill, í staðinn fyrir að ábyrgðarl. séu framlengd til 15. maí, gefa yfirlýsingu um, að verði ekki búið að finna ný úrræði fyrir 1. marz, þá verði ábyrgðarl. framlengd. Sennilega munar ekki miklu á afstöðu okkar og Alþfl., en við teljum hreinna fyrir útgerðina, að þetta sé ákveðið eins og við leggjum til, eða til 15. maí, af því að við finnum það á okkur, að beri Alþ. ekki gæfu til að leysa þetta mál fyrir 1. marz, þá verður niðurstaðan sú, að slík ábyrgð verður tekin. En við viljum, að Alþ. hafi aðhald með því að binda þetta við 1. marz, og er því afstaða okkar framsóknarmanna miðuð við það, en ekki af ábyrgðarleysi til komin.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) vildi halda því fram, sem einhverjir aðrir hv. þm. héldu fram, að það væru til nógir peningar, án þess að lagðir væru á nýir skattar. Þetta er bara tilraun til sjónhverfinga og á sér ekki stað í veruleikanum, eins og hann veit líka sjálfur. Söluskatturinn, sem nú hefur verið tekinn inn í fjárlfrv., var einn af aðaltekjustofnunum fyrir dýrtíðarráðstafanirnar. Þessi upphaflegi söluskattur gengur til að greiða niður innlendar afurðir, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Hins vegar er ekki í fjárlfrv. gert ráð fyrir neinni fjárhæð til að standa undir fiskábyrgðinni. Munurinn, sem kemur fram á þessu, er sá, að III. kafli l. um dýrtíðarráðstafanir, að undanteknum söluskattinum, hefur ekki verið tekinn inn í fjárlfrv. Sá hluti þess III. kafla var upphaflega áætlaður um 15—18 millj. kr. Af því hefur einn liður brugðizt að verulegu leyti, skattur af sölu

bifreiða, sem hefur ekki gefið nema brot af því, sem hann átti að gera. Þegar söluskatturinn er tekinn og þessi skattur, þá kemur mismunurinn fram á því, að tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar lægri í fjárlfrv. og margir, jafnvel flestir liðir rekstrargjalda eru áætlaðir miklu hærri en á síðasta ári, og þar af leiðandi hafa gjöld ríkissjóðs aukizt, en tekjuvonir á sumum liðum minnkað. Mér finnst því ekki málflutningur hv. 1. þm. S-M. sómasamlegur, heldur er þar allt sagt út í hött.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki blanda mér í umr. almennt um þetta mál, en ég vil í tilefni af því, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði, varðandi afstöðu Framsfl., og sérstaklega með hliðsjón af 14. gr. frv., viðurkenna, að það getur verið fullkomið sjónarmið af hendi Framsfl. að segja: Við treystum því, að Alþ. geri fyrir 1. marz þær ráðstafanir, sem við vitum, að meiri hl. Alþ. veit, að þarf að gera, og við teljum þess vegna, eftir atvikum, ekki nauðsynlegt að karpa um tekjuöflun og þá með hliðsjón af því, að þá mundum við ekki geta fallizt á þessa leið til tekjuöflunar, sem stj. hefur bent á. Ég fyrir mitt leyti viðurkenni, að þetta er sérstakt sjónarmið, en bendi á, að ríkisstj. þorði ekki fyrir sitt leyti að halda sér að því. 12. gr. er sett í viðurkenningarskyni þess, að það er a. m. k. hugsanlegt, að við berum ekki gæfu til þess að afgreiða heildartill. í málinu fyrir 1. marz. En ef 12. gr. verður þörf, þá er líka þörf fyrir 14. gr. Ég segi þess vegna: Ríkisstj. þorði ekki að taka á sig þessa ábyrgð, og bar þess vegna fram till. um þessa tekjuöflun, sem að sjálfsögðu má deila um. Ég vildi mega taka þessa yfirlýsingu hv. 1. þm. S-M. sem yfirlýsingu um það, að hann og hans flokkur vilji ásamt öðrum, bæði ríkisstj. og hennar flokki og þeim öðrum, sem að því vilja vinna, hafa sem sneggst handtök um að reyna að afgreiða endanlega lausn málsins. Frá því sjónarmiði vil ég mega líta á þessar till. þeirra, þótt ég að öðru leyti vilji endurtaka það, að við sjálfstæðismenn þorðum ekki að leggja bagga ábyrgðarinnar á bak ríkissjóðs, án þess að sjá fyrir tekjum, af því að við óttuðumst þetta tvennt: Í fyrsta lagi, að til þess gæti komið, að dráttur yrði á heildarráðstöfunum, og þá einnig, að ósamkomulag gæti orðið um tekjuöflun eftir á, en ábyrgðin væri eftir sem áður í gildi. Ég vildi því mega undirstrika það, að ég tek þessa yfirlýsingu hv. 1. þm. S-M. að því leyti alvarlega, að hann vilji hraða afgreiðslu á endanlegum till. í málinu.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi einmitt undirstrika það, að þessi er einmitt afstaða Framsfl., m. a. að auka aðhaldið og knýja til úrslita um aðrar leiðir í málinu. Út af því, að hæstv. fjmrh. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að til væru nógir peningar til að greiða ríkisábyrgðina með, þá er það útúrsnúningur á orðum mínum. Ég benti hins vegar á það, og ég þarf ekki að endurtaka það í langri ræðu, það er svo einfalt, að á síðustu árum hefði tugum milljóna verið safnað í ríkissjóð og menn hefðu sagt, að þetta væri til þess að borga niður dýrtíðina og til þess að standa undir ábyrgðum bátaútvegsins. Ef þetta fé hefði allt verið notað aðeins í þessu skyni, þyrfti ekki að afla nýrra tekna nú, a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti. En aðferðin hefur verið sú, að mikið af þessu fé hefur svo verið látið ganga inn í almennan rekstur ríkissjóðs. Þó að sagt sé, að það eigi að standa undir útflutningsábyrgðinni m. a., er það meðal annarra hluta notað til að greiða með því launauppbætur. Og ég minnist á það í þessu sambandi, að það var ekki talað um, að leggja þyrfti á nýja skatta eða útvega nýjar tekjur, þegar samþ. var till. um launauppbótina. Ég vil líka benda á, að það er hættulegt, að þjóðfélagsþegnarnir fái þá mynd af ríkisrekstrinum á tilfinninguna, að hægt sé að þenja út ríkisrekstur inn og hækka launin án þess að um leið sé gert ráð fyrir sköttum. Svo eru skattarnir teknir með þeim forsendum, að þeir þurfi að ganga til bátaútvegsins. Ég veit, að við skiljum allir, að þessa mynd verður að leiðrétta. Hitt veit hæstv. fjmrh. vel, að það vantar stórkostlega mikið fé til þess að halda uppi rekstri ríkisins og standa straum af dýrtíðargreiðslunum, þegar þetta kemur allt saman. Hæstv. ráðh. sagði, að það vantaði fé í þessar greiðslur, vegna þess að þetta væri ekki fært inn á fjárlfrv. Það er auðvitað bókfærsluatriði, hvað fært er inn á fjárlfrv. Það hefði verið hægt að færa útflutningsábyrgðina á fjárlfrv. og segja svo, að það vantaði peninga til þess að borga niður dýrtíðina. Það var engu síður ástæða til að setja útflutningsábyrgðina í fjárl., en segja svo, að það vanti peninga til þess að halda uppi launagreiðslum og almennum rekstri ríkissjóðs. En þetta er líkast því að leika sér með tölur og er bókfærsluatriði.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Mig furðar alveg á fullyrðingum hv. 1. þm. S-M. Ég hélt þvert á móti, að það væri hans skoðun, að þeir tekjustofnar, sem hafa að undanförnu verið lögleiddir með það fyrir augum að standa undir dýrtíðinni, sem svo er kallað, og er þá meint það fé, sem notað er til að greiða niður kjöt og annað slíkt innanlands til að halda niðri dýrtíðinni og svo til að bæta upp útflutningsvörur, hefðu verið til þess notaðir. Ég fullyrði aftur á móti, að oftast hafi verið notað meira en skattaálögur gera ráð fyrir í þessu skyni, bæði hvað snertir fiskábyrgðina og niðurgreiðslur innanlands, og er þess vegna alls ekki rétt að halda því fram, að verið sé að leggja á skatta hér á Alþ. — mér skildist, að það hefði verið gert undanfarið — undir því yfirskini, að þeir væru notaðir til dýrtíðarráðstafana, en svo hefði það ekki verið gert. Annað var ekki hægt að skilja af orðum hv. þm. Þetta var gersamlega rangt. Ég vil svo spyrja hv. þm. um það, hvers vegna það var, að á síðasta Alþ. starfaði þessi hv. þm. með mér — en þá var hann ráðh. — og öðrum að því að finna tekjustofna til þess að standa undir þeirri fiskábyrgð, sem Alþ. var þá að taka á sig, og til að greiða niður dýrtíðina innanlands og annað slíkt. Fjárl. bera þess vott, að gert var ráð fyrir 64 millj. kr. útgjöldum í

þessu skyni. Að auki var svo dýrtíðarsjóður, og í hann var safnað m. a. með skattaálögum til að standa undir þessu. Þá var þessi hv. þm. þeirrar skoðunar, að þetta þyrfti að gera. Ég skil ekki, að hann hefði tekið þátt í þessum aðgerðum sem ráðh., ef hann hefði ekki verið á þeirri skoðun, að þess þyrfti með. Nú virðist hann vera kominn á allt aðra skoðun. Nú þarf bara að samþykkja útgjöld, og síðan koma dagar og þá koma ráð. Þetta er náttúrlega skoðun líka, en þetta er gersamlega í ósamræmi við skoðanir, orð og athafnir hv. 1. þm. S-M. á síðasta ári, þegar hann var í ríkisstj. Ef um orðaleik er hér að ræða, þá er hann þeim megin, sem hv. 1. þm. S-M. er.

Ég bið afsökunar á því, að þegar ég minntist á brtt., þá láðist mér að geta um brtt. hv. þm. Ísaf. um 1½ millj. kr. sjóveðskreppuhjálp, sem hann taldi, að þyrfti að samþykkja. Í sambandi við það, sem hann sagði um þetta, vil ég geta þess, að árið 1948 var veitt ábyrgðarlán, og þá komu menn með til ráðuneytisins eða sendu réttar upplýsingar um síldarvertíðina. Það varð til þess, að sérstök n. var sett til að rannsaka þessi mál, og það var gert gaumgæfilega. Sú n. var kölluð skilan. Þá var svo veitt hjálp, sem nam 6½ millj. kr. Ég tók 6 millj. kr. upp í fjárlfrv., en 6½ millj. kr. þurfti til að leysa vandann frá síldarvertíðinni 1948. Í haust horfði þetta allt öðruvísi við, a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð. Það var fullyrt, að L. Í. Ú. hefði átt að fara til ráðun. og biðja um sams konar hjálp. Ég mótmælti því, að það hafi verið gert. Ég hafði talsvert rökstudda ástæðu til að álíta, að það þyrfti tæplega á kreppuhjálp að halda handa bátaflotanum á s. l. hausti. Ég veit um mína síldveiðisjómenn í Eyjum, þeir voru sumir með bágborinn árangur, en ég held, að ég hafi engan mann heyrt víkja að því orði, að gera þyrfti ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem gerðar voru 1948. Ég skal ekki um það segja, að ef ég hefði haft mig allan í frammi við að lýsa eftir kreppuástandi, nema þá hefði mátt ná saman 70 skýrslum, eins og nú er sagt að liggi hjá L. Í. Ú. Ég hef þess vegna ekki viljað forsóma neitt í þessu efni. Það getur vel verið, að 1½ millj. kr. dugi til að leysa þessa kreppu, en það getur líka vel verið, að það komi menn fram á sjónarsviðið, sem hafa fengið lán til að gera upp við hásetana í haust, svo að hásetarnir séu ekki með kröfur á þá. Þessir menn, sem hafa fengið lán hjá öðrum í þessu skyni, þyrftu þá kannske líka hjálp, og þá þyrfti þessi kreppuhjálp að verða viðtækari. (*PO:* Þeir eru þarna með.) Veit hv. þm. þetta? (*PO:* Já.) Það kann að vera. Ef miðað er við, að 6½ millj. þurfti til að veita þessa aðstoð 1948, þá þykir mér líklegt, að 1½ millj. nái ef til vill skammt fyrir árið 1949, þ. e. a. s., ef leitazt er við að framkvæma þetta réttlátlega, eins og gert var 1948, en það fullyrði ég, að þeir menn, sem sátu í skilan. 1948, hafi gert. Svo er annað, sem vert er að athuga í þessu máli. Einn af stærstu útgerðarmönnum landsins skrifaði grein í dagblað og sagði þar á þá leið, að sá háttur væri á hafður, að hið opinbera verðlaunaði þá menn, sem létu það undan falla að greiða sjómönnum sínum laun, en hinir yrðu að eiga sig sjálfir. Ég hef alltaf borið kvíðboga fyrir því, ef sá hugsunarháttur færi að grípa um sig hjá útgerðarmönnum, að með því að draga að gera upp við sitt fólk, þá mætti búast við, að Alþ. eða ríkisstj. tæki sig til og færi að hjálpa þeim. Það þarf að grandskoða það, sem gert er í þessu efni. Ég ætla ekki að leggja á móti því, að þessi brtt. verði samþ., en ég vil benda á það, að að mínu áliti er það ekki útilokað, að allmiklu meira fé þurfi en þarna liggur fyrir. Það var minnzt á, að skilan., sem að þessu starfaði 1948, mundi bezt til þess fallin að hafa þetta verk með höndum. Það tel ég einnig líklegt, og þar bætast við verkefni, sem hún hefur ekki gert ráð fyrir, vegna þess, að nú vinnur hún á grundvelli löggjafar, sem hefur verið sett um þetta atriði síðan kreppuhjálpin var veitt 1948.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vildi aðeins taka þetta fram nú, en ég minntist ekki á þessa till. áðan, vegna þess að hún lá ekki hér fyrir prentuð. Það má svo segja, eftir því sem hér hefur fram komið, að sama sé, hvort samþ. sé till. um 1½ millj. til viðbótar, ef ekki þarf að sjá fyrir neinum tekjum, svo að mögulegt sé að framkvæma slíka hluti.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði haldið því fram, að á undanförnum árum hefðu þeir peningar, sem aflað var til að greiða niður dýrtíðina með, verið notaðir í annað. Hafi ég sagt þetta, þá er það af vangá, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá hefur það ekki verið gert. Þessar greiðslur hafa í heild orðið eins og þær tekjur, sem aflað var til þeirra.

Það, sem ég vildi benda á, er þetta, að ef sá háttur er á hafður, sem núv. ríkisstj. leggur til, að hafður verði, að nýrra tekna verði aflað til að standa undir allri útflutningsábyrgðinni, þá verður niðurstaðan sú, að mjög mikið af þeim peningum, sem undanfarin ár hefur verið aflað til að standa undir niðurgreiðslum og til að greiða útflutningsuppbætur, verður notað í annað. Það mun sýna sig, ef þetta er rannsakað, að þeir tekjustofnar, sem undanfarin ár hafa verið settir til að standa undir niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, mundu ekki í ár gefa mikið undir 80 millj. kr., og ef þeir fá að renna í útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur, eins og til stóð, þá mundi þetta standast á endum. En verði nú, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv., mikið af þessum peningum tekið til að standa undir launagreiðslum og almennum útgjöldum, þá þarf að afla nýrra tekna í þessu skyni. Þetta vildi ég segja með því, sem ég tók fram, og hvernig sem menn haga bókhaldinu, þá verður þetta þannig. Það er ekki hollt að láta þjóðina standa í þeirri meiningu, að hægt sé að belgja út ríkisrekstrinn og hækka laun án þess að afla tekna, en afla svo tekna að nafninu til til að standa undir útflutningsuppbótum, en láta peningana renna til annars.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi í fyrsta lagi gera nokkuð að umtalsefni þá afstöðu, sem fram hefur komið til þeirrar brtt., sem ég flyt við 1. gr. ásamt hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ). Ég hef orðið þess var, að það virðist vera andstaða frá allri ríkisstj. gegn því að samþ. þessa brtt. mína, þ. e. að láta fiskábyrgðina gilda fyrir allt árið, og ég fæ ekki skilið, við hvað þessi andstaða er miðuð og að ríkisstj. vill endilega miða við 15. maí. Þetta, að ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir, að þetta gildi lengur en til 15. maí, er ákaflega vafasamt. Með þessu móti er reiknað með því, að þegar útgerðin á Suðurlandi sé búin, sé búið að vera með útgerðarmöguleika annars staðar á landinu. Nú setti ég fram í fyrri ræðu minni spurningu til ríkisstj. varðandi markaðshorfur, og atvmrh. svaraði því, að þetta væri marklaus fílósófí, og vildi ekkert út í það fara. Ég held, að það sé ekki fílósófí, en ef svo færi, að markaðurinn yrði miklu minni en í fyrra og þessi lög yrðu samþ., þó að ekki væri nema aftur að 14. gr., yrði afleiðingin sú, að útgerðin yrði lögð niður 15. maí og sagt við útgerðarmenn um allt land: Það þýðir ekki fyrir ykkur að gera út á þorsk, það er búið að tæma markaðinn, þið verðið að braska með meira upp á eigin spýtur, ef þið þá fáið útflutningsleyfi. — Og það er nú þegar vitað, að bæði sjómenn og útgerðarmenn úti um land eru orðnir áhyggjufullir út af þessari afstöðu ríkisstj. Útgerðarmannafélag Akureyrar hélt fund í gær, og það hefur sent símskeyti til hv. 4. landsk. (StgrA), sem sæti á í Ed., og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp þetta símskeyti frá Útgerðarmannafélagi Akureyrar, en það hljóðar svo:

„Á félagsfundi vorum í dag, þar sem mættir voru útgerðarmenn frá Hrísey og Ólafsfirði, var samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Fundurinn telur framlagt lagafrumvarp um fiskábyrgðarverð vélbátaflotans ekki skapa honum viðunandi starfsskilyrði fyrir Norðurlandi og getur ekki fallizt á að samþykkja þarnefnt fiskábyrgðarverð, nema jafnframt verði fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1) Innleyst verði áhvílandi sjóveð á síldveiðiflotanum.

2) Væntanlegt ábyrgðarverð haldist til ársloka eða þar til aðrar ráðstafanir verða gerðar, er útvegsmenn geta betur sætt sig við.

3) Ákvæði um frjálsan gjaldeyri verði framlengd og við bætt þorskalýsi, allri netasíld og ísvörðum bátafiski.

Jafnframt teljum vér nauðsynlegt, að verðlagsráð sjávarútvegsins verði lögfest á þessu þingi og lögunum um hlutatryggingasjóð verði breytt til samræmis við nýgerðar tillögur Landssambandsins.

Útgerðarmannafélag Akureyrar“.“

Það er alveg greinilegt, að í þessari samþykkt Útgerðarmannafélags Akureyrar felst krafa, sem vafalaust á eftir að koma fram frá útgerðarmönnum víða á Norður-, Austur- og Vesturlandi, að það sé tryggt frá upphafi, að þessi löggjöf gildi fyrir vélbátaflotann allt árið, að hún gildi ekki aðeins fyrir Suðurlandsvertíðina, heldur allt árið. Ég álít þess vegna, að það sé óhjákvæmilegt, að hv. d. samþykki þá till. mína, að fiskábyrgðinni sé ætlað að gilda allt árið, þannig að tryggt sé, að allir útvegsmenn, hvar sem er á landinu, sitji þarna við sama borð. Fiskábyrgðin hefur frá því að hún fyrst var samþ. verið orðuð þannig, fyrir allt árið, en eins og frá þessu er gengið nú, eru horfur á, að fyrir hendi sé sá möguleiki að láta hana ekki gilda lengur en til 15. maí. Þetta er ákaflega mikið hagsmunamál fyrir útgerðarmenn á Norður-, Austur- og Vesturlandi, og vona ég eindregið, að menn geti orðið sammála um að taka tillit til þessa vilja þeirra og halda fiskábyrgðinni með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.

Atvmrh. vildi ekki ræða markaðsmálin. Ég veit nú ekki, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér afgreiðslu á þessu máli án þess að menn hafi gert sér nokkra hugmynd um, hvernig útlitið er viðvíkjandi þeim. Ég held, að að svo miklu leyti sem talað er um fjárhagslegan grundvöll í sambandi við þetta frv. og deilt á þá, sem eru á móti 14. gr., mætti ekki síður deila á hina, sem vilja fá afgreiðslu á þessu máli án þess að gefa þinginu nokkrar upplýsingar um þann fjárhagslega grundvöll, sem allt málið byggist á, sem er salan á fiskinum og útlitið með hana, og ég held að það væri ákaflega heppilegt, að það mál væri rætt hér. Ég vil vekja athygli á því, að ríkið hefur tekizt á hendur svo ríkar skuldbindingar gagnvart framleiðslunni og þar með útveginum, með afskiptum sínum af þessum málum, að það ætti með eðlilegum hætti bágt með að ræða ekki þann fjárhagslega grundvöll, sem fyrir þessu er. Ríkisstj. hefur í sínum höndum leyfi til útflutnings á öllum afurðum. Ríkið tekur í sínar hendur allan gjaldeyri, sem framleiddur er, og úthlutar honum eftir því, sem því býður við að horfa, eftir reglum, sem það sjálft setur, og að mínu áliti fer mjög mikið af þeim gjaldeyri til þess að tryggja hagsmuni heildsalastéttarinnar hér innanlands og mikið af útflutningnum úr landinu beinist til þeirra auðhringa, sem fyrst og fremst græða á útflutningi okkar erlendis. Það ríki, sem hefur svona afskipti af útflutningnum, hefur líka sínar skyldur gagnvart framleiðslunni og ber skylda til að sjá um, að framleiðendur geti notað tæki sín til fulls. En hæstv. ríkisstj. virðist ekki hér vera inni á þeirri braut, því að eftir því, hvernig hún orðar 12. gr., gæti maður látið sér detta í hug, að fyrir henni hafi vakað, að framleiðslan yrði stöðvuð seint á þessari vertíð, og þau mótmæli, sem í tilefni af því hafa komið, eiga vafalaust eftir að koma frá útgerðarmönnum víða úti um land, ef þeir geta náð saman fundi og sent samþykktir sínar, sem þeir gera með síma, ef hann er ekki bilaður. Ég vildi sem sagt koma á framfæri þessari samþykkt frá Útgerðarmannafélagi Akureyrar og þykist vita, að sá vilji sé víða fyrir hendi, bæði á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Ég vil þess vegna vonast til, að tekið verði tillit til þessarar till. minnar, að fiskábyrgðin gildi allt árið, svo að allir útgerðarmenn sitji við sama borð í þessum efnum. Það hefur alltaf verið þannig í fiskábyrgðarl., og það spáir ekki góðu, ef á að taka það út úr þeim núna.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. (EOl) gefa þá yfirlýsingu, að það er alls ekki hugsunin, sem liggur á bak við þetta frv., að ábyrgðin nái ekki nema til eins aðila, og er það alls ekki meiningin, að ríkisstj. hugsi sér, að út í það væri farið að meina einum eða neinum að stunda sínar eðlilegu vertíðir, þegar kemur fram á árið. Mér þykir nauðsynlegt, af því að hv. þm. gerði það, sem hann sjaldan gerir viljandi, að gera ríkisstj. upp miður góðar hvatir í þessum efnum, þá þykir mér nauðsynlegt að taka þetta alveg skýrt fram. Það var annað, sem fyrir okkur vakti, þegar við ákváðum þetta tímabil. Í fyrstu kom til mála að hafa skurðpunktinn 1. marz, eins og það var orðað hér við 1. umr. málsins, en við stóðumst ekki þau rök útvegsmanna, að vetrarvertíðin er atvinnukafli út af fyrir sig, til hennar er ráðið alveg sérstakt fólk, og menn afla sér nauðsynlegra rekstrarhluta, viða að sér veiðarfærum og allt það miðað við vertíðina alla. Þetta liggur í augum uppi, og þar sem útgerðarmenn gerðu þær kröfur, að við þetta tímabil væri miðað, stóðumst við það ekki. En hitt kom okkur ekki til hugar, að þegar að þeim tíma kæmi, og ekki hefðu verið gerðar einhverjar ráðstafanir af hálfu þings og stjórnar, sem gætu komið í stað framhaldandi ábyrgðar, þá kom okkur ekki til hugar, að þeim yrði neitað um sams konar ábyrgð, sem stunda sams konar útgerð fyrir Norður-, Vestur- og Austurlandi. Ég vil taka þetta skýrt fram. Það hefur verið svo margtekið fram, að það er okkar von og fleiri manna í þessu landi, að á þessu tímabili verði gerð skipulagning á þessum málum þannig, að ábyrgðin hverfi úr sögunni, og með það fyrir augum meðal annars er þetta tímamark sett.

Finnur Jónsson: Það var rétt hjá hæstv. atvmrh., að gerðar voru sérstakar ráðstafanir á árinu 1948 til aðstoðar síldarútvegsmönnum, og enn fremur hitt, að það hefur verið að störfum eins konar skilanefnd í þessu máli. Hitt held ég, að engum dyljist, sem hugsa um þessi mál og kynna sér þau rækilega, að við þann aflabrest, sem varð á síldveiðunum 1949, hafa myndazt alveg ný viðhorf. Vitanlega var til þess ætlazt, að þessi n. lyki störfum fyrir vertíð 1949, en það hefur hún ekki gert, og veit ég ekki um ástæður til þess og enda held, að það hafi ekki mikið að segja í þessu sambandi. En ég veit, að hvað sem líður þeim samtölum, sem kunna að hafa farið fram milli landssambandsins og atvmrh. og þessum aðilum ber ekki saman um, verður því ekki neitað, að gert var samkomulag milli fyrrv. ríkisstj. og landssambandsins um, að hlutatryggingasjóðurinn tæki til starfa á árinu 1949. Nú má e. t. v. segja, að þetta samkomulag hafi verið gert af fyrrv. ríkisstj. og sé ekki í gildi, en ég hygg, að sú mótbára eigi ekki rétt á sér, því að þeir þingflokkar, sem báru ábyrgð á ríkisstj., báru ábyrgð á því, að það samkomulag, sem gert var 11. janúar, væri haldið. Nú hafa farið fram kosningar síðan, en margir af þeim mönnum, sem voru þá í flokkunum, sitja enn á þingi, og er ekki hægt annað en að krefja þá til ábyrgðar fyrir þetta loforð. Nú hefur þessa af hálfu Alþ. ekki verið minnzt, og hæstv. fyrrv. ríkisstj. lét sér það lynda, en hins vegar hefur komið í ljós, að með því að skilanefndin lauk ekki störfum fyrir áramót, og með því að hlutatryggingasjóðurinn hefur enn ekki tekið til starfa, þá myndast ný vandræði fyrir sjávarútveginn, og skil ég ekki, að hæstv. atvmrh. geti lokað augunum fyrir þessu, jafnvel þó að óvenjugóð vertíð hafi verið hjá útgerðarmönnum í hans kjördæmi, Vestmannaeyjum, nú undanfarið, svo að það hefur þar mjög hjálpað útgerðarmönnum til þess að standa í skilum. Því held ég fast við það, að nauðsyn sé á að leysa þau vandræði, sem útvegsmenn hafa orðið fyrir vegna síldarleysis á vertíðinni 1949 og vegna þess að Alþingi stóð ekki við skuldbindingar sínar um stofnun hlutatryggingasjóðs, einmitt með því, að skilanefndin miði störf sín við árslok 1949, en ekki 1948. Það var vissulega mjög virðingarverð tilraun, sem gerð var af hálfu hæstv. fyrrv. ríkisstj. til þess að gera útvegsmönnum kleift að halda áfram síldveiðum s. l. sumar, þegar svo leit út, að mikill hluti bátaflotans hætti veiðum um miðjan ágúst eða jafnvel fyrr. Hins vegar þótti hæstv. ríkisstj. sér nauðsynlegt að auka sjóveðskröfurnar með því að láta kost og olíur einnig hafa sjóveð. Þetta var að vísu gert til þess að hjálpa útveginum, en um leið eru sjóveð skipverja gerð minni. Hygg ég því, að ekki verði undan því vikizt, sem ég áður tók fram, að skilanefndin miði störf sín við árslok 1949, enda mun hún nú ekki vera mjög nærri því að ljúka störfum. Það má vera, að upphæð sú, sem brtt. okkar felur í sér, reynist of lítil, en það er þó alltaf betra fyrir skilanefndina að hafa þetta fé en ekki neitt og gera ónýtt það mikla undirbúningsstarf, sem hún hefur unnið, en það verður, ef störf hennar eru miðuð við árslok 1948. Ef till. okkar verður ekki samþ., en Alþingi gerir nú fljótlega, svo sem mjög er rætt um, frambúðarráðstafanir vegna útgerðarinnar, þá hygg ég, að menn standi þar mjög ójafnt að vígi að því leyti, að margir, sem fengið hafa ný og dýr skip, mundu missa þau, ef ekki væri miðað við árslok 1949, en hins vegar mundu flestir þeir, sem gömul skip eiga, halda þeim. Ef till. okkar verður ekki samþ., mundi Alþingi því að þessu leyti gera mjög upp á milli útvegsmanna. Ég skal ekki um það segja, hvor réttara hefur fyrir sér, hæstv. atvmrh. eða L. Í. Ú.; það verða þessir aðilar að gera upp sín á milli, en ég þykist vita, að hæstv. atvmrh. neiti ekki því samkomulagi, sem þingflokkarnir gerðu við L. Í. Ú. þann 11. jan. 1949, og að hann neiti heldur ekki, að það samkomulag hefur ekki verið uppfyllt, og ég geri enn fremur ráð fyrir því, að hann neiti ekki, að þessi till. okkar sé fram borin af fullri nauðsyn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eftir að dýrtíðarlögin voru sett í árslok 1948, var gert samkomulag milli hæstv. þáv. ríkisstj. og L. Í. Ú. þann 11. jan. 1949 um viss atriði viðkomandi stuðningi hins opinbera við bátaútveginn.

Er samkomulag þetta í nokkrum liðum, og í einum þeirra, 4. lið, segir, að útvegsmönnum verði heimilað að ráðstafa gjaldeyri fyrir útflutt hrogn á sama hátt og var árið áður og að hið sama verði látið gilda um nokkrar fleiri útflutningsvörur, sem þar eru taldar í 11 liðum. — Á fundi fjhn. nú fyrir helgina, er þetta frv. var í athugun, þá fékk n. þær upplýsingar frá nefnd, sem L. Í. Ú. sendi til viðræðna við n., að samkvæmt þessum lið samkomulagsins frá 11. jan. hefðu útvegsmenn á árinu 1949 fengið sérstakt álag á gjaldeyri fyrir hrognum, en sá gjaldeyrir nam þrem milljónum króna, en álagið 50%. Þá höfðu þeir fengið nokkru hærra álag, eða um 600 þús. kr., vegna ½ millj. kr. útflutnings á nokkrum flatfiskstegundum og loks framleitt saltaða og reykta Faxasíld fyrir ca. 7,5 millj. kr. og frysta Faxasíld fyrir um 800 þús. kr., og var aukaálag á hana um það bil 23%. Nú hafa útvegsmenn lagt á það áherzlu í bréfi til fjhn., sem birt er í nál. á þskj. 177, að samkomulag náist um frílista þann, sem L. Í. Ú. hefur lagt fyrir, þar sem farið er fram á, að þessi atriði frá 11. jan. 1949 gildi áfram, en auk þess er þar bætt við lýsi úr lifur úr bátafiski og ísvörðum bátafiski, sem fluttur er á erlendan markað. Ekki liggur fyrir, að útvegsmenn hafi fengið ákveðin fyrirheit um þetta. — Ég lít svo á, að hvað sem annars má um það segja að fara inn á þessa braut, þá sé það mjög óeðlilegt, að ríkisstj. geti gert slíkan samning um sérstakt álag á vissan gjaldeyri án þess, að það sé fyrst borið undir Alþingi. Ég tel, að ef þessu á að halda áfram, þá eigi Alþingi að kveða á um það, og má benda á, að gengisskráningin er ákveðin með lögum, og hér er raunar ákveðið nýtt gengi á gjaldeyri fyrir vissar vörur. Þá er það talið af sumum, að þessi gjaldeyrir hafi ekki komið til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna sem annar gjaldeyrir, og hafi þetta leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta og því mjög varhugavert. Leyfi ég mér því að bera fram brtt. um þetta efni og les hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Brtt. er svo hljóðandi:

„Á eftir 5. gr. komi ný grein, þannig:

Meðan ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins samkvæmt lögum þessum er í gildi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að gjaldeyri, sem fæst fyrir neðangreindar vörur frá bátaútveginum, megi selja með álagi, er ákveðið sé af ríkisstjórninni, ef framleiðslukostnaður þeirra vörutegunda er meiri en söluverði þeirra nemur, og falli álag þetta til þeirra, er framleiða vörurnar, enda komi allur gjaldeyrir fyrir þær til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna á sama hátt og gjaldeyrir fyrir aðrar útflutningsvörur. Vörur þær, sem þetta gildir um, eru:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.
10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, witches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn."

Hér er það allt upp tekið, sem var í samkomulaginu frá 11. jan., og auk þess er bætt inn vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum. Eins og sést af upptalningu þessari, er hér eingöngu um að ræða vörur, sem lítið er framleitt af, að undantekinni Faxasíldinni, sem s. l. ár var flutt út fyrir röskar 8 milljónir kr. Út af þeirri ósk, sem fram hefur komið um, að lýsi verði bætt inn á þennan frílista, þá vil ég láta þess getið, að ef þessi till. verður samþ., þá mun ég við 3. umr. bera fram till. um að heimila að taka ábyrgð á lágmarksverði fyrir lýsi frá bátaútveginum. Það tel ég heilbrigðara en ganga lengra á þessari frílistabraut, en ég tel aðalatriðið, að þessi gjaldeyrir komi til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna, og þó sérstaklega, að þetta sé ekki gert án samþykkis Alþingis. Það er aðalatriðið, og þar sem Alþingi hefur borizt vitneskja um framkvæmd þessa máls s. l. ár, þá er ástæða til þess, að það láti málið til sín taka og ákveði, til hvaða vörutegunda þetta samkomulag á að ná. En af því að útvegsmenn hafa haft þessi hlunnindi undanfarið, þá tel ég ekki eðlilegt að fella þau niður nú í bili, en það má gera ráð fyrir, að þessu, sem og öðru í frv., verði breytt innan skamms, því að engir gera ráð fyrir, að þessi lög gildi nema mjög skamman tíma. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt brtt. frá hv. þm. V-Húnv. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ef um það væri að ræða, eins og hv. þm. V-Húnv. (SkG) tók fram, að þessi lög yrðu aðeins til bráðabirgða, þá er enn minni ástæða til þess að lögfesta ákvæðin í brtt. hans. Hann segir, að aðalatriðið sé að ákveða, að Alþingi fjalli um þetta mál, því að hér sé raunverulega um gengisskráningu að ræða. Það má náttúrlega kalla þetta svo, en hér er þó alls ekki um gengisskráningu að ræða, heldur er þetta verðlagsframkvæmd, sem verðlagsyfirvöldin geta alveg haft í sínum höndum og fer þannig fram, að þeir, sem fá gjaldeyrinn, leggja á vöruna, sem nemur álagi gjaldeyrisins. Þetta er því heimild um, að leggja megi á vöruna sem álaginu nemur. Ég tel engan vafa á því, að þetta heyri undir vald verðlagsyfirvaldanna. Því finnst mér ástæðulítið og raunar ástæðulaust, að nú sé farið að lögfesta þessa framkvæmd, þar sem þetta er bráðabirgðaframkvæmd, sem e. t. v. gildir aðeins í tvo mánuði. Heldur tel ég, að þetta eigi að ganga í sama farvegi og undanfarið hjá fyrrv. hæstv. ríkisstj., og geri ég ráð fyrir, að núv. ríkisstj. muni framkvæma

þetta á sama hátt, og breytir engu, þótt þetta sé lögfest, eins og hv. þm. V-Húnv. leggur til.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það er gert ráð fyrir að láta fiskábyrgð þá, sem hér um ræðir, gilda til 15. maí, og með því er sæmilega bjargað vetrarvertíðinni, en alls ekki atvinnulífi fólks, nema hér við Faxaflóa, því að ef ábyrgðin gildir ekki lengur, þá er verið að útiloka, að útvegsmenn annars staðar á landinu, sem veiða sinn fisk að sumrinu, njóti þessara fríðinda. Ég legg því mikla áherzlu á, að þessu verði breytt og ábyrgðin látin gilda allt árið. Það er að vísu mjög talað um, að þetta komi ekki til greina vegna þess, að frambúðarlausn verði fundin á þessum málum fyrir 1. marz, en ég dreg í efa, að svo verði.

Þá vildi ég og ræða um framkomna brtt. þess efnis, að ríkisstj. taki að sér að innleysa lögveð og sjóveð af bátum á grundvelli laga um þetta efni, sem samþ. voru 1948, og í því sambandi leyfi ég mér að minna á, að í desember s. l. var flutt till. af hv. þm. Siglf. (ÁkJ), hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og mér þess efnis, að Alþingi fæli ríkisstj. að láta innleysa sjóveðskröfurnar, og rökstuddum við, að til þess þyrfti að koma sem fyrst, m. a. til þess að losa hlutaðeigandi menn við óþarfa kostnað, sem yrði af því að fara með málin til lögfræðinga. Nú hafa hins vegar 4 þm. lagt til að taka inn í þessi lög ákvæði um, að ríkisstj. innleysi veðin á grundvelli l. frá 1948. Ég styð þetta vissulega, en ég álít upphæðina, sem til þessa er ætluð, allt of litla, þar sem aðeins er gert ráð fyrir 1, 5 millj. kr. Það er upplýst, að sú lausn, sem gerð var fyrir vertíðina 1948, kostaði 6,5 millj kr., og þótt ástandið sé ekki eins slæmt nú og þá var, þá er það þó það slæmt, að það þarf meira en 1,5 millj. kr. í þessu skyni. Því flyt ég brtt. þess efnis, að í staðinn fyrir 1,5 millj. kr. komi 2,5 millj. kr., og þykist ég hafa fyrir því fullar líkur, að sú upphæð verði ekki of mikil, en nokkrar líkur fyrir því, að leysa megi málið nokkurn veginn með þeirri upphæð. Afhendi ég svo hæstv. forseta brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 189) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði í sambandi við brtt. mína við 1. gr. frv., um það, að ábyrgðin gilti allt árið, vil ég segja, að ég efast ekki um góðan vilja hjá stj. og að hún muni efna þann góða vilja, því að hún vill jafna allt og greiða úr öllu. En setjum nú svo, að stjórnarskipti yrðu og önnur stjórn, sem ekki væri eins góðviljuð, tæki við og sú nýja stjórn vildi ekki framlengja ábyrgðina. Slík stöðvun gæti haft alvarlegar afleiðingar. Hugsanlegt væri líka, að upp kæmi sundrung, sem leiddi til kosninga, þing væri rofið og ekkert gert nema með brbl. Ráðh. væru ef til vill sammála um nauðsyn á að framlengja ábyrgðina, nema fjmrh. Hann væri kannske dálítið íhaldssamur og teldi sig ekki geta framlengt ábyrgðina. Í því tilfelli nægði ekki hinn góði vilji, sem hæstv. atvmrh. var að tala um. Nei, það er tækifæri til að tryggja hinn góða vilja með því að samþ. brtt. mína við 1. gr. frv., en það er alls ekki víst, að það tækifæri gefist síðar. Þetta vona ég, að hæstv. atvmrh. athugi og tefli ekki hinum góða vilja í hættu, heldur styðji að lögbindingu ársábyrgðar með því að samþ. brtt. mína. — Hæstv. ráðh. minntist á, að ábyrgðina mætti framlengja, þegar þar að kæmi, en í því sambandi örlaði þó aðeins á hinni nýju leið, sem ríkisstj. hefur í undirbúningi, og á þeirri leið var engin fiskábyrgð, því að hún á að hverfa úr sögunni. Ráðh. fór að vísu fínt í þetta, en þó mátti heyra, hvað við var átt. (*Atvmrh.:* Sagði ég ekki, að ég vonaði, að fiskábyrgðin hyrfi úr sögunni?) Var það ekki dálítið ákveðnara? Það má vel vera, að nýja leiðin greiði svo fyrir bátaútveginum, að ekki verði þörf ábyrgðar, þegar hún hefur verið lögfest. En brygðist þessi lausn eða fyrirfærist, væri hlutur útvegsmanna austanlands og norðan alveg fyrir borð borinn, því að aðalvertíð þeirra er á vorin og sumrin, en eftir frv., eins og það er nú, nær ábyrgðin ekki nema til 15. maí. Þessi brtt. mín er því ekki nema réttlætiskrafa, og ætti engu að spilla, þó að ábyrgðin hverfi úr sögunni með nýju leiðinni, því að þá fellur þessi framlenging niður eins og önnur ákvæði frv.

Varðandi brtt. þm. V-Húnv. í sambandi við þann frjálsa gjaldeyri, sem útvegsmenn hafa fengið, vil ég taka það fram, að ég er ekki ánægður með þá breytingu, en mun þó fylgja henni til 3. umr. Hins vegar mun ég freista að finna heppilegra form á breytingu þessara ákvæða við 3. umr., ef einhver byr er fyrir slíkum breytingum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af aths. hæstv. fjmrh. í sambandi við brtt. mína. Hæstv. ráðh. gat ekki fallizt á, að hér væri um gjaldeyri með öðru gengi að ræða, heldur vildi hann kalla þetta sérstakt verðlagsákvæði, sem ætti aðeins að heyra undir verðlagsyfirvöldin. Ég get ekki fallizt á þetta, því að hér er ekki um verzlunarálagningu að ræða. Þessi álagning er allt annars eðlis, enda fá verzlanir ekki þessa álagningu. Hér er því ekki um verðlagsákvæði að ræða, en vilji hæstv. ráðh. heldur nefna þetta aukatoll, þá er mér sama. En það ber bara að sama brunni, því að öll tollaákvæði eiga að ákvarðast af Alþingi. Þetta leiðir því að sömu niðurstöðu, hvort sem um aukatoll eða sérstakt gengi er að ræða, og það getur ekki talizt heilbrigt, að ríkisstj. taki ákvarðanir um slík mál. Stjórninni er því í raun og veru fengið með þessu vald, sem lögum samkvæmt á að vera hjá Alþingi, og ef til vill gæti hún líka bætt inn vörutegundum á þennan svo kallaða frílista, meðan Alþingi ekki stöðvar það, að hún hafi möguleika til að fjalla ein um þessa hluti. Þar sem ég tel þetta fyrirkomulag bæði óheppilegt og skapa hættulegt fordæmi, vil ég láta Alþingi taka ákvörðun um, hvaða vörur falla undir þennan svo nefnda frílista og hvernig framkvæmd þessari eigi að haga, og um það fjallar brtt. mín, og raunar

er það ekki annað en það, sem Alþingi ber, lögum samkvæmt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af fram kominni brtt. frá þm. V-Húnv. (SkG) vil ég taka það fram, að ríkisstj. er á móti öllum þeim breyt. á frv., sem valdið gætu töfum á afgreiðslu málsins. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá er afgreiðsla málsins nauðsyn, til þess að útgerð geti hafizt. Tafir á afgreiðslu málsins eru því sama og tafir á því, að útgerð hefjist. Þeim mun síður þykir mér ástæða til, að farið verði nú inn á þær brautir, sem valdið geta töfum á því, að útgerð hefjist, þegar um er að ræða væntanlega örstutta framlengingu á ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið með vitund og vilja flestra þeirra þm., sem sæti eiga í þessari hv. d., auk þess sem væntanlega gefst tækifæri innan örfárra vikna að leiða til lykta á öðrum grundvelli þau ágreiningsatriði, sem í þessu máli felast. Þetta vona ég, að hv. þm. geti fallizt á, og vil því leyfa mér að vona, að ekki verði haldið hér til streitu till., sem valdið geta verulegum töfum á afgreiðslu málsins. Mér er því skapi næst að mælast til við þm. V-Húnv., að hann taki brtt. sína aftur til 3. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það virðist eins og sumum hv. þm. sé heldur lítið um þennan svo kallaða frílista, og þá ekki hvað sizt framkvæmd hans, eftir því sem þeir hafa látið orð falla. Nú er hv. þm. kunnugt um, hvernig á þessum frílista stendur. Hann er leyfður til samkomulags við útvegsmenn og er hlunnindi þeim til handa. Það er því ofur skiljanlegt, að þeir vilji ekki missa þá aðstoð, sem í honum felst, nema fá eitthvað í staðinn. Það má líka minna á, að sumar vörutegundirnar á þessum lista hefðu ella ekki verið framleiddar, og má þar til nefna vetrarsíldina, sem veidd hefur verið í haust og fjöldi manna hefur haft atvinnu af. Vegna þess að nokkurs misskilnings virðist gæta varðandi framkvæmd þessa máls, þá vil ég upplýsa, hvernig leyfin eru veitt í sambandi við þennan frjálsa gjaldeyri. Framkvæmdinni er lýst í bréfi frá viðskiptanefndinni, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr því kafla, sem fjallar um þetta mál:

„Á árinu 1949 var framkvæmd þessara mála með nokkuð öðrum hætti en á fyrra ári, þar sem m. a. var gert sérstakt samkomulag á milli ríkisstj. og útvegsmanna hinn 11. jan. 1949 um frílistavörur. Samkvæmt því samkomulagi senda útvegsmenn viðskmrn. framleiðslukostnaðaráætlanir sínar yfir þær framleiðsluvörur sjávarútvegsins, sem féllu undir samkomulagið við ríkisstj. Viðskmrn. vísaði því næst áætlunum þessum til fjárhagsráðs og óskaði umsagnar þess um áætlanirnar og framkvæmd málsins. Fjárhagsráð samþykkir því næst og ákveður að skipa undirnefnd í málið, en sú nefnd var skipuð einum manni tilnefndum af fjárhagsráði og öðrum tilnefndum af viðskiptanefnd ásamt þriðja manninum, sem var verðlagsstjóri. Eftir að aðilar þessir höfðu fjallað um málið og auk þess áætlanirnar og leiðréttingar undirnefndarinnar á þeim margræddar á fundi viðskiptanefndar og fjárhagsráðs og þannig endurskoðaðar, voru þær því næst sendar viðskmrn. aftur til staðfestingar. Fjárhagsráð veitti því næst alltaf öðru hvoru allt árið heimildir til viðskiptanefndar um leyfisveitingar á hinum ýmsu vöruflokkum, sem féllu undir samkomulagið um frílistavörurnar við ríkisstj. hinn 11. jan., og virðist mér fyrirkomulag þetta, með því að hafa framkvæmd málsins á jafnmargra manna höndum sem raun bar vitni, hafa torveldað mjög um eðlilega og skjóta framkvæmd á leyfisveitingunum.

Leyfisveitingar þessar á árinu 1949 voru að sjálfsögðu háðar nákvæmlega sama eftirliti og á árinu áður, og tel ég, að leyfisveitingar í sambandi við hinar svo nefndu frílistavörur, skv. samkomulagi ríkisstj. og útvegsmanna 11. jan. 1949, hafi ekki verið frekar möguleikar til þess að misnota leyfi skv. þessu samkomulagi heldur en yfirleitt önnur gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem veitt voru á árinu 1949.

Sverrir Júlíusson."

Ég tel mér skylt að upplýsa þetta og vil jafnframt geta þess, að útvegsmenn hafa í viðræðum við ríkisstj. fallizt á sama fyrirkomulag og framkvæmd þessa máls í framtíðinni eða á þessu nýbyrjaða ári.

Það hefur komið til mála, að þorskalýsi yrði bætt inn á þennan svo kallaða frílista. Við lauslega athugun hefur komið í ljós, að það gæti hækkað hásetahlut nokkuð, eða hver 10 aura hækkun gæfi 131 kr. í hásetahlut og bátshlutirinn hækkaði um 1260 kr. Ég tel sanngjarna þá kröfu, að þorskalýsinu verði bætt á frílistann, en hins vegar er ég algerlega andvígur brtt. þm. V-Húnv. um, að ríkisstj. ábyrgist ákveðið verð á þorskalifur. Í fyrsta lagi vegna þess, að útvegsmenn hafa alls ekki óskað eftir slíkri ábyrgð. Í öðru lagi hefði slík ábyrgð í för með sér milljónagreiðslur úr ríkissjóði, sem engar tekjur hafa verið ætlaðar fyrir, og sýnist nægilega mikið ákveðið af slíkum ávísunum á ríkissjóð. En auk þessara ástæðna mundi slík ábyrgð gera þessi mál öll miklu torleystari. Ég vil þess vegna eindregið mælast til, að þessi brtt. verði felld.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. hafa mælt hér á móti því, að Alþingi setti nánari ákvæði um hinar svo nefndu frílistavörur, eða öllu heldur gjaldeyrinn, sem fyrir þær fæst. Þeir vilja láta ríkisstj. hafa ákvörðunarrétt um, hvað leggja megi á þennan umrædda gjaldeyri. Ég er aftur á móti sammála þm. V-Húnv., sem flytur brtt. um þetta efni, að þessi ákvörðunarréttur ríkisstj. sé bæði óeðlilegur og óheppilegur. Hins vegar er það ekki vegna þess, að ég vilji láta útvegsmenn tapa á slíkri breytingu, en það virðist ríkisstj. álíta. Þvert á móti vil ég láta útvegsmenn halda öllu sínu, en leysa þá undan þeim ásökunum, sem heyrzt hafa, að þeir noti þennan gjaldeyri á ólöglegan hátt. Annars ætla ég ekki að ræða þetta frekar, því að þm. V-Húnv. hefur gert því glögg skil, og læt ég það nægja til þess að skýra afstöðu mína nánar.

Í sambandi við það, að lýsi verði bætt á frílistann, vil ég taka fram, að þótt þessi leið hafi verið valin í sambandi við þær vörur, sem ella hefðu ekki verið framleiddar, eins og gotu og vetrarsíldina, þá tel ég hana ekki heppilega. Ég lít svo á, að þessi frjálsi gjaldeyrir skapi lausung í viðskiptum og torveldi allt eftirlit. Af þeirri ástæðu vil ég ekki bæta lýsi á þennan svo nefnda frílista. Sé hins vegar nauðsynlegt að veita einhverja aðstoð í sambandi við lýsisframleiðsluna, tel ég eðlilegra, að ríkið ábyrgist á því ákveðið lágmarksverð, og þess vegna mun ég fylgja till. þm. V-Húnv. um það efni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég tek ekki til máls hér sem frsm. fjhn., en vil þó upplýsa, að till. kom fram í fjhn. um að taka þennan svo nefnda frílista í lög. Ég lýsti því þá yfir, að þar sem framlenging þessara laga gilti ekki nema til 1. marz og væri þess vegna ekki nema um nokkurra vikna framlengingu að ræða á ráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstj. hefði gert, væri ekki ástæða til að taka þennan lista í lög nú. En það var sem sagt miðað við, að till. um allsherjar lausn allra þessara mála lægi fyrir fyrir 1. marz. Hins vegar kæmi til mála að lögfesta þetta, ef engin lausn yrði fundin fyrir 1. marz og framlengja þyrfti þetta leyfi. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í þessu sambandi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af ósk hæstv. forsrh. um, að ég taki till. mína til baka, þá get ég ekki orðið við þeim tilmælum vegna þess, að verði þessi till. mín samþ. nú við 2. umr., þá hef ég hugsað mér að flytja till. um, að lýsið verði bætt upp að vissu lágmarki. Mér er kunnugt um, að ýmsir útgerðarmenn telja það heppilegri lausn en bæta því á frílistann. Auk þess tel ég mjög óheppilegt, að ríkisstj. hafi heimild til að auka við listann yfir frílistavörurnar, jafnvel þó að slíkar ákvarðanir ættu ekki að gilda nema skamman tíma.

ATKVGR.

Brtt. 184,1 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ, MK, SG.

nei: ÁÁ, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, SB.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Ég vil ekki nú heimila ábyrgð lengur en út vetrarvertíð, og þá til vara eftir 1. marz til 15. maí. Hins vegar mun ég beita mér fyrir útflutningsábyrgð á sumar- og haustvertíð, ef mót von minni verður þá ekki búið að koma í framkvæmd öðrum úrræðum í staðinn, sem viðunandi eru fyrir útveginn.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 177,1 samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 177,2 samþ. með 31 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 182 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 18:8 atkv.

— 188 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MK, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ.

nei: KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, FJ, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, SB.

3 þm. (PÞ, EmJ, GTh) fjarstaddir.

6.—11. gr. (verða 7.—12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 179 felld með 18:11 atkv.

— 183 samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BÓ, EystJ, GG, HÁ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, SB.

nei: ÁS, EOl, GÞG, IngJ, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ.

FJ, ÁB greiddu ekki atkv.

4 þm. (EmJ, GTh, HelgJ, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 184,2 felld með 24:6 atkv.

— 180 samþ. með 18:11 atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 23:4 atkv.

Brtt. 178 (14. gr. falli burt) samþ. með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JÁ, JörB, MK, SG, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, ÁS, BÁ.

nei: BÓ, JóhH, JPálm, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, SB.

JS greiddi ekki atkv.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 176 kom ekki til atkv.

— 189 felld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, JÁ, MK, SG, ÁS.

nei: BÓ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, SB.

GG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁB greiddu ekki atkv.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég álít það vera óforsvaranlegt, að bætt sé inn í frv. nýjum útgjaldaliðum, án þess að gert sé ráð fyrir tekjum á móti, og þar sem hér er ekki gert ráð fyrir tekjum til þess að standast þau milljónaútgjöld, sem lögð yrðu á ríkissjóð með þessari breyt., ef samþ. yrði, segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki gert það að skilyrði hingað til, að tekjur væru tryggðar ríkissjóði á móti útgjöldum, segi ég já.

Finnur Jónsson: Mér er það ljóst, að til þess að uppfylla þau loforð, sem flokkarnir hafa gefið Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þá þyrfti upphæðin að vera hærri en hún er í þessari till., en ég tel mig vera bundinn vegna

samkomulags um þetta og segi því nei við tillögunni.

Brtt. 186 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, EOl, FJ, GÞG, JÁ, MK, PO, SÁ, SG, StJSt, StSt.
nei: ÁÁ, BÓ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, KS, ÓTh.
ÁB, BÁ, EystJ, GG, HÁ, JR, JörB, SkG, StgrSt, SB greiddu ekki atkv.
3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Með tilvísun til fyrri yfirlýsingar minnar segi ég nei við tillögunni.

Jóhann Hafstein: Þar sem hér er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir um ríkisábyrgð, þá á till. eigi heima hér. Greiði ég því atkv. á móti henni og segi nei.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég viðurkenni, að með bréfi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna er málinu hreyft, en að öðru leyti ekki, og eru ekki skilyrði til þess nú að samþ. þessa till., og segi ég því nei.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég beini þeim tilmælum, að ef mögulegt er, þá verði fundur haldinn í hv. þd. í kvöld, og vil ég æskja þess við hæstv. forseta, að hann reyni að ljúka umr. um málið í kvöld. Vænti ég þess, að forseti sjái sér þetta fært, ef enginn hreyfir andmælum gegn því.

Forseti (SB): Ég skal geta þess, að skrifstofan hefur gert ráðstafanir til þess, að málið geti verið tekið til umr. eins fljótt og unnt er, og fundur mun hefjast, er lokið er við að prenta frv. upp, og mun verða hægt að verða við ósk hæstv. ráðh.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. þessa máls, að ég mundi við 3. umr. taka til athugunar að flytja till. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast ákveðið verð á þorskalýsi. Að vísu miðaði ég við, að till. mín um frílistann svo kallaða yrði samþ. Hún var nú að vísu felld, en ég vil samt leyfa mér að flytja þessa brtt., því að ég tel það vera heilbrigðara að fara þá leið, ef þörf er á uppbótum, heldur en að ráðstafa gjaldeyrinum á þann hátt, sem gert var með frílistanum í fyrra. Ég vil endurtaka, að ég tel mjög óheilbrigt, að hæstv. ríkisstj. ákveði visst álag á gjaldeyrinn án samþykkis Alþingis. En slíkt geri ég ráð fyrir, að verði ekki gert, ef till. mín verður samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. og fara fleiri orðum um þetta, en vil leyfa mér að lesa upp brtt. mína, sem koma á aftan við 1. gr. frv.:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 130 fyrir hvern lítra af lifur."

Ég vil svo afhenda hæstv. forseta till. og vænti þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 192) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja hér brtt. við 13. gr., þar sem ákveðið er, að ef ekki verður sett löggjöf, er leysi vandamál bátaútvegsins, þá framlengist fiskábyrgðin eftir 15. maí, þó ekki lengur en til ársloka, þ. e. a. s., að í staðinn fyrir „15. maí" komi: ársloka. — Ég byggi þetta á því, að mjög óeðlilegt er að samþykkja fiskábyrgð nema sú ábyrgð nái til alls ársins, því að fiskveiðar eru stundaðar á Íslandi á mjög misjöfnum tíma árs. T. d. er í endaðan maí vertíð að byrja á Norðurlandi og stendur fram eftir vorinu. Enn fremur eru á Norður-, Vestur- og Austurlandi fiskveiðar stundaðar mjög á haustin, eftir síldarvertíð, og allt fram undir áramót, sérstaklega nú hin seinni ár, eftir að síldveiðin fór að bregðast svo mjög. Ég tel mjög mikilvægt, að fiskábyrgðin nái einnig til þessa fólks, svo að það geti þannig unnið fyrir sér í heimahögum sínum, þar sem ekki er um aðra atvinnu að ræða en við fiskinn.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en legg till. fram skriflega og vona, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 193) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur hv. d. að þessu gengið svo frá frv., að ríkisábyrgð er tekin, sem mun kosta ríkissjóð milli 40—50 millj. kr., ef svipaður afli verður nú og var í fyrra, án þess að hv. d. hafi tekið afstöðu til, hvernig standa á undir kostnaðinum af þessu. Nú vill hv. þm. V-Húnv. bæta enn á þennan bagga. Að vísu get ég nú ekki séð, hve mörgum milljónum það nemur, en þær eru ábyggilega þó nokkrar; samt sem áður gerði hv. þm. ekki tilraun til að benda á leiðir til að standa undir þeim bagga, sem lífrarábyrgðin mundi baka ríkissjóði. Það hefur mikið verið talað hér um óskir útvegsmanna að fá lýsið tekið á hinn svo nefnda frílista. Ég tel, að það hefði verið hægt og útgerðarmönnum miklu geðfelldara en það, sem þessi till. felur í sér. Auk þess hefði það verið

ríkissjóði alveg að kostnaðarlausu. Ég hef nú sýnt fram á, bæði við 1. og 2. umr., að allt tal um misnotkun á þessum frílistagjaldeyri er á röngum hugmyndum byggt og blandað saman við allt annan gjaldeyri, sem ríkisstj. hefur ekki áhrif á. Hins vegar hef ég sýnt fram á, hvernig viðskiptan. hefur eftirlit með frílistagjaldeyrinum og hvernig af hálfu hæstv. fyrrv. viðskmrh. hafði verið lagður grundvöllur að ströngu eftirliti með honum. Sá gjaldeyrir getur því ekki verið skoðaður sem nein hneykslunarhella. Að þessu athuguðu væri því ekki óeðlilegt, að útvegsmenn fengju lífrína inn á frílistann, eins og fram kemur í nál. fjhn.

Nú er rétt að víkja að því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að sín till. væri, ef samþ. yrði, til að bæta hag útvegsmanna. Það getur verið rétt svo langt sem það nær og ef hægt væri að framkvæma hana, en ég hef áður sýnt fram á, að hún er byggð í lausu lofti og óvíst, hvort hægt er að standa undir henni. En það er hægt að veita útvegsmönnum úrlausn í þessu efni með því að láta lýsið falla á frílista, og kostar það ríkissjóð aukalega ekki neitt. Ég hygg því, að réttara væri fyrir hv. þm. V-Húnv. og aðra hv. þdm. að fallast á sanngjarna kröfu útvegsmanna í þessu efni, en auðvitað er það á valdi hv. þd. að ákveða það, og skal ég ekki frekar blanda mér í það mál, þar sem ég á ekki sæti í þessari hv. deild.

Um brtt. hv. þm. Siglf. (ÁkJ) er það að segja, að hún stefnir mjög í sömu átt og brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Og þar sem komið hefur í ljós í hv. d., að ekki er vilji fyrir því að láta ábyrgðina ná lengra en til miðs maí, þá virðist hún að ófyrirsynju fram komin. Ég get og bent á, eins og ég tók fram við 2. umr., að það er langt frá því hugmynd þeirra, er sömdu frv., að láta ábyrgðina stöðvast um miðjan maí, ef aðrar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar fyrir þann tíma, og þetta þýðir, að mér finnst skylda hvíla á hverjum þeim hv. þm., sem nú stendur að samþykkt frv., að sjá farborða útvegi landsmanna, svo fremi að aðrar varanlegar ráðstafanir verða ekki gerðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það fór svo við 2. umr. þessa máls, að brtt. sú, sem ég var meðflm. að, um að tryggja bátaútveginum þetta lágmarksverð allt árið, svo framarlega sem ekki yrðu aðrar breyt. gerðar, eins og gert var ráð fyrir að hugsanlegt væri, var felld. Hins vegar var sett ákvæði inn í þetta frv. um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn, um að ábyrgjast kjötframleiðendum það, sem á kynni að vanta, svo að þeir fengju fyrir útflutt kjöt á tímabilinu 31. ág. 1949 til 1. sept. 1950 það verð, sem lagt er til grundvallar verðlagningu landbúnaðarvara. Það þykir sjálfsagt að slá því föstu á sama augnabliki, sem verið er í frv. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins að fella það að tryggja bátaútveginn allt árið, að ábyrgjast kjötframleiðendum, svo framarlega sem þeir kynnu að finna upp á því að flytja út kjöt, það, sem kynni að vanta á, að þeir fengju tilskilið verð í innanlandsviðskiptum. Það er sagt, að ekkert kjöt verði flutt út, en verði gengið fellt um 50% í næsta mánuði, með samkomulagi Framsfl. og Sjálfstfl., og kjöt síðan skammtað hér á landi, væri þá ekki hugsanlegt, að einhverjir fyndu upp á því að flytja út kjöt? Ætli framsóknarmönnum gæti ekki dottið slíkt í hug? Ég hef minnzt á þetta meðfram til gamans, til að sýna samræmið, sem er við meðferð þessara mála hér í þessari hv. d. Ég álít það mjög miður farið, að þetta skuli hafa verið afgreitt á þennan hátt, og yfirleitt allt, sem fram hefur komið við 2. umr. málsins. Ég hef í raun og veru frekar en áður ástæðu til að óttast, að hin nýja leið, sem lagt verður inn á í febrúarmánuði n. k., verði mjög stórkostleg gengislækkun, sem meðal annars mundi hafa þær afleiðingar, ef um 30 til 50% gengislækkun yrði að ræða, að það minnkaði raunverulega kauptryggingu sjómanna, svo að maður tali ekki um kaup launþega í landi. Þegar verið er að tala um að tryggja útveginn og tryggja það, að menn fáist á skipin og að sjómenn og útgerðarmenn geti haldið skipum sínum úti allan tímann, þá er alveg fráleitt að afgreiða þessi mál svona. Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ég mundi íhuga það, hvort ég ætti að koma með einhverjar till. um, að útgerðin yrði á einhvern hátt tryggð, hvað það snertir að geta fengið lán út á þessa ríkisábyrgð. Því var lýst yfir við 2. umr. málsins, að svo framarlega sem 14. gr. frv. yrði felld, þá yrði hætta á, að t. d. Landsbankinn liti öðruvísi á þetta mál. Við vitum, að bankastjórarnir gera ekki allt of mikið með ríkisábyrgð, og það hefði verið gott að fá upplýst, hvernig nú yrði litið á þetta af þeim, hvort útgerðinni verður lánað eins og hún þarf og hvort haldið yrði áfram að lána, jafnvel þó að hraðfrystihúsin gætu framleitt 27 þús. tonn af freðfiski, eins og reiknað er með nú. Ef bankarnir lána ekki út á slíkt magn, þá er aðeins um tvennt að ræða, annaðhvort að skylda þá til að lána eins og með þarf eða að gefa útflutninginn frjálsan og gjaldeyrinn fyrir hann, þegar ekki fengist lengur lán út á það, sem framleitt væri. Ekkert af þessu hefur fengizt rætt hér og ég sé ekki ástæðu til að koma með till., meðan allt útlit er fyrir það, að enginn möguleiki sé til þess að fá þingmeirihl. í Nd. til að afgreiða málið þannig, að séð sé fyrir fjárhagslegum grundvelli um leið og fiskábyrgðin er samþykkt. Ríkisstj. fæst ekki sjálf til að ræða efnahagslegan grundvöll fyrir allri þessari fiskábyrgð, markaðsmálin. Sé það að fara út í kviksyndi að afgreiða málið án tekjuöflunar, þá er það að stofna öllum þjóðarbúskapnum í gjaldþrot að afgreiða þetta mál án þess að hafa meira fyrir sér en nú er viðvíkjandi markaðsmálum okkar. En ég veit, að þetta er talað fyrir daufum eyrum, og læt ég því útrætt um málið almennt.

Það fór svo, að till. hv. þm. V-Húnv. viðvíkjandi lýsinu var felld með jöfnum atkv. Ég hefði viljað fá ákvæði inn í þetta frv. um frjálsan gjaldeyri fyrir þessa svokölluðu frílistavöru, en einmitt á þann hátt, að útgerðarmenn fengju þennan gjaldeyri til mjög frjálsrar ráðstöfunar, og ég álít, að það hefði átt að

taka lýsið þar með. Satt að segja treysti ég hinum einstöku útgerðarmönnum og þeirra samtökum til að fá betra verð fyrir hvaða vöru sem er — engin undanskilin — heldur en núverandi einokun. Ég treysti þeim, sem eiga sína hagsmuni undir því að koma ár sinni vel fyrir borð, að ná í betri markaði og betra verð fyrir framleiðslu sína en núverandi ríkiseinokun hefur tekizt. Ég álít þess vegna, að á meðan ekki fæst stj., sem vinnur samvizkusamlega að því að skapa nýja markaði fyrir framleiðslu okkar, þá eigi að gefa þessa verzlun sem mest frjálsa. Því miður var þessi till. felld við 2. umr., en þá verður að freista þess, hvort ekki er hægt að koma einhverju í þessa átt inn í frv. í Ed., og fengi maður það þá aftur til umr. hér. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að lýsið, á hvern hátt sem það yrði, verði að fylgja þeim vörum, sem útgerðin fær frjálsan gjaldeyri fyrir, en annars væri rétt, eins og lagt hefur verið til, að ríkið tæki einnig ábyrgð á lýsisverðinu. Hins vegar mundi það auka nokkuð útgjöld ríkisins í þessu efni. Ég skal vekja athygli á því, að það verð, sem reiknað er með fyrir þorskalýsi, eftir því sem gefið er upp í fjhn., er 84 £ fyrir tonnið, og sama verði er nú reiknað með fyrir síldarlýsi. Þetta þýðir það, að hætt er að reikna með íslenzka þorskalýsinu sem vítamínvöru, sem framleidd er og seld vegna vítamínsmagns og meðalagildis, heldur er farið að selja það sem iðnaðarlýsi. Ég er sannarlega efins um þær ráðstafanir, sem liggja til grundvallar fyrir slíku, og þess vegna vantrúaður á, að ekki sé mögulegt að skapa betri og öruggari markaði fyrir þetta. En vert er að vekja athygli á þessu. Þessi vara er ein af þeim fáu, sem markaður er fyrir í Bandaríkjunum, og þetta er útreiðin, sem við fáum á þeim markaði, sú reynsla, sem við höfum á möguleikunum þar með þá vöru, sem við höfum sérstaklega getað selt og er ein af okkar öruggustu dollaravörum.

Að síðustu vildi ég leyfa mér að flytja eina litla till. í sambandi við 14. gr. Það er gengið út frá því að fella niður f-lið 30. gr. l. nr. 100 frá 1948. Þetta mál var nokkuð rætt hér fyrir jólin, og komu þá brtt. frá mér og fleirum við þessa 30. gr., um að fella niður viðbótargjöld, sem greinir frá í d-lið og e-lið, þ. e. a. s. viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfum af bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum, hjólbörðum og slöngum. Þar sem ég veit, að það er mjög mikil þörf á, að þessi aukagjöld verði felld niður, en þau koma sérstaklega hart niður á vörubifreiðastjórum, sem nú búa við mikið atvinnuleysi, þá tel ég sanngjarnt, að það verði gert. Vil ég því leyfa mér að leggja fram till. um, að niðurlag gr. hljóði svo, að á eftir orðunum „að undanteknum" komi: d-, e- og f-liðum 30. gr. l. — Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Aðeins örfá orð út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. um þorskalýsisverzlun. Hún hefur allajafna verið frjáls, að svo miklu leyti sem útflutningur er frjáls yfir höfuð að tala. Það þarf að fá útflutningsleyfi fyrir því, en það þarf fyrir öllum vörum. Annars hefur framleiðendum alltaf verið frjálst að selja þorskalýsi, þar sem þeim hefur bezt líkað, og mér vitanlega hefur aldrei verið þvingað á þá ríkisráðstöfun í því efni. Hitt er annað mál, að ríkisstjórnin hefur stundum getað látið eitthvert magn af þorskalýsi fljóta með í heildarsamningum, en það hefur jafnan verið gert í samráði við framleiðendur, og ég þori að fullyrða, að það hafi aldrei verið þeim til óhagræðis. Annars hefur þetta alltaf verið þannig, að framleiðendur þorskalýsis hafa selt sjálfir sína vöru og hafa ekki verið á neinn hátt hindraðir í því.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. flutti hér smágamanþátt um kjöt, í tilefni af þeirri till., sem ég og hv. þm. Snæf. fluttum hér og var samþ. Sá galli var á, að þetta var byggt á misskilningi, og ég geri ráð fyrir, að ef hv. 2. þm. Reykv. hefði hugsað nánar um málið, þá hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu, að það er ekki óeðlilegt, að till. okkar sé svona orðuð, vegna þess að þetta snertir eingöngu vöru, sem þegar er búið að framleiða og er komin á markaðinn, þ. e. a. s. kjötið frá síðasta hausti. Það veit hv. 2. þm. Reykv. sjálfsagt jafnvel og ég, að sá er háttur hér á landi, að sauðfé er slátrað að haustinu en ekki á vetrarvertíð, og því gildir annað um þessa vöru en fisk, sem dreginn er úr sjó hér við Faxaflóa og annars staðar. Nú er það þannig, að bátaútvegurinn naut ríkisábyrgðar allt árið 1949, og er þá ekki óeðlilegt, að það sama gildi um það kjöt, sem kom á markaðinn á því ári. Annars eru, eins og áður er tekið fram, litlar eða jafnvel engar líkur fyrir því, að til ábyrgðarinnar þurfi að grípa, en við töldum það rétt, flm., úr því að þetta var í l. síðasta árs, að tilsvarandi ákvæði væri sett inn nú, þó að það yrði ekki til þess að baka ríkissjóði nein aukaútgjöld.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um mína till. um verðábyrgð á lýsi, og þegar hann gat þess, að þetta mundi vera annað en það, sem útgerðarmenn óskuðu eftir í þessu efni, þá er mér víst óhætt að fullyrða, að meðal þeirra eru skiptar skoðanir um þetta, því að þeir útgerðarmenn munu vera til, sem telja það óruggara, að þeir njóti þessarar verðuppbótar, ef til hennar kemur, ef það er framkvæmt á þann hátt, sem lagt er til í minni till., heldur en ef frílistaaðferðin er viðhöfð, og vilja þeir þess vegna og hafa óskað eftir, að sett væri inn í frv. slíkt ákvæði um verðtryggingu á lýsi. En um þetta eru sem sagt skiptar skoðanir, og ég tel þessa aðferð eina koma til greina, en hitt vera alveg óviðunandi fyrirkomulag, að ríkisstj. geti, hvað snertir þessar vörur eða aðrar, lagt á tolla eða sérstaka álagningu eða breytt gengi gjaldeyris, sem fyrir þær fæst, án þess að Alþ. hafi nokkuð um það að segja.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við till. hv. þm. V-Húnv. um að setja ákvæði um lýsi í 1. gr. frv. þess, sem hér var til 2. umr. áðan. Mér er lítt skiljanlegt ofurkapp það, sem hv. þm. V-Húnv. leggur á það að fá þennan frílista úr sögunni. Ég held, að það sé ekki rétt athugað hjá honum, að það finnist nokkur útgerðarmaður, sem sé andvígur þeirri aðferð, sem hefur verið höfð í tvö ár í sambandi við þennan frílista, öðru nær. Útgerðarmenn halda mjög fast á þessum rétti sínum og sjá enga ástæðu til þess, að þessi virðulega stofnun skerði rétt þann, sem þeir hafa haft hvað þetta snertir undanfarið. Þetta er þeim mun einkennilegra, þar sem þessi frílistaaðferð hefur verið höfð tvö undanfarin ár og engin rödd komið hér fram á Alþ. um að hafa aðra skipan á þessum málum. Sömuleiðis var fyrir nærri tveim árum höfð mjög lík skipan á sölu einnar tegundar landbúnaðarvöru, gærum til Finnlands. Þær voru í raun og veru verðuppbættar á þann hátt, sem hefur verið hafður í sambandi við frílistavörurnar. Það hlýtur að liggja eitthvað annað á bak við hér en hagsmunir okkar útgerðarmanna, sem við teljum, að sé bezt borgið með því að hafa frílistann áfram. Það má í þessu sambandi benda á, að enn geta þeir tímar komið, að erfitt verði með sölu á ýmsum afurðum sjávarútvegsins. Margar þær vörutegundir, sem eru á frílista, voru lítt seljanlegar og sumar hverjar ekki hirtar, en þessi frílisti er upphaflega til orðinn einmitt til þess, að þessum vörum yrði ekki kastað. Þær voru svo teknar á lista, og útgerðarmenn fengu fyrir þær hinn svonefnda frjálsa gjaldeyri. Það er hið mesta ranghermi að tala um frjálsan gjaldeyri í þessu sambandi, því að eins og allir vita, er þessi innflutningur alveg háður innflutningsyfirvöldunum. Þau úrskurða, hvaða vöruflokka skuli flytja inn fyrir gjaldeyrinn. Það er aðeins þetta: Í sambandi við frílistann hafa útgerðarmenn fengið nokkra verðuppbót eða fengið að leggja — þó með samþykki verðlagsyfirvaldanna — óeðlilega háan ágóða á þessa vöruflokka. — Þá vil ég taka það fram, að það er að sumu leyti ekki rétt hjá hv. þm. V-Húnv., þegar hann hélt því fram við 2. umr. málsins, að frílistinn hefði leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta og ekki heyrt undir innflutningsyfirvöldin. Ég vil halda því fram, að hvort tveggja sé rangt hjá hv. þm. Frílistinn hefur heyrt undir innflutningsyfirvöldin, og það er fyrst nú í þessari hv. d., sem ég hef heyrt, að fólk hafi kvartað undan óeðlilegum verzlunarleiðum í sambandi við frílistavörurnar.

Ég vildi aðeins láta hv. þm. heyra álit mitt, einmitt sem útgerðarmanns, sem á að vera mjög vel kunnugur því, hver hugur útgerðarmanna er í þessu máli, en hann er allt annar en hv. þm. V-Húnv. hefur viljað túlka hér.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið, að það er hægt að tala lengi um það. Ég ætla ekki að hefja hér deilur við hv. þm. Snæf. um þetta mál. Hann sagði það ekki vera rétt hjá mér, að einhverjir útgerðarmenn kysu heldur verðuppbótina en frílistafyrirkomulagið hvað lýsið snertir. Ég held því fram, eins og ég hef áður gert, að um þetta séu skiptar skoðanir. Mér er kunnugt um það. Ég fer ekki að þylja upp nöfn hér, tel það ekki eiga við, en get fullvissað hv. þm. um, að þetta er rétt, að útgerðarmenn álíta sumir, að það sé óruggara fyrir þá að njóta verðuppbótar, ef sú leið er farin, heldur en álagningar á gjaldeyrinn, ef sú aðferðin er höfð. — Hv. þm. Snæf. sagði, að þarna hefði ekki verið um frjálsan gjaldeyri að ræða, því að gjaldeyrisyfirvöldin hefðu ráðstafað þessum gjaldeyri eins og öðrum, það hefði aðeins verið leyfð álagning. Ég vil benda honum á, að það var einmitt í minni till. að leyfa álagningu á vissar vörutegundir, og þetta álag skyldi renna til framleiðenda. Þá sé ég ekki annað en að hann hefði getað greitt minni till. atkv., ef bara er um þetta spursmál að ræða, álagninguna. (*SÁ:* Ég vil hafa frílista). — Hv. þm. Snæf. sagði, að ég hefði sagt við 2. umr. málsins, að þetta fyrirkomulag hefði leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta. Ég held, að það sé ekki of sterkt að orði komizt, en ekki voru í minni ræðu neinar ásakanir á útgerðarmenn í því sambandi. Hitt er alkunnugt, að mikil brögð eru að því, að ýmsar vörutegundir hafa verið seldar háu verði, og hefur sú skýring verið gefin, að þetta væru gotuvörur o. s. frv. Það er ástæða til að ætla, að í ýmsum tilfellum hafi vörur, sem ekki voru keyptar fyrir þennan gjaldeyri, verið seldar hærra verði en rétt var, í blóra við þetta ákvæði. Svo er því dreift út, að þetta sé útgerðarmönnum að kenna, þeir hafi þessi fríðindi og fyrir þær sakir séu ýmsar vörur óeðlilega dýrar, þó að þeir eigi enga sök á því, og sízt er það útvegsmönnum til hagsbóta, að sú skoðun skapist, að óeðlilega hátt verð sé þannig til komið, að þeir njóti sérstakra fríðinda. Ég held því, að það hafi ekki verið of fast að orði kveðið hjá mér, að þetta ætti einhvern þátt í óheilbrigðum verzlunarháttum, en ég var ekki með neinar ásakanir til útvegsmanna í því sambandi.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins svara nokkrum orðum framítaki forseta sameinaðs þings, þar sem hann segir, að ég óski eftir frílistanum áfram til að geta svindlað á honum. Þetta eru ósæmileg orð frá hendi hæstv. forseta sameinaðs þings, að slengja því fram, að ég óski eftir frílistanum til þess að ég og aðrir útvegsmenn geti svindlað á honum. En þetta framítak hv. þm. sýnir einnig hug hans til útvegsmanna, að þeim sé ekki trúandi til annars en svindla á frílistanum. Ég tel þessi ummæli mjög óviðeigandi í garð okkar útvegsmanna.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Snæf., kaupmannsins úr Stykkishólmi, vil ég segja það, að þau ummæli sönnuðu það, sem oft vill verða, að sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Sigurður Ágústsson: Hver var ástæðan til þess, að hv. 1. þm. Skagf. þurfti að reiðast? Hví þurfti hv. þm. að slengja slíkum aðdróttunum að stærstu atvinnustétt þessa lands?

Gísli Guðmundsson: Það hefur verið borin hér fram brtt. við 14. gr., um, að tiltekin lagaheimild skuli gilda til 1. marz, að undanteknum f-lið dýrtíðarlaganna. Nú hefur verið gerð sú brtt. við þetta, að þessi undantekning skuli einnig ná til d- og e-liðar. Mér hefði sýnzt, þó að ég hafi ekki borið fram brtt. um þetta fyrr, að úr því að verið er að framlengja þessa tekjustofna til 1. marz, þá væri réttast að framlengja ákvæðin eins og þau eru nú, þannig að mér sýnist ekki ástæða til þess að samþykkja þessa brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur borið fram, og ekki heldur að samþ. ákvæðin, sem nú eru í frv. um að undanskilja f-lið. Mér finnst sem sagt eðlilegt, úr því að þetta er framlengt um stuttan tíma, að það sé framlengt óbreytt. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram skriflega brtt. um umorðun á 14. gr., að hún orðist svo:

„Til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frv. þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950."

Aðalbreyt. í þessu er sú, að undantekningin í f-lið 30. gr. er felld niður, og mundi ég þá, ef þetta yrði samþ., fella mig við það, að ákvæðið væri framlengt óbreytt. En fáist ekki þessi breyt. samþ., vildi ég áskilja mér rétt til þess að taka til athugunar þær brtt., sem bornar hafa verið fram. Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 192 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, SG, SkG, StgrSt.

nei: ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, SB.

3 þm. (GTh, PÞ, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 193 felld með 22:6 atkv.

— 195 felld með 21:4 atkv.

— 194 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, GÞG, HÁ, IngJ, JG, JÁ, JR, MK, SG, StgrSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ.

nei: JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, SÁ, StSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, SB.

HelgJ, KS, SkG, ÁB, BÓ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GTh, PÞ, StJSt) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Þar sem bæði er búið að stytta gildi þess kafla, sem hér um ræðir, til 1. marz, og þar sem enn fremur kom fram í grg. frá ríkisstj., að hún teldi nauðsynlegt, að sumir af þeim tekjuliðum, sem í kaflanum felast, yrðu felldir úr gildi bráðlega, þá mun ég nú greiða atkv. á móti þessari till., enda þótt ég hafi áður flutt till. sama efnis.

Jörundur Brynjólfsson: Mér hefur skilizt, að ríkissjóði muni ekki veita af að framlengja sem mest þessa gjaldstofna óskerta um einn mánuð, og þar sem fyrirheit er gefið um það að reyna að koma þessum málum á nýjan grundvöll, þá sé ég ekki nauðsyn á því að fara nú að gerbreyta þessum sköttum fyrir einn mánuð og segi þess vegna nei.

Steingrímur Steinþórsson: Ég hefði talið eðlilegast að framlengja þennan kafla dýrtíðarl. óbreyttan. En þar sem hv. þd. hefur nú farið að grauta í þessum kafla og tekið úr honum liði, sem að mínum dómi eru ekkert réttlætanlegri en aðrir, þá sé ég mér ekki annað fært en að segja já við þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég tek ekki þátt í þessum leik, sem hér er að gerast, og sit því hjá.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er sem kunnugt er búið að ganga í gegnum hv. Nd. Í þinghléinu vann ríkisstj. ásamt trúnaðarmönnum sínum og fulltrúum útgerðarmanna að því að finna bráðabirgðastarfsgrundvöll fyrir bátaútveginn, sem gilti fyrst um sinn, og niðurstaðan varð sú að leggja til, að ábyrgðin á fiskverðinu yrði lögfest til miðs maímánaðar. Strax og þing kom saman aftur eftir þinghléið, lagði ríkisstj. fram þetta frv., til þess að sem minnstur tími færi forgörðum til þess að skapa bátaflotanum þau skilyrði, að hann treystist til að leggja í haf. Ég vildi þó geta þess, að ríkisstj. hefur í hv. Nd. lagt sérstaka áherzlu á, að hún ætlast til, að hér verði í rauninni um bráðabirgðalausn að ræða, því að ég býst við, að allir geti orðið sammála um nauðsyn nýrrar skipunar á málum þeim, sem varða útflutningsverzlun landsmanna. Við stöndum svo höllum fæti núna, að ekkert annað en grundvallarbreyting getur myndað þá undirstöðu útflutningsatvinnuvega landsmanna, sem viðunandi sé. Jafnan hefur sú verið fyrsta og helzta krafa bátaútvegsmanna — og var enn í haust, — að ríkisstj. og Alþ. mynduðu þann grundvöll, sem framleiðendur til sjávar gætu unað við. Þetta kann maður manni að segja og hefur oft kveðið við. Þótt við segjum, að reynt hafi verið að tasla við ástandið, þá hefur það ýmsa ókosti í för með sér, útgjöld o. fl., auk þess sem numinn er brott sá hemill öryggis, sem hver atvinnurek-

andi þarf að hafa til að standa sjálfur ábyrgur fyrir rekstri sínum. Að þessu var þó horfið, að fara ábyrgðaleiðina þetta árið, og á meðan eigi er sýnt, að annað fáist viðurkennt af þ., þykir stj. ekki annað fært en leggja það til til bráðabirgða, sem var í frv. Það, er snertir ábyrgðina sjálfa, hefur að vísu haldizt, en þyngzt í fjhn. Nd. og d. sjálfri, þar sem bæði hefur verið hækkað ábyrgðarverðið á saltfiski, og það held ég, að sé réttmætt, en auk þess hefur verið bætt inn ákvæði um að útvega eða leggja hálfa aðra milljón króna fram í nýja kreppu. En ég verð að segja það, að þetta kom aldrei fram í viðtölum og samningum stj. við útgerðarmenn. Því var þetta m. a. eigi tekið í stjfrv., þótt sett hafi verið í það í hv. Nd.

Að öðru leyti hafa miklar breyt. verið gerðar á frv. í hv. Nd., því að gagnstætt því, sem stj. lagði til varðandi tekjurnar, þá hefur Nd. litið svo á, að þess muni eigi verða þörf, og því hafa öll tekjuöflunarákvæðin verið numin brott í hv. Nd. — Ég skal að öðru leyti eigi gera þetta að umtalsefni til annars en lýsa því. Er það verk annars ráðh., og mun hann væntanlega gera grein fyrir þeirri hlið þessa máls.

Málið gekk annars greiðlega í gegnum hv. Nd., og fjhn. d. hélt því ekki öllu lengur en við mátti búast. Vænti ég, að hið sama verði ofan á í þessari hv. d., svo að telji útvegsmenn sig sæmda af þessu frv. og treysti sér til að hefja atvinnu sína skv. því, og það býst ég við, að þeir geri, þá geti þær brtt., sem þingið vill fallast á bátaútveginum til framdráttar, orðið staðfestar sem fyrst. Ríkisstj. álítur þessa leið bráðabirgðaúrræði og mun leggja áherzlu á að koma fram sem fyrst með tillögur sínar fyrir Alþ. um aðra leið, þá er hún telji betri og geti þá miðað að því að leysa vandamál eigi einvörðungu bátaútvegsins, heldur og togaraflotans, sem gengið er fram hjá í frv. þessu.

Ég ætla mig eigi þurfa að lengja þetta mál. Ég mælist til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. Þótt það snerti sjávarútveginn, þá hefur sá háttur verið hafður á — og nú enn í hv. Nd. —, að fjhn. fjallaði um málið, m. a. og sérstaklega vegna þess, að gert var í frv. ráð fyrir tekjum. Eru lítils háttar slitur enn eftir af þeim ákvæðum í frv., og þótt það sé lítils virði orðið sem tekjuöflunarfrv., álít ég rétt vera, að það lendi hjá sams konar n. og í hv. Nd.

Ég vil mælast til þess við þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún leggi kapp á að afgreiða það hér í d., ef verða mætti til þess, að frv. fengi fullnaðarafgreiðslu í dag eða í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 200, 201, 202).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þó að ég hafi tekið að mér framsögu fyrir fjhn. í þessu máli, þá get ég kannast við það, að það er ekki af neinni sérstakri ánægju með þetta mál, að ég geri það. Ég álít persónulega, að það geti ekki orkað tvímælis, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, séu nokkuð vafasamar og framlenging á þeirri braut, sem íslenzka þjóðin hefur gengið á undanfarið og ég fyrir mitt leyti álít óheillabraut. Á hitt ber þó að líta, að hér er um alvarlegt ástand að ræða, og má því skoða þessar ráðstafanir gerðar til bráðabirgða, af nauðsyn, þó að ill nauðsyn sé. Eftir að þessu frv. var vísað til hv. fjhn., um miðjan dag í dag, hefur hún svo að segja óslitið setið á fundi um málið. Meðal annars hefur hún átt viðræður við fulltrúa frá útgerðarmönnum um það. Nál., sem n. gefur út, er nú reyndar ekki svo fyrirferðarmikið, að það beri með sér, að mikið starf liggi á bak við það, en á þeim tíma, sem n. taldi rétt að afgreiða málið, hygg ég, að hún hafi þó ekki getað tekið öllu fleira til greina en hún gerði. Svo stóð á í n., að einn nm. var veikur, hv. þm. Seyðf. (LJóh), og er hann því ekki viðriðinn afgreiðslu málsins, en hinir nm. leggja til, að þetta frv. verði samþ., en þeir áskilja sér þó rétt til þess að bera fram brtt. sem einstaklingar, — og það hafa tveir af nm. gert, — eða að vera með brtt., sem fram kynnu að koma.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, er þetta frv. nokkuð breytt frá því, sem það var borið fram í hv. Nd. af hæstv. ríkisstj. Aðalbreyt., sem frv. tók í hv. Nd., er sú, að felld var niður heimild, sem var í 14. gr. frv., eins og það var þá, um að heimila stj. að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. l. nr. 100 frá 1948 með allt að 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættu aðflutningsgjaldi og áætlaðri álagningu, 10%. Fleiri brtt. voru að vísu gerðar, m. a. var sett ný gr. inn í frv., sem nú er 15. gr. þess, um að heimila ríkisstj. að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. l. nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra l. um framkvæmd aðstoðarinnar eftir því, sem við á, og er ríkisstj. heimilað að taka allt að 1½ millj. kr. lán til þess að geta innt þessa fyrirgreiðslu af hendi. Fleiri breyt. voru og gerðar á frv., t. d. eins og sú, að núverandi 6. gr. frv. var bætt inn í það. Um hana þarf ekki að fjölyrða, þar sem öldungis víst er, að ákvæði hennar koma ekki til greina. Út af þeim breyt., sem hv. Nd. gerði og þá sérstaklega aðalbreyt., að fella niður heimildina til þess að innheimta 30% gengisskatt eða, eins og þetta var orðað í 14. gr. upphaflega frv., 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru og með nokkrum viðauka, er það að segja, að auðvitað er fjárhagsgrundvöllurinn undir þessu frv. veikari vegna þess, að þetta ákvæði var fellt niður. En á það ber að líta, að það er svo ástatt nú, að ríkissjóður er þegar búinn að binda sér bagga, sem ekki er hægt að sjá, að unnt verði að standa undir með núverandi tekjum hans. Þess vegna mun það verða alveg óhjákvæmilegt í sambandi við af-

greiðslu fjárl. eða á annan hátt að taka það til gagngerðrar endurskoðunar, athugunar og afgreiðslu, hvernig ríkið fái staðizt þau útgjöld, sem því eru lögð á herðar, bæði með því, sem áður hefur verið gert, og einnig með því, sem nú er verið að gera. Í annan stað er á það að líta, að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og ég býst við, að n. sé sammála um það, a. m. k. er það mín fulla sannfæring, að þrátt fyrir það, þó að gert sé ráð fyrir því til vara, að aðalefni frv. geti framlengzt til 15. maí, þá sé alveg óhjákvæmileg nauðsyn, að aðrar og frekari og gagngerðar ráðstafanir séu gerðar á þeim tíma, sem frv. fyrst og fremst tiltekur, fyrir febrúarmánaðarlok nú þetta ár. Og í frv. hefur verið miðað við þetta í hv. Nd., því að það er þó a. m. k. séð fyrir í þessu frv. allverulegum áframhaldandi tekjum í sambandi við þetta til þess tíma. Það hefur því ekki af greindum ástæðum komið fram nein till. í n. um það að taka þetta ákvæði um tekjuöflun aftur upp í frv. Ég verð svo að bæta því við sem minni persónulegu skoðun, — og skal ekki um það segja, hvort ég tala þar að nokkru leyti fyrir hönd n. eða að hve miklu leyti, — að án enn frekari ráðstafana hygg ég, að það hefði kannske orðið lítið gagn að því að hafa þennan 30% viðauka, því að eftir þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið, t. d. frá Alþýðusambandi Íslands, er ekki annað sýnilegt en ef slíkur skattur eða tollur hefði verið lagður á, þá hefði í kjölfar þess siglt nýjar kaupkröfur og sennilega þá í sambandi við þær ný verkföll, og er þá ekki að vita, að bátaútvegurinn hefði verið miklu nær um það að verða rekinn á þeirri vertíð, sem nú á að fara að hefjast. Mér virðist það hefði verið tilgangslaust að ákveða þennan tekjuauka fyrir ríkissjóð, nema jafnframt að gera ráðstafanir til þess, að tilkostnaðurinn við útgerðina hækkaði ekki að sama skapi. Til þess að gera slíkar ráðstafanir kunna að vera ýmsar leiðir, en ein af þeim er áreiðanlega sú og líklega sú, sem flestum mundi detta fyrst í hug, að banna kauphækkanir með l. En ég hef ekki orðið var við það, að menn væru reiðubúnir til þess að gera kröfur í þá átt. Ég leit þannig á í fyrstu, að það væri nauðsynlegt að hafa ákvæði um tekjuöflun í þeim lögum, sem hér stendur til að setja. En af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, hef ég meir og meir efazt um það, og ég hygg nú helzt, að það sé hin rétta afgreiðsla að afgreiða frv. á þennan hátt í aðalatriðum, sem hér liggur fyrir, m. a. auk þess, að Alþ. og ríkisstj. er með þessu móti alveg nauðbeygð til að taka þetta mál til nýrrar meðferðar og gagngerðrar endurskoðunar á næstu tveim mánuðum, hvað sem þá kann að verða upp á teningnum, og hvernig sem þá tekst að leysa málið, um það skal ég ekki spá né heldur um það, hvort tekst að leysa það með samkomulagi flokka og stétta, sem æskilegast væri, eða til þess þurfi að beita meirihlutavaldi. En ef þetta verður ekki gert, þá er það fyrirsjáanlegt, að hér stefnir til hins mesta ófarnaðar og ekki hægt að sjá fyrir endann á því. Þetta kann að þykja svartsýni, en mér virðist helzt, að þá stefni til stöðvunar atvinnulífsins að meira eða minna leyti og greiðsluþrota ríkissjóðs, og er vonandi, að gifta Alþ. og þjóðarinnar sé sú, að hægt sé á þessum tveim mánuðum eða nærri tveim mánuðum að finna leið til að afstýra þeim voða, sem gæti verið fyrir hendi og mér sýnist vera fyrir hendi. En eins og ég tók fram, þegar ég hóf þennan kafla ræðu minnar, þá er hann mæltur á eigin ábyrgð, en ekki meðnefndarmanna minna. Það kann vel að vera, að þeir, einhverjir eða allir, líti öðruvísi á þetta en ég, en sem sagt, hin sameiginlega afstaða er þessi, að mæla með frv., þó að nm. hafi ekki bundið sig við það að mæla með því algerlega óbreyttu.

Um þær brtt., sem þegar eru fram komnar við frv., ætla ég ekki að ræða fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir fljóta afgreiðslu málsins. Það var ekki hægt að ætlast til þess, að n. hefði skjótari vinnubrögð, en eftir atvikum tel ég það vel farið, að n. hefur sýnt svo einlægan vilja í því að leiða mál þetta til lykta sem fram hefur komið. — Um aðalatriði málsins skal ég ekki ræða hér. Ég tók það fram í framsöguræðu í öndverðu, hvað til grundvallar lægi, að þetta væri fram borið sem bráðabirgðalausn, sem ekki mætti dvelja. Ég heyrði það á framsöguræðu hv. 1. þm. Eyf., að við erum sammála í því efni, og ég tók enn fremur eftir því, að þm. tók það fram, að því er mér virtist sem sína skoðun, að hann teldi, að alveg væri bráðnauðsynlegt að reyna að hverfa af þeirri braut, sem Alþ. hefur hingað til neyðzt til að ganga í þessum efnum, og að nauðsynin væri brýn fyrir því, að áður en þetta tímabil er liðið, sem nefnt er í frv., fram að 1. marz, verði náð samkomulagi um varanlega lausn fyrir bátaútveginn og fyrir annan útveg og útflutning og útflutningsframleiðslu, og er það í fullu samræmi við það, sem ríkisstj. hefur haldið fram og vill stefna að. — Þá verður því enn fremur ekki móti mælt, að það er hverju orði sannara, sem hv. frsm. tók fram um þann fjárhagsgrundvöll, sem fyrir liggur, að það vægasta, sem um hann er hægt að segja, er það, að hann sé mjög veikur, og tel ég ekki undarlegt, að einmitt hv. frsm. fjhn. þessarar d. líti með raunsæi á þau mál. Þá lýsti hv. frsm. enn fremur því, í hvaða voða hann teldi málefni þjóðarinnar hvað þessi mál snertir, og það mundi hafa áhrif á svo að segja alla efnahagslega byggingu okkar, ef ekki tækist innan skamms tíma að ná fram heildarátaki til þess að finna aðra og heppilegri lausn en hér liggur fyrir. Í þessum atriðum öllum er ég, og ég þori að segja ríkisstj. öll, mjög sammála hv. frsm. fjhn.

Ég skal ekki að óreyndu efna hér til neinna málalenginga um þetta frv. og vil þá vona, að þetta mál fái þá afgreiðslu, núna áður en þessi dagur er með öllu liðinn, sem Alþ. þykir hlýða, því að það er betra fyrir bátaútveginn og þá, sem að honum standa, að fá að vita hið fyrsta vissu sína í þessum efnum, heldur en að

bíða lengi í óvissu eftir ákvörðun Alþ. — Ég segi eins og hv. frsm., að því er snertir brtt., sem hér liggja fyrir, að ég skal ekki að svo komnu gera þær sérstaklega að umræðuefni, þar sem ekki hefur verið fyrir þeim talað. Ég lýsti því nokkuð í öndverðu, að mér hefði ekki þótt ákvæðið um sérstaka kreppuhjálp fyrir síldarflotann eiga heima í þessu frv., en það er nú komið þarna inn og búið við, að það sitji þar áfram, úr því sem komið er. — Aðrar brtt. vil ég fyrir mitt leyti ekki gera að umtalsefni að svo komnu. Ég geri ráð fyrir, að fáar þeirra muni verða að stórfelldu umræðuefni í d., og vona, að atkvæði geti á sínum tíma skorið úr um, hvað hv. d. þykir rétt að láta verða ofan á, að því er þetta mál snertir. Í rauninni hefði ég talið, að heppilegast hefði verið, að þetta mál hefði getað komizt út úr þessari d. án breyt., því að ef það þarf að fara aftur til Nd., þá veldur það nokkrum töfum og alltaf óvissa yfir því, hvað fram kann að koma af nýjum brtt., ef farið er að senda málið milli deilda. En það er vitaskuld á valdi þessarar hv. d. að ráða því, og verður ekki um sakazt, hversu sem fer, og mun ég því að svo mæltu bíða átekta.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Í Nd. hefur verið fellt úr frv. þessu aðalágreiningsatriðið, sem fjallar um tekjuöflun til þess að standa undir kostnaði við þær ráðstafanir, sem felast í frv. Ég tel þetta vel farið út af fyrir sig, þar sem þær tekjuöflunartill. voru eins óréttlátar og verið gat og mundu hafa haft mjög slæm áhrif á afkomu almennings og íslenzku þjóðarinnar í heild. Það eru allir sammála um, að þetta séu aðeins bráðabirgðaráðstafanir, sem farið er fram á í þessu frv., og vitaskuld bar ríkisstj. skylda til þess að vera þegar komin fram með sínar till. um úrlausn á þessu máli til frambúðar. En ég tel það fjarri sanni, að það sé nokkur afsökun fyrir ríkisstj., að hún hafi ekki haft tíma til þess. Hún hafði á annan mánuð til stefnu síðan hún tók við, og maður skyldi ætla, að þegar fyrir kosningar hafi Sjálfstfl. verið búinn að gera sér grein fyrir meginatriðunum í sinni stefnu. Ef svo væri ekki, þá er það meira ábyrgðarleysi en flokkurinn getur staðið undir og ólíklegt, að forustumenn hans mundu vilja viðurkenna það. Ég held, að sannleikurinn sé sá, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur á prjónunum, séu svo óvinsælar, að hún vilji með engu móti, að þær komi fram fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Hins vegar er augljóst, að þrátt fyrir allt þetta, þó að stjórn landsins hafi brugðizt að þessu leyti hlutverki sínu, þá verður að gera ráðstafanir til þess, að bátaflotinn fari af stað, og tryggja, eftir því sem unnt er, að hann geti a. m. k. haldið út vetrarvertíðina. Í rauninni tel ég það engan veginn tryggt, þó að þetta frv. verði samþ., að rekstur útgerðarinnar sé öruggur alla vetrarvertíðina.

Undanfarin 2 ár hefur tekizt að koma markaðsmálum Íslendinga í það horf, að þeir, sem kunnugastir eru, gera ráð fyrir því, að ef til vill sé ekki hægt að selja meira magn af freðfiski í ár en rösklega helming þess magns, sem telja megi eðlilegt, að framleitt sé í meðalári, og allt í óvissu um verðið. Og ef ekki er hægt að selja fiskinn, jafnvel fyrir hvaða verð sem er, þá hætta bankarnir að lána og þá dugar hvorki ábyrgðarverð né róttækar ráðstafanir, svo sem gengislækkun. Hvað sem öðru líður, þá verður að gera ráðstafanir til þess að koma útgerðinni af stað. Ég mun þess vegna fylgja þessu frv. í því formi, sem það er nú, og er sammála þeirri afstöðu meðnm. minna í fjhn. að gera á því sem minnstar breyt. til þess að tryggja því framgang. Þó tel ég, að það sé beinlínis nauðsynlegt að gera á því nokkrar breyt., raunar nokkuð veigamiklar, til þess að það nái tilgangi sínum. Fyrst ákvæði um, að það skuli gilda ekki aðeins vetrarvertíðina, heldur allt árið í því tilfelli, að aðrar ráðstafanir verða ekki gerðar, og ef taka ætti alvarlega þann grundvallarágreining, sem er milli flokkanna samkvæmt yfirlýsingum þeirra, þá fæ ég ekki séð, hvernig það má ske, að þingið leysi vandann á þessum vetri. Þeir, sem gera ráð fyrir, að samkomulag náist á þinginu í vetur um einhvern meiri hluta fyrir ákveðinni leið, byggja þetta á því, að ágreiningur flokkanna, þeirra sem stóðu að fráfarandi stj., sé að mestu leyti uppgerður, þ. e. a. s. ágreiningur þess eðlis, sem jafnaður verði eftir bæjarstjórnarkosningarnar. En ef svo færi, að ekki yrði neitt samkomulag um svokallaða frambúðarlausn, þá mundu fiskveiðar bátaflotans stöðvast, þegar l. falla úr gildi.

Annað atriði, sem ég tel einnig, að taka verði upp í frv., er, að tekin verði ábyrgð á lífrarverðinu. Um það var borin fram till. í Nd., till. um kr. 1,30 ábyrgð. Þetta er mjög mikið hagsmunamál fyrir smærri bátaeigendur og fyrir sjómenn á bátunum og er nauðsynlegt til þess að tryggja það sem bezt, að allur bátaflotinn, líka þeir smærri, fari af stað. Ég held, að ef forsvaranlega er á markaðsmálunum haldið, þá séu miklar líkur til þess, að enn megi selja íslenzka lýsið sem meðalalýsi, enda þótt Ameríkumarkaður hafi brugðizt, og ef það tekst, þá ætti það ekki að þurfa að vera mikill baggi fyrir ríkissjóð, þótt útvegsmönnum væri tryggt viðunandi verð fyrir lýsið eða lifrina.

Í þriðja lagi þarf að hækka lántökuheimild 15. gr., sem sett er í því skyni að innleysa sjóveð. Fulltrúar útvegsmanna, sem mættu á fundi fjhn., skýrðu svo frá, að þessi upphæð, sem nú er í frv. til þessara hluta, 1½ millj. kr., væri allt of lág. Þeir skýrðu svo frá, að um 70 skip mundu vera með óleyst sjóveð, og mundi heildarupphæðin vera nokkuð á fjórðu milljón kr. Hins vegar töldu þeir, að 2½ millj. kr. mundi nægja, og þeir bentu okkur á, að eftir að svo víðtækar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að koma útgerðinni af stað eins og í þessu frv. felast, yrði að teljast illa farið, að allverulegur hluti bátaflotans stöðvaðist kannske vegna áhvílandi sjóveða, og verður slíkum rökum vissulega ekki mótmælt. Í Nd. var felld till. um að hækka upphæðina upp í 2½ millj. kr. Ég flyt nú ásamt hv. 4. þm. Reykv. till. um að

hækka nú upphæðina í 2250000 kr., og ætti það þá að fara langt til þess að hrökkva til, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um þetta atriði. Ég treysti því, að hv. d. vilji fallast á þessa till., eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir, en á því getur oltið, hvort frv. nær þeim tilgangi, sem því er ætlað, þ. e. a. s. að tryggja, að bátunum sé kleift að hefja veiðar, en ég geri ráð fyrir, að um hin atriðin, sem ég nefndi, komi fram till. í d., og mun ég fylgja þeim. Nokkrar smærri breyt. tel ég enn fremur æskilegt að gera á frv., en tel ekki ástæðu til að gera þær að umtalsefni. Varðandi brtt. 201 tel ég t. d. sjálfsagt að samþ. 2. brtt. á því þskj. og tel í alla staði eðlilegt, að gr. sé orðuð eins og þar er lagt til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál í heild eða frv. sjálft, eins og það liggur fyrir. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem Alþ. mætir því um áramót að eiga tveggja kosta völ. Annaðhvort að gera þá í skyndi sérstakar ráðstafanir, sem kosta ríkissjóð allmikið fé, eða mega vænta stöðvunar á bátaútveginum að öðrum kosti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni aðeins um að afla sér nokkurs gálgafrests, ef svo mætti segja, og tryggja útveginum um tveggja mánaða skeið ákveðið verð fyrir afurðir sínar og gefa honum fyrirheit um, að slíkt hið sama skuli gilda áfram til 15. maí, ef ekki er fyrir lok febrúarmánaðar komin fullkomin löggjöf um þetta efni. Einnig nú stendur svo á, að Alþ. á ekki nema um tvennt að velja, þ. e. að gera eitthvað líkt því, sem gert var fyrr, eða horfa á bátaflotann stöðvast um svo og svo langan tíma. Ég get ekki látið vera að taka undir það, sem kom fram í Nd. og nokkuð örlar á hér í Ed., að undirbúningur þessa máls hjá ríkisstj. hefur tekið æði langan tíma, ef litið er til þess frv., sem hér liggur fyrir eingöngu, og vil ég ekki heldur leyna því, að mér finnst það að sumu leyti nokkuð furðulegt, þar sem svo er að heyra, sem ríkisstj. gangi með upp á vasann efnislega nokkurn veginn fullgerðar till. til löggjafar, sem leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, þá finnst mér furðulegt, að ríkisstj. skuli ekki láta neitt uppi um það, hverjar þessar till. eru. Tími til undirbúnings hefur verið allmikill og tveir af ráðh. ríkisstj., hæstv. atvmrh. og hæstv. utanrrh., eru báðir gagnkunnugir þessum málum af setu sinni í ríkisstj. Um þetta tjáir þó ekki að sakast, og verður að mæta því ástandi, sem nú er. Ég er því sammála öðrum hv. þm. um það, að einhverja lausn til bráðabirgða verður að finna. En ekki get ég látið hjá líða að drepa á það, að mér þykir það næsta undarlegt, að í sambandi við allar þær miklu umr. um ástand bátaútvegsins, sem fram hafa farið í þinginu nú og við áramót undanfarið, gætir þess lítt, a. m. k. af hálfu ríkisstj., að nokkur önnur leið sé fær til þess að bæta aðstöðu hans en sú, að ríkisstj. gangi í ábyrgð fyrir ákveðið afurðaverð. Ég hefði þó haldið, að það væri a. m. k. fullkomið athugunarefni, hvort ekki væri unnt að gera einhverjar þær breyt. á rekstrarfyrirkomulagi þessa þýðingarmikla atvinnuvegar, sem gæti létt honum baráttuna. Ég hygg, að varla verði um það deilt, að með ýmsum hætti mætti færa til betri vegar rekstrarfyrirkomulag bátaútvegsins og sameina þar ýmislegt og tryggja bátaútgerðinni sjálfri í ýmsum tilfellum milliliðakostnað, sem öðrum er greiddur, og fleira mætti til tína, en ég hirði ekki að tala um það nú. Ég vil aðeins benda á, að þetta er fullkomið athugunarefni, sem ég vil leyfa mér að óska, að ríkisstj. taki til athugunar í sambandi við till. sínar um varanlega lausn til frambúðar í þessum málum.

Svo vil ég víkja að þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 201. Fyrri brtt. er við 6. gr. frv., en 6. gr. er þess efnis, að ríkisstj. ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. l. nr. 94/1947. Ég vil fyrst segja um þessa till., að mér finnst hún koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum inn í þetta frv. Það frv., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ., var eingöngu um bátaútveginn, og hefði ég talið æskilegra, að þetta væri flutt sérstaklega, en ekki í sambandi við þetta mál. Í öðru lagi er mér sagt, að flm. þessarar till. í Nd. hafi aðallega fært fram þau rök fyrir till., að hún væri skaðlaus, því að engin líkindi væru til, að kjöt yrði flutt út á þessu ári, miðað við reynslu síðasta árs. Mun þetta vera rétt. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að sérstök ákvæði gildi um þessa ábyrgð. Á hún að gilda allt verðlagstímabilið, jafnvel fyrir kjöt af þeim skepnum, sem slátrað er til 1. sept., en till., sem ég flyt, nær ekki nema yfir 2 mánuði. Tillaga mín er sú ein, að sömu tímatakmörk verði látin gilda að því er varðar ábyrgð á kjöti og ábyrgð á fiski, því að ég sé ekki ástæðu til að láta ekki sömu ákvæði gilda um báðar þessar vörutegundir. Ég held því nánast, að þessi gr. sé óþörf, og mun ekki greiða atkv. með því, að hún verði í frv.

Þá flyt ég brtt. við 13. gr., sem er þess efnis, að niður falli úr gr. orðin „að dómi ríkisstjórnarinnar", en eftir gr., eins og hún er nú, er það á valdi ríkisstj. að meta það, hvort löggjöf, sem Alþ. kynni að setja fyrir febrúarlok um þau málefni, sem frv. fjallar um, er fullnægjandi til þess að leysa til frambúðar rekstrarmál bátaútvegsins. Ég tel fjarri öllum sanni, að Alþ. veiti nokkurri ríkisstj. slíkt vald sem hér er gert ráð fyrir. Við Alþýðuflokksmenn fluttum um það till., að þessi gr. yrði felld niður, og hefði ég talið það alveg eðlilegt, eftir að búið var að fella úr frv. öll ákvæði um tekjuöflun til að mæta útgjöldunum eftir febrúarlok, því að útvegsmenn eru engu bættari, þó að gr. standi með þeim ákvæðum, sem nú eru, ef ekki eru líka gerðar ráðstafanir fyrir tekjum og til að mæta þeim útgjöldum, sem af þessu leiðir. Ég flyt þó ekki brtt. um að fella gr. niður, en

legg til, að sú breyt. verði á henni gerð, sem ég nefndi áðan, að það verði á valdi Alþingis eins að ákveða með löggjöf um það, hvort sú löggjöf, sem sett er, fullnægir því, sem ætlazt er til í gr. Ég er ekki stuðningsmaður ríkisstj. og minn flokkur ekki heldur, og ég fyrir mitt leyti get ekki greitt því atkvæði að veita henni það vald, sem ætlazt er til með gr., eins og hún nú er í frv.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef talið rétt að stuðla að því, að málið fengi sem skjótasta afgreiðslu í fjhn., og hef þess vegna unnið að því með öðrum nm., að málið yrði afgreitt úr n. með hraða, og ég mun fylgja frv., þó að till. mínar nái ekki samþykki, þar sem hér er um svo skamman tíma að ræða, sem þetta gildir, væntanlega ekki lengri en næstu tvo mánuði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki gera þetta frv. að umtalsefni almennt, til þess er það of mikil handaskömm. Gegnir furðu, að fyrir skuli liggja yfirlýsingar um það, að tveir hæstv. ráðh. hafi setið með sveittan skallann, ekki aðeins virka daga, heldur líka helgidaga og jólafríið, til þess að koma því saman, því að venjulegir meðalmenn mundu hafa komið þessu saman á einum eða tveimur dögum, þar sem farnar eru troðnar slóðir, aðeins sett dýpri eymdar- og ólundarspor en áður. Ef ég vissi, að með þessu frv. væri tjaldað til aðeins einnar nætur, mundi ég ekki koma með neinar brtt. við það, en ég þekki stjórnina að því að vera handónýta í sínum störfum og hef reynslu af því, að það, sem hún telur sig ætla að gera, gerir hún yfirleitt ekki, og þess vegna tel ég ekki óhætt að treysta því, að fyrir 1. marz fáist lausn á þessu máli, og getur þá verið, að þetta frv. verði framlengt, sbr. till. á þskj. 188, um svokallaðar frílistavörur. Ríkisstj. tók upp á því í fyrra að láta vörur á þennan frílista, hafandi til þess enga heimild frá Alþ. eða í íslenzkum l., og er það eitt af þeim verkum, sem ríkisstj. gerir í blóra við Alþ. og án þess að hafa til þess heimild í l. Var þetta gert í fyrra, þegar þinghléið stóð, og ekki einu sinni haft það við að segja þm. frá því. Þessi brtt., sem ég tel, að ekki þurfi að lesa, fer fram á það að færa þessar frílistavörur í sama form og ríkisstj. samþykkti þær upphaflega í fyrir réttu ári síðan, þegar hún var að gefa út þessi fríðindi, sem útgerðarmenn töldu sig til að byrja með geta sætt sig við. Var þá meiningin, að sá gjaldeyrir, sem kæmi inn fyrir þessar frílistavörur, gengi til bankanna og yrði meðfarinn eins og annar gjaldeyrir, sem þangað kæmi, nema þeir þurftu að fá visst álag, eftir því hvaða vörur um var að ræða. En í reyndinni hefur þetta orðið allt öðruvísi. Reyndin hefur orðið sú, að þegar gjaldeyririnn kemur til bankanna yfirleitt — að vísu eru til undantekningar —, í stað þess, að upphaflega var ætlazt til af ríkisstj., að síðan fengju þessir menn, sem fluttu inn gjaldeyrinn, þennan gjaldeyri með vissu álagi, þá hafa útgerðarmenn sjálfir fengið þennan gjaldeyri. Þeir hafa síðan gengið á milli manna og sagt: Nú á ég svo og svo mikinn gjaldeyri fyrir hrogn. Hvað viljið þið gefa mér mikið fyrir hann? — Út úr þessu hefst svo svartamarkaðssala og á þennan hátt hefur þessi frjálsi gjaldeyrir orðið til þess að hækka þær vörur, sem keyptar hafa verið fyrir hann, að vísu misjafnt eftir því, með hvaða kjörum þeir innflytjendur, sem fengu hann, hafa keypt hann af útgerðarmönnum. Auk þess hefur þetta haft það í för með sér, að þær vörur, sem fyrir voru, hafa hækkað, eftir að sams konar vörur keyptar fyrir hrognagjaldeyri voru komnar í búðirnar.

Ég ber sem sagt ekki það traust til hæstv. ríkisstj., að hún verði búin að finna neina frambúðarlausn á vandamálunum fyrir 1. marz, heldur býst ég við, að helzta fangaráð hennar yrði þá bara að taka lán, þannig að ég ber ekkert traust til hennar. Ef hæstv. ríkisstj. gæti fullvissað mig um það, að hún eftir tvo mánuði yrði búin að finna lausn, mundi ég ekki bera fram neinar brtt., en af því að ég treysti því á engan hátt, legg ég hér fram brtt., sem ég afhendi nú hæstv. forseta.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N-M. (PZ), svo hljóðandi: [Sjá þskj. 207].

Brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma fyrir, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta mál almennt, en vegna þess að ég á hér brtt., vil ég segja nokkur orð. Þessi brtt. er samhljóða till., sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) flutti í Nd. í gær.

Það er mitt álit, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé aðeins bráðabirgðalausn og þar að auki mjög svo gallað og ætti ekki að gilda lengur en til þess skemmsta tíma, sem gert er ráð fyrir, eða til 1. marz. Mér skilst, að ef svo fer, að ekki verði tekin ábyrgð á lífrarverðinu, þá sé það haft í hyggju að taka gjaldeyri þann, sem fæst fyrir þorskalýsið, inn á svokallaðan frílista. Af þessu tvennu tel ég ábyrgðina heppilegri, vegna þess fyrst og fremst, að ég tel að sú leið tryggi betur hag sjómanna og útgerðarmanna almennt og að hagnaðurinn af þessum ráðstöfunum komi á þennan hátt jafnara niður en ef lýsisgjaldeyririnn væri tekinn á frílista.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál í hv. d., af þeirri einföldu ástæðu, að hv. þm. hafa sjálfsagt markað afstöðu sína til þess og er það þegar kunnugt. Þessi till. var felld, þegar hv. þm. V-Húnv. flutti hana í Nd., en að mig minnir með jöfnum atkv., og einhverjir þm. voru fjarverandi. Mér þykir þess vegna ekki fullreynt með fylgi hennar í þ. og ber hana því fram hér í þessari hv. d. — Ég vil svo að lokum undirstrika það, að ég tel frv. vera gallað, en mun samt greiða því atkv. í trausti

þess, að Alþ. taki þessi mál öll til langtum ýtarlegri meðferðar og varanlegri úrlausnar núna alveg á næstunni.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það væri nú kannske í rauninni ástæða til að segja ýmislegt um það stjfrv., sem hér er til afgreiðslu, og þá meðferð, sem það hefur hlotið fram að þessu, en ég mun þó ekki fara út í það og eyða þannig tíma d., eins og málinu nú er komið, heldur víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, sem ég tel verulegu máli skipta, eins og málið nú liggur fyrir.

Því er haldið fram, að ef þetta frv. verði samþ., geti vetrarvertíðin hafizt með eðlilegum hætti og hægt verði að nota alla þá framleiðslukrafta, sem fyrir hendi eru, til að afla bjargar í bú og þjóðinni gjaldeyristekna. En ég er því miður dálítið hræddur um það, og í raun og veru má fullyrða, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., þær eru einar áreiðanlega engin trygging fyrir því, að bátafloti landsmanna í heild geti starfað svo sem vera þarf. Þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., eru fyrst og fremst þær, eins og hv. þdm. er kunnugt, að tekin er ábyrgð á ákveðnu fiskverði bátaflotans um takmarkaðan tíma. Hins vegar er öllum hv. þdm. einnig kunnugt um það, að þetta eitt út af fyrir sig mun alls ekki nægja til þess að vertíðin hefjist og framleiðslutækin verði notuð af fullum krafti. Það liggja fyrir alveg ákveðnar kröfur af hendi útvegsmanna, sem ganga lengra en þessu nemur. Í frv. felast ákvæði um það, að ef ekki hafi verið gerðar nýjar ráðstafanir fyrir 1. marz, skuli þessi ábyrgðarheimild framlengd til vetrarvertíðarloka. Það er hugsanlegt, að útgerðarmenn á Suðurlandi láti sér nægja þessi ákvæði um ábyrgð út af fyrir sig, en ég vil í þessu sambandi minna á það og vildi gjarnan, að hæstv. atvmrh. veitti því athygli, að það eru allmiklu fleiri útgerðarmenn starfandi hér á landi en aðeins útgerðarmenn hér við Faxaflóa, og þó að bátaflotinn hér við Faxaflóa sé stór, er það þó ekki nándar nærri allur bátafloti landsmanna. Ég held, að ekki sé rétt að líta fram hjá því við afgreiðslu slíkra mála sem þessa, að einnig verði að taka tillit til þeirra útvegsmanna og sjómanna, sem starfa að þessari framleiðslu annars staðar í landinu en við Faxaflóa. Og það er víst, að þau ákvæði um ábyrgð ríkisins á fiskverði, sem felast í þessu frv., fullnægja ekki þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem starfa utan þess svæðis, sem vertíðin við Faxaflóa nær til, enda hafa komið fram raddir frá þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, þar sem þeir telja þetta ófullnægjandi og að í því felist engin trygging, sem stuðli að því, að þeir geti haldið starfsemi sinni áfram hvað þetta snertir. Mér hefur borizt símskeyti frá fundi útgerðarmanna á Akureyri og við Eyjafjörð, og þó að mér sé ekki kunnugt um það, geri ég ráð fyrir, að þessi fundur hafi einnig sent ríkisstj. þetta símskeyti, en í þessari samþykkt felst það, að til þess að þeir telji sér nokkra tryggingu í þessu, verði þetta ábyrgðarverð að gilda, ekki aðeins til 1. marz eða 1. maí, heldur fyrir allt árið. Og það hlýtur að liggja í augum uppi, að þessum mönnum eru ekki sköpuð nein skilyrði til áframhaldandi starfs í frv. eins og það nú er. Ég álít þess vegna, eins og líka kom fram við meðferð málsins í hv. Nd. og líka hefur þegar verið bent á í þessari hv. d., að það sé nauðsynlegt að breyta ákvæðunum um fiskábyrgðarverðið þannig, að ábyrgðin gildi allt árið, ef ekki hafa verið gerðar aðrar ráðstafanir, sem koma að sama eða betra haldi og þær ráðstafanir, sem hér um ræðir. Því er að vísu haldið fram í sambandi við þetta, að þær ráðstafanir, sem gerðar séu með þessu frv., eigi aðeins að vera til bráðabirgða og sé ætlun ríkisstj. að leggja fyrir þingið og afgreiða frá því fyrir 1. marz aðrar aðgerðir, sem eigi að tryggja áframhaldandi starfsemi bátaflotans og þá til frambúðar. En það hefur komið fram frá ýmsum þm., að þeir eru vantrúaðir á það, að þessar ráðstafanir verði komnar í kring fyrir 1. marz, og ég er einn í hópi þeirra, sem draga það nokkuð í efa, að svo muni verða. Meira að segja sjálf ríkisstj. virðist ekki vera meira en svo trúuð á það, að hún verði búin að koma þessu í kring fyrir 1. marz, og setur þann varnagla, að ef þetta verði ekki gert, skuli ábyrgðin framlengd til vertíðarloka, og hún hefur sagt, að það sé skilyrði af hálfu fiskimanna við Faxaflóa fyrir því, að þeir hefji vertíðina, að slíkt skilyrði sé í frv., sem sagt, að þeir séu tryggðir með það að hafa þetta ábyrgðarverð út sína aðalvertíð, og sýnir það, að þeir þora ekki að treysta á það, að þessi framtíðarlausn verði komin í kring fyrir 1. marz. Ég held því, að þegar litið er á allt þetta, verði að viðurkenna, að tryggingin fyrir því, að þessi framtíðarlausn verði komin eftir tvo mánuði, sé svo lítil, að ekki sé hægt að byggja afkomu þeirra útvegsmanna, sem búa annars staðar á landinu, á því, að þessi lausn yrði komin, því að ef svo færi, að ekki yrði samkomulag um þessa svokölluðu framtíðarlausn, þá ræki að því, að þeir, sem stunda útgerð annars staðar en við Faxaflóa og hefja ekki útgerð sína fyrr en þessari aðalvertíð er lokið, hafa enga ábyrgð við að styðjast og geta ekki gert út. Það hníga því öll rök að því, að ekki sé forsvaranlegt af hinu háa Alþingi að afgreiða þetta frv. án þess að breyta því þannig, að ábyrgðin verði látin gilda allt árið, nema þá að aðrar lausnir hafi verið fundnar á vandamálum útvegsmanna. Ef slík frambúðarlausn fengist, þá fellur ábyrgðin niður, og þá er engin áhætta fyrir ríkissjóð, þótt hún sé látin gilda allt árið, en ef slík lausn fæst ekki, þá er óhjákvæmilegt að hafa ábyrgðina í gildi árið um kring. Því mun ég leggja fram brtt. þess efnis, að niðurlag 13. gr. hljóði þannig, að ef ekki hafi fengizt frambúðarlausn þessara mála fyrir 1. marz, þá framlengist ábyrgðin til ársloka og enn fremur, að framlagið skv. 5. gr. hækki hlutfallslega við það, sem ábyrgðin er lengur í gildi. En eins og ég gat um áðan, þá er þessi ábyrgð ein ekki nægileg til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, hvorki hér við Faxaflóa né annars staðar, enda er það ein krafa útvegsmanna, að samkomulag náist um frílista þann, sem L.Í.Ú. hefur lagt

fyrir ríkisstj., en með honum er átt við það, að útvegsmenn fái frjálsa ráðstöfun á gjaldeyri fyrir vissar vörutegundir, sem þeir framleiða. Um þetta eru engin ákvæði í frv. og ekkert liggur fyrir Alþingi um það, hvaða vörur útvegsmenn hafa óskað eftir að fá á þennan frílista, og álít ég þó, þar sem hér er um að ræða eitt höfuðskilyrði þess, að nokkur árangur verði af samþykkt þessa frv., að það sé lágmarkskrafa til hæstv. ríkisstj., að Alþingi fái að vita, hverjar kröfur útvegsmanna í þessu sambandi eru og hvað ríkisstj. hefur ákveðið að ganga inn á. Í raun og veru ætti ákvæði um þetta að koma inn í frv., svo að það sé Alþingi, sem kveður á um, fyrir hvaða vörur sé leyfður þessi svo kallaði frjálsi gjaldeyrir. En það minnsta, sem Alþingi getur krafizt, er að fá að vita, hvers útvegsmenn krefjast og hvað ríkisstj. ætlar að samþykkja af þeim kröfum. Ég bendi á þetta atriði sérstaklega af því, að skv. þeirri reglu, sem undanfarið hefur gilt um frílistann, þá er eingöngu miðað við þarfir og kröfur útvegsmanna hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, þar sem aðalvertíðin að vísu er, en það er svo þýðingarmikil framleiðsla utan þessa svæðis, að hæstv. ríkisstj. má ekki sjást yfir það, og í sambandi við þennan frílista þá held ég, að fram hafi komið mikið misræmi og ég vil segja ósanngirni í garð útvegsmanna annars staðar á landinu en hér suðvestanlands. Það má t. d. nefna frjálsa gjaldeyrinn fyrir Faxasíldina, sem s. l. sumar og haust var veigamikill þáttur í starfsemi útvegsmanna hér við Faxaflóa og afgerandi þáttur í afkomu þeirra. En ég sé enga ástæðu til þess, að þeir fái allt að helmingi hærra verð fyrir sína hrásíld en útvegsmenn á Norðurlandi, en þetta er staðreynd, að þeir fengu allt að því helmingi hærra verð, en það er vegna þess, að þeir fengu frjálsan gjaldeyri fyrir sína Faxasíld. Þegar rætt er um frílistann og hann settur sem skilyrði af hálfu útvegsmanna fyrir því, að þeir hefji útgerð, þá má ekki líta fram hjá þeim útvegsmönnum, sem annars staðar en hér við Faxaflóa veiða síld og það miklu betri síld. Þeir eiga siðferðiskröfu til þess að fá a. m. k. ekki lægra verð en hinir fá fyrir verri vöru. Því er að vísu haldið fram, að Faxasíldin hefði tæpast verið veidd eða nýtt, ef ekki hefði fengizt fyrir hana frjáls gjaldeyrir, og má vera, að þetta sé rétt, því að þegar fengið er fyrirheit um frjálsan gjaldeyri fyrir einhverja vöru, þá leggja menn miklu meira kapp á að afla hennar en ella. Verður þetta til þess að auka aðstreymi að tilsvarandi atvinnugrein og bæta hag þeirra, er hana stunda. Og vitanlega gildir það sama í þessum efnum sunnan lands og norðan. Ef útvegsmenn á Norðurlandi hefðu fengið að ráðstafa frjálst gjaldeyrinum fyrir sína saltsíld, þá hefði miklu meira kapp verið lagt á að salta síld en gert var, því að ef saltsíldin hefði verið á frílista, þá hefði verið boðið miklu meira verð í hrásíldina, og þannig hefði afkoma útvegsmanna batnað, svo að þeir þyrftu nú mun minni aðstoð hins opinbera en raun ber vitni. Auk þess hefði slík verkunaraðferð á síld skapað meiri erlendan gjaldeyri. Það gegnir því alveg sama máli um Norðurlandssíldina og Faxasíldina í sumar, og því held ég, að í sambandi við frílistann sé það algert ranglæti að líta fram hjá þörfum og aðstöðu útvegsmanna annars staðar en við Faxaflóa, eins og hæstv. ríkisstj. virðist hafa gert, enda þótt útvegsmenn annars staðar hafi ekki þá aðstöðu að geta sífellt verið að ræða við hæstv. ríkisstj. og sett henni stólinn fyrir dyrnar, ef þeir fá ekki vilja sínum framgengt að öðrum kosti. Slíkt má ekki verða til þess, að fram hjá þörfum þeirra sé litið, og því held ég, að það sé bezt að láta Alþingi fjalla um þessi mál, svo að það geti miðlað þessum fríðindum milli útvegsmanna í stað þess, að þeir eigi allt að sækja undir hæstv. ríkisstj., sem virðist aðeins sjá útvegsmennina við Faxaflóa og þarfir þeirra. Ég mun þó ekki bera fram brtt. þess efnis, að valdið í þessum málum verði hjá Alþ., því að mér þykir sýnt, að slík till. mundi ekki ná samþykki hv. d., en það minnsta, sem hægt er að krefjast, er það, að hæstv. ríkisstj. gefi d. skýrslu um það, hverjar kröfur útvegsmanna í sambandi við frílistann eru og hve langt ríkisstj. ætlar sér að ganga til móts við þær, hvort t. d. hæstv. ríkisstj. hugsar sér að binda sig við þær vörur, sem á frílistanum voru s. l. ár, eða hvort hún ætlar að bæta einhverjum við og þá hverjum, og þá kemur í ljós, hvort tekið verður tillit til útvegsmanna á Norðurlandi á sama hátt og útvegsmanna við Faxaflóa. Hér hefur komið fram brtt. frá hv. 1. þm. N-M. (PZ), en sú brtt. var áður flutt í Nd., og er þar gert ráð fyrir að lögfesta frílistann, en með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Í till. felst það, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að gjaldeyri, er fæst fyrir tilteknar vörutegundir, megi selja með álagi, sem ákveðið er af ríkisstj. sjálfri. Ég álít þetta ekki réttu leiðina. Ég væri með því, að ákvæði væri sett inn í frv. um, hvaða vörur skyldi setja á frílistann, en ég tel ekki rétt að taka upp þetta álag á gjaldeyrinn og leggja það alveg á vald ríkisstj., hve mikið það skuli vera og hvernig það verði lagt á innflutninginn. Þetta yrði í framkvæmdinni bein gengislækkun og þessu yrði jafnað niður á innflutninginn, sem fengist fyrir frílistavörurnar, án þess að þeir, sem aflað hafa gjaldeyrisins, hefðu nokkur áhrif á það, hverjir fengju hann, hvað væri gert með hann og hvaða álag yrði sett á innflutningsvöruna. Þetta yrði, eins og ég sagði, gengislækkun, en mundi ekki ýta undir aukna framleiðslu eða hvetja menn til að leggja aukið fé í framleiðsluna til þess að fá aftur aukinn gjaldeyri, en slíkt er aðalatriðið í þessu máli og það, sem réttlætir frílistaaðferðina, sem sýnt hefur raunar marga galla. Því geri ég ráð fyrir, að ég geti ekki fylgt þessari till. hv. 1. þm. N-M.

Ýmisleg fleiri atriði í sambandi við afgreiðslu þessa máls væri ástæða til að ræða, en að sinni skal ég ekki eyða tíma hv. d. í lengri umr. Ég tel aðalatriðið, að ábyrgðin verði látin gilda allt árið, ef ekki hafa aðrar ráðstafanir verið gerðar, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki tillit til fleiri útvegsmanna en þeirra, sem búsettir eru hér suðvestanlands, þegar hún tekur

ákvarðanir um það, hvaða vörur hún setur á frílista.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og þeirra brtt., sem fram eru komnar. Þá vil ég fyrst benda á, að í árslok 1946, þegar byrjað var á að fara inn á þessa braut, þá benti ég á, að ef ríkissjóður ábyrgðist verð á bátafiski, þá mundi sá víxill aldrei verða greiddur með öðru en gengisfalli. Á hverju ári síðan 1946, þegar þessi mál hafa verið til umr., hef ég á þetta bent, en meiri hluti Alþingis hefur ekki viljað á skoðanir mínar fallast, þótt reynslan sanni nú, að svo mun fara, að þessi ábyrgð verður ekki greidd á annan veg. Ég hef því alltaf verið mótfallinn þessari stefnu þegar af þessari ástæðu. Í öðru lagi er ég á móti ábyrgðinni vegna þess, að hún ber í sér dauðann fyrir atvinnuveginn, sem á að styrkja með henni. Ég sá þetta bezt, er ég s. l. ár starfaði í 6 vikur svo að segja nótt og dag með hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að finna lausn á þessu vandamáli. Þá sá ég bezt, að ábyrgðin er ekki síður skaðleg fyrir útveginn sjálfan en fyrir ríkissjóð. Í fyrra var aflað upplýsinga um það, hver meðalafli bátaflotans væri. Eftir að hann var fundinn út, þá var fiskverðið ákveðið miðað við það, að meðalafli gæfi ákveðnar tekjur, og tók svo ríkissjóður ábyrgð á því verði. Ef hæsti hlutur er 20 þús. kr. og lægsti 10 þús. kr., sem ekki mun fjarri lagi, þá er meðalaflahlutur 15 þús. kr. og við það er miðað verðlag á aflamagni, en þá er stjakað burt öllum, sem eru fyrir neðan meðallag. Þeir verða að hætta, því að þeir geta ekki starfað lengur undir þessu kerfi, og af þessu skýrist, hvers vegna menn eru alltaf að koma síðar til ríkissjóðs og biðja um nýjar bætur, svo að ríkissjóður hefur orðið að verja milljónum á ári til þess að bjarga þessum mönnum. Eftir 3 ár er meðalaflinn svo orðinn það hár, að hann nálgast hámarksafla fyrsta árið, svo að þá er kerfið búið að drepa af sér alla nema toppmennina. Þetta sýnir, að kerfið er mjög hættulegt fyrir útveginn, og er raunar furðulegt, að útvegsmenn skuli ekki hafa neitað að starfa undir því, en það, sem veldur því, að þeir hafa ekki gert það, er það, að þeir hafa haft aðgang að öðrum bótum úr ríkissjóði. Fyrir því er ég mótfallinn þessu kerfi og hefði verið andvígur þessu frv., ef hér væri ekki um bráðabirgðalausn að ræða, sem aðeins á að gilda til 1. marz. Ég tel því, að það sé ekkert meginatriði, hvort horfið er að þessari stefnu hálfum mánuði fyrr eða síðar. — Í þriðja lagi vil ég benda á, að ég tel hverja hækkun á ábyrgðarverðinu torvelda að mun möguleikann til þess að leysa úr þeim vandamálum, sem nú bíða úrlausnar. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég hef bent á þetta, en alþm. hafa ekki viljað hlusta á þau rök. Það er nýlega búið að samþ. hér á Alþingi þáltill., sem hefur í för með sér 15 millj. kr. ný gjöld á framleiðsluna, því að beint eða óbeint hljóta þau gjöld að lenda fyrr eða síðar á framleiðslunni, en helztu rökin fyrir réttmæti þessarar kröfu voru einmitt þau, að uppbót hefði verið greidd á fiskframleiðsluna og þeir, sem að henni unnu, því fengið hærra kaup en þeir aðilar, sem hér áttu hlut að máli. Þetta er því glöggt dæmi um þá hringrás eða hringavitleysu, sem átt hefur sér stað og valdið því öngþveiti, sem nú er verið að glíma við. Ég benti í upphafi á, að þessi stefna leiddi til ófarnaðar, en var þá í minni hluta. Nú sér ekki aðeins minni hlutinn, að þessi leið er ekki fær lengur, heldur allir, og þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að leggja fram till. um aðrar leiðir fyrir 1. marz n. k. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er því eingöngu bráðabirgðalausn, sem ekki er ætlað að gilda nema til 1. marz, svo framarlega sem Alþingi ber þá gæfu til að ná samkomulagi um lausn út úr ógöngunum. Ég skal því ekki tefja þetta bráðabirgðamál með frekari gagnrýni á meginefni þess. En það er annað, sem ég vil leyfa mér að benda á, sem er þessu máli skylt og hefði verið þörf á að leysa, en frv. nær ekki til. Það er vandamál 17 togara af eldri gerð, sem liggja bundnir við festar í stað þess að afla tekna fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Það er nú upplýst í sambandi við kröfur útvegsmanna, að þessi veiðifloti gæti aflað fyrir 20% lægra verð en þessi fiskábyrgð gerir ráð fyrir. Þessi floti mundi líka flytja gífurlegar tekjur í þjóðarbúið og það í erlendum gjaldeyri. Mig undrar því, að ekki skuli vera stafkrókur í þessu frv. um lausn á þessu máli. En þetta verður sjálfsagt líka að afsakast með því, að hér sé einungis um bráðabirgðalausn að ræða, sem aðeins eigi að gilda til 1. marz, en þá verði þessi mál öll tekin til úrlausnar. Í trausti þess mun ég ekki flytja brtt. um lausn á þessu vandamáli. Það eru líka harla einkennileg vinnubrögð hjá hv. Nd. að setja inn í frv. algerlega óskylt ákvæði, það er 6. gr., sem er ábyrgð á allt annarri vöru, en þar er ekki svo mikið sem minnzt á þetta mikilvæga atriði. Það hljóta að liggja einhverjar aðrar ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum en einber umhyggja fyrir lausn á því máli, sem hér er til umræðu, því að allir sjá, að innskot eins og þetta gerir málið torleystara.

Þessu frv. hefur nokkuð verið breytt frá því það var lagt fram af ríkisstj., t. d. hefur 14. gr. þess, eins og það þá var, verið felld niður. Í því sambandi er rétt að benda á, að þennan leik átti líka að leika fyrst, þegar l. um fiskábyrgðina voru til umr. 1946, en þá hafði þessi d. nægan þrótt til þess að koma í veg fyrir slík skemmdarverk og fékk málinu breytt. Annars hafa vinstri flokkarnir alltaf viljað fella niður allar tekjuöflunarleiðir, en hins vegar flutt hverja till. eftir aðra um aukna ábyrgð. Með slíkum vinnubrögðum er auðvitað kippt burtu möguleikum til þess, að hægt sé að veita nokkra ábyrgð, en um það hefur yfirleitt lítið verið hugsað. Nú hefur þessi barátta verið endurtekin af vinstri flokkunum og hafa þeir fellt úr þessu frv. allar tekjuöflunarleiðir í Nd. Væri hér ekki um bráðabirgðalausn að ræða, hefði ég tekið upp baráttu fyrir því að fá tekjuliði tekna inn í frv., því að í raun og veru er það engin lausn öðruvísi. En þar sem viðkomandi aðilar, sem fellt hafa tekjuliðina niður,

hljóta að gera ráð fyrir að geta fallizt á væntanlegar till. ríkisstj. um varanlega lausn þeirra vandamála, sem með þessu frv. á aðeins að leysa til bráðabirgða, þá mun ég ekki taka upp slíka baráttu nú. Ég get ekki séð aðra skýringu á því, að felldir hafa verið niður allir tekjuliðir frv. Þessir menn eru ekki svo skammsýnir, að þeir sjái ekki, að ábyrgðina er ómögulegt að greiða, nema aflað sé fjár til þess. Annars ætla ég ekki að ræða þetta atriði frekar, en vil hins vegar drepa á nokkur atriði í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið.

Í sambandi við ábyrgðarverð á lýsi hefur komið fram sú skoðun, að auðvelt væri að selja það fyrir það verð, sem hér er gert ráð fyrir, ef vel væri haldið á markaðsmálunum. Ég verð að álíta, að þessi staðhæfing stafi af þekkingarskorti á þessum málum, og vil því leyfa mér að upplýsa ástæðurnar fyrir verðfallinu á lýsi. Á styrjaldarárunum var geysimikil þörf fyrir lýsi í heiminum og þar af leiðandi mikil samkeppni um að fá það. En framleiðslan fullnægði ekki eftirspurninni, og var þá hafizt handa um að finna efni, sem gætu komið í staðinn fyrir lýsið. Þetta tókst, og nú er sú framleiðsla komin á það stig, að gerviefnin, sem koma í staðinn fyrir lýsið, eru miklu ódýrari en lýsið sjálft. Þetta hefur svo valdið verðlækkun á lýsinu, og nú erum við að súpa af því seyðið. Það er því ekki rétt að ásaka þá, sem séð hafa um sölu á lýsi, fyrir það verðfall, sem orðið hefur.

Á þskj. 201 er brtt. frá 4. þm. Reykv. (HG), sem hann hefur lýst. Ég hef áður minnzt á, að heppilegt væri að fella 6. gr. niður, eins og þar er lagt til, en hins vegar tel ég það ekki skipta verulegu máli, hvort gr. er samþ. eða ekki, og til þess að tefja ekki afgreiðslu málsins mun ég fylgja því óbreyttu.

Út af ummælum þessa sama þm. í sambandi við rekstur útvegsins og einkum það, að auðvelt væri að draga úr rekstrarkostnaðinum, þá vil ég geta þess, að ég hef átt sæti í nefnd, sem sérstaklega var falið að rannsaka þessi mál, og m. a. var flokksbróðir þessa hv. þm., 3. landsk. (GÞG), líka í n. Og niðurstaða okkar var sú, að ekki væri hægt að benda á leiðir, sem drægju verulega úr rekstrarkostnaði. Það er ekki þar með sagt, að allt sé eins og það bezt getur verið, og auðvitað er hægt að benda á ýmislegt smávegis, sem betur má fara. Slíkt má finna í öllum rekstri, og mætti benda á sérleyfisleiðina til Hafnarfjarðar sem dæmi, þar sem einhverju virðist ábótavant.

Þá ætla ég að minnast á till. hv. 1. þm. N-M. (PZ) og það, sem fram kemur í henni. Það er líka rétt að taka strax fram, að þetta, sem hér hefur komið fram hjá þessum hv. þm., er ekki einsdæmi um hans sannleiksást. Það kom nefnilega seinast fyrir hann í Sþ. í dag að verða ber að ósannindum. Hann hélt því fram, að 7. þm. Reykv. (GTh), borgarstjórinn í Rvík, hefði fengið 2000 kr. fyrir að starfa í ákveðinni nefnd. Sannleikurinn var hins vegar sá, að þessi upphæð hafði skipzt á milli 3 nm. Þm. lagði nefnilega visitölu á sannleikann, og væri gott, ef hann temdi sér hóflegri álagningu næst. En af þessu dæmi sést, að það er vissara að taka fullyrðingar þessa hv. þm. með varúð. (*PZ:* Ég vísaði þm. í dag á frumgögn málsins, og þar er hægt að kynna sér, hvernig vinnubrögð n. hafa verið.)

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að frílistavörurnar hefðu verið seldar á svörtum markaði, án þess að færa frekari rök fyrir því. Ég veit ekki um þennan svarta markað, en það kann að vera, að S.Í.S. hafi náð í eitthvað af þessum vörum og selt þær á svörtum markaði. Í þeim herbúðum mun þm. kunnugastur, og talar því ef til vill af eigin reynslu. Það ganga þær sögur, að miðstöð svarta markaðarins sé í Sambandinu, en ekki skal ég segja um, hvort þær sögur eru sannar. Um sjómannagjaldeyrinn er það að segja, að hann er greiddur sjómönnum erlendis og er varla mikið fram yfir nauðsynlegt uppihald og ef til vill fyrir eitthvað smávegis handa þeirra eigin heimilum, enda virðast sjómenn ekki illa að slíku komnir. Hitt, að þessi gjaldeyrir haldi uppi svörtum markaði hér heima, trúi ég ekki að sé rétt. Þá sagði þm., að hann treysti ekki, að ríkisstj. gerði neitt í þessum málum, en hún tæki hins vegar lán í leyfisleysi, og nefndi í því sambandi togarakaupin. Það var rætt um þessa lántöku ríkisstj. í dag og sýnt fram á, að um fullkomna heimild var að ræða, svo að í því máli er líka hin venjulega vísitöluálagning á sannleikann hjá þessum hv. þm.

Út af brtt. 2. þm. S-M. (VH), á þskj. 192, um ábyrgð á lifrarverðinu kr. 1,30 pr. kg., vil ég gera þá aths., að það er harla einkennilegur hugsunarháttur að vilja nú bæta inn ábyrgðarliðum í frv., þegar búið er að fella niður tekjuliðina á þeirri ábyrgð, sem fyrir er. Nú má ef til vill afsaka þennan hv. þm. með því, að hann sé nýr í starfi hér á Alþingi, og sennilegt þykir mér, að þm. hafi flutt till. að órannsökuðu máli í skjóli þess, að hún var flutt í Nd. af þaulvönum þm., þm. V-Húnv. (SkG), og er það óskiljanlegt, að hann skyldi leyfa sér slíkt ábyrgðarleysi. — 2. þm. S-M. sagði, að frv. væri mjög gallað og alls ekki hægt að samþykkja það nema til bráðabirgða, en hann taldi það ná tilgangi sínum og þess vegna mundi hann greiða því atkv. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég benda honum á þá staðreynd, að undirstaðan í því, að frv. nái tilgangi sínum, er sú, að ríkisstj. hafi fé til þess að greiða ábyrgðarverðið. En hans flokkur hefur farið þannig með þetta mál, að þetta nauðsynlega atriði er numið brott úr frv.

Ég ætla þá að minnast á till. hv. 4. landsk. (StgrA) og ummæli hans. Hann benti á, að þessi ráðstöfun væri aðeins einhvers virði fyrir þá, sem gera út við Faxaflóa. Ef hann telur, að unnt væri að láta þessar ráðstafanir ná til Norðurlands, þá hefði hann og hans flokkur ekki lagt blessun sína yfir, að því væri kippt burt úr frv. að afla tekna til að standa straum af ábyrgðinni allt árið, en það er nauðsynlegt. Hann ætlar að láta samþykkja ábyrgð, sem er einskis virði, aðeins til að narra menn út á sjóinn, en síðan geta menn ekki selt aflann fyrir hálfvirði og ekki heldur gengið í ríkissjóðinn, af því að flokkur þessa hv. þm. hefur

brugðizt þeirri skyldu að sjá um tekjur til að standa straum af ábyrgðinni. Og þegar hv. 4. landsk. var að ásaka ríkisstj. fyrir að láta ekki frílistann ná einnig yfir Norðurlandssíldina, þá var hann að langmestu leyti að ásaka sjálfan sig fyrir þá skammsýni að hafa barizt á móti því, að gjaldeyririnn væri seldur á réttu verði. Þetta er ekkert annað en gengisfall, og þó að þessir menn hafi alltaf barizt á móti því, þá viðurkenna þeir, að það sé til að örva útgerðina við Faxaflóa, og eins yrði fyrir norðan.

Ég mun greiða atkvæði með frv. eins og það liggur fyrir, með tilvísun til þess, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og greiða atkvæði á móti öllum brtt., sem fram hafa komið hér í málinu.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hv. 4. landsk., þannig: [Sjá þskj. 208].

Till. er bæði skrifleg og of seint fram komin, og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég þarf ekki margt að segja fyrir hönd fjhn. og þá meðfram sökum þess, að hér hefur engin brtt. komið fram, sem n. hafði ekki tekið afstöðu til.

Mér skildist á hæstv. atvmrh. í hans ræðu, að hann teldi 15. gr. óþarfa, og er ég því sammála og vík að því síðar, að ef menn vilja hafa það ákvæði í lögum, sem 15. gr. fjallar um, er hægt að setja það inn í annað frv., sem liggur hér fyrir deildinni.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, var n. óslitið á fundi milli þingfunda í dag, og hafði ég því ekki neinn tíma til að búa mig undir mína framsöguræðu. Af því leiddi m. a., að ég gleymdi að geta þess, að n. bárust tilmæli um bjargráð þeim til handa, er stunduðu veiðar við Grænland í sumar.

N. sá ástæðu til að sinna því sem brtt. við annað frv. en hér er til umræðu, og í sambandi við það vil ég taka fram, að ég lít svo á, að brtt. á þskj. 202, frá hv. 1. landsk. og 4. þm. Reykv., ætti, ef menn vilja ganga inn á hana efnislega, að koma inn í það sama frv., en ekki samþykkjast hér. Ég hefði talið eðlilegast að fella niður 15. gr., en taka efni hennar annars staðar upp í löggjöf.

Um brtt. á þskj. 201, frá 4. þm. Reykv., er það að segja, að ég tel þær þýðingarlausar með öllu, og ef fara á að breyta frv. á annað borð, sýnist mér sama, hvort þær verða samþykktar eða felldar. En ef frv. yrði ekki breytt að öðru leyti, teldi ég alls ekki rétt að samþykkja þær, því að þær eru svo þýðingarlausar, en samþykkt þeirra yrði hins vegar til að tefja málið, og yrði það þá að fara aftur til Nd.

Fyrri brtt. á þessu þskj. er um ábyrgðarverð á útfluttu kjöti. En það vita allir, að til hennar kemur ekki. Það verður að sjálfsögðu nú eins og undanfarið, að allt kjöt verður selt innanlands, og þetta er því mjög þýðingarlítið. Ég geri ráð fyrir, að það hafi vakað fyrir hv. flm. í Nd., að þetta ákvæði hafi áður verið í slíkum lögum sem þessum. En á yfirstandandi tíma hefur þetta alls enga praktiska þýðingu, hvað sem verða kann í framtíðinni, og samþykkt slíkrar till. má ekki tefja málið.

Sama er að segja um 2. lið á þskj. 201, en það er brtt. við 13. gr. Ég álít hana þýðingarlausa. Mér skilst, að eina breytingin, sem hún gerir á 13. gr., sé sú að fella niður orðin „að dómi ríkisstjórnarinnar.“ Nú, ef svo færi, að engin löggjöf yrði sett, yrði auðvitað einhver að leggja dóm á það, hvort löggjöf hefði verið sett, og hver ætti að gera það nema ríkisstjórnin? Þessi orð fela ekki í sér neitt traust til ríkisstj., því að þingið getur látið þessi lög falla úr gildi jafnframt því, að ný lög taka gildi, ef það vill.

Ég hef svo ekki umboð n. til að segja fleira, því að um hinar skriflegu brtt. hefur n. ekki fjallað, og óski hv. d. eftir, að n. fjalli um þær, þarf að fresta fundi til morguns, eða um tíma, á meðan n. fjallar um þetta. En ég geri það ekki að tillögu minni og hygg sannast að segja, að það breytti litlu, því að þm. eru búnir að mynda sér skoðun í þessu máli. Ég get ekki sagt neitt um þessar tillögur fyrir n. hönd, en einstök atriði úr ræðum í sambandi við þær skal ég minnast á.

Í fyrsta lagi er það ekki rétt hjá hv. 1. þm. N-M. (PZ), að þm. hafi ekki vitað um frílistann. Hann hefur ekki vitað um hann, en margir þm. hafa vitað þetta frá upphafi, það er mér kunnugt um. Nú er hér fram komin till. um að ákveða í lögum vörur á frílista. En frílistinn hefur aldrei verið tekinn í lög, mér vitanlega, og ég efast mjög um það, að rétt sé að fara að telja upp ákveðna vöruflokka í lögum. Ekki vegna þess, að ég sé á móti frílista, en ég er bara hræddur um, að frílisti verði þá eins og vegalög, og allir vita gang þeirra mála á Alþ.

Hvað snertir brtt. hv. 2. þm. S-M., um ábyrgðarverð á lýsi, álít ég, að ef nokkur brtt. á hér rétt á sér, þá sé það helzt sú till. Lýsi er í svo lágu verði, að það er eitt af þeim atriðum, sem gerir útgerðinni ómögulegt að starfa, og engin trygging er fyrir því, að lýsi verði tekið á frílista, því að þótt stjórnin lýsti yfir því, að það væri hennar ætlan, þá vita allir, að hún er minnihlutastjórn og ekkert er vitað um lífdaga hennar. Og þá er a. m. k. engin trygging fyrir því, að næsta ríkisstj. setji lýsi á frílista. Því sé ég, að það er trygging í því fyrir útveginn, að ábyrgðarverð sé á þessari vöru. Hitt er satt hjá hv. þm. Barð. (GJ), að það þarf aukið fé eða tekjur á móti, ef þessum gjöldum verður bætt á ríkið, og kem ég að því síðar.

Hv. 4. landsk. talaði um kröfur útvegsmanna, sem hefðu gengið lengra en þetta frv., og þótti honum það ganga of skammt. Vildi hann taka fleiri vörur á frílista og að hjálpað yrði frekar til að leysa af sjóveð. Já, það er um þessar kröfur. Sumir líta svo á, að sé krafa gerð, þá sé sjálfsagt að verða við henni. Ég get hins

vegar ekki tekið það gilt, þótt komið hafi fram kröfur um frekari aðgerðir. En um sjóveð er það að segja, að það ætti frekar heima í öðru frv., sem liggur fyrir þessari hv. d.

En svo veik hv. 4. landsk. að öðru atriði, sem ég er honum sammála um, að rökstuðningi til, þótt við komumst ekki að sömu niðurstöðu, og það var um aðstöðu þeirra, sem veiða utan Faxaflóa, bæði fyrir norðan og austan og vestan. Það er auðvitað rétt, að útgerð fyrir Norðurlandi, og ég hygg Austurlandi, byrjar um það leyti, sem síðustu leifar þessarar ábyrgðar falla úr gildi. En hér er um það að ræða, sem hefur verið margtekið fram, að ætlunin er, að þetta verði aðeins bráðabirgðalausn til að koma vetrarvertíðinni af stað. Það er í rauninni það, sem frv. fjallar um. Færi nú svo, að Alþ. léti undir höfuð leggjast eða réði ekki við að gera frambúðarráðstafanir, þá lít ég svo á, að bæta yrði við bráðabirgðaráðstöfunum, að því er sumarútgerðina snertir. En ég viðurkenni ekki, að hugsanlegt sé, að til þess eigi að koma.

Ég hefði viljað, að þetta frv. væri þannig úr garði gert, að ábyrgð væri aðeins veitt til 1. marz og lengur ekki. Að ég geng þó inn á framlengingu, er einungis vegna þess, að útgerðarmenn lýstu yfir því, að þeir hæfu ekki vetrarvertíð nú nema með fyrirheiti um ábyrgð til 15. maí. Hér var því um það að ræða, hvort vetrarvertíð ætti að hefjast eða ekki, en útgerð á ekki að hefjast fyrir norðan og austan á þessum tíma árs, svo að þar gegnir öðru máli. Ég tel það skyldu að hafa gert frambúðarráðstafanir til viðréttingar útgerðinni fyrir 1. marz, og a. m. k. fyrir 15. maí að sjálfsögðu.

Nú ætla ég að lokum að minnast á ræðu hv. þm. Barð. Við erum sammála um margt í þessu máli. Hann er á móti ábyrgðinni yfirleitt, og í raun og veru get ég sagt það sama. Þegar ábyrgðin var fyrst veitt hér á Alþ., var ég ekki viðstaddur, og ég hygg, að ég hefði aldrei verið með henni, þótt ég hefði verið viðstaddur. Ég álít, að sú stefna hafi gert mikið tjón, einkum vegna þess, að með fiskábyrgðinni hefur slaknað á eigin ábyrgð þeirra, sem hlut eiga að máli. Síðan ábyrgðin kom til sögunnar, hefur kaup hækkað og allur tilkostnaður hækkað við útgerðina. Ég er ekki frá því, að útgerðarmenn hafi staðið vægar í móti hækkuðum tilkostnaði vegna þess, að ábyrgðin var í gildi. Vegna hennar gátu þeir komið til ríkisstj. og sagt, að þeir þyrftu að fá hækkað ábyrgðarverð fyrir hækkuðum tilkostnaði. Ábyrgðin hefur svo verið hækkuð með því að leggja á nýja tolla fyrir þeirri hækkun. Nýir tollar hafa svo aftur leitt til nýrra kauphækkana, og þannig hefur skrúfan gengið áfram. Þetta ber í sér dauðann fyrir útveginn, eins og hv. þm. sagði, og er ég því sammála. Og eins og ég hef þegar tekið fram, þá sé ég ekki annað ráð vænna nú en að sú skipan verði á þessu máli höfð, sem fyrr hefur verið samþ. í þinginu, að samþ. þetta frv. til bráðabirgða. En þegar ég gef þessu frv. samþykki mitt, geri ég það með þeim hug, að hér sé aðeins um bráðabirgðalausn að ræða.

Ég hef ekki trú á því, sem hv. þm. sagði um 6. gr. frv., að það ákvæði torveldi lausn þessa máls, því að þetta er atriði, sem vart kemur til greina. Undanfarið hefur allt kjötið selzt innanlands, og skil ég því ekki, að ákvæði 6. gr. geti torveldað lausn málsins.

Þá var hv. þm. að tala um, að Samband íslenzkra samvinnufélaga væri svartamarkaðsbæli eða svartamarkaðsmiðstöð. Ekki veit ég, hvernig sá orðrómur er til kominn, en ég get fullyrt, að það fer engin svartamarkaðsverzlun fram í Sambandinu, hvað þá að Sambandið sé miðstöð svartamarkaðsverzlunar.

Þá kem ég að þungamiðju þessa máls, að það sé með öllu óforsvaranlegt að ákveða ekki tekjur á móti gjöldunum, sem frv. ber með sér. Ég er þessu sammála að sumu leyti, en það táknar ekki, að áætlaðir tekjustofnar þurfi að vera í sömu l. og þau útgjöld, sem gert er ráð fyrir, að frv. hafi í för með sér. Ég álít það skyldu allra þeirra þm., sem samþ. ábyrgðarheimildina, að finna og samþ. tekjustofn, sem þarf til að standa undir þessum l., en með því er ekki sagt, að slíkt þurfi að gerast í sömu lögum, enda hefur Alþingi sett fjölda l. um útgjöld, en teknanna til þeirra aflað með sérstökum skattalögum. Og ég fullyrði, að á undanförnum árum hafi Alþingi samþykkt nægar fjárveitingar til að standa undir fiskábyrgðinni, en fé hefur verið notað í annað. Það er því ekki meiri ástæða til að setja tekjuöflunarákvæði í þetta frv. en ýmis önnur frv., að því er mér finnst. Þó skal ég taka það fram, að ég hef engan sérstakan áhuga fyrir því að fella niður tekjuáætlanirnar, sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir. En eins og ég gat um áðan, hefur það verið svo, að l. hafa verið sett um milljónaútgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að gerð hafi verið sérstök grein fyrir tekjum á móti. Og þetta þing, sem nú situr, hefur samþykkt stórkostleg útgjöld úr ríkissjóði án þess að flm. orðuðu, hvaðan tekjur kæmu til að mæta útgjöldunum. Munu þó vera nokkur takmörk fyrir því, að slíkt geti staðizt til lengdar án aukinna tekna ríkissjóðs. Það verður að taka afkomu ríkissjóðs og fjárhagsaðstæður þjóðarinnar til nákvæmrar athugunar á næstunni. Þess vegna sé ég ekki betur en tekjuöflunarliðir til að standast útgjöld á þessu frv. geti komið inn í heildarlögin, fjárlögin, eins og önnur útgjöld ríkisins. N. sá að vísu ekki ástæðu til þess, að svo komnu máli, að hefja neitt stríð á milli deilda um að koma slíku ákvæði aftur inn í frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr., en það voru tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Í fyrsta lagi vil ég minna á, að í l. nr. 97/1946, sem eru fyrstu fiskábyrgðarlögin, að kalla má, þá var sett í 9. gr. l. eftirfarandi ákvæði: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, eftir tilnefningu þingflokkanna, til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febrúar 1947.“ Við þetta er það að athuga, að ráðh. hefur algerlega vanrækt að skipa þessa n. Hún hefur aldrei verið skipuð. Þess vegna er ég

hræddur um, að enn muni ganga illa að fá varanlega lausn þessara mála. Þessi l. eru frá 28. des. 1946 og náðu samþykki á milli jóla og nýárs það ár. Nú fer sami maður með embætti forsrh. og þegar l. voru sett, og býst ég því varla við varanlegri lausn nú, frekar en sýndi sig í fyrri stjórnartíð hans. — Í öðru lagi vil ég benda á í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að t. d. vegalögum má ekki breyta nema á Alþingi. Hins vegar hefur það tíðkazt, að vegir hafa verið lagðir, þó að þeir væru ekki á vegalögum, og þó að Alþingi hafi ekki séð möguleika fyrir auknum fjárveitingum til vega, þá hefur raunin orðið sú, að ríkissjóður hefur lagt vegi, þótt þeir væru ekki á fjárlögum. Þetta vil ég minna á í sambandi við frílistann, og veitir því ekki af, að reynt verði að hafa einhvern hemil á þeim undanþágum. Ég treysti þessari ríkisstj. ekki of vel, og hún hefur nú verið í 1½ mánuð að semja þetta frv., sem er þó ekki betur úr garði gert en raun ber vitni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í umr. um þetta mál nú, en vil vísa til þess, sem ég hef áður sagt á undanförnum þingum um þetta mál, fiskábyrgðina. Þar þarf ég engu við að bæta og ekkert frá að draga, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þau ummæli. Ég vil þó í sambandi við þetta mál minna á, að er ríkisábyrgðin var samþ. 1946, þá var svo fyrir mælt í l., að skipuð skyldi n., sem gera skyldi till. í dýrtíðarvandamálunum og bera fram till. til úrbóta. Svo var og ráð fyrir gert, að ríkisábyrgðin mundi ekki standa nema stuttan tíma, einn mánuð eða svo. Með það loforð í huga greiddu ýmsir þm. atkv. með ábyrgðinni. Og til þess að fyrirbyggja drátt á raunhæfum aðgerðum, var 9. gr. sett í l., sem hv. 1. þm. N-M. minntist á áðan. Afstaða mín til frv. er sú, að ég hef ekki treyst mér að greiða atkv. með ábyrgðinni, og geri ég ráð fyrir, að margir af þeim þm., sem greiða þessu frv. jáyrði sitt, geri það með þeim hætti, að þeir líti svo á, að þeir geri þjóðinni minna tjón með því að samþ. frv. en gera það ekki, því að þá mundi útgerðin stöðvast um ófyrirsjáanlegan tíma. Hér er því um að ræða val á milli tjóna. Ég er þó í vafa um það, þó að ég rökræði það ekki frekar, hvort meira tjón yrði af, þótt frv. þetta yrði fellt og útgerðin stöðvaðist um stund og Alþingi yrði neytt til þess að leysa þetta mál á annan veg og til frambúðar. Það er ekki hvað sízt ástæða til þess að tala um þetta nú. Að vísu er nú svo komið, að nú fylgir því hvað minnst ábyrgð að greiða þessu máli atkvæði, því að ekki verður unnt fyrir ríkissjóð að halda ábyrgðinni lengur áfram en 2 mánuði. En ég skal nema staðar og ekki blanda mér miklu meir inn í þessar umr. En eins og ég tók fram 1948 í þinginu og utan þings, þá er það nú að koma í ljós, sem við framsóknarmenn sögðum, að þetta gengi ekki lengur en til ársins 1950. Nú er svo komið, að vart verður lengra gengið í álögum á landsfólkið, og ef áfram á að halda sem á undanförnum árum, þá er ekki annað af fólkinu að taka en skattleggja lífsnauðsynjar enn meir en verið hefur. Slíkt mundi svo aftur leiða af sér, að dýrtíð mundi enn vaxa að miklum mun og skerða tekjur almennings að verulegu leyti. Ég vil líka benda á annað í þessu sambandi, sem skiptir verulegu máli, og það er, ef heimilt er án sérstakra laga að selja vöru og láta svo framleiðendur fá gjaldeyrinn og selja hann svo með vissu álagi. Og ef við nú samþykkjum þetta, þá hlýtur hæstv. ríkisstj. með sömu röksemdafærslu að hafa heimild til að bæta fleiri vöruflokkum á þennan lista. Við þurfum því, ef við ætlum að fyrirbyggja þennan möguleika, að taka ákveðið fram, hvaða vörur eiga að vera á þessum frílista. Að þessu athuguðu get ég þess vegna ekki greitt till. atkvæði, nema að fengnum fyllri skýringum á henni.

Ég skal svo ekki fara að lengja umr. frekar og get látið máli mínu lokið, því að ef ætti að fara að ræða þetta miklu nánar, mundi það verða svo langt mál.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. hafa nú talað vítt og breitt um málið, sem vera ber, sumpart fyrir brtt. og sumpart ekki. Það er ekki ástæða fyrir mig að eltast við allt, sem fram hefur komið, því að hv. þm. Barð. tók af mér ómakið viðvíkjandi sumu, t. d. um það, sem hv. 1. landsk. (BrB) sagði, og er ég hv. þm. Barð. þar í flestu sammála. Það var upphaf á ræðu hv. 1. landsk., að hann taldi vel farið, að allar till. til að standa undir fiskábyrgðinni hefðu verið felldar, aðallega af því, að allar þessar till., sem felldar voru í hv. Nd., hefðu verið sama og gengislækkun. Það má að vísu segja, að aukning eða hækkun á innflutningsgjöldum sé gengislækkun, því að þá hækkar varan. En þá má og segja með sömu röksemdafærslu, að öll hækkun á vöru, þjónustu, vinnulaunum o. fl. sé gengislækkun. Er það gott, að slíkt kemur fram hjá hv. 1. landsk., og vona ég, að slíkt sé einnig skoðun flokks hans. En ég býst fastlega við, að flokkur hv. þm. sé á móti gengislækkun, þótt hann þrátt fyrir það hafi ötullega stutt margar þær aðgerðir, sem styðja að undirbúningi á falli peninganna.

Ég skal svo ekki dvelja lengur við ræðu hv. 1. landsk., en flokksbróðir hans, hv. 4. landsk. (StgrA) beindi til mín nokkrum fyrirspurnum í sinni ræðu, sem ég vildi svara. — Það fyrsta, sem ég vildi drepa á, er það, að mér fannst kenna um of hjá hv. 4. landsk., að honum fannst landsfjórðungunum vera mismunað, þar sem ábyrgðinni er einungis ætlað að ná yfir vetrarvertíðina og þar sem á hinum svokölluðu frílista séu einungis vörur, sem framleiddar eru hér sunnanlands. Að því er snertir fyrra atriðið, þ. e. a. s. ábyrgðina, hefur hv. 1. þm. Eyf., sem er úr sama landsfjórðungi og hv. 4. landsk., svarað því svo rækilega og með svo glöggum rökum, að ég þarf engu við að bæta. Ég vil þó taka það enn fram, að við, sem sömdum frv., ætluðumst til, að það gengi jafnt yfir alla, og vona ég, að hv. þingmaður og þingmenn trúi því. — Hvað frílistann áhrærir, vil ég taka eftirfarandi fram: Hvað Faxasíldina

snertir, þá var hún náttúrlega af eðlilegum ástæðum veidd hér sunnanlands, og skýrir það sig sjálft. En hvað aðrar vörutegundir á frílistanum snertir, þá koma þær einnig að mestu leyti mönnum í öðrum landsfjórðungum til góða, a. m. k. þeim, sem stunda hér atvinnu á vertíðunum. Hvað flatfiskinn snertir, kemur hann öllum, sem þær veiðar stunda, jafnt til góða. Og þannig er það með flest á þessum frílista. Ég vil líka benda hv. þm. á, að frílistinn var ekki búinn út með annað fyrir augum en að hann kæmi öllum landsmönnum að sem beztum notum. — Skal ég svo ekki dvelja lengur við það efni.

Þá spurði hv. þm., hvort útvegsmenn hefðu gert einhverjar fleiri kröfur. Jú, þeir nefndu bæði þorskalýsi og ísvarinn bátafisk. Þá minntust þeir einnig á, að reknetasíldin yrði sett á frílista. Nú er það svo, eins og komið hefur fram í ræðum hv. þm., bæði hér og í hv. Nd., að hinn svokallaði frílisti hefur verið úthrópaður mjög að óverðskulduðu. Þessi frílisti er þannig til kominn, að eftir að við höfðum horft upp á það um langan tíma, að hrognum og öðrum verðmætum sjávarafurðum var fleygt, þá kom mér í hug að gefa útvegsmönnum einhver fríðindi í sambandi við þessar tegundir, til þess að koma í veg fyrir ónýtingu þeirra og skapa þannig gjaldeyri fyrir þjóðina og atvinnu fyrir landsmenn. Á þetta sjónarmið var fallizt, og bættust síðan smátt og smátt ýmsar aðrar lítt seljanlegar vörutegundir við, t. d. skrápur og annað, sem varla getur heitið seljanleg vara. Fram að síðastliðnu hausti voru á þessum lista aðeins fáar vörur, og ekki gat heitið, að um stórar upphæðir væri þar að ræða, en ég hef þó vissu fyrir því, að útvegsmenn töldu sér þetta töluverða hjálp í þrengingum sínum. En allan tímann hafa verið til menn, sem hafa séð ofsjónum yfir þessu og úthrópað á alla lund, t. d. búið til alls konar Gróusögur um misnotkun útvegsmanna á gjaldeyrinum. Svo er það á þeim tíma, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. sat, að Faxasíldin komst inn á þennan frílista, og var það ekki álitið stórt atriði, þar eð ekki hafði veiðzt svo mikið af henni. En svo ber það við á síðastliðnu hausti, að töluvert magn af þeirri síld veiðist, og ber ekki að harma það. Ég hef einnig fyrir mér álit fróðra manna í því, að ekki hefði verið hægt að selja þær 40 þús. tunnur, sem var það magn af Faxasíld, sem aflaðist á liðnu hausti, nema þessi háttur hefði verið á hafður. Ég gerði í hv. Nd. í gær grein fyrir reglunum, sem hæstv. fyrrv. viðskmrh. setti um þennan frjálsa gjaldeyri, og gat sannað með rökum, sem enginn treystist til að mótmæla, að þessi gjaldeyrir hefur verið undir ströngu eftirliti verðlagsyfirvaldanna. Útvegsmönnum hefur verið skammtað álagið á gjaldeyrinn af verðlagsyfirvöldunum og þeir síðan skilað honum til bankanna. Ég vil taka það skýrt fram, að það er alveg rangt og styðst ekki við nein sannindi, að útvegsmenn hafi gengið um og reynt að selja hann hæstbjóðanda. Ég vissi til þess í haust, að útvegsmenn gerðu með sér samlag, þar eð bankarnir voru latrækir á að lána rekstrarfé, og seldu þeim fyrirtækjum gjaldeyrinn, sem vildu veita þeim nokkurn styrk. Ég veit að vísu ekki, hverjir það voru, sem þannig fengu þennan gjaldeyri. Ég keypti engan sjálfur né mín fyrirtæki, en mér er sagt, að S. Í. S. hafi keypt mikið af þessum gjaldeyri, og harma ég það ekki, því að þetta er stór aðili. Ég hygg, að þeir, sem kasta oftast hnútum að verzlunarstéttinni og einstökum kaupmönnum, muni ekki vilja vanvirða S. Í. S. fyrir þetta. — Ég vil svo taka það enn fram, að allt tal um svartan markað á þessum umræddu gjaldeyri er sagt út í bláinn. Ég skýrði frá því í hv. Nd., eftir ósk frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), hvaða vörutegundir það væru, sem keyptar eru fyrir hrognapeningana, og gat fæst af því kallast lúxusvarningur. Þó má vera, að eitthvað smávegis af þeim vörum megi nefnast því nafni, en ef þær tegundir hefðu ekki verið fluttar inn fyrir þennan gjaldeyri, er alveg víst, að notaður hefði verið til þess venjulegur gjaldeyrir.

Þá held ég, að hv. þm. hafi spurt, hvort ég hefði í hyggju að bæta við frílistann. Ég lýsti því í hv. Nd., hvað fyrrv. hæstv. ríkisstj. hefði fallizt á, og einnig lét ég það í ljós, að ég teldi rétt að bæta á frílistann þorskalýsinu. Ég skal og láta þess getið, að um það hefur komið krafa frá útvegsmönnum. Allt þetta kemur til af því, að menn eru að reyna að bæta útvegsmönnum það í munni með frílistanum, að gjaldeyririnn, sem þeir skapa, hefur verið tekinn af þeim fyrir allt of lágt verð. Þessa staðreynd veit ég, að við viðurkennum allir í hjarta okkar. Ég er t. d. alveg viss um, að ekki hefði þurft að koma eins fljótt til ábyrgða, hvað þá til frílistans, hefði útvegsmönnum verið reiknað hærra verð fyrir útflutningsvöru sína, en sá gjaldeyrir, sem þeir hafa skapað, ekki verið tekinn af þeim á skráðu gengi og fenginn í hendur mönnum, sem hvergi hafa komið nærri við raunverulega öflun hans. — En ég ætla ekki að dvelja lengur við þetta. Ég hef gefið hv. þm. eins góð svör og ég hef getað og bætt við nokkru. Ég get einnig sagt það, að ég er hv. 4. landsk. eiginlega sammála hvað viðvíkur reknetasíldinni. En hvað heldur hv. þm., að sumir kollegar okkar hér í hv. d. mundu segja, ef öll reknetasíld ætti að takast á frílista? En ég vil segja, að öll meðferð þessara mála eigi rétt á sér, svo fremi að það verði til þess að auka atvinnu, bæta afkomumöguleika útgerðarinnar og síðast en ekki síst til að skapa gjaldeyri fyrir þjóðina. Það sýndi sig bezt með Faxaflóasíldina s. l. haust, hvaða verðmæti náðust inn í landið vegna beinnar tilstuðlunar frílistans, og ætti þetta dæmi að nægja til að sanna, að frílistinn á rétt á sér. Ég tel það alveg fullkominn óþarfa, eins og stungið hefur verið upp á, að taka inn í lögin grein, er kveði á um, hvaða vörur það séu, sem á frílistanum eigi að vera. Það hefur aldrei komið til mála að víkka hann svo, að hv. þm. þurfi nokkuð að óttast í því efni. Hingað til hefur það líka verið skilningur hæstv. ríkisstj., að þetta væri fullkomið framkvæmdaratriði eða verðlagsatriði, ekkert ólíkt verðlagningu á kjöti og mjólk. Er það

mín skoðun, að sjómenn eigi alveg eins rétt á að fá sína framleiðslu verðlagða og bændur. Hv. þm. Str. (HermJ) benti á atriði í þessu varðandi lögfestingu. Það er ekki skoðun mín né annarra þeirra, sem að frílistanum standa, að hann eigi að haldast, ef allt væri fellt og útgerðin gæti staðið á eigin fótum. Hér er því aðeins um að ræða stundarfyrirbrigði, þar sem reynt er að létta undir með útgerðinni, þar til varanleg lausn er fengin. Ég er því sammála hv. þm., að ekki eigi að vera að setja þetta í lög. Ég mundi hvorki sem þm. né útvegsmaður leggja til, að nokkur hlutur væri á frílista, ef afkoma útvegsins væri slík, að þess þyrfti alls ekki með og útvegsmenn fengju sinn gjaldeyri reiknaðan á sómasamlegu verði, en það hafa þeir ekki fengið.

Hv. 2. þm. S-M. (VH) hefur flutt hér brtt. varðandi þorskalifur. Hann vill taka hana beinlínis inn í ábyrgðina. Brtt. þessi átti upptök sín í hv. Nd. og var fram borin þar af flokksmanni hv. 2. þm. S-M., hv. þm. V-Húnv. (SkG), og hún var felld þar í hv. þd. Ég er ekki alveg viss um, að þessir tveir hv. þm. og þeir, sem kunna að samþ. þessa brtt. með þeim, geri sér ljóst, hvað þeir eru að bera hér fram. Lifrin er í fyrsta lagi ósambærilegur hlutur, eftir því, hvar við landið hún er veidd. Það er gersamlega ósambærileg vara vetrarvertíðarlifur hér syðra og t. d. sumarlifur fyrir norðan og e. t. v. fyrir austan. Ég veit ekki, hvort hún er fyrir austan alveg eins slæm og fyrir norðan. En, sem sagt, sumarlifur og vetrarlifur er sitt hvað. Og lengi var sumarlifur í mörgum veiðistöðvum hreint og beint fleygt. Til skýringar fyrir þá, sem ekki gera sér ljóst, hvers vegna það er, skal ég taka fram, að það kemur miklu meira lýsi úr vetrarlifur en úr sumarlifur. En nú vill hv. 2. þm. S-M. láta alls staðar vera sama verð fyrir lifrina, jafnt verð fyrir beztu vöruna og verstu vöruna, og það eru dálítið nýstárlegir verzlunarhættir, sem hann vill taka upp með því móti. Ætli mönnum fyndist það ekki einkennilegt, ef sama verð ætti að borga fyrir I. og III. flokk af ull eða því um líkt? Ég benti á það, að útvegsmenn hefðu óskað eftir því hér í viðræðum við ríkisstj., að bátalifrin kæmist á frílista, vegna hins lága verðs, sem er á lýsinu. En útvegsmenn hafa aldrei beðið um, að ríkissjóður yrði látinn taka ábyrgð á lifrarverðinu. Í fundarsamþykkt L. Í. Ú. eru taldar upp þær vörur, sem þeir óskuðu tekna ábyrgð á. En engar óskir hafa komið frá útvegsmönnum um, að ríkissjóður ábyrgðist þeim lifrarverð, hvorki hátt né lágt. Lifur er ekki nefnd þar.

Nú eru menn ákaflega óánægðir með ábyrgðarlögin yfir höfuð, og ég held, að ekki neinir af hv. þm. hafi bannsungið ábyrgðina á fiskinum kröftuglegar en einmitt Framsfl.-menn. Þeir hafa lag á að koma vel orðum að því, hve ábyrgðin sé óheppileg, og má vel vera, að þetta sé rétt. Hún er af mörgum talin ekki æskileg og ekki heldur af mér. Og þá finnst mér kátbroslegt, að sá flokkur, sem fordæmt hefur ábyrgðina, sem útvegsmenn hafa talið sér nauðsynlegt að fá á fiskverðinu, gerir nú ítrekaðar tilraunir til þess að troða upp á útvegsmenn ábyrgð á vöru, sem þeir hafa ekki beðið um. Hvað gæti orðið um að ræða sem aukakostnað af þessari ábyrgð, skal ég ekki fullyrða. En mér skilst, að yfir vetrarvertíðina mundi þessi hækkun, sem hv. 2. þm. S-M. og flokksbræður hans lýsa sig fylgjandi, geta numið eitthvað frá einni og hálfri upp í tvær millj. kr., og ef um allt árið væri talað, þá frá tveimur og hálfri upp í þrjár millj. kr., sem þetta kostaði ríkissjóð. Og ég vil biðja hv. þm. að gæta að því, að um það bil allir, sem eiga von á að fá kr. 1,30 fyrir lítrann af hvaða lifur sem um væri að ræða, mundu leggja stund á að hirða allt, sem lifur heitir, handa ríkissjóði til að bræða.

Af því, sem ég hef tekið fram, mótmæli ég því, að þessi brtt. verði samþ. Hún bakar ríkissjóði að óþörfu milljónaútgjöld, ef hún verður samþ. og framkvæmd. Hún er enn fremur ekki fram komin að vilja útvegsmanna, heldur á móti þeirra vilja. Og hún skapar misrétti í afurðaverðinu, þar sem þeir, sem framleiða beztu vöruna, eiga að fá nákvæmlega jafnt verð og þeir, sem framleiða verstu vöruna. Ég gerði það svona að gamni mínu að sýna hv. 2. þm. S-M. fram á þetta. En hann hafði nú þau orð, þegar hann rökstuddi sitt mál, að það mundi vera óþarfi að tala mikið um þetta, því að það væri ákveðið, að ríkisábyrgð yrði tekin á lifrarverðinu, svo að mér skildist, að hann væri ekki kominn til þess að láta sannfærast. En ég gat ekki stillt mig um að benda á þetta, öðrum til athugunar.

Hv. þm. Barð. (GJ) minntist hér á 15. gr. og nauðsyn þess, að endurskoðun yrði framkvæmd á henni, ef til kæmi. Ef það fellur í minn hlut að líta eftir framkvæmdum í þessum efnum, þá hef ég fullan vilja á því, að svo fremi að misbrestur sé á orðinn á síðasta ári við þessa framkvæmd, þá hef ég enga löngun fyrir mitt leyti til þess, að slíkt endurtaki sig. Hitt er annað mál, að ég veit ekki enn, hvort sönnur hafa verið færðar á, að misbrestur hafi orðið einhver hjá skilanefnd. En um það getum við rætt, ég og þeir, sem hafa haft framkvæmd þessa með höndum á sínum tíma, og er ég fús til þess að ræða um þetta við þá, ef það fellur í minn hlut að framkvæma í þessum efnum.

Ég tel þá, að öllu athuguðu, enga nauðsyn á því, heldur til spillis, að fara að lögfesta þennan svo kallaða frílista. Hann er ekki svo merkilegur, að það taki því. Og ég tel síður en svo nauðsyn á að bæta lifrinni ofan á ábyrgðina, því að það er eiginlega að leggja algerlega öfugt á, því að það kæmi þvert ofan í allt annað, sem gerzt hefur í þessum ábyrgðarmálum, og það er ekki samkv. óskum þeirra, sem eiga að njóta þessara laga.

Ég vil út af ræðu hv. 4. landsk. þm. benda honum á t. d., að það er svo fjarri því, að menn utan Faxaflóa hafi verið neinar hornrekur viðkomandi þessum ábyrgðum, að svo miklu leyti sem ég hef við ráðið. Og í tíð fyrrv. ríkisstj. þá var með mínu samþykki og með minni ábyrgð haldið uppi sérstökum stuðningi við útgerð á Hornafirði, með því að ríkið lánaði þeim fisk-

Alþingi 1949.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1949, mánudaginn 14. nóvember, var sextugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fimmtugasta og annað aðalþing í röðinni, en áttugasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Bjarni Jónsson vígslubiskup steig í stólinn og lagði út af Jeremía 29. kap. 11.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
6. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
9. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
10. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
11. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
12. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
14. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
15. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
16. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
17. Gísli Jónsson, þm. Barð.
18. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
20. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
21. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
22. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
23. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
24. Hermann Jónasson, þm. Str.
25. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
26. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
27. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
28. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
29. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
30. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
31. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
32. Jónas Rafnar, þm. Ak.
33. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
34. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
35. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
36. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
37. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
38. Ólafur Thors, þm. G-K.
39. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
40. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
41. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
42. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
43. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
44. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
45. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
46. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
47. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
48. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
49. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
50. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
51. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
52. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Voru þingmenn allir til þings komnir og á fundi, nema Eiríkur Einarsson, sem hafði boðað veikindaforföll, en í stað hans var til þings kominn

Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Sveinn Björnsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Sveinn Björnsson): Í ríkisráði 8. þ. m. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætis-

ráðherra, að reglulegt Alþingi 1949 skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember næst komandi.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gert í Reykjavík, 8. nóvember 1949.

Sveinn Björnsson.

/Stefán Jóh. Stefánsson.

Forsetabréf um, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 14. nóvember 1949."

Samkvæmt bréfi því, er ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá endurreisn Alþingis fyrir 104 árum er þetta 84. samkoma þess, en frá því, er það fékk aftur í hendur löggjafarvald fyrir 75 árum, er þetta þing hið 69. í röðinni, en 52. aðalþing.

Eftir nýafstaðnar almennar alþingiskosningar sezt nú nýkjörið þing á rökstóla, og býð ég þingmenn velkomna til starfa.

Er fráfarandi ráðuneyti fékk lausn 2. nóvember, bar ég fram þá ósk, að flýtt yrði sem mest myndun nýs ráðuneytis, þegar er Alþingi kæmi saman til funda. Sömu ósk bar ég fram við formenn allra þingflokkanna fjögurra, er ég átti tal við þá um viðhorfið daginn eftir, 3. nóvember. Skildist mér á þeim öllum, að þeir væru mér sammála um, að þetta væri mjög æskilegt, og tóku því vel að hefja þá þegar þann undirbúning undir stjórnarmyndun sem kleift væri. Nú er Alþingi er komið saman til funda, ber ég fram sömu óskina enn þá einu sinni.

Í 15. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Forseti skipar ráðherra og veitir þeim lausn". Í lýðfrjálsu landi með þingræðisvenjum er ráðgert, að þjóðhöfðinginn noti þetta vald sitt ekki nema í fullu samræmi við vilja þingsins, þannig, að hann skipi að jafnaði ekki ráðherra, nema áður sé fengin trygging fyrir því, að þeir njóti stuðnings meiri hluta þings, eða að minnsta kosti, að meiri hluti þings sé ekki andvígur ráðuneytinu. Af þessu leiðir aftur, að það hvílir raunverulega á þingmönnum að skapa þau skilyrði, sem þarf til þess að hægt sé að skipa slíkt ráðuneyti. Þetta er bæði réttur og skylda þingmanna samkvæmt þingræðisvenjum.

Nú hefur það farið svo hér á landi í hvert skipti eftir annað, að stjórnarmyndun hefur tekið mjög langan tíma, jafnvel svo mánuðum skiptir. Þetta hefur tafið mikið önnur störf þingsins, því að segja má með nokkrum sanni, að öll venjuleg þingstörf sitji á hakanum, þar til fenginn er nægur stuðningur fyrir nýtt ráðuneyti. Ég þykist viss um, að bæði þingmenn sjálfir og þjóðin öll telja það æskilegt, að þessi töf frá störfum verði sem styzt.

Alþingi það, sem nú er komið saman til funda, á að samþykkja fjárlög fyrir næsta ár, sem eiga að ganga í gildi eftir 6—7 vikur. Fjárhags- og efnahagsmál kalla mjög að um ráðstafanir stjórnar og þings, sem ekki þola neina bið; dráttur á þeim getur orðið landi og þjóð mjög örlagaríkur.

En hvað á að gera, ef ekki tekst samt að mynda stjórn, sem hafi tryggðan stuðning meiri hluta Alþingis, án of mikils dráttar?

Ég skil stjórnarskrá vora svo, að er mikið liggur við — og það liggur mikið við nú —, þá sé það bæði réttur og skylda forseta að reyna að skipa ráðuneyti, innan þings eða utan, þó að það hafi ekki fyrir fram tryggðan meiri hluta þings, ef slíkur stuðningur fæst ekki. Alþingi getur lýst vantrausti á slíku ráðuneyti, en verður þá um leið að sjá fyrir öðru ráðuneyti, sem því líkar betur. Löggjöf um aðsteðjandi vandamál og aðrar ráðstafanir þola ekki þá bið, sem leiðir af því, að óeðlilega lengi starfi ráðuneyti, sem fengið hefur lausn vegna þess, að það telur sér ekki fært að fara lengur með stjórn eða telur sig ekki njóta lengur trausts meiri hluta þings. Því er ekki hægt fyrir Alþingi að ætla sér óákveðinn frest í von um, að viðhorfið breytist. Þess vegna eru það og algerar undantekningar í öðrum lýðræðis- og þingræðislöndum, að það taki nema stuttan tíma, jafnvel einn dag eða fáa daga, að mynda nýtt ráðuneyti í stað þess, sem fer frá. Þegar það kemur fyrir, að það tekur lengri tíma, eins og t. d. í sumar í Belgíu og nú nýverið í Frakklandi, er það almennt talið nokkurs konar þjóðarógæfa og af sumum jafnvel talið til þess fallið að draga úr áliti og virðingu þjóðarinnar einnig út á við. Í Frakklandi tók stjórnarmyndun þrjár vikur og þótti allt of langur tími. Það, sem kemur fyrir hjá öðrum þjóðum sem undantekning, má ekki verða venja hjá oss Íslendingum, ef vér viljum teljast í hópi þingræðisþjóða.

Ég veit, að það er álit sumra, að öðruvísi horfi við hér en annars staðar, en get ekki fallizt á þau rök, sem færð eru fyrir því. Fyrr á árum var þjóðhöfðinginn í fjarlægu landi; nú er hann hér viðstaddur. Hér eru fjórir flokkar, og enginn þeirra hefur meiri hluta þings; nú hafa að vísu tveir flokkanna saman slíkan meiri hluta, en hvorugur þeirra hefur meiri hluta ásamt öðrum hvorum hinna tveggja flokkanna. Víða annars staðar stendur verr á, flokkarnir eru fleiri og þarf stuðning fleiri en tveggja flokka og jafnvel fleiri en þriggja flokka. — Málum vorum er svo komið vegna verðbólgu, dýrtíðar, of mikils framleiðslukostnaðar til þess að geta keppt við aðra innanlands og utan, of hárra ríkisútgjalda, of hárra skatta og tolla o. s. frv., að erfitt er að sameinast um það, á hvern hátt skuli fram úr ráðið. Mér finnst þessi rök frekar vera rök fyrir því, að stjórnarmyndun þolir enga bið, en fyrir því, að langan tíma þurfi til stjórnarmyndunar, sem aftur leiðir af sér langa töf á aðkallandi störfum þings og stjórnar.

Í samræmi við það, sem ég hef sagt, tel ég rétt að skýra hinu háa Alþingi frá því á þessum fyrsta fundi þess, að ef svo skyldi fara, mót von minni, að ekki hafi tekizt að tryggja nýju ráðuneyti nægan stuðning fyrir 30. þ. m., þó helzt fyrr, mun ég líta svo á, að ekki beri að fresta því lengur, að ég geri tilraun til þess að skipa nýtt ráðuneyti, sem Alþingi getur þá hafnað eða sætt sig við, — enda eru þá liðnar fjórar vikur frá því fráfarandi ráðuneyti fékk lausn frá störfum og frá því, er ég mæltist til þess við formenn þingflokkanna að hefja undirbúning að stjórnarmyndun, — og meira en mánuður frá því kunn

voru úrslit kosninganna, en meira en tvær vikur frá því, að Alþingi kom saman til funda.

Að svo mæltu vil ég biðja alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, mælti: „Lifi Ísland.“ — Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forseti kvaddi nú elzta þingmanninn, Jörund Brynjólfsson, 1. þm. Árn., til þess að stýra fundi, þar til er kosinn væri forseti sameinaðs Alþingis. Gekk forseti Íslands síðan út úr salnum.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (JörB): Áður en þingstörf hefjast að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum þriggja fyrrverandi alþingismanna, sem látizt hafa milli þinga. Þessir menn eru Sveinn Ólafsson, umboðsmaður í Firði, sem andaðist að heimili sínu, Firði, 20. júlí s. l., 86 ára að aldri, séra Þorsteinn Briem, sem andaðist að heimili sínu hér í Reykjavík 16. ágúst síðastl., 64 ára að aldri, og Þórarinn Benediktsson frá Gilsárteigi, sem lézt í landsspítalanum í fyrradag, 12. þ. m., 78 ára að aldri.

Sveinn Ólafsson fæddist í Firði í Mjóafirði 11. febrúar 1863. Foreldrar hans voru þau Ólafur bóndi í Firði Guðmundsson og kona hans Katrín Sveinsdóttir bónda á Kirkjubóli í Norðfirði Jónssonar. Sveinn ólst upp með foreldrum sínum, en fór til Noregs 18 ára gamall og dvaldist þar við nám í lýðháskólum 1881—82. Síðan fór hann í Möðruvallaskóla og lauk þaðan prófi 1884. Ári síðar fór hann utan öðru sinni og stundaði nám í kennaraskóla Kaupmannahafnar 1885—86. Vorið 1887 reisti hann bú á Asknesi í Mjóafirði og bjó þar til ársins 1899. Þá tók hann við forstöðu verzlunar í Bakkagerði í Borgarfirði eystra og gegndi því starfi um tveggja ára skeið, en vorið 1901 gerðist hann bóndi í Firði og rak þar búskap fram á elliár og átti þar jafnan heimili síðan.

Það kom snemma í ljós, að Sveinn Ólafsson var frábær vitsmunamaður og jafnframt áhugasamur um þjóðmál, og þótti hann því þegar á ungum aldri vænlegur til forustu, enda voru honum snemma falin hvers konar trúnaðarstörf í héraði. Hann var hreppsnefndarmaður í nærfellt hálfa öld, sýslunefndarmaður í nálega 30 ár og amtsráðsmaður um skeið. Árið 1909 varð hann umboðsmaður Múlasýsluumboðs og gegndi því starfi milli 30 og 40 ár. Hann var þingmaður Sunnmýlinga á árunum 1916—33 og sat á 20 þingum samfleytt. Þótt kominn væri yfir miðjan aldur, eða 53 ára, þegar hann tók fyrst sæti á Alþingi, gætti þess þegar, að þar var enginn miðlungsmaður setztur á þingbekk. Fyrir sakir fjölhæfni hans, glöggskyggni og mælsku, samfara víðtækri þekkingu á landshögum og atvinnumálum þjóðarinnar, einkum landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum, mun honum jafnan verða skipað á bekk með mikilhæfustu þingmönnum þjóðarinnar á þessu tímabili. Hann var hvort tveggja í senn, kappsfullur og rökvís málafylgjumaður og samningamaður, ef því var að skipta og honum þótti einhver afsláttur á fyllstu kröfum vænlegur í bili til þess að þoka máli áleiðis.

Hann átti sæti í milliþinganefnd í vatnamálum, svonefndri fossanefnd, sem starfaði á árunum 1917—19, varð þar í minni hluta um mikilvæg atriði og ritaði ýtarlegt sérálit. Þegar vatnalöggjöfin var sett nokkrum árum síðar, urðu sjónarmið hans ofan á í þinginu. Sem vænta mátti var hann áhrifamaður í fjölmargri lagasetningu, ekki sízt á sviði atvinnumálanna, sérstaklega sjávarútvegsins, og má þar einkum nefna nýja skipun síldarútvegsmála.

Sveinn Ólafsson var rammíslenzkur og málfar hans í ræðu og riti kjarnmikið og sérkennilegt. Þegar hann tók til máls, og það gerði hann oft á þingi, var setningaskipun öll svo óskeikul og fastmótuð sem hið vandaðasta ritmál. Innanþingsskrifurum, sem ekki náðu ræðum hans orðréttum, fundust stundum handrit sín illa leikin, þegar þeir sáu þau yfirlesin af ræðumanni, enda var hann svo stílfastur og málvandur, að hann vildi ekki hlíta í því efni orðalagi annarra en sjálfs sín.

Áður en Alþingismannatalið var gefið út 1930, voru þingmönnum sendar nokkrar spurningar á blaði varðandi æviatriði þeirra. Síðasta spurningin var á þessa leið: Önnur atriði, er máli þykja skipta og einkum lúta að þjóðmálastarfsemi. Í svardálkinn ritaði Sveinn Ólafsson og varð að þjappa saman efninu, því að rúmið var lítið:

„Hef frá æsku talsvert kynnzt Norðurlandaþjóðum, einkum Norðmönnum, einnig Skotum. Mótaðist snemma norskum áhrifum. Hef oft dregið líkur af norskum fyrirmyndum. Varð ákveðinn sjálfstæðismaður snemma fyrir norsk áhrif. Samanburður íslenzkrar sveitamenningar við hliðstæða menningu Skandinava hefur rótfest þá skoðun hjá mér, að sveitamenningin íslenzka sé fjöregg þjóðarinnar. Eftir því ekið seglum.“

Með þessum orðum lýsir hann bezt sjálfur meginviðhorfi sínu í allri þjóðmálastarfsemi.

Sveins í Firði mun lengi verða minnzt sem eins hins vitrasta og menntaðasta Íslendings í bændastétt.

Séra Þorsteinn Briem var fæddur að Frostastöðum í Blönduhlíð 3. júlí 1885, sonur Ólafs Briems, bónda þar, en síðar og lengst af á Álfgeirsvöllum, og konu hans, Halldóru Pétursdóttur. Var hann ungur settur til mennta og tók stúdentspróf 1905, en guðfræðiprófi lauk hann 1908. Næsta vetur dvaldist hann í Danmörku til frekari undirbúnings undir lífsstarf sitt. Prestsvígslu tók hann í júlímánuði 1909 sem aðstoðarprestur séra Jens Pálssonar í Görðum á Álftanesi, en tæpum tveimur árum síðar voru honum veitt Grundarþing í Eyjafirði, og þjónaði hann því kalli í 8 ár, en sótti þá um Mosfell í Grímsnesi, hlaut kosningu og gegndi prestsembætti þar um tveggja ára skeið. Eftir það var honum veitt Garðaprestakall á Akranesi, og þar starfaði hann í aldarfjórðung, að frátöldum rúmum tveimur árum, er hann gegndi ráðherraembætti, eða til vorsins 1946, en þá lét hann af prestskap vegna heilsubilunar. Um sumarið fór hann til Svíþjóðar til að leita sér lækninga og dvaldist

þar og í Danmörku í sjúkrahúsum og undir læknahöndum um nærfellt tveggja ára skeið. Hvarf hann þá heim og virtist hafa fengið nokkra bót meina sinna, en brátt sótti í sama horf, sjúkleiki hans ágerðist og dró hann til dauða rúmu ári eftir heimkomuna.

Þegar á fyrstu prestskaparárum séra Þorsteins þótti mjög að honum kveða sem kennimanni, og brátt kom svo, að almenningsálitið skipaði honum á bekk með fremstu andlegrar stéttar mönnum þjóðarinnar. Bar margt til: virðulegur persónuleiki, prúðmannleg framkoma, fjölþættar gáfur og alúð sú og innileiki, sem hann lagði í starfið. Sérstaklega var hann talinn skara fram úr í prédikunarstarfinu, og þótti í ræðum hans fara saman andríki, orðkynngi og frábær flutningur. Þess var að vænta, að slíkum manni væru falin ýmis aukastörf á sviði kirkjumála og kristindóms, enda varð sú raunin á. Hann var formaður í milliþinganefnd í kirkjumálum, er skipuð var 1929. Prófastur var hann í Borgarfjarðarprófastsdæmi frá 1931 til þess er hann lét af prestskap. Í kirkjuráði átti hann sæti frá stofnun þess, og í stjórn „almennra kirkjufunda" sat hann lengi. Formaður Hallgrímsdeildar Prestafélags Íslands var hann um langt skeið og síðar heiðursfélagi.

Allmörg hin síðustu árin og svo að segja fram undir andlátið vann séra Þorsteinn að miklu ritverki um íslenzkan sálmakveðskap. Hafði hann aflað sér víðtækrar þekkingar á því sviði og vann að þessu áhugamáli sínu, meðan kraftar entust, með þeirri vandvirkni, sem einkenndi öll störf hans, en auðnaðist ekki að ljúka því.

Þó að séra Þorsteinn teldi sig fyrst og fremst þjón kirkjunnar og málefna hennar, lét hann og ýmis önnur mál til sín taka. Hann hafði m. a. mikinn áhuga á landbúnaði og trúði örugglega á framtíð hans og lífsorku íslenzkrar frjómoldar, og sjálfur rak hann jafnan búskap með góðum árangri á prestssetursjörðunum, er hann sat.

Séra Þorsteinn sóttist ekki eftir vegtyllum og virðingarstöðum, en um svo frábæran vitsmunamann og mannkosta gat naumast hjá því farið, að aðrir yrðu til þess að benda á hann og fá hann til að gegna trúnaðarstörfum utan síns embættislega verkahrings. Á árunum 1932—34 var hann skipaður ráðherra í ráðuneyti Ásgeirs Ásgeirssonar og hafði með höndum kirkju- og kennslumál og landbúnaðarmál. Kom hann þá fram á þingi nokkrum málum, er hann hafði unnið að í kirkjumálanefndinni. Af öðrum merkum málum, sem hann undirbjó á ráðherratíð sinni, má nefna ábúðarlögin, er allmiklar deilur höfðu staðið um, en honum tókst að leysa.

Á þingi átti séra Þorsteinn sæti í níu ár, 1934—37 sem landskjörinn þingmaður, en þingmaður Dalamanna 1937—42. Var hann ávallt mikils metinn af samþingismönnum sínum sökum vitsmuna og hygginda, og tillögugóður var hann ætíð, ráðsvinnur og rökvís. — Hann var einn af stofnendum Bændaflokksins og formaður hans 1935—42.

Við fráfall séra Þorsteins Briems á þjóðin á bak að sjá einum mætustu sona sinna.

Þórarinn Benediktsson var fæddur 3. marz 1871 í Keldhólum á Völlum. Foreldrar hans voru Benedikt Rafnsson, síðar bóndi í Höfða á Völlum, og kona hans, Málfríður Jónsdóttir bónda í Keldhólum Marteinssonar. Þórarinn útskrifaðist úr búnaðarskólanum á Eiðum 1892, mun síðan hafa stundað ýmis sveitastörf, unz hann reisti bú á Gilsárteigi í Eiðaþinghá 1897, og þar bjó hann alla búskapartíð sína. Hreppstjóri var hann 1898 og síðan alla þá tíð, er hann bjó á Gilsárteigi, og sýslunefndarmaður um skeið. Þá átti hann sæti á búnaðarþingi nokkur ár, og á tímabili var hann í stjórn Eiðaskóla. Árið 1919 brá hann búi og fluttist eftir það til Seyðisfjarðar. Gerðist 1920 gjaldkeri útibús Íslandsbanka og síðar Útvegsbankans þar og mun hafa gegnt því starfi til 1931. Eftir það stundaði hann ýmis störf á Seyðisfirði, meðal annars búnaðarstörf og skriftir. Hann átti sæti á Alþingi sem þingmaður Sunnmýlinga á þingunum 1914 og 1915.

Þórarni Benediktssyni er svo lýst, að hann hafi verið greindur maður og gegn, jafnan traustur í starfi og trúr hverju góðu málefni, er hann lagði lið. Þótt ekki hefði hann sig mjög í frammi á hinum stutta þingsetutíma sínum, aflaði hann sér trausts og virðingar samþingismanna sinna, er vel kunnu að meta störf hins hyggna og hollráða manns.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum og votta þar með virðing minningu þessara mætismanna. — [Þm. risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Þá skýrði aldursforseti frá því, að forseta sameinaðs þings hefði borizt eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1949.

Það tilkynnist yður hér með, að Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn., getur ekki að svo stöddu tekið sæti á Alþingi sökum veikindaforfalla, og hefur hann óskað þess, að varamaður hans, Sigurður Ó. Ólafsson, taki í hans stað sæti á þingi fyrst um sinn.

Virðingarfyllst
F. h. miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins
Jóhann Hafstein."

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv., og Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., en þessu næst skiptust þm. í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:
BSt, EOl, EmJ, EystJ, GJ, HG, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JörB, LJóh, PZ, SÁ, SG, StgrA, ÞÞ.

2. kjördeild:
ÁkJ, ÁS, BÁ, BÓ, SÓÓ, FRV, GG, GTh, GÞG, JóhH, JR, KK, KS, LJós, SB, StJSt, StSt.

3. kjördeild:
ÁÁ, ÁB, BBen, BrB, FJ, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JJós, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, SkG, StgrSt, VH.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf allra alþingismanna. Skiptu kjördeildir með sér kjörbréfum svo sem lög mæla fyrir, þannig að 1. kjördeild hlaut til rannsóknar kjörbréf þeirra þm., sem

voru í 3. kjördeild, 2. kjördeild kjörbréf þm. í 1. deild, og 3. deild kjörbréf þm. í 2. deild.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildir gengu úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundi fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): 1. kjördeild hefur athugað kjörbréf þeirra þm., sem eiga sæti í 3. kjördeild, og hefur ekki fundið neitt athugavert við þau, enda engar kærur legið fyrir um neina af þessum kosningum. Leggur kjördeildin því til, að kosning nefndra þm. sé tekin gild.

Kjördeildin hefur fengið ógilda seðla úr þrem kjördæmum til athugunar, og er þar greinilega merkt við einn frambjóðandann, án þess að það sé reglulegur kross. Einn seðill er þannig, að merkt er við tvo frambjóðendur, og því tvímælalaust ógildur, enda ekki krossaður, heldur eru önnur merki við nöfnin. Ég get um þetta, þó að ekki hafi það áhrif á kosninguna. Hún er tvímælalaus. En það mun vera mjög misjafnt í einstökum kjördæmum, hvað kjörstjórnir eru strangar um ógildingu seðla, ef vilji kjósandans kemur sýnilega fram. Ég veit t. d., að í mínu kjördæmi er það þannig, að seðill er gerður ógildur, ef ekki er reglulegur kross. Í öðrum kjördæmum mun það vera þannig, að ef eitthvert merki er við listabókstaf eða nafn, er seðillinn tekinn gildur. Mér skilst, að hér þurfi nokkurrar samræmingar við.

ATKVGR.

Till. 1. kjördeildar um, að kjörbréf þm. í 3. kjördeild verði tekin gild, samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. 2. kjördeildar (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 2. kjördeild hefur fengið til meðferðar kjörbréf 18 þm. Þeir eru þessir: Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv., Emil Jónsson, þm. Hafnf., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Gísli Jónsson, þm. Barð., Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv., Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang., Jón Gíslason, þm. V-Sk., Jón Pálmason, þm. A-Húnv., Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., Jónas Árnason, 6. uppbótarþingsæti Sameiningarflokks alþýðu, Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn., Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf., Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv., Steingrímur Aðalsteinsson, 3. uppbótarþingsæti Sameiningarflokks alþýðu, Þorsteinn Þorsteinsson, 2. uppbótarþingsæti Sjálfstfl.

Kærur hafa engar borizt út af neinu þessara kjörbréfa. 2. kjördeild leggur til, að kosning þessara 18 þm. sé tekin gild.

ATKVGR.

Till. 2. kjördeildar samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. 3. kjördeildar (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Kjördeildin fékk kjörbréf 17 þm. úr 2. kjördeild. Ég hirði ekki um nöfnin, nema hæstv. forseti óski þess sérstaklega. Ég skal þó geta þess, að fyrir 2. þm. Árn., Eiríks Einarsson, lá ekkert kjörbréf fyrir, heldur fyrir varamann hans. Það kemur til athugunar þegar aðalþm. nær fullri heilsu og leggur sitt kjörbréf fram. Engar kærur lágu fyrir og engar aths. komu fram, og leggur kjördeildin til, að kosningar allra þessara þm. verði teknar gildar.

ATKVGR.

Till. 3. kjördeildar samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þá undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir:

Ásgeir Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson, Jónas Árnason, Jónas Rafnar, Karl Kristjánsson, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir, Sigurður Ágústsson, Sigurður Ó. Ólafsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Fundi frestað eftir ósk forsætisráðherra.

Þriðjudaginn 15. nóvember var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosninguna varð að þrítaka. Við fyrstu atkvgr. hlaut Jón Pálmason 18 atkv., Steingrímur Steinþórsson 17 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 8 atkv. og Haraldur Guðmundsson 7 atkv., en einn seðill var ógildur og einn auður.

Þar sem enginn hafði hlotið meira en helming greiddra atkv., lét forseti endurtaka kosninguna, og hlaut Jón Pálmason 18 atkv., Steingrímur Steinþórsson 17 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 9 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði enn fengið meira en helming greiddra atkv., lét aldursforseti fram fara bundna kosningu um þá tvo, er flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.,

með 25 atkv. — Jón Pálmason fékk 19 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.,

með 18 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 9 atkv., Finnur Jónsson 7 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

Því næst fór fram kosning annars varaforseta. Kosningin var þrítekin. Við fyrstu atkvgr. fékk Ingólfur Jónsson 18 atkv., Finnur Jónsson 9 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 9 atkv., en 16 seðlar voru auðir.

Þar sem enginn hafði fengið tilskilinn meiri hluta atkv., var kosningin endurtekin. Hlaut þá Ingólfur Jónsson 18 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 11 atkv., Finnur Jónsson 10 atkv., en 11 seðlar voru auðir.

Varð nú fram að fara bundin kosning um þá tvo, sem flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.,

með 19 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 12 atkv., en 20 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SkG, á B-lista JS. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar. Á A-lista voru ÞÞ og LJóh, á B-lista HermJ, RÞ og á C-lista SG. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu:

Þorsteinn Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Lárus Jóhannesson,
Sigurður Guðnason,
Rannveig Þorsteinsdóttir.

Kosning til efri deildar.

Loks var tekin til meðferðar kosning 17 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram fjórir listar. Á A-lista voru HG, HV; á B-lista HermJ, BSt, PZ, VH, KK, RÞ; á C-lista BrB, FRV, StgrA; á D-lista BBen, EE, GJ, JJós, LJóh, ÞÞ. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson,
Hermann Jónasson,
Eiríkur Einarsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Gísli Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Jósefsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Lárus Jóhannesson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Steingrímur Aðalsteinsson,
Rannveig Þorsteinsdóttir.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Við kosningu hverrar nefndar komu fram fjórir listar, A, B, C og D.

1. Fjárveitinganefnd.

Á A-lista var HV; á B-lista HelgJ, HÁ, KK; á C-lista ÁS, LJós; á D-lista PO, GJ, IngJ, BÓ. — A-listi fékk 7 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. og D-listi 19 atkv. Kosningu hlutu því:

Pétur Ottesen,
Helgi Jónasson,
Gísli Jónsson,
Ásmundur Sigurðsson,
Halldór Ásgrímsson,
Hannibal Valdimarsson,
Ingólfur Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Björn Ólafsson.

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna og varamanna voru á listunum hvoru sinni jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti yfir samkv. því, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ólafur Thors (D),
Hermann Jónasson (B),
Bjarni Benediktsson (D),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Eysteinn Jónsson (B),
Stefán Jóh. Stefánsson (A),
Jóhann Jósefsson (D).

Varamenn:
Gunnar Thoroddsen (D),
Páll Zóphóníasson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Einar Olgeirsson (C),
Bjarni Ásgeirsson (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Björn Ólafsson (D).

3. Allsherjarnefnd.

Á listunum voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Voru samkv. því kjörnir án atkvgr.:

Jón Sigurðsson (D),
Jón Gíslason (B),
Ingólfur Jónsson (D),
Lúðvík Jósefsson (C),
Skúli Guðmundsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Stefán Stefánsson (D).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Pálmason (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jónas Rafnar (A),
Áki Jakobsson (C),
Rannveig Þorsteinsdóttir (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Þorsteini Þorsteinssyni. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
3. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
4. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.
5. Finnbogi R. Valdimarsson, 7. landsk. þm.
6. Gísli Jónsson, þm. Barð.
7. Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm.
8. Haraldur Guðmundsson, 4. þm. Reykv.
9. Hermann Jónasson, þm. Str.
10. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
11. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
12. Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
14. Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.
15. Steingrímur Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.
16. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
17. Þorsteinn Þorsteinsson, 11. landsk. þm.

Eiríkur Einarsson hafði boðað veikindaforföll, en í hans stað var til þings kominn varamaður hans, Sigurður Ó. Ólafsson. Allir þdm. voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bernharð Stefánsson og Lárus Jóhannesson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar, og varð að þrítaka atkvgr. Við fyrstu atkvgr. hlaut Bernharð Stefánsson 8 atkv., Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv. og Steingrímur Aðalsteinsson 3 atkv.

Þar sem enginn hafði hlotið meira en helming greiddra atkv., lét forseti endurtaka kosninguna, en atkv. féllu á sama veg og hið fyrra sinn.

Varð nú fram að fara bundin kosning um þá tvo, sem flest atkv. höfðu fengið. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 10 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn, kvaddi Pál Zóphóníasson til skrifarastarfa, en lét síðan fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningin var þrítekin. Við fyrstu atkvgr. hlaut Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv., Rannveig Þorsteinsdóttir 4 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 4 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Við aðra atkvgr. fékk Rannveig Þorsteinsdóttir 7 atkv., Þorsteinn Þorsteinsson 6 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 3 atkv., en 1 seðill var auður.

Varð þá fram að fara bundin kosning. Hlaut kosningu

Rannveig Þorsteinsdóttir, 8. þm. Reykv.,

með 8 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson fékk 6 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Var kosningin tvítekin. Við fyrri atkvgr. fékk Lárus Jóhannesson 5 atkv., Steingrímur Aðalsteinsson 4 atkv., Gísli Jónsson 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Við endurtekna atkvgr. hlaut kosningu

Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 6 atkv. — Steingrímur Aðalsteinsson fékk 4 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SóÓ. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. (vara)þm. Árn.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna. Fram kom till. um að veita þau afbrigði frá þingsköpum, að deildarmenn skyldu halda þeim sætum, er þeir höfðu á síðasta þingi. Afbrigðanna var synjað með 9:5 atkv. Var þá hlutað um sætin samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Brynjólfur Bjarnason,
7. — — Finnbogi R. Valdimarsson,
8. — — Páll Zóphóníasson,
9. — — Hermann Jónasson,
10. — — Haraldur Guðmundsson,
11. — — Steingrímur Aðalsteinsson,
12. — — Hannibal Valdimarsson,
13. — — Lárus Jóhannesson,
14. — — Gísli Jónsson,
15. — — Þorsteinn Þorsteinsson,
16. — — Rannveig Þorsteinsdóttir,
17. — — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Ed., 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram þrír

listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (B),
Lárus Jóhannesson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

2. Samgöngumálanefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Eiríkur Einarsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (B),
Þorsteinn Þorsteinsson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Eiríkur Einarsson (A).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Vilhjálmur Hjálmarsson (B),
Gísli Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Eiríkur Einarsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Gísli Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Steingrímur Aðalsteinsson (C),
Lárus Jóhannesson (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Gísli Jónsson (A),
Haraldur Guðmundsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Lárus Jóhannesson (A).

7. Menntamálanefnd.
Rannveig Þorsteinsdóttir (B),
Eiríkur Einarsson (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

8. Allsherjarnefnd.
Hermann Jónasson (B),
Lárus Jóhannesson (A),
Hannibal Valdimarsson (B),
Brynjólfur Bjarnason (C),
Þorsteinn Þorsteinsson (A).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, sem þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu í neðri deild:

1. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V-Ísf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Björn Ólafsson, 3. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.
8. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Gunnar Thoroddsen, 7. þm. Reykv.
13. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
15. Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.
16. Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.
17. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
18. Jón Gíslason, þm. V-Sk.
19. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
20. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
21. Jónas Árnason, 10. landsk. þm.
22. Jónas Rafnar, þm. Ak.
23. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
24. Kristín Sigurðardóttir, 9. landsk. þm.
25. Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm.
26. Ólafur Thors, þm. G-K.
27. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
28. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
29. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
30. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
31. Sigurður Guðnason, 6. þm. Reykv.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Stefán Jóh. Stefánsson, 8. landsk. þm.
34. Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
35. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.

Allir framangreindir þingmenn voru á fundi.

Aldursforseti deildarinnar, Jörundur Brynjólfsson, setti fundinn og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara Pál Þorsteinsson og Ingólf Jónsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var síðan gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 18 atkv. — Jörundur Brynjólfsson fékk 11 atkv. og Ásmundur Sigurðsson 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,

með 18 atkv. — Gísli Guðmundsson fékk 9 atkv., Ásmundur Sigurðsson 6 atkv., en tveir seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Jónas Rafnar, þm. Ak.,

með 17 atkv. — Gísli Guðmundsson fékk 8 atkv., Ásmundur Sigurðsson 5 atkv., en 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, á B-lista IngJ. Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kosnir án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Áki Jakobsson,
9. — — Lúðvík Jósefsson,
10. — — Jón Sigurðsson,
11. — — Steingrímur Steinþórsson,
12. — — Jörundur Brynjólfsson,
13. — — Skúli Guðmundsson,
14. — — Björn Ólafsson,
15. — — Jón Pálmason,
16. — — Jóhann Hafstein,
17. — — Pétur Ottesen,
18. — — Kristín Sigurðardóttir,
19. — — Halldór Ásgrímsson,
20. — — Gunnar Thoroddsen,
21. — — Jón Gíslason,
22. — — Ólafur Thors,
23. — — Jónas Árnason,
24. — — Finnur Jónsson,
25. — — Sigurður Ágústsson,
26. — — Sigurður Guðnason,
27. — — Jónas Rafnar,
28. — — Ásmundur Sigurðsson,
29. — — Ásgeir Ásgeirsson,
30. — — Ásgeir Bjarnason,

31. sæti hlaut Stefán Stefánsson,
32. — — Helgi Jónasson,
33. — — Einar Olgeirsson,
34. — — Gylfi Þ. Gíslason,
35. — — Gísli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. nóv., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárhagsnefnd.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var JPálm, ÁÁ, JóhH; á B-lista SkG, JG; á C-lista EOl. — A-listi hlaut 18 atkv., B-listi 11 atkv., C-listi 6 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Jón Pálmason,
Skúli Guðmundsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Einar Olgeirsson,
Jóhann Hafstein.

Við kosningu annarra nefnda komu einnig fram þrír listar, en á þeim voru hverju sinni jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Þær kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

2. Samgöngumálanefnd.

Sigurður Bjarnason (A),
Jón Gíslason (B),
Ásgeir Ásgeirsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Stefán Stefánsson (A).

3. Landbúnaðarnefnd.

Jón Sigurðsson (A),
Steingrímur Steinþórsson (B),
Jón Pálmason (A),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Ásgeir Bjarnason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Pétur Ottesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C),
Sigurður Ágústsson (A).

5. Iðnaðarnefnd.

Sigurður Ágústsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Sigurður Guðnason (C),
Gunnar Thoroddsen (A).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Kristín Sigurðardóttir (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Jónas Árnason (C),
Jónas Rafnar (A).

7. Menntamálanefnd.

Gunnar Thoroddsen (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Ásmundur Sigurðsson (C),
Kristín Sigurðardóttir (A).

8. Allsherjarnefnd.

Jóhann Hafstein (A),
Jörundur Brynjólfsson (B),
Finnur Jónsson (A),
Áki Jakobsson (C),
Björn Ólafsson (A).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Tekjuskattsviðauki 1950.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950* [50. mál] (stjfrv., A. 68).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, um tekjuskattsviðauka fyrir árið 1950, er um framlengingu á eldri lögum, sem gilt hafa um nokkurra ára skeið. Það er ekki gert ráð fyrir, að hægt sé að komast á næsta ári af án þess, að þessi tekjuauki fáist í ríkissjóð. Þess vegna er lagt til, að þessi lög gildi áfram.

Ég tel óþarfa að fjölyrða frekar um frv., og vil leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 99).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefur afgr. nokkur mál, sem aðallega eru framlenging á gildandi l. Þar er fyrst um að ræða þetta fyrsta mál á dagskrá, sem er frv. til l. um tekjuskattsviðauka árið 1950. Þá er næst annað mál á dagskránni, sem er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka. Þá er fimmta mál á dagskránni, sem er frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 15. des. 1948, um aðstoð til síldarútvegsmanna, er síldveiðar stunduðu 1948. Enn fremur sjöunda mál á dagskrá, sem er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri. Þessi fjögur mál eru ýmist staðfesting á brbl. eða framlenging, sem n. er sammála um að mæla með, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti þetta gilda sem framsögu af n. hálfu um öll málin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil aðeins óska þess, að hv. d. vísi þessu máli til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 114).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál, og voru þá mættir á fundi allir nm. nema hv. 1. landsk. Voru allir, sem á fundi þessum voru, sammála um, að fjárhag ríkisins væri því miður ekki þannig háttað, að hægt væri að sleppa þeim tekjum næsta ár, sem leiðir af þessum skatti, sem gilt hefur undanfarin ár. Fjhn. leggur því til, að hv. d. samþykki þetta frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 10 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 133).

---

2. Gjaldaviðauki 1950.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1950 með viðauka [52. mál] (stjfrv., A. 70).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um viðauka við ýmis gjöld til ríkissjóðs er um, að framlengd verði ákvæði, sem hafa verið framlengd frá ári til árs um nokkuð mörg ár, og er hér ekki um neina breyt. að ræða frá því, sem nú er. Hér er lagt til, að þessum viðaukum verði haldið fyrir árið 1950. — Vil ég leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 100).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil aðeins leggja til, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 70, n. 115).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv., en þar eru færðar saman í eitt frv. eldri heimildir fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld með viðauka, og gilda þær heimildir árið 1949. Það er eins með þetta frv. og það mál, sem var hér til umræðu næst á undan, að n. álítur ekki hægt fyrir ríkið að sleppa þeim tekjustofnum, sem hér um ræðir, fyrir næsta ár. Hv. 1. landsk. var ekki á fundi, er n. afgreiddi þetta mál, en allir aðrir nm. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ErlÞ, HG, KK, LJóh, RÞ, ÞÞ, SÓÓ, GJ, BSt.
PZ, StgrA greiddu ekki atkv.
6 þm. (HermJ, JJós, VH, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ég hef bent á það hér áður, að ég teldi, að þessi framlengingar-skattafrv., sem liggja fyrir þessu þingi, hefðu öll átt að afgreiðast í sambandi við fjárhagsgrundvöll næsta árs og að það sé rangt að slíta þau úr því sambandi, þar sem óvíst er enn, hve mikið fé ríkissjóður þarf að fá. Ég hef því ekki tekið þátt í atkvgr. þeirra og mun ekki heldur gera það viðkomandi þessu frv. og sit hjá.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 134).

---

3. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum [54. mál] (stjfrv., A. 72).

Á 9. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hafði fyrir stjórnarskiptin afhent frv. þetta til flutnings. Ástæðan er sú, að í fjárlagafrv. varð að gera ráð fyrir því, að þetta gjald yrði innheimt áfram eins og á þessu ári. Þörfin á tekjunum er augljós. Hæstv. fjmrh. er upptekinn í Nd., og vildi ég óska, að málinu yrði vísað til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hefði viljað biðja hæstv. ráðh., er mælti fyrir frv., um upplýsingar varðandi tvö atriði.

Í fyrsta lagi: Hefur sú tekjuáætlun, sem reiknað var með á þessu ári, staðizt, og hve miklu hefur þetta gjald numið alls á þessu ári? Í öðru lagi: Er víst, að ríkissjóður þurfi ekki að hækka þetta gjald frá því, sem nú er, þar sem ríkissjóður þarf hærri upphæðir í tekjur yfirleitt í ár en áður, og þessi tekjustofn einn sá réttlátasti, er við höfum, annar en réttlátur stighækkandi tekjuskattur?

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég verð að segja, að ég hef ekki nákvæmar tölur varðandi þetta, en við fljótlega áætlun hefur svo virzt, að ekki þyrfti að kvíða því, að þetta gjald stæðist ekki. Um síðara atriðið skal ég ekkert segja, það fellur í annars hlut. Þegar fjárlagafrv. var samið, var augljóst, að halda yrði við þessum tekjustofni. Ef breytinga er þörf, er það málefni, sem annar mun flytja en ég. Hverju þetta gjald hefur numið í ár, er ekki hægt að segja nákvæmlega, því að áætla verður fyrir þann tíma, sem eftir er af árinu. Ég ætla, að ég muni geta upplýst hv. fjhn. um, hvað næst verður komizt í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 92).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta er aðeins um framlengingu á tollum af innlendum framleiðsluvörum, sem hafa verið lagðir á undanfarið og voru í fyrra hækkaðir að miklum mun og giltu þá fyrir yfirstandandi ár. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt það til í frv. þessu, að þessi hækkun yrði einnig látin gilda fyrir 1950. Það virðist ekki vera vanþörf á að halda þeim tekjum það ár eins og yfirstandandi ár, og þess vegna taldi n. rétt að mæla með því, þar sem hér er ekki um nauðsynjavörur að ræða, að þetta gjald héldist áfram, og var öll sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. Einn nm. var fjarverandi, en ég hygg hann sé ekki mótfallinn þessu frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls beindi ég þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvort hagur ríkissjóðs væri það góður, að ekki mundi þurfa að auka tekjuöflun hans á einn eða annan veg. Ég benti á, að ef þess þyrfti, þá teldi ég, að sá óþarfi, sem hér er hækkaður tollur á, — og talaði um 1. gr., — mundi vera eitt af því, sem hvað helzt þyldi að hækka toll á, svo að tekjur ríkissjóðs ykjust. Nú sé ég, að n. hefur orðið sammála um, að frv. verði samþ. óbreytt, nema einn nm., sem hefur verið fjarstaddur. Tel ég þá líklegt, að hún hafi talað við ráðh., og skil það svo, að það væri allt í lagi með tekjuöflun ríkissjóðs og þess vegna engin þörf á hækkun hér.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Nefndin átti ekki sem slík tal við hæstv. ráðh. um þetta atriði. Hinu get ég lofað hv. 1. þm. N-M., að minnzt verði á þetta við hæstv. fjmrh. milli 2. og 3. umr., hvort hann óski eftir breytingu á frv. Þetta er stjfrv., og það var þess vegna ekki ástæða til þess fyrir n. að spyrja hæstv. stj. um það, hvort hún vildi meiri hækkun. Ég geri ráð fyrir því, að ef hæstv. fjmrh. hefði óskað eftir meiri hækkun en hér er gerð, þá hefði hann komið með brtt. um það. En til þess að enginn misskilningur komi til greina, skal ég sjá um, að minnzt verði á þetta atriði við hæstv. fjmrh., hvort sérstaklega er óskað eftir hækkun í þessu tilfelli.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. N-M. við 2. umr. þessa máls um, hvort n. hefði ekki leitað til hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún vildi þarna hafa enn þá hærra gjald til ríkissjóðs en hér væri til tekið, þá sagði ég, að ég mundi reyna að ná viðtali af hæstv. fjmrh. á milli umr. En mér hefur nú ekki tekizt það. Ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. leggi kapp á að hækka þessi gjöld frá því, sem hún hefur lagt fyrir þingið nú. Og yfirleitt mun ekki vera venja, að nefndir leiti til ríkisstj. um slíka hluti. En þar sem hæstv. fjmrh. fannst ekki og er víst í öðrum störfum, þá verð ég að lýsa yfir, að ég

tel ekki neina ástæðu til að fresta þessari umr. til frekari ráðagerða með ríkisstj., þar sem líka frv. er ekki búið að ganga í gegnum hv. Nd., en þar á hæstv. fjmrh. sæti og þar getur hann lagað þetta frv., ef honum sýnist ástæða til þess. En ég tel ekki ástæðu til annars en að samþ. frv. eins og það liggur fyrir nú og eiga þá undir kasti með það, hvort hæstv. ríkisstj. telur ástæðu til þess að smíða ofan á þessa hækkun á gjöldum eða ekki.

Forseti (BSt): Ég skal taka fram, að ég boðaði þennan fund til þess að greiða fyrir því, að þessi tvö mál, sem bæði eru um framlengingar á gjöldum í ríkissjóð, sem annars falla úr gildi um áramótin, gætu orðið að lögum, áður en þingfrestun verður fyrir jólin. Hér er nú hluti af hæstv. ríkisstj. viðstaddur, og ef ósk kæmi um það frá hæstv. ríkisstj., að þessu máli yrði frestað og þetta tekið til nýrrar athugunar, þá mundi ég verða við því. — En þess virðist ekki vera óskað, og þá verður haldið áfram með afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 125).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Eins er háttað með 6. og 7. mál á dagskránni (54. og 55. mál þingsins), sem er hvort tveggja um framlengingu gildandi laga, og hefur fjhn. afgr. bæði þessi mál í einu hljóði, enda eru þessi frv. óbreytt að efni frá því, sem verið hefur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. 22:1 atkv.
2. gr. samþ. 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 145).

---

4. Ráðstafanir vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstj. til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna [55. mál] (stjfrv., A. 73).

Á 9. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta mál og undanfarið mál. Það var lagt fram af fyrrverandi fjmrh. í sambandi við fjárlagafrv. Með frv. er farið fram á, að heimildir þær, sem ríkisstj. voru veittar með ákvæðum 3. gr. l. nr. 98 frá 9. júlí 1941, sbr. l. nr. 129 29. des. 1947, skuli gilda til ársloka 1950. Í aths. er það tekið fram, að þetta ákvæði hafi gilt undanfarið, frá ári til árs, og ekki sé tímabært að hrófla við því. En 3. gr. l. frá 1941 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórninni er heimilt: 1. Að fella niður til ársloka 1942" — þannig var þetta orðað fyrst, en heimildin hefur verið endurnýjuð, eins og áður er sagt — „tolla af: baunum, ertum, linsum, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi" — síðan eru taldar margar fleiri tegundir —. „2. Að lækka um helming til sama tíma tolla af: sykri, strásykri, höggnum sykri" — fleiri tegundir eru taldar —. „3. Að hækka um allt að 50% til sama tíma tolla af: áfengi og tóbaki, svo og gjald af innlendum tollvörutegundum ...". Alþ. hefur margendurtekið þessa heimild, og vil ég mælast til þess, að hv. d. vísi frv. að lokinni þessari umr. til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil benda n. á, að ég held, að síðan þessi l. voru sett sé búið að setja önnur l. um breyt. á álagningu á tóbaki. Það væri viðkunnanlegra að færa þetta saman en að framlengja þetta fyrst. Það er þægilegra að hafa þetta á sama stað, svo að ekki þurfi að leita á mörgum stöðum eins og í fyrra, þegar breyt. á benzínskatti var að finna á þrem stöðum frá sama þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 101).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Fjhn. hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er um það, að heimildir þær, sem ríkisstj. voru veittar með ákvæðum 3. gr. l. nr. 98 9. júlí 1941, verði framlengdar árið 1950. En þessi l., sem hér er vitnað í, voru, eins og menn sjá, sett í byrjun stríðsins og áttu þá að nægja sem dýrtíðarráðstafanir. Þessar heimildir, sem um getur í 3. gr., eru í þremur töluliðum. Í 1. lið er ríkisstj. heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörutegundum, eins og nánar er þar talið upp. Það eru sem sagt allar mögulegar kornvörutegundir. Í 2. lið er stj. heimilað að lækka um helming toll af sykri alls konar, sem nánar er svo talið upp. Í 3. tölul. er stj. aftur á móti heimilað að hækka um allt að 50% tolla af áfengi og tóbaki og innlendum tollvörutegundum. Þetta ákvæði með áfengið og tóbakið er orðið mjög þýðingarlítið, þar sem verð þessara vörutegunda er orðið margfalt við það, sem það var, þegar þessi l. voru sett. Samt sýnist ekki ástæða til að hrófla við þessu, því að það hefði auðvitað ekkert gildi, þó að farið væri að heimila ríkisstj. að hækka tolla á áfengi og tóbaki um nokkur hundruð eða þús. prósenta, því að álagningin er nú margföld á við tollinn. — Ég hef svo ekkert frekar um þetta mál að segja f. h. nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 73, n. 126).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 146).

---

5. Ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. (stjfrv.).

Á 13. fundi í Sþ., 4. jan., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl. [81. mál] (stjfrv., A. 166).

Á 22. fundi í Nd., 5. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Í því skyni að leitast við að tryggja sjávarútveginum starfsgrundvöll hefur ríkisstj. undirbúið eða haft með höndum tvíþætt starf. Í fyrsta lagi undirbúning á heildartillögum, miðað við allsherjarlausn á þeim vandamálum, sem dýrtíðin hefur bakað útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, og í öðru lagi gert tillögur til bráðabirgðaúrlausnar fyrir bátaútveginn, til þess að hann geti hafið framleiðslu nú þegar, en þurfi ekki að bíða þess, að útséð verði um, hverja afgreiðslu þær heildartill. fá, sem ríkisstj. undirbýr nú og síðar verða bornar fram. Að þessum málum hefur verið unnið af kappi af ríkisstj. hálfu allt frá því að þingleyfi hófst og síðan. Það var í miðjum desember, sem fyrir lágu kröfur Landssambands ísl. útvegsmanna varðandi ábyrgð á fiskverði, og öllum dm. munu vera þær kröfur kunnar í höfuðatriðum að minnsta kosti. En þann 19. des. s. l. kom greinargerð frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þar sem gerð var grein fyrir þeirra þörfum og kröfum til þess að hægt væri að halda áfram rekstri. Jafnskjótt og þessi greinargerð hafði borizt, hófust viðræður milli þessara aðila beggja annars vegar og ríkisstj. hins vegar. Á sama tíma lét ríkisstj. fara fram athugun á þeim kröfum, sem fyrir lágu í einstökum atriðum, og var sú athugun gerð af trúnaðarmönnum stj. með hliðsjón af ábyrgðarverðinu og framleiðslukostnaði á síðasta ári. Þar sem þessi athugun gat ekki hafizt fyrr en rétt fyrir hátíðar, vegna þess að kröfur útvegsmanna og hraðfrystihúseigenda voru ekki kunnar fyrr, var ekki hægt að leggja þetta mál fyrir Alþingi

fyrir hátíðar, enda óhjákvæmilegt, að athugun á málinu tæki nokkurn tíma, en hins vegar ekki hægt að leggja fram bráðabirgðatill. nema slík athugun lægi fyrir. Nú hefur þessi athugun farið fram, og hér liggur frv. fyrir og er, eins og segir í grg., úrlausn til bráðabirgða, miðuð við það að skapa nægilegt öryggi fyrir bátaútveginn, svo að hann geti hafið veiðar í tæka tíð, án þess að bíða þurfi eftir niðurstöðum, sem kunna að verða hjá Alþingi, á öðrum aðgerðum varðandi afkomu bæði bátaútvegsins og sjávarútvegsins í heild. Ríkisstj. leggur áherzlu á, að stefna beri að heildarlausn á þessum málum, enda hefur hún í undirbúningi till. í því efni. Hins vegar er það á allra vitorði, að brýn nauðsyn er að koma bátaútveginum af stað, og fyrir þeirra hluta sakir er þetta frv. fram borið, eins og hv. þm. munu hafa kynnt sér, ef þeir lesa aths. við frv.

Frv. gerir ráð fyrir, að til að byrja með sé tryggður rekstur flotans, að svo miklu leyti sem hægt er með þessum ráðstöfunum, til 1. marz, og er þess að vænta, að fyrir þann tíma verði búið að koma sér niður á tillögur til frekari úrlausnar, þannig að þá geti við tekið þær úrlausnir, sem geri ábyrgðina í þessu formi óþarfa. Ef á hinn bóginn, mót von, svo skyldi fara, að ekki yrði búið að koma sér saman um heildarúrlausn á þeim 2 mánuðum, er gert ráð fyrir í frv., að ábyrgðin í þessu formi haldi áfram út vetrarvertíð, eða til 15. maí. Þetta virðist, eftir því sem fram hefur komið, vera óhjákvæmilegur varnagli, enda kom það skýrt fram í viðræðum við útvegsmenn þá, sem í fyrirsvari voru og stóðu fyrir málflutningi af hálfu bátaútvegsins, að það væri óhjákvæmilegt, að ábyrgðin gæti framlengzt yfir alla vertíðina, ef svo skyldi fara, að ekki yrðu aðrar leiðir fundnar á þessu tímabili, er gerðu ábyrgðina óþarfa. Það er hins vegar tilgangurinn, að nær sem slík heildarlausn kemur til, leysi hún af hólmi skuldbindingar ríkisins samkvæmt þessu frv., að svo miklu leyti sem þróun þessara mála gerir slíkt framkvæmanlegt.

Ég ætla, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál almennt, en vildi aðeins bæta því við, að eins og nú horfir, er það bæði ósk og von ríkisstj., að hæstv. Alþ. afgreiði þetta mál svo fljótt, að sem fyrst geti orðið sá árangur af, að bátaflotinn hefji sitt starf, og finnst mér hóflegt að gera ráð fyrir og óska eftir, að það dragist ekki lengur en fram í byrjun næstu viku, að frv. afgreiðist frá Alþ. Stjórnin hefur eftir megni reynt að hraða aðgerðum og þykist vita, að Alþ. hafi hug á því sama eða sé sama sinnis og afgreiði þessa bráðabirgðalausn fljótt.

Grundvallarábyrgðarverðið í 1. gr. frv. hefur verið 65 aurar, eða var árið 1949, en nú er gert ráð fyrir 10 aura hækkun pr. kg af blautfiski. Aðalfundur L.Í.Ú. gerði að vísu ráð fyrir mjög miklu hærra verði, og við athugun á ýmsum kostnaðarliðum og mörgu fleiru í sambandi við þetta hefur ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki verði hjá því komizt að tryggja útveginum 75 aura, eins og gert er með þessari gr. frv. Ég vil og vitna til ákvæða 5. gr., sem inniheldur ákveðin fríðindi, hin sömu og á s. l. ári, er miða raunverulega að því að hækka fiskverðið til framleiðenda.

Um 2. gr. er það að segja, að eigendur frystihúsanna kröfðust þess, að frumverðið á þorskflökum, sem var kr. 1.33, yrði sett í kr. 1.56½ pr. lbs. Eftir athugun á auknum kostnaði við framleiðsluna, og þegar miðað er við hækkað hráefnisverð, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr., er það álit ríkisstj., að ábyrgðarverðið hækki í kr. 1.53. Þá er lagt til, að ábyrgðarverð á saltfiski hækki úr kr. 2.25 í kr. 2.48 pr. kg, og er sú hækkun miðuð við hækkun á hráefnisverðinu. Að vísu hefur nú orðið töluverð lækkun á saltverði, en þar kemur á móti hækkun á vinnslukostnaði, og þegar allt kemur til alls, mun láta nærri, að kr. 2.48 sé rétt verð.

Ég minntist áðan, í sambandi við 1. gr., á ákvæði 5. gr., sem líka var 5. gr. í dýrtíðarlögunum 1949. Þá var áætlað að heimila ríkisstj. að verja 5 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða á árinu, og er þar um að ræða hreina uppbót til eigenda veiðiskipanna. Hér er miðað við að halda þessum hætti, og segir nú í 5. gr., að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 1 millj. kr. til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða í janúar og febrúar þessa árs. Síðar, eða í 12. gr., er ákvæði miðað við hugsanlega framlengingu þessara ráðstafana frá 1. marz til 15. maí, og á framlag ríkissjóðs samkv. 5. gr. þá að hækka um 2.5 millj. kr. á því tímabili, og yrði þá alls varið 3½ millj. kr. til að lækka framleiðslukostnað sjávarafurða á vertíðinni, eða þeim tíma, er bráðabirgðaástand gæti haldizt samkvæmt frv. Er það hliðstætt að tíma til við þær 5 milljónir, sem voru í lögum í fyrra til þessara ráðstafana.

Þá er það tekið fram í athugasemdum við þetta frv., eins og fyrr segir, að aflamagnið tvo fyrstu mánuði ársins er áætlað 23 þús. smálestir, og sé gert ráð fyrir sömu hlutfallslegu skiptingu á því eftir verkunaraðferðum og var s. l. ár, er talið, að aukinn kostnaður nemi 6 millj. 170 þús. kr. En miðað við sama aflamagn hefði sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á fyrrgreint tímabil í fyrra, numið 5,4 millj. kr. Af því leiðir, að hinn áætlaði kostnaður af öllum þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í þessu frv. og eiga að ná yfir mánuðina janúar og febrúar, nemur 11 millj. 570 þús. kr. Sé miðað við alla vetrarvertíðina og aflamagnið áætlað 86 þús. smálestir, næmi viðbótarkostnaður alls 21,4 millj. kr., en sá hluti fiskábyrgðarinnar, sem komið hefði á þetta tímabil 1949, hefði numið 20,2 millj., miðað við óbreytt verðlag. Niðurstaðan af þessum áætlunum er því sú, að ef þessar ráðstafanir, sem lagðar eru til í frv., eiga að ná til 15. maí, þarf 41,6 millj. kr. til að standa undir ábyrgðarverði blautfisksins og öðrum þeim útlátum úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í ýmsum greinum þessa frv.

6. og 11. gr. eru um framkvæmdaratriði ýmisleg, sem áður eru kunn, og eru þær samhljóða ákvæðum 7.—12. gr. l. nr. 100 1948, en það eru fiskábyrgðarlögin frá þeim tíma, og tel ég ekki, að þær þarfnist sérstakra skýringa. Ég vil samt sem áður, að því er snertir 6. gr., segja aðeins

nokkur orð. Hún fjallar um það, að við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skuli þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstj. heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum til þess að því verði náð. Þessa verður að sjálfsögðu gætt eftir fremstu getu, en ég vil aðeins benda á það, að viðhorfið í þessum efnum mun þó breytast eitthvað á þessu ári. Þannig hafa Bretar t. d. tilkynnt nýlega, að matvælaráðuneyti þeirra muni ekki kaupa hraðfrystan fisk eins og undanfarin ár, heldur muni sú verzlun gefin frjáls, og það þýðir, að ekki er lengur beint við stjórnina þar að eiga um sölu á hraðfrysta fiskinum, heldur kaupendur ýmiss konar þar í landi, og lýtur salan þá lögmálum frjálsrar verzlunar, þörf almennings fyrir vöruna og markaðsástandi að öðru leyti.

Ég hef áður vikið að því almennum orðum, sem stendur í 12. gr., en skal þó benda á það, sem stendur í aths. frv. um þá grein. Eins og áður er sagt, gerðu fulltrúar útgerðarmanna það að ófrávíkjanlegri kröfu og skilyrði fyrir því, að útgerðin hæfist í janúar, að afkoma bátaútvegsins eða aflinn yrði tryggður til vertíðarloka. Það var mikið rætt og ákvæði þar um sett í 12. gr. Ég hef áður rætt um þetta ákvæði, og það er svo skýrt, að um verður ekki villzt. Greinin er í samhljóðan við það, að ríkisstj. taldi, að hjá því yrði ekki komizt að taka þessa kröfu útgerðarmanna til greina og framlengja ábyrgðina til vertíðarloka, ef ekki yrði annað aðhafzt fyrir lok vertíðarinnar til að bæta aðstöðu útvegsins.

Ég vík þá að tekjuöfluninni samkv. 13. grein. Það leiðir af sjálfu sér, að er menn eru tilneyddir að gera því skóna, að ríkisábyrgð á fiski haldi áfram fyrir skemmri eða lengri tíma, þá verður að taka tillit til þess, að ríkið þarf á fé að halda til að standa straum af þeirri ábyrgð. Það hefur nú verið talið hæfa að ætla, að upphæð sú, er ríkissjóður tekur að sér að ábyrgjast til 1. marz, nemi 11½ millj. kr., ef öll vara kæmi til útflutnings, sem framleidd er á því tímabili. Þess er þó ekki að vænta, að svo hratt gangi útflutningur framan af ári. Til tekjuöflunar er lagt til að framlengja III. kafla laga nr. 100/1948, og er gert ráð fyrir, að tekjur af leyfisgjöldum samkv. 30. gr. l. standi straum af fiskábyrgðinni til 1. marz. Ef miðað er við síðasta ár, má gera ráð fyrir, að tekjur af gjöldum þessum nemi um 8 millj. kr., þegar frá eru dregin gjöld af heimilisvélum, en í frv. er lagt til, að afnuminn sé innflutningstollur af heimilistækjum, og er það í samræmi við óskir margra þm. Má í því sambandi benda á, að hér er komið fram frv. um afnám þessa tolls af heimilistækjum. Nú verður að vísu ekki sagt um það með neinni vissu, hversu mikið fé útheimtist til 1. marz, þó að hér sé áætlun um það gerð. Og þó að ríkisstj. hafi lagt til, að leyfisgjöld af þessum tegundum framlengist til ársloka 1950, er það álit hennar, að það ákvæði þurfi að athuga betur, þegar séð er, hve miklar skuldbindingar ríkið þarf að taka á sig til 1. marz. Þessi leyfisgjöld voru lögleidd af illri nauðsyn, vil ég segja, og eru ekki öllum að skapi, miður jafnvel en flest annað, þó að til þeirra yrði að grípa. Kann að vera, að eitthvað af þeim þurfi enn að vera í gildi um tíma, en suma af þessum tekjuliðum ætti að fella úr gildi hið allra bráðasta, og er þá einkum átt við varahluti í bifreiðar og bifreiðagúmmí, og í frv. þessu er gert ráð fyrir, að gjald af heimilistækjum sé þegar fellt niður.

Um 14. gr. vil ég taka fram, sem oft áður, að það er einlæg von ríkisstj., að Alþ. samþykki varanlega lausn dýrtíðarinnar fyrir 1. marz, svo að 12. gr. og þá 14. gr. þurfi ekki að koma til framkvæmda. Þrátt fyrir þá von telur ríkisstj., að ekki verði hjá því komizt, samkvæmt eindreginni kröfu útvegsmanna, að gera ráðstafanir, sem tiltækar væru, ef þessi von brygðist, þ. e. láta ábyrgðarverðið ná yfir alla vertíðina, ella færi útgerðin nú ekki af stað. Ríkisstj. telur sér því skylt að benda á tekjustofna til 15. maí, ef endilega þyrfti til þess að koma, en það gerist einvörðungu, ef Alþingi finnur ekki lausn á dýrtíðarmálunum fyrir þann tíma og bindur þar með bagga ábyrgðarinnar áfram. Það er hugsanlegur möguleiki, og því telur ríkisstj. sér skylt, þar eð hún gerir ráð fyrir útgjöldum til 15. maí undir þeim kringumstæðum, að benda þá einnig á tekjustofna á móti til jafnlangs tíma. Þess vegna er það tillaga ríkisstj., að horfið sé að þeirri leið til tekjuöflunar, sem segir í 14. gr. frv. Eins og fyrr er bent á, eru það 42 millj. kr., sem við álítum, að tryggja þurfi ríkissjóði til þess að geta staðið undir fiskábyrgðinni samkv. þessu frv. Í þessu sambandi hefur nokkuð verið rætt um það að leggja á sérstakan gjaldeyrisskatt til þess að standa undir þessum útgjöldum. Þetta hefur komið fram í umr. um þetta og frá mér, þegar ég lagði síðast fyrir Alþingi fjárlagafrv. Enn er lagt til, að lagður verði á gjaldeyrisskattur, en þó með undanþágu, því að ekki er hægt að láta hann ganga jafnt yfir allar vörur; þá er það af tekjuástæðum það sama og að söluskatturinn yrði hækkaður, sem því nemur, um gjaldeyrisskattinn, og er því lagt til samkv. 21. gr. laga nr. 100/1948, að söluskatturinn verði hækkaður allverulega, eða í stað 6% verði hann allt að 30%, og sennilega verður að ákveða hann nálægt því. Samkvæmt 21. gr. l. um söluskatt var gert ráð fyrir, að hann yrði lagður á innfluttar vörur, en ekki á þjónustu, t. d. fargjöld o. þ. h. Það mælir og með að hækka söluskattinn, heldur en leggja á nýja tolla, að undanþágulistinn er til, svo að framkvæmdin verður einfaldari en ef stofna yrði til nýs gjaldeyristolls.

Frv. þetta er, eins og áður er sagt, bráðabirgðalausn. Þennan vanda verður að leysa á öðrum grundvelli en nú er lagt til, og í þessu frv. er aðeins verið að gera ráðstafanir til þess, að bátaflotinn komist á veiðar, en allir vita, að mikill hluti eldri togaranna hefur legið bundinn mánuðum saman, og nýju togararnir berjast í bökkum. Það vandamál er ekki snert með þessu frv., og bráðabirgðaþörfin er metin hér mest. Þess vegna vil ég benda á það í þessu sambandi varðandi tekjuöflun þá, sem gert er ráð fyrir, að mundi standa undir útgjöldunum samkv. þessu frv., að hún gefur ekki rétta mynd af þeim álögum, sem leggja þyrfti á þjóð-

félagsþegnana til varanlegra úrbóta. Ríkisstj. mun síðar bera fram till., sem miða að því, en ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Ég vona, að hv. þm. leggi sama skilning í lausn þessa vanda, sem ég hef lýst, og ætti ekki að vera komið langt fram í næstu viku, að frv. nái lögfestingu. Með því er stuðlað að því, að bátarnir fari á veiðar. Ég bæti því við, að ríkisstj. hefur rætt við lánsstofnanir um þetta, þar á meðal stjórn Landsbankans, og hefur vilji þeirra verið, að reynt verði að koma bátunum til starfa sinna hið allra fyrsta.

Þetta mál hefur mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og ætti því heima í sjútvn. En hér er ekki síður um mikilsvert fjárhagsmál að ræða, og vil ég leggja til, að málinu verði vísað til fjhn. og 2. umr., að þessari umr. lokinni.

Forseti (FJ): Þegar ég setti fund, hafði ég ekki dagskrá. Mér skauzt yfir, að afbrigða þurfti fyrir málinu, þar sem of skammt var liðið síðan því var útbýtt. Ég vil leyfa mér nú að leita afbrigða fyrir málinu og einnig fyrir þeim umr., sem á undan eru gengnar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á að ræða um málið almennt og það, sem málið snertir, nú við 1. umr., og mun einnig óska nokkurra upplýsinga nú við þessa umr.

Í fyrsta lagi vil ég minna hv. þm. á, að á s. l. vori, rétt í þann mund, er verið var að ganga frá fjárl. fyrir árið 1949 og dýrtíðarl., að þá voru samþ. enn 70 millj. kr. útgjöld úr ríkissjóði til greiðslu í uppbætur og til þess að greiða niður verð innanlands. Er Alþingi lauk við að ganga frá fjárl., sem voru greiðsluhallalaus á pappírnum, þá var samþykkt að greiða uppbætur á laun opinberra starfsmanna, en það var gert rétt fyrir þinglausnir. Ég vil í þessu sambandi benda á, hve hættulegt fordæmi það er, að þegar Alþingi er nýhætt störfum, skuli kaup hafa verið hækkað til muna í landinu, sem aftur skapaði svo fleiri hækkanir og nýja verðbólgu. Enn fremur var það og vitað, að þótt búið væri að setja útflutningsábyrgð á fisk, þá var hagur bátanna mjög þröngur. Af þessum ástæðum var það þegar ljóst, að fyrir næstu vertíð yrði að hefja ráðstafanir að nýju. Þetta vil ég undirstrika, og sýnilegt er, að hnúturinn er nú mun fastari og torleystari. Bátaflotinn er sokkinn dýpra í skuldafenið en áður. Framsóknarmenn kviðu fyrir þessu og sáu glöggt, hvað var að gerast. Þeir hafa hvað eftir annað undirstrikað og bent á þann voða, sem nú er að koma í ljós, og hafa gert till. um, að á síðastliðnu sumri yrði þá þegar hafizt handa og rannsakað, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til frambúðarlausnar. Við framsóknarmenn töldum, að hinar fyrri leiðir væru illfærar lengur og það væri ekki hjá því komizt að finna ný úrræði. Enn fremur bentum við á þessi önnur úrræði, en þau voru, að fjármagnið yrði fært til framleiðslunnar og metin yrðu jöfnuð með niðurfærslu á gengi, en með þessu yrðu að fylgja hliðarráðstafanir til þess að reyna að forðast og draga úr, að þær ráðstafanir kæmu mjög illa niður á þeim, sem verst væru stæðir. Við vildum fá tryggingu fyrir meiri hluta til þess að koma þessum till. í framkvæmd, m. a. um stóríbúðaskatt á húsnæði, endurskoðun skattamála, verzlunarmála og aðra hluti, sem snertu dýrtíðina hvað mest, og í öðru lagi og í framhaldi af þessu, að hægt yrði að hætta við uppbótakerfið. En þegar framsóknarmenn voru í ríkisstj., fengust ekki samtök um þetta, og þá töldum við, að rétt væri, að almennar þingkosningar færu fram og úr því fengist skorið, hvað þjóðin kysi. Þjóðin gat þá kosið á milli tillagna okkar framsóknarmanna og annarra. Kosningar fóru svo fram í haust, eins og menn muna, og að kosningunum afstöðnum var nokkuð rætt um stefnubreytingu, en meiri hluti fékkst ekki í haust fyrir neinni þeirra leiða, sem fram komu. Það stöðvaði Framsfl., að hinir þingflokkarnir vildu ekki fallast á þá grundvallarstefnu, sem við höfðum haldið fram og talið líklegasta til þess að sporna fæti við dýrtíðinni og því öngþveiti, sem ríkir í framleiðsluháttum þjóðarinnar. Niðurstaðan varð svo sú, að minnihlutastjórn var ákveðin um mánaðamótin nóvember—desember. Ekki hefði það verið ósanngjarnt að álykta sem svo, að sú stjórn hefði nú undirbúið málið og komið fram með raunhæfar tillögur til úrbóta, en þessi ríkisstj. hefur eytt tímanum í eintómar undanfærslur. Nú hefur hæstv. ríkisstj. haft málið til meðferðar síðan í nóvemberlok, og hver er árangurinn? Hann er þetta frv., sem hér hefur nú verið lagt fram af hæstv. stjórn. Það var minnzt á þetta mál fyrir jólin, og tilkynnti hæstv. forsrh. þá þinginu, að frv. yrði ekki lagt fram fyrr en eftir áramótin. Það þýddi, að útgerðin gat ekki hafizt á venjulegum tíma. Ástæðurnar fyrir þessum drætti voru gefnar svona úr og í, að ríkisstj. væri ekki málið nógu kunnugt, og sumpart var tímaskorti kennt um. Þessar ástæður er vart hægt að taka gildar, því að í núverandi stjórn eru tveir ráðherrar, sem sæti áttu í fyrrv. ríkisstj., og var þeim vel kunnugt um þetta mál, auk þess sem þegar hefur verið upplýst í máli þessu í kosningarbaráttunni, en öllum, sem fylgzt hafa með fjármálum landsins að undanförnu, hefur verið ljóst um gang þessa máls í höfuðdráttum, enda var mjög um það talað í baráttunni í kosningunum. Er því þessi dráttur á tylliástæðum byggður. Enn fremur var það tekið fram, þegar Ólafur Thors tók við forsætisráðuneytinu, og því yfir lýst, að ríkisstj. mundi taka á málinu með skírskotun til yfirlýsingar, sem Sjálfstfl. gaf í sambandi við málið í fyrrv. stjórn. En hvernig stendur nú á því, að sá grundvöllur er nú ekki lengur nothæfur? Hæstv. forsrh. skírskotaði til ákveðinnar stefnu, en er hér kannske um enga stefnu að ræða? Er hún skökk, eða er hún ófullnægjandi? Hæstv. ríkisstj. hefur kannske fundið á sér, að þetta mundi ske, og síðan talið það gott og gilt að láta hæstv. forsrh. draga það fram yfir nýár að taka málið tökum, ef á þeim tíma kæmu stjórninni ráð í hug, sem teljast mættu framtíðarúrræði. Nú hefði verið hægt að ganga

til verks, ef hæft hefði verið í því, sem hæstv. forsrh. sagði þá um nýja stefnu í þessum málum, en nú sést á frv., að ekkert er hæft í fyrri yfirlýsingum hæstv. forsrh. Þess vegna hefur það nú skeð, að ríkisstj. hefur afsakað það með því að halda svona lengi í frv., að vertíð hefur ekki getað hafizt á tilteknum tíma, og landið hefur daglega tapað stórfé. Það stafar af því, að hæstv. stjórn dreif ekki í því fyrir áramótin að reyna að knýja eitthvað samkomulag í gegnum þingið fyrir áramótin, og eftir allan þennan drátt virðist ríkisstj. ekkert annað hafa í pokahorninu en þetta frv., en henni hefði verið það alveg vorkunnarlaust að bera frv. sem þetta fyrr fram, og hún hefði ekki þurft að draga þetta svona lengi. (*Forsrh.:* Hvenær var gengið frá samþykkt þessa frv. í fyrra?) Löggjöfin var sett fyrir jól í fyrra, en það dróst fram í janúar, að útgerðin færi á stað, og ég er ekki viss um, að hæstv. forsrh. haldi, að nú fari útgerðin á stað sama dag og l. eru samþ. Ég óska þess því eindregið, að ekki verði frekari dráttur á setningu einhverra laga útgerðinni aðlútandi, svo hún geti farið af stað sem fyrst. En hér hefur verið haldið svo á málunum, að stórkostlega ámælisvert er, og vil ég leyfa mér að undirstrika það. — Ég skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en víkja að málinu almennt.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ábyrgðarverðið hækki frá því sem nú er, og kom það engum á óvart, sem veit, hvernig ástatt er fyrir bátaútveginum. Hér er gert ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs nái til 1. marz, og þeim auknu útgjöldum, sem af því stafa, verði mætt með því að framlengja og hækka söluskattinn, toll á heimilisvélum o. fl. og svo leyfisgjöldin. Það má skipta frv. í tvo meginþætti, bráðabirgðaúrræði til bráðabirgða og bráðabirgðaúrræði til frambúðar. Bráðabirgðaúrræði til frambúðar tel ég vera að hækka ábyrgðarverðið og á móti því að hækka söluskattinn, sem þýðir 25% tollhækkun á flestar nauðsynjavörur. Ég segi til frambúðar, því að ef menn neyðast til að samþykkja þennan nýja toll, hver trúir því þá, að þingið sjái sér fært að samþykkja nýja till. um að fella hann burt seinna? Ég ályktа því, að samþykkt þessa nýja skatts mundi verða til þess, að hann stæði áfram, en ekki gert nýtt átak til hins betra. Þessa hættu hljóta kunnugir að sjá. Ég vil vekja athygli á því, hversu einkennilegt hlutskipti hæstv. ríkisstj. er, bæði sem ríkisstj. og flokksforustu, að vera ætíð óþreytandi að lýsa því yfir, að ekki sé hægt að halda áfram uppbótastefnunni, hvað þá að ganga lengra á þeirri braut. Hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. leggur nú til að halda áfram þeirri leið, sem hún hefur verið óþreytandi í að fordæma? Hvernig stendur á því, að Sjálfstfl. er ekki tilbúinn að leggja fram sína stefnu í málunum, þegar hann nú hefur ekki við neina að kljást? Í stað þess leggur nú Sjálfstfl. til það, sem forustumenn hans hafa fordæmt með sterkustu orðum tungunnar. Ég veit, að það verður talað um tímaskort og að hæstv. stj. hafi ekki getað ráðfært sig nóg við sérfræðinga sína, en þetta eru aðeins tyllirök að afsaka sig með því. Það er nú meira en mánuður síðan Sjálfstfl. myndaði ríkisstj. og var áður búinn að ákveða í orði, hvað hann ætlaði að gera, og þess vegna er ómögulegt að bera við tímaskorti. Ég vil nú enn spyrja, hvernig stendur á því, að flokkurinn leggur nú fram það, sem hann hefur alltaf þótzt berjast á móti. Ég veit ekki, nema flokkurinn kinoki sér við að sýna stefnu sína, og þykir mér það líklegasta skýringin. Sjálfstfl. sér nú misræmið í þessu og setur því langan kafla í grg. um það, að menn megi ekki halda, að á þennan hátt vilji Sjálfstfl. skipta byrðum viðreisnarinnar niður á landsfólkið. Það eru því meinleg örlög að vilja leggja byrðarnar á landsfólkið eftir leiðum, sem okkur eru óskiljanlegar, en leggja samt fram allt aðrar till., sem Sjálfstfl. hefur mjög barizt á móti. Ég geri nú ráð fyrir, að hæstv. ráðh, muni segja, að þetta sé allt málæði úr þm. og ráðstafanir þær, sem í frv. greinir, séu aðeins til bráðabirgða. En ég vil nú spyrja, hvort samþykkt þessa frv. eykur líkurnar fyrir frambúðarlausn. Ég segi nei.

Ég vil þá koma að því, sem nýtt er í málinu, þ. e. a. s. leyfi til að innheimta söluskattinn eftir 1. marz. Það er á mjög ófullkominn hátt gerð grein fyrir því í frv., hve mikilli fjárhæð þessar álögur nema, og vil ég því nú við 1. umr. málsins taka fram nokkrar tölur. Ég hef að vísu haft lítinn tíma til þess að kynna mér allar aðstæður, en hef þó í morgun aflað mér nokkurra upplýsinga hjá ríkisbókhaldinu. Það telur, að 6% söluskattur af innflutningi til nóvemberloka s. l. ár nemi sem næst 18 millj., og mætti því ætla, að allt árið yrði hann a. m. k. 20 millj. Annars ætlaði ríkisbókhaldið að athuga þetta nánar. Til fróðleiks má geta þess, að 16½ millj. af þessu var lagt á vörur, sem skipað var upp hér í Rvík. Ef þessar tölur eru nærri lagi og gert er nú ráð fyrir, eins og hér í frv., að fimmfalda söluskattinn, þá yrði hann um það bil 100 millj. á ári, en ef miðað er við tíu mánuði, þá yrði þetta 80 millj. til tekjuauka. Ef gert er nú ráð fyrir, að innflutningur minnki, eins og við vitum allir, að þörf er á, og í staðinn fyrir 20 millj. sé reiknað með 15 millj., þá nemur þessi skattur samt 75 millj. pr. anno og fyrir tíu mánuði 60 millj. Það skakkar að vísu ekki miklu við það, sem sagt er í frv., en þó eru þessar tölur yfirleitt hærri. Ég vil í þessu sambandi spyrja, hvernig það er fundið, þar sem talað er um í frv., að ábyrgðarverðið til maíloka kosti 42 millj., mér er það sem sagt ekki vel ljóst. Mér hefur alltaf skilizt, að eins eyris hækkun á ábyrgðarverðinu mundi nema 1,2—1,3 millj. pr. anno. Ég vil því spyrja, hvort reiknað er hér með lægra verði á hraðfrysta fiskinum. Einnig vil ég í framhaldi af þessu fara nokkrum orðum um þá mynd, sem við Alþingi blasir og þetta frv. er einn stór dráttur í. Hér leggur hæstv. ríkisstj. til að hækka aðflutningsgjöldin um 60—80 millj., að vísu til bráðabirgða eins og hæstv. stjórn segir, en ég býst þó við, að það sé til frambúðar. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að leysa vandamál bátaútvegsins aðeins til bráðabirgða og ekki á þann hátt, sem þeir sjálfir telja heppilegastan. Er þetta því gífurlega mikið fjármagn, sem ráðgert er að kasta í

hina miklu dýrtíðarhít aðeins til bráðabirgða. Samt sem áður eru, eins og hæstv. atvmrh. tók fram, alveg óleyst vandamál togaraflotans, sem ekki er eins mikið vitað um, en mér skilst, að sá vandi sé töluverður, sérstaklega hvað viðvíkur gömlu togurunum, en þá vill víst enginn taka undir ábyrgð. Það er og sagt, að nýsköpunartogararnir berjist í bökkum, en um afkomu þeirra liggja ekki fyrir neinar opinberar skýrslur. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vilji ekki beita sér fyrir því, að upplýsingar um afkomu togaraflotans verði birtar, svo að einn dráttur enn komi í þá mynd, sem við þinginu blasir.

Til viðbótar þessu eru svo fjárlög þau, sem hæstv. stj. hefur lagt fram, með raunverulegum greiðsluhalla, ef greiða á uppbætur til opinberra starfsmanna. En það versta af öllu er þó, hvernig er með viðskiptin út á við. S. l. ár er áætlað, að verði um 100 millj. kr. halli á viðskiptum við útlönd, og við vitum, að svona er ekki hægt að halda áfram, nema með stórskuldum erlendis. Mér er sagt, að ekki sé hægt að áætla útflutninginn nema um 300 millj., og það er allt, sem við höfum til að kaupa með vörur erlendis, að viðbættri dálítilli Marshallaðstoð, en auðvitað viljum við reyna að komast hjá að nota hana alla sem eyðslueyri. Það lítur því út fyrir, að án stórkostlegrar skuldasöfnunar verðum við að færa innflutninginn niður, bæði til að mæta hækkuðu vöruverði erlendis svo og vegna þess, að innlendar útflutningsvörur hafa fallið mjög í verði á heimsmarkaðinum. Þetta er enn einn dráttur í þá mynd, sem við verðum að hafa fyrir augunum á næstunni. Útlitið er þó ekki geigvænlegra en við mátti búast og ætti ekki að koma neinum á óvart. Þetta hef ég að vísu oft sagt áður, en segi þetta nú aðallega til þess að undirbyggja þá skoðun mína, að það sé ekki leiðin til að lækna meinsemdina að hækka nú aðflutningsgjöldin og kasta þar með einum steininum enn í verðbólguhítina. Ef þetta eitt verður gert, mundi það aðeins leiða af sér rangindi og truflun. Það er því þjóðarnauðsyn, eins og ég tók fram í upphafi, að alhliða úrræði séu fundin til þess að jafna metin.

Þá er eitt atriði, sem ég vildi minnast á og ég held að þurfi að ræðast í sambandi við þetta mál, þótt ekki séu um það ákvæði í frv. Það var farið inn á það í tíð fyrrv. stj. að gefa útvegsmönnum hluta af gjaldeyrinum frjálsan, þ. e. a. s. hrognagjaldeyrinn o. fl. Ég hygg, að ekki séu til ákvæði í l., sem leyfi þetta, og ég vil segja, að þótt ég tæki þátt í því í fyrrv. ríkisstj. að veita þetta leyfi, þá sé þetta mjög vafasamt. Það þarf ekki lengi að velta því fyrir sér, að mjög vandfarið er með þetta atriði, því að framkvæmdin er þannig, að útgerðarmenn fá leyfi til að ráðstafa sjálfir gjaldeyri fyrir hrogn, Faxasíld o. fl. Þeir skila gjaldeyrinum að vísu til bankanna, en geta svo ávísað honum sjálfir og fá að selja hann með vissu álagi, sem þeir hafa heimild til frá verðlagsyfirvöldunum. Það var byrjað með hrognin, en síðan tekið fleira. Ég hef verið samþykkur þessu, af því að ég álít, að útgerðarmenn hafi þurft þessa með. Þetta er ekki annað en að leggja skatt á neyzluvörur, sem fer svo til framleiðendanna og þeir eru, að mínum dómi, vel að komnir. Vegna þess að ekkert er í l. um þetta atriði, vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj. um þetta. Ég álít, að það sé nauðsynlegt, að það, sem gert er í þessum efnum, sé gert hér á Alþ., svo að menn geti fylgzt með því. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort það hafi ekki komið til athugunar í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, hvort hún hefur hugsað sér að halda þessu áfram eins og verið hefur, eða hvort hún hefur hugsað sér að breyta til, draga úr eða auka á þessu sviði. Ég teldi nauðsynlegt, að menn fengju hér yfirlit yfir þetta mál.

Enn fremur vildi ég beina því til hæstv. ríkisstj., að mikið er talað um, að ýmsar vörur, sem ganga manna í millum og þykja dýrar, eru álitnar vera fluttar inn í sambandi við frjálsa gjaldeyrinn. Ég hygg, að mikið af þessu sé á misskilningi byggt, og enn fremur er það mín skoðun, að þetta umtal sé ekki heppilegt fyrir útveginn. Ég vildi skora á hæstv. atvmrh. að skýra frá því opinberlega, hvaða vörur það eru, sem leyft er að leggja þessa aukaálagningu á. Það munu vera fáir vöruflokkar og tiltölulega mjög lítið magn, miðað við þá vöru, sem til landsins kemur, sem er flutt inn samkvæmt þessari heimild. Það er því gott að fá þetta upplýst, svo að ekki verði neinir viðskiptahnykkir gerðir í skjóli þessa fyrirkomulags. Ég hygg, að ástæðulaust sé, að menn tali sífellt um það, að einhver vara, sem dýr kann að þykja, sé dýr vegna þess, að svo og svo mikið renni til útvegsins, en slíkt leyfa menn sér að segja. Allt þetta kerfi er mjög ófullnægjandi fyrir útgerðina, vegna þess að það snýr öllu öfugt. Það kemur þjóðinni til að halda, þeim hluta hennar, sem ekki kemur nálægt framleiðslu sjávarútvegsins, að það sé hún eða þeir, sem hirða sín laun, sem styrkja útgerðina eða þá, sem afla verðmætanna, sem lífsafkoma okkar að miklu leyti byggist á. Þetta er einn gallinn, sem fylgir þessu uppbótastandi og er ef til vill ekki síður röksemd fyrir því en annað, að menn þurfa endilega að finna leið út úr þessu feni. Ég held svo, að það væri mjög æskilegt bæði fyrir neytendur og framleiðendur að fá upplýst, hvaða vörur eru fluttar inn fyrir hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri. — Ég skal svo láta máli mínu lokið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði, enda geri ég ráð fyrir, að að því er varðar einstök atriði um skilning á einstökum greinum í frv., þá muni atvmrh. svara því. Ég hefði hins vegar ekki talið mér skylt, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, að hafa bein afskipti af umr., ef ekki í upphafi máls hv. 1. þm. S-M. hefðu fallið nokkrar fullyrðingar, sem ekki eiga við rök að styðjast. Hv. þm. sagði, að það hefðu, að mér skilst á öndverðu þingi, verið gerðar tilraunir, og að ég held undir forustu Framsfl., til þess að ná samkomulagi um framkvæmd einhverra viðtækari ráðstafana en þessi bráðabirgðalausn ber með sér. Ég efa það ekki, að það hafi fyrir

hv. þm. vakað að gera þessa tilraun, en ég tel honum ekki heimilt að skýra Alþ. frá því, að þær tilraunir hafi raunverulega strandað á öðrum flokkum, a. m. k. viðurkenni ég það ekki hvað Sjálfstfl. áhrærir. Eins og þm. man, var Sjálfstfl. um það spurður, í fyrsta lagi, hvort hann vildi fallast á þau ágreiningsmál, sem Framsfl. hefði gert að skilyrði fyrir áframhaldandi samstarfi á s. l. sumri, og í öðru lagi var hann spurður um það, hvort Sjálfstfl. mundi fyrir sitt leyti vilja lofa að vera samþykkur nýjum tekjuöflunarfrv. til þess að halda áfram uppbótaleiðinni — ekki hætta við hana —, ef Alþfl. væri ekki fáanlegur inn á aðrar leiðir. Í þriðja lagi þá var Sjálfstfl. tilkynnt, að þess arna væri af honum óskað í því skyni, að Framsfl. gæti myndað stjórn, undir sinni forustu, með Alþfl., án þátttöku Sjálfstfl. Sjálfstfl. svaraði, að hann teldi, að sum ágreiningsmál Framsfl. væri vel hægt að fallast á, eins og hann alltaf sagði og kom fram í svörum fulltrúa Sjálfstfl. í fyrrv. ríkisstj. á s. l. sumri. Á önnur vildi hann ekki fallast. Í öðru lagi sagði Sjálfstfl., að hann vildi sjá þessi tekjuöflunarfrv., sem hann átti að samþ., og að öðru leyti bíða með frekari umsögn, þar til lengra væri komið samningum milli þeirra flokka, sem áttu að standa að ríkisstj. Allt þetta liggur fyrir upplýst af formanni Sjálfstfl., af formönnum annarra flokka og í opinberum skýrslum. Ég vil þess vegna ekki viðurkenna það, að af hendi Framsfl. hafi alvarlegar tilraunir verið gerðar til þess að ná samstarfi, a. m. k. ekki við Sjálfstfl., um lausn dýrtíðarmálanna á öðrum grundvelli en með áframhaldandi uppbótum. En það er einmitt það, sem Framsfl. spurði um, hvort Sjálfstfl. væri reiðubúinn fyrir sitt leyti að tryggja tekjur til þess að halda áfram niðurgreiðslum, ef Alþfl. væri ekki fáanlegur inn á aðrar brautir.

Hv. 1. þm. S-M. hefur æ ofan í æ og nú síðast í þessari ræðu sveigt tal sitt að mér fyrir það, að ég hafi ekki gert mér nægilega ljóst, hvernig ástandið var í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar, og telur sig sjálfsagt hafa vitað það miklu betur, og er það kannske eðlilegt, þar sem hann var í stj. En það er þó sannleikur, að á öndverðu þessu þingi er hann að leita hófanna við mig um það, hvort ég vilji halda áfram tekjuöflun til áframhaldandi uppbóta. Ég skal ekki gera þetta að frekara ágreiningsefni. Þetta liggur skjallega fyrir, og mér finnst ekki rétt, að þær staðreyndir séu brenglaðar hér, af því að það liggja fyrir yfirlýsingar formanna allra flokkanna, sem um málið sömdu.

Ég vil svo aðeins segja það, út af þeim ummælum í minn garð, að ég hafi ekki gert mér fyllilega ljóst, hvernig ástandið var, að ég vil minna á, að ég bað þennan hv. þm. að segja frá sínu brjósti, hvernig þetta væri, áður en ég minntist á það, en hann gerði það ekki. Það er nú aukaatriði að vera að deila um þetta, en er samt tæplega hægt fyrir mig að þegja við æ endurteknum staðhæfingum í þessu efni.

Hv. þm. sagði, að það hefðu verið hreinar tylliástæður að biðja um frest í málinu til þess að kynna sér nánar allar aðstæður. Ég veit, að þessi hv. þm. þekkir það eins vel og ég, að eftir að fram eru komnar kröfur útgerðarmanna, verður ríkisstj. að hafa nokkurn tíma til að kynna sér, á hvaða rökum þær eru reistar, og þreifa sig áfram og semja sig áfram. Þegar ég fyrir jólin sagði, að ég væri í vafa um, hvort auðið yrði að bera fram bráðabirgðaúrlausn í málinu eða hvort við teldum okkur neydda til að halda útveginum í höfn, þrátt fyrir þann skaða, sem af því mundi leiða, þar til við teldum okkur færa um að bera fram úrræði til endanlegrar lausnar, þá meinti ég það, að ég vildi fyrst og fremst rannsaka, hvaða afsláttur væri raunverulega hægt að gera og fá frá þeim till., sem L.Í.Ú. hafði samþ., en fundi þess var þá nýlokið. Og mér finnst, að reynslan hafi sannað, að þörf hafi verið á þessum drætti. Útgerðarmenn voru þá með kröfur um kr. 1,04 fyrir kg af fiski, en ríkisstj. hefur lagt til, að greiddir yrðu 75 aurar, að viðbættum þeim fríðindum, sem veitt voru einnig af hendi fyrrv. ríkisstj. í 5. gr. ábyrgðarl. frá í fyrra og einnig í 5. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég veit, að ef hv. 1. þm. S-M. vill mæla af sanngirni, þá játar hann, að það er ekki von, að þegar ríkisstj. hafa borizt þessar till. ýmist þann 15. eða 19. des., að hún treysti sér þá til að leggja fram og knýja gegnum Alþ. skynsamlegar till., sem í senn bera með sér, hvað hún telur nauðsynlegt að gera, og líka fela í sér líkur fyrir því, að útgerðin mundi hefjast handa. Og þó að ég megi ekki fullyrða, að það frv., sem hér er til umr., tryggi það, að útgerðin hefjist, þá hef ég miklar vonir um það, þegar með eru tekin þau fríðindi, sem fyrrv. ríkisstj. veitti útveginum og hv. þm. gerði að umræðuefni, og kannske þá með einhverjum viðbótum, sem mér er ekki ljóst til fulls, hverjar þyrftu að vera. Ég vil þess vegna á engan hátt viðurkenna, að þessi umhugsunarfrestur ríkisstj. hafi verið til skaða, og ekki heldur, að hann hafi orsakað neitt tjón. Ég veit ekki betur en að þeirri útgerð hafi verið haldið uppi, sem stunduð hefur verið fyrir Vesturlandi og annars staðar, og allir þeir farið á sjó, sem hafa tilhneigingu til þess haft. Ég vil minna á það sem algilda staðreynd, að enda þótt l. um þetta efni væru sett á Þorláksmessu 1948, var ekki búið að ganga frá málinu, þannig að útgerðin vildi sætta sig við það, fyrr en 11. jan. í fyrra, svo að ef við höfum bakað bátaútgerðinni tjón og þar með þjóðinni, þá er fyrrv. ríkisstj. undir sömu sökina seld, en ég hygg, að hvorug stj. sé verð ámæla í þessum efnum.

Hv. þm. vék því næst að því, að það þyrfti að skipta þessu frv. í tvo kafla, og ég tel það alveg rétt, nefnilega þann kafla, sem hnígur að því, að útvegurinn fái tryggingu til 1. marz, og svo hitt, sem tekur við þar á eftir, ef gegn vonum stj. ekki verður búið að setja heildarlöggjöf 1. marz. Ég er honum að mörgu leyti sammála um ýmislegt, sem hann sagði. Ég vil ekki leyna því, að ríkisstj. hafði ríkan áhuga fyrir því að geta miðað allar sínar till. eingöngu við 1. marz og þurfa ekki að ganga lengra. Ástæðan fyrir því, að hún gekk lengra, er sú, að útgerðin hefur haldið því mjög fast fram við ríkisstj., að hún teldi sér ekki fært að hefjast handa, nema því aðeins, að þetta viðbótarákvæði væri í l. Ég verð að viðurkenna haldgæði þeirra raka,

sem útgerðarmenn hafa fært fram fyrir þessu. Þeir segja: Ef við byrjum á útgerð og það hendir okkur svo, að Alþ. fæst ekki til að gera neinar heildarráðstafanir, þá stöndum við á miðri vertíð algerlega tryggingarlausir og án þess að okkur sé mögulegt að stöðva útgerðina. Þeir, sem kunnugir eru útgerð, vita, að það er ákaflega mikið rétt í þessu, því að það er mjög miklum vandkvæðum bundið fyrir útgerðarmenn, ef þeir hafa á annað borð hafið vertíð, að stöðva hana 1. marz. Og það verður að viðurkenna, að það er viss sanngirni, sem mælir með því, að ef Alþ. fæst ekki til að gera skynsamlegar framtíðarráðstafanir í þessum efnum, þá hangi útvegurinn ekki alveg í lausu lofti. Það er viðurkenning á þessu sjónarmiði, sem felst í 12. gr. l. Ég skal játa það, að ég hefði óskað, að sú grein hefði ekki þurft að vera í frv., og þá í fullu trausti þess, að Alþ. hefði fengizt til að setja heildarráðstafanir. En ég vil leyfa mér að vona, að þingið verði búið að setja heildarlöggjöf um þetta fyrir þann tíma, svo að ekki þurfi til þeirrar greinar að grípa. — Hv. þm. sagði réttilega, að ríkisstj. hefði marglýst því yfir, að hún væri andvíg uppbótaleiðinni. Og hún er það og á því hefur engin breyting orðið og verður ekki. Hvernig stendur þá á því, segir hv. þm., að ríkisstj. ber fram till. um uppbótaleiðina? Ríkisstj. gerir það ekki. Við berum fram till. um bráðabirgðalausn, en við boðum ný úrræði. Hins vegar má segja á þessa leið: Útgerðin verður að halda áfram með einhverjum hætti, í fyrsta lagi. Í öðru lagi: Við viljum ekki halda uppbótaleiðinni. Við berum þó fram bráðabirgðalausn til þess að forðast óþarfa tafir á útgerðinni, og við berum einnig — og það er aðalatriðið — áður en langt um líður, fram aðrar leiðir í málinu. Hins vegar verður að játa, að ef Alþ. fellir þær till. og kemur sér ekki saman um neinar aðrar, þá er enginn okkar þm., sem ætlast til þess, að útgerðin missi alla ábyrgð 1. marz, ef þingið setur enga heildarlöggjöf um málið. Ég hef orðið að beygja mig fyrir útgerðarmönnum. Ég verð að játa það, að ég veit ekki um einn þm. úr neinum flokki, sem gengur út frá því, að það sé eðlilegt, að útgerðin missi alla ábyrgð 1. marz og fái ekkert í staðinn. En ég vil leyfa mér að minna á það, að þó að svo ógiftusamlega takist, að ekki verði búið að setja heildarlöggjöf fyrir 1. marz, þá er það engan veginn tilgangur, hvorki frv. né ríkisstj., að ákvæði 12. gr. skuli um fram allt gilda til vertíðarloka. Um þetta er sagt í 12. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950.“ Með öðrum orðum, hvaða dag sem Alþ. ber gæfu til að setja heildarlöggjöf í þessum efnum, þá eru þessar vandræðaráðstafanir, þessar troðnu slóðir og gömlu leiðir, sem allir eru orðnir þreyttir á að ganga, úr gildi felldar. Og ég vil segja hv. þm. það, að ég vildi vona, að hann og hans flokkur geti átt samleið með Sjálfstfl. og helzt fleiri mönnum hér á þingi um einhver samtök undir forustu nýrrar stjórnar, til þess að fá varanlega lausn á þessu máli. Ég hygg, að við séum allir orðnir meira og minna sannfærðir um það, að það verði ekki til langframa haldið áfram eins og gert hefur verið. Ég hygg, að við séum að fá í æ ríkari mæli sannfæringu um það, að ef uppbótaleiðin verður enn farin á árinu 1950, þá leiðir það til þess, að það verða allar sömu þarfir fyrir nýjar tekjur um næstu áramót eins og eru nú. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að sá dráttur, sem er á því, að Sjálfstfl. beri fram sínar till. hér, stafar ekki af því, að Sjálfstfl. sé hræddur við að leggja fram sínar till. Ég vona, að ef Alþ. fellir ekki stj. mjög bráðlega, þá beri Sjálfstfl. gæfu til þess að bera fram till., sem hann þarf ekki að vera hræddur við að sýna. Það eru fleiri en hv. 1. þm. S-M., sem hafa áhyggjur af því, hvernig ástatt er, og það eru fleiri en hann, sem sjá, að það verður að gera einhverjar varanlegar ráðstafanir og leggja inn á nýjar brautir. Og það er ekki neitt frumlegt hjá Sjálfstfl., þó að hann sé að tala um þetta. Ég ætlast ekki til, að menn falli fram og tilbiðji Sjálfstfl., þó að hann geri þessar leiðir að umræðuefni, sem hv. þm. S-M. og margir aðrir hafa gert að umræðuefni. Ég vil losa mig og minn flokk undan því ámæli, að við séum nokkuð hræddir við að bera fram till. Hann veit svo vel, að enginn þarf að skammast sín fyrir það á þessum tímum, undir þessum alvarlegu kringumstæðum, að bera fram till., sem miða í einlægri viðleitni að því að leysa vandann og vísa á nýjar brautir. Mér virðist sú mynd alveg rétt, sem hv. þm. S-M. að lokum dró upp í ræðu sinni. Sú lýsing, sem hann gaf af ástandinu, er rétt og sýnir, að bráðabirgðalausn þessi getur ekki verið varanleg lausn. Sú mynd, sem hv. þm. S-M. dró upp og margir aðrir hafa dregið upp, sannar, að það verður að leggja inn á aðrar brautir. Og það er þess vegna lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að bornar verði fram till. um aðrar lausnir í þessum málum og Alþ. beri gæfu til að sameinast um þær framtíðarlausnir. Það hefur af hendingu orðið hlutskipti Sjálfstfl. að fara með ríkisstj. og hafa forustu í þessum efnum. Eins og ég sagði áðan, mun Sjálfstfl. hiklaust leggja fram sínar till., þegar hann telur sig hafa fengið hæfilegan tíma til að skoða þær till., sem nú eru í deiglunni. Hv. 1. þm. S-M. hefur oft staðið að flutningi vandasamra till. og hann veit, að það þarf margt að athuga, enda verður því ekki með sanni neitað, að úr því að á annað borð var talið kleift að bera fram till. um bráðabirgðalausn, þá er það ekki aðalatriði, hvort till. koma vikunni fyrr eða seinna. Ef útgerðin ætti að bíða, þá væri það aðalatriði, en það er ekki sama aðalatriðið, úr því að á að leysa vandann í bili til bráðabirgða.

Ég vil svo, eins og ég sagði í upphafi, ekki á þessu stigi gera einstök atriði að umræðuefni. Ég mun ekki svara þeim fyrirspurnum varðandi tekjuöflunina og fleira, sem fram komu í ræðu hv. þm., vegna þess að hæstv. atvmrh. mun gera það. Ég skal aðeins upplýsa tvennt. Fyrsta: Ég hygg, að það séu á nokkrum misskilningi byggðir hans útreikningar um þá fjárhæð, sem aflast mundi í ríkissjóð samkv. 14. gr. frv. Í öðru lagi vildi ég varðandi hrognapeningana aðeins segja

það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu telja sig tilneydda að sigla þar í kjölfar annarra, og hygg ég, að ef við berum gæfu til að finna framtíðarlausn, þá skipti það ekki eins miklu máli nú eins og áður. Ég hef átt þátt í því að lögleiða þessa hrognapeninga, en ég hygg, að það væri ekki ástæða til að vekja um þetta meiri deilur en áður, nema síður sé, af því að það er að sjálfsögðu tilgangurinn að afnema þau hlunnindi, þegar okkur tekst að ná heildarsamkomulagi, og ég skal enda orð mín á því, að ég ætla að trúa því, þar til annað reynist, að þó að ýmislegt beri á milli, þá beri Alþ. gæfu til að setja um þessi efni einhverja þá heildarlöggjöf, sem lengur verði við unað og til meiri lukku leiði en þessar troðnu slóðir. Ég endurtek það, að ríkisstj. mun gera sína skyldu og bera fram leiðir, þegar hún er búin að hafa þann tíma, sem ekki er hægt að neita henni um. Og ég vil beina því til hv. 1. þm. S-M., að það er a. m. k. efnismunur á því, hvort verið er að leysa höfuðstefnu málsins eða hvort menn eru að kynna sér ýmis vandamál, sem eru undanfari að till. í lagaformi. Ég get ekki neitað því, að mér sýnist ekki eftir kosningunum í haust, að líkur séu til, að vandinn leggist harðar á Sjálfstfl. en aðra flokka, þó að hending réði því, að svo hefur farið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða við 1. umr. þessa máls að fara um frv., sem hér liggur fyrir, nokkrum almennum orðum. Hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir, þegar hún tók við völdum, að vera mætti, að hún sæi sér ekki annað fært, a. m. k. fyrst um sinn, en að feta einhverjar troðnar slóðir í dýrtíðarmálunum. Þessar leiðir, sem nú hafa verið kallaðar troðnar slóðir, eiga sér nokkra forsögu og höfuðslóðirnar voru ekki einu sinni, a. m. k. ekki á vissan hátt, lagðar af fyrrv. ríkisstj., heldur af ríkisstj. þeirri, er sat næst áður, og það var hlutverk þáv. atvmrh., hv. þm. Siglf. (ÁkJ), að leggja það til fyrst hér á Alþ., að ríkið tæki ábyrgð á ákveðnu verði fyrir útfluttar afurðir bátaútvegsins. Það var í lok ársins 1946. Síðan má segja, að þessar götur, sem þá voru lagðar, hafi að nokkru leyti verið troðnar síðan, með breyt., sem þurft hefur að gera frá ári til árs, vegna þess, hvernig á hefur staðið. Og nú má einnig segja, að í frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., a. m. k. í 1. kafla þess, sé haldið áfram þessar troðnu slóðir. Þó þykist maður sjá það, að sett hafi verið upp eins konar vegarskilti í 12. og 14. gr. frv., sem boði nýja vegi, sem leggja eigi í náinni framtíð. En sá galli er á þeirri gjöf Njarðar, að ekkert vita menn, hvert sá vegur liggur né hvernig hann verður lagður, hvað traustur hann verður og til hvers hann leiðir. Framundan er, hvað það snertir, myrkviður og óvissa um vegarlagninguna í framtíðinni. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti ekki farið dult með það, að hann hefur talið það nauðsynlegt og telur enn nauðsynlegt að tryggja það, að bátaútvegurinn gangi, svo mikið sem allir landsmenn eiga undir því, að bátarnir séu reknir, bæði til öflunar verðmæta og gjaldeyris og eins til þess að halda uppi atvinnu í landinu. Alþfl. hefur því fyrir sitt leyti undanfarin ár verið með því og að því stuðlað, að slík ábyrgð væri veitt fyrir afurðir bátaútvegsins af hálfu ríkissjóðs, sem löggjöf síðari ára ber vitni um. Að sjálfsögðu skiptir Alþfl. ekki um skoðun, hvað þetta atriði snertir, þó að hann eigi ekki hlut að ríkisstj. Hann er þess vegna meðmæltur því, að það verði, a. m. k. fyrst um sinn, veittar einhverjar slíkar ábyrgðir fyrir afurðir bátaútvegsins, sem nægilegar eru, við skynsamlega yfirsýn og athugun, til þess að bátaútvegurinn geti gengið, a. m. k. að það sé þá ástæðulaust fyrir þá, sem reka bátaútgerð, að fara ekki af stað, ef ákveðnar ábyrgðir eru í boði. Ég get ekkert um það sagt og hef ekki ástæðu til að dæma um það, hversu mikið þyrfti að hækka ábyrgðarverðið á afurðum sjávarútvegsins frá því, sem það var ákveðið í árslok 1948. Í þessu frv. er lagt til, að fiskurinn sé hækkaður um 10 aura kg, hraðfrysti fiskurinn um 20 aura pr. lbs. og um 23 aura pr. kg af útfluttum saltfiski. Á bátafiskinn nemur þetta um 15%. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að frá því að sams konar löggjöf var sett, fyrir rúmu ári, hefur framleiðslukostnaður aukizt, sem meðal annars kemur nú í ljós hvað bátaútveginn snertir í hækkuðu olíuverði, svo að eitt af fleiri dæmum sé nefnt. Það verður hins vegar ekki um það dæmt, hvort þessi hækkun á ábyrgðarverðinu sé eðlileg eða ekki, en ég hef ástæðu til að ætla, að ríkisstj. hafi gengið svo langt í, ef svo má segja, að „prútta" niður kröfum bátaútvegsmanna sem hún sá sér fært. Ég vil lýsa því yfir af hálfu Alþfl., að hann mun vera með því, að tekin sé ábyrgð á einhverju ákveðnu verði á afurðum bátaútvegsins.

Í þessu frv. eru 1.—11. gr. að mestu leyti og sumar alveg samhljóða tilsvarandi gr. í l., sem afgreidd voru á seinasta Alþ., óbreyttar að öðru leyti en því, sem ég hef nú um getið og hæstv. atvmrh. tók fram, þegar hann fylgdi frv. úr hlaði, að ábyrgðarverðið er hækkað.

Ég gæti gert ráð fyrir því, að fulltrúar kommúnista mundu sízt telja þetta ábyrgðarverð of hátt, því að á seinasta Alþ. fluttu þeir, í frv.formi m. a. till. um það að ákvarða verðið á bátafiskinum 70 aura pr. kg í stað 65 aura pr. kg, sem ákveðið var, og kr. 1.45 fyrir lbs. fob. í stað kr. 1.33, sem var í ábyrgðarl. síðustu, og fyrir saltfiskinn kr. 2.40 fyrir kg fob. í stað kr. 2.25, sem ákvarðað var sömuleiðis í l. frá síðasta þingi. Auk þess var lagt til í þessu frv. kommúnista, að bátaútvegsmenn fengju hálfan þann gjaldeyri, sem þeir fengju fyrir sölu á afurðum sínum, algerlega frjálsan, ekki eingöngu til þess að kaupa fyrir hann nauðsynlegar vörur til útgerðarinnar, heldur líka til innkaupa á öðrum varningi, sem gert var ráð fyrir, að leyfður yrði innflutningur á. Á þessu má sjá, að a. m. k. þessi flokkur hefur á síðasta þingi verið með því að veita ábyrgðina og hana ekki órífari en gert var í l. s. l. ár, og nokkuð í áttina við það, sem lagt er til nú með þessu frv.

En það eru viss atriði í 12. og 14. gr. frv., sem ég fyrir mitt leyti get ekki mælt með, eins og þau liggja fyrir. Í 12. gr. er gert ráð fyrir, að ef ekki verður fyrir lok febrúarmánaðar n. k. sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstj., þá

framlengist gildi þessara l., þar til slík löggjöf hefur verið sett, þó ekki lengur en til 14. maí 1950. Fyrst og fremst er það athugavert við orðalag þessarar gr., að þegar rætt er um framtíðarrekstur bátaútvegsins, þá er það komið undir dómi ríkisstj. að meta, hvort Alþ. hefur getað sett frambúðarákvæði um rekstrarmál bátaútvegsins. Þar sem Alþ. setur um þetta mál löggjöf og ber að því leyti á því ábyrgð, þá tel ég með öllu ótækt, að það sé ríkisstj. að ákveða og undir hennar dómi komið, hvort Alþ. hefur sett frambúðarlöggjöf um rekstur bátaútvegsins, og sérstaklega er þetta að mínum dómi alveg fráleitt, ef meiri hl. Alþ. er þeirrar skoðunar, að hann hafi gert slíkt, en ríkisstj., sem styðst við minni hl. á Alþ., væri annarrar skoðunar, og hennar dómar ættu þá að ráða á móti dómum meiri hl. Alþ. Ég er þeirrar skoðunar, að skurðarpunkturinn í þessu efni eigi að vera 1. marz, eins og að nokkru leyti er lagt til í frv. ríkisstj. Því miður varð það niðurstaðan rétt fyrir jólin, að ekki var samþ. till., sem hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) flutti af hálfu Alþfl., um að framlengja gildi III. kafla dýrtíðarlaganna, l. nr. 100 frá 1948, til 1. marz í stað 1. febrúar. Ég álít, eins og ég sagði áður, eðlilegast, að skurðarpunkturinn verði þar og þetta sé hvað ábyrgð snertir ákvarðað eins og ríkisstj. leggur til, en séu svo ekki heldur hvað snertir fjáröflun og aðrar leiðir, sem meira veltur á í framtíðinni, teknar ákvarðanir á þessu stigi málsins, áður en frekari ráðstafanir eru gerðar. Af þessari skoðun minni leiðir, að ég tel, að 12. gr. fái ekki staðizt. Ég tel ekki heldur rétt að framlengja III. kafla dýrtíðarl. allt árið 1950, miðað við það að ákveða ábyrgðarverðið á afurðirnar til 1. marz. Ég endurtek það, að ég tel, að miða eigi við 1. marz með fiskábyrgðina og fjárútvegun í því skyni, eða þangað til kemur að þeim till., sem áreiðanlega verða fram komnar og sjá dagsins ljós og verða lagðar fyrir Alþ. af stj. og hún hefur boðað og telur að verði frambúðarlausn í þessum efnum. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort þær till. eru líklegar til að verða frambúðarlausn, af því að ég hef ekki hugmynd um, í hverju þær till. verða fólgnar, þar sem ríkisstj. hefur ekki farið um það mál neina almennum orðum og ekkert látið í það skína, hvaða nýjar leiðir eigi að leggja inn á. Þá fyrst, þegar fyrir liggja ákveðnar till., er tími til þess kominn að taka til þeirra ákveðna afstöðu. Einnig hvað snertir 14. gr. frv., tel ég, að ekki eigi að veita þær gífurlegu heimildir til fjáröflunar, sem í henni felast, meðan ekkert er vitað um, hvaða tilraunir á að gera um frambúðarlausn málsins. En þar er lagt til, eins og skýrt hefur verið frá og gr. ber með sér, að söluskatturinn, sem um ræðir í 21. gr. l. nr. 100 frá 1948, verði hækkaður allt upp í 30%, úr 6% í 30%, eða m. ö. o. fimmfaldaður. Nú vil ég ekkert um það dæma, hve mikið þetta kynni að gefa í ríkissjóð. Hv. 1. þm. S-M. var með ágizkanir, byggðar á tölum og upplýsingum, sem hann hafði fengið, og þykir mér ekki ólíklegt, að það sé nærri lagi, sem hann gat um. Það er athyglisvert, að undantekningarákvæðin í 23. gr. l. nr. 100 1948 ná einungis til rekstrarvara, en ekki til neinna nauðsynjavara. Undanteknar þessum gífurlega háa söluskatti, ef hann verður lögfestur eins og 14. gr. segir, fyrir utan íslenzkar landbúnaðarafurðir, eru fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, tilbúinn áburður, dagblöð og vikublöð. Það lætur að líkindum, hve gífurlegur skattur þetta verður, ef hann nær lögfestingu, þar sem söluskatturinn verður fimmfaldur á allri neyzluvöru, sem til landsins flyzt, miðað við það, sem nú er í l. Það er fyrirsjáanlegt hversu stórkostleg verðhækkun þetta er á nauðsynjavörum almennings. Það má því réttilega segja, eins og tekið er fram í niðurlagi grg. fyrir frv. þessu, að þessi mikla hækkun á söluskatti sé í raun og veru beinn gjaldeyrisskattur. Hann er beinn gjaldeyrisskattur við innkaup á öllum nauðsynlegum nauðsynjavörum almennings í landinu. Ég vil undirstrika það, að fyrrv. ríkisstj. í leit sinni að tekjuöflun til þess að geta staðið undir ábyrgðum á afurðum bátaútvegsins og til þess að geta greitt niður verð á innlendum vörum kostaði kapps um það að afla teknanna, eftir því sem auðið var, með þeim hætti, að það kæmi sem minnst til verðhækkunar á allar brýnustu nauðsynjar almennings. Þetta sést bezt, þegar athuguð eru ákvæði 30. gr. dýrtíðarl. frá 1948. Þar er, eins og annars staðar, leitazt við að afla teknanna að vísu á vörum, sem eru margar hverjar þannig, að menn vilja fá þær, en ekki geta talizt til þeirra vöruflokka, sem mætti nefna brýnar nauðsynjar almennings. En hækkunin á söluskattinum næði fyrst og fremst til þessara vara og yrði þá þess valdandi, að þær hækkuðu geysilega í verði.

Ég held, að ég þurfi ekki að hafa orð mín öllu fleiri varðandi þetta frv., sem fyrir liggur til umr. Ég hef lýst yfir fylgi mínu við það að tryggja með ábyrgð útflutningsvörur bátaútvegsins, og ég get fyrir mitt leyti fallizt á það, að skurðarpunkturinn væri, hvað það snertir, 1. marz, þannig að fyrir þann tíma gæfist Alþ. kostur á því að leggja inn á nýjar leiðir, ef meiri hl. væri fyrir því hér á Alþ. Alþfl. mun að sjálfsögðu taka afstöðu til þessara leiða út frá sínum stefnumálum og þá að gefnu tilefni benda á þær leiðir, sem hann teldi heppilegastar, hvort sem þær yrðu nokkuð nálægt því, sem hæstv. ríkisstj. eða aðrir flokkar teldu, að rétt væri. Segja mætti, að það væri mjög óheppilegur tími fyrir útgerðina, ef þessi ábyrgð yrði algerlega felld úr gildi og ekki hefði verið gripið til annarra ráða 1. marz, á miðri vertíð, en hæstv. forsrh. tók það fram í ræðu sinni við þessa umr., að bátaútvegsmenn teldu það ekki nægilegt fyrir sig, að ábyrgðinni væri lofað til 1. marz. En ég er þeirrar skoðunar, eins og kom einnig fram í ræðu hæstv. forsrh., að a. m. k. meiri hl. Alþ. mundi ekki sjá sér fært annað en að gera þá einhverjar þær ráðstafanir, sem tryggðu það, að bátaútvegurinn gæti haldið áfram, jafnt eftir 1. marz sem fyrir 1. marz. Og meðan við vitum ekki neitt um þær leiðir, sem hæstv. ríkisstj. mun leggja til, að farnar verði, álít ég skynsamlegast að miða við 1. marz. Alþ. hefur hátt á annan mánuð til stefnu til að ákveða, hvað við skuli taka þá, og ég ætla, að

það muni nægur tími. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. flýti því svo sem auðið er að leggja sínar frambúðartill. fyrir Alþ., af því að mig uggir, að vera kynni, að Alþ. yrði ekki að öllu leyti sammála um þær till., sem fram kynnu að koma. Því hefur verið slegið fram, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki vilja leggja till. sínar fram fyrir bæjarstjórnarkosningarnar, en ef svo er, þá tel ég það bera vott um, að till. hennar séu þess eðlis, að þær séu ekki álitlegar fyrir almenning í kaupstöðum landsins. Ef hæstv. ríkisstj. hefur trú á því, að till. hennar séu réttar, sanngjarnar og eðlilegar, þá ætti hún ekki að hika við að leggja þær fram, heldur jafnvel telja sér það til styrktar að koma með þær fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Ég teldi það rýra gildið á trú þeirra, ef þær yrðu fyrst bornar fram að afstöðnum bæjarstjórnarkosningunum. Sem sagt, ég vænti þess fastlega, að till. frá ríkisstj. komi sem allra fyrst, og þá mun Alþfl. taka afstöðu til þeirra, algerlega málefnalega og út frá sínum höfuðsjónarmiðum.

Ég lýsi því yfir að lokum að Alþfl. er fylgjandi því, að veittar verði ábyrgðir fyrir bátaútveginn, og getur fyrir sitt leyti gengið inn á, að þær séu fyrst um sinn ákvarðaðar til 1. marz. En hann vill ekki fyrir sitt leyti ákvarða að leggja á stórkostlega nýja tolla og skatta né gefa minnihlutastjórn mjög víðtækar heimildir, eins og gert er ráð fyrir í 12., 13. og 14. gr. frv. Að sjálfsögðu verður þetta frv. nánar athugað í fjhn., og gefst þá tækifæri til að ræða málið, þegar það kemur frá n., og mun hæstv. ríkisstj. án efa gefa n. og Alþ. þær upplýsingar, sem óskað verður eftir, til nánari skýringa á sumum ákvæðum frv.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, að ég tel það vandræði, þó að fyrrv. ríkisstj. hafi gengið inn á það af illri nauðsyn, að hafa það á valdi ríkisstj. og ólögbundið að ákveða, fyrir hvaða hluta af afurðum bátanna útvegsmenn megi sjálfir nota gjaldeyri til innflutnings á erlendum vörum. Og ég tek undir ósk hv. 1. þm. S-M. um það, að hæstv. atvmrh. vildi segja Alþ. frá meðferð þessa máls, eins og hann sem fjmrh. og sjútvmrh. í fyrrv. stj., undir meðferð sams konar máls á Alþ., lýsti því, hvernig ríkisstj. hefði hugsað sér að greiða fyrir útvegsmönnum með því að láta þá fá frjálsan gjaldeyri fyrir slíkan takmarkaðan hluta af afurðunum og þá sérstaklega þeim afurðum, sem ekki væru seljanlegar við kostnaðarverði erlendis, nema gerðar væru til þess sérstakar ráðstafanir, eins og t. d. hrogn, en þeim var kastað, unz útgerðarmönnum var leyft að ráðstafa sjálfum gjaldeyri þeim, er þeir fá fyrir þau. Það voru því rök fyrir því að veita þessa undanþágu, þó að farið sé með þessu móti inn á hálar brautir og varhugaverðar, sem skapa misræmi og óréttlæti í verðlagi og völuflutningi til landsins. Ég mun svo láta staðar numið um þetta mál að sinni.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vildi svara einu eða tveim atriðum í ræðum þeirra hv. 1. þm. S-M. (EystJ) og hv. 8. landsk. (StJSt). Mér kemur það satt að segja undarlega fyrir sjónir, þegar þessir hv. þm., sem báðir áttu sæti í hæstv. fyrrv. ríkisstj., eru að benda núv. ríkisstj. á það, að sú leið, sem þeir fóru í sambandi við gotugjaldeyrinn sé á takmörkunum að vera lögleg. Ég er sammála þeim í því, að þetta sé vandræðaleið, og margt kemur í kjölfar hennar, sem er óæskilegt, en þetta liggur fullkomlega innan þeirra takmarka, sem lög heimila, og löggjafarvaldið hefur heimilað slíkt samkv. l. um fjárhagsráð. Leyfi þetta er mjög víðtækt, og getur ráðið sett reglur um innflutning eftir vild, svo að ég hygg, að þó að skemmtilegt sé að skírskota í lagaheimild, þá sé ekki hér um lögleysu að ræða.

Hv. 1. þm. S-M. vildi halda því fram, að hækkun á aðflutningsgjaldi vegna þessa frv. gæti numið 60—80 millj. kr. á ári, og hv. 8. landsk. var með sömu tilgátu og hélt, að það færi nærri sanni. Ég vil nú gera nokkra grein fyrir því, sem stendur í grg. fyrir frv. Það er reiknað með, að innflutningur árið 1950 nemi um 300 millj. kr. Ég skal ekki segja nema hann verði nokkru meiri, ef innflutningur samkvæmt Marshallaðstoðinni væri tekinn til greina. En ef reiknaðar eru útflutningstekjur og duldar greiðslur, þá er óvarlegt að reikna með meiru en 300 millj. á þessu ári. Undanþágur samkv. 23. gr. eru 50—60 millj. kr., segjum 55 millj. kr.; ef þetta er dregið frá, eru eftir 245 millj. kr. Nú er ekki gert ráð fyrir, að söluskattur verði lagður á fyrr en 1. marz, og þá er búinn ⅙ hluti ársins og þá eru ekki eftir nema 200 millj. kr. til að skattleggja til að ná þeim 42 millj., sem þarf. Þá eru þau 21%, sem leggja má á þessar 200 millj. kr., og við það bætast svo 6%, eða samtals 27% álagning, en upphæðin verður þá rúmar 40 millj., en ekki 60—80 millj. En sé þessum 6% skatti, sem lagður er á allt árið, bætt við, getur heildarskattupphæðin komizt upp í 60 millj. kr., og sé ég ekki, að þar geti skakkað miklu, en breytist nokkuð, ef útflutningsáætlunin reynist eitthvað hærri eða lægri. Hv. 8. landsk. áleit, að skurðarpunkturinn í þessum till. ætti að vera 1. marz, og gæti verið, að það væri ekki óhyggilegt, en ef svo væri, þarf ekki að búast við, að miklar tekjur séu komnar þá, en Alþ. verður þá að sjá fyrir greiðslum, sem þá eru fallnar í gjalddaga og ekki er hægt að komast hjá, en fyrir mér vakti, að tekjustofnar stæðu undir kostnaði, sem orðinn yrði 1. marz. Auðvitað er hægt fyrir Alþ. að gera þennan skurðarpunkt og segja, að það ráðstafi þessu ekki lengur, en þá tekur það á sig þá ábyrgð, að útvegurinn stöðvist á miðri vertíð.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta frv. hefði getað verið komið fyrir nýár, og hefði það verið betra, því að þetta frv. sýnir ekki mikinn undirbúning og hefði hæstv. ríkisstj. getað byrjað að undirbúa það strax og hún var sett á laggirnar, en ekki þurft að bíða eftir kröfum frá útgerðarmönnum um það, hvað þeir teldu sig þurfa hátt ábyrgðarverð. Það var skýrt fyrir þm., áður en þeir fóru heim í jólafrí, að ástæðan fyrir því, að málið væri ekki leyst, væri sú, að ríkisstj. hefði komizt að því, að þörf væri róttækari og gagngerari breytinga en hún hélt í fyrstu, en

svo kemur þetta frv., sem er mjög í sama stíl og undanfarin ár og hefði vel getað verið komið fyrir nýár, svo að bátarnir hefðu strax getað hafið vertíð. Ég er sammála um það, að nauðsyn sé að tryggja ákveðið verð á fiski, svo að bátarnir fari af stað, og geri ég ráð fyrir, að allir hv. þm. séu sammála um það.

Það er vert að líta á þróun þessara mála og hvenær fiskábyrgð var fyrst ákveðin, en hún hófst upphaflega í ársbyrjun 1946 fyrir hluta hraðfrysta fisksins og ákveðið magn af saltfiski til að tryggja rekstur útvegsins. Í ársbyrjun 1947 eða fyrir áramót stóð þannig á, að stjórnarkreppa hafði verið og sjávarafurðir ekki seldar, en söluhorfur sæmilegar og forsendur fyrir ábyrgðinni voru þær, að þetta væri gert til að tryggja rekstur útvegsins, þó að ekki væri búið að selja afurðirnar. Þegar svo hæstv. fyrrv. ríkisstj. tók við, lagði hún höfuðkapp á að sannfæra menn um, að fiskábyrgðin væri óheppileg og það yrði að hætta við hana, en þegar hæstv. ríkisstj. átti sjálf að gera ráðstafanir til að bátaflotinn gæti starfað, fann hún ekkert annað ráð en þetta og framlengdi fiskábyrgðina óbreytta í þau 2 ár, sem hún sat að öllu leyti að stjórn, þannig að hún kom ekki með neitt nýtt annað en álögur, sem hún afsakaði með því, að þær ættu að standa undir útgerðinni, og ávallt voru hærri en líklegt var, að ábyrgðin yrði. Þannig notaði hún ábyrgðina til að leggja á hærri tolla og skatta en áður hafa þekkzt, og þetta er orðin svo föst regla, að þegar lögð er fram till. um 12 millj. kr. útgjöld, eins og þegar um uppbót til opinberra starfsmanna var að ræða, þá þykir ekki ómaksins vert að útvega tekjur til að standa á móti því. Útvegurinn er þannig notaður sem bakhjarl til að afsaka með álögurnar og er notaður sem átylla til að leggja nýja, ósanngjarna skatta á almenning af hæstv. fyrrv. og sennilega hæstv. núv. ríkisstj., og dýrtíðin með því móti gerð enn óviðráðanlegri en áður. Ég minnist þess, að í blaði hæstv. fjmrh. er því haldið fram, að það kosti ríkið 70 millj. kr. á ári að halda bátaútveginum uppi, og almenningur hér í Rvík, sem kominn er úr tengslum við atvinnuvegina, trúir, að allar þessar álögur séu gerðar til að halda útveginum uppi. En sannleikurinn er sá, að álögur þessar gera vandamál útvegsins meiri ár frá ári, en þetta er gert af þeim, sem fá tekjurnar af gjaldeyri þeim, sem útgerðin hefur aflað, og nú verða þeir að halda trúnni við. Að ausa styrkjum til útgerðarinnar þýðir því það, að gróðastéttin hér fái enn meira fé til sinna þarfa, en útgerðin situr eftir með sitt tjón. Það er því engin tilviljun, að hæstv. núv. ríkisstj. hefur haldið áfram á sömu braut. Heildsalarnir hafa viljað halda aðstöðu sinni áfram, og því er lagður nefskattur á almenning í landinu til að halda við gróða auðmannastéttarinnar í Reykjavík.

Ræturnar að erfiðleikunum má rekja langt aftur í tímann, eða til ársins 1933 eða 1934. Og alltaf þegar sá aðilinn, þ. e. sjávarútvegurinn, sem átti að veita blóði í þetta kerfi heildsala og gróðamanna, hefur verið að því kominn að sligast, þá hafa höftin verið aukin. Þegar ég beitti mér fyrir því, að ábyrgðarlögin væru sett, þá var það höfuðröksemdin, að ríkið væri skyldugt til að gera þetta á meðan það tæki gjaldeyrinn frá útveginum, en raunin hefur orðið sú, að ríkinu blæðir, en gróðinn rennur til þeirra, sem hagnýta gjaldeyrinn. Ég er sannfærður um það, að á meðan sá háttur er hafður á, að gjaldeyririnn er tekinn frá þeim, sem afla hans, og fenginn öðrum, sem enga áhættu hafa af þessu, en græða með því móti tugi milljóna, þá er útvegurinn settur í óþolandi aðstöðu, sem ekki verður greitt úr. Hvað svo sem ríkisvaldið gerir og hversu mikið sem það greiðir í þessu skyni, verður það aðeins bráðabirgðalausn, meðan ekki er ráðizt á þetta kerfi. Skattar þeir, sem lagðir hafa verið á almenning undir því yfirskini, að það væri gert til að bjarga útgerðinni, hafa átt höfuðsökina á aukinni dýrtíð í landinu. Höfuðástæðunnar til þess, að launþegar og opinberir starfsmenn kröfðust hærri launa, er að leita í þessum ósanngjörnu nefsköttum, sem ríkisstj. telur, að séu til að bjarga sjávarútveginum. Nú er verið að leggja á nýja skatta, sem talið er að nemi rúmum 40 millj. kr., en sterk rök mæla með að verði 60—80 millj. kr., en ekki eins og hæstv. ráðh. telur, því að hann tekur ekki tillit til þess, að 6% eru ekki lögð á gjaldeyrinn, heldur á vöruna hingað komna og borgaða með íslenzkum peningum. Mér finnst því, eftir að hafa hlustað á umr., að réttara muni, að þessir skattar nemi 60—80 millj. en rúmum 40 millj., eins og hæstv. ráðh. sagði.

Ríkið fór inn á þá braut að ábyrgjast verð á fiski, sem óhjákvæmilegt var, því að annars hefði allt stöðvazt, meðan enginn meiri hluti var fyrir því að breyta innflutningsfyrirkomulaginu, sem óhjákvæmilegt er að gera, eins og bezt sést á þessu frv. En það er hinn mesti misskilningur hjá ríkisstj., úr því að á annað borð er verið að ábyrgjast verð á fiski, að vera að skera það við nögl sér, sérstaklega frá sjónarmiði þeirra, sem ætla sér að greiða kostnaðinn með tollum á almenning, og ef þetta er á annað borð gert, þá verður að koma útveginum vel af stað, svo að sem mest veiðist, því að það skapar meiri gjaldeyri og aukinn innflutning og þar af leiðandi meiri skatta og tolla, og hefur þessi knífni valdið meira tjóni en græðzt hefur.

Það kom í ljós, að mikill skaði var að því að fylgja ekki till. sósíalista um að framleiða meiri saltfisk, en hæstv. fyrrv. ríkisstj. virtist vera hrædd við það og fór meira að segja inn á þá braut að greiða útflutningsuppbætur á ísaðan fisk, sem leiddi aftur til þess, að hraðfrystihúsin fengu ekki nægilegt hráefni, og varð því framleiðsla þeirra dýrari, og saltfiskframleiðendur fengu ekki heldur nægilegan fisk, en þeir hefðu getað selt meira og fengið meiri gjaldeyri fyrir hann en ísaðan fisk. Nú er þannig komið, að líkur eru til, að togararnir verði að fara að leggja afla sinn upp í salt. Þetta skapar okkur þörf fyrir mikla og góða saltfiskmarkaði. En markaðsörðugleikarnir fyrir ísfiskinn eru ekki eingöngu okkur Íslendingum að kenna eða dýrtíðinni hér heima, því að hver heilvita maður sér, að það getur alls ekki borgað sig að sigla út með 300 tonn af fiski og

fá fyrir þau kannske 3000 £. Þetta bara sýnir, að við verðum að verka fiskinn hér heima og afla okkur nýrra markaða. En þá þýðir ekki að afhenda einokunarhringum einkaleyfi á sölunni, og því fyrirkomulagi, sem verið hefur, að láta eitt félag, Sölusambandið, hafa alla saltfisksölu með höndum, verður að breyta. Þess munu vera dæmi, að menn hafa ekki fengið að selja sinn fisk, þó að hærra verð hafi verið í boði en það, sem Sölusambandið seldi fyrir, vegna þess að þeir fengu ekki leyfi til þess. Ég tel það algerlega ranga leið, að binda afurðasöluna til útlanda slíkum skorðum og ekki sízt, þegar hún er fengin í hendur félagi, sem hefur á henni einkaleyfi án þess að þurfa að standa ríkinu reikningsskap gerða sinna, auk þess sem slík aðferð er stórhættuleg vegna markaða. Ég er sannfærður um, að við fengjum betra verð fyrir saltfiskinn, ef framleiðendur fengju að selja hann sjálfir. Auk þess hefur komið fram ákæra frá L.Í.Ú. á þetta sölufélag, að það hafi ekki haft það sjónarmið, að framleiðendur fengju sem hæst verð fyrir fiskinn, heldur hafi einkahagsmunir fárra manna setið í fyrirrúmi. Ég ætla ekki að fara nánar út í það mál hér, þó að það sé mjög alvarlegt og krefjist nákvæmrar rannsóknar. Það er mjög eðlileg og sjálfsögð afleiðing, að ríkið verði að bera ábyrgð á vissu fiskverði, þegar það hneppir útveginn í slíka fjötra sem raun ber vitni í sambandi við afurðasöluna og þar að auki tekur allan gjaldeyri af útgerðinni og ráðstafar honum til heildsala og annarra, sem hafa af honum stórkostlegan gróða. Þetta hefur verið gert nú síðustu ár, en svo er bara komið og sagt, að útgerðin sé komin á ríkið. Sannleikurinn er sá, að allur sá gífurlegi gróði, sem einstaklingar og félög hafa hlotið í sambandi við innflutningsverzlunina, er runninn beint frá sjávarútveginum, og hefði hann lent í höndum útvegsmanna, þá væri sjávarútvegurinn betur staddur. Þessi þróun undangenginna ára er óeðlileg og hættuleg þessum undirstöðuatvinnuvegi okkar, því að sumir eru farnir að trúa þeirri firru, að hann sé raunverulega kominn á ríkið. Það er því alveg nauðsynlegt að stíga skref til þess að samræma hagnaðarvonina í innflutningsverzluninni og áhættuna í sjávarútveginum, svo að hann verði rekinn með öllu því fjármagni og öllum þeim kröftum, sem til eru bæði hjá verzlunarmönnum og útvegsmönnum. Þjóðin á allt undir sjávarútveginum, og hún getur alls ekki haldið uppi eðlilegu fjármálalífi nema útvegurinn sé rekinn með krafti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er áframhald á sömu braut og áður, og það er í raun og veru mjög eðlilegt, því að þau öfl, sem að ríkisstj. standa, vilja ekki aðra lausn. Ríkisstj. væri sennilega til með að auka enn meira álögurnar á almenning, ef hún þyrði það vegna bæjarstjórnarkosninganna, en við verzluninni má alls ekki hrófla. Það er sem sé alveg útilokað, að hún leysi grndvallaratriði til úrbótar í þessu máli, en það er breyting á gjaldeyrisverzluninni. Heildsalarnir eiga að fá að halda áfram að græða, hvað svo sem það kostar ríkið. Þessi aðstaða, sem innflytjendunum er sköpuð með þessu fyrirkomulagi, veldur hinu geysimikla kapphlaupi eftir gjaldeyri, sem leiðir svo af sér svartamarkaðsbrask og alls konar svindl. Og þetta skipulag veldur því, að fáir fást til að leggja fé í framleiðsluna, enda heppnast þeim, sem gjaldeyrinn hreppa, að safna milljónum á þurru landi, án þess svo mikið sem að koma nærri nokkru, sem heitir framleiðsla. Það er að segja útgerðarmenn og framleiðendur hafa áhættuna, en heildsalarnir hirða ágóðann. Á meðan slíkur háttur er á hafður, er engin von til að finna varanlega lausn á vandamálum útvegsins og framleiðsluatvinnuveganna yfirleitt. — Við sósíalistar höfum borið fram till. um það, að bátaútvegurinn fengi að ráðstafa einhverjum hluta af þeim gjaldeyri, sem hann aflar, og þá um leið hljóta ágóðann af þeim gjaldeyri. Þetta hefur ekki fengizt samþykkt, þó að hver maður hljóti að sjá, að það gæti að verulegu leyti leyst vanda þessa atvinnuvegar, auk þess sem það mundi örva menn mjög til þess að leggja fé og fyrirhöfn í þennan áhættusama rekstur. Við höfum glöggt dæmi þess í sambandi við Faxasíldina í haust. Það var útlit fyrir, að alls ekki yrði gert neitt út á síldveiðar í Faxaflóa á síðasta hausti, en til þess að fyrirbyggja það var útvegsmönnum gefinn kostur á að ráðstafa þeim gjaldeyri, sem fyrir þá síld fengist, sem kynni að veiðast. Þetta varð til þess, að saltaðar voru um 40 þúsund tunnur síldar, sem ella hefðu alls ekki orðið til, auk þess sem það bjargaði fjölda manns frá atvinnuleysi og skapaði miklar tekjur fyrir bátaútveginn. Mér dettur ekki í hug, að hægt sé að gefa allan gjaldeyri frjálsan, en allmiklum hluta mætti leyfa útgerðarmönnum að ráðstafa og létta með því undir erfiðleikum útvegsins. Við þurfum að skapa útveginum betri aðstöðu, og slík ráðstöfun, sem hér hefur verið drepið á, stefndi í rétta átt. Hins vegar er ekkert í frv., sem léttir verulega undir með útveginum eða er til þess fallið að örva hann. Það hefur að vísu verið gefinn frjáls nokkur gjaldeyrir, en það er aðeins gjaldeyririnn fyrir þær vörur, sem ella hefði verið kastað í sjóinn, eins og t. d. hrognin.

Þá ætla ég að víkja nokkuð að ábyrgðarupphæðinni, en þar finnst mér ríkisstj. fara nokkuð gáleysislega með tölur, eftir því sem gert er ráð fyrir í grg. frv. Ég get ekki séð, að fiskábyrgðin til 15. maí muni kosta 21 millj. kr. Það er talað um, að fiskábyrgðarkostnaðurinn, sem komið hefði á þetta tímabil árið 1949, hefði numið 20 millj. og 200 þús. kr., en svo er gert ráð fyrir 21 millj. og 400 þús. til viðbótar. Ef gert er ráð fyrir, að hraðfrysti fiskurinn verði 20 þús. tonn, þá sé ég ekki, að kostnaðurinn vegna ábyrgðarinnar á honum geti verið meiri en 8,8 millj., miðað við sama verð og í fyrra. Sé svo gert ráð fyrir 15 þús. tonnum af saltfiski, þá nemur sú viðbót á ábyrgðarverðinu ca. 3,5 millj., eða samtals væri um 12.3 millj. að ræða. En þess í stað telur ríkisstj. sig þurfa yfir 20 millj. Jafnvel þótt minn útreikningur væri að einhverju leyti of lágt reiknaður, þá er þessi upphæð ríkisstj. ranglega allt of há. Það virðist því sem ríkisstj. hugsi sér nú að leggja nýjan skatt á vegna allrar fiskábyrgðarinnar, enda þótt allir skattarnir, sem lagðir

voru á vegna ábyrgðarinnar í fyrra, hafi verið framlengdir. Ég verð að segja, að mig rak í rogastanz, þegar ég sá þessa viðbótarupphæð, sem ríkisstj. hugsar sér að afla vegna fiskábyrgðarinnar. Það eru harla einkennilegar ráðstafanir, ef afla á tekna vegna fiskábyrgðarinnar, að innkalla allar tekjurnar, sem lagðar voru sérstaklega á vegna fiskábyrgðarinnar fyrir, en bæta svo við nýjum álögum á almenning, sem nema allri fiskábyrgðinni. Þetta eru ráðstafanirnar, að vísu til bráðabirgða, segir ríkisstj. Annars hef ég nú ekki mikla trú á varanlegri lausn á þessum vandamálum frá þeim, sem að stj. standa, en það er bezt að láta reynsluna skera úr því. Ég mótmæli þeirri aðferð, sem hér á sýnilega að viðhafa, en hún er sú að leggja á almenning þunga skatta og nota til þess fiskábyrgðina eða telja fólki trú um, að skattarnir séu allir vegna hennar. Sósfl. hefur frá upphafi verið andvígur skattapólitík fyrrv. og núv. ríkisstj., en hún hefur verið að auka stöðugt tolla og nefskatta. Þessir skattar koma langharðast niður á almenningi og alveg eins á þeim, sem sízt geta staðið undir þeim. Launþegum hefur verið talin trú um, að þessir skattar væru nauðsynlegir til þess að bjarga útveginum frá stöðvun, og vegna þessara blekkinga hefur heppnazt að leggja á óvinsælustu skattana í skjóli fiskábyrgðarinnar. Þetta hefur orðið til þess að baka útveginum óvinsældir og gert marga fráhverfa honum, þegar hann þurfti verulega á örvun að halda. Sömuleiðis hefur því verið haldið fram, að útvegurinn lifði nú orðið á ríkissjóði, og getur hver heilvita maður séð, hvílík firra slíkt er, þó að hann fái lítils háttar styrk á móti margföldum upphæðum, sem af honum eru teknar. Blekkingar sem þessar eru ekki til þess fallnar að auðvelda lausn þeirra vandamála, sem nú bíða.

Í sambandi við lækkun á rekstrarkostnaði útvegsins er ekkert nýtt í þessu frv. Aðeins er gert ráð fyrir að verja svipaðri upphæð og ákveðið var á síðasta ári í þessu skyni, en þá var ákveðið að verja 5 millj. kr. til að lækka vátryggingagjöld bátaflotans. Þá var líka ákveðið, að bankarnir skyldu láta af hendi ódýr rekstrarlán. Framkvæmdin á þessu ákvæði mun hafa orðið sú, að bankarnir lánuðu til stutts tíma rekstrarfé með 4% vöxtum, en væri lánið ekki greitt á þeim ákveðna tíma, hækkuðu vextirnir í 6½%, án tillits til þess, hvernig á stóð. Virðist sú framkvæmd allhæpin og í alla staði mjög óréttlát. Sósfl. hefur alltaf lagt áherzlu á, að lækka bæri útgerðarkostnaðinn og aðstoða útveginn á þann hátt. Í því sambandi hefur verið bent á, að eðlilegast væri að bankarnir, sem hafa mest af sínum tekjum af sjávarútveginum, létu í té ódýr rekstrarlán, t. d. með 2½% vöxtum. Gæti slíkt orðið verulegt hagræði fyrir útveginn. Þeir bátar, sem fengu stofnlánadeildarlán, verða að borga 6%. Lægstu vextirnir eru af lánum úr fiskveiðasjóði, eða 4%, en svo eru þeir sem sagt allt upp í 6%, sem eru hreinustu okurvextir. Með þessum ráðstöfunum væri hægt að bæta afkomuna mjög mikið, og enn má gera ýmsar aðrar ráðstafanir, sem við sósíalistar höfum hvað eftir annað bent á, t. d. varðandi olíuverzlunina. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, að hún er rekin með þeim endemum, að hver lítri er hátt á annan tug aura hærri en hann þyrfti að vera. Í stað þess að dreifingarkerfið sé aðeins eitt, þá eru þau þrjú. Þrjú olíufélög, sem keppa hvert við annað og öll verða að láta reksturinn bera sig, hafa líka ábyggilega samkomulag um það, og það kemur svo á bak útvegsins að halda rekstri þeirra uppi. Við getum stórlækkað olíuna, jafnvel svo, að þrátt fyrir gengislækkunina hefði engin hækkun þurft að verða á henni, ef dreifing færi fram með hagkvæmari hætti. Þá eru enn fremur óhóflegir skattar á útgerðarvörum og álagning verzlunarfyrirtækja, sem losna mætti við, ef samtök sjómanna sjálfra önnuðust innkaup á þeim. Hefur margoft verið á þetta bent af okkur sósíalistum, en það hefur mætt litlum skilningi af hálfu stjórnarvaldanna, a. m. k. fyrrv. stjórnar. Koma þar ábyggilega fremur til greina annarleg sjónarmið verzlunarmannanna en sjónarmið útvegsmanna.

Þá er það, sem hvað mestum vandræðum veldur, sú óheillastefna fyrrv. ríkisstj. að láta pólitískt ofstæki ráða markaðsöflun í stað þess að láta viðskiptahagsmuni Íslands eina ráða. Það eru engin skynsamleg rök fyrir því, að okkur hafi ekki staðið til boða markaðir í Sovétríkjunum 1948 eins og 1947. En ríkisstj. gerði allt til að fyrirbyggja, að við hefðum þar viðskipti, og enginn ráðh. gat svo opnað sinn munn, að hann dengdi ekki svívirðingum yfir þessa aðila, enda var þá búið að gera Marshallsamning, svo að fúkyrðin voru ekki út í bláinn sögð. Þá býst ég við, að það sé einsdæmi, að einn ráðherra hafi hagað sér þannig eins og við heyrðum hér, að hann hélt því fram, að Sovétríkin settu pólitísk skilyrði fyrir kaupum á okkar afurðum á sama tíma og verið var að leita þar samninga um markaði. Þeir vissu líka, hvað þeir voru að gera, ráðherrarnir. Þeir voru sem sagt sannfærðir um, að Bandaríkin og Bretland mundu leysa öll okkar viðskiptavandamál. Sú von hefur nú heldur en ekki brugðizt. En svo ákveðin var þessi viðleitni að einskorða markaði okkar við engilsaxnesku löndin, að við vorum byrjaðir að gera tilraunir með landanir í Austur-Þýzkalandi og Sovétríkjunum á ísfiski, en hinn erlendi fulltrúi, sem um þær mundir var staddur hér uppi, var atyrtur á hinn versta hátt, og engir samningar tókust. Hefði þó mátt bíða eftir því að reyna, hvort þessi viðskipti gætu ekki orðið hagkvæm. Um leið og við vorum búnir að missa markaðina í Sovétríkjunum, færði England sig svo upp á skaftið og lækkaði verð á vörum okkar, sem það hafði neyðzt til að hækka á meðan við höfðum sambönd í austri. Sú reynsla hefur orðið hvarvetna, þar sem Sovétríkin hafa komið inn, að verðið hefur hækkað þannig, t. d. það sem nýjast má nefna, að verð á ull frá Ástralíu hefur stórhækkað vegna keppni Sovétríkjanna við auðhringana um þá vöru. — Þannig hafa hagsmunir okkar í viðskiptamálum verið bornir fyrir borð vegna pólitísks ofstækis.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ekki bæri að skoða álagningu skatta í frv., sem hann viðurkenndi, að kæmu óréttlátlega niður á almenn-

ingi, sem stefnu Sjálfstfl. Finnst nú nokkrum manni líklegt, að Sjálfstfl. komi með þessar till. sínar rétt fyrir kosningar, en geymi sínar sanngjörnu og góðu till. þar til eftir kosningar? Fáir munu verða til að trúa því. Þær till., sem Sjálfstfl. mun hugsa sér að gera eftir kosningar, verða sjálfsagt ekki fallegar, fyrst þessar eru svona. Reynslan er sú af Sjálfstfl., og raunar hinum tveimur stuðningsflokkum fyrrv. ríkisstj. einnig, að þeir hafa verið ákaflega kjarkmiklir til árása á alþýðu rétt eftir kosningar, en móðurinn hefur svo runnið af þeim, þegar kosningar hafa nálgazt. Allar líkur eru til, að sama sagan endurtaki sig nú. Ég verð að segja, að ég er mjög undrandi yfir því, að Sjálfstfl. skuli ekki vera kominn það langt í athugunum sínum á ástandinu, sem honum hefði nú raunar átt að vera fullkunnugt um, að hann geti látið Alþingi vita í höfuðdráttum, hvað hann hugsar sér. Það virðist vera erfitt að fá á því aðra skýringu en þá, að ekkert megi láta uppi fyrr en að afstöðnum kosningum og mikið liggi við að leyna því þangað til, sem á seyði er.

Hæstv. forsrh. gat þess, að útveginum yrðu látin í té sömu gjaldeyrishlunnindi og á síðast liðnu ári og eitthvað til viðbótar. Væri fróðlegt að vita, hvað fyrirhugað er. Vil ég skora á hæstv. atvmrh. að gefa þær upplýsingar í því efni, sem hann getur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að ábyrgðin nái til 15. maí, og bent á, sem rétt er, að ef hún ætti aðeins að ná til 1. marz, mundu bátarnir ekki fara af stað. En ég vil benda á, að hér er eingöngu miðað við vetrarvertíðina við Faxaflóa, en fiskur er víðar dreginn úr sjó en þar. Vertíðirnar á Vestur-, Norður- og Austurlandi byrja í endaðan marz og apríl og standa fram í júní. En 15. maí á fiskábyrgðin að falla niður, og þá á sem sagt að banna þessu fólki að halda vertíðinni áfram, enda þótt því sé hin mesta nauðsyn, t. d. á Norðurlandi, þar sem síldarleysið hefur komið mjög hart niður, að fiskveiðarnar verði því sem tekjudrýgstar. Það þarf nauðsynlega að ganga þannig frá, að ábyrgðin gildi fyrir allt árið. Allt annað er of mikið öryggisleysi fyrir fólkið í þessum landshlutum og yrði aðeins til að hrekja það í enn stærri stíl til Rvíkur og þorpanna við Faxaflóa, enda er það eitt sanngjarnt, að Alþingi hugsi líka um vandamál þessa fólks.

Hvað snertir tekjuöflunarleiðir til þess að standa undir ábyrgðinni, þá er Sósfl. á móti nefsköttum og drápstollum og hefur hins vegar oft bent á tekjuöflunarleiðir, sem ekki koma niður á almenningi og valda ekki aukinni dýrtíð, en það er aftur á móti raunin um tollana og nefskattana, sem hafa svipaða verkun og að pissa í skóinn sinn. Sósfl. er því andvígur þessum tekjuöflunarleiðum og mun ekki greiða atkvæði með þessum sköttum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Mér þykir það leitt, en ég sé, að dálítil villa hefur slæðzt inn í frv. Þegar síðasta gr. var orðuð, hefur verið sett „tollverði", en til þess var ætlazt, að það væri af „cif-verði", og veldur það dálítilli breytingu, eða allt að 3—4%. En villuna mun ég ræða við hv. fjhn., er hún hefur fengið frv.

Ég ætla ekki að fara neitt út í að svara hv. þm. Siglf. (ÁkJ) í sambandi við ummæli hans um söluna til Rússlands. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem hann sagði um ísfisksöluna til Rússlands. Ég var í Rússlandi um þessar mundir, og við gengum á eftir þeim um að leyfa það, að einn til tveir togarar fengju að sigla þangað til reynslu með ísfisk, en þeir sögðust ekkert hafa með hann að gera. Slagorð sósíalista um þetta eru því algerlega úr lausu lofti gripin, eins og fyrri daginn.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um ræðu hv. þm. Siglf. (ÁkJ). Hún var þó að ýmsu leyti merkileg, m. a. vegna þess, að það virtist vera hans mesta áhyggjuefni, að ábyrgðarverðið væri ekki nógu hátt, og álagningin þá sjálfsagt ekki nógu mikil. Enn fremur hafði hann áhyggjur af því, að útvegsmönnum yrði ekki gefið nógu mikið af frjálsum gjaldeyri. Þá sagði hann, að þrátt fyrir vaxandi dýrtíð og alls konar álögur í tíð fyrrv. stjórnar, hefðu útvegsmenn ekki fengið hækkað verð. Það er rétt, að ábyrgðarverðið hefur staðið í stað, en söluverð erlendis hefur líka lækkað, og uppbótagreiðslurnar hafa því farið vaxandi, enda þótt útvegsmenn hafi ekki fengið hærra verð fyrir aflann. Dýrtíðarráðstafanir í þá átt að greiða niður verð á vörum innanlands hafa líka farið vaxandi, og munar miklu um það árið 1949 frá árinu 1946. Það liggja þannig til þess eðlilegar orsakir, að ríkisstj. hefur orðið að afla aukinna tekna til þess að standa undir auknum niðurgreiðslum og uppbótum á útflutningsvörur. Þeir skattar, sem í því skyni hafa verið lagðir á, hafa ekki verið nefskattar nema að litlu leyti. Var reynt til þess, að þeir legðust á þá hluti, sem almenningur þyrfti lítt eða ekki að nota. Það var lagður skattur á bíla, benzín, kvikmyndir, innlenda sælgætisframleiðslu og þær innflutningsvörur aðrar, sem almenningur þyrfti sízt að nota, en allar nauðsynlegustu vörurnar voru undanþegnar skatti. Þetta er höfuðmunurinn á fyrri stefnu og þeirri, sem nú á að fara, að leggja jafnt á allar vörur. Í tíð fráfarandi stj. leituðumst við við að leggja gjöld á vörur, sem almenningur notar lítið, þær er telja mátti umfram venjulega neyzlu. Þó er neyzluskatturinn undanþeginn. En mismunurinn á söluskattinum áður fyrr og þessum, sem nú á að leggja á, er mikill, því að hann fimmfaldast, fer m. ö. o. úr 6% í 30%. — Freistandi væri að fara frekar út í ræðu hv. þm. Siglf., en ég mun nú sleppa því og minni heldur á 1—2 atriði. Annars hefur hv. 8. landsk. gert grein fyrir afstöðu okkar Alþýðuflokksmanna. En mig langar til að láta í ljós undrun mína yfir því, hvernig þær tölur eru taldar — eða upphæðir —, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og eins yfir hinu, hvernig á að afla teknanna. Eru í því sambandi tvö atriði í frv. Annað er þetta: Útvegsmönnum á að tryggja svo hátt verð, að þeir fari af stað á veiðar. Það hygg ég, að tekizt hafi með 75 aura verðinu. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi haft samráð við útvegsmenn, og býst við, að þetta verð sé nægi-

legt, þótt það sé allmiklu lægra en fram kemur í tillögum frá fundi stjórnar Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Ég veit eigi um það og ræði þetta mál því ekki nánar. En, eins og ég tók fram, geri ég ráð fyrir, að upphæðin muni nægja.

Hitt atriðið er það, hversu mikið þetta kosti, og hvernig afla eigi fjárins. Það er gert ráð fyrir að hækka ábyrgðarverðið úr 65 aurum í 75 aura, eða um 10 aura pr. kg. Ef gengið er út frá því í fyrstu að afla tvo mánuði ársins 23 þús. tonn, sem er hærri tala en árið 1949, þegar öfluðust um 16 þús. tonn, (*Atvmrh.:* Það er tekið meðaltal af fimm árum.), jæja, meðaltal af 5 árum, þá nemur hækkunin á þessum 23 þús. tonnum eða 23 millj. kg. eigi nema 2,3 millj. kr. Nægir þetta því eigi til þess að ná umræddri upphæð. Í ábyrgðarverðinu til hraðfrystihúsaeigenda er innifalið heldur meira en felst í verðinu á fiski, eins og hann kemur úr sjónum, vinnslukostnaði hans. En um saltfiskverðið er það tekið fram, að hækkunin umfram fiskverðið sjálft, hækkunin á því, nemi um helmingi af því, sem fiskverðsupphæðinni nemur, ef reiknað er með kr. 1.53 í stað kr. 1.33 í núgildandi l., pr. enskt pund fob. Miðað við hækkunina eina á fiskverðinu mundi þurfa 12—13 aura. Því er hækkunin um 15—20% meiri. En þó nær upphæðin, er stj. þarf að greiða, vart meira en 2,3 millj. kr., og verði haldið áfram með þessar ábyrgðargreiðslur út árið og verði gert ráð fyrir svipuðum sjávarafla og verið hefur að undanförnu, þá telst mér til, að hækkunin á meðlagsskyldu ríkissjóðs geti ekki farið yfir 18—20 millj. kr. (*Atvmrh.:* Allt árið?) Það er reiknað m. a. með 30 þús. tonnum af flökum, og eru þá innifaldar um 13½ millj. kr. í hækkuninni einni, og síðan bætist við vinnslukostnaður, svo að meðlagsskylda ríkissjóðs yrði 16—18—20 millj. kr. En hitt skil ég ekki, að leggja þurfi til viðbótar á landsmenn 30% á ábyrgðarverðið. Samkvæmt frásögn hæstv. ríkisstj. hefur þetta að vísu breytzt á þá leið, að leggja skuli á cifverð, en eigi tollverð — að viðbættu fob.-verði. En yrði það gert, mundi skatturinn nema um 80—90 millj. kr. En ef í staðinn skuli lagt á cifverð, kemur hækkunin á ca. 250 millj. kr., þ. e. 300 millj. kr. innflutning, að frádregnum 60 millj. kr., þ. e. 240 millj. kr., — með 24% hækkun frá því, sem nú er, og að frádregnum ⅛ (í tvo mánuði), þ. e. 10 millj. kr. Þ. e.: hækkunin gæti eigi orðið minni en 50 millj. kr. frá 1. marz til að jafna upp 18 millj. kr. hækkun, sem fiskverðshækkunin að viðbættri hækkuninni til hraðfrystihúsanna kallar á. Mér finnst því, að þessar tölur í frv. séu í senn losaralegar og ríflega áætlaðar fyrir álagningunni á ríkissjóð.

Hitt er annað mál, hvernig aflað skuli tekna á móti þessu, þannig að það á að leggja á söluskatt, sem er raunverulegur gjaldeyrisskattur: Það er lagt á innflutninginn allan. Þetta er gengisfelling um 30% á öllum innfluttum nauðsynjavörum. Fráfarandi stj. hafði það fyrir reglu í skattaálögum, að tekna ríkissjóðs yrði eigi aflað með jöfnu álagi, heldur skyldi undanskilja almennar neyzluvörur og hækka þá gjöldin á hinum, sem almenningur notar ekki almennt. Því vildi ég leggja áherzlu á það, að verði farið út í að afla tekna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir sem möguleika í þessu frv., — því að við vitum, að um þær leiðir verður eigi að ræða eftir þ. 1. marz n. k., — og verði því haldið fram, þá — ég endurtek — vildi ég undirstrika það, að teknanna verði eigi aflað með jöfnu álagi, þ. e. með beinni 30% gengisfellingu, heldur verði leitazt við að draga úr álagningunni á þær vörur, sem almenningur notar mest. Ég sé eigi betur en hér sé svo ríflega áætlað, þ. e. tekjurnar eru áætlaðar þrisvar sinnum hærri en útgjöldin, að unnt ætti að vera að sleppa öðrum vörutegundum en þeim, sem við þörfnumst til daglegrar neyzlu. Ef það yrði gert og lagt yrði á aðrar og minna notaðar vörur, þá held ég, að við mundum verða til viðtals um málið, þ. e. um aðra leið en hér er farin í því. Miðað við þær tölur, er hér að framan eru taldar, þá ætti að vera kleift að draga út úr talsvert magn af vörum, sem skatturinn yrði lægri á. — Þetta vil ég, að n. sú, er málið fær til athugunar, kanni nánar, því að á því veltur fylgi mitt við þennan hluta frv. Eins vildi ég biðja hana um að reikna betur út, hvað þurfa muni til að standa straum af kostnaði þeim, sem aðgerðirnar skv. frv. mundu hafa í för með sér.

Ég skal svo ekki fara miklu meira út í að ræða frv. í einstökum atriðum. Hefur grein verið gerð fyrir málinu af hv. 8. landsk. En ég vildi láta þetta koma fram vegna tekjuöflunarinnar og útreiknings á tekjum og greiðslum skv. frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að fara þess á leit við forseta, að hann léti athuga, hvort ekki væri leið til þess að viðkomandi ráðh. væri hér viðstaddur, þegar ég tala, þar sem ég þyrfti m. a. að bera fram við hann fyrirspurn.

Forseti (FJ): Ég skil það vel, að hv. þm. finnist það nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. sé viðstaddur, og mælist eindregið til þess, að hann verði látinn vita af því, ef hann er hér staddur í húsinu.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Vegna þess að ýmsir af þeim, sem hér hafa talað og borið fram fsp., sem mér er ætlað að svara, eru nú ekki mættir, vildi ég gjarnan, að hv. 1. þm. S-M. tali nú, og ég þá ekki fyrr en hann hefur lokið máli sínu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að halda neina langa ræðu, því að bæði ætlaði ég að vera búinn að fá svarað hér ýmsum fsp., sem ég bar fram í dag, áður en ég talaði núna, og svo finn ég mig ekki knúinn til þess að tefja þetta mál um of, og í þriðja lagi er ekki svo bjögulegt um að litast hér í d., að það beint hvetji menn til þess að halda hér langar ræður.

Ég ætla í fám orðum að minnast á það, sem fram kom hjá tveim hæstv. ráðh. við umr. málsins í dag. Það var í fyrsta lagi út af þeim

drætti, sem á því hefur orðið, að hæstv. ríkisstj. legði fram þetta frv. Hæstv. forsrh. færði enn sem fyrr sömu ástæður fyrir þessum drætti og taldi hann í allan máta mjög eðlilegan. Ég skal ekki, þrátt fyrir það að þær ástæður eru ekki gildar, orðlengja það fremur hér, og leiði það því hjá mér. Ég hefði talið það afsakanlegt, þó að þetta hefði dregizt fram yfir nýár fyrir ríkisstj., ef hún hefði þá komið fram með nýjar till. til úrbóta í málinu, en þar sem því er ekki til að dreifa, þá er þetta algerlega óafsakanlegt og hefur, eins og hv. þm. Hafnf. (EmJ) hefur í sinni ræðu réttilega tekið fram, orðið til verulegs tjóns fyrir útveginn og þjóðina alla í heild. Þó að hæstv. forsrh. hafi látið í það skína, að þeir gætu og mundu róa, sem vildu, þó að ekki væri búið að samþykkja lögin, þá veit hann það þó vel, að svo er ekki, heldur eru samtök um það að byrja ekki fyrr en þetta frv. hefur verið samþykkt.

Hæstv. forsrh. sagði það, að ríkisstj. vildi ekki fara uppbótaleiðina, heldur mundi hún boða nýja leið. En ég verð að segja það, að mér finnst það mjög einkennilegt, þegar ekkert bólar á þeirri nýju leið enn sem komið er, og skil ég því ekkert í því, hvað hæstv. forsrh. meinar eiginlega, því að ég get ekki betur séð en að hann vilji einmitt uppbótaleiðina, ef marka má af þessu frv. Það var eitt í þessu sambandi, sem ég gleymdi í dag, og það er, að þegar ríkisstj., sem er óþreytandi að tala um þessa nýju leið, og hæstv. forsrh. segir, að það sé ekki alveg búið að ganga frá till. endanlega, en verið sé í óða önn að ganga frá og útfæra einstök atriði, en það hlýtur þá að vera svo langt á leið komið, að ljóst sé í höfuðdráttum, hver leiðin muni vera, og væri þá mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. skýrði þinginu frá henni í höfuðdráttum. Gæti það haft geysimikla þýðingu fyrir málið, ekki síst þar sem hér er verið að samþykkja fyrir fram varaleið, ef hin skyldi bregðast, en við vitum ekki enn þá, hver aðalleiðin kann að vera. Vildi ég mjög eindregið skora á ríkisstj. að skýra okkur frá því, hver þessi leið í raun og veru er, sem hún þreytist aldrei á að boða, því að það virðist hún svo sannarlega ekki gera. Það er þó ekki hægt að kalla þetta boðskap hjá ríkisstj., því að allt í þeim boðskap er hulið. Þetta vildi ég taka fram sérstaklega, að ríkisstj. gæfi einhverjar upplýsingar um, hver þessi nýja leið hennar er.

Þá vildi ég minnast í örfáum orðum á það, sem hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. sögðu um svo nefndan hrognagjaldeyri eða gotupeninga. Forsrh. sagði, að það væri ekki rétt að fara að vekja neinar deilur um hrognapeningana, og er það fjarri mér að ætla að fara að gera það, eins og ég líka tók fram í dag. En til þess að fá mynd af þessu eins og það á að vera, þá vildi ég gjarnan fá það upplýst, hvernig ríkisstj. hyggst haga sér í þessum málum, hvort hún ætlar sér að draga úr þessum gjaldeyri eða bæta við hann eða halda áfram eftir sömu reglum og settar voru í tíð fyrrv. ríkisstj. Enn fremur vil ég geta þess, að þótt ég hafi ef til vill átt nokkurn þátt í, að þetta komst á, þá benti ég á það, að vafasamt væri, hvort heimildir fyrrv. ríkisstj. til þessara ráðstafana væru í lögum. Hæstv. fjmrh. vísaði þá í gjaldeyrislöggjöfina í því sambandi, en það verður þó að teljast mjög hæpið, því að ef sá skilningur er réttur, þá mætti taka á þann hátt óendanlega marga völuflokka og setja svo ofan á þá skatt til útflytjendanna, en það mun alls ekki hafa vakað fyrir þeim, sem gjaldeyrislögin settu. Hæstv. fjmrh. þótti einkennilegt, að ég skyldi benda á þetta, þar sem ég átti þátt í því, að þessi háttur var upp tekinn, og hélt, að ég vildi nú nema hann úr gildi. En ég er ekki að gera neinar kröfur um, að þetta verði fellt úr gildi í þessu frv., heldur tel ég, að heimildin sé svo hæpin, að ríkisstj. eigi að lýsa því yfir, ef hún ætlaði sér að gera eitthvað frekar í málinu, að hún muni ekki gera neitt nema með ráði og vilja þingsins, því að þegar hrognapeningarnir voru teknir upp, þá var það gert með ráði þingsins, og ég held líka, að það sama hafi verið, þegar við var bætt nokkrum vörutegundum síðar, þá var það allt opinbert. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að halda því áfram að gera þess konar ráðstafanir með ráði þingsins og vitneskju og lýsa því yfir, hvernig fyrirkomulag hún hugsi sér, og ekki hvað síst þegar hæstv. forsrh. hefur gefið það í skyn, að kannske ætti að bæta fleiri vörutegundum við, þó að hann vissi hins vegar ekki, hvaða vörutegundir það ættu að vera. En ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái, að það er algerlega ómögulegt fyrir Alþingi að samþykkja þetta frv. án þess að fá upplýsingar varðandi þetta. Og ef ríkisstj. vill ekki samvinnu við Alþingi, þá verður þingið sjálft að setja ákvæði um þetta í löggjöfina. Um það, hvort rétt er að útgerðin fari þessa braut, lengra eða skemmra, eða einhverja aðra, það er mál, sem þarf að athuga vel og kryfja til mergjar.

Þá vil ég endurtaka það, sem ég sagði áður í dag, og vona, að hæstv. atvmrh. athugi og skýri frá því, svo að þetta verði gert ljósara fyrir okkur og raunar öllum almenningi, svo að við getum verið á því hreina með, hvaða vörur það séu, sem undir þessi ákvæði eiga að falla, svo að maður heyri ekki alltaf sama tóninn hjá fólki um okurverð á þessum vörum og öðrum, sem það álítur eiga þar undir. Ég vænti þess, að hæstv. atvmrh. komi inn á þetta í ræðu sinni á eftir.

Þá vil ég minnast nokkrum orðum á tekjuöflunaraðferðir þær, sem gert er ráð fyrir í frv. Ég sagði, að hér væri um 60—80 millj. kr. aukningu pr. anno að ræða, miðað við sama innflutning og s.l. ár, en gerði svo ráð fyrir, að innflutningurinn þyrfti að færast niður, en þetta yrði að minnsta kosti 80 millj., ef hann stæði í stað. En nú hefur hæstv. fjmrh. upplýst það, að ég hafi alls ekki tekið of djúpt í árinni, því að eins og söluskatturinn er nú ákveðinn, þá er óhugsandi, að þetta komist niður í 60 millj. Eins og vitað er, þá getur innflutningurinn ekki farið niður í 300 millj., þegar innflutningur fyrir Marshallfé er talinn með, en miðað við það lágmark, þá væri söluskatturinn samt miklu meira en 60 millj., ef söluskatturinn er 5-faldaður. En nú er ekki meiningin að 5-falda allan söluskatt, en það breytir þá málinu þannig, að ef miðað er við 300 millj. kr. innflutning og þar af er skatt-

skylt 245 millj., þá verður skattaaukningin samt 60 millj. kr. miðað við þennan lægsta hugsanlega innflutning. Það er því augljóst, að viðbótartekjur verða þarna að minnsta kosti 60 millj., en sennilega eitthvað á milli 60 og 80 millj., en til þess að þær yrðu 60 millj. kr., þá þyrfti að lækka innflutninginn um 100 millj. kr. frá því, sem hann er í ár. Ég er hissa á því, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki strax hafa gert grein fyrir þessu, en sennilega stafar þetta af því, að hún hefur viljað reikna þetta varlega, og eins vegna villu, sem hefur slæðzt í frv., en hér hlýtur þó að vera um 60—80 millj. álögur að ræða, þrátt fyrir það að sú villa sé leiðrétt. En sem sagt, það hlýtur að vera augljóst, að ég hef tekið of varlega í árinni í dag, því að sú tala var í raun og veru of lág, eins og nú er komið fram.

Þetta var það, sem ég vildi taka fram fyrst og fremst, en ég vil einnig í þessu sambandi leyfa mér að minnast á fyrirspurn, sem ég bar fram í dag og hv. þm. Hafnf. (EmJ) einnig tók undir, hvernig þessi útgjaldahlið í þessu máli er hugsuð, en skal að öðru leyti ekki fara út í það nánar núna, enda tel ég, að það hafi komið nægilega skýrt fram í dag, bæði hjá hv. þm. Hafnf. og mér.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af ræðu hv. þm. S-M. (EystJ), þar sem hann skorar á ríkisstj. að gera grein fyrir þeim till., sem hún ætlar að bera fram til þess að leysa þann vanda, sem þjóðin á nú við að stríða, þá vil ég árétta, að það er tæplega eðlilegt, að ríkisstj. skýri frá því meðan það mál er enn í deiglunni. En það er hins vegar um þrjár leiðir að velja. Í fyrsta lagi er það niðurgreiðsluleiðin, í öðru lagi er það verðhjöðnunarleiðin, í þriðja lagi er það gengisfelling. Ríkisstj. hefur ekki farið dult með það, að hún er andvíg niðurgreiðslunum. Þegar sú leið er frá tekin, er því um tvær leiðir að velja. Og ég vil segja hv. 1. þm. S-M. og öðrum það, að ríkisstj. vinnur nú að því með sérfræðingum sínum að gera samanburð á þessum tveimur leiðum, og jafnskjótt sem þessum samanburði er lokið og hann liggur fyrir, þá mun ríkisstj. ekki hika við að bera fram sínar till.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það hafa komið fram ýmsar aths., sem ætla mátti og eðlilegt þykir í sambandi við þetta mál, og að því er snertir fsp. til mín út af einstökum atriðum, þá er mér skylt að leysa úr þeim, eftir því sem efni standa til. Ég held samt, að ég verði sjálfur að koma fram með eina fyrirspurn til hv. 1. þm. S-M., sem fór mörgum orðum um það afskaplega tjón, sem bátaútvegurinn hefði hlotið af því, að þetta frv. var ekki borið fram nokkrum dögum fyrir jól, heldur nú fyrstu dagana í janúar. Ég skil varla, að hv. þm. sé svo ókunnugri vertíðarrekstri en allir aðrir, að hann viti ekki sjálfur, að þetta getur ekki skipt miklu máli. Sannleikurinn er sá, að vertíð hefst ekki í veiðistöðvum hér fyrr en nokkuð er komið fram í janúar, sums staðar talsvert seinna. Hitt veit ég, að undirbúningur undir vertíðina er á ýmsum stigum á leiðinni alla tíð frá haustnóttum, og vitaskuld verður þeim undirbúningi haldið áfram í þetta sinn eins og ávallt áður, án tillits til þess, hvað snemma slíkar till., sem hér eru til umr., væru lagðar fram. Hitt er annað mál, að hefði það dregizt fleiri vikur fram í janúarmánuð, að tekin væri afstaða til þeirra till., sem L.Í.Ú. gengst fyrir fyrir hönd útgerðarmanna, þá mætti fara að tala um, að af því hlytist mikið tjón. Það liggur ekki fyrir að ræða um tjón, og sízt stórtjón, þó að síðasta vika desembermánaðar liði án þess að ábyrgðarfrv. kæmi fram. Ég sé, að hv. 1. þm. S-M. hefur gengið frá, svo að ég get beðið með fyrirspurn þá, sem ég vildi fyrir hann leggja.

Ég vendi þá mínu kvæði í kross og leyfi mér að ávarpa fyrrverandi kollega minn úr fyrrv. ríkisstj., hv. þm. Hafnf. Mér fannst það undarlegt, hvernig hann gat fullyrt það, svona upp úr sér, að ríkisstj. væri með þessu frv. að þrefalda tekjurnar á móts við það, sem fram þyrfti að leggja. Hann endurtók þetta, og ég skrifaði það hjá mér. Þessi fullyrðing er byggð á ákaflega miklum misskilningi, eins og líka fullyrðing hans um, að söluskatturinn, samkv. 21. gr. l., sem um hann gilda, sé skilyrðislaust lagður á allar nauðsynjavörur. Þetta endurtók hv. þm. svo oft, að það var eins og hann vildi hamra þessu inn í þá þm., sem hér voru viðstaddir. Sannleikurinn er sá um söluskattinn, að undanþágur frá honum eru gefnar og auglýstar fyrir langalöngu, í tíð fyrrv. ríkisstj., í Lögbirtingablaðinu. Ég kann þann lista ekki utan að, en fjmrh. hefur haft heimild til þess að gefa víðtækar undanþágur á vissum vörutegundum, eftir því sem þörf krefur. Og þessi heimild var notuð í tíð fyrrv. ríkisstj. þannig, að það er langur listi í Lögbirtingablaðinu yfir vörutegundir, sem undanþegnar hafa verið söluskatti. Þar eru t. d. fóðurvörur og rekstrarvörur ýmiss konar, sem ég man sérstaklega eftir. Þess vegna hef ég, þegar rætt er um söluskattinn, lagt þann skilning í þetta mál, að sama heimild og hefur verið í l. og hefur fylgt ákvæðunum um söluskattinn haldist áfram, þannig að það sé á valdi fjmrh. að verða við sanngjörnum óskum um undanþágur, eins og leitazt var við að gera í tíð fyrrv. stj. Það er þess vegna fjarri því, að sú fullyrðing hv. þm. Hafnf. hafi við rétt rök að styðjast, að söluskatturinn sé undantekningarlaust lagður á allar nauðsynjavörur. Þetta tel ég nauðsynlegt að upplýsa, því að vitanlegt er það, að allir slíkir skattar eru nægilega óvinsælir, ég vil segja hjá þm. og landsfólki öllu, þó að ekki sé verið að gera leik að því að láta þá líta verr út en þeir gera í raun og veru. Þá fullyrti hv. þm. í þessu sambandi, og ber við sinni fyrri staðhæfingu um söluskattinn, að hér væri verið með sama sem 30% gengisfellingu. Það ræður að líkindum, að þegar grundvöllurinn er skakkur, eins og hann var að því er snerti fyrri fullyrðingar þm., þá verður prósentuútreikningurinn a. m. k. vafasamur. Ég skal játa, að ég er ekki sérstaklega flughastur reikningsmaður, og skal láta það liggja milli hluta að gera samanburð á gengislækkun og þessum skatti, og einnig hvað mörg prósent geti verið um að ræða, en ég leyfi mér að vefengja ákaflega mikið þessa fullyrðingu, og sérstaklega slæ ég því föstu, að hún er byggð á

röngum forsendum. En hjá þessum þm. kom líka fram sérstök fullyrðing um það, hve mikið hefði verið kastað til þess höndunum að reikna út þörfina fyrir fjárframlög í þessu skyni. Ég lýsti því upphaflega í stórum dráttum, hvað álitið væri, að til þess þyrfti, og það kemur fram í frv. Hv. þm. Hafnf. fullyrti, að eftir sínum reikningi væri hækkunin, sem hér um ræðir, á ábyrgðarverði og öðru, samkv. þessu frv. skakkt út reiknuð, og taldi, að miðað við afla alls ársins gæti verið um hækkun að ræða, sem gæti numið 16 til 18 millj. kr. Hér ber vissulega mjög mikið á milli, og ef þessir útreikningar þm. væru réttir, væri vissulega til of *mikils mælzt, hvað tekjuöflun snertir.* Nú er það svo, að þessir útreikningar hafa að vísu verið framkvæmdir undir handleiðslu ríkisstj., en þeir eru aðallega framkvæmdir af fiskábyrgðarn., en hún hefur jafnan verið ráðunautur um þessi mál, og hefur með útfærsluna af fiskábyrgðinni að gera síðan hún var sett á stofn. Ég skal nú, til þess að leitast við að skýra þetta mál betur en ég gerði í frumræðu minni, upplýsa, hvernig þetta er reiknað út, samkvæmt þeim plöggum, sem fyrir liggja. Það er reiknað með, að afli bátaflotans til loka febrúarmánaðar geti orðið 23 þús. smálestir, en 86 þús. smálestir frá 1. jan. til 15. maí. Hækkunin á fiskverðinu, sem fyrir liggur í þessu frv., miðað við janúaraflann, svo að við tökum tímabilið janúar—febrúar, mundi nema 2300000 kr. og svo greiðslunni samkv. 5. gr. Hluti af þeim 5 millj. kr., sem áður voru í l., mundi nema 1 millj. kr. á afla þessara tveggja mánaða. Svo kemur hækkun á framleiðslukostnaði freðfisks og óhjákvæmileg breyting á verkun og pökkun á þessar 23 þús. smálestir af hráefni, eða það, sem ætlazt er til að fari í frystihús. Er gert ráð fyrir, að þessi liður hækki um 2870000 kr. yfir þessa tvo mánuði. *(EmJ:* Það er útilokað.) Ég vil nú beiðast þess, að menn telji ekki útilokað það, sem reiknað er út af trúnaðarmönnum ríkisstj., án þess að þeir séu heyrðir og lagðar séu fram allar þær röksemdir og áætlanir, sem þeir hafa með höndum. En ég býst ekki við, að hv. þm. hafi gert sér það ljóst, hvernig ástandið er að því leyti er við kemur pökkun og öðru hjá hraðfrystihúsunum. Ég álít ekki í frumræðu ástæðu til að halda hér langan fyrirlestur um það, en þar um er ákaflega margt að segja. Það er vitanlegt, að undanfarið hefur meginið af hraðfrysta fiskinum verið pakkað í svokallaða 7 lbs. pakka, en í þessari pakkningu er allt það magn fisks, sem fer til Englands, Hollands og Tékkóslóvakíu, og líka það, sem í fyrra var sent til Vestur-Þýzkalands, selt. Sá fiskur, sem seldur hefur verið til Ameríku, og það litla, sem hefur verið selt til Sviss, er ekki pakkað á þennan hátt. Nú er það ljóst, og hefur raunar verið ljóst allt síðasta ár, að hraðfrystihúsin hafa litla von um að selja framleiðslu sína lengur á Mið-Evrópumarkaðinum í þessum umbúðum. Það má segja, að í starfsemi þeirra þurfi að verða bylting, hvað það snertir að ganga frá vörunni. Norðmenn, sem eru þar eins og víðar keppinautar Íslendinga, bjóða vöru sína ekki í þessum stóru og óhentugu pökkum, sem Íslendingar hafa hingað til notað og kaupendur eru mjög ófúsir á að taka við, og hefur það oft komið í ljós, þótt það hafi verið hægt að svæla þessari vöru inn á þá. Þess vegna er nú gert ráð fyrir, að mig minnir, að um 12 þús. tonn verði á þessu ári pökkuð í nýtízku umbúðir, þ. e. a. s. í eins lbs. og tveggja lbs. pakka eða kannske eins lbs. og eins kg pakka. Þetta út af fyrir sig hefur í för með sér ákaflega mikla hækkun á vinnulaunum, burtséð frá þeirri almennu vinnulaunahækkun, sem nú er fyrir dyrum hjá hraðfrystihúsunum, því að það gefur auga leið með það, að það tekur meiri tíma að afgreiða fiskinn eins og nú verður að gera en eins og hingað til hefur verið gert. Og það er *sjáanlegt, að við höldum ekki markaðinum með* því að breyta ekki til. Hér við bætist, að smáir pakkar verða miklu dýrari. Nú er ég ekki kominn til að segja, að hver stafur í útreikningum hraðfrystihúsanna og eins niðurstöðum fiskábyrgðarn., sem fram hefur komið og hér liggur fyrir, sé réttur, en ég fullyrði, að hér sé ekki um neinar stórkostlegar skekkjur að ræða, svo mikið er búið að grandskoða, hver aukakostnaður verður vegna þessarar breyttu meðferðar fisksins. Það er í rauninni ákaflega undarlegt, að þm. hafa ekki gert sér grein fyrir því, þegar þeir hafa verið að gagnrýna þennan skatt, að þessi breyting er nauðsynleg. Og hún er nauðsynleg. Það telja allir umboðsmenn hraðfrystihúsanna og allir aðrir, sem kunnugir eru verzlun, að Íslendingar haldi ekki velli og engin von sé til þess, að þeir haldi velli á þessum mörkuðum, nema breytt sé til um frágang fisksins. Ég vík svo að því aftur, að hækkun sú, sem þessi breytta meðferð fisksins orsakar, mundi á því magni, sem hér er lagt til grundvallar, nema 2870000 kr. Þeir póstar, sem hér hafa verið nefndir, gera þá á það fiskmagn, sem ég hef hér talað um, 6170000 kr. En miðað við ástandið s. l. ár eða samkv. ábyrgðarl., sem þá voru í gildi, hefur ábyrgðin á þessum hluta numið 5400000 kr. Og þegar svo hækkunin kemur til greina, þá verður það, svo framarlega sem um 23 þús. tonn verður að ræða 11570000 kr. sem þetta mundi kosta ríkissjóð. Ef tekið er svo tímabilið janúar—maí eða öll vertíðin, þá verða þessir liðir sem hér segir: Þá er um að ræða 86 þús. tonn. Hækkun á fiskverðinu, 10 aur. á kg á 86 þús. tonn, mundi nema 8600000 kr. Greiðsla samkv. 5. gr. yrði yfir þennan tíma 3500000 kr. Þá kemur sá liður, sem ég hef eytt mestum tíma í að skýra, kostnaðaraukinn vegna hækkunar á framleiðslukostnaði hraðfrystihúsanna og óhjákvæmilegra breytinga á verkun og pökkun hraðfrysta fisksins, en sá liður er 9300000 kr. Þessar tölur gera samtals 21400000 kr., og er þá verið að tala um kostnað vegna hækkaðs hrávöruverðs, aukinna vinnulauna almennt, aukins kostnaðar vegna breytinga á framleiðsluaðferðum hraðfrystihúsanna. Áætlaðar greiðslur á þetta magn, miðað við fiskábyrgðina frá 1949, nema 20200000 kr. Samtals eru þetta 41600000 kr. Það gefur svo auga leið með það, að n., sem fær þetta mál til meðferðar, fær vissulega tækifæri til þess, bæði hjá fiskábyrgðarn. og öðrum aðilum, sem að þessu hafa unnið, að ganga úr skugga um, hvernig þessir kostnaðarliðir eru reiknaðir út. Ég tel það frekar fánýtt að eyða

miklum tíma í það við 1. umr. málsins að deila um, hvort þetta muni vera rétt út reiknað, vegna þess að ég lít svo á, að villur, sem kynnu þarna að finnast, geti aldrei verið það miklar, að það skipti neinu máli.

Þetta, sem ég hef sagt hér, vildi ég upplýsa, til þess að leggja þetta mál eins greinilega fram og mér er unnt og á hverju eru byggðir þeir kostnaðarliðir frv., sem svo mjög hafa verið vefengdir af einstökum þm. Ég skal bæta því við, vegna þeirrar sérstöku fullyrðingar hv. þm. Hafnf., að hækkunin miðað við allt árið væri að hans dómi réttilega metin á 16 til 18 millj. kr., að ég hef líka útreikning yfir það, byggðan að vísu á sömu forsendum, þar sem sömu kostnaðarliðirnir eru teknir til greina og í þessu frv. Ef miðað er við, að afli alls ársins sé 130 þús. tonn, þá verður 10 aura hækkunin á hvert kg á 130 þús. tonnum 13 millj. kr., og hækkunin samkv. 5. gr. er nærri því 5½ millj. kr. Þá vantar að taka tillit til aukins kostnaðar vegna breyttra pökkunaraðferða hraðfrystihúsanna, og er hann hátt á 14. millj. kr. Málið liggur því þannig fyrir, að í stað þess, að þetta sé hæfilega metið á 16 til 18 millj. kr., eins og hv. þm. Hafnf. hélt fram, þá er nær sanni að segja, að það sé hæfilega metið á 32½ millj. kr., og munar það þá nærri því helmingi frá því, sem rétt áætlun, eftir öllum atvikum að dæma, gefur í skyn, og frá því, sem þessi hv. þm. hefur fullyrt um þetta mál.

Ég hef þá leitazt við með tölum og þeim rökum, sem mér hafa borizt í þinghléinu frá aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og frá trúnaðarmönnum ríkisins, að upplýsa það mál eftir föngum, sem snertir kostnað við fiskábyrgðina og þá hækkun, sem breytt viðhorf hefur í för með sér. Og þar með hef ég hrakið þær fullyrðingar, sem hv. þm. Hafnf. hafði um það atriði, en vitaskuld liggja þessar niðurstöður allar, eins og ég sagði áður, til gagnrýni fyrir fjhn., sem fær þetta mál til meðferðar. En ég vil a. m. k. samt segja það, að við höfum ekki leitazt við á nokkurn hátt í ríkisstj. að auka vísvitandi á þá kostnaðaráætlun, sem þurfti að gera, eða heimta vísvitandi hærri tekjur en við teljum, að þurfi.

Ég var að segja, í því að hv. 1. þm. S-M. gekk út, að ég vildi í sambandi við fullyrðingu hans um hið mikla tjón, sem hafi hlotizt af því, að málið kemur fram 5. jan., en ekki á Þorláksmessu, leggja þá spurningu fyrir hann, hvort hann hafi gert sér grein fyrir því undanfarin ár, hvað mikill afli hafi verið kominn á land af bátum 5. janúar. Það væri vissulega þörf á því, ef hann stendur í þeirri meiningu, að á þessu tímabili hafi orðið stórtjón fyrir seinlæti ríkisstj. varðandi fiskábyrgðina. *(EystJ:* Gerir hæstv. ráðh. sér von um, að málið verði afgr. í nótt?) Nei, en hinu vil ég bæta við, að ef hv. þm. lítur svo á, að á þessum dögum hafi yfirleitt orðið tjón af drættinum, þá vænti ég þess, af því að ég veit, að honum er vel við bátaútgerðina og ber hag útgerðarmanna fyrir brjósti, að hann muni vilja aðstoða ríkisstj. í því að draga úr þessu tjóni, sem er ekki nema ímyndað, en gæti orðið tjón, ef langur dráttur yrði á, að málið fengi afgreiðslu. Þess vegna er það rökrétt afleiðing af þeirri hugsun, sem sérstaklega kom fram hjá honum, að aðstoða ríkisstj. í að fá hraðað bráðabirgðalausn málsins, til þess að ekki hljótist tjón fyrir bátaútveginn af drætti á meðferð málsins á Alþingi.

Hv. 1. þm. S-M. spurði mig um það og mjög réttilega, — og ég virði mikils hans innstu hvatir í því efni, að því er snertir að burtnema óorð, sem sumir ætla, að hafi lagzt á bátaútvegsmenn vegna hins svo kallaða frjálsa gjaldeyris, — hv. þm. spurði um það, hvort ég vildi auglýsa, hvaða vörur þeir hefðu mátt kaupa fyrir hina svo kölluðu hrognapeninga og annað, sem féll í það kjölfar. Það er alveg rétt, að þetta sé upplýst, og ég tel það rétt athugað hjá hv. þm., eins og hann kom fram með, að það er til þess, að það sé ekki verið að hampa því í hvert sinn, sem einhver vara er óeðlilega dýr, að kenna það alltaf bátaútvegsmönnum og þeirra frjálsa gjaldeyri. Ég met þetta sjónarmið vissulega og er sömu hugsunar og hann í því efni. Nú er það að vísu svo, að ég hafði persónulega lítil eða engin áhrif á það, hvaða vörur leyfðar voru af innflutningsyfirvöldunum á sínum tíma fyrir þessa svo kölluðu hrognapeninga etc., en ég hef aflað mér upplýsinga, hvaða vörur það eru, og skal upplýsa, hvað það er, eftir upplýsingum, sem ég hef fengið í viðskmrn. Fyrir þennan gjaldeyri má kaupa í fyrsta lagi:

Niðursuðuvörur, gólfteppi, olíukyndingartæki, reiðhjól, snyrtivörur, skjalaskápa, ljósakrónur, þvottavélar, íþróttavörur.

Í 2. flokki eru þessar vörur:

Þakefni, gúmmískófatnaður, gólfdúkar, rörahlutir og rör, tilbúinn fatnaður.

3 flokkur:

Grammófónplötur, vélar til að nota í verksmiðjurekstur, enda séu þær ekki söluhæfar á almennum markaði, ljósmyndavélar.

Þetta fékk ég upplýst að gefnu tilefni hjá viðskmrn.

Ég býst við, að þetta sé hér um bil tæmandi, a. m. k. gat ég ekki komizt eftir, að um fleiri vörur væri að ræða. Það er leiðinlegt, ef allt óorð um dýrar vörur og jafnvel svartamarkaðsverzlun leggst á bátaútvegsmenn. Nú er það vitað, og vil ég gera mitt til þess eins og hv. þm. að hindra, að það verði. En fleiri hafa gjaldeyrisfríðindi, þó að það sé ekki í sama formi og bátaútvegurinn, og þá er eins líklegt, að þær vörur, sem óánægja er út af, hafi getað verið keyptar fyrir þann gjaldeyri, eins og þennan frjálsa gjaldeyri útvegsmanna. Þá hef ég upplýst þetta.

Hinn dýrmæta tíma, sem hv. 1. þm. S-M. talaði um, að farið hefði forgörðum, má mikið stytta, ef nú væri góður vilji að greiða fyrir málefnum útvegsins, og almanakstíminn er ekki svo langt liðinn í mánuðinum, að það þarf ekkert tjón að verða, ef þingið bregður fljótlega við að leysa þessi mál.

Þá spurði hv. 1. þm. S-M., hvaða verð á hraðfrysta fiskinum sé lagt til grundvallar. Ég held það hafi fallið einhver orð um það hjá einhverjum hv. þm., sem vék að, að það mundi vera miðað við verðið 1949, og ég tel, að það muni vera rétt. Fiskábyrgðarn. hefur sjálfsagt ekki getað miðað við neitt eða farið að búa sér til

neitt tilvonandi markaðsverð á þessu ári og hefur miðað sína útreikninga við það, að fiskurinn seldist á svipuðu verði á erlendum markaði eins og s. l. ár, og það er þá svar við þeirri spurningu.

Hv. þm. hélt því fram, eða lét í það skína a. m. k., að hann teldi ekki hægt — hann leiðréttir það þá, ef ég hef misskilið það — að samþykkja það, sem hér liggur fyrir, þessar ráðstafanir til bráðabirgða nema gera um leið margháttaðar aðrar ráðstafanir. Ég verð að segja það, að fyrir þeim mönnum, sem þykir allt of seint ganga með að fá þessi mál fram, þá finnst mér það ekki vera til flýtisauka, ef alþm. gerðu það að skilyrði nú fyrir sömu ráðstöfunum og gerðar voru í fyrra án margháttaðra annarra ráðstafana, að nú ætti ekki málið að fá afgreiðslu nema gerðar væru um leið margháttaðar aðrar ráðstafanir. Og ég vil minna hv. þm. á það, að þegar við vorum að fást hér við sams konar mál s. l. ár rétt fyrir áramótin 1948—49, síðast á árinu 1948, þá var hann með í því eins og ég að gera þessar ráðstafanir, gangast undir fiskábyrgðina af nauðsyn, án þess að hann þá teldi nauðsynlegt, að um leið þyrfti að gera margháttaðar aðrar ráðstafanir. Ég vil aðeins minna á, að þetta væri nýjung, sem ekki væri í samræmi við fyrri afstöðu þm. og síður en svo til þess fallin að flýta fyrir málinu.

Hjá hv. 1. þm. S-M. og ég held líka hjá fyrrv. hæstv. forsrh., hv. 8. landsk., kom, að því er ég skildi það, fram sú skoðun, að ákvæði 12. gr. frv., sem gera ráð fyrir framlengingu til loka vetrarvertíðar, ef ekki hefðu aðrar aðgerðir komið áður, — ég skildi þá þannig, að þeir væru báðir á móti því, að þessi gr. næði lögfestingu. Ég skal strax taka fram út af aths. hv. 8. landsk., að það er ekki aðalatriði í þessu máli, þó að það standi þar í gr. Þetta atriði er auðvitað opið til umr., og má breyta því, ef það þykir sérstaklega hættulegt. En hitt vil ég benda þessum hv. þm. á, að það hefur verið í þeim samtölum, sem ríkisstj. hefur átt við útvegsmenn nú í þinghléinu og fyrir þinghléið, alveg ófrávíkjanleg krafa þeirra, að ábyrgðin yrði framlengd til vetrarvertíðarloka, ef ekki yrðu innan hæfilegs tíma, og þá helzt fyrir 1. marz, komnar aðrar ráðstafanir, sem tryggðu þeirra hlut sæmilega, hvað afkomu snertir. Þetta atriði út af fyrir sig var rætt mjög ýtarlega í þeim viðtölum, sem fram fóru milli okkar og fulltrúa útvegsmanna. Og þeir sögðu, og ég held, að þeir hafi alveg lög að mæla í því efni, að þegar þeir væru að ráða til sín fólk á vertíðinni eða færu að ráða til sín fólk fyrir vertíðina, þá gætu þeir ekki ætlazt til, að nokkur sjómaður vildi ráða sig upp á það að eiga enga atvinnu vísa, þegar febrúar væri liðinn. Að sjálfsögðu yrðu þeir að birgja sig upp að veiðarfærum og beitu og öðrum nauðsynjum allt miðað við rekstur vetrarvertíðar. Og þeir, sem til þekkja, vita, að þetta er satt. Ég hef sjálfur verið lengst af við þennan atvinnuveg riðinn, og ég veit, að þau rök, sem útgerðarmenn færðu fyrir nauðsyn tryggingar til vetrarvertíðarloka, eru rétt. Það er erfitt með nokkurri sanngirni að mótmæla þeim. Ríkisstj. vildi ekki taka á sig þá ábyrgð að skella skolleyrunum við jafnéðlilegum og sjálfsögðum röksemdum útgerðarmanna. Og ég segi það, að ég skil ekki það hlutskipti að hampa ábyrgð framan í útgerðarmenn miðaða við aðeins tvo mánuði af vertíðinni, þannig að engin trygging sé fyrir framhaldi á henni, þegar aðalaflatíminn færi í hönd, en það tel ég að sé, þegar kemur fram í marzmánuð. Ég ímynda mér, að enginn þingmanna vildi verða til þess að haga því svo, því að það mætti ef til vill segja, að með því væru ginningar hafðar í frammi við útgerðarmenn og þá, sem að útgerð standa, sjómenn á bátum o. fl. Ég tel, að það sé ekki hægt að daufheyrast við réttum rökum útgerðarmanna og setja hnefann í borðið nú, hvort sem það væri ríkisstj. eða Alþingi, sem gerði það, og segja: Ábyrgð getið þið fengið í tvo mánuði aðeins, en síðan er ekkert víst, hvað fyrir liggur, og láta þannig hilla undir það, að útgerðarmenn, komnir af stað, verandi að ráða sér fast fólk, hafandi ábyrgð í huga fyrir alla vertíðina, kæmust í þá aðstöðu á miðri vertíð að verða algerlega ofurseldir, ég vil segja náð, bæði ríkisstj. og annarra ráðamanna í landinu. Ég vænti þess vegna einlæglega, að þessir alþm. og aðrir, sem athuga þetta mál, fallist á það, að svo fremi sem ekki er komið annað skipulag á þessa hluti áður en kemur fram í marzmánuð, þá verði fallizt á þá till. ríkisstj., að ábyrgðin haldi áfram, og það undirstrikað með því að samþykkja þær tekjur, sem ríkissjóður nauðsynlega þarf á að halda á einn veg eða annan, sem undir slíkri ábyrgð þarf að standa.

Ég vil í þessu sambandi, þótt það kæmi ekki frá þeim hv. þm., sem ég sérstaklega var að tala við nú, þó að það kæmi frá öðrum, svara um leið þeim aths. hv. þm. Siglf. (ÁkJ), að það væri rangt að láta ekki ábyrgðina þegar í stað gilda fyrir allt árið. Það mál horfir öðruvísi við. Það er ekki komið neitt fram af því, eins og er, að menn fari að útbúa sig fyrir vertíð, sem hefst í maímánuði eða eftir vetrarvertíð, og það er sjálfsagt ekki tilætlunin með þessum l. að gera hlut Vestfirðinga, Norðlendinga og Austfirðinga neitt minni en annarra landsmanna í þessu efni, heldur er þetta einvörðungu byggt á því, að ríkisstj. gæti þess fastlega, að áður en sá tími kemur, verði kominn á annar háttur og hægt verði að sigla fram hjá því að hafa framhaldandi ábyrgð allt árið. Verði það ekki, þá er það auðvitað atriði, sem Alþingi bæði getur og ber skylda til, ef það hefur ekki farið aðra leið, að ganga forsvaranlega frá á góðum tíma, áður en maímánuður kemur.

Þá var af hv. 1. þm. S-M. og eins hv. 8. landsk. vikið að hinum svokallaða frílista. Við hann kann að vera margt að athuga. Fyrsta sporið í því efni var það, að á það var fallizt, sem bæði ég og aðrir sáu á sínum tíma, að það var einasta leiðin til þess að koma í veg fyrir, að verðmæti væri fleygt í sorpið eða hafið, það væri að gefa frjálsan gjaldeyri fyrir þessa vöru. Það voru hrognin. Um nokkurn tíma, áður en þetta var gert, höfðu útgerðarmenn ekki nokkurn áhuga fyrir að hirða hrognin. Það borgaði sig ekki á neinn hátt, verkalaun voru of dýr, og það fékkst of lítið fyrir vöruna. Þá var gripið til þess ráðs, góðu heilli, hygg ég, að þeir, sem

hirtu hrognin, fengju frjálsan þann gjaldeyri, sem fyrir þau kæmi. Þar við hafa síðar bætzt aðrar vörur, og þær voru því aðeins hirðanlegar að dómi útgerðarmanna, að þeir gætu rétt hlut sinn með þessum gjaldeyrisfríðindum í sambandi við þennan frílista. Mér heyrðist og varð þess sérstaklega var í seinni ræðu hv. 1. þm. S-M., að nú væru talsverðar vangaveltur hjá honum og eins hjá hv. 8. landsk. um það, hvað gera beri í þessu efni. Síðast þegar við afgreiddum löggjöf um þetta sama efni, voru þessir hv. þm., sem þá voru í ríkisstj., sammála mér um það, að það yrði að láta eftir kröfum útgerðarmanna að hafa þessi fríðindi, og ég ætla, að hlutur sjómanna hafi talsvert drýgzt við það. Ég tel þess vegna, að út frá því sjónarmiði séð þurfi enginn að harma það, þó að þessi gjaldeyrir hafi verið gefinn frí á þann hátt, sem það var framkvæmt, sem ég tel of langt mál að útskýra hér, en það var framkvæmt undir eftirliti viðskmrn. og viðskiptan. Agnúar þykja á öllu, og eins hafa agnúar einhverjir fylgt þessum ráðstöfunum, en ég tel þó tvímælalaust, að hagnaðurinn hafi orðið meiri fyrir þjóðarbúið. Ég get þó ekki stillt mig um að segja, að ég hef reynslu fyrir því — og á þar ekki við þá þm., sem ég var að svara —, ég hef langa og mikla skemmtilega reynslu af því, að ýmsar n. og ráðamenn í þjóðfélaginu virðast líta svo á, að það sé böl, ef sjómenn eða útgerðarmenn hirða illseljanlega vöru með þeim skilyrðum, að þeir megi fá þennan frjálsa gjaldeyri, sem svo er kallaður. Það hefur kostað mikla baráttu að fá ýmsar af þessum n., sem hér starfa, — það hefur kostað mikið að teygja þær til að framkvæma eða gera þetta mögulegt í framkvæmd. Svona þröngur getur skilningurinn á alþjóðarþörfum og alþjóðarhag stundum orðið og ekki sízt í þjóðfélagi, sem er að verða nærri því yfirskipulagt á ýmsum sviðum, eins og okkar.

Út af þessu sérstaka atriði með frílista handa útgerðarmönnum vil ég benda þm. á það, að þeir hafa fengið þessi réttindi og nutu þeirra á s. l. ári í fullum friði við ríkisstj. og með hennar leyfi. Og fríðindi eru það vissulega þeim til handa. Hvað halda menn eiginlega um bátaútvegsmenn og þá, sem hjá þeim vinna nú á dögum? Við lifum á þeim tímum og erum búnir að gera alllengi núna upp á síðkastið, að það er hver stéttin af annarri að gera kröfur, ekki um það að fá að halda því, sem þær hafa, nei, um það að fá ný fríðindi, nýjar kauphækkanir, meiri frítíma og hvað annað. Eigum við á sama tíma að gera ráð fyrir því, að það sé réttmætt eða sanngjarnt að ætlast til þess, að af sjómönnum og útvegsmönnum séu tekin fríðindi, sem þeir hafa fengið á löglegan hátt? Ég skil ekki í, að hv. þm. séu þeirrar skoðunar, og ég teldi að það væri eftir atvikum, þegar allt viðhorf er tekið með í reikninginn að öðru leyti, allt viðhorfið gagnvart því, hvað hægt er að gera fyrir þennan atvinnuveg, að það væri mjög skakkt spor að taka af þessum atvinnuvegi þau litlu fríðindi, sem hann kann að hafa notið í gegnum þennan frílista? Mér er ekki nein launung á því, að ég hef látið í það skína í viðræðum við þessa menn, að ég teldi víst, að það mundi verða litið svo á, að þessi fríðindi yrðu ekki af þeim tekin. Þessir menn eiga náttúrlega vissar óskir um aukin fríðindi á þessu sviði, og skal ég ekki um það segja, hvað rétt er að gera í því efni, og vil ekki gera mig að dómara í því efni á þessu stigi málsins, en ég vil segja, að það væri mjög ósanngjarnt og óhyggilegt að svipta þennan atvinnuveg þeim stuðningi, sem hann hefur gegnum hinn svokallaða frjálsa gjaldeyri og, hvað sem um hann má segja að öðru leyti, virðist þó ekki kosta nein framlög úr ríkissjóði.

Ég held, að ég hafi þá komið inn á þær beinu spurningar, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) lagði fyrir mig, og að öðru leyti tekið til umræðu það, sem mér virtist þurfa að svara í tilefni af ræðu hans. En út í hin hreinpólitísku sjónarmið, eða þann part ræðu hans, sem var miðaður við kosningar og pólitík, hirði ég ekki um að fara, enda hefur hæstv. forsrh. talað um það.

Ég held að það atriði, hvað bæði hv. 1. þm. S-M. og, að ég hygg, einnig hv. þm. Hafnf. (EmJ) mikla fyrir sér, hvað tekjur af söluskattinum geti orðið, þurfi athugunar og endurskoðunar við. Ég ætla ekki að gizka á neinar tölur, enda fánýtt, því að fjhn. fær sjálfsagt tækifæri til þess við meðferð málsins að endurskoða og gagnrýna það, sem haldið er fram af stjórninni, sem hér leggur málið fram.

Ræða hv. þm. Siglf. (ÁkJ) var þannig löguð og hann kom svo víða við, að ég held, að ekki sé þörf á að eltast við allar hans mörgu kenningar og fullyrðingar í sambandi við þetta mál. Hann kom með svo einstaklega margt, sá þm., eins og hans er venja, sem ekki kemur málinu við. Þó finnst mér rétt að nota þetta tækifæri til þess að bera hönd fyrir höfuð einnar stofnunar hér á landi, sem þm. Siglf. lagði sérstaklega undir hnífinn, og taldi hana hættulega og skaðlega fyrir útveginn og ég held jafnvel fyrir þjóðina, þ. e. Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda. Ég veit það, að sölusambandið er ekki búið til af pólitískum ástæðum. Sölusambandið er upphaflega stofnað til þess að vera sjálfsvörn fyrir framleiðendur á saltfiski í þessu landi, sjálfsvörn gegn markaðstjóni og því verðfalli, sem fyrir allmörgum árum var hér að færast yfir þessa atvinnugrein út af óhyggilegri samkeppni ýmissa aðila, innlendra og útlendra, sem höfðu afskipti af saltfisksölunni. Það var oft boðið sama firmanu eða sama manninum erlendis frá tveimur aðilum, menn undirbuðu hver annan og framboðin komu þannig fram, að þar sem kaupandinn gat álitið, að um 1000 tonn væri að ræða, gat það verið helmingi minna magn, eins og oft á sér stað, þegar eftirlitslaust er barizt um sölumarkað. Ég var sjálfur áratugum saman búinn að starfa í samtökum útvegsmanna að saltfisksölu á þrengra sviði, í fisksölusamlagi, sem voru til allvíða, sérstaklega á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum, og við vissum það, sem þá áttum allt okkar undir því, hvernig varan seldist, hvaða erfiðleikar voru bakaðir saltfisksölunni út af samvizkulausum tilboðum, stundum frá mönnum, sem engan saltfisk áttu. Við reyndum að sameina saltfisksamlögin, en það mistókst, þar til bankarnir sáu fram á þau vandræði og það tjón, sem þetta

bakaði atvinnugreininni, og gengu í fararbroddi að stofna þessi allsherjarsamtök, Sölusamband íslenzkra saltfiskframleiðenda. En sömu ástæður, sem lágu til grundvallar fyrir þessu, lágu líka til grundvallar fyrir því, þegar Alþ. stofnaði síldarútvegsnefnd. Munurinn er aðeins sá, að Alþ. hefur aldrei haft afskipti af þessum samtökum saltfiskeigenda, sem ég nú lýsti. Það er rangt, að hér sé um nokkur stórgróðasamtök að ræða. Þetta samlag er samlag, sem allir saltfiskframleiðendur í landinu eru þátttakendur í. Það starfar undir fullkomnu lýðræðisfyrirkomulagi, heldur sinn árlega aðalfund og safnar ekki í neinar kornhlöður, heldur fá útvegsmenn reikninga sína útborgaða eins og lög standa til. Ég veit, að þessi stofnun hefur orðið fyrir miklu ámæli í sambandi við kosningarnar s. l. haust, en ég vil mótmæla því, að sá áróður hafi haft við rök að styðjast, og tel ég ekki til framdráttar fyrir íslenzkan útveg að rýra gildi þessara samtaka saltfiskframleiðenda, sem aðeins gæti orðið til framdráttar niðurrifsstefnu hv. þm. Siglf. og annarra kommúnista. Það er eins og þeir megi hvergi sjá græna grein, því að þá telja þeir rétt að ráðast á þessi samtök.

Allur hugarburður hv. þm. Siglf. ýmist um markaðstap eða annað af völdum fyrrv. og núv. ríkisstj. er fleipur eitt og staðleysustafir. Það hefur sannarlega verið reynt að verzla við þessi lönd austan járntjaldsins eins og hægt hefur verið, og það hefur ekki staðið á Íslendingum. Og þegar hv. þm. talar um ómakleg orð ráðh. í garð Sovétríkjanna eða Stalíns, frábið ég mér slíkar athugasemdir, þar sem ég hef aldrei lagt slíka stjórn í einelti með skömmum. En hv. þm. Siglf. og flokksbræður hans hafa hvað eftir annað á Alþ. níst niður viðskiptaþjóðir Íslendinga á hinn herfilegasta hátt og kallað samningana við Stóra-Bretland skemmdarsamninga, þó að Bretar hafi reynzt Íslendingum hinir tryggustu og beztu viðskiptavinir á öllum sviðum.

Eiginlega var það ágætt, að hv. þm. Siglf. klykkti út í síðustu ræðu sinni með þessu kjörorði kommúnista, sem alls staðar heyrist, hvort heldur er verið að ræða um fjárlög eða annað í þessu þingi, að hafa ábyrgðarverðið sem allra hæst, en segja líka, að það væri mjög slæmt að leggja nokkra skatta á til þess að standa við það verk. Þetta er hin venjulega kenning þessa hv. þm., það að lofa öllu, en hafa hvergi grundvöll til þess að geta staðið við loforðin.

Mér hefur fundizt í þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, gæta allmikils misskilnings í garð útgerðarmanna, bæði að því er snertir fríðindi þeirra og kröfur um hækkað ábyrgðarverð. Það er a. m. k. rétt að taka fram, að allt þetta getur átt rót sína að rekja til þess, að menn hafa ekki nægilega komizt inn í sama andrúmsloft að því er snertir þarfir útgerðarinnar eins og þeir, sem hafa staðið í viðtölum við útgerðarmenn undanfarið, og sé það af svipuðum orsökum sprottið, að þm. munu yfirleitt ekki hafa getað gert sér grein fyrir því út af fyrir sig, að hraðfrysti fiskurinn þarf að vera í allt öðrum, betri og glæsilegri umbúðum á erlendum markaði en við höfum hingað til boðið hann fram, en það hefur mikinn kostnað í för með sér. Ég vil þess vegna vona, að við nánari athugun þessa máls fallist þm. á það að greiða nú fyrir bátaútveginum, svo að þetta mál fái sem bráðast sína lausn, og að það sé gert þann veg, að þeir, sem nú ganga til verks á bátaflotanum við strendur landsins, hafi það öryggi, sem ég fyrir mitt leyti tel, að þeir eigi kröfu á að fá, og þeir gerðu á sínum tíma að ófrávíkjanlegri kröfu í viðtali við ríkisstj., að séð verði fyrir því, að hægt verði að halda því, sem hér verður á fallizt, í fullum gangi til vertíðarloka, hvað sem verður borið fram síðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla að verða mjög stuttorður, þótt atvmrh. hafi nú raunar gefið tilefni til lengri ræðu en ég ætlaði að halda. Bæði er það, að hv. þm. Siglf. hefur ýtarlega rakið afstöðu okkar sósíalista til þessa máls, og auk þess fer það til n., sem ég á sæti í, og mun ég þar fá tækifæri til að fá ýtarlegri upplýsingar en nú liggja fyrir. Nokkur atriði eru það þó, nokkrar spurningar, sem ég vildi beina til atvmrh., og mun þó reyna að stytta mál mitt, því að það er ekki tilgangur okkar að tefja þetta mál.

Það er þá í fyrsta lagi viðvíkjandi því spursmáli, sem ýmsir hafa komið inn á, hvort það sé tap á útgerðinni á Íslandi. Ég held, að það sé ákaflega rangt að líta svo á, að svo sé. Við getum stillt spursmálinu þannig, hvort það sé tap á gjaldeyrisframleiðslu Íslendinga, hvort það sé tap fyrir þjóðina að vera að framleiða gjaldeyri, því að ef við ætlum að leggja fram lausn á þessu máli, verðum við fyrst að stilla spurningunni rétt upp. Mitt álit er, að það sé stórgróði á gjaldeyrisframleiðslu Íslendinga. En þessi gróði fer á ýmsa staði aðra en til þeirra, sem bera ábyrgð á rekstri útgerðarinnar. Það er verzlunin, sem sogar í sig gjaldeyri frá útgerðinni, og bankarnir, sem verzla með gjaldeyri og lána út fé til þess að hagnýta gjaldeyrinn, hafa á sama tíma og talið er, að útgerðin tapi, þá halda þeir um 30 millj. kr. gróða. Það er gróði, sem fyrst og fremst og að mestu leyti stafar af gjaldeyrisframleiðslu. Þessar 30 millj., sem eru hreinn gróði bankanna á s. l. ári og mörgum undanförnum árum, er gróði, sem er þannig að miklu leyti tekinn frá útgerðinni. Sömuleiðis er svo og svo mikið af þeim gróða, sem verzlunarauðmagnið í landinu fær, gróði af útgerðinni. Þá er líka mikið af útgjöldunum í sambandi við skrifstofubákn ríkisins tekið af útgerðinni. Þetta þarf að gera sér ljóst, þegar við ætlum að skapa jafnvægi í þjóðfélaginu. Hvernig ætti þá að kippa þessu í lag? Í kapítalistisku þjóðfélagi, þar sem gróðinn við reksturinn er hvötin, sem rekur atvinnurekandann til þess að reka þennan atvinnuveg, er ekki hægt að halda þessum atvinnuvegi gangandi án þess að gróði sé á honum. Þegar þjóðfélagið ætlar að ráðstafa, hvar gróði skuli vera og hvar ekki, þarf að koma því þannig fyrir, að gróði sé á þeim hlutum, sem þarf að reka, og við erum sammála um, að það þarf að vera gróði á útgerðinni. Ef við álítum, að við höfum ekki efni á því að láta reka verzlunina með gróða, verðum við að taka hana sömu tökum og við tókum t. d. símaþjónustuna og hafnargerðir, þ. e. að þjóðnýta hana,

svo að engir gróðamöguleikar séu þar. Ef við ætlum að sjá til þess, að útgerðin gangi, þá verður að taka mikið af þeim gróða, sem fer til bankanna, og veita til útgerðarinnar. Við getum gert það með ýmsu móti. Það er hægt að gera það með þjóðnýtingu, en ef við ætlum að lækna þetta mein, verðum við að gera okkur ljóst, hvernig í því liggur og hvernig á að skera meinsemdina.

Í öðru lagi vildi ég vekja athygli á því, að tilgangurinn með þessu frv. er sá, að því er 1. gr. snertir, eins og alltaf hefur verið með fiskábyrgðarl., að tryggja atvinnu og tryggja framleiðsluna. Við verðum að sjá til þess, þegar við ræðum um þessa hluti, að við göngum þannig frá þessu, ef það varðar miklar álögur á þjóðina, að það komi að fullum notum. Ráðstafanir verður að gera til þess að þjóðin fái meiri framleiðslu og aukinn gjaldeyri, en það er langt frá því, að það sé gert með þessu frv. T. d. er alveg óþolandi, að gömlu togararnir liggi bundnir við bryggju, þegar við erum í slíkum gjaldeyrisvandræðum sem nú, og það er hægt að bæta úr þessu með því að láta bæjarfélögin reka togarana og leyfa þeim að ráðstafa gjaldeyrinum. Þannig skapaðist stórkostlega aukinn gjaldeyrir fyrir þjóðina. En svo er það eitt atriði, sem ég vildi spyrja hæstv. atvmrh. um. Það er í sambandi við þá ábyrgð, sem ríkissjóður ætlar að taka á sig, og viljum við þm. fá að vita í fyrsta lagi, hvort ábyrgðin muni koma sjávarútveginum að gagni, og í öðru lagi, hvort þjóðfélagið geti staðið undir henni, og enn fremur langar mig til þess að fá upplýst, hvort fiskábyrgðin er slík, að bankarnir í krafti hennar áliti sér fært að veita útgerðarmönnum og hraðfrystihúsum lán, sem þeim eru nauðsynleg. Það hefur einmitt verið gildi fiskábyrgðarinnar, að bankarnir hafa séð sér fært hennar vegna að lána til sjávarútvegsins, en þó hafa orðið misfellur á því. Bankarnir hafa það alveg í hendi sinni, hvort þeir veita þessi lán, og ég hef stundum orðið var við, að þeir hafa stöðvað hraðfrystihúsin og sagt: Við getum ekki lánað út á ykkar fisk, því að við erum ekki öruggir um söluna á honum. — Sem sagt, bankarnir hafa ekki tekið ríkisábyrgðina á fiskverðinu sem fulla tryggingu og vilja vita það með fullri vissu, hvort fiskurinn selst. Því er viðbúið, að bankarnir segi nú: Við vitum ekki, hvernig gengur með söluna á fiskinum, þótt ríkissjóður hafi tekið ábyrgð á verðinu, og þið skuldið okkur svo mikið, að við sjáum okkur ekki fært að veita ykkur lán. — Það getur því hæglega komið fyrir, að bankarnir geri ekki mikið með ríkisábyrgðina, ef sala á okkar afurðum er í óvissu. Ég vil þess vegna fá að vita, hvort bankarnir hafa tekið á sig almennar skuldbindingar um að veita lán til útgerðarinnar, eða hvort við megum búast við því, að þeir stöðvi bátana og hraðfrystihúsin þrátt fyrir ríkisábyrgðina. Þetta er ákaflega alvarlegt mál, því að ef bankarnir beittu þessari aðferð, þá er þessi fiskábyrgð gagnslaus og útgerðin stöðvast, en slíkt ástand veit ég, að enginn hv. þm. vill eiga þátt í að skapa. Þess vegna er það ekki aðeins Alþingis, heldur og Landsbankans, að taka þessa ábyrgð á sínar herðar, og það er skylda bankans að taka þessa ríkisábyrgð gilda án tillits til markaðsspursmála. Ef slíkt er ekki fyrir hendi, þá þurfum við að gera okkur ýtarlegri grein fyrir útlitinu í markaðsmálum okkar og þá sérstaklega hvað snertir ísfiskinn. Freðfiskframleiðslan var komin upp í 75 millj. kr. í októberlok og er þar með langstærsti hluti útflutnings okkar. Salan á honum er því þýðingarmesti þáttur útflutningsverzlunarinnar, og hvernig var sú sala á s. l. ári? Mig minnir, að Þýzkalandsmarkaðurinn hafi verið aðalbjörgunin, þannig að Marshallfé var fengið og kallað andvirði fisksins. Í stað gjafa og lána, sem við gátum fengið, borguðum við Marshallféð með þessum fiski. Þetta þýðir náttúrlega sama og gefa fiskinn. Varðandi England þá er það vitað, að enska ríkisstj. kaupir ekki fisk í ár, og eru þannig tveir stærstu ísfiskmarkaðir okkar í óvissu, og er þá ekki óeðlilegt, að þm. vilji fá að vita, hvað hæstv. ríkisstj. meinar um horfurnar í markaðsmálunum. Hæstv. atvmrh. sagði, að þegar enska ríkisstj. hætti að kaupa fiskinn, þá væri þar með frjáls verzlun á fiski í Englandi. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefur sagt þetta af vanþekkingu eða ekki, en ég veit ekki til þess, að til sé frjáls freðfiskverzlun í Englandi. Ég held, að fyrirtæki þau, sem fengizt hafa við fiskverzlun í Englandi s. l. 3 ár, hafi verið keypt upp af feitmetishringnum Unilever, sem stjórnar nú allri fisksölu í Englandi og hefur keypt allan fiskinn, sem enska stjórnin hefur keypt af okkur. Unilever ræður alveg yfir fiskverðinu í Englandi, svo að þar er freðfisksalan einokuð sem mest má verða og ekki um neina frjálsa verzlun að ræða, og skil ég ekki, hvers vegna ráðamenn hér á landi dylja þjóðina þessa. En þetta er staðreynd, að við erum alveg upp á þennan hring komnir, en hann tekur mun minna tillit til sjónarmiða okkar en enska stjórnin gerði, meðan hún keypti af okkur fiskinn. Mér finnst því nauðsynlegt, að einhverjar upplýsingar fáist um horfur á sölu freðfisksins. Ég heimta þær ekki nú á stundinni, en óhjákvæmilegt, að sú n., sem fær málið til meðferðar, fái gagngerðar upplýsingar um þetta efni. Það er jú bókstaflega þannig, að ef við erum ekki öruggir með freðfiskmarkaðinn, þá erum við með samþykkt þessa frv. að stofna til ríkisgjaldþrots, ef freðfiskframleiðslan selst ekki. Því þarf n. að fá um þetta gagngerðar upplýsingar.

Hæstv. atvmrh. minntist á markaðsmálin viðvíkjandi okkar viðskiptapólitík. Ég er þess alveg reiðubúinn að ræða þessi mál, ef hæstv. ráðh. væri viðstaddur, en býst við að geyma mér það til 2. umr., ef hann skyldi verða við þá. Það er hægt að gefa upplýsingar um ónotaða möguleika í markaðsmálunum, og það er alveg óþarfi, þegar við fáum spark frá Bretum, að vera að útbásúna þá sem tryggustu og beztu viðskiptavini okkar. Þeir hafa arðrænt okkur og tekið með hervaldi okkar vörur fyrir smánarverð, svo að það er lítil ástæða til að vera að flytja þeim sérstök þakkarávörp.

Ráðh. hæstv. minntist einnig á S.Í.F. og rakti sögu þess. Ég er nú hræddur um, ef við ættum að ræða það mál, að þá kæmist málið ekki til n. fyrstu vikurnar, ef ég færi að ræða það allt

saman, t. d. þegar brbl. voru sett rétt eftir þinglokin 1935 og Haraldur Guðmundsson, núv. hv. 4. þm. Reykv., var kúgaður til hlýðni við Kveldúlf og Alliance. Ef ég ætti enn fremur að ræða það, þegar S.Í.F. er notað til þess að halda niðri verði á íslenzka fiskinum, þá veit ég ekki, hvar við lentum með þessa umr.

Út af ummælum hæstv. ráðh. um það, að við sósíalistar værum svo ósvífnir, að við vildum samþykkja ríkisábyrgðina, en ekki skattana til þess að afla tekna á móti, þá vil ég minna á, að hér var samþykkt fyrir jólin þáltill., sem felur í sér tugmilljónaútgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að nokkurra tekna væri aflað á móti. Hverjir fluttu þá till. og samþykktu? Voru það ekki meðal annarra sjálfstæðismenn? Væri ekki með því að samþykkja ábyrgðina, en ekki skattana, verið að fara troðnar slóðir Sjálfstfl.? Og það verð ég að segja, að álögur þær, sem frv. felur í sér, eru ósvífnar. Ekki eingöngu vegna þess, hve þungt þær koma niður á alþýðu manna, heldur og vegna þess, að þær miða einnig að því að auka dýrtíðina í landinu og stefna yfirleitt í hreinan voða. Ef við ættum að hafa nokkurt réttlæti í þessum málum, þá verðum við að taka það fé, sem vantar, fyrst og fremst af heildsölunum og bönkunum. Við verðum að þora að skera niður gróðamöguleika verzlunarinnar, skrifstofubákn ríkisins og óhófsgróða bankanna. Hins vegar er alveg óréttmætt að ásaka okkur sósíalista fyrir það, að við höfum ekki bent á tekjulindir. Við fluttum 1947 hér á Alþingi frv. í 8 köflum um þessi mál. Við höfum lagt fram till. um að taka peningana hjá þeim, sem geta látið þá í té, og að ríkið einoki fyrir sig gróðamöguleikana í þjóðfélaginu, og við erum reiðubúnir hvenær sem er með till. um slíkt. Hins vegar voru till. okkar felldar 1947, því að hér á Alþingi var ekki fyrir hendi meiri hluti, sem vildi láta verzlunarauðmagninu blæða fyrir töp sjávarútvegsins. Við höfum því bent á tekjuleiðir, og við mótmælum síðustu greinum þessa frv., af því að við álítum þær álögur, sem þar felast, óréttmætar og við viljum ekki láta meiri hluta Alþingis sleppa við að leysa þessi mál, vandamál sjávarútvegsins, á kostnað þeirra, sem á sjávarútveginum græða. Það er hins vegar eðlilegt, að Sjálfstfl., flokkur auðmannanna, reyni að leysa þessi mál á kostnað alþýðunnar, en það er það, sem Alþingi má ekki láta ske. Ég vona svo að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um það, sem ég gat um áðan, hvort sem það verður nú eða við 2. umr.

Emil Jónsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sagði áðan, um það bil sem hann taldi sig hafa leiðrétt nokkrar tölur úr minni ræðu, að það væri fánýtt að ræða þetta nú, því að hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, mundi athuga þessa útreikninga, og væri því tilgangslaust að ræða þetta nú, og get ég raunar fallizt á þetta sjónarmið, en ég get ekki stillt mig um að gera nokkrar aths. við leiðréttingar hans á orðum mínum.

Það, sem ég gerði, var að draga fram, hve fiskábyrgðin yrði mikil og hins vegar, hver tekjuaukning ríkissjóðs samkv. frv. yrði til að mæta þessari ábyrgð, og skýrði ég frá, hvernig ég hefði komizt að niðurstöðum mínum. Ég gerði ráð fyrir, að fiskframleiðslan yrði 130 þús. tonn, og nú hækkar ábyrgðarverðið um 10 aura pr. kg., þannig að hækkun ábyrgðarverðsins til bátaflotans verður um 13 millj. kr., en hækkunin til hraðfrystihúsanna verður um 5 millj. kr., svo að alls mun hækkunin nema ca. 18 millj. kr. Má vera, að hér sé aðeins of lítið í lagt, en ég get ekki reiknað þetta öðruvísi. Ég gerði ráð fyrir því, að magnið, sem hraðfrystihúsin mundu koma til með að frysta, væri 30 þúsund tonn. Hækkunin til þeirra nemur 20 aurum pr. enskt pund. Það þýðir, að ef framleiðslan er 66 þús. pund, þá hækkar ábyrgðin til hraðfrystihúsanna um 13,2 millj., og að viðbættri ábyrgð á saltfiskframleiðsluna yrði hækkunin þá um 19 millj. kr. í stað 18 millj. kr., sem ég fékk út með hinni aðferðinni. Þetta er ekki hægt að vefengja. Hæstv. ráðh. bar hér allt annað saman, t. d. 5 millj. kr., sem greiddar voru s. l. ár, og þá hækkun, sem breyting á pökkunaraðferðum veldur, en það er ekki hækkun, sem stafar af hærra ábyrgðarverði. Það, sem ég ber saman, er hækkunin á ábyrgðarverðinu annars vegar og tekjur ríkissjóðs vegna frv. hins vegar, og er annað þrisvar sinnum hærra en hitt. Ráðherrann komst að þeirri niðurstöðu, að hækkunin á ábyrgðarverðinu í allt verði 32,5 millj. kr., og er frá því er dregið 5 millj. kr. samkv. 5. gr. og hækkunin, sem stafar af breyttum pökkunaraðferðum, sé ég ekki annað en okkur fari að bera saman, Svo að þetta ber allt að sama brunni. Hækkunin á tekjuskattinum eftir frv. er þriðjungi hærri en þörf er eftir ábyrgðarverðinu.

Þá sagði hæstv. ráðh., að fullyrðing mín um, að þessi tekjuöflun væri algerlega hliðstæð gengislækkun, væri röng, og vildi rökstyðja það með því, að ýmsar vörur mundu verða undanþegnar söluskattinum. Það getur vel verið, að ráðh. hugsi sér slíkar breyt. á frv. í framkvæmd, en þar sem ég hafði ekki annað að álykta eftir en frv. sjálft, þá gat ég ekki gert ráð fyrir slíkum breyt., því að í 14. gr. frv. er gert ráð fyrir 30% söluskatti af allri innfluttri vöru. Í aths. við 14. gr. er að vísu getið um þær undanþágur, sem gerðar voru frá söluskatti í 23. gr. l. 100/1948, og jafnvel gert ráð fyrir, að söluskattur verði ekki reiknaður af þeim. En þrátt fyrir það er ég þeirrar skoðunar, að þessi mikli söluskattur verki eins og gengislækkun, því að hann skal innheimtur af flestöllum nauðsynjum fólks og þar af leiðandi enginn, sem losnar við hann. Þessi aðferð er verulega frábrugðin þeirri, sem farin var á síðasta ári, því að þá var aðeins um 6% söluskatt að ræða, en hins vegar lagður hærri skattur á þær vörur, sem almenningur gat verið án. Hér er ekkert um það skeytt, á hverjum skattarnir lenda, heldur lagður jafn skattur á þær vörur, sem enginn getur án verið, og hinar, sem aðeins hinir efnaðri borgarar geta veitt sér. Augljóst er, að slík aðferð getur ekki verið réttlát.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þetta mál en orðið er, enda hefur það þegar verið gert allrækilega. En mér fannst ég ekki geta látið vera að minnast á ræðu hæstv. ráðh. og mótmæla staðhæfingum hans í sambandi við

það, sem ég sagði áðan um tekjuöflunina í sambandi við hækkunina á ábyrgðarverðinu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við aths. hæstv. ráðh. — Hann taldi engan skaða skeðan, þó að þetta frv. kæmi ekki fram fyrr en í dag, því að vertíð væri ekki hafin hvort sem væri, og auk þess hefði ekkert fiskazt þessa fyrstu daga í janúar. Þetta tel ég ekki rétt hjá hæstv. ráðh. og hef það fyrir satt, að vertíð byrji um áramót. Hitt er rétt, að vegna seinagangs og óánægju í sambandi við þessi mál undanfarið hefur lítið orðið úr veiði í janúar. En það á ekki að vera til eftirbreytni, heldur til viðvörunar. Það kostar líka tólfunum nú, því að oftast hafa einhverjar ráðstafanir verið gerðar fyrir áramót, en nú er kominn 5. jan., þegar frv. um þetta efni er lagt fram, og sjá allir, að það hlýtur að taka nokkra daga að afgreiða það í Alþingi, enda þótt það verði kannske samþykkt, og hljóta því allir að sjá, að í hreint óefni er komið, og er það fyrst og fremst sleifarlagi ríkisstj. að kenna. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að vísu, að nauðsyn væri að hraða málinu, og beindi því til mín sérstaklega. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég hef ekki tafið þetta mál með óeðlilega löngum ræðum. Hins vegar hefur hann sjálfur verið mjög langorður og talað mörgum sinnum lengri tíma en ég. Það er því sízt hans að ásaka mig fyrir að tefja málið. Annars ætla ég ekki að fara frekar út í það atriði.

Hæstv. ráðh. minntist á, að ég væri að telja eftir þau fríðindi, sem útgerðarmenn hefðu fengið í sambandi við frjálsan gjaldeyri. Þetta er alls ekki rétt. Það er fjarri lagi, að ég hafi talið það eftir. Hitt tók ég fram, að rétt væri að upplýsa, hvaða vörur það væru, sem útgerðarmönnum væri heimilt að leggja á í sambandi við þennan frjálsa gjaldeyri. Ég vil benda ráðh. á, að þetta tók ég fram vegna þess, að útgerðarmenn hafa kvartað undan því við mig, að það væri sífellt nudd um það, að óeðlileg viðskipti færu fram í sambandi við þennan gjaldeyri. Til þess að koma í veg fyrir þennan áróður tel ég heppilegt að gefa nákvæma skýrslu yfir þessar vörur og greina þar rækilega á milli flokka, svo að ekki gæti verið um nein óhrein viðskipti að ræða. Þá hefðu útgerðarmenn hreinan skjöld, og aðrir gætu ekki notað þessi hlunnindi útgerðarmanna sem skálkaskjól fyrir svartamarkaðsbraski og gjaldeyrissvindli.

Þá sagði hæstv. ráðh., að afstaða mín til þessa máls væri í ósamræmi við afstöðu mína í fyrra, því að þá hefði ég fylgt sams konar máli. Ég vil í því sambandi benda hæstv. ráðh. á, að það er dálítið annað að sætta sig við 6% söluskatt eða 30%, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og þar af leiðandi er þetta frv. algerlega ósamanberandi við dýrtíðarfrv. í fyrra.

Ég man ekki eftir fleiru, sem ég tel sérstaklega þörf á að ræða í sambandi við það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., og skal því láta staðar numið.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég skal taka það fram, að ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. á þessu stigi málsins. Hæstv. ráðh. hefur reynt að bera á móti þeirri gagnrýni, sem ég bar fram í sambandi við frv. í minni fyrri ræðu, einkum varðandi það, hversu tekjuáætlunin væri allt of há miðað við ábyrgðarverðið. En þetta hefur algerlega mistekizt hjá hæstv. ráðh., því að í stað þess að hnekkja gagnrýni minni hefur ráðh. upplýst, hversu illa þetta frv. er undirbúið og hversu óljóst það liggur fyrir honum sjálfum. Það hefur greinilega komið fram, að ríkisstj. telur sig þurfa 48 millj. til þess að standast kostnaðinn af fiskábyrgðinni til 15. maí, en til þess að mæta þessum kostnaði hugsar hún sér, eftir frv., að leggja á söluskatt, sem nemur 60—70 millj. Afsökun hæstv. ráðh. á þessu ósamræmi er sú, að hér sé um prentvillu að ræða. Hins vegar er það harla nýstárlegt, ef heilar setningar eru ein prentvilla. Auk þessa eru svo þessar áætlanir ríkisstj. rangar, eins og ég drap á í minni fyrri ræðu. — Hæstv. ráðh. minntist á dýrari pakkningar á útfluttum fiski. Það getur vel verið, að þær séu nauðsynlegar, en það liggur heldur ekkert fyrir á móti því, að hægt sé að fá hærra verð fyrir vöruna í slíkum pakkningum, og tel ég það einmitt mjög sennilegt, og mun ég því geyma frekari umr. um það, auk þess sem ég hef áður drepið á, þar til málið hefur verið athugað í fjhn.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði viljað hækka fiskábyrgðina, en fella niður tekjustofna til að mæta henni. Ég hef ekki borið fram neinar till. né kröfur um það efni, enda ekki séð þá reikninga, sem útvegsmenn byggja á kröfur sínar eða þær niðurstöður, sem leiddu til þess verðs, sem ríkisstj. leggur til grundvallar í till. sínum, og get þar af leiðandi ekki dæmt um það mál á þessu stigi. Ég vissi, að útvegsmenn gerðu kröfu til að fá kr. 1,04 fyrir hvert kg af nýjum fiski, og var mér strax ljóst, að sú krafa var allt of há, miðað við ábyrgðarverðið í fyrra. En það, sem ég benti á í ræðu minni og ráðh. virðist hafa misskilið, var það, að úr því að ríkissjóður tæki að sér að ábyrgjast verð á útflutningsvöru sjávarútvegsins til þess að tryggja rekstur hans, þá væri nauðsynlegt að hafa verðið það hátt, að þessi atvinnuvegur yrði starfhæfur af fullum krafti. Um tekjuöflunarleiðina hef ég rætt ýtarlega og vil endurtaka, að Sósfl. er andvígur auknum tollum og nefsköttum, vegna þess að þeir hafa þann stóra ókost að auka dýrtíðina og gera vandamálin margfalt torleystari. Ég hélt satt að segja, að nægileg reynsla væri fengin á þeirri leið til þess að sjá, að hún er ekki vænleg til árangurs, því að með auknum tollum og sköttum er almenningur beinlínis knúinn til að krefjast kauphækkana. Svo langt hefur líka gengið á síðast liðnu ári, að stjórnarflokkarnir sjálfir, sem völdu þá þessa leið, samþykktu 20% kauphækkun til opinberra starfsmanna, til þess að þeir gætu mætt þessum auknu álögum.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) var að tala um, að fyrrv. stjórn hefði valið aðra leið en þetta frv. gerir ráð fyrir, og ekki lagt byrðarnar á almenning. Þetta er ekki rétt, því að hér er ekki gert annað en fimmfalda þann skatt, sem fyrrv. stjórn lagði á. Hér er því um sömu leið að ræða, en fastara hert að. Það er hægt að finna aðrar tekjuöflunarleiðir, sem bæði eru hyggilegri og réttlátari, og þær höfum við sósíalistar áður

bent á og erum reiðubúnir að gera enn. Annars er raunverulega búið að afla tekna vegna fiskábyrgðarinnar. Það var gert með nýjum sköttum og gjöldum 1947, sem svo hafa gilt áfram 1948, og má þar til nefna tollahækkunina um 65% og þungaskattinn um 200%, auk bifreiðaskatta og benzínskatta. Þetta gaf um 50 millj., og var þá lagt á til að mæta fiskábyrgðinni. Nú hafa fjöldamargir skattar verið lagðir á til viðbótar, svo sem söluskattur af bifreiðum, nýr gjaldeyrisskattur, skattur af innflutningi heimilisvéla og margir fleiri. Alla þessa skatta á nú að framlengja, en auk þess á að leggja á 30% söluskatt, eða um 60—70 millj. kr. skatt á almenning í landinu, og allir eru þessir skattar lagðir á til þess að mæta fiskábyrgðinni, sem stjórnin sjálf telur, að kosti þó ekki nema milli 40 og 50 millj. kr. Ég hef áður bent á þá hættu, sem í því felst að nota útveginn sem skálkaskjól til þess að leggja á óréttlátustu og óvinsælustu skattana, og ég vil endurtaka, að slíkt er ekki til að örva þennan undirstöðuatvinnuveg okkar, sem öll afkoma þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á. Ástæðan er sú, að önnur gjöld ríkisins hafa hækkað, t. d. er þar skemmst að minnast þeirrar gjaldahækkunar, sem hér var samþykkt á Alþ. í formi uppbótar á laun opinberra starfsmanna. Ég er ekki að lasta þá ráðstöfun, síður en svo, en tek hana aðeins sem dæmi, af því að hún er hendi næst til að vitna í. Ég sé enga ástæðu til að gera útveginum svo rangt til, þegar ríkið er að afla sér tekna fyrir þessu eða hinu, að segja almenningi, að alltaf sé verið að fara ofan í vasa hans vegna útvegsins. Það er hættulegt að gera almenning gramman út í útveginn, og það er ranglátt hreint og beint, þegar álögurnar ganga alls ekki til að styrkja þann atvinnuveg. Það eru alls konar skattar lagðir á almenning undir því yfirskini, að það sé vegna fiskábyrgðarinnar, sem ekki er rétt. Slíkt réttir ekki við fjárhag útgerðarinnar né traust almennings á útveginum. Inn á þetta fór hv. atvmrh. ekki, en var með slettur eins og þær, að ég hefði lagt til, að ábyrgðin hækkaði, en hefði ekki komið með neinar till. um tekjuöflun þar í móti. En þessar álögur eru ekki vegna fiskábyrgðarinnar. Ríkisstj. ætlar bara að nota sér að smeygja þessu í gegn undir því yfirskini, að þeirra sé þörf vegna ábyrgðarinnar, af því að hér á Alþ. er sennilega meiri hluti fyrir henni, að hún framlengist. Þrjátíu prósent söluskattur, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundi muna tugum stiga í vísitölu, og ef þetta er aðeins forleikurinn að varanlegri lausn Sjálfstfl. á dýrtíðarmálunum, þá er ríkisstj. heilsugóð, ef hún treystir sér til að bera það fram og halda sér við það.

Ég minntist hér stuttlega á markaðsmálin, og mun síðar gefast tækifæri til að ræða þau, svo að ég skal nú ekki vera margorður um þau mál. Ég benti á þá staðreynd, að við gerðum viðskiptasamninga við Sovétríkin, sem gáfu okkur möguleika til sölu á afurðum fyrir 90 millj. kr., en við gátum ekki hagnýtt þá samninga til fulls sökum aflaleysis. En við seldum mikið af hraðfrystum fiski á mjög sæmilegu verði, og þessum markaði er búið að glata. Ég tók fram, að fyrrv. ríkisstj., eða einstakir ráðherrar, hefði virzt bundin við að glata þessum mörkuðum í Sovétríkjunum. Þessi ríki keyptu mikið af okkur, en við minna af þeim. Mismuninn átti svo að greiða okkur í dollurum og pundum, eða frjálsum gjaldeyri. Þetta eru staðreyndir, sem ekki verður í móti mælt. En svo langt var frá, að fyrrv. stjórn færði út þennan markað, að hún glataði honum þvert á móti alveg. Hér á Íslandi voru ráðherrarnir í persónulegu stríði við Sovétríkin og blönduðu þeim og blanda inn í umræður hér á Alþ. við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Það hefur verið sagt jafnvel, að pólitísk skilyrði hafi verið sett í sambandi við þessa samninga, sem allir vita, að er tilhæfulaust með öllu. Þetta eru aðeins staðreyndir. Út af því, sem hv. atvmrh. sagði um orðbragðið, að hann hefði aldrei haft það orðbragð, sem ég talaði um, þá verð ég nú að viðurkenna, að ég man ekki til, að hv. atvmrh. hafi haft það. En flokksbróðir hans í ríkisstj. hefur verið þeim mun duglegri í þessu efni.

Þá kem ég að Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda og ákærunum á hendur því. Ég vil upplýsa hv. atvmrh. um það, að hér er ekki nein kommúnistalygi á ferðinni. Þær ásakanir eru rökstuddar með bréfum og skýrslum frá skrifstofu L.Í.Ú. í London, og hefur þetta allt verið lagt fyrir stjórn L.Í.Ú. Ég fullyrði, að það muni vera eins dæmi, að aðili, sem trúað er fyrir opinberu valdi, eins og S.Í.F., sem er löggiltur einkaútflytjandi á saltfiski, skuli sitja þegjandi undir jafnþungum og rökstuddum ákærum og ekki krefjast rannsóknar af sinni hálfu til að fá áburðinum hnekkt, ef ósannur væri. En ekkert hefur heyrzt um það, að ríkisstj. ætli að krefjast opinberrar rannsóknar, og býst ég ekki heldur við, að þægilegt væri fyrir stjórn S.Í.F., að sú rannsókn færi fram. En það er víst, að ef slíkur aðili sem S.Í.F. væri farinn að leggja kapp á að stinga fé í sinn vasa, hefði hann ekki eins góða aðstöðu til þess og áður að pressa upp verðið á útflutningsvörunum. Ég býst við, að það komi að því, að þetta verði rannsakað, þótt núv. stjórn muni ekki láta gera það, og þá mun koma í ljós, hvað satt er, og þá getur hv. ráðh. geymt reiði sína þangað til. Og ef hann fyndi, að þessi áburður væri alveg órökstuddur og rakalaus, mundi hann sjálfur hreinsa S.Í.F af honum.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég hef ráðið það af ræðum þm., að ég hafi tekið hér fullmikinn tíma til svara eða varnar, og þó að ég telji, að ég hafi ekki með góðu móti getað þagað eða sagt minna en ég hef sagt, vil ég nú stytta mál mitt eftir megni.

Ég var feginn að heyra það frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), að hann hefði aldrei hugsað sér að breyta til um frílistahlunnindin. Að því er snertir útreikninga, er við höfum verið hér með og hlustað á, held ég, að það sé næsta fánýtt að pexa um þetta á þessu stigi málsins. Það mál er í þeirra höndum, sem trúandi er til að rannsaka þetta til hlítar, og er því fánýtt að ræða það hér mikið á meðan.

Þá álít ég, að þm. mikli allt of mikið fyrir sér þá skatta, sem hér um ræðir, og er þá vantalið, að ríkisstj. er þar aðeins að benda á

þrautaleið, sem hún vonar, að ekki þurfi að fara. En látum það allt gott heita.

Út af síðustu ummælum hv. þm. Siglf. (ÁkJ), um skýrslu trúnaðarmanns L.Í.Ú. og allt, sem þar er tínt saman af óhróðri um S.Í.F. og umboðsmenn þess í öðrum löndum, skal ég segja það, að ég veit ekki betur en stjórn S.Í.F. sé búin að gera ráðstafanir til að fara í mál við þá, sem hafa breitt út þennan óhróður. Mig skyldi ekki undra, þótt hv. þm. Siglf. fengi síðar í því sambandi ástæðu til að standa fyrir öllum sínum klækiyrðum varðandi þetta mál. Stjórn S.Í.F. hefur ekkert að óttast, hún er sér þess ekki meðvitandi að hafa gert neitt rangt. Þar hefur alltaf verið starfað af heilum hug, bæði af fyrrv. stjórnarmönnum, sem ýmsir eru nú látnir, og núverandi stjórn. Hitt er svo annað mál, að þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem fyrir kemur hér á Íslandi, að þeir menn, sem standa í fararbroddi fyrir því að koma íslenzkum framleiðsluvörum á framfæri á erlendum vettvangi, megi bíta í það súra epli, að reynt sé að gera þá tortryggilega og helzt að hafa af þeim æruna, ef mögulegt væri. Það er svo fjarri því, að stjórn S.Í.F. vilji halda þessu máli niðri, að hún hefur einmitt samþykkt að höfða mál á þá, sem hafa breitt þennan óhróður út. Það er algerlega að ófyrirsynju að blanda honum inn í þetta mál, og er það aðeins gert í þeim eina tilgangi að ófrægja stjórnarmenn S.Í.F.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil út af þessum orðum hv. atvmrh. upplýsa, að stjórn S.Í.F. hefur höfðað meiðyrðamál gegn Þjóðviljanum fyrir að birta upp úr skýrslunni um S.Í.F., en ekki er manndómurinn meiri en það, að hún hefur ekki farið í mál við þann, sem samdi þessa skýrslu. Samkvæmt 108. gr. hegningarlaganna má refsa manni fyrir að viðhafa óviðurkvæmileg orð um aðra menn, jafnvel þó að sönn reynist. Því vita allir fyrir fram, að þessi dómur í málinu gegn Þjóðviljanum segir ekkert um sök eða sakleysi S.Í.F. Ef hæstv. ráðh. teldi, að S.Í.F. hefði alveg hreint mél í pokahorninu, mundi hann og stjórn S.Í.F. fyrirskipa opinbera rannsókn, þar sem skýrslan með ákærunum á hendur S.Í.F. væri rannsökuð. En á meðan svo er ekki gert, verður að slá því föstu, að ekki sé allt hreint. Það er ekki nokkur leið að draga aðra ályktun af slíku aðgerðaleysi, enda mun nú ýmislegt nýtt vera komið fram í þessu máli, og gefst sennilega tækifæri til að ræða um það síðar.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. Siglf. hefur nú upplýst, að Þjóðviljinn hafi verið sóttur til saka fyrir óhróður sinn. Þessi þm. hefur hér gerzt málpípa Þjóðviljans. Það er gott. Þá getur hann leitt trúnaðarmann, eða fyrrverandi trúnaðarmann (það er víst búið að segja honum upp stöðunni), L.Í.Ú. sem vitni í málinu. Ég vissi, að það stóð til að stefna þeim, sem borið hafa út óhróðurinn um S.Í.F., og hv. þm. Siglf. kannaðist nú við, að sú málshöfðun væri hafin. Ég segi ekki annað en það, að það er lítill vandi fyrir óhlutvanda menn að æsa til óhróðurs í þjóðfélaginu, ef þeir eru ekki vandari að heimildum til að byggja málatilbúnað sinn á en Londonar-Zoëga þessi lagði Þjóðviljanum í hendur sem áróðursvopn í kosningum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Nd., 6. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 10. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 166, n. 177, 176, 178, 179, 180, 182, 183, 184).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar í nokkra daga og hefur gefið út sameiginlegt nál., þó að einstakir nm. séu með ýmiss konar till. Það má þó til sanns vegar færa, að rétt hafi verið að gefa út eitt sameiginlegt álit, því að allir nm. vilja fylgja áframhaldandi ábyrgð á fiskverðinu, en það er höfuðatriði þessa máls. Um ýmis smærri atriði og framkvæmdaratriði komu svo fram nokkrar sérstakar till., ýmist fluttar af einstökum nm. eða fleirum í senn. Þær einu till., sem allir nm. eru sammála um, eru þær tvær, sem birtar eru á þskj. 177, en fyrri brtt. er um það, að ábyrgðarverðið skuli ekki eingöngu fara eftir fisktegund, eins og tekið er fram í l., heldur sé einnig miðað við 7 punda pökkun, en það þýðir, að taka skuli tillit til aukakostnaðar af annars konar pökkun og sérstaklega þá eins punds pökkun, sem mun aukast mjög á yfirstandandi ári. Þetta er í sjálfu sér engin breyting, því að þessi hefur verið framkvæmd l. alveg frá því í fyrstunni, en okkur þótti viðfelldnara, fyrst þetta hefur verið eitt af höfuðatriðum verðákvörðunarinnar, að heimildin væri gefin í l. sjálfum. Önnur brtt. n. er um það, að breytt verði ábyrgðinni á saltfiskinum úr 2.48 í 2.52. Þetta er 4 aura hækkun. Við athugun kom það í ljós, að um ábyrgðarverð hraðfrysta fisksins er tekið tillit til kauphækkana, sem hafa orðið síðan síðustu l. um þetta voru gefin út. En í útreikningi á verði saltfisksins hefur ekki verið tekið tillit til annars en hækkunar á hráefni. Við óskuðum því álits atvmrh. og fiskábyrgðarn. á öðrum liðum, sem þyrfti að taka tillit til, og varð niðurstaðan sú, að bæði kauphækkanir og hækkun á tryggingu og fleiru mundu valda 6¼ eyris verðhækkun á saltfiskinum, en þar koma aftur til frádráttar 2¼ aurar, sem sparast á lækkuðu saltverði. Mismunurinn, 4 aurar, þarf því að koma fram í verðinu, og er þessi brtt. okkar miðuð við það að hækka þá tölu, sem í frv. er, upp í kr. 2.52.

Þetta er það, sem ég hef að segja fyrir hönd n. í heild sinni. En ég vil nota tækifærið til að minnast fáum orðum á þær brtt., sem ég á þátt í, ýmist einsamall eða með öðrum nm. — Ég skal þá fyrst geta um brtt., sem hæstv. fjmrh. ber fram, um að 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru, þ. e. a. s. söluskatturinn í 14. gr., breytist í 25%. Fjmrh. lagði þessa till. fyrir n., en við

óskuðum þess heldur, að hann flytti hana sjálfur, því að hér er í raun og veru ekki um breyt. að ræða, heldur leiðréttingu á frv. hæstv. ráðh. Ég og hv. 2. þm. Reykv. berum fram till. á þskj. 179, um að 12. gr. falli niður. En 12. gr. frv. er um það, að ef ekki verði gerðar neinar allsherjar ráðstafanir viðvíkjandi útgerðinni og í okkar dýrtíðarmálum fyrir 1. marz, skuli ábyrgðin gilda til 15. maí. Við leggjum hér til, að gr. falli niður, en það þýðir ekki, að við viljum, að ábyrgðin falli niður á miðri vertíð. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mun flytja brtt. um það, að ríkisábyrgðin nái til alls ársins, en ég flyt þessa till. m. a. vegna þess, að ég er með annarri till., sem er um það, að III. kafli dýrtíðarl., þ. e. a. s. tekjuöflunin, gildi aðeins til 1. marz. Þykir mér þá rétt, að sjálf ábyrgðin gildi ekki til lengri tíma. Ég get lýst því yfir fyrir mína hönd og minna flokksmanna, að við munum á sinni tíð fylgja því, að ábyrgðin haldi áfram alla vertíðina, ef ekki er búið að gera aðra skipan á þessum málum fyrir þann tíma. En þar sem þarf hvort sem er frekari athugun á þessum málum einmitt kringum 1. marz, þá er eins gott að málið sé tekið upp í heild sinni og þá í sambandi við annað frv., III. kafla dýrtíðarl. Og þar sem ríkisstj. nú gerir ráð fyrir, að möguleikar muni vera á því, að heildarsamþykkt um þessi erfiðustu mál Alþ., dýrtíðarmálin og verðlagsmálin, geti orðið lokið fyrir 1. marz, þá virðist eðlilegt, að þessi ráðstöfun nái ekki lengra en til þess tíma. Í sambandi við þessa brtt. hef ég gert grein fyrir brtt. á þskj. 180, sem er frá mér einum. Hún er um það, að III. kafli dýrtíðarl. gildi ekki nema til 1. marz, í staðinn fyrir til ársloka 1950, eins og í frv. stendur. — 3. brtt., sem ég þarf að minnast á, er á þskj. 178 og er frá mér, hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og hv. þm. V-Húnv. (SkG) og er um það, að 14. gr. falli niður, þ. e. a. s. hækkunin á söluskattinum. Það er hvort tveggja, að okkur hefur ekki litizt á þessa leið, a. m. k. ekki óbreytta, og fyrir mér leiðir þetta þar að auki af brtt., sem ég gat um síðast, að ábyrgðin og tekjuöflun vegna ábyrgðarinnar nái ekki lengra að sinni en til 1. marz, því að sú tekjuöflun, sem m. a. er tekin í 14. gr., er miðuð við það, að framhald verði á ábyrgðinni eftir 1. marz.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessar brtt. Hinir einstöku þm. munu gera grein fyrir öðrum brtt. sínum, sem mér virtist ekki, að skiptu allar svo mjög miklu máli, í sambandi við þetta mál. En n. leggur til í heild sinni, að ábyrgðin verði framlengd, og þó að menn hugsi sér hana framlengda mismunandi langan tíma, þá er þetta yfirlýsing frá öllum nm., fyrir sína hönd og sinna flokka sennilega, um það, að þeir framlengi ábyrgðina til vertíðarloka, ef ekki verður önnur ráðstöfun gerð fyrir 1. marz. — Læt ég svo máli mínu lokið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Frsm. n., hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), hefur gert grein fyrir afstöðu n. um þann hluta málsins, sem n. í heild er sammála um, og um þær brtt., sem við nokkrir nm. flytjum sameiginlega. Það, sem einkennir í raun og veru afgreiðslu n., er það, að öll n. er sammála um fiskábyrgðina og að meiri hl. n. er andvígur 14. gr. Og þar sem vitað er, að þeir flokkar, sem meiri hl. er fulltrúi fyrir, standa bak við andúðina gegn 14. gr., þá er þar með séð fyrir því, að þær álögur, sem þar um ræðir, verða ekki á lagðar að þessu sinni. Því miður eru brtt. mínar ekki komnar úr prentun, en þeim mun verða útbýtt rétt strax, og ætla ég nú að minnast á þær.

Ég flyt þá brtt. við 1. gr. frv., að í stað orðanna „í janúar og febrúarmánuði" komi: á árinu 1950. Hingað til hefur þetta verið þannig, að þegar fiskábyrgðin hefur verið lögleidd, þá hefur það strax verið látið gilda fyrir allt árið, og þrátt fyrir mikið traust manna á afgreiðslu mála hér á Alþ., þá held ég, að ekki sé vert að gera of mikið úr því og að rétt muni vera að binda þetta við allt árið frá byrjun. Svo fremi að Alþ. geri þarna aðrar breyt., t. d. í febrúarmánuði, þá breytist náttúrlega þessi grein þar með. En ég álít rétt að láta útgerðarmenn, sem ætla að hefja útgerð, fá tryggingu í l. um, að ábyrgð sé tekin á verðinu allt árið. — Ég ber svo fram brtt. um að fella niður 13. gr. frv., sem þýðir það, að þær tekjur, sem af söluskattinum koma, eins og hann er nú, mundu samkv. l., sem samþ. voru fyrir jólin, aðeins koma inn í janúarmán. Deilan er um það, *hvort söluskatturinn eigi að vera í gildi* í febrúarmánuði. Svo framarlega sem brtt. mín um að fella niður 13. gr. verður samþ., mun ég við 3. umr. málsins flytja brtt. um að afla nýrra tekna í staðinn fyrir þær, sem niður falla. Við sósialistar höfum flutt hér mjög ýtarlegar brtt. við fiskábyrgðarl., þegar þau hafa verið hér til umr. áður, til þess að tryggja tekjur á annan hátt en hér er tekið fram. Þetta kom sérstaklega fram í frv., sem við fluttum á Alþ. 1947. Í því voru gerðar mjög ýtarlegar till. bæði viðvíkjandi sölu sjávarafurða, innkaupastofnun fyrir þjóðina, verzlun með olíu og niðurfellingu tolla, um ráðstafanir til að lækka rekstrarkostnað útvegsins, um verzlun með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur og um eftirlit með verðlagi þeirra. Ég hef ekki séð ástæðu til þess við 2. umr. að endurtaka þessar till., meðan ekki er séð, að afstaða sé hér tekin með *því af meiri hl. Alþ. að fella niður þær leiðir*, sem fyrst og fremst stefna að því að leggja álögur á alþýðu manna. Það er deilt um, hvor leiðin skuli farin, hvort þær tekjur, sem þarf vegna fiskábyrgðarinnar, skuli teknar með almennum tollum, sem leggjast á alþýðu manna, eða hvort tekjurnar eiga að nást með því að taka á einn eða annan hátt verzlunargróðann í þjónustu ríkisins eða að nokkru leyti einnig að draga úr þeim gífurlega kostnaði, sem á útgerðinni hvílir vegna vaxtabyrða. Um þetta er í raun og veru greitt atkv. Álögur þær, sem nú á að lögfesta samkv. 14. gr. í frv. ríkisstj., eru ekki einvörðungu miðaðar við það að standa undir fiskábyrgðinni, heldur er fiskábyrgðin notuð sem yfirskin til þess að hækka tolla og auka dýrtíðina. Þannig er farið að því ár eftir ár að leggja á nýjar álögur, fyrst söluskattinn, sem svo er tvöfaldaður, og nú er lagt til, að hann verði lagður á *fimmfaldur*, og allt er þetta gert í skjóli fiskábyrgðarinnar, en

þó miðað við að skapa meiri tekjur en þyrfti til að standa undir fiskábyrgðinni. Ég get þessa, af því að hér er um principdeilumál að ræða. Það þýðir lítið að flytja hér þing eftir þing till. í þá átt að ganga á verzlunargróðann, svo framarlega sem enginn möguleiki er til að fá þær samþykktar, en ég tók það fram við 1. umr., að ef slíka hugarfarsbreyt. væri að eygja hér á Alþ., þá mundi ég koma með brtt. í áðurgreinda átt.

Þá hef ég í n. nokkuð rætt um það við aðra nm., hvaða frekari tryggingu Alþ. gæti veitt sjávarútveginum en þá, sem um ræðir í 1. gr., fyrir því, að sú fiskábyrgð, sem Alþ. nú veitir, komi að gagni. Ég gat þess við 1. umr., að það gildi, sem fiskábyrgðin hefði fyrst og fremst fyrir útgerðina, væri í því fólgið, að bankarnir hefðu treyst sér til að lána útgerðinni, svo að hún gæti gert út alla vertíðina í trausti á þessa fiskábyrgð ríkisins. Ég gat þess enn fremur, að bankarnir hefðu stundum sagt við hraðfrystihúseigendur, að nú gætu þeir ekki lánað meira, t. d. út á ákveðna tegund framleiðslu þeirra, af því að þeir álitu, að ekki væri til markaður fyrir hana. Nú er það vitanlegt, að a. m. k. bankastjórar Landsbankans líta svo á, að markaður sé mun óvissari en verið hefur, og þeir hafa látið þá skoðun í ljós, að það mundi engan veginn vera öruggt, að þeir láni út á eins mikla framleiðslu og reiknað er með af hálfu útgerðarmanna og lagt er til grundvallar fyrir fiskábyrgðinni. Ef svo færi, að bankarnir tækju upp á því, máske um miðja vertíð, að stöðva útlán sín, þá væri þar með að meira eða minna leyti búið að eyðileggja gildi fiskábyrgðarinnar fyrir útgerðina. Ég álít, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir þetta, og að útgerðinni sé tryggt það frá upphafi, að hún komi til með að fá lán í samræmi við þessa fiskábyrgð. Eðlilegast yrði að framkvæma þetta á þann hátt, að bankarnir yrðu skyldaðir til þess með l. að lána samkvæmt þessari ríkisábyrgð út á það, sem bátarnir gætu veitt og frystihúsin fryst. Slíkt kann að virðast dálítið óeðlileg afskipti af sumra hálfu af rekstri bankanna, en ég vil taka það fram, að Alþingi og ríkisstjórn taka ráðin yfir sjálfri framleiðslunni úr höndum útvegsins, taka ráðin yfir sölu aflans út úr landinu úr höndum útvegsins, taka gjaldeyrinn, sem útvegurinn framleiðir, úr höndum hans og afhenda bönkunum, og það er þá ekki nema eðlilegt, fyrst búið er að gera ríkið að aðila, sem eigi að stjórna þessu og ráða, að ríkið tryggi það um leið, að einn partur þess, bankarnir, haldi áfram sinni lánastarfsemi og veiti útveginum nægilegt lán, til þess að hann geti framleitt af fullum krafti. Ég hef minnzt á þetta í fjhn., en það hefur nú ekki fengið undirtektir þar, en ég er hins vegar ekki tilbúinn með till. um þetta efni, vegna þess að ég vildi fyrst heyra undirtektir hv. þm. hvað þetta snertir. Ég mundi síðar færa nokkur rök að því, hve mikla þýðingu það hefur fyrir afkomu útvegsins, hvort útgerðin er tryggð allan tímann eða ekki. Ég vil geta þess, að svo framarlega sem meiri hluti Alþ. er ekki samþykkur því að skylda bankana á þennan hátt til að lána útgerðinni og tryggja þannig, að útgerðin sé rekin af fullum krafti allan tímann, þá álít ég, að það verði alvarlega að athuga aðra leið í þessu sambandi, þá leið, að þegar eða ef bankarnir neita á ákveðnu tímabili að lána lengur t. d. út á freðfiskinn og hætta væri á, að bátaútvegurinn stöðvaðist, þá væri bátaútveginum og hraðfrystihúsunum fenginn réttur til að selja þann fisk og þá framleiðslu, sem framleidd er eftir þann tíma og ekki er hægt að fá bankalán út á, frjálst út úr landinu og að þeir hefðu, eftir ákveðnum reglum, ráðstöfunarrétt yfir þeim gjaldeyri, sem þeir fengju fyrir þá framleiðslu. Ég álít, að það þurfi að koma í veg fyrir, að hægt sé að stöðva útgerðina á miðri vertíð, og jafnframt þurfi að koma í veg fyrir, að útgerðarmönnum sé neitað um lán og bannað að selja vöru, sem þeir geta framleitt og sjálfir selt. Við munum eftir því, hvað hæstv. fjmrh. sagði hér nýlega í ræðu um ríkisábyrgð í sambandi við verkamannabústaði, að ríkisábyrgðin væri ekki sérlega mikils virði gagnvart bönkunum. Ég er ákaflega hræddur um, að við þurfum að taka nokkurt tillit til þeirra raunhæfu orða við afgreiðslu þessa máls, á þann hátt, að við göngum þannig frá málinu, að bankarnir verði að taka tillit til þessarar ríkisábyrgðar. Ég minni sem sagt á þetta atriði nú og vildi við þessa umr. gjarnan heyra undirtektir hv. þm. um það. Eftir því, sem þær undirtektir verða, mun ég koma með till., sem miða að því að tryggja þetta raunhæft.

Þá vil ég enn fremur geta þess, að við tveir nm. tókum til athugunar, hvort ekki mundi vera réttast að lögbinda frílistann. Ég býst við, að hv. þm. V-Húnv. (SkG) komi inn á þetta efni, þegar hann talar, og mun ég því ekki orðlengja um það.

Svo langar mig til að fara nokkrum orðum um þá útreikninga, sem lágu fyrir n. og þessi fiskábyrgð byggist á, af því að ég held, að rétt sé fyrir okkur að gera okkur við þessa umr. málsins nokkuð ljóst, hvaða verðmæti hér er um að ræða. Hafi ég misskilið eitthvað af þeim reikningum, sem lágu fyrir n., þá þætti mér vænt um, að það yrði leiðrétt. Ég vil nú reyna að gefa nokkurt yfirlit yfir það, hvernig þessir útreikningar eru gagnvart saltfiskinum og hraðfrysta fiskinum. Á árinu 1949 hafa ríkisgreiðslurnar numið fyrir 23 þús. tonn 11,5 millj. kr., eða 500 kr. á tonnið, og mér reiknast til, að nú í ár verði að bæta við þetta um 250 kr. á tonnið, eða á árinu 1950 verði ríkið að greiða 750 kr. með saltfisktonninu. Sé reiknað með 23 þús. tonna framleiðslu af saltfiski, mun það verða að útflutningsverðmæti líklega í hæsta lagi 44 millj. kr., en ríkisábyrgðin af því mun nema 16,5 millj. Hvað freðfiskinn snertir, þá var ríkisábyrgðin í fyrra 19 millj. kr. með 27 þús. tonnum, eða um 700 kr. á tonn. Nú í ár er gengið út frá því, að hráefnahækkun á samsvarandi magni mundi skapa viðbótargreiðslur, sem nema 7,7 millj. kr. Síðan kemur til greina sú hækkun, sem mun verða af auknum umbúðakostnaði og fleiru, um 4 millj. kr., en við það bætist svo, eftir útreikningum L. Í. Ú., sú hækkun, sem verður vegna

breyttra pökkunaraðferða. Er þá kominn aukakostnaður, sem nemur 10 til 11 millj. kr. Nú vil ég geta þess í þessu sambandi, að þar sem hér er reiknað með 10—11 millj. kr. í auknum kostnaði, þá þýðir það raunverulega, að þarna er verið að reikna með verðlækkun á freðfiskinum. Það er gefið, að samanborið við 7 lbs. pökkunina, þá mundi þessi nýja pökkun eiga að skapa samsvarandi verðmæti, þannig að hún hefði átt að bæta almennt við, eins og fram kemur í brtt., sem fjhn. sameiginlega flytur. Taki maður þessa hækkun með, verður viðbótin alls 21,7 millj. kr., og að viðbættri útflutningsábyrgðinni, 19 millj. kr., verður þetta samtals 40,7 millj. kr. Ef hægt væri að reikna með 2600 kr. fyrir tonnið af freðfiskinum, þá verður þessi afli um 70 millj. kr. í útflutningsverðmæti, en meðgjöfin með þessu magni er þá um 40 millj. kr. Þá yrði saltfiskurinn, 23 þús. tonn, og freðfiskurinn, 27 þús. tonn, að útflutningsverðmæti 114 millj. kr. og með því væru borgaðar 56 millj. kr. af ríkinu, eða upp undir það helmingur af verðmæti þessa útflutnings. Nú er rétt að gera sér það ljóst, og ég vil taka það greinilega fram, að ég reikna með því, að ríkið borgi verðlækkunina á freðfiskinum, 10 til 11 millj. kr.

Þá vil ég minnast á, að enn fremur hafa fulltrúar frá togaraeigendum komið að máli við n. og rætt við okkur afstöðuna, bæði viðvíkjandi gömlu togurunum og nýsköpunartogurunum, og það er rétt, að það komi fram við þessa umr., svo að það verði tekið með í reikninginn, þegar ríkið gerir sínar ráðstafanir varðandi þessa framleiðslu. Það er sérstaklega bent á það, hvað gömlu togarana snertir, að þeir mundu, ef þeir væru gerðir út á saltfisk, geta framleitt um 8 til 9 þús. tonn af saltfiski, sem er að verðmæti um 16 til 18 millj. kr. Og hvað nýsköpunartogarana snertir, sem er reiknað með að geti framleitt 100 þús. tonn, ef þeir eru gerðir út á ísfisk, þá mundu þeir geta framleitt saltfisk, ef ekki eru reiknaðar afskriftir af þeim, fyrir um 2 kr. kg, eða á því verði, sem almennt er reiknað með, að hægt sé að fá fyrir saltfisk. Þið takið eftir þessu, að það er verið að tryggja bátaútveginum kr. 2,52 fyrir hvert kg af saltfiski. Nýsköpunartogararnir geta framleitt hann fyrir 2 kr. kg, ef ekki er reiknað með afskriftum af þeim. Það er þess vegna gefið, að það vandamál, sem liggur fyrir okkur í sambandi við ákvörðun um fiskábyrgðina og þar með ráðstöfun á fiskframleiðslu Íslendinga í ár og skipulag af hálfu ríkisins á þessari framleiðslu, snertir ekki einungis bátaútveginn, heldur líka bæði gömlu og nýju togarana. Hins vegar er það gefið, að það, sem raunverulega gerir það að verkum, að ekki er hægt að taka t. d. gömlu togarana að einhverju leyti með í fiskábyrgðina eða að skipuleggja nýsköpunartogarana á saltfiskveiðar nú, er það, að álitið er, að framleiðsla saltfisks verði allt of mikil. Nú vil ég taka það fram, að allur sá útreikningur, sem liggur til grundvallar fyrir fiskábyrgðinni, eins og hún liggur fyrir hér, byggist á fullri drift, bæði hjá bátunum og hraðfrystihúsunum, þannig að hraðfrystihúsin geti framleitt allan tímann og svipað magn og undanfarin ár. Svo framarlega sem það kemur í ljós, að bankarnir treysti sér ekki til og þeir aðilar, sem með söluna hafa að gera, að selja meira en t. d. 15 þús. tonn af freðfiski og framleiðslan gæti stöðvazt af óttа við markaðsvandræði, þá mundi það þýða það, að allur útreikningurinn til grundvallar fiskábyrgðinni væri rangur, vegna þess að allur fastur kostnaður við rekstur bátanna og hraðfrystihúsanna mundi auðvitað verða miklu hærri en hann nú er reiknaður, ef hann ætti að reiknast á helmingi minna magn, hvað freðfiskinn snertir. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt, að þm. geri sér það ljóst, þegar þetta mál er afgr., að það er reiknað með fullum afköstum hraðfrystihúsanna og fullum gangi bátanna, í því verðmæti, sem hér er lagt til grundvallar, og svo framarlega sem full afköst eru ekki tryggð og útveginum tryggt að geta starfað af fullum krafti allan tímann, þá er ekki skapaður fjárhagslegur grundvöllur fyrir útveginn með þessum l. Við reyndum í n. að fá nokkrar upplýsingar viðvíkjandi útliti um markaði, og ég álít, að það sé atriði, sem menn alveg sérstaklega verða að gera sér grein fyrir við afgreiðslu þessa máls. Það verður að vera þeim hv. þm. ljóst, sem eiga að taka á sig þá ábyrgð að afgreiða þessi l., hvernig útlitið sé með markaði fyrir fiskframleiðsluna og hvað það sé, sem hægt er að treysta á. Við þurfum að vita, á hvaða fjárhagslegum grundvelli við stöndum, þannig að við ekki lítum svo á eftir á, að við höfum verið að stiga út í eitthvert kviksyndi. Það hefur verið upplýst, að England og Þýzkaland hafi verið aðalmóttökulöndin fyrir freðfiskinn á s. l. ári., en að útlitið sé þannig, að í Þýzkalandi sé mjög lítil von um markað fyrir freðfisk og á Englandi sé útlit fyrir stórkostlega minnkandi markað fyrir annað en freðfisk, sem stendur, sem er að nokkru leyti í sambandi við það, að enska stjórnin hefur ákveðið að hætta öllum fiskkaupum. Hins vegar liggur ákaflega mikið fyrir af frystum fiski í Englandi, svo að mjög lítlar vonir standa til þess, að freðfiskmarkaðurinn þar taki á móti varla helmingi af því, sem verið hefur undanfarið. Eftir útlitinu að dæma, er það svo, að helzt séu vonir um markaði í sumum litlu löndunum, t. d. í Sviss, Palestínu og kannske Finnlandi. Þess vegna er ekki annað hægt að segja en að markaðsmálin séu mál, sem við verðum alvarlega að athuga við afgreiðslu þessa máls. Ég álít, að það séu fullkomnir möguleikar á því fyrir okkur að halda þeirri lífsafkomu, sem þjóðin hefur haft undanfarið, svo framarlega sem framleiðsluhættir okkar eru hagnýttir til fulls. Það er enginn efi á því, að jafnvel þótt við reiknum með verðlækkun á okkar afurðum, bæði á freðfiski, saltfiski og ísfiski, þá getum við komizt upp í það að hafa hærri útflutningsverðmæti en við höfum haft undanfarin ár, og reikna ég þá líka með samsvarandi síldarleysi og verið hefur. Við verðum aðeins að geta tryggt það, að bátaflotinn, togararnir, og þar með gömlu togararnir, og hraðfrystihúsin sé rekið með fullum krafti allan tímann. Ég hef stillt upp að gamni mínu útreikningi yfir það, ef reiknað er með

því, að bátarnir séu á saltfiskveiðum og gömlu togararnir, en sú framleiðsla mundi nema 30 þús. tonnum. Sé þessi framleiðsla reiknuð á 2 þús. kr. tonnið, mundi þetta gera 60 millj. kr. Ef reiknað er með 27 þús. tonnum af freðfiski, á því verði, sem selt var fyrir á síðasta ári, 2600 kr. á tonn, þá yrðu það um 70 millj. kr. Ef svo nýsköpunartogararnir færu á ísfisk og framleiddu 125 þús. tonn á 750 kr. tonnið, þá mundi það nema 93 millj. kr., eða ef þeir færu á saltfiskveiðar yfir hávertíðina, sem mundi þýða, eftir útreikningi L.Í.Ú., að þeir mundu framleiða um 22 þús. tonn af saltfiski og svo ísfisk hinn tímann, þá yrði verðmæti þeirrar framleiðslu 100 millj. kr. Þessi fullnýtti floti mundi gefa, hvað þessa framleiðslu snertir, 223 millj. kr., með þessu lækkaða verði, en sama framleiðsla gefur á árinu 1947, á því síldarleysisári, 160 millj. kr. af þeim 290 millj. kr., sem við fluttum út fyrir það ár. Við höfum möguleika á því að auka framleiðslu okkar, við höfum tæki til þess, og jafnvel þó að við verðum að reikna með verðlækkun og síldarleysi undanfarinna ára, að undanskildu árinu 1948, þá mundi verðmæti þessa útflutnings slaga upp í 350—400 millj. kr., eða hátt upp í andvirði þeirrar framleiðslu, sem við fengum á því ári, sem Hvalfjarðarsíldin gaf okkur 100 millj. kr. í tekjur. Ég tek þetta fram vegna þess, að þær hugmyndir hafa komið fram varðandi lækkun lífsafkomu þjóðarinnar, að óhjákvæmilegt sé, að útflutningsverðmætið minnki. En ef við höldum útflutningsverðmætinu, þá getum við fengið nauðsynjar okkar, og við vinnum upp lækkað verðlag með meiri afköstum og fjölbreyttari framleiðslu. Með því getum við aflað nægra tekna til þjóðfélagsins og þurfum ekki að skera niður lífsafkomu þjóðarinnar. En nú virðist það vofa yfir, að þessi framleiðsla verði skorin niður. Það er talað um, að freðfiskframleiðslan fari niður í 15—20 þús. tonn og saltfiskframleiðslan niður í 20 þús. tonn og hugsanlegt sé, að til viðbótar við það, að gömlu togararnir liggja bundnir við hafnarbakkann, þá verði nýsköpunartogararnir einnig stöðvaðir. Ef slíkt yrði, þá verður útflutningsverðmætið ekki lengi að fara niður í 100 millj. kr. Verði framleiðslan minnkuð, þá er þetta að athuga: Í fyrsta lagi: Það yrði stórkostlegt tap fyrir sjávarútveginn, vegna þess að allur rekstrarkostnaður yrði hærri. Í öðru lagi: Það hefði í för með sér atvinnuleysi fyrir þá landsmenn, sem við sjávarútveginn vinna. Í þriðja lagi: Það leiddi af sér stórkostlegan gjaldeyrisskort fyrir þjóðina. Í stað 80—120 milljóna kr. kæmi þá aðeins 60—80 milljónir kr. Í fjórða lagi: Slíkur gjaldeyrisskortur ylli því, að eingöngu brýnustu rekstrar- og nauðsynjavörur og vörur til annarra atvinnuvega yrðu fluttar inn, en sparaður yrði innflutningur á þeim vörum, sem gefa mesta tolla og aðflutningsgjöld af sér í ríkissjóð. Þær mundu eigi þykja eins nauðsynlegar. En með þverrandi tolltekjum og sköttum stæði ríkið eigi undir þeim útgjöldum og ábyrgðum, sem á það eru lagðar í l. Ef þessi útflutningsverzlun mundi bila, þá bilaði og allur ríkisbúskapurinn.

Ég held, að við eigum að ræða þetta mál alvarlega. Hér er í rauninni ekki um dýrtíðarvandamálið að ræða. Það er áreiðanlega hægt fyrir Íslendinga að leysa dýrtíðarmálin innanlands. Það eru ekki þau, sem hafa verið að drepa þjóðina undanfarin ár. Það er ekki heldur verðlagslækkunin. Spurningin er um hitt, hvort við séum samkeppnisfærir. Þótt við tækjum upp á því að ætla að undirbjóða hollenzka, danska, norska og aðra erlenda fiskimenn með því að þræla sjómönnum okkar út, þá mundi það eigi leysa málin. Þessar þjóðir sleppa okkur ekki inn í lönd sín. Þær leggja toll á fiskinn, eins og Englendingar og Þjóðverjar munu gera. Þær takmarka innflutninginn og hindra okkur í að selja, þótt við reyndum að undirbjóða alla aðra. Eigi er heldur um það að ræða að bíða eftir lausn í dýrtíðar- og verðlagsmálunum. Það er hægt að lækka verðlagið, en það lagar ekki hitt, sem mér hefur eigi enn verið bent á, en er þó aðalmálið: markaðsvandamálið. Það er mesta málið. Það er möguleiki á að selja fiskinn fyrir það verð, sem með ríkisábyrgð er kleift að framleiða hann fyrir. Þar er þá komið að því vandamáli, sem er höfuðvandamálið.

Fyrir rúmum tveim árum var tekin sú ákvörðun að binda verzlun Íslendinga fyrst og fremst við Vestur-Evrópulönd. Það var gerður Marshallsamningur. Þar var undirstaðan sú, að fyrir freðfisk og ísfisk væru markaðirnir í Englandi, Þýzkalandi og víðar þar um slóðir. Á allan hátt var reynt að gylla það fyrir þjóðinni, hversu öruggt það væri að binda sig efnahagslega við þessi lönd. En ég benti á, að þessi lönd lægju öll að Atlantshafinu, væru fiskveiðaþjóðir, hefðu margar stundað fiskveiðar við Íslandsstrendur og mundu, þegar þær væru búnar að ná sér eftir hörmungar styrjaldarinnar, taka upp útgerð að nýju og keppa við okkur, ef eigi hafi þá verið hafnir samningar um þá samvinnu, er gerði okkur Íslendinga samkeppnisfæra, og að við fengjum að selja fiskinn okkar. Ég sýndi fram á, að við fengjum að selja til Þýzkalands til að fæða Þjóðverja meðan þeir væru að byggja upp togaraflota sinn að nýju, en síðan yrðum við útilokaðir, þegar Þjóðverjar og aðrar þjóðir færu að sigla á Íslandsmið eftir 2—3 ár. Við áttum að framleiða mat handa hinum hungruðu Þjóðverjum, en síðan mundum við fá sparkið. Ég studdi þetta eigi einvörðungu með tilgátum, ég studdist líka við ummæli hins ameríska umboðsmanns Marshallhjálparinnar, en hann sagði, að eftir árið 1950 mundi fiskframleiðsla Íslendinga skipta litlu máli fyrir þessi lönd. Og nú er það komið á daginn, að með því að binda viðskipti okkar við þessi lönd höfum við gert hrapallega og örlagaríka vitleysu. Við bindum okkur við lönd, sem vilja lítið með okkur hafa að gera. En öll okkar framleiðslugeta og miklu framleiðslutæki eru miðuð við fullan rekstur og mikla og örugga markaði. Þess vegna er ég hræddur um, að við, ef við brjótum nú ekki við blaði, fáum að kenna á fyrstu afleiðingunum af rangri viðskiptapólitík. Ég get um það sem dæmi, að sé það satt, sem ég hef heyrt eftir einum af bankastjórum Landsbankans, er ég þekki nokkuð, að eigi sé unnt að selja nema um 15 þús. tonn af freðfiski í ár, þá er það ekki

nema helmingur af því, sem við getum framleitt. En í júnímánuði árið 1947, þegar við ákváðum að selja til Sovétríkjanna m. a. freðfisk fyrir 97 millj. kr., þá var samið um mikla sölu, sem komst upp í 15 þús. tonn, og er það m. ö. o. eigi nema um helmingur af kleifri framleiðslu, ef tækin eru í fullum rekstri. — Því álít ég, að mál það, sem ríður á að fá rætt og upplýst frá þeim, er gerst eiga um þetta að vita, sé markaðsútlitið og öryggið fyrir vörur sjávarútvegsins, — hvar þeir, sem ráða í landinu, hafa öryggið, sem þeir lofuðu þjóðinni með Marshallsamningnum og hún á kröfu til. Og ég vil geta þess fyrir þær sakir, hversu mikið hefur verið talað um lausn mála bátaútvegsins í febrúarmánuði, að það eru engin rök, þótt við vitum, að hún yrði gengislækkun um 30—40%, að þetta hjálpaði neitt verulega, hvað þessi mál snertir. Ástandið mundi breytast að vísu til batnaðar um skeið, — áður en hækkun útlendrar vöru kæmi fram. En mjög mikið af þeirri hækkun, sem við berjumst við nú, er gengislækkun, sbr. verð á olíu og benzíni. Þetta veldur því, að ríkið verður að taka á sig milljóna króna byrðar vegna verðhækkunar á dollarnum. Ég held, að Alþ. eigi kröfu á því, að markaðsmálið sé rætt og frá því sé skýrt, hvaða möguleika þeir menn sjái, sem landinu halda í einokunarklóm, og þeir sýni, hvar og hvernig við eigum að selja afurðirnar og kaupa nauðsynjar okkar í staðinn. Íslendingar búa við einokun af hálfu hæstv. ríkisstj.

Ég hef farið ýtarlega inn á þetta mál, því að ég held, að ef við eigum að ræða það raunhæft, þá verði mönnum, áður en þeir samþykkja eitthvað, að vera ljóst, hvað þeir eru að gera. Við eigum ekki aðeins að horfast í augu við ástandið, heldur og gera viðhlítandi ráðstafanir til að skapa fjárhagslegan grundvöll. Þessi fiskábyrgðarl. eru ekki nægilegur grundvöllur. Samtímis þarf svo að skapa markaðsöryggi. Ég vonast til, að inn á þetta verði komið, og er reiðubúinn til ýtarlegra umræðna um það mál. Og ég vonast til, að eigi verði reynt að blekkja menn með því að segja, að breytingar á einu saman verðlaginu geti bjargað þessu, því að það væri algerlega rangt. Tilgangurinn með fiskábyrgðunum hefur verið sá að skapa fjárhagsgrundvöll. Hann verður þó eigi tryggður með því einu, heldur og með hinu, að tryggja markaði um leið. Og ég vonast því til, að hæstv. ríkisstj. gefi þessari hv. d. þær uplýsingar, sem hún sjálf veit beztar, svo að d. geti rætt það vandamál alveg raunhæft.

ATKVGR.

Brtt. 176, 178, 179, 180, 182, 183, 184 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efni frv. almennt. Vil ég aðeins minnast á tvær brtt., sem eigi hefur áður verið getið og ég er flm. að. — Á þskj. 182 flyt ég brtt. ásamt hv. þm. Snæf., þess efnis, að á eftir 5. gr. frv. komi ný gr. um ábyrgð ríkissjóðs á verði fyrir útflutt kjöt. Gr. þessi er samhljóða að efni samsvarandi ákvæði í l. nr. 100/1948, um aðstoð við atvinnuvegina. En ríkið mun ekki hafa þurft að greiða neitt vegna þess ákvæðis, því að ekki hefur verið flutt út neitt af kjöti á verðlagsárinu frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950. Ég býst ekki við, að til þessa þurfi heldur að taka nú, því að horfur eru á, að allt kjöt, sem kom á markaðinn í haust, verði selt innanlands. En okkur þótti rétt, að ákvæðið stæði áfram.

Þá flyt ég brtt. á þskj. 183, um viðbót við 12. gr. frv., en í henni eru ákvæði um það, að verði eigi gerðar aðrar ráðstafanir fyrir lok febrúarmánaðar en í þessu frv. felast, þær er leysi rekstrarvandamál bátaútvegsins, þá skuli gildi l. framlengjast til 15. maí og skuli þá framlag ríkissjóðs hækka. Nú tel ég, að kæmi ný löggjöf áður en ábyrgðin fellur niður, þ. 15. maí, ætti framlagið að lækka hlutfallslega. E. t. v. hefði verið hægt að orða þetta á heppilegri veg, en mönnum á að vera ljóst, að gangi ný löggjöf í gildi fyrir 15. maí, þá verði þessi upphæð að lækka hlutfallslega eftir því, hvenær þetta ákvæði fellur niður.

Varðandi orð hv. 2. þm. Reykv. (EOl) vil ég taka fram, að við fjárhagsnm. höfum til athugunar eina brtt. í viðbót. Við höfum þó eigi getað rætt hana, og er þá til athugunar, hvort við komum henni að við 2. eða 3. umr. En þar eð hún liggur eigi fyrir enn, geri ég hana ekki frekar að umtalsefni.

Finnur Jónsson: Við tveir þm., hv. þm. Borgf. (PO) og ég, höfum flutt brtt. við annað lagafrv. í þinginu fyrir áramót vegna sjóveðskrafna þeirra, sem á fiskiskipum hvíla eftir síldarvertíðina. Nú höfum við fengið upplýsingar um, að þetta hafi eitthvað lagazt. En hins vegar liggur fyrir í bréfi, sem fylgir þessu frv., að Landssamband íslenzkra útvegsmanna telji það eitt af skilyrðum þess, að hægt verði að hefja útgerðina í vetur, að sjóveðskröfurnar verði innleystar með aðstoð ríkisins hið allra fyrsta. Áður hafði Landssambandið gert um það ákvörðun eða samþykkt á fundi sínum fyrir áramótin, sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til samkomulags þess, er fulltrúafundur L.Í.Ú. gerði við ríkisstj. þ. 11. jan. 1949, þar sem ríkisstj. lofaði setningu laga um afla- og hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og jafnframt, að sjóðurinn yrði starfræktur árið 1949, samþykkir aðalfundur L.Í.Ú. að skora á Alþingi, að með því að lögin um afla- og hlutatryggingasjóð ákveða, að greiðslur úr sjóðnum nái ekki til ársins 1949, þá geri það þegar ráðstafanir í sambandi við frumvarp til laga um viðauka við og breytingu á lögum nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl., á þá leið, að síldarútvegsmönnum, er gerðu út á síldveiðar sumarið 1949, verði veitt aðstoð vegna aflabrestsins, eigi minni og með svipuðu fyrirkomulagi og gert var vegna síldarleysisins 1948.

Í þessu sambandi vill fundurinn vekja athygli Alþingis á því, að þar sem margir útvegsmenn hafa enn ekki getað innleyst sjóveðskröfur af skipum sínum, er það mjög aðkallandi, að máli þessu verði hraðað."

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í það að ræða þessa till. frekar. Það var á sínum tíma samkomulag um það milli fjórða sambandsþings útgerðarmanna og ríkisstj., að aflatryggingasjóðurinn skyldi taka til starfa 1949, en síðan var ákveðið með l. frá Alþ., að það skyldi ekki verða fyrr en 1950. Ríkið hafði veitt þeim mönnum nokkra fyrirgreiðslu, sem verst höfðu orðið úti, er síldarvertíðin brást í annað, þriðja og fjórða sinn, en í fyrrasumar var það í fimmta sinn, sem vertíðin brást, og þar sem aflatryggingasjóðurinn gat ekki tekið til starfa fyrir þá vertíð, er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að Alþ. veiti heimild til þess að greiða fyrir þeim, sem fyrir aflabresti urðu þarna fimmta sinn, er vertíðin brást s. l. sumar. Það er því þess vegna, sem við höfum lagt fram þessa till. núna, þar sem það er einnig sýnilegt, að það gæti ekki komið annars það fljótt á dagskrá núna, að það yrði afgreitt í tæka tíð. Till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna."

Lögin, sem þarna er vitnað til, eru frá 15. des 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Í 2. gr. þeirra laga er það tekið fram, að ríkissjóður geti leyst til sín lögveðskröfur á hendur þeim útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1948. Enn fremur er heimilt að veita útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum lán samkv. lögum þessum, sem svara til krafna þeirra, er í 1. mgr. eru taldar, ef aðilar hafa þegar greitt þær og þeim ella væri ókleift að halda áfram rekstri vegna aflabrests 1948. — Þá eru í 3. gr. þessara laga ýmis fyrirmæli um það, hvernig hagað skuli innlausn þessara krafna, og annað, sem nauðsynlegt er að lögum. En samkv. 5. gr., sbr. 6. gr., skipar sjútvmrh. 5 manna nefnd, skilanefnd, til að hafa á hendi innlausn lög- og sjóveðskrafna og aðra framkvæmd laganna.

Nú er svo komið, að starfandi er skilanefnd, skv. l., og er þá ekki nema eðlilegt, að hún hafi á hendi innlausnina.

Það má segja, að það hafi verið heldur hljótt um þetta mál hér á þingi og gætir um það nokkurs misskilnings, því að stjórn L.Í.Ú. heldur því fram, að hún hafi haft samband og miklar umr. um þetta mál við fyrrv. hæstv. sjútvmrh., núv. atvmrh., en hann heldur því hins vegar fram, að það hafi varla verið minnzt á þetta mál við sig. En það má vera, að þeir hafi álitið sem svo, að þar sem áður var búið að gera nauðsynlegar ráðstafanir, er vertíðin hafði brugðizt sumrin á undan, þá hafi þeir nú talið, að þessar ráðstafanir mundu nú einnig verða gerðar án sérstaks eftirgangs. En hvað sem því líður, þá hefur L.Í.Ú. nú safnað skýrslum um sjóveðskröfur á viðkomandi skipum, og eftir því sem fyrir liggur, virðist sjóveð nú vera á um það bil 70 skipum, sem síldveiðar stunduðu s. l. sumar. Eflaust er það nú svo, að þessi skip fara nú ekki öll á þorskveiðar í vetur. En ef sjóveðin væru innleyst af þeim, þá gæti það munað miklu um þann afla, sem þau veiddu, ef þau færu öll á vertíðina í vetur. Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, nemur sjóveðið um 3 millj. króna á þessum skipum, en eðlilega þarf þessi skýrsla endurskoðunar við, en við flm. höfum þó haldið okkur við þá upphæð, en flm. erum við hv. þm. Borgf. (PO), hv. þm. Siglf. (ÁkJ), hv. þm. Snæf. (SÁ) og ég. Ætlunin var, að hv. sjútvn. Nd. flytti þessa till., en við náðum ekki í hv. þm. N-Þ. (GG) það tímanlega, að hann gæti sagt álit sitt á henni eða gefið svar um, hvort hann yrði með henni, svo að þess vegna er hún flutt af okkur hinum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þessa till., en vil leyfa mér að leggja hana fram núna og óska, að afbrigða verði leitað fyrir henni. Einnig vil ég leyfa mér að vænta þess, þar sem það lítur út fyrir, að flokkarnir séu sammála um að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun útvegsins, að þá verði einnig gerðar ráðstafanir til þess að sjá fyrir þessu veigamikla atriði.

Forseti (SB): Mér hefur borizt till. frá þm. Ísaf., þm. Borgf., þm. Siglf. og þm. Snæf., og er hún svo hljóðandi: [Sjá þskj. 186].

Þar sem brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi takast fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. og ég erum sem meðlimir hv. fjhn. Nd. sammála um samþykkt þessa frv., að mestu eins og það liggur hér fyrir, en þó með þeim breyt., sem lagt er til á þskj. 177, að gerðar verði. Þó vildi ég gjarnan fallast á breyt. á 12. gr. eins og kom fram hjá hv. þm. V-Húnv. (SkG) áðan. Í sambandi við fjáröflun þá, sem í frv. ræðir til þess að standa straum af útgjöldunum, mun hæstv. fjmrh. tala hér á eftir. En ég verð þó að segja það, að það er dálítið óviðfelldið, þegar um er að ræða svo stóra útgjaldaliði sem hér, að þm. skuli ekki vilja heimila ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að mæta þessum útgjöldum.

Það hefur mikið verið um þetta rætt, en þó aðallega af hv. 2. þm. Reykv. (EOl), en að svo stöddu mun ég ekki fara út í þær umr. frekar. En hins vegar vil ég leggja á það megináherzluna, að þessu máli verði flýtt svo sem auðið er, þar sem hver dagur, sem á sjó gefur og ekki er hægt að róa, vegna þess að ekki er búið að samþ. þetta frv., getur kostað þjóðina 1—3 millj. kr. í útflutningsverðmætum.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir það, að hv. fjhn. hefur leitazt við að sýna lit í þessu stórmáli, en hefði

þó kannske átt að vona, að það hefði orðið fyrr, svo mikil áherzla sem var á það lögð af þingflokkunum, að ríkisstj. kæmi með till., jafnvel um sjálfa jólahelgina. Þá hefði einnig mátt ætla, að einhverjir mundu koma með till. um þetta efni, á þessum grundvelli, svo að þeir, sem við eiga að búa, gætu fengið tryggingu, er við mætti una.

Nú sýnist mér það ekki vera umdeilt, að undirbúningur ríkisstj. hafi verið á þann veg, að engan veginn hefur verið tekið undir fyllstu kröfur, er fyrir lágu, heldur hafi hún leitazt við að stilla þeim í hóf, áður en hún lagði þær fyrir hv. Alþ. Það virðist horfa þannig við, að hv. fjárhagsnefndarmenn, og líklega þá einnig þeir flokkar, sem að þeim standa, líti allmisjöfnum augum á þessa ábyrgð. Það hafa myndazt ýmsar samfylkingar um brtt. á hinum ýmsu þskj.: Alþfl.-menn og kommúnistar, framsóknarmenn og kommúnistar og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn á einstaka. Um þau atriði, sem n. hefur orðið sammála um, má heita, að sé fullt samkomulag í hv. d., og um þær breyt., sem hún leggur til, að gerðar verði, og birtast á þskj. 177 og teljast mega réttmætar eftir atvikum. En n. hefur komizt að þeirri niðurstöðu um ábyrgðarverð á saltfiski, að þar væri fullhart í reikningnum gengið, en upphaflega er við það miðað, að saltverð hafi minnkað, en flutningskostnaður hins vegar aukizt sem því nemur. Það mun þó sönnu nær að hafa ábyrgðina eins og lagt er til í brtt.

Þá er það sjálf ábyrgðin. Mér skilst, að hv. 2. þm. Reykv. vilji ganga lengst og láta ábyrgðina gilda fyrir allt árið. Þar næst er það svo frv. sjálft og till. hv. þm. V-Húnv., sem vill ganga jafnlangt og í frv. segir, hvað ábyrgðina áhrærir. Svo er það hv. form. fjhn., þm. V-Ísf. (ÁÁ), sem ekki vill taka lengri ábyrgð en til 1. marz. Þó hefur hann gefið þá yfirlýsingu fyrir sjálfan sig og flokksbræður sína, að ef ekki væru á því tímabili komnar fram aðrar heildarráðstafanir, sem gerðu ábyrgðina óþarfa, þá mundi hann vera með áframhaldandi ábyrgð. Í samræmi við till. sína um, að 12. gr. félli niður, vill hann einnig láta fella 14. gr., en hún fjallar um tekjuöflun til þess að standa undir þessum skuldbindingum.

Mér skilst, að bæði hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V-Húnv. vilji láta ábyrgðina standa áfram eftir 1. marz, hv. þm. V-Húnv. til vertíðarloka, 15. maí, en hinn allt árið. En báðir eru á því að fella í burtu 14. gr., og virðist þá sem þeir vilji láta lögfesta ábyrgð, láta Alþingi gefa fyrirheit um að styrkja bátaútveginn með milljónaframlagi, en gera hins vegar ekkert ráð fyrir neinni tekjuöflunarleið til þess að standa undir þessum útgjöldum. Í þessu sambandi vil ég minnast á till. um kjötábyrgðina og taka fram, að ég skal ekki hafa á móti henni.

Þegar um er að ræða að gera ráðstafanir til þess að gera það fært fyrir bátaútveginn að hefja veiðar, og á það hefur verið lögð mikil áherzla, bæði núna fyrir áramótin og fyrr, af Alþfl. og Framsfl., þá er það undarlegt, þegar sá þessara flokka, sem hvað mesta áherzlu lagði á skjóta úrlausn, vill kippa öllum fjárhagsgrundvellinum undan og sigla þannig í kjölfar hv. 2. þm. Reykv.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á afstöðu bankanna til þessa máls. Ég get sagt hv. þdm. það, að það hefur verið rætt við bankastjóra þjóðbankans af hv. n., og ég hef rætt við bankastjóra Útvegsbankans um lán til útgerðarinnar, og kom það þá í ljós mjög skýrt, sérstaklega þó hjá bankastjóra Útvegsbankans, að þeir mundu miða gerðir sínar við það, hvað Alþ. mundi gera í þessu máli. Það getur vel verið, að bönkunum þyki nægilega frá þessu gengið í frv., en hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. V-Húnv. vilja, að þingið lofi þessari ábyrgð án þess að tryggðar séu tekjur til þess að standa undir skuldbindingunum, en ég efast þó um, að bönkunum finnist nægilega og forsvaranlega frá þessu gengið.

Við 1. umr. þessa máls var mikið mál í það borið, að í frv. væri ofreiknaður sá kostnaður, sem af ábyrgðinni stafaði. Ég sagði það þá, að við skyldum ekki eyða of miklum tíma í það í d. að ræða það, því að hv. fjhn. mundi verða séð fyrir öllum gögnum, sem ríkisstj. hefði haft undir höndum, og gæti þá hv. fjhn. gengið úr skugga um, hvort of í lagt væri. Ég ætla nú, að það hafi komið fram á fundum hv. fjhn., að engin ástæða var til þess að vefengja þær tölur, sem ég lét eftir mér hafa við 1. umr. málsins. Enn fremur mikluðu sumir hv. þm. það mjög fyrir sér við 1. umr., hversu þung skattakrafa sú væri, er lögfesta skyldi til þess að standa straum af þeim útgjöldum, sem mæta átti, og gekk það svo langt, að einn hv. þm. fullyrti, að ríkisstj. væri þarna að heimta þrefaldar tekjur á við það, sem ábyrgzt væri. Eins og hv. þm. vita, er ekki í fjárlfrv., eins og það liggur fyrir, gert ráð fyrir neinum útgjöldum vegna fiskábyrgðarinnar. Þess vegna var fyllilega réttmætt að ganga út frá því, ef á að taka þá ábyrgð, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að gera ráð fyrir fiskábyrgðinni eins og hún var á s. l. ári, að viðbættri þeirri hækkun, sem menn hafa orðið sannfærðir um, að væri það minnsta, sem bátaflotinn, hraðfrystihúsin og saltendur þyrftu að fá. Það var talið, að þetta mundi nema 42 millj. kr. Þessi tala mun láta nærri að vera rétt, og hv. fjhn. hefur nú haft tækifæri til þess að sannfærast um það rétta í málinu. Þá var einnig við 1. umr. málsins reynt að færa rök að því, að söluskatturinn í frv. því, sem fyrir liggur, væri allur ætlaður til að standa undir fiskábyrgðinni. En svo er ekki. Í fjárlfrv. er stór tekjuliður miðaður við þann söluskatt, sem var í gildi s. l. ár, sem er 6% af tollverði innfluttrar vöru. Hann er talinn þar í tekjum, og útgjöld frv. eru miðuð við, að hann sé áframhaldandi í gildi, og í útgjaldaliðum fjárlfrv. er enginn eyrir fyrir fiskábyrgðinni. Þess vegna er það, að þegar talað var um söluskattinn, eins og ráð var fyrir gert, að hann þyrfti að vera, þá hefði réttmæt gagnrýni átt að draga frá þau 6%, sem þegar eru komin í fjárlfrv. Það var ekki gert, heldur var hafður í frammi áróður til að gera skattaálögurnar miklu meiri í augum fólksins en þær í raun og veru voru og til að skapa andúð gegn frv.

Þetta liggur nú allt skýrara fyrir, og eins og ég minntist á, þá hafa nm., að undanskildum fulltrúum Sjálfstfl., lagt það til, að ábyrgðin héldist, en að fjáröflunarmöguleikunum væri kippt í burtu. Sjálfstæðismenn vilja hins vegar fylgja sinni stj. í því að freista þess að afgreiða þetta mál á ábyrgan hátt eins og venja hefur verið eða eins og gerð var tilraun til að gera á síðasta Alþ. Ríkisstj. hefur ekki bolmagn til þess að lögfesta sínar kröfur eingöngu með tilstyrk síns eigin flokks, og verður það þess vegna Alþingis að taka ábyrgð á því, sem hér kann fram að fara. Ef Alþ. velur þann kost að samþykkja ábyrgðina fyrir allt árið, án þess að gera neinar ráðstafanir til þess að standa undir kostnaðarhliðinni, eins og hv. 2. þm. Reykv. leggur til og að því er mér virðist hv. þm. V-Húnv. líka, þá verður það fram að fara. Ég skal á þessu stigi málsins engu um það spá, hvort fulltrúar útvegsmanna telja sig bættari með þá afgreiðslu málsins, sem hér virðist vera stefnt að. Í viðtölum sínum við ríkisstj. héldu þeir því fast fram, að ábyrgðin a. m. k. gilti til miðs maímánaðar. Þeir létu svo auðvitað ríkisstj. hitt eftir, að gera till. um það, á hvern hátt yrði undir slíkum ábyrgðum staðið, og hún hefur sýnt viðleitni í því efni, eins og fyrir liggur í frv. því, sem er hér til umr. Verður það nú Alþingis að kveða á um það, hver afdrif frv. verða, hvað það snertir.

Ég sé ekki ástæðu til að gera að umræðuefni hina löngu og heimspekilegu markaðsræðu hv. 2. þm. Reykv. við þessa umr., því að það gæti orðið til að tefja mjög afgreiðslu málsins, sem ég og ríkisstj. öll hefur lagt áherzlu á að tefja ekki og sömuleiðis lagt áherzlu á að undirbúa svo forsvaranlega fyrir Alþ., að það gæti tekið sínar ákvarðanir fljótlega, og svo fljótt, að engin stöðvun hlytist af drætti málsins hér á Alþ. Hitt er svo annað mál, að fyrir ríkisstj. hefur það ávallt vakað, að þetta væri bráðabirgðalausn, sem borin er fram jafnhliða von um, að heildarlausn náist, eins og margsinnis hefur komið fram. Mér heyrist líka á ræðum ýmissa þm. nú, að það liggi í loftinu eða sé nokkuð fast í hugum manna, að slík heildarlausn þurfi að nást. Hitt var samt sem áður álit okkar í ríkisstj., að jafnvel þótt um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða eða ráðstöfun, sem við vildum láta verða bráðabirgðaráðstöfun, þá væri það ekki verjandi að leggja þessar till. fram, svo þýðingarmiklar sem þær eru fyrir þennan stóra atvinnuveg, án þess að á það væri bent, hvernig sá kostnaður yrði uppi borinn, sem ríkissjóður augsýnilega þyrfti á sig að taka.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Í sambandi við brtt. á þskj. 176 vil ég aðeins geta þess, að þetta er í framhaldi af því, sem ég sagði, þegar málið var síðast til umr., og ég hef komið hér með brtt., sem er, eins og hv. frsm. n. tók fram, leiðrétting á því, sem áður var komið og hefur áður verið rætt, og sé ég því ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð. Ég tel, eins og sakir standa nú, að þá sé þetta eins nærri sanni og hægt er, en alltaf hlýtur þetta að vera áætlunartala. Út af þeim brtt., sem fram hafa komið, þá virðist mér það liggja fyrir, að tveir flokkar, Alþfl. og Sósfl., leggi til, að 12. og 14. gr. verði felldar niður, m. ö. o., að það sé aðeins tekin ábyrgð á fiskverðinu til 1. marz og lengur ekki. Hins vegar virðist það koma fram af afstöðu fulltrúa Framsfl., að hann vilji halda ábyrgð ríkissjóðs til 15. maí, sem hefur verið talin 42 millj. kr., án þess að nokkur tekjuöflun komi þar á móti, nema það litla, sem gert er ráð fyrir í 3. kafla dýrtíðarl. Þetta er að vísu ekki fram komið enn, en hlýtur að skýrast við afgreiðslu málsins í d. Afstaða þeirra tveggja flokka, sem ég nefndi fyrst, er sú, að þeir vilja samþykkja ábyrgðina til 1. marz og gefa yfirlýsingu um áframhald, og þá á útvegurinn það undir Alþ., hvort hann fær nokkra ábyrgð á áframhaldandi rekstri, ef heildarlausn um afgreiðslu málsins hefur ekki fengizt fyrir þann tíma. Þetta er afstaða, sem ég viðurkenni, að megi deila um. Framsfl. vill hins vegar láta ríkissjóð taka á sig ábyrgðina til vertíðarloka, án þess að nokkrar tekjur komi þar á móti og án þess að nokkur viti á þessari stundu, hvort og hvernig eigi að afla tekna til þess að standa undir þessari ábyrgð, ef hún á að halda áfram til 15. maí. Mig furðar mjög mikið á þessari afstöðu Framsfl., ef það kemur í ljós, að hún verður eins og ég nú hef lýst. Mig furðar sérstaklega á því, vegna þess að enginn annar flokkur hefur frekar en þessi valið mönnum heiti sem óábyrgum mönnum, ef þeir hafa afgreitt mál, þó að það hafi verið á minna óábyrgan hátt en hér er um að ræða. Ég sé ekki aðra ráðningu á þessu en þá, að flokkurinn sé staðráðinn í því, að fyrir 1. marz veiti hann Sjálfstfl. fylgi til þess að koma fram till. til frambúðarlausnar á þeim vandamálum, sem hér um ræðir, og er þá náttúrlega allt öðru máli að gegna um afstöðu flokksins.

Í sambandi við brtt. á þskj. 180 vil ég benda á það, að ef framlengingin á III. kafla dýrtíðarl. nær ekki lengra en til 1. marz, þá er sýnilegt, að tekjur af þeim lið verða ekki svo miklar í þessa tvo mánuði, að þær hrökkvi til að standa undir þeim minnstu gjöldum, sem óhjákvæmilega hljóta að verða á þessu tímabili. Þá verður Alþ. að framlengja þessa tekjuöflun eða gera ráðstafanir til að afla fjár á annan hátt til að standa straum af þeim útgjöldum, sem þarna koma til greina. Þess vegna hefði mér fundizt eðlilegt að hafa þetta eins og það er í frv., að framlengja tekjuliðina til ársloka, en taka þá til endurskoðunar 1. marz, þegar vitað er, hvernig með þessi mál verður farið, hve miklu ríkissjóður þarf að standa skil á vegna ábyrgðarinnar, og þá mætti láta tekjuliðina gilda þann tíma, sem ætla mætti, að þeir þyrftu að gilda til þess að afla þess fjár. — Að öðru leyti mun ég ekki ræða þetta mál frekar, þangað til séð verður, hvernig frá frv. verður gengið í deildinni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því, sem hæstv. ráðh. sögðu um afstöðu Framsfl. í sambandi við þetta mál. Afstaða hans mun verða þannig, að flestir af þm. Framsfl. munu greiða atkv. með till. hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ), um að framlengja gömlu

skattana til 1. marz, og framsóknarmenn munu yfirleitt vera fylgjandi því að fella 14. gr. frv. niður. Jafnframt munu flestir framsóknarmenn væntanlega greiða atkv. á móti því að fella niður 12. gr. frv., og hafði því hæstv. fjmrh. í höfuðdráttum rétt fyrir sér, þegar hann gizkaði á, hver afstaða þm. Framsfl. mundi verða.

Vegna þeirra orða hæstv. fjmrh., að það væri ábyrgðarleysi að samþykkja till. stj. um að ábyrgðin geti gilt til 15. maí, ef ekki yrði búið að gera aðrar ráðstafanir, án þess að samþykkja nú að framlengja skattana til þess tíma, vil ég segja nokkur orð. Það er sagt, að það vanti peninga til að standa undir fiskábyrgðinni. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að það mun láta nærri, að á undanförnum árum hafi verið aflað tekna, sem menn hafa sagt, að ættu að vera til þess að standa undir fiskábyrgðinni og borga niður verðlagið innanlands, sem numið hafa 80 millj. kr. á ári. Þetta mun áreiðanlega ekki vera fjarri lagi. Hverjar eru svo dýrtíðargreiðslurnar? Í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 33 millj. kr. til dýrtíðarráðstafana, og ef svo illa tækist til, að ábyrgðin yrði framlengd til 15. maí, þá kostar það 42 millj. kr. Við vitum allir, að raunverulega er þessu á þann veg farið, að það vantar gífurlega fjármuni í ríkissjóð, ef uppbótaleiðin verður farin áfram, en þá vantar ekki frekar til að greiða með fiskábyrgðina en sitt hvað annað. Þegar hér var samþ. 20% launauppbót fyrir jólin, ekki með atkv. framsóknarmanna, heldur stj., þá var ekki talað um, að peninga vantaði eða ábyrgðarleysi væri að samþykkja þá till., án þess að um leið væri lagður á skattur. Manni skildist, að peningar væru til til þess að greiða það, en þegar að því kemur að athuga, hvort til séu einhverjir peningar til að standa undir fiskábyrgðinni til bráðabirgða, þá er álitið, að svo sé ekki. Sannleikurinn er sá, að það vantar stórkostlega peninga, en eins og ég sagði áður, ef allir reikningar eru rannsakaðir, þá mun það sannast, að þá vantar ekki frekar í fiskábyrgðina en hvað annað. Þetta vildi ég, að hæstv. ríkisstj. hefði í huga. Það er náttúrlega ákaflega þægilegt að láta þjóðina standa í þeirri meiningu, að þegar þarf að hækka laun, þá rigni peningum úr loftinu, en aðeins þegar kemur til þess að greiða fiskábyrgðina, þurfi að ná sköttum í ríkissjóð, en taka svo skattana í aðrar greiðslur. Með þessu móti stendur þjóðin í þeirri trú, að hægt sé að þenja út ríkisreksturinn, án þess að lagðir séu á skattar, skattarnir séu svo teknir til þess að útvegurinn geti gengið áfram. Við skulum athuga það, að auðvitað þurfa menn að gera sér grein fyrir, hvernig hægt er að ná í peninga, ef útflutningsábyrgðin þyrfti að halda áfram, en það er erfitt að segja um það með þá peninga, sem inn koma, hvað af þeim fer til framleiðslunnar og hvað til annars. Ég hefði ekki minnzt á launauppbótina í sambandi við þessar umr., ef hæstv. ráðh. hefði ekki gefið tilefni til þess, en þetta mál er sannarlega ekki eins einfalt og hann gefur í skyn.

Að gefnu tilefni vil ég gera grein fyrir öðru atriði, varðandi afstöðu Framsfl. Nú er vertíð hafin og um tvennt að velja, að stöðva alveg vertíðina meðan við glímdum um það, hvort ekki yrði fundin betri frambúðarlausn en ábyrgðin, eða ráðstafanir til bráðabirgða, sem nægilegar eru til þess að koma bátaflotanum af stað. Nú er því haldið fram, að menn eigi ekki að gera út nema að sjá fótum sínum forráð alla vertíðina. Við framsóknarmenn viljum ekki verða til þess að stöðva vertíðina, en við viljum fylgja því, að ábyrgð sé tekin á fiskverðinu til 1. marz og í bakhönd til 15. maí, til þess að útgerðin treysti sér af stað. Þetta gerum við í trausti þess, að fyrir þann tíma, 1. marz, verði búið að finna aðrar leiðir, og af því að við gerum þetta í trausti þess, þá viljum við ekki leggja á nýja skatta, sem við vonum þá, að aldrei þurfi að leggja á, vegna þess að fyrir þann tíma verði búið að finna önnur úrræði. Af þessum ástæðum viljum við fella 14. gr. úr frv., og við viljum ekki framlengja gömlu skattana nema til 1. marz, af því að við teljum, að ekki eigi að ákvarða skattaálögur nema örstutta stund fram í tímann, nema í sambandi við heildarráðstafanir í þessu máli, og að menn geri það upp við sig, hve mikil þörf er á sköttum í heild og til hvers þeir eru notaðir. Ég neita því, að þetta sé óábyrg afstaða, og þá vegna þess líka, að ég tel, að það mundi draga stórkostlega úr líkum fyrir því, að Alþ. kæmist inn á nýjar brautir, ef nú yrði samþ. að láta þessa skatta gilda áfram. Afstaða Alþfl. finnst mér nokkuð svipuð, en hún er þó önnur að því leyti til, að sá flokkur vill, í staðinn fyrir að ábyrgðarl. séu framlengd til 15. maí, gefa yfirlýsingu um, að verði ekki búið að finna ný úrræði fyrir 1. marz, þá verði ábyrgðarl. framlengd. Sennilega munar ekki miklu á afstöðu okkar og Alþfl., en við teljum hreinna fyrir útgerðina, að þetta sé ákveðið eins og við leggjum til, eða til 15. maí, af því að við finnum það á okkur, að beri Alþ. ekki gæfu til að leysa þetta mál fyrir 1. marz, þá verður niðurstaðan sú, að slík ábyrgð verður tekin. En við viljum, að Alþ. hafi aðhald með því að binda þetta við 1. marz, og er því afstaða okkar framsóknarmanna miðuð við það, en ekki af ábyrgðarleysi til komin.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) vildi halda því fram, sem einhverjir aðrir hv. þm. héldu fram, að það væru til nógir peningar, án þess að lagðir væru á nýir skattar. Þetta er bara tilraun til sjónhverfinga og á sér ekki stað í veruleikanum, eins og hann veit líka sjálfur. Söluskatturinn, sem nú hefur verið tekinn inn í fjárlfrv., var einn af aðaltekjustofnunum fyrir dýrtíðarráðstafanirnar. Þessi upphaflegi söluskattur gengur til að greiða niður innlendar afurðir, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Hins vegar er ekki í fjárlfrv. gert ráð fyrir neinni fjárhæð til að standa undir fiskábyrgðinni. Munurinn, sem kemur fram á þessu, er sá, að III. kafli l. um dýrtíðarráðstafanir, að undanteknum söluskattinum, hefur ekki verið tekinn inn í fjárlfrv. Sá hluti þess III. kafla var upphaflega áætlaður um 15—18 millj. kr. Af því hefur einn liður brugðizt að verulegu leyti, skattur af sölu

bifreiða, sem hefur ekki gefið nema brot af því, sem hann átti að gera. Þegar söluskatturinn er tekinn og þessi skattur, þá kemur mismunurinn fram á því, að tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar lægri í fjárlfrv. og margir, jafnvel flestir liðir rekstrargjalda eru áætlaðir miklu hærri en á síðasta ári, og þar af leiðandi hafa gjöld ríkissjóðs aukizt, en tekjuvonir á sumum liðum minnkað. Mér finnst því ekki málflutningur hv. 1. þm. S-M. sómasamlegur, heldur er þar allt sagt út í hött.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki blanda mér í umr. almennt um þetta mál, en ég vil í tilefni af því, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði, varðandi afstöðu Framsfl., og sérstaklega með hliðsjón af 14. gr. frv., viðurkenna, að það getur verið fullkomið sjónarmið af hendi Framsfl. að segja: Við treystum því, að Alþ. geri fyrir 1. marz þær ráðstafanir, sem við vitum, að meiri hl. Alþ. veit, að þarf að gera, og við teljum þess vegna, eftir atvikum, ekki nauðsynlegt að karpa um tekjuöflun og þá með hliðsjón af því, að þá mundum við ekki geta fallizt á þessa leið til tekjuöflunar, sem stj. hefur bent á. Ég fyrir mitt leyti viðurkenni, að þetta er sérstakt sjónarmið, en bendi á, að ríkisstj. þorði ekki fyrir sitt leyti að halda sér að því. 12. gr. er sett í viðurkenningarskyni þess, að það er a. m. k. hugsanlegt, að við berum ekki gæfu til þess að afgreiða heildartill. í málinu fyrir 1. marz. En ef 12. gr. verður þörf, þá er líka þörf fyrir 14. gr. Ég segi þess vegna: Ríkisstj. þorði ekki að taka á sig þessa ábyrgð, og bar þess vegna fram till. um þessa tekjuöflun, sem að sjálfsögðu má deila um. Ég vildi mega taka þessa yfirlýsingu hv. 1. þm. S-M. sem yfirlýsingu um það, að hann og hans flokkur vilji ásamt öðrum, bæði ríkisstj. og hennar flokki og þeim öðrum, sem að því vilja vinna, hafa sem sneggst handtök um að reyna að afgreiða endanlega lausn málsins. Frá því sjónarmiði vil ég mega líta á þessar till. þeirra, þótt ég að öðru leyti vilji endurtaka það, að við sjálfstæðismenn þorðum ekki að leggja bagga ábyrgðarinnar á bak ríkissjóðs, án þess að sjá fyrir tekjum, af því að við óttuðumst þetta tvennt: Í fyrsta lagi, að til þess gæti komið, að dráttur yrði á heildarráðstöfunum, og þá einnig, að ósamkomulag gæti orðið um tekjuöflun eftir á, en ábyrgðin væri eftir sem áður í gildi. Ég vildi því mega undirstrika það, að ég tek þessa yfirlýsingu hv. 1. þm. S-M. að því leyti alvarlega, að hann vilji hraða afgreiðslu á endanlegum till. í málinu.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi einmitt undirstrika það, að þessi er einmitt afstaða Framsfl., m. a. að auka aðhaldið og knýja til úrslita um aðrar leiðir í málinu. Út af því, að hæstv. fjmrh. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að til væru nógir peningar til að greiða ríkisábyrgðina með, þá er það útúrsnúningur á orðum mínum. Ég benti hins vegar á það, og ég þarf ekki að endurtaka það í langri ræðu, það er svo einfalt, að á síðustu árum hefði tugum milljóna verið safnað í ríkissjóð og menn hefðu sagt, að þetta væri til þess að borga niður dýrtíðina og til þess að standa undir ábyrgðum bátaútvegsins. Ef þetta fé hefði allt verið notað aðeins í þessu skyni, þyrfti ekki að afla nýrra tekna nú, a. m. k. ekki nema að mjög litlu leyti. En aðferðin hefur verið sú, að mikið af þessu fé hefur svo verið látið ganga inn í almennan rekstur ríkissjóðs. Þó að sagt sé, að það eigi að standa undir útflutningsábyrgðinni m. a., er það meðal annarra hluta notað til að greiða með því launauppbætur. Og ég minnist á það í þessu sambandi, að það var ekki talað um, að leggja þyrfti á nýja skatta eða útvega nýjar tekjur, þegar samþ. var till. um launauppbótina. Ég vil líka benda á, að það er hættulegt, að þjóðfélagsþegnarnir fái þá mynd af ríkisrekstrinum á tilfinninguna, að hægt sé að þenja út ríkisrekstur inn og hækka launin án þess að um leið sé gert ráð fyrir sköttum. Svo eru skattarnir teknir með þeim forsendum, að þeir þurfi að ganga til bátaútvegsins. Ég veit, að við skiljum allir, að þessa mynd verður að leiðrétta. Hitt veit hæstv. fjmrh. vel, að það vantar stórkostlega mikið fé til þess að halda uppi rekstri ríkisins og standa straum af dýrtíðargreiðslunum, þegar þetta kemur allt saman. Hæstv. ráðh. sagði, að það vantaði fé í þessar greiðslur, vegna þess að þetta væri ekki fært inn á fjárlfrv. Það er auðvitað bókfærsluatriði, hvað fært er inn á fjárlfrv. Það hefði verið hægt að færa útflutningsábyrgðina á fjárlfrv. og segja svo, að það vantaði peninga til þess að borga niður dýrtíðina. Það var engu síður ástæða til að setja útflutningsábyrgðina í fjárl., en segja svo, að það vanti peninga til þess að halda uppi launagreiðslum og almennum rekstri ríkissjóðs. En þetta er líkast því að leika sér með tölur og er bókfærsluatriði.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Mig furðar alveg á fullyrðingum hv. 1. þm. S-M. Ég hélt þvert á móti, að það væri hans skoðun, að þeir tekjustofnar, sem hafa að undanförnu verið lögleiddir með það fyrir augum að standa undir dýrtíðinni, sem svo er kallað, og er þá meint það fé, sem notað er til að greiða niður kjöt og annað slíkt innanlands til að halda niðri dýrtíðinni og svo til að bæta upp útflutningsvörur, hefðu verið til þess notaðir. Ég fullyrði aftur á móti, að oftast hafi verið notað meira en skattaálögur gera ráð fyrir í þessu skyni, bæði hvað snertir fiskábyrgðina og niðurgreiðslur innanlands, og er þess vegna alls ekki rétt að halda því fram, að verið sé að leggja á skatta hér á Alþ. — mér skildist, að það hefði verið gert undanfarið — undir því yfirskini, að þeir væru notaðir til dýrtíðarráðstafana, en svo hefði það ekki verið gert. Annað var ekki hægt að skilja af orðum hv. þm. Þetta var gersamlega rangt. Ég vil svo spyrja hv. þm. um það, hvers vegna það var, að á síðasta Alþ. starfaði þessi hv. þm. með mér — en þá var hann ráðh. — og öðrum að því að finna tekjustofna til þess að standa undir þeirri fiskábyrgð, sem Alþ. var þá að taka á sig, og til að greiða niður dýrtíðina innanlands og annað slíkt. Fjárl. bera þess vott, að gert var ráð fyrir 64 millj. kr. útgjöldum í

þessu skyni. Að auki var svo dýrtíðarsjóður, og í hann var safnað m. a. með skattaálögum til að standa undir þessu. Þá var þessi hv. þm. þeirrar skoðunar, að þetta þyrfti að gera. Ég skil ekki, að hann hefði tekið þátt í þessum aðgerðum sem ráðh., ef hann hefði ekki verið á þeirri skoðun, að þess þyrfti með. Nú virðist hann vera kominn á allt aðra skoðun. Nú þarf bara að samþykkja útgjöld, og síðan koma dagar og þá koma ráð. Þetta er náttúrlega skoðun líka, en þetta er gersamlega í ósamræmi við skoðanir, orð og athafnir hv. 1. þm. S-M. á síðasta ári, þegar hann var í ríkisstj. Ef um orðaleik er hér að ræða, þá er hann þeim megin, sem hv. 1. þm. S-M. er.

Ég bið afsökunar á því, að þegar ég minntist á brtt., þá láðist mér að geta um brtt. hv. þm. Ísaf. um 1½ millj. kr. sjóveðskreppuhjálp, sem hann taldi, að þyrfti að samþykkja. Í sambandi við það, sem hann sagði um þetta, vil ég geta þess, að árið 1948 var veitt ábyrgðarlán, og þá komu menn með til ráðuneytisins eða sendu réttar upplýsingar um síldarvertíðina. Það varð til þess, að sérstök n. var sett til að rannsaka þessi mál, og það var gert gaumgæfilega. Sú n. var kölluð skilan. Þá var svo veitt hjálp, sem nam 6½ millj. kr. Ég tók 6 millj. kr. upp í fjárlfrv., en 6½ millj. kr. þurfti til að leysa vandann frá síldarvertíðinni 1948. Í haust horfði þetta allt öðruvísi við, a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð. Það var fullyrt, að L. Í. Ú. hefði átt að fara til ráðun. og biðja um sams konar hjálp. Ég mótmælti því, að það hafi verið gert. Ég hafði talsvert rökstudda ástæðu til að álíta, að það þyrfti tæplega á kreppuhjálp að halda handa bátaflotanum á s. l. hausti. Ég veit um mína síldveiðisjómenn í Eyjum, þeir voru sumir með bágborinn árangur, en ég held, að ég hafi engan mann heyrt víkja að því orði, að gera þyrfti ráðstafanir hliðstæðar þeim, sem gerðar voru 1948. Ég skal ekki um það segja, að ef ég hefði haft mig allan í frammi við að lýsa eftir kreppuástandi, nema þá hefði mátt ná saman 70 skýrslum, eins og nú er sagt að liggi hjá L. Í. Ú. Ég hef þess vegna ekki viljað forsóma neitt í þessu efni. Það getur vel verið, að 1½ millj. kr. dugi til að leysa þessa kreppu, en það getur líka vel verið, að það komi menn fram á sjónarsviðið, sem hafa fengið lán til að gera upp við hásetana í haust, svo að hásetarnir séu ekki með kröfur á þá. Þessir menn, sem hafa fengið lán hjá öðrum í þessu skyni, þyrftu þá kannske líka hjálp, og þá þyrfti þessi kreppuhjálp að verða viðtækari. (*PO:* Þeir eru þarna með.) Veit hv. þm. þetta? (*PO:* Já.) Það kann að vera. Ef miðað er við, að 6½ millj. þurfti til að veita þessa aðstoð 1948, þá þykir mér líklegt, að 1½ millj. nái ef til vill skammt fyrir árið 1949, þ. e. a. s., ef leitazt er við að framkvæma þetta réttlátlega, eins og gert var 1948, en það fullyrði ég, að þeir menn, sem sátu í skilan. 1948, hafi gert. Svo er annað, sem vert er að athuga í þessu máli. Einn af stærstu útgerðarmönnum landsins skrifaði grein í dagblað og sagði þar á þá leið, að sá háttur væri á hafður, að hið opinbera verðlaunaði þá menn, sem létu það undan falla að greiða sjómönnum sínum laun, en hinir yrðu að eiga sig sjálfir. Ég hef alltaf borið kvíðboga fyrir því, ef sá hugsunarháttur færi að grípa um sig hjá útgerðarmönnum, að með því að draga að gera upp við sitt fólk, þá mætti búast við, að Alþ. eða ríkisstj. tæki sig til og færi að hjálpa þeim. Það þarf að grandskoða það, sem gert er í þessu efni. Ég ætla ekki að leggja á móti því, að þessi brtt. verði samþ., en ég vil benda á það, að að mínu áliti er það ekki útilokað, að allmiklu meira fé þurfi en þarna liggur fyrir. Það var minnzt á, að skilan., sem að þessu starfaði 1948, mundi bezt til þess fallin að hafa þetta verk með höndum. Það tel ég einnig líklegt, og þar bætast við verkefni, sem hún hefur ekki gert ráð fyrir, vegna þess, að nú vinnur hún á grundvelli löggjafar, sem hefur verið sett um þetta atriði síðan kreppuhjálpin var veitt 1948.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en vildi aðeins taka þetta fram nú, en ég minntist ekki á þessa till. áðan, vegna þess að hún lá ekki hér fyrir prentuð. Það má svo segja, eftir því sem hér hefur fram komið, að sama sé, hvort samþ. sé till. um 1½ millj. til viðbótar, ef ekki þarf að sjá fyrir neinum tekjum, svo að mögulegt sé að framkvæma slíka hluti.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði haldið því fram, að á undanförnum árum hefðu þeir peningar, sem aflað var til að greiða niður dýrtíðina með, verið notaðir í annað. Hafi ég sagt þetta, þá er það af vangá, því að eins og hæstv. ráðh. tók fram, þá hefur það ekki verið gert. Þessar greiðslur hafa í heild orðið eins og þær tekjur, sem aflað var til þeirra.

Það, sem ég vildi benda á, er þetta, að ef sá háttur er á hafður, sem núv. ríkisstj. leggur til, að hafður verði, að nýrra tekna verði aflað til að standa undir allri útflutningsábyrgðinni, þá verður niðurstaðan sú, að mjög mikið af þeim peningum, sem undanfarin ár hefur verið aflað til að standa undir niðurgreiðslum og til að greiða útflutningsuppbætur, verður notað í annað. Það mun sýna sig, ef þetta er rannsakað, að þeir tekjustofnar, sem undanfarin ár hafa verið settir til að standa undir niðurgreiðslum og útflutningsuppbótum, mundu ekki í ár gefa mikið undir 80 millj. kr., og ef þeir fá að renna í útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur, eins og til stóð, þá mundi þetta standast á endum. En verði nú, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv., mikið af þessum peningum tekið til að standa undir launagreiðslum og almennum útgjöldum, þá þarf að afla nýrra tekna í þessu skyni. Þetta vildi ég segja með því, sem ég tók fram, og hvernig sem menn haga bókhaldinu, þá verður þetta þannig. Það er ekki hollt að láta þjóðina standa í þeirri meiningu, að hægt sé að belgja út ríkisrekstrinn og hækka laun án þess að afla tekna, en afla svo tekna að nafninu til til að standa undir útflutningsuppbótum, en láta peningana renna til annars.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi í fyrsta lagi gera nokkuð að umtalsefni þá afstöðu, sem fram hefur komið til þeirrar brtt., sem ég flyt við 1. gr. ásamt hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ). Ég hef orðið þess var, að það virðist vera andstaða frá allri ríkisstj. gegn því að samþ. þessa brtt. mína, þ. e. að láta fiskábyrgðina gilda fyrir allt árið, og ég fæ ekki skilið, við hvað þessi andstaða er miðuð og að ríkisstj. vill endilega miða við 15. maí. Þetta, að ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir, að þetta gildi lengur en til 15. maí, er ákaflega vafasamt. Með þessu móti er reiknað með því, að þegar útgerðin á Suðurlandi sé búin, sé búið að vera með útgerðarmöguleika annars staðar á landinu. Nú setti ég fram í fyrri ræðu minni spurningu til ríkisstj. varðandi markaðshorfur, og atvmrh. svaraði því, að þetta væri marklaus fílósófí, og vildi ekkert út í það fara. Ég held, að það sé ekki fílósófí, en ef svo færi, að markaðurinn yrði miklu minni en í fyrra og þessi lög yrðu samþ., þó að ekki væri nema aftur að 14. gr., yrði afleiðingin sú, að útgerðin yrði lögð niður 15. maí og sagt við útgerðarmenn um allt land: Það þýðir ekki fyrir ykkur að gera út á þorsk, það er búið að tæma markaðinn, þið verðið að braska með meira upp á eigin spýtur, ef þið þá fáið útflutningsleyfi. — Og það er nú þegar vitað, að bæði sjómenn og útgerðarmenn úti um land eru orðnir áhyggjufullir út af þessari afstöðu ríkisstj. Útgerðarmannafélag Akureyrar hélt fund í gær, og það hefur sent símskeyti til hv. 4. landsk. (StgrA), sem sæti á í Ed., og vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa upp þetta símskeyti frá Útgerðarmannafélagi Akureyrar, en það hljóðar svo:

„Á félagsfundi vorum í dag, þar sem mættir voru útgerðarmenn frá Hrísey og Ólafsfirði, var samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Fundurinn telur framlagt lagafrumvarp um fiskábyrgðarverð vélbátaflotans ekki skapa honum viðunandi starfsskilyrði fyrir Norðurlandi og getur ekki fallizt á að samþykkja þarnefnt fiskábyrgðarverð, nema jafnframt verði fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1) Innleyst verði áhvílandi sjóveð á síldveiðiflotanum.

2) Væntanlegt ábyrgðarverð haldist til ársloka eða þar til aðrar ráðstafanir verða gerðar, er útvegsmenn geta betur sætt sig við.

3) Ákvæði um frjálsan gjaldeyri verði framlengd og við bætt þorskalýsi, allri netasíld og ísvörðum bátafiski.

Jafnframt teljum vér nauðsynlegt, að verðlagsráð sjávarútvegsins verði lögfest á þessu þingi og lögunum um hlutatryggingasjóð verði breytt til samræmis við nýgerðar tillögur Landssambandsins.

Útgerðarmannafélag Akureyrar“.“

Það er alveg greinilegt, að í þessari samþykkt Útgerðarmannafélags Akureyrar felst krafa, sem vafalaust á eftir að koma fram frá útgerðarmönnum víða á Norður-, Austur- og Vesturlandi, að það sé tryggt frá upphafi, að þessi löggjöf gildi fyrir vélbátaflotann allt árið, að hún gildi ekki aðeins fyrir Suðurlandsvertíðina, heldur allt árið. Ég álít þess vegna, að það sé óhjákvæmilegt, að hv. d. samþykki þá till. mína, að fiskábyrgðinni sé ætlað að gilda allt árið, þannig að tryggt sé, að allir útvegsmenn, hvar sem er á landinu, sitji þarna við sama borð. Fiskábyrgðin hefur frá því að hún fyrst var samþ. verið orðuð þannig, fyrir allt árið, en eins og frá þessu er gengið nú, eru horfur á, að fyrir hendi sé sá möguleiki að láta hana ekki gilda lengur en til 15. maí. Þetta er ákaflega mikið hagsmunamál fyrir útgerðarmenn á Norður-, Austur- og Vesturlandi, og vona ég eindregið, að menn geti orðið sammála um að taka tillit til þessa vilja þeirra og halda fiskábyrgðinni með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.

Atvmrh. vildi ekki ræða markaðsmálin. Ég veit nú ekki, hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér afgreiðslu á þessu máli án þess að menn hafi gert sér nokkra hugmynd um, hvernig útlitið er viðvíkjandi þeim. Ég held, að að svo miklu leyti sem talað er um fjárhagslegan grundvöll í sambandi við þetta frv. og deilt á þá, sem eru á móti 14. gr., mætti ekki síður deila á hina, sem vilja fá afgreiðslu á þessu máli án þess að gefa þinginu nokkrar upplýsingar um þann fjárhagslega grundvöll, sem allt málið byggist á, sem er salan á fiskinum og útlitið með hana, og ég held að það væri ákaflega heppilegt, að það mál væri rætt hér. Ég vil vekja athygli á því, að ríkið hefur tekizt á hendur svo ríkar skuldbindingar gagnvart framleiðslunni og þar með útveginum, með afskiptum sínum af þessum málum, að það ætti með eðlilegum hætti bágt með að ræða ekki þann fjárhagslega grundvöll, sem fyrir þessu er. Ríkisstj. hefur í sínum höndum leyfi til útflutnings á öllum afurðum. Ríkið tekur í sínar hendur allan gjaldeyri, sem framleiddur er, og úthlutar honum eftir því, sem því býður við að horfa, eftir reglum, sem það sjálft setur, og að mínu áliti fer mjög mikið af þeim gjaldeyri til þess að tryggja hagsmuni heildsalastéttarinnar hér innanlands og mikið af útflutningnum úr landinu beinist til þeirra auðhringa, sem fyrst og fremst græða á útflutningi okkar erlendis. Það ríki, sem hefur svona afskipti af útflutningnum, hefur líka sínar skyldur gagnvart framleiðslunni og ber skylda til að sjá um, að framleiðendur geti notað tæki sín til fulls. En hæstv. ríkisstj. virðist ekki hér vera inni á þeirri braut, því að eftir því, hvernig hún orðar 12. gr., gæti maður látið sér detta í hug, að fyrir henni hafi vakað, að framleiðslan yrði stöðvuð seint á þessari vertíð, og þau mótmæli, sem í tilefni af því hafa komið, eiga vafalaust eftir að koma frá útgerðarmönnum víða úti um land, ef þeir geta náð saman fundi og sent samþykktir sínar, sem þeir gera með síma, ef hann er ekki bilaður. Ég vildi sem sagt koma á framfæri þessari samþykkt frá Útgerðarmannafélagi Akureyrar og þykist vita, að sá vilji sé víða fyrir hendi, bæði á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Ég vil þess vegna vonast til, að tekið verði tillit til þessarar till. minnar, að fiskábyrgðin gildi allt árið, svo að allir útgerðarmenn sitji við sama borð í þessum efnum. Það hefur alltaf verið þannig í fiskábyrgðarl., og það spáir ekki góðu, ef á að taka það út úr þeim núna.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. (EOl) gefa þá yfirlýsingu, að það er alls ekki hugsunin, sem liggur á bak við þetta frv., að ábyrgðin nái ekki nema til eins aðila, og er það alls ekki meiningin, að ríkisstj. hugsi sér, að út í það væri farið að meina einum eða neinum að stunda sínar eðlilegu vertíðir, þegar kemur fram á árið. Mér þykir nauðsynlegt, af því að hv. þm. gerði það, sem hann sjaldan gerir viljandi, að gera ríkisstj. upp miður góðar hvatir í þessum efnum, þá þykir mér nauðsynlegt að taka þetta alveg skýrt fram. Það var annað, sem fyrir okkur vakti, þegar við ákváðum þetta tímabil. Í fyrstu kom til mála að hafa skurðpunktinn 1. marz, eins og það var orðað hér við 1. umr. málsins, en við stóðumst ekki þau rök útvegsmanna, að vetrarvertíðin er atvinnukafli út af fyrir sig, til hennar er ráðið alveg sérstakt fólk, og menn afla sér nauðsynlegra rekstrarhluta, viða að sér veiðarfærum og allt það miðað við vertíðina alla. Þetta liggur í augum uppi, og þar sem útgerðarmenn gerðu þær kröfur, að við þetta tímabil væri miðað, stóðumst við það ekki. En hitt kom okkur ekki til hugar, að þegar að þeim tíma kæmi, og ekki hefðu verið gerðar einhverjar ráðstafanir af hálfu þings og stjórnar, sem gætu komið í stað framhaldandi ábyrgðar, þá kom okkur ekki til hugar, að þeim yrði neitað um sams konar ábyrgð, sem stunda sams konar útgerð fyrir Norður-, Vestur- og Austurlandi. Ég vil taka þetta skýrt fram. Það hefur verið svo margtekið fram, að það er okkar von og fleiri manna í þessu landi, að á þessu tímabili verði gerð skipulagning á þessum málum þannig, að ábyrgðin hverfi úr sögunni, og með það fyrir augum meðal annars er þetta tímamark sett.

Finnur Jónsson: Það var rétt hjá hæstv. atvmrh., að gerðar voru sérstakar ráðstafanir á árinu 1948 til aðstoðar síldarútvegsmönnum, og enn fremur hitt, að það hefur verið að störfum eins konar skilanefnd í þessu máli. Hitt held ég, að engum dyljist, sem hugsa um þessi mál og kynna sér þau rækilega, að við þann aflabrest, sem varð á síldveiðunum 1949, hafa myndazt alveg ný viðhorf. Vitanlega var til þess ætlazt, að þessi n. lyki störfum fyrir vertíð 1949, en það hefur hún ekki gert, og veit ég ekki um ástæður til þess og enda held, að það hafi ekki mikið að segja í þessu sambandi. En ég veit, að hvað sem líður þeim samtölum, sem kunna að hafa farið fram milli landssambandsins og atvmrh. og þessum aðilum ber ekki saman um, verður því ekki neitað, að gert var samkomulag milli fyrrv. ríkisstj. og landssambandsins um, að hlutatryggingasjóðurinn tæki til starfa á árinu 1949. Nú má e. t. v. segja, að þetta samkomulag hafi verið gert af fyrrv. ríkisstj. og sé ekki í gildi, en ég hygg, að sú mótbára eigi ekki rétt á sér, því að þeir þingflokkar, sem báru ábyrgð á ríkisstj., báru ábyrgð á því, að það samkomulag, sem gert var 11. janúar, væri haldið. Nú hafa farið fram kosningar síðan, en margir af þeim mönnum, sem voru þá í flokkunum, sitja enn á þingi, og er ekki hægt annað en að krefja þá til ábyrgðar fyrir þetta loforð. Nú hefur þessa af hálfu Alþ. ekki verið minnzt, og hæstv. fyrrv. ríkisstj. lét sér það lynda, en hins vegar hefur komið í ljós, að með því að skilanefndin lauk ekki störfum fyrir áramót, og með því að hlutatryggingasjóðurinn hefur enn ekki tekið til starfa, þá myndast ný vandræði fyrir sjávarútveginn, og skil ég ekki, að hæstv. atvmrh. geti lokað augunum fyrir þessu, jafnvel þó að óvenjugóð vertíð hafi verið hjá útgerðarmönnum í hans kjördæmi, Vestmannaeyjum, nú undanfarið, svo að það hefur þar mjög hjálpað útgerðarmönnum til þess að standa í skilum. Því held ég fast við það, að nauðsyn sé á að leysa þau vandræði, sem útvegsmenn hafa orðið fyrir vegna síldarleysis á vertíðinni 1949 og vegna þess að Alþingi stóð ekki við skuldbindingar sínar um stofnun hlutatryggingasjóðs, einmitt með því, að skilanefndin miði störf sín við árslok 1949, en ekki 1948. Það var vissulega mjög virðingarverð tilraun, sem gerð var af hálfu hæstv. fyrrv. ríkisstj. til þess að gera útvegsmönnum kleift að halda áfram síldveiðum s. l. sumar, þegar svo leit út, að mikill hluti bátaflotans hætti veiðum um miðjan ágúst eða jafnvel fyrr. Hins vegar þótti hæstv. ríkisstj. sér nauðsynlegt að auka sjóveðskröfurnar með því að láta kost og olíur einnig hafa sjóveð. Þetta var að vísu gert til þess að hjálpa útveginum, en um leið eru sjóveð skipverja gerð minni. Hygg ég því, að ekki verði undan því vikizt, sem ég áður tók fram, að skilanefndin miði störf sín við árslok 1949, enda mun hún nú ekki vera mjög nærri því að ljúka störfum. Það má vera, að upphæð sú, sem brtt. okkar felur í sér, reynist of lítil, en það er þó alltaf betra fyrir skilanefndina að hafa þetta fé en ekki neitt og gera ónýtt það mikla undirbúningsstarf, sem hún hefur unnið, en það verður, ef störf hennar eru miðuð við árslok 1948. Ef till. okkar verður ekki samþ., en Alþingi gerir nú fljótlega, svo sem mjög er rætt um, frambúðarráðstafanir vegna útgerðarinnar, þá hygg ég, að menn standi þar mjög ójafnt að vígi að því leyti, að margir, sem fengið hafa ný og dýr skip, mundu missa þau, ef ekki væri miðað við árslok 1949, en hins vegar mundu flestir þeir, sem gömul skip eiga, halda þeim. Ef till. okkar verður ekki samþ., mundi Alþingi því að þessu leyti gera mjög upp á milli útvegsmanna. Ég skal ekki um það segja, hvor réttara hefur fyrir sér, hæstv. atvmrh. eða L. Í. Ú.; það verða þessir aðilar að gera upp sín á milli, en ég þykist vita, að hæstv. atvmrh. neiti ekki því samkomulagi, sem þingflokkarnir gerðu við L. Í. Ú. þann 11. jan. 1949, og að hann neiti heldur ekki, að það samkomulag hefur ekki verið uppfyllt, og ég geri enn fremur ráð fyrir því, að hann neiti ekki, að þessi till. okkar sé fram borin af fullri nauðsyn.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eftir að dýrtíðarlögin voru sett í árslok 1948, var gert samkomulag milli hæstv. þáv. ríkisstj. og L. Í. Ú. þann 11. jan. 1949 um viss atriði viðkomandi stuðningi hins opinbera við bátaútveginn.

Er samkomulag þetta í nokkrum liðum, og í einum þeirra, 4. lið, segir, að útvegsmönnum verði heimilað að ráðstafa gjaldeyri fyrir útflutt hrogn á sama hátt og var árið áður og að hið sama verði látið gilda um nokkrar fleiri útflutningsvörur, sem þar eru taldar í 11 liðum. — Á fundi fjhn. nú fyrir helgina, er þetta frv. var í athugun, þá fékk n. þær upplýsingar frá nefnd, sem L. Í. Ú. sendi til viðræðna við n., að samkvæmt þessum lið samkomulagsins frá 11. jan. hefðu útvegsmenn á árinu 1949 fengið sérstakt álag á gjaldeyri fyrir hrognum, en sá gjaldeyrir nam þrem milljónum króna, en álagið 50%. Þá höfðu þeir fengið nokkru hærra álag, eða um 600 þús. kr., vegna ½ millj. kr. útflutnings á nokkrum flatfiskstegundum og loks framleitt saltaða og reykta Faxasíld fyrir ca. 7,5 millj. kr. og frysta Faxasíld fyrir um 800 þús. kr., og var aukaálag á hana um það bil 23%. Nú hafa útvegsmenn lagt á það áherzlu í bréfi til fjhn., sem birt er í nál. á þskj. 177, að samkomulag náist um frílista þann, sem L. Í. Ú. hefur lagt fyrir, þar sem farið er fram á, að þessi atriði frá 11. jan. 1949 gildi áfram, en auk þess er þar bætt við lýsi úr lifur úr bátafiski og ísvörðum bátafiski, sem fluttur er á erlendan markað. Ekki liggur fyrir, að útvegsmenn hafi fengið ákveðin fyrirheit um þetta. — Ég lít svo á, að hvað sem annars má um það segja að fara inn á þessa braut, þá sé það mjög óeðlilegt, að ríkisstj. geti gert slíkan samning um sérstakt álag á vissan gjaldeyri án þess, að það sé fyrst borið undir Alþingi. Ég tel, að ef þessu á að halda áfram, þá eigi Alþingi að kveða á um það, og má benda á, að gengisskráningin er ákveðin með lögum, og hér er raunar ákveðið nýtt gengi á gjaldeyri fyrir vissar vörur. Þá er það talið af sumum, að þessi gjaldeyrir hafi ekki komið til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna sem annar gjaldeyrir, og hafi þetta leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta og því mjög varhugavert. Leyfi ég mér því að bera fram brtt. um þetta efni og les hana hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Brtt. er svo hljóðandi:

„Á eftir 5. gr. komi ný grein, þannig:

Meðan ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins samkvæmt lögum þessum er í gildi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að gjaldeyri, sem fæst fyrir neðangreindar vörur frá bátaútveginum, megi selja með álagi, er ákveðið sé af ríkisstjórninni, ef framleiðslukostnaður þeirra vörutegunda er meiri en söluverði þeirra nemur, og falli álag þetta til þeirra, er framleiða vörurnar, enda komi allur gjaldeyrir fyrir þær til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna á sama hátt og gjaldeyrir fyrir aðrar útflutningsvörur. Vörur þær, sem þetta gildir um, eru:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.
10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, witches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn."

Hér er það allt upp tekið, sem var í samkomulaginu frá 11. jan., og auk þess er bætt inn vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum. Eins og sést af upptalningu þessari, er hér eingöngu um að ræða vörur, sem lítið er framleitt af, að undantekinni Faxasíldinni, sem s. l. ár var flutt út fyrir röskar 8 milljónir kr. Út af þeirri ósk, sem fram hefur komið um, að lýsi verði bætt inn á þennan frílista, þá vil ég láta þess getið, að ef þessi till. verður samþ., þá mun ég við 3. umr. bera fram till. um að heimila að taka ábyrgð á lágmarksverði fyrir lýsi frá bátaútveginum. Það tel ég heilbrigðara en ganga lengra á þessari frílistabraut, en ég tel aðalatriðið, að þessi gjaldeyrir komi til ráðstöfunar gjaldeyrisyfirvaldanna, og þó sérstaklega, að þetta sé ekki gert án samþykkis Alþingis. Það er aðalatriðið, og þar sem Alþingi hefur borizt vitneskja um framkvæmd þessa máls s. l. ár, þá er ástæða til þess, að það láti málið til sín taka og ákveði, til hvaða vörutegunda þetta samkomulag á að ná. En af því að útvegsmenn hafa haft þessi hlunnindi undanfarið, þá tel ég ekki eðlilegt að fella þau niður nú í bili, en það má gera ráð fyrir, að þessu, sem og öðru í frv., verði breytt innan skamms, því að engir gera ráð fyrir, að þessi lög gildi nema mjög skamman tíma. Leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt brtt. frá hv. þm. V-Húnv. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 188) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ef um það væri að ræða, eins og hv. þm. V-Húnv. (SkG) tók fram, að þessi lög yrðu aðeins til bráðabirgða, þá er enn minni ástæða til þess að lögfesta ákvæðin í brtt. hans. Hann segir, að aðalatriðið sé að ákveða, að Alþingi fjalli um þetta mál, því að hér sé raunverulega um gengisskráningu að ræða. Það má náttúrlega kalla þetta svo, en hér er þó alls ekki um gengisskráningu að ræða, heldur er þetta verðlagsframkvæmd, sem verðlagsyfirvöldin geta alveg haft í sínum höndum og fer þannig fram, að þeir, sem fá gjaldeyrinn, leggja á vöruna, sem nemur álagi gjaldeyrisins. Þetta er því heimild um, að leggja megi á vöruna sem álaginu nemur. Ég tel engan vafa á því, að þetta heyri undir vald verðlagsyfirvaldanna. Því finnst mér ástæðulítið og raunar ástæðulaust, að nú sé farið að lögfesta þessa framkvæmd, þar sem þetta er bráðabirgðaframkvæmd, sem e. t. v. gildir aðeins í tvo mánuði. Heldur tel ég, að þetta eigi að ganga í sama farvegi og undanfarið hjá fyrrv. hæstv. ríkisstj., og geri ég ráð fyrir, að núv. ríkisstj. muni framkvæma

þetta á sama hátt, og breytir engu, þótt þetta sé lögfest, eins og hv. þm. V-Húnv. leggur til.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það er gert ráð fyrir að láta fiskábyrgð þá, sem hér um ræðir, gilda til 15. maí, og með því er sæmilega bjargað vetrarvertíðinni, en alls ekki atvinnulífi fólks, nema hér við Faxaflóa, því að ef ábyrgðin gildir ekki lengur, þá er verið að útiloka, að útvegsmenn annars staðar á landinu, sem veiða sinn fisk að sumrinu, njóti þessara fríðinda. Ég legg því mikla áherzlu á, að þessu verði breytt og ábyrgðin látin gilda allt árið. Það er að vísu mjög talað um, að þetta komi ekki til greina vegna þess, að frambúðarlausn verði fundin á þessum málum fyrir 1. marz, en ég dreg í efa, að svo verði.

Þá vildi ég og ræða um framkomna brtt. þess efnis, að ríkisstj. taki að sér að innleysa lögveð og sjóveð af bátum á grundvelli laga um þetta efni, sem samþ. voru 1948, og í því sambandi leyfi ég mér að minna á, að í desember s. l. var flutt till. af hv. þm. Siglf. (ÁkJ), hv. 2. þm. Reykv. (EOl) og mér þess efnis, að Alþingi fæli ríkisstj. að láta innleysa sjóveðskröfurnar, og rökstuddum við, að til þess þyrfti að koma sem fyrst, m. a. til þess að losa hlutaðeigandi menn við óþarfa kostnað, sem yrði af því að fara með málin til lögfræðinga. Nú hafa hins vegar 4 þm. lagt til að taka inn í þessi lög ákvæði um, að ríkisstj. innleysi veðin á grundvelli l. frá 1948. Ég styð þetta vissulega, en ég álít upphæðina, sem til þessa er ætluð, allt of litla, þar sem aðeins er gert ráð fyrir 1, 5 millj. kr. Það er upplýst, að sú lausn, sem gerð var fyrir vertíðina 1948, kostaði 6,5 millj kr., og þótt ástandið sé ekki eins slæmt nú og þá var, þá er það þó það slæmt, að það þarf meira en 1,5 millj. kr. í þessu skyni. Því flyt ég brtt. þess efnis, að í staðinn fyrir 1,5 millj. kr. komi 2,5 millj. kr., og þykist ég hafa fyrir því fullar líkur, að sú upphæð verði ekki of mikil, en nokkrar líkur fyrir því, að leysa megi málið nokkurn veginn með þeirri upphæð. Afhendi ég svo hæstv. forseta brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 189) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði í sambandi við brtt. mína við 1. gr. frv., um það, að ábyrgðin gilti allt árið, vil ég segja, að ég efast ekki um góðan vilja hjá stj. og að hún muni efna þann góða vilja, því að hún vill jafna allt og greiða úr öllu. En setjum nú svo, að stjórnarskipti yrðu og önnur stjórn, sem ekki væri eins góðviljuð, tæki við og sú nýja stjórn vildi ekki framlengja ábyrgðina. Slík stöðvun gæti haft alvarlegar afleiðingar. Hugsanlegt væri líka, að upp kæmi sundrung, sem leiddi til kosninga, þing væri rofið og ekkert gert nema með brbl. Ráðh. væru ef til vill sammála um nauðsyn á að framlengja ábyrgðina, nema fjmrh. Hann væri kannske dálítið íhaldssamur og teldi sig ekki geta framlengt ábyrgðina. Í því tilfelli nægði ekki hinn góði vilji, sem hæstv. atvmrh. var að tala um. Nei, það er tækifæri til að tryggja hinn góða vilja með því að samþ. brtt. mína við 1. gr. frv., en það er alls ekki víst, að það tækifæri gefist síðar. Þetta vona ég, að hæstv. atvmrh. athugi og tefli ekki hinum góða vilja í hættu, heldur styðji að lögbindingu ársábyrgðar með því að samþ. brtt. mína. — Hæstv. ráðh. minntist á, að ábyrgðina mætti framlengja, þegar þar að kæmi, en í því sambandi örlaði þó aðeins á hinni nýju leið, sem ríkisstj. hefur í undirbúningi, og á þeirri leið var engin fiskábyrgð, því að hún á að hverfa úr sögunni. Ráðh. fór að vísu fínt í þetta, en þó mátti heyra, hvað við var átt. (*Atvmrh.:* Sagði ég ekki, að ég vonaði, að fiskábyrgðin hyrfi úr sögunni?) Var það ekki dálítið ákveðnara? Það má vel vera, að nýja leiðin greiði svo fyrir bátaútveginum, að ekki verði þörf ábyrgðar, þegar hún hefur verið lögfest. En brygðist þessi lausn eða fyrirfærist, væri hlutur útvegsmanna austanlands og norðan alveg fyrir borð borinn, því að aðalvertíð þeirra er á vorin og sumrin, en eftir frv., eins og það er nú, nær ábyrgðin ekki nema til 15. maí. Þessi brtt. mín er því ekki nema réttlætiskrafa, og ætti engu að spilla, þó að ábyrgðin hverfi úr sögunni með nýju leiðinni, því að þá fellur þessi framlenging niður eins og önnur ákvæði frv.

Varðandi brtt. þm. V-Húnv. í sambandi við þann frjálsa gjaldeyri, sem útvegsmenn hafa fengið, vil ég taka það fram, að ég er ekki ánægður með þá breytingu, en mun þó fylgja henni til 3. umr. Hins vegar mun ég freista að finna heppilegra form á breytingu þessara ákvæða við 3. umr., ef einhver byr er fyrir slíkum breytingum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af aths. hæstv. fjmrh. í sambandi við brtt. mína. Hæstv. ráðh. gat ekki fallizt á, að hér væri um gjaldeyri með öðru gengi að ræða, heldur vildi hann kalla þetta sérstakt verðlagsákvæði, sem ætti aðeins að heyra undir verðlagsyfirvöldin. Ég get ekki fallizt á þetta, því að hér er ekki um verzlunarálagningu að ræða. Þessi álagning er allt annars eðlis, enda fá verzlanir ekki þessa álagningu. Hér er því ekki um verðlagsákvæði að ræða, en vilji hæstv. ráðh. heldur nefna þetta aukatoll, þá er mér sama. En það ber bara að sama brunni, því að öll tollaákvæði eiga að ákvarðast af Alþingi. Þetta leiðir því að sömu niðurstöðu, hvort sem um aukatoll eða sérstakt gengi er að ræða, og það getur ekki talizt heilbrigt, að ríkisstj. taki ákvarðanir um slík mál. Stjórninni er því í raun og veru fengið með þessu vald, sem lögum samkvæmt á að vera hjá Alþingi, og ef til vill gæti hún líka bætt inn vörutegundum á þennan svo kallaða frílista, meðan Alþingi ekki stöðvar það, að hún hafi möguleika til að fjalla ein um þessa hluti. Þar sem ég tel þetta fyrirkomulag bæði óheppilegt og skapa hættulegt fordæmi, vil ég láta Alþingi taka ákvörðun um, hvaða vörur falla undir þennan svo nefnda frílista og hvernig framkvæmd þessari eigi að haga, og um það fjallar brtt. mín, og raunar

er það ekki annað en það, sem Alþingi ber, lögum samkvæmt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Út af fram kominni brtt. frá þm. V-Húnv. (SkG) vil ég taka það fram, að ríkisstj. er á móti öllum þeim breyt. á frv., sem valdið gætu töfum á afgreiðslu málsins. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, þá er afgreiðsla málsins nauðsyn, til þess að útgerð geti hafizt. Tafir á afgreiðslu málsins eru því sama og tafir á því, að útgerð hefjist. Þeim mun síður þykir mér ástæða til, að farið verði nú inn á þær brautir, sem valdið geta töfum á því, að útgerð hefjist, þegar um er að ræða væntanlega örstutta framlengingu á ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið með vitund og vilja flestra þeirra þm., sem sæti eiga í þessari hv. d., auk þess sem væntanlega gefst tækifæri innan örfárra vikna að leiða til lykta á öðrum grundvelli þau ágreiningsatriði, sem í þessu máli felast. Þetta vona ég, að hv. þm. geti fallizt á, og vil því leyfa mér að vona, að ekki verði haldið hér til streitu till., sem valdið geta verulegum töfum á afgreiðslu málsins. Mér er því skapi næst að mælast til við þm. V-Húnv., að hann taki brtt. sína aftur til 3. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það virðist eins og sumum hv. þm. sé heldur lítið um þennan svo kallaða frílista, og þá ekki hvað sizt framkvæmd hans, eftir því sem þeir hafa látið orð falla. Nú er hv. þm. kunnugt um, hvernig á þessum frílista stendur. Hann er leyfður til samkomulags við útvegsmenn og er hlunnindi þeim til handa. Það er því ofur skiljanlegt, að þeir vilji ekki missa þá aðstoð, sem í honum felst, nema fá eitthvað í staðinn. Það má líka minna á, að sumar vörutegundirnar á þessum lista hefðu ella ekki verið framleiddar, og má þar til nefna vetrarsíldina, sem veidd hefur verið í haust og fjöldi manna hefur haft atvinnu af. Vegna þess að nokkurs misskilnings virðist gæta varðandi framkvæmd þessa máls, þá vil ég upplýsa, hvernig leyfin eru veitt í sambandi við þennan frjálsa gjaldeyri. Framkvæmdinni er lýst í bréfi frá viðskiptanefndinni, og vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr því kafla, sem fjallar um þetta mál:

„Á árinu 1949 var framkvæmd þessara mála með nokkuð öðrum hætti en á fyrra ári, þar sem m. a. var gert sérstakt samkomulag á milli ríkisstj. og útvegsmanna hinn 11. jan. 1949 um frílistavörur. Samkvæmt því samkomulagi senda útvegsmenn viðskmrn. framleiðslukostnaðaráætlanir sínar yfir þær framleiðsluvörur sjávarútvegsins, sem féllu undir samkomulagið við ríkisstj. Viðskmrn. vísaði því næst áætlunum þessum til fjárhagsráðs og óskaði umsagnar þess um áætlanirnar og framkvæmd málsins. Fjárhagsráð samþykkir því næst og ákveður að skipa undirnefnd í málið, en sú nefnd var skipuð einum manni tilnefndum af fjárhagsráði og öðrum tilnefndum af viðskiptanefnd ásamt þriðja manninum, sem var verðlagsstjóri. Eftir að aðilar þessir höfðu fjallað um málið og auk þess áætlanirnar og leiðréttingar undirnefndarinnar á þeim margræddar á fundi viðskiptanefndar og fjárhagsráðs og þannig endurskoðaðar, voru þær því næst sendar viðskmrn. aftur til staðfestingar. Fjárhagsráð veitti því næst alltaf öðru hvoru allt árið heimildir til viðskiptanefndar um leyfisveitingar á hinum ýmsu vöruflokkum, sem féllu undir samkomulagið um frílistavörurnar við ríkisstj. hinn 11. jan., og virðist mér fyrirkomulag þetta, með því að hafa framkvæmd málsins á jafnmargra manna höndum sem raun bar vitni, hafa torveldað mjög um eðlilega og skjóta framkvæmd á leyfisveitingunum.

Leyfisveitingar þessar á árinu 1949 voru að sjálfsögðu háðar nákvæmlega sama eftirliti og á árinu áður, og tel ég, að leyfisveitingar í sambandi við hinar svo nefndu frílistavörur, skv. samkomulagi ríkisstj. og útvegsmanna 11. jan. 1949, hafi ekki verið frekar möguleikar til þess að misnota leyfi skv. þessu samkomulagi heldur en yfirleitt önnur gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem veitt voru á árinu 1949.

Sverrir Júlíusson."

Ég tel mér skylt að upplýsa þetta og vil jafnframt geta þess, að útvegsmenn hafa í viðræðum við ríkisstj. fallizt á sama fyrirkomulag og framkvæmd þessa máls í framtíðinni eða á þessu nýbyrjaða ári.

Það hefur komið til mála, að þorskalýsi yrði bætt inn á þennan svo kallaða frílista. Við lauslega athugun hefur komið í ljós, að það gæti hækkað hásetahlut nokkuð, eða hver 10 aura hækkun gæfi 131 kr. í hásetahlut og bátshlutirinn hækkaði um 1260 kr. Ég tel sanngjarna þá kröfu, að þorskalýsinu verði bætt á frílistann, en hins vegar er ég algerlega andvígur brtt. þm. V-Húnv. um, að ríkisstj. ábyrgist ákveðið verð á þorskalifur. Í fyrsta lagi vegna þess, að útvegsmenn hafa alls ekki óskað eftir slíkri ábyrgð. Í öðru lagi hefði slík ábyrgð í för með sér milljónagreiðslur úr ríkissjóði, sem engar tekjur hafa verið ætlaðar fyrir, og sýnist nægilega mikið ákveðið af slíkum ávísunum á ríkissjóð. En auk þessara ástæðna mundi slík ábyrgð gera þessi mál öll miklu torleystari. Ég vil þess vegna eindregið mælast til, að þessi brtt. verði felld.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh. hafa mælt hér á móti því, að Alþingi setti nánari ákvæði um hinar svo nefndu frílistavörur, eða öllu heldur gjaldeyrinn, sem fyrir þær fæst. Þeir vilja láta ríkisstj. hafa ákvörðunarrétt um, hvað leggja megi á þennan umrædda gjaldeyri. Ég er aftur á móti sammála þm. V-Húnv., sem flytur brtt. um þetta efni, að þessi ákvörðunarréttur ríkisstj. sé bæði óeðlilegur og óheppilegur. Hins vegar er það ekki vegna þess, að ég vilji láta útvegsmenn tapa á slíkri breytingu, en það virðist ríkisstj. álíta. Þvert á móti vil ég láta útvegsmenn halda öllu sínu, en leysa þá undan þeim ásökunum, sem heyrzt hafa, að þeir noti þennan gjaldeyri á ólöglegan hátt. Annars ætla ég ekki að ræða þetta frekar, því að þm. V-Húnv. hefur gert því glögg skil, og læt ég það nægja til þess að skýra afstöðu mína nánar.

Í sambandi við það, að lýsi verði bætt á frílistann, vil ég taka fram, að þótt þessi leið hafi verið valin í sambandi við þær vörur, sem ella hefðu ekki verið framleiddar, eins og gotu og vetrarsíldina, þá tel ég hana ekki heppilega. Ég lít svo á, að þessi frjálsi gjaldeyrir skapi lausung í viðskiptum og torveldi allt eftirlit. Af þeirri ástæðu vil ég ekki bæta lýsi á þennan svo nefnda frílista. Sé hins vegar nauðsynlegt að veita einhverja aðstoð í sambandi við lýsisframleiðsluna, tel ég eðlilegra, að ríkið ábyrgist á því ákveðið lágmarksverð, og þess vegna mun ég fylgja till. þm. V-Húnv. um það efni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég tek ekki til máls hér sem frsm. fjhn., en vil þó upplýsa, að till. kom fram í fjhn. um að taka þennan svo nefnda frílista í lög. Ég lýsti því þá yfir, að þar sem framlenging þessara laga gilti ekki nema til 1. marz og væri þess vegna ekki nema um nokkurra vikna framlengingu að ræða á ráðstöfunum, sem fyrrv. ríkisstj. hefði gert, væri ekki ástæða til að taka þennan lista í lög nú. En það var sem sagt miðað við, að till. um allsherjar lausn allra þessara mála lægi fyrir fyrir 1. marz. Hins vegar kæmi til mála að lögfesta þetta, ef engin lausn yrði fundin fyrir 1. marz og framlengja þyrfti þetta leyfi. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram í þessu sambandi.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Út af ósk hæstv. forsrh. um, að ég taki till. mína til baka, þá get ég ekki orðið við þeim tilmælum vegna þess, að verði þessi till. mín samþ. nú við 2. umr., þá hef ég hugsað mér að flytja till. um, að lýsið verði bætt upp að vissu lágmarki. Mér er kunnugt um, að ýmsir útgerðarmenn telja það heppilegri lausn en bæta því á frílistann. Auk þess tel ég mjög óheppilegt, að ríkisstj. hafi heimild til að auka við listann yfir frílistavörurnar, jafnvel þó að slíkar ákvarðanir ættu ekki að gilda nema skamman tíma.

ATKVGR.

Brtt. 184,1 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ, MK, SG.

nei: ÁÁ, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, SB.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Ég vil ekki nú heimila ábyrgð lengur en út vetrarvertíð, og þá til vara eftir 1. marz til 15. maí. Hins vegar mun ég beita mér fyrir útflutningsábyrgð á sumar- og haustvertíð, ef mót von minni verður þá ekki búið að koma í framkvæmd öðrum úrræðum í staðinn, sem viðunandi eru fyrir útveginn.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 177,1 samþ. með 29 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 177,2 samþ. með 31 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 182 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 18:8 atkv.

— 188 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MK, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ.

nei: KS, ÓTh, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, FJ, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, SB.

3 þm. (PÞ, EmJ, GTh) fjarstaddir.

6.—11. gr. (verða 7.—12. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 179 felld með 18:11 atkv.

— 183 samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, BÓ, EystJ, GG, HÁ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, SB.

nei: ÁS, EOl, GÞG, IngJ, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ.

FJ, ÁB greiddu ekki atkv.

4 þm. (EmJ, GTh, HelgJ, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 184,2 felld með 24:6 atkv.

— 180 samþ. með 18:11 atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 23:4 atkv.

Brtt. 178 (14. gr. falli burt) samþ. með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JÁ, JörB, MK, SG, SkG, StJSt, StgrSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, ÁS, BÁ.

nei: BÓ, JóhH, JPálm, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, SB.

JS greiddi ekki atkv.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

Brtt. 176 kom ekki til atkv.

— 189 felld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, JÁ, MK, SG, ÁS.

nei: BÓ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, SB.

GG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁB greiddu ekki atkv.

3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég álít það vera óforsvaranlegt, að bætt sé inn í frv. nýjum útgjaldaliðum, án þess að gert sé ráð fyrir tekjum á móti, og þar sem hér er ekki gert ráð fyrir tekjum til þess að standast þau milljónaútgjöld, sem lögð yrðu á ríkissjóð með þessari breyt., ef samþ. yrði, segi ég nei.

Einar Olgeirsson: Þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki gert það að skilyrði hingað til, að tekjur væru tryggðar ríkissjóði á móti útgjöldum, segi ég já.

Finnur Jónsson: Mér er það ljóst, að til þess að uppfylla þau loforð, sem flokkarnir hafa gefið Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þá þyrfti upphæðin að vera hærri en hún er í þessari till., en ég tel mig vera bundinn vegna

samkomulags um þetta og segi því nei við tillögunni.

Brtt. 186 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁS, EOl, FJ, GÞG, JÁ, MK, PO, SÁ, SG, StJSt, StSt.
nei: ÁÁ, BÓ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, KS, ÓTh.
ÁB, BÁ, EystJ, GG, HÁ, JR, JörB, SkG, StgrSt, SB greiddu ekki atkv.
3 þm. (EmJ, GTh, PÞ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Með tilvísun til fyrri yfirlýsingar minnar segi ég nei við tillögunni.

Jóhann Hafstein: Þar sem hér er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir um ríkisábyrgð, þá á till. eigi heima hér. Greiði ég því atkv. á móti henni og segi nei.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég viðurkenni, að með bréfi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna er málinu hreyft, en að öðru leyti ekki, og eru ekki skilyrði til þess nú að samþ. þessa till., og segi ég því nei.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég beini þeim tilmælum, að ef mögulegt er, þá verði fundur haldinn í hv. þd. í kvöld, og vil ég æskja þess við hæstv. forseta, að hann reyni að ljúka umr. um málið í kvöld. Vænti ég þess, að forseti sjái sér þetta fært, ef enginn hreyfir andmælum gegn því.

Forseti (SB): Ég skal geta þess, að skrifstofan hefur gert ráðstafanir til þess, að málið geti verið tekið til umr. eins fljótt og unnt er, og fundur mun hefjast, er lokið er við að prenta frv. upp, og mun verða hægt að verða við ósk hæstv. ráðh.

Á 26. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég lét þess getið við 2. umr. þessa máls, að ég mundi við 3. umr. taka til athugunar að flytja till. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast ákveðið verð á þorskalýsi. Að vísu miðaði ég við, að till. mín um frílistann svo kallaða yrði samþ. Hún var nú að vísu felld, en ég vil samt leyfa mér að flytja þessa brtt., því að ég tel það vera heilbrigðara að fara þá leið, ef þörf er á uppbótum, heldur en að ráðstafa gjaldeyrinum á þann hátt, sem gert var með frílistanum í fyrra. Ég vil endurtaka, að ég tel mjög óheilbrigt, að hæstv. ríkisstj. ákveði visst álag á gjaldeyrinn án samþykkis Alþingis. En slíkt geri ég ráð fyrir, að verði ekki gert, ef till. mín verður samþ.

Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja umr. og fara fleiri orðum um þetta, en vil leyfa mér að lesa upp brtt. mína, sem koma á aftan við 1. gr. frv.:

„Enn fremur er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 130 fyrir hvern lítra af lifur."

Ég vil svo afhenda hæstv. forseta till. og vænti þess, að hann leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 192) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja hér brtt. við 13. gr., þar sem ákveðið er, að ef ekki verður sett löggjöf, er leysi vandamál bátaútvegsins, þá framlengist fiskábyrgðin eftir 15. maí, þó ekki lengur en til ársloka, þ. e. a. s., að í staðinn fyrir „15. maí" komi: ársloka. — Ég byggi þetta á því, að mjög óeðlilegt er að samþykkja fiskábyrgð nema sú ábyrgð nái til alls ársins, því að fiskveiðar eru stundaðar á Íslandi á mjög misjöfnum tíma árs. T. d. er í endaðan maí vertíð að byrja á Norðurlandi og stendur fram eftir vorinu. Enn fremur eru á Norður-, Vestur- og Austurlandi fiskveiðar stundaðar mjög á haustin, eftir síldarvertíð, og allt fram undir áramót, sérstaklega nú hin seinni ár, eftir að síldveiðin fór að bregðast svo mjög. Ég tel mjög mikilvægt, að fiskábyrgðin nái einnig til þessa fólks, svo að það geti þannig unnið fyrir sér í heimahögum sínum, þar sem ekki er um aðra atvinnu að ræða en við fiskinn.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en legg till. fram skriflega og vona, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 193) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, hefur hv. d. að þessu gengið svo frá frv., að ríkisábyrgð er tekin, sem mun kosta ríkissjóð milli 40—50 millj. kr., ef svipaður afli verður nú og var í fyrra, án þess að hv. d. hafi tekið afstöðu til, hvernig standa á undir kostnaðinum af þessu. Nú vill hv. þm. V-Húnv. bæta enn á þennan bagga. Að vísu get ég nú ekki séð, hve mörgum milljónum það nemur, en þær eru ábyggilega þó nokkrar; samt sem áður gerði hv. þm. ekki tilraun til að benda á leiðir til að standa undir þeim bagga, sem lífrarábyrgðin mundi baka ríkissjóði. Það hefur mikið verið talað hér um óskir útvegsmanna að fá lýsið tekið á hinn svo nefnda frílista. Ég tel, að það hefði verið hægt og útgerðarmönnum miklu geðfelldara en það, sem þessi till. felur í sér. Auk þess hefði það verið

ríkissjóði alveg að kostnaðarlausu. Ég hef nú sýnt fram á, bæði við 1. og 2. umr., að allt tal um misnotkun á þessum frílistagjaldeyri er á röngum hugmyndum byggt og blandað saman við allt annan gjaldeyri, sem ríkisstj. hefur ekki áhrif á. Hins vegar hef ég sýnt fram á, hvernig viðskiptan. hefur eftirlit með frílistagjaldeyrinum og hvernig af hálfu hæstv. fyrrv. viðskmrh. hafði verið lagður grundvöllur að ströngu eftirliti með honum. Sá gjaldeyrir getur því ekki verið skoðaður sem nein hneykslunarhella. Að þessu athuguðu væri því ekki óeðlilegt, að útvegsmenn fengju lífrína inn á frílistann, eins og fram kemur í nál. fjhn.

Nú er rétt að víkja að því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að sín till. væri, ef samþ. yrði, til að bæta hag útvegsmanna. Það getur verið rétt svo langt sem það nær og ef hægt væri að framkvæma hana, en ég hef áður sýnt fram á, að hún er byggð í lausu lofti og óvíst, hvort hægt er að standa undir henni. En það er hægt að veita útvegsmönnum úrlausn í þessu efni með því að láta lýsið falla á frílista, og kostar það ríkissjóð aukalega ekki neitt. Ég hygg því, að réttara væri fyrir hv. þm. V-Húnv. og aðra hv. þdm. að fallast á sanngjarna kröfu útvegsmanna í þessu efni, en auðvitað er það á valdi hv. þd. að ákveða það, og skal ég ekki frekar blanda mér í það mál, þar sem ég á ekki sæti í þessari hv. deild.

Um brtt. hv. þm. Siglf. (ÁkJ) er það að segja, að hún stefnir mjög í sömu átt og brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Og þar sem komið hefur í ljós í hv. d., að ekki er vilji fyrir því að láta ábyrgðina ná lengra en til miðs maí, þá virðist hún að ófyrirsynju fram komin. Ég get og bent á, eins og ég tók fram við 2. umr., að það er langt frá því hugmynd þeirra, er sömdu frv., að láta ábyrgðina stöðvast um miðjan maí, ef aðrar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar fyrir þann tíma, og þetta þýðir, að mér finnst skylda hvíla á hverjum þeim hv. þm., sem nú stendur að samþykkt frv., að sjá farborða útvegi landsmanna, svo fremi að aðrar varanlegar ráðstafanir verða ekki gerðar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það fór svo við 2. umr. þessa máls, að brtt. sú, sem ég var meðflm. að, um að tryggja bátaútveginum þetta lágmarksverð allt árið, svo framarlega sem ekki yrðu aðrar breyt. gerðar, eins og gert var ráð fyrir að hugsanlegt væri, var felld. Hins vegar var sett ákvæði inn í þetta frv. um ríkisábyrgð fyrir bátaútveginn, um að ábyrgjast kjötframleiðendum það, sem á kynni að vanta, svo að þeir fengju fyrir útflutt kjöt á tímabilinu 31. ág. 1949 til 1. sept. 1950 það verð, sem lagt er til grundvallar verðlagningu landbúnaðarvara. Það þykir sjálfsagt að slá því föstu á sama augnabliki, sem verið er í frv. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins að fella það að tryggja bátaútveginn allt árið, að ábyrgjast kjötframleiðendum, svo framarlega sem þeir kynnu að finna upp á því að flytja út kjöt, það, sem kynni að vanta á, að þeir fengju tilskilið verð í innanlandsviðskiptum. Það er sagt, að ekkert kjöt verði flutt út, en verði gengið fellt um 50% í næsta mánuði, með samkomulagi Framsfl. og Sjálfstfl., og kjöt síðan skammtað hér á landi, væri þá ekki hugsanlegt, að einhverjir fyndu upp á því að flytja út kjöt? Ætli framsóknarmönnum gæti ekki dottið slíkt í hug? Ég hef minnzt á þetta meðfram til gamans, til að sýna samræmið, sem er við meðferð þessara mála hér í þessari hv. d. Ég álít það mjög miður farið, að þetta skuli hafa verið afgreitt á þennan hátt, og yfirleitt allt, sem fram hefur komið við 2. umr. málsins. Ég hef í raun og veru frekar en áður ástæðu til að óttast, að hin nýja leið, sem lagt verður inn á í febrúarmánuði n. k., verði mjög stórkostleg gengislækkun, sem meðal annars mundi hafa þær afleiðingar, ef um 30 til 50% gengislækkun yrði að ræða, að það minnkaði raunverulega kauptryggingu sjómanna, svo að maður tali ekki um kaup launþega í landi. Þegar verið er að tala um að tryggja útveginn og tryggja það, að menn fáist á skipin og að sjómenn og útgerðarmenn geti haldið skipum sínum úti allan tímann, þá er alveg fráleitt að afgreiða þessi mál svona. Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ég mundi íhuga það, hvort ég ætti að koma með einhverjar till. um, að útgerðin yrði á einhvern hátt tryggð, hvað það snertir að geta fengið lán út á þessa ríkisábyrgð. Því var lýst yfir við 2. umr. málsins, að svo framarlega sem 14. gr. frv. yrði felld, þá yrði hætta á, að t. d. Landsbankinn liti öðruvísi á þetta mál. Við vitum, að bankastjórarnir gera ekki allt of mikið með ríkisábyrgð, og það hefði verið gott að fá upplýst, hvernig nú yrði litið á þetta af þeim, hvort útgerðinni verður lánað eins og hún þarf og hvort haldið yrði áfram að lána, jafnvel þó að hraðfrystihúsin gætu framleitt 27 þús. tonn af freðfiski, eins og reiknað er með nú. Ef bankarnir lána ekki út á slíkt magn, þá er aðeins um tvennt að ræða, annaðhvort að skylda þá til að lána eins og með þarf eða að gefa útflutninginn frjálsan og gjaldeyrinn fyrir hann, þegar ekki fengist lengur lán út á það, sem framleitt væri. Ekkert af þessu hefur fengizt rætt hér og ég sé ekki ástæðu til að koma með till., meðan allt útlit er fyrir það, að enginn möguleiki sé til þess að fá þingmeirihl. í Nd. til að afgreiða málið þannig, að séð sé fyrir fjárhagslegum grundvelli um leið og fiskábyrgðin er samþykkt. Ríkisstj. fæst ekki sjálf til að ræða efnahagslegan grundvöll fyrir allri þessari fiskábyrgð, markaðsmálin. Sé það að fara út í kviksyndi að afgreiða málið án tekjuöflunar, þá er það að stofna öllum þjóðarbúskapnum í gjaldþrot að afgreiða þetta mál án þess að hafa meira fyrir sér en nú er viðvíkjandi markaðsmálum okkar. En ég veit, að þetta er talað fyrir daufum eyrum, og læt ég því útrætt um málið almennt.

Það fór svo, að till. hv. þm. V-Húnv. viðvíkjandi lýsinu var felld með jöfnum atkv. Ég hefði viljað fá ákvæði inn í þetta frv. um frjálsan gjaldeyri fyrir þessa svokölluðu frílistavöru, en einmitt á þann hátt, að útgerðarmenn fengju þennan gjaldeyri til mjög frjálsrar ráðstöfunar, og ég álít, að það hefði átt að

taka lýsið þar með. Satt að segja treysti ég hinum einstöku útgerðarmönnum og þeirra samtökum til að fá betra verð fyrir hvaða vöru sem er — engin undanskilin — heldur en núverandi einokun. Ég treysti þeim, sem eiga sína hagsmuni undir því að koma ár sinni vel fyrir borð, að ná í betri markaði og betra verð fyrir framleiðslu sína en núverandi ríkiseinokun hefur tekizt. Ég álít þess vegna, að á meðan ekki fæst stj., sem vinnur samvizkusamlega að því að skapa nýja markaði fyrir framleiðslu okkar, þá eigi að gefa þessa verzlun sem mest frjálsa. Því miður var þessi till. felld við 2. umr., en þá verður að freista þess, hvort ekki er hægt að koma einhverju í þessa átt inn í frv. í Ed., og fengi maður það þá aftur til umr. hér. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að lýsið, á hvern hátt sem það yrði, verði að fylgja þeim vörum, sem útgerðin fær frjálsan gjaldeyri fyrir, en annars væri rétt, eins og lagt hefur verið til, að ríkið tæki einnig ábyrgð á lýsisverðinu. Hins vegar mundi það auka nokkuð útgjöld ríkisins í þessu efni. Ég skal vekja athygli á því, að það verð, sem reiknað er með fyrir þorskalýsi, eftir því sem gefið er upp í fjhn., er 84 £ fyrir tonnið, og sama verði er nú reiknað með fyrir síldarlýsi. Þetta þýðir það, að hætt er að reikna með íslenzka þorskalýsinu sem vítamínvöru, sem framleidd er og seld vegna vítamínsmagns og meðalagildis, heldur er farið að selja það sem iðnaðarlýsi. Ég er sannarlega efins um þær ráðstafanir, sem liggja til grundvallar fyrir slíku, og þess vegna vantrúaður á, að ekki sé mögulegt að skapa betri og öruggari markaði fyrir þetta. En vert er að vekja athygli á þessu. Þessi vara er ein af þeim fáu, sem markaður er fyrir í Bandaríkjunum, og þetta er útreiðin, sem við fáum á þeim markaði, sú reynsla, sem við höfum á möguleikunum þar með þá vöru, sem við höfum sérstaklega getað selt og er ein af okkar öruggustu dollaravörum.

Að síðustu vildi ég leyfa mér að flytja eina litla till. í sambandi við 14. gr. Það er gengið út frá því að fella niður f-lið 30. gr. l. nr. 100 frá 1948. Þetta mál var nokkuð rætt hér fyrir jólin, og komu þá brtt. frá mér og fleirum við þessa 30. gr., um að fella niður viðbótargjöld, sem greinir frá í d-lið og e-lið, þ. e. a. s. viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfum af bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum, hjólbörðum og slöngum. Þar sem ég veit, að það er mjög mikil þörf á, að þessi aukagjöld verði felld niður, en þau koma sérstaklega hart niður á vörubifreiðastjórum, sem nú búa við mikið atvinnuleysi, þá tel ég sanngjarnt, að það verði gert. Vil ég því leyfa mér að leggja fram till. um, að niðurlag gr. hljóði svo, að á eftir orðunum „að undanteknum" komi: d-, e- og f-liðum 30. gr. l. — Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 194) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Aðeins örfá orð út af ummælum hv. 2. þm. Reykv. um þorskalýsisverzlun. Hún hefur allajafna verið frjáls, að svo miklu leyti sem útflutningur er frjáls yfir höfuð að tala. Það þarf að fá útflutningsleyfi fyrir því, en það þarf fyrir öllum vörum. Annars hefur framleiðendum alltaf verið frjálst að selja þorskalýsi, þar sem þeim hefur bezt líkað, og mér vitanlega hefur aldrei verið þvingað á þá ríkisráðstöfun í því efni. Hitt er annað mál, að ríkisstjórnin hefur stundum getað látið eitthvert magn af þorskalýsi fljóta með í heildarsamningum, en það hefur jafnan verið gert í samráði við framleiðendur, og ég þori að fullyrða, að það hafi aldrei verið þeim til óhagræðis. Annars hefur þetta alltaf verið þannig, að framleiðendur þorskalýsis hafa selt sjálfir sína vöru og hafa ekki verið á neinn hátt hindraðir í því.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. flutti hér smágamanþátt um kjöt, í tilefni af þeirri till., sem ég og hv. þm. Snæf. fluttum hér og var samþ. Sá galli var á, að þetta var byggt á misskilningi, og ég geri ráð fyrir, að ef hv. 2. þm. Reykv. hefði hugsað nánar um málið, þá hefði hann komizt að þeirri niðurstöðu, að það er ekki óeðlilegt, að till. okkar sé svona orðuð, vegna þess að þetta snertir eingöngu vöru, sem þegar er búið að framleiða og er komin á markaðinn, þ. e. a. s. kjötið frá síðasta hausti. Það veit hv. 2. þm. Reykv. sjálfsagt jafnvel og ég, að sá er háttur hér á landi, að sauðfé er slátrað að haustinu en ekki á vetrarvertíð, og því gildir annað um þessa vöru en fisk, sem dreginn er úr sjó hér við Faxaflóa og annars staðar. Nú er það þannig, að bátaútvegurinn naut ríkisábyrgðar allt árið 1949, og er þá ekki óeðlilegt, að það sama gildi um það kjöt, sem kom á markaðinn á því ári. Annars eru, eins og áður er tekið fram, litlar eða jafnvel engar líkur fyrir því, að til ábyrgðarinnar þurfi að grípa, en við töldum það rétt, flm., úr því að þetta var í l. síðasta árs, að tilsvarandi ákvæði væri sett inn nú, þó að það yrði ekki til þess að baka ríkissjóði nein aukaútgjöld.

Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði um mína till. um verðábyrgð á lýsi, og þegar hann gat þess, að þetta mundi vera annað en það, sem útgerðarmenn óskuðu eftir í þessu efni, þá er mér víst óhætt að fullyrða, að meðal þeirra eru skiptar skoðanir um þetta, því að þeir útgerðarmenn munu vera til, sem telja það óruggara, að þeir njóti þessarar verðuppbótar, ef til hennar kemur, ef það er framkvæmt á þann hátt, sem lagt er til í minni till., heldur en ef frílistaaðferðin er viðhöfð, og vilja þeir þess vegna og hafa óskað eftir, að sett væri inn í frv. slíkt ákvæði um verðtryggingu á lýsi. En um þetta eru sem sagt skiptar skoðanir, og ég tel þessa aðferð eina koma til greina, en hitt vera alveg óviðunandi fyrirkomulag, að ríkisstj. geti, hvað snertir þessar vörur eða aðrar, lagt á tolla eða sérstaka álagningu eða breytt gengi gjaldeyris, sem fyrir þær fæst, án þess að Alþ. hafi nokkuð um það að segja.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við till. hv. þm. V-Húnv. um að setja ákvæði um lýsi í 1. gr. frv. þess, sem hér var til 2. umr. áðan. Mér er lítt skiljanlegt ofurkapp það, sem hv. þm. V-Húnv. leggur á það að fá þennan frílista úr sögunni. Ég held, að það sé ekki rétt athugað hjá honum, að það finnist nokkur útgerðarmaður, sem sé andvígur þeirri aðferð, sem hefur verið höfð í tvö ár í sambandi við þennan frílista, öðru nær. Útgerðarmenn halda mjög fast á þessum rétti sínum og sjá enga ástæðu til þess, að þessi virðulega stofnun skerði rétt þann, sem þeir hafa haft hvað þetta snertir undanfarið. Þetta er þeim mun einkennilegra, þar sem þessi frílistaaðferð hefur verið höfð tvö undanfarin ár og engin rödd komið hér fram á Alþ. um að hafa aðra skipan á þessum málum. Sömuleiðis var fyrir nærri tveim árum höfð mjög lík skipan á sölu einnar tegundar landbúnaðarvöru, gærum til Finnlands. Þær voru í raun og veru verðuppbættar á þann hátt, sem hefur verið hafður í sambandi við frílistavörurnar. Það hlýtur að liggja eitthvað annað á bak við hér en hagsmunir okkar útgerðarmanna, sem við teljum, að sé bezt borgið með því að hafa frílistann áfram. Það má í þessu sambandi benda á, að enn geta þeir tímar komið, að erfitt verði með sölu á ýmsum afurðum sjávarútvegsins. Margar þær vörutegundir, sem eru á frílista, voru lítt seljanlegar og sumar hverjar ekki hirtar, en þessi frílisti er upphaflega til orðinn einmitt til þess, að þessum vörum yrði ekki kastað. Þær voru svo teknar á lista, og útgerðarmenn fengu fyrir þær hinn svonefnda frjálsa gjaldeyri. Það er hið mesta ranghermi að tala um frjálsan gjaldeyri í þessu sambandi, því að eins og allir vita, er þessi innflutningur alveg háður innflutningsyfirvöldunum. Þau úrskurða, hvaða vöruflokka skuli flytja inn fyrir gjaldeyrinn. Það er aðeins þetta: Í sambandi við frílistann hafa útgerðarmenn fengið nokkra verðuppbót eða fengið að leggja — þó með samþykki verðlagsyfirvaldanna — óeðlilega háan ágóða á þessa vöruflokka. — Þá vil ég taka það fram, að það er að sumu leyti ekki rétt hjá hv. þm. V-Húnv., þegar hann hélt því fram við 2. umr. málsins, að frílistinn hefði leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta og ekki heyrt undir innflutningsyfirvöldin. Ég vil halda því fram, að hvort tveggja sé rangt hjá hv. þm. Frílistinn hefur heyrt undir innflutningsyfirvöldin, og það er fyrst nú í þessari hv. d., sem ég hef heyrt, að fólk hafi kvartað undan óeðlilegum verzlunarleiðum í sambandi við frílistavörurnar.

Ég vildi aðeins láta hv. þm. heyra álit mitt, einmitt sem útgerðarmanns, sem á að vera mjög vel kunnugur því, hver hugur útgerðarmanna er í þessu máli, en hann er allt annar en hv. þm. V-Húnv. hefur viljað túlka hér.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál er þannig vaxið, að það er hægt að tala lengi um það. Ég ætla ekki að hefja hér deilur við hv. þm. Snæf. um þetta mál. Hann sagði það ekki vera rétt hjá mér, að einhverjir útgerðarmenn kysu heldur verðuppbótina en frílistafyrirkomulagið hvað lýsið snertir. Ég held því fram, eins og ég hef áður gert, að um þetta séu skiptar skoðanir. Mér er kunnugt um það. Ég fer ekki að þylja upp nöfn hér, tel það ekki eiga við, en get fullvissað hv. þm. um, að þetta er rétt, að útgerðarmenn álíta sumir, að það sé óruggara fyrir þá að njóta verðuppbótar, ef sú leið er farin, heldur en álagningar á gjaldeyrinn, ef sú aðferðin er höfð. — Hv. þm. Snæf. sagði, að þarna hefði ekki verið um frjálsan gjaldeyri að ræða, því að gjaldeyrisyfirvöldin hefðu ráðstafað þessum gjaldeyri eins og öðrum, það hefði aðeins verið leyfð álagning. Ég vil benda honum á, að það var einmitt í minni till. að leyfa álagningu á vissar vörutegundir, og þetta álag skyldi renna til framleiðenda. Þá sé ég ekki annað en að hann hefði getað greitt minni till. atkv., ef bara er um þetta spursmál að ræða, álagninguna. (*SÁ:* Ég vil hafa frílista). — Hv. þm. Snæf. sagði, að ég hefði sagt við 2. umr. málsins, að þetta fyrirkomulag hefði leitt til óheilbrigðra verzlunarhátta. Ég held, að það sé ekki of sterkt að orði komizt, en ekki voru í minni ræðu neinar ásakanir á útgerðarmenn í því sambandi. Hitt er alkunnugt, að mikil brögð eru að því, að ýmsar vörutegundir hafa verið seldar háu verði, og hefur sú skýring verið gefin, að þetta væru gotuvörur o. s. frv. Það er ástæða til að ætla, að í ýmsum tilfellum hafi vörur, sem ekki voru keyptar fyrir þennan gjaldeyri, verið seldar hærra verði en rétt var, í blóra við þetta ákvæði. Svo er því dreift út, að þetta sé útgerðarmönnum að kenna, þeir hafi þessi fríðindi og fyrir þær sakir séu ýmsar vörur óeðlilega dýrar, þó að þeir eigi enga sök á því, og sízt er það útvegsmönnum til hagsbóta, að sú skoðun skapist, að óeðlilega hátt verð sé þannig til komið, að þeir njóti sérstakra fríðinda. Ég held því, að það hafi ekki verið of fast að orði kveðið hjá mér, að þetta ætti einhvern þátt í óheilbrigðum verzlunarháttum, en ég var ekki með neinar ásakanir til útvegsmanna í því sambandi.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins svara nokkrum orðum framítaki forseta sameinaðs þings, þar sem hann segir, að ég óski eftir frílistanum áfram til að geta svindlað á honum. Þetta eru ósæmileg orð frá hendi hæstv. forseta sameinaðs þings, að slengja því fram, að ég óski eftir frílistanum til þess að ég og aðrir útvegsmenn geti svindlað á honum. En þetta framítak hv. þm. sýnir einnig hug hans til útvegsmanna, að þeim sé ekki trúandi til annars en svindla á frílistanum. Ég tel þessi ummæli mjög óviðeigandi í garð okkar útvegsmanna.

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Snæf., kaupmannsins úr Stykkishólmi, vil ég segja það, að þau ummæli sönnuðu það, sem oft vill verða, að sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Sigurður Ágústsson: Hver var ástæðan til þess, að hv. 1. þm. Skagf. þurfti að reiðast? Hví þurfti hv. þm. að slengja slíkum aðdróttunum að stærstu atvinnustétt þessa lands?

Gísli Guðmundsson: Það hefur verið borin hér fram brtt. við 14. gr., um, að tiltekin lagaheimild skuli gilda til 1. marz, að undanteknum f-lið dýrtíðarlaganna. Nú hefur verið gerð sú brtt. við þetta, að þessi undantekning skuli einnig ná til d- og e-liðar. Mér hefði sýnzt, þó að ég hafi ekki borið fram brtt. um þetta fyrr, að úr því að verið er að framlengja þessa tekjustofna til 1. marz, þá væri réttast að framlengja ákvæðin eins og þau eru nú, þannig að mér sýnist ekki ástæða til þess að samþykkja þessa brtt., sem hv. 2. þm. Reykv. hefur borið fram, og ekki heldur að samþ. ákvæðin, sem nú eru í frv. um að undanskilja f-lið. Mér finnst sem sagt eðlilegt, úr því að þetta er framlengt um stuttan tíma, að það sé framlengt óbreytt. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram skriflega brtt. um umorðun á 14. gr., að hún orðist svo:

„Til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frv. þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950."

Aðalbreyt. í þessu er sú, að undantekningin í f-lið 30. gr. er felld niður, og mundi ég þá, ef þetta yrði samþ., fella mig við það, að ákvæðið væri framlengt óbreytt. En fáist ekki þessi breyt. samþ., vildi ég áskilja mér rétt til þess að taka til athugunar þær brtt., sem bornar hafa verið fram. Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 192 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, SG, SkG, StgrSt.

nei: ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, PO, SÁ, StSt, SB.

3 þm. (GTh, PÞ, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 193 felld með 22:6 atkv.

— 195 felld með 21:4 atkv.

— 194 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FJ, GG, GÞG, HÁ, IngJ, JG, JÁ, JR, MK, SG, StgrSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ.

nei: JóhH, JPálm, JS, JörB, ÓTh, PO, SÁ, StSt, ÁÁ, BÁ, EystJ, SB.

HelgJ, KS, SkG, ÁB, BÓ greiddu ekki atkv.

3 þm. (GTh, PÞ, StJSt) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svolátandi grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Þar sem bæði er búið að stytta gildi þess kafla, sem hér um ræðir, til 1. marz, og þar sem enn fremur kom fram í grg. frá ríkisstj., að hún teldi nauðsynlegt, að sumir af þeim tekjuliðum, sem í kaflanum felast, yrðu felldir úr gildi bráðlega, þá mun ég nú greiða atkv. á móti þessari till., enda þótt ég hafi áður flutt till. sama efnis.

Jörundur Brynjólfsson: Mér hefur skilizt, að ríkissjóði muni ekki veita af að framlengja sem mest þessa gjaldstofna óskerta um einn mánuð, og þar sem fyrirheit er gefið um það að reyna að koma þessum málum á nýjan grundvöll, þá sé ég ekki nauðsyn á því að fara nú að gerbreyta þessum sköttum fyrir einn mánuð og segi þess vegna nei.

Steingrímur Steinþórsson: Ég hefði talið eðlilegast að framlengja þennan kafla dýrtíðarl. óbreyttan. En þar sem hv. þd. hefur nú farið að grauta í þessum kafla og tekið úr honum liði, sem að mínum dómi eru ekkert réttlætanlegri en aðrir, þá sé ég mér ekki annað fært en að segja já við þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég tek ekki þátt í þessum leik, sem hér er að gerast, og sit því hjá.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 11. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál er sem kunnugt er búið að ganga í gegnum hv. Nd. Í þinghléinu vann ríkisstj. ásamt trúnaðarmönnum sínum og fulltrúum útgerðarmanna að því að finna bráðabirgðastarfsgrundvöll fyrir bátaútveginn, sem gilti fyrst um sinn, og niðurstaðan varð sú að leggja til, að ábyrgðin á fiskverðinu yrði lögfest til miðs maímánaðar. Strax og þing kom saman aftur eftir þinghléið, lagði ríkisstj. fram þetta frv., til þess að sem minnstur tími færi forgörðum til þess að skapa bátaflotanum þau skilyrði, að hann treystist til að leggja í haf. Ég vildi þó geta þess, að ríkisstj. hefur í hv. Nd. lagt sérstaka áherzlu á, að hún ætlast til, að hér verði í rauninni um bráðabirgðalausn að ræða, því að ég býst við, að allir geti orðið sammála um nauðsyn nýrrar skipunar á málum þeim, sem varða útflutningsverzlun landsmanna. Við stöndum svo höllum fæti núna, að ekkert annað en grundvallarbreyting getur myndað þá undirstöðu útflutningsatvinnuvega landsmanna, sem viðunandi sé. Jafnan hefur sú verið fyrsta og helzta krafa bátaútvegsmanna — og var enn í haust, — að ríkisstj. og Alþ. mynduðu þann grundvöll, sem framleiðendur til sjávar gætu unað við. Þetta kann maður manni að segja og hefur oft kveðið við. Þótt við segjum, að reynt hafi verið að tasla við ástandið, þá hefur það ýmsa ókosti í för með sér, útgjöld o. fl., auk þess sem numinn er brott sá hemill öryggis, sem hver atvinnurek-

andi þarf að hafa til að standa sjálfur ábyrgur fyrir rekstri sínum. Að þessu var þó horfið, að fara ábyrgðaleiðina þetta árið, og á meðan eigi er sýnt, að annað fáist viðurkennt af þ., þykir stj. ekki annað fært en leggja það til til bráðabirgða, sem var í frv. Það, er snertir ábyrgðina sjálfa, hefur að vísu haldizt, en þyngzt í fjhn. Nd. og d. sjálfri, þar sem bæði hefur verið hækkað ábyrgðarverðið á saltfiski, og það held ég, að sé réttmætt, en auk þess hefur verið bætt inn ákvæði um að útvega eða leggja hálfa aðra milljón króna fram í nýja kreppu. En ég verð að segja það, að þetta kom aldrei fram í viðtölum og samningum stj. við útgerðarmenn. Því var þetta m. a. eigi tekið í stjfrv., þótt sett hafi verið í það í hv. Nd.

Að öðru leyti hafa miklar breyt. verið gerðar á frv. í hv. Nd., því að gagnstætt því, sem stj. lagði til varðandi tekjurnar, þá hefur Nd. litið svo á, að þess muni eigi verða þörf, og því hafa öll tekjuöflunarákvæðin verið numin brott í hv. Nd. — Ég skal að öðru leyti eigi gera þetta að umtalsefni til annars en lýsa því. Er það verk annars ráðh., og mun hann væntanlega gera grein fyrir þeirri hlið þessa máls.

Málið gekk annars greiðlega í gegnum hv. Nd., og fjhn. d. hélt því ekki öllu lengur en við mátti búast. Vænti ég, að hið sama verði ofan á í þessari hv. d., svo að telji útvegsmenn sig sæmda af þessu frv. og treysti sér til að hefja atvinnu sína skv. því, og það býst ég við, að þeir geri, þá geti þær brtt., sem þingið vill fallast á bátaútveginum til framdráttar, orðið staðfestar sem fyrst. Ríkisstj. álítur þessa leið bráðabirgðaúrræði og mun leggja áherzlu á að koma fram sem fyrst með tillögur sínar fyrir Alþ. um aðra leið, þá er hún telji betri og geti þá miðað að því að leysa vandamál eigi einvörðungu bátaútvegsins, heldur og togaraflotans, sem gengið er fram hjá í frv. þessu.

Ég ætla mig eigi þurfa að lengja þetta mál. Ég mælist til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn. Þótt það snerti sjávarútveginn, þá hefur sá háttur verið hafður á — og nú enn í hv. Nd. —, að fjhn. fjallaði um málið, m. a. og sérstaklega vegna þess, að gert var í frv. ráð fyrir tekjum. Eru lítils háttar slitur enn eftir af þeim ákvæðum í frv., og þótt það sé lítils virði orðið sem tekjuöflunarfrv., álít ég rétt vera, að það lendi hjá sams konar n. og í hv. Nd.

Ég vil mælast til þess við þá hv. n., sem málið fær til meðferðar, að hún leggi kapp á að afgreiða það hér í d., ef verða mætti til þess, að frv. fengi fullnaðarafgreiðslu í dag eða í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 196, n. 200, 201, 202).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þó að ég hafi tekið að mér framsögu fyrir fjhn. í þessu máli, þá get ég kannast við það, að það er ekki af neinni sérstakri ánægju með þetta mál, að ég geri það. Ég álít persónulega, að það geti ekki orkað tvímælis, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, séu nokkuð vafasamar og framlenging á þeirri braut, sem íslenzka þjóðin hefur gengið á undanfarið og ég fyrir mitt leyti álít óheillabraut. Á hitt ber þó að líta, að hér er um alvarlegt ástand að ræða, og má því skoða þessar ráðstafanir gerðar til bráðabirgða, af nauðsyn, þó að ill nauðsyn sé. Eftir að þessu frv. var vísað til hv. fjhn., um miðjan dag í dag, hefur hún svo að segja óslitið setið á fundi um málið. Meðal annars hefur hún átt viðræður við fulltrúa frá útgerðarmönnum um það. Nál., sem n. gefur út, er nú reyndar ekki svo fyrirferðarmikið, að það beri með sér, að mikið starf liggi á bak við það, en á þeim tíma, sem n. taldi rétt að afgreiða málið, hygg ég, að hún hafi þó ekki getað tekið öllu fleira til greina en hún gerði. Svo stóð á í n., að einn nm. var veikur, hv. þm. Seyðf. (LJóh), og er hann því ekki viðriðinn afgreiðslu málsins, en hinir nm. leggja til, að þetta frv. verði samþ., en þeir áskilja sér þó rétt til þess að bera fram brtt. sem einstaklingar, — og það hafa tveir af nm. gert, — eða að vera með brtt., sem fram kynnu að koma.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, er þetta frv. nokkuð breytt frá því, sem það var borið fram í hv. Nd. af hæstv. ríkisstj. Aðalbreyt., sem frv. tók í hv. Nd., er sú, að felld var niður heimild, sem var í 14. gr. frv., eins og það var þá, um að heimila stj. að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. l. nr. 100 frá 1948 með allt að 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættu aðflutningsgjaldi og áætlaðri álagningu, 10%. Fleiri brtt. voru að vísu gerðar, m. a. var sett ný gr. inn í frv., sem nú er 15. gr. þess, um að heimila ríkisstj. að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, sem síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. l. nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra l. um framkvæmd aðstoðarinnar eftir því, sem við á, og er ríkisstj. heimilað að taka allt að 1½ millj. kr. lán til þess að geta innt þessa fyrirgreiðslu af hendi. Fleiri breyt. voru og gerðar á frv., t. d. eins og sú, að núverandi 6. gr. frv. var bætt inn í það. Um hana þarf ekki að fjölyrða, þar sem öldungis víst er, að ákvæði hennar koma ekki til greina. Út af þeim breyt., sem hv. Nd. gerði og þá sérstaklega aðalbreyt., að fella niður heimildina til þess að innheimta 30% gengisskatt eða, eins og þetta var orðað í 14. gr. upphaflega frv., 30% af tollverði allrar innfluttrar vöru og með nokkrum viðauka, er það að segja, að auðvitað er fjárhagsgrundvöllurinn undir þessu frv. veikari vegna þess, að þetta ákvæði var fellt niður. En á það ber að líta, að það er svo ástatt nú, að ríkissjóður er þegar búinn að binda sér bagga, sem ekki er hægt að sjá, að unnt verði að standa undir með núverandi tekjum hans. Þess vegna mun það verða alveg óhjákvæmilegt í sambandi við af-

greiðslu fjárl. eða á annan hátt að taka það til gagngerðrar endurskoðunar, athugunar og afgreiðslu, hvernig ríkið fái staðizt þau útgjöld, sem því eru lögð á herðar, bæði með því, sem áður hefur verið gert, og einnig með því, sem nú er verið að gera. Í annan stað er á það að líta, að hér er um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og ég býst við, að n. sé sammála um það, a. m. k. er það mín fulla sannfæring, að þrátt fyrir það, þó að gert sé ráð fyrir því til vara, að aðalefni frv. geti framlengzt til 15. maí, þá sé alveg óhjákvæmileg nauðsyn, að aðrar og frekari og gagngerðar ráðstafanir séu gerðar á þeim tíma, sem frv. fyrst og fremst tiltekur, fyrir febrúarmánaðarlok nú þetta ár. Og í frv. hefur verið miðað við þetta í hv. Nd., því að það er þó a. m. k. séð fyrir í þessu frv. allverulegum áframhaldandi tekjum í sambandi við þetta til þess tíma. Það hefur því ekki af greindum ástæðum komið fram nein till. í n. um það að taka þetta ákvæði um tekjuöflun aftur upp í frv. Ég verð svo að bæta því við sem minni persónulegu skoðun, — og skal ekki um það segja, hvort ég tala þar að nokkru leyti fyrir hönd n. eða að hve miklu leyti, — að án enn frekari ráðstafana hygg ég, að það hefði kannske orðið lítið gagn að því að hafa þennan 30% viðauka, því að eftir þeim yfirlýsingum, sem fram hafa komið, t. d. frá Alþýðusambandi Íslands, er ekki annað sýnilegt en ef slíkur skattur eða tollur hefði verið lagður á, þá hefði í kjölfar þess siglt nýjar kaupkröfur og sennilega þá í sambandi við þær ný verkföll, og er þá ekki að vita, að bátaútvegurinn hefði verið miklu nær um það að verða rekinn á þeirri vertíð, sem nú á að fara að hefjast. Mér virðist það hefði verið tilgangslaust að ákveða þennan tekjuauka fyrir ríkissjóð, nema jafnframt að gera ráðstafanir til þess, að tilkostnaðurinn við útgerðina hækkaði ekki að sama skapi. Til þess að gera slíkar ráðstafanir kunna að vera ýmsar leiðir, en ein af þeim er áreiðanlega sú og líklega sú, sem flestum mundi detta fyrst í hug, að banna kauphækkanir með l. En ég hef ekki orðið var við það, að menn væru reiðubúnir til þess að gera kröfur í þá átt. Ég leit þannig á í fyrstu, að það væri nauðsynlegt að hafa ákvæði um tekjuöflun í þeim lögum, sem hér stendur til að setja. En af þeim ástæðum, sem ég nú hef greint, hef ég meir og meir efazt um það, og ég hygg nú helzt, að það sé hin rétta afgreiðsla að afgreiða frv. á þennan hátt í aðalatriðum, sem hér liggur fyrir, m. a. auk þess, að Alþ. og ríkisstj. er með þessu móti alveg nauðbeygð til að taka þetta mál til nýrrar meðferðar og gagngerðrar endurskoðunar á næstu tveim mánuðum, hvað sem þá kann að verða upp á teningnum, og hvernig sem þá tekst að leysa málið, um það skal ég ekki spá né heldur um það, hvort tekst að leysa það með samkomulagi flokka og stétta, sem æskilegast væri, eða til þess þurfi að beita meirihlutavaldi. En ef þetta verður ekki gert, þá er það fyrirsjáanlegt, að hér stefnir til hins mesta ófarnaðar og ekki hægt að sjá fyrir endann á því. Þetta kann að þykja svartsýni, en mér virðist helzt, að þá stefni til stöðvunar atvinnulífsins að meira eða minna leyti og greiðsluþrota ríkissjóðs, og er vonandi, að gifta Alþ. og þjóðarinnar sé sú, að hægt sé á þessum tveim mánuðum eða nærri tveim mánuðum að finna leið til að afstýra þeim voða, sem gæti verið fyrir hendi og mér sýnist vera fyrir hendi. En eins og ég tók fram, þegar ég hóf þennan kafla ræðu minnar, þá er hann mæltur á eigin ábyrgð, en ekki meðnefndarmanna minna. Það kann vel að vera, að þeir, einhverjir eða allir, líti öðruvísi á þetta en ég, en sem sagt, hin sameiginlega afstaða er þessi, að mæla með frv., þó að nm. hafi ekki bundið sig við það að mæla með því algerlega óbreyttu.

Um þær brtt., sem þegar eru fram komnar við frv., ætla ég ekki að ræða fyrr en hv. flm. hafa gert grein fyrir þeim.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir fljóta afgreiðslu málsins. Það var ekki hægt að ætlast til þess, að n. hefði skjótari vinnubrögð, en eftir atvikum tel ég það vel farið, að n. hefur sýnt svo einlægan vilja í því að leiða mál þetta til lykta sem fram hefur komið. — Um aðalatriði málsins skal ég ekki ræða hér. Ég tók það fram í framsöguræðu í öndverðu, hvað til grundvallar lægi, að þetta væri fram borið sem bráðabirgðalausn, sem ekki mætti dvelja. Ég heyrði það á framsöguræðu hv. 1. þm. Eyf., að við erum sammála í því efni, og ég tók enn fremur eftir því, að þm. tók það fram, að því er mér virtist sem sína skoðun, að hann teldi, að alveg væri bráðnauðsynlegt að reyna að hverfa af þeirri braut, sem Alþ. hefur hingað til neyðzt til að ganga í þessum efnum, og að nauðsynin væri brýn fyrir því, að áður en þetta tímabil er liðið, sem nefnt er í frv., fram að 1. marz, verði náð samkomulagi um varanlega lausn fyrir bátaútveginn og fyrir annan útveg og útflutning og útflutningsframleiðslu, og er það í fullu samræmi við það, sem ríkisstj. hefur haldið fram og vill stefna að. — Þá verður því enn fremur ekki móti mælt, að það er hverju orði sannara, sem hv. frsm. tók fram um þann fjárhagsgrundvöll, sem fyrir liggur, að það vægasta, sem um hann er hægt að segja, er það, að hann sé mjög veikur, og tel ég ekki undarlegt, að einmitt hv. frsm. fjhn. þessarar d. líti með raunsæi á þau mál. Þá lýsti hv. frsm. enn fremur því, í hvaða voða hann teldi málefni þjóðarinnar hvað þessi mál snertir, og það mundi hafa áhrif á svo að segja alla efnahagslega byggingu okkar, ef ekki tækist innan skamms tíma að ná fram heildarátaki til þess að finna aðra og heppilegri lausn en hér liggur fyrir. Í þessum atriðum öllum er ég, og ég þori að segja ríkisstj. öll, mjög sammála hv. frsm. fjhn.

Ég skal ekki að óreyndu efna hér til neinna málalenginga um þetta frv. og vil þá vona, að þetta mál fái þá afgreiðslu, núna áður en þessi dagur er með öllu liðinn, sem Alþ. þykir hlýða, því að það er betra fyrir bátaútveginn og þá, sem að honum standa, að fá að vita hið fyrsta vissu sína í þessum efnum, heldur en að

bíða lengi í óvissu eftir ákvörðun Alþ. — Ég segi eins og hv. frsm., að því er snertir brtt., sem hér liggja fyrir, að ég skal ekki að svo komnu gera þær sérstaklega að umræðuefni, þar sem ekki hefur verið fyrir þeim talað. Ég lýsti því nokkuð í öndverðu, að mér hefði ekki þótt ákvæðið um sérstaka kreppuhjálp fyrir síldarflotann eiga heima í þessu frv., en það er nú komið þarna inn og búið við, að það sitji þar áfram, úr því sem komið er. — Aðrar brtt. vil ég fyrir mitt leyti ekki gera að umtalsefni að svo komnu. Ég geri ráð fyrir, að fáar þeirra muni verða að stórfelldu umræðuefni í d., og vona, að atkvæði geti á sínum tíma skorið úr um, hvað hv. d. þykir rétt að láta verða ofan á, að því er þetta mál snertir. Í rauninni hefði ég talið, að heppilegast hefði verið, að þetta mál hefði getað komizt út úr þessari d. án breyt., því að ef það þarf að fara aftur til Nd., þá veldur það nokkrum töfum og alltaf óvissa yfir því, hvað fram kann að koma af nýjum brtt., ef farið er að senda málið milli deilda. En það er vitaskuld á valdi þessarar hv. d. að ráða því, og verður ekki um sakazt, hversu sem fer, og mun ég því að svo mæltu bíða átekta.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Í Nd. hefur verið fellt úr frv. þessu aðalágreiningsatriðið, sem fjallar um tekjuöflun til þess að standa undir kostnaði við þær ráðstafanir, sem felast í frv. Ég tel þetta vel farið út af fyrir sig, þar sem þær tekjuöflunartill. voru eins óréttlátar og verið gat og mundu hafa haft mjög slæm áhrif á afkomu almennings og íslenzku þjóðarinnar í heild. Það eru allir sammála um, að þetta séu aðeins bráðabirgðaráðstafanir, sem farið er fram á í þessu frv., og vitaskuld bar ríkisstj. skylda til þess að vera þegar komin fram með sínar till. um úrlausn á þessu máli til frambúðar. En ég tel það fjarri sanni, að það sé nokkur afsökun fyrir ríkisstj., að hún hafi ekki haft tíma til þess. Hún hafði á annan mánuð til stefnu síðan hún tók við, og maður skyldi ætla, að þegar fyrir kosningar hafi Sjálfstfl. verið búinn að gera sér grein fyrir meginatriðunum í sinni stefnu. Ef svo væri ekki, þá er það meira ábyrgðarleysi en flokkurinn getur staðið undir og ólíklegt, að forustumenn hans mundu vilja viðurkenna það. Ég held, að sannleikurinn sé sá, að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur á prjónunum, séu svo óvinsælar, að hún vilji með engu móti, að þær komi fram fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Hins vegar er augljóst, að þrátt fyrir allt þetta, þó að stjórn landsins hafi brugðizt að þessu leyti hlutverki sínu, þá verður að gera ráðstafanir til þess, að bátaflotinn fari af stað, og tryggja, eftir því sem unnt er, að hann geti a. m. k. haldið út vetrarvertíðina. Í rauninni tel ég það engan veginn tryggt, þó að þetta frv. verði samþ., að rekstur útgerðarinnar sé öruggur alla vetrarvertíðina.

Undanfarin 2 ár hefur tekizt að koma markaðsmálum Íslendinga í það horf, að þeir, sem kunnugastir eru, gera ráð fyrir því, að ef til vill sé ekki hægt að selja meira magn af freðfiski í ár en rösklega helming þess magns, sem telja megi eðlilegt, að framleitt sé í meðalári, og allt í óvissu um verðið. Og ef ekki er hægt að selja fiskinn, jafnvel fyrir hvaða verð sem er, þá hætta bankarnir að lána og þá dugar hvorki ábyrgðarverð né róttækar ráðstafanir, svo sem gengislækkun. Hvað sem öðru líður, þá verður að gera ráðstafanir til þess að koma útgerðinni af stað. Ég mun þess vegna fylgja þessu frv. í því formi, sem það er nú, og er sammála þeirri afstöðu meðnm. minna í fjhn. að gera á því sem minnstar breyt. til þess að tryggja því framgang. Þó tel ég, að það sé beinlínis nauðsynlegt að gera á því nokkrar breyt., raunar nokkuð veigamiklar, til þess að það nái tilgangi sínum. Fyrst ákvæði um, að það skuli gilda ekki aðeins vetrarvertíðina, heldur allt árið í því tilfelli, að aðrar ráðstafanir verða ekki gerðar, og ef taka ætti alvarlega þann grundvallarágreining, sem er milli flokkanna samkvæmt yfirlýsingum þeirra, þá fæ ég ekki séð, hvernig það má ske, að þingið leysi vandann á þessum vetri. Þeir, sem gera ráð fyrir, að samkomulag náist á þinginu í vetur um einhvern meiri hluta fyrir ákveðinni leið, byggja þetta á því, að ágreiningur flokkanna, þeirra sem stóðu að fráfarandi stj., sé að mestu leyti uppgerður, þ. e. a. s. ágreiningur þess eðlis, sem jafnaður verði eftir bæjarstjórnarkosningarnar. En ef svo færi, að ekki yrði neitt samkomulag um svokallaða frambúðarlausn, þá mundu fiskveiðar bátaflotans stöðvast, þegar l. falla úr gildi.

Annað atriði, sem ég tel einnig, að taka verði upp í frv., er, að tekin verði ábyrgð á lífrarverðinu. Um það var borin fram till. í Nd., till. um kr. 1,30 ábyrgð. Þetta er mjög mikið hagsmunamál fyrir smærri bátaeigendur og fyrir sjómenn á bátunum og er nauðsynlegt til þess að tryggja það sem bezt, að allur bátaflotinn, líka þeir smærri, fari af stað. Ég held, að ef forsvaranlega er á markaðsmálunum haldið, þá séu miklar líkur til þess, að enn megi selja íslenzka lýsið sem meðalalýsi, enda þótt Ameríkumarkaður hafi brugðizt, og ef það tekst, þá ætti það ekki að þurfa að vera mikill baggi fyrir ríkissjóð, þótt útvegsmönnum væri tryggt viðunandi verð fyrir lýsið eða lifrina.

Í þriðja lagi þarf að hækka lántökuheimild 15. gr., sem sett er í því skyni að innleysa sjóveð. Fulltrúar útvegsmanna, sem mættu á fundi fjhn., skýrðu svo frá, að þessi upphæð, sem nú er í frv. til þessara hluta, 1½ millj. kr., væri allt of lág. Þeir skýrðu svo frá, að um 70 skip mundu vera með óleyst sjóveð, og mundi heildarupphæðin vera nokkuð á fjórðu milljón kr. Hins vegar töldu þeir, að 2½ millj. kr. mundi nægja, og þeir bentu okkur á, að eftir að svo víðtækar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að koma útgerðinni af stað eins og í þessu frv. felast, yrði að teljast illa farið, að allverulegur hluti bátaflotans stöðvaðist kannske vegna áhvílandi sjóveða, og verður slíkum rökum vissulega ekki mótmælt. Í Nd. var felld till. um að hækka upphæðina upp í 2½ millj. kr. Ég flyt nú ásamt hv. 4. þm. Reykv. till. um að

hækka nú upphæðina í 2250000 kr., og ætti það þá að fara langt til þess að hrökkva til, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um þetta atriði. Ég treysti því, að hv. d. vilji fallast á þessa till., eftir að þessar upplýsingar liggja fyrir, en á því getur oltið, hvort frv. nær þeim tilgangi, sem því er ætlað, þ. e. a. s. að tryggja, að bátunum sé kleift að hefja veiðar, en ég geri ráð fyrir, að um hin atriðin, sem ég nefndi, komi fram till. í d., og mun ég fylgja þeim. Nokkrar smærri breyt. tel ég enn fremur æskilegt að gera á frv., en tel ekki ástæðu til að gera þær að umtalsefni. Varðandi brtt. 201 tel ég t. d. sjálfsagt að samþ. 2. brtt. á því þskj. og tel í alla staði eðlilegt, að gr. sé orðuð eins og þar er lagt til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál í heild eða frv. sjálft, eins og það liggur fyrir. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem Alþ. mætir því um áramót að eiga tveggja kosta völ. Annaðhvort að gera þá í skyndi sérstakar ráðstafanir, sem kosta ríkissjóð allmikið fé, eða mega vænta stöðvunar á bátaútveginum að öðrum kosti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í rauninni aðeins um að afla sér nokkurs gálgafrests, ef svo mætti segja, og tryggja útveginum um tveggja mánaða skeið ákveðið verð fyrir afurðir sínar og gefa honum fyrirheit um, að slíkt hið sama skuli gilda áfram til 15. maí, ef ekki er fyrir lok febrúarmánaðar komin fullkomin löggjöf um þetta efni. Einnig nú stendur svo á, að Alþ. á ekki nema um tvennt að velja, þ. e. að gera eitthvað líkt því, sem gert var fyrr, eða horfa á bátaflotann stöðvast um svo og svo langan tíma. Ég get ekki látið vera að taka undir það, sem kom fram í Nd. og nokkuð örlar á hér í Ed., að undirbúningur þessa máls hjá ríkisstj. hefur tekið æði langan tíma, ef litið er til þess frv., sem hér liggur fyrir eingöngu, og vil ég ekki heldur leyna því, að mér finnst það að sumu leyti nokkuð furðulegt, þar sem svo er að heyra, sem ríkisstj. gangi með upp á vasann efnislega nokkurn veginn fullgerðar till. til löggjafar, sem leysi til frambúðar rekstrarvandamál bátaútvegsins, þá finnst mér furðulegt, að ríkisstj. skuli ekki láta neitt uppi um það, hverjar þessar till. eru. Tími til undirbúnings hefur verið allmikill og tveir af ráðh. ríkisstj., hæstv. atvmrh. og hæstv. utanrrh., eru báðir gagnkunnugir þessum málum af setu sinni í ríkisstj. Um þetta tjáir þó ekki að sakast, og verður að mæta því ástandi, sem nú er. Ég er því sammála öðrum hv. þm. um það, að einhverja lausn til bráðabirgða verður að finna. En ekki get ég látið hjá líða að drepa á það, að mér þykir það næsta undarlegt, að í sambandi við allar þær miklu umr. um ástand bátaútvegsins, sem fram hafa farið í þinginu nú og við áramót undanfarið, gætir þess lítt, a. m. k. af hálfu ríkisstj., að nokkur önnur leið sé fær til þess að bæta aðstöðu hans en sú, að ríkisstj. gangi í ábyrgð fyrir ákveðið afurðaverð. Ég hefði þó haldið, að það væri a. m. k. fullkomið athugunarefni, hvort ekki væri unnt að gera einhverjar þær breyt. á rekstrarfyrirkomulagi þessa þýðingarmikla atvinnuvegar, sem gæti létt honum baráttuna. Ég hygg, að varla verði um það deilt, að með ýmsum hætti mætti færa til betri vegar rekstrarfyrirkomulag bátaútvegsins og sameina þar ýmislegt og tryggja bátaútgerðinni sjálfri í ýmsum tilfellum milliliðakostnað, sem öðrum er greiddur, og fleira mætti til tína, en ég hirði ekki að tala um það nú. Ég vil aðeins benda á, að þetta er fullkomið athugunarefni, sem ég vil leyfa mér að óska, að ríkisstj. taki til athugunar í sambandi við till. sínar um varanlega lausn til frambúðar í þessum málum.

Svo vil ég víkja að þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 201. Fyrri brtt. er við 6. gr. frv., en 6. gr. er þess efnis, að ríkisstj. ábyrgist kjötframleiðendum verðlagsárið frá 31. ágúst 1949 til 1. sept. 1950 það, sem á kann að vanta, að þeir fái fyrir útflutt kjöt, sem til hefur fallið á því tímabili, það verð, sem lagt er til grundvallar í verðlagningu landbúnaðarvara það verðlagsár, sbr. l. nr. 94/1947. Ég vil fyrst segja um þessa till., að mér finnst hún koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum inn í þetta frv. Það frv., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþ., var eingöngu um bátaútveginn, og hefði ég talið æskilegra, að þetta væri flutt sérstaklega, en ekki í sambandi við þetta mál. Í öðru lagi er mér sagt, að flm. þessarar till. í Nd. hafi aðallega fært fram þau rök fyrir till., að hún væri skaðlaus, því að engin líkindi væru til, að kjöt yrði flutt út á þessu ári, miðað við reynslu síðasta árs. Mun þetta vera rétt. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að sérstök ákvæði gildi um þessa ábyrgð. Á hún að gilda allt verðlagstímabilið, jafnvel fyrir kjöt af þeim skepnum, sem slátrað er til 1. sept., en till., sem ég flyt, nær ekki nema yfir 2 mánuði. Tillaga mín er sú ein, að sömu tímatakmörk verði látin gilda að því er varðar ábyrgð á kjöti og ábyrgð á fiski, því að ég sé ekki ástæðu til að láta ekki sömu ákvæði gilda um báðar þessar vörutegundir. Ég held því nánast, að þessi gr. sé óþörf, og mun ekki greiða atkv. með því, að hún verði í frv.

Þá flyt ég brtt. við 13. gr., sem er þess efnis, að niður falli úr gr. orðin „að dómi ríkisstjórnarinnar", en eftir gr., eins og hún er nú, er það á valdi ríkisstj. að meta það, hvort löggjöf, sem Alþ. kynni að setja fyrir febrúarlok um þau málefni, sem frv. fjallar um, er fullnægjandi til þess að leysa til frambúðar rekstrarmál bátaútvegsins. Ég tel fjarri öllum sanni, að Alþ. veiti nokkurri ríkisstj. slíkt vald sem hér er gert ráð fyrir. Við Alþýðuflokksmenn fluttum um það till., að þessi gr. yrði felld niður, og hefði ég talið það alveg eðlilegt, eftir að búið var að fella úr frv. öll ákvæði um tekjuöflun til að mæta útgjöldunum eftir febrúarlok, því að útvegsmenn eru engu bættari, þó að gr. standi með þeim ákvæðum, sem nú eru, ef ekki eru líka gerðar ráðstafanir fyrir tekjum og til að mæta þeim útgjöldum, sem af þessu leiðir. Ég flyt þó ekki brtt. um að fella gr. niður, en

legg til, að sú breyt. verði á henni gerð, sem ég nefndi áðan, að það verði á valdi Alþingis eins að ákveða með löggjöf um það, hvort sú löggjöf, sem sett er, fullnægir því, sem ætlazt er til í gr. Ég er ekki stuðningsmaður ríkisstj. og minn flokkur ekki heldur, og ég fyrir mitt leyti get ekki greitt því atkvæði að veita henni það vald, sem ætlazt er til með gr., eins og hún nú er í frv.

Ég skal að lokum geta þess, að ég hef talið rétt að stuðla að því, að málið fengi sem skjótasta afgreiðslu í fjhn., og hef þess vegna unnið að því með öðrum nm., að málið yrði afgreitt úr n. með hraða, og ég mun fylgja frv., þó að till. mínar nái ekki samþykki, þar sem hér er um svo skamman tíma að ræða, sem þetta gildir, væntanlega ekki lengri en næstu tvo mánuði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki gera þetta frv. að umtalsefni almennt, til þess er það of mikil handaskömm. Gegnir furðu, að fyrir skuli liggja yfirlýsingar um það, að tveir hæstv. ráðh. hafi setið með sveittan skallann, ekki aðeins virka daga, heldur líka helgidaga og jólafríið, til þess að koma því saman, því að venjulegir meðalmenn mundu hafa komið þessu saman á einum eða tveimur dögum, þar sem farnar eru troðnar slóðir, aðeins sett dýpri eymdar- og ólundarspor en áður. Ef ég vissi, að með þessu frv. væri tjaldað til aðeins einnar nætur, mundi ég ekki koma með neinar brtt. við það, en ég þekki stjórnina að því að vera handónýta í sínum störfum og hef reynslu af því, að það, sem hún telur sig ætla að gera, gerir hún yfirleitt ekki, og þess vegna tel ég ekki óhætt að treysta því, að fyrir 1. marz fáist lausn á þessu máli, og getur þá verið, að þetta frv. verði framlengt, sbr. till. á þskj. 188, um svokallaðar frílistavörur. Ríkisstj. tók upp á því í fyrra að láta vörur á þennan frílista, hafandi til þess enga heimild frá Alþ. eða í íslenzkum l., og er það eitt af þeim verkum, sem ríkisstj. gerir í blóra við Alþ. og án þess að hafa til þess heimild í l. Var þetta gert í fyrra, þegar þinghléið stóð, og ekki einu sinni haft það við að segja þm. frá því. Þessi brtt., sem ég tel, að ekki þurfi að lesa, fer fram á það að færa þessar frílistavörur í sama form og ríkisstj. samþykkti þær upphaflega í fyrir réttu ári síðan, þegar hún var að gefa út þessi fríðindi, sem útgerðarmenn töldu sig til að byrja með geta sætt sig við. Var þá meiningin, að sá gjaldeyrir, sem kæmi inn fyrir þessar frílistavörur, gengi til bankanna og yrði meðfarinn eins og annar gjaldeyrir, sem þangað kæmi, nema þeir þurftu að fá visst álag, eftir því hvaða vörur um var að ræða. En í reyndinni hefur þetta orðið allt öðruvísi. Reyndin hefur orðið sú, að þegar gjaldeyririnn kemur til bankanna yfirleitt — að vísu eru til undantekningar —, í stað þess, að upphaflega var ætlazt til af ríkisstj., að síðan fengju þessir menn, sem fluttu inn gjaldeyrinn, þennan gjaldeyri með vissu álagi, þá hafa útgerðarmenn sjálfir fengið þennan gjaldeyri. Þeir hafa síðan gengið á milli manna og sagt: Nú á ég svo og svo mikinn gjaldeyri fyrir hrogn. Hvað viljið þið gefa mér mikið fyrir hann? — Út úr þessu hefst svo svartamarkaðssala og á þennan hátt hefur þessi frjálsi gjaldeyrir orðið til þess að hækka þær vörur, sem keyptar hafa verið fyrir hann, að vísu misjafnt eftir því, með hvaða kjörum þeir innflytjendur, sem fengu hann, hafa keypt hann af útgerðarmönnum. Auk þess hefur þetta haft það í för með sér, að þær vörur, sem fyrir voru, hafa hækkað, eftir að sams konar vörur keyptar fyrir hrognagjaldeyri voru komnar í búðirnar.

Ég ber sem sagt ekki það traust til hæstv. ríkisstj., að hún verði búin að finna neina frambúðarlausn á vandamálunum fyrir 1. marz, heldur býst ég við, að helzta fangaráð hennar yrði þá bara að taka lán, þannig að ég ber ekkert traust til hennar. Ef hæstv. ríkisstj. gæti fullvissað mig um það, að hún eftir tvo mánuði yrði búin að finna lausn, mundi ég ekki bera fram neinar brtt., en af því að ég treysti því á engan hátt, legg ég hér fram brtt., sem ég afhendi nú hæstv. forseta.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 1. þm. N-M. (PZ), svo hljóðandi: [Sjá þskj. 207].

Brtt. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði, til þess að hún megi koma fyrir, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða þetta mál almennt, en vegna þess að ég á hér brtt., vil ég segja nokkur orð. Þessi brtt. er samhljóða till., sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) flutti í Nd. í gær.

Það er mitt álit, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé aðeins bráðabirgðalausn og þar að auki mjög svo gallað og ætti ekki að gilda lengur en til þess skemmsta tíma, sem gert er ráð fyrir, eða til 1. marz. Mér skilst, að ef svo fer, að ekki verði tekin ábyrgð á lífrarverðinu, þá sé það haft í hyggju að taka gjaldeyri þann, sem fæst fyrir þorskalýsið, inn á svokallaðan frílista. Af þessu tvennu tel ég ábyrgðina heppilegri, vegna þess fyrst og fremst, að ég tel að sú leið tryggi betur hag sjómanna og útgerðarmanna almennt og að hagnaðurinn af þessum ráðstöfunum komi á þennan hátt jafnara niður en ef lýsisgjaldeyririnn væri tekinn á frílista.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál í hv. d., af þeirri einföldu ástæðu, að hv. þm. hafa sjálfsagt markað afstöðu sína til þess og er það þegar kunnugt. Þessi till. var felld, þegar hv. þm. V-Húnv. flutti hana í Nd., en að mig minnir með jöfnum atkv., og einhverjir þm. voru fjarverandi. Mér þykir þess vegna ekki fullreynt með fylgi hennar í þ. og ber hana því fram hér í þessari hv. d. — Ég vil svo að lokum undirstrika það, að ég tel frv. vera gallað, en mun samt greiða því atkv. í trausti

þess, að Alþ. taki þessi mál öll til langtum ýtarlegri meðferðar og varanlegri úrlausnar núna alveg á næstunni.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það væri nú kannske í rauninni ástæða til að segja ýmislegt um það stjfrv., sem hér er til afgreiðslu, og þá meðferð, sem það hefur hlotið fram að þessu, en ég mun þó ekki fara út í það og eyða þannig tíma d., eins og málinu nú er komið, heldur víkja nokkrum orðum að þeim atriðum, sem ég tel verulegu máli skipta, eins og málið nú liggur fyrir.

Því er haldið fram, að ef þetta frv. verði samþ., geti vetrarvertíðin hafizt með eðlilegum hætti og hægt verði að nota alla þá framleiðslukrafta, sem fyrir hendi eru, til að afla bjargar í bú og þjóðinni gjaldeyristekna. En ég er því miður dálítið hræddur um það, og í raun og veru má fullyrða, að þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., þær eru einar áreiðanlega engin trygging fyrir því, að bátafloti landsmanna í heild geti starfað svo sem vera þarf. Þær ráðstafanir, sem felast í þessu frv., eru fyrst og fremst þær, eins og hv. þdm. er kunnugt, að tekin er ábyrgð á ákveðnu fiskverði bátaflotans um takmarkaðan tíma. Hins vegar er öllum hv. þdm. einnig kunnugt um það, að þetta eitt út af fyrir sig mun alls ekki nægja til þess að vertíðin hefjist og framleiðslutækin verði notuð af fullum krafti. Það liggja fyrir alveg ákveðnar kröfur af hendi útvegsmanna, sem ganga lengra en þessu nemur. Í frv. felast ákvæði um það, að ef ekki hafi verið gerðar nýjar ráðstafanir fyrir 1. marz, skuli þessi ábyrgðarheimild framlengd til vetrarvertíðarloka. Það er hugsanlegt, að útgerðarmenn á Suðurlandi láti sér nægja þessi ákvæði um ábyrgð út af fyrir sig, en ég vil í þessu sambandi minna á það og vildi gjarnan, að hæstv. atvmrh. veitti því athygli, að það eru allmiklu fleiri útgerðarmenn starfandi hér á landi en aðeins útgerðarmenn hér við Faxaflóa, og þó að bátaflotinn hér við Faxaflóa sé stór, er það þó ekki nándar nærri allur bátafloti landsmanna. Ég held, að ekki sé rétt að líta fram hjá því við afgreiðslu slíkra mála sem þessa, að einnig verði að taka tillit til þeirra útvegsmanna og sjómanna, sem starfa að þessari framleiðslu annars staðar í landinu en við Faxaflóa. Og það er víst, að þau ákvæði um ábyrgð ríkisins á fiskverði, sem felast í þessu frv., fullnægja ekki þeim sjómönnum og útgerðarmönnum, sem starfa utan þess svæðis, sem vertíðin við Faxaflóa nær til, enda hafa komið fram raddir frá þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, þar sem þeir telja þetta ófullnægjandi og að í því felist engin trygging, sem stuðli að því, að þeir geti haldið starfsemi sinni áfram hvað þetta snertir. Mér hefur borizt símskeyti frá fundi útgerðarmanna á Akureyri og við Eyjafjörð, og þó að mér sé ekki kunnugt um það, geri ég ráð fyrir, að þessi fundur hafi einnig sent ríkisstj. þetta símskeyti, en í þessari samþykkt felst það, að til þess að þeir telji sér nokkra tryggingu í þessu, verði þetta ábyrgðarverð að gilda, ekki aðeins til 1. marz eða 1. maí, heldur fyrir allt árið. Og það hlýtur að liggja í augum uppi, að þessum mönnum eru ekki sköpuð nein skilyrði til áframhaldandi starfs í frv. eins og það nú er. Ég álít þess vegna, eins og líka kom fram við meðferð málsins í hv. Nd. og líka hefur þegar verið bent á í þessari hv. d., að það sé nauðsynlegt að breyta ákvæðunum um fiskábyrgðarverðið þannig, að ábyrgðin gildi allt árið, ef ekki hafa verið gerðar aðrar ráðstafanir, sem koma að sama eða betra haldi og þær ráðstafanir, sem hér um ræðir. Því er að vísu haldið fram í sambandi við þetta, að þær ráðstafanir, sem gerðar séu með þessu frv., eigi aðeins að vera til bráðabirgða og sé ætlun ríkisstj. að leggja fyrir þingið og afgreiða frá því fyrir 1. marz aðrar aðgerðir, sem eigi að tryggja áframhaldandi starfsemi bátaflotans og þá til frambúðar. En það hefur komið fram frá ýmsum þm., að þeir eru vantrúaðir á það, að þessar ráðstafanir verði komnar í kring fyrir 1. marz, og ég er einn í hópi þeirra, sem draga það nokkuð í efa, að svo muni verða. Meira að segja sjálf ríkisstj. virðist ekki vera meira en svo trúuð á það, að hún verði búin að koma þessu í kring fyrir 1. marz, og setur þann varnagla, að ef þetta verði ekki gert, skuli ábyrgðin framlengd til vertíðarloka, og hún hefur sagt, að það sé skilyrði af hálfu fiskimanna við Faxaflóa fyrir því, að þeir hefji vertíðina, að slíkt skilyrði sé í frv., sem sagt, að þeir séu tryggðir með það að hafa þetta ábyrgðarverð út sína aðalvertíð, og sýnir það, að þeir þora ekki að treysta á það, að þessi framtíðarlausn verði komin í kring fyrir 1. marz. Ég held því, að þegar litið er á allt þetta, verði að viðurkenna, að tryggingin fyrir því, að þessi framtíðarlausn verði komin eftir tvo mánuði, sé svo lítil, að ekki sé hægt að byggja afkomu þeirra útvegsmanna, sem búa annars staðar á landinu, á því, að þessi lausn yrði komin, því að ef svo færi, að ekki yrði samkomulag um þessa svokölluðu framtíðarlausn, þá ræki að því, að þeir, sem stunda útgerð annars staðar en við Faxaflóa og hefja ekki útgerð sína fyrr en þessari aðalvertíð er lokið, hafa enga ábyrgð við að styðjast og geta ekki gert út. Það hníga því öll rök að því, að ekki sé forsvaranlegt af hinu háa Alþingi að afgreiða þetta frv. án þess að breyta því þannig, að ábyrgðin verði látin gilda allt árið, nema þá að aðrar lausnir hafi verið fundnar á vandamálum útvegsmanna. Ef slík frambúðarlausn fengist, þá fellur ábyrgðin niður, og þá er engin áhætta fyrir ríkissjóð, þótt hún sé látin gilda allt árið, en ef slík lausn fæst ekki, þá er óhjákvæmilegt að hafa ábyrgðina í gildi árið um kring. Því mun ég leggja fram brtt. þess efnis, að niðurlag 13. gr. hljóði þannig, að ef ekki hafi fengizt frambúðarlausn þessara mála fyrir 1. marz, þá framlengist ábyrgðin til ársloka og enn fremur, að framlagið skv. 5. gr. hækki hlutfallslega við það, sem ábyrgðin er lengur í gildi. En eins og ég gat um áðan, þá er þessi ábyrgð ein ekki nægileg til þess að tryggja rekstur útgerðarinnar, hvorki hér við Faxaflóa né annars staðar, enda er það ein krafa útvegsmanna, að samkomulag náist um frílista þann, sem L.Í.Ú. hefur lagt

fyrir ríkisstj., en með honum er átt við það, að útvegsmenn fái frjálsa ráðstöfun á gjaldeyri fyrir vissar vörutegundir, sem þeir framleiða. Um þetta eru engin ákvæði í frv. og ekkert liggur fyrir Alþingi um það, hvaða vörur útvegsmenn hafa óskað eftir að fá á þennan frílista, og álít ég þó, þar sem hér er um að ræða eitt höfuðskilyrði þess, að nokkur árangur verði af samþykkt þessa frv., að það sé lágmarkskrafa til hæstv. ríkisstj., að Alþingi fái að vita, hverjar kröfur útvegsmanna í þessu sambandi eru og hvað ríkisstj. hefur ákveðið að ganga inn á. Í raun og veru ætti ákvæði um þetta að koma inn í frv., svo að það sé Alþingi, sem kveður á um, fyrir hvaða vörur sé leyfður þessi svo kallaði frjálsi gjaldeyrir. En það minnsta, sem Alþingi getur krafizt, er að fá að vita, hvers útvegsmenn krefjast og hvað ríkisstj. ætlar að samþykkja af þeim kröfum. Ég bendi á þetta atriði sérstaklega af því, að skv. þeirri reglu, sem undanfarið hefur gilt um frílistann, þá er eingöngu miðað við þarfir og kröfur útvegsmanna hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, þar sem aðalvertíðin að vísu er, en það er svo þýðingarmikil framleiðsla utan þessa svæðis, að hæstv. ríkisstj. má ekki sjást yfir það, og í sambandi við þennan frílista þá held ég, að fram hafi komið mikið misræmi og ég vil segja ósanngirni í garð útvegsmanna annars staðar á landinu en hér suðvestanlands. Það má t. d. nefna frjálsa gjaldeyrinn fyrir Faxasíldina, sem s. l. sumar og haust var veigamikill þáttur í starfsemi útvegsmanna hér við Faxaflóa og afgerandi þáttur í afkomu þeirra. En ég sé enga ástæðu til þess, að þeir fái allt að helmingi hærra verð fyrir sína hrásíld en útvegsmenn á Norðurlandi, en þetta er staðreynd, að þeir fengu allt að því helmingi hærra verð, en það er vegna þess, að þeir fengu frjálsan gjaldeyri fyrir sína Faxasíld. Þegar rætt er um frílistann og hann settur sem skilyrði af hálfu útvegsmanna fyrir því, að þeir hefji útgerð, þá má ekki líta fram hjá þeim útvegsmönnum, sem annars staðar en hér við Faxaflóa veiða síld og það miklu betri síld. Þeir eiga siðferðiskröfu til þess að fá a. m. k. ekki lægra verð en hinir fá fyrir verri vöru. Því er að vísu haldið fram, að Faxasíldin hefði tæpast verið veidd eða nýtt, ef ekki hefði fengizt fyrir hana frjáls gjaldeyrir, og má vera, að þetta sé rétt, því að þegar fengið er fyrirheit um frjálsan gjaldeyri fyrir einhverja vöru, þá leggja menn miklu meira kapp á að afla hennar en ella. Verður þetta til þess að auka aðstreymi að tilsvarandi atvinnugrein og bæta hag þeirra, er hana stunda. Og vitanlega gildir það sama í þessum efnum sunnan lands og norðan. Ef útvegsmenn á Norðurlandi hefðu fengið að ráðstafa frjálst gjaldeyrinum fyrir sína saltsíld, þá hefði miklu meira kapp verið lagt á að salta síld en gert var, því að ef saltsíldin hefði verið á frílista, þá hefði verið boðið miklu meira verð í hrásíldina, og þannig hefði afkoma útvegsmanna batnað, svo að þeir þyrftu nú mun minni aðstoð hins opinbera en raun ber vitni. Auk þess hefði slík verkunaraðferð á síld skapað meiri erlendan gjaldeyri. Það gegnir því alveg sama máli um Norðurlandssíldina og Faxasíldina í sumar, og því held ég, að í sambandi við frílistann sé það algert ranglæti að líta fram hjá þörfum og aðstöðu útvegsmanna annars staðar en við Faxaflóa, eins og hæstv. ríkisstj. virðist hafa gert, enda þótt útvegsmenn annars staðar hafi ekki þá aðstöðu að geta sífellt verið að ræða við hæstv. ríkisstj. og sett henni stólinn fyrir dyrnar, ef þeir fá ekki vilja sínum framgengt að öðrum kosti. Slíkt má ekki verða til þess, að fram hjá þörfum þeirra sé litið, og því held ég, að það sé bezt að láta Alþingi fjalla um þessi mál, svo að það geti miðlað þessum fríðindum milli útvegsmanna í stað þess, að þeir eigi allt að sækja undir hæstv. ríkisstj., sem virðist aðeins sjá útvegsmennina við Faxaflóa og þarfir þeirra. Ég mun þó ekki bera fram brtt. þess efnis, að valdið í þessum málum verði hjá Alþ., því að mér þykir sýnt, að slík till. mundi ekki ná samþykki hv. d., en það minnsta, sem hægt er að krefjast, er það, að hæstv. ríkisstj. gefi d. skýrslu um það, hverjar kröfur útvegsmanna í sambandi við frílistann eru og hve langt ríkisstj. ætlar sér að ganga til móts við þær, hvort t. d. hæstv. ríkisstj. hugsar sér að binda sig við þær vörur, sem á frílistanum voru s. l. ár, eða hvort hún ætlar að bæta einhverjum við og þá hverjum, og þá kemur í ljós, hvort tekið verður tillit til útvegsmanna á Norðurlandi á sama hátt og útvegsmanna við Faxaflóa. Hér hefur komið fram brtt. frá hv. 1. þm. N-M. (PZ), en sú brtt. var áður flutt í Nd., og er þar gert ráð fyrir að lögfesta frílistann, en með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Í till. felst það, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða, að gjaldeyri, er fæst fyrir tilteknar vörutegundir, megi selja með álagi, sem ákveðið er af ríkisstj. sjálfri. Ég álít þetta ekki réttu leiðina. Ég væri með því, að ákvæði væri sett inn í frv. um, hvaða vörur skyldi setja á frílistann, en ég tel ekki rétt að taka upp þetta álag á gjaldeyrinn og leggja það alveg á vald ríkisstj., hve mikið það skuli vera og hvernig það verði lagt á innflutninginn. Þetta yrði í framkvæmdinni bein gengislækkun og þessu yrði jafnað niður á innflutninginn, sem fengist fyrir frílistavörurnar, án þess að þeir, sem aflað hafa gjaldeyrisins, hefðu nokkur áhrif á það, hverjir fengju hann, hvað væri gert með hann og hvaða álag yrði sett á innflutningsvöruna. Þetta yrði, eins og ég sagði, gengislækkun, en mundi ekki ýta undir aukna framleiðslu eða hvetja menn til að leggja aukið fé í framleiðsluna til þess að fá aftur aukinn gjaldeyri, en slíkt er aðalatriðið í þessu máli og það, sem réttlætir frílistaaðferðina, sem sýnt hefur raunar marga galla. Því geri ég ráð fyrir, að ég geti ekki fylgt þessari till. hv. 1. þm. N-M.

Ýmisleg fleiri atriði í sambandi við afgreiðslu þessa máls væri ástæða til að ræða, en að sinni skal ég ekki eyða tíma hv. d. í lengri umr. Ég tel aðalatriðið, að ábyrgðin verði látin gilda allt árið, ef ekki hafa aðrar ráðstafanir verið gerðar, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki tillit til fleiri útvegsmanna en þeirra, sem búsettir eru hér suðvestanlands, þegar hún tekur

ákvarðanir um það, hvaða vörur hún setur á frílista.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og þeirra brtt., sem fram eru komnar. Þá vil ég fyrst benda á, að í árslok 1946, þegar byrjað var á að fara inn á þessa braut, þá benti ég á, að ef ríkissjóður ábyrgðist verð á bátafiski, þá mundi sá víxill aldrei verða greiddur með öðru en gengisfalli. Á hverju ári síðan 1946, þegar þessi mál hafa verið til umr., hef ég á þetta bent, en meiri hluti Alþingis hefur ekki viljað á skoðanir mínar fallast, þótt reynslan sanni nú, að svo mun fara, að þessi ábyrgð verður ekki greidd á annan veg. Ég hef því alltaf verið mótfallinn þessari stefnu þegar af þessari ástæðu. Í öðru lagi er ég á móti ábyrgðinni vegna þess, að hún ber í sér dauðann fyrir atvinnuveginn, sem á að styrkja með henni. Ég sá þetta bezt, er ég s. l. ár starfaði í 6 vikur svo að segja nótt og dag með hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að finna lausn á þessu vandamáli. Þá sá ég bezt, að ábyrgðin er ekki síður skaðleg fyrir útveginn sjálfan en fyrir ríkissjóð. Í fyrra var aflað upplýsinga um það, hver meðalafli bátaflotans væri. Eftir að hann var fundinn út, þá var fiskverðið ákveðið miðað við það, að meðalafli gæfi ákveðnar tekjur, og tók svo ríkissjóður ábyrgð á því verði. Ef hæsti hlutur er 20 þús. kr. og lægsti 10 þús. kr., sem ekki mun fjarri lagi, þá er meðalaflahlutur 15 þús. kr. og við það er miðað verðlag á aflamagni, en þá er stjakað burt öllum, sem eru fyrir neðan meðallag. Þeir verða að hætta, því að þeir geta ekki starfað lengur undir þessu kerfi, og af þessu skýrist, hvers vegna menn eru alltaf að koma síðar til ríkissjóðs og biðja um nýjar bætur, svo að ríkissjóður hefur orðið að verja milljónum á ári til þess að bjarga þessum mönnum. Eftir 3 ár er meðalaflinn svo orðinn það hár, að hann nálgast hámarksafla fyrsta árið, svo að þá er kerfið búið að drepa af sér alla nema toppmennina. Þetta sýnir, að kerfið er mjög hættulegt fyrir útveginn, og er raunar furðulegt, að útvegsmenn skuli ekki hafa neitað að starfa undir því, en það, sem veldur því, að þeir hafa ekki gert það, er það, að þeir hafa haft aðgang að öðrum bótum úr ríkissjóði. Fyrir því er ég mótfallinn þessu kerfi og hefði verið andvígur þessu frv., ef hér væri ekki um bráðabirgðalausn að ræða, sem aðeins á að gilda til 1. marz. Ég tel því, að það sé ekkert meginatriði, hvort horfið er að þessari stefnu hálfum mánuði fyrr eða síðar. — Í þriðja lagi vil ég benda á, að ég tel hverja hækkun á ábyrgðarverðinu torvelda að mun möguleikann til þess að leysa úr þeim vandamálum, sem nú bíða úrlausnar. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem ég hef bent á þetta, en alþm. hafa ekki viljað hlusta á þau rök. Það er nýlega búið að samþ. hér á Alþingi þáltill., sem hefur í för með sér 15 millj. kr. ný gjöld á framleiðsluna, því að beint eða óbeint hljóta þau gjöld að lenda fyrr eða síðar á framleiðslunni, en helztu rökin fyrir réttmæti þessarar kröfu voru einmitt þau, að uppbót hefði verið greidd á fiskframleiðsluna og þeir, sem að henni unnu, því fengið hærra kaup en þeir aðilar, sem hér áttu hlut að máli. Þetta er því glöggt dæmi um þá hringrás eða hringavitleysu, sem átt hefur sér stað og valdið því öngþveiti, sem nú er verið að glíma við. Ég benti í upphafi á, að þessi stefna leiddi til ófarnaðar, en var þá í minni hluta. Nú sér ekki aðeins minni hlutinn, að þessi leið er ekki fær lengur, heldur allir, og þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að leggja fram till. um aðrar leiðir fyrir 1. marz n. k. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er því eingöngu bráðabirgðalausn, sem ekki er ætlað að gilda nema til 1. marz, svo framarlega sem Alþingi ber þá gæfu til að ná samkomulagi um lausn út úr ógöngunum. Ég skal því ekki tefja þetta bráðabirgðamál með frekari gagnrýni á meginefni þess. En það er annað, sem ég vil leyfa mér að benda á, sem er þessu máli skylt og hefði verið þörf á að leysa, en frv. nær ekki til. Það er vandamál 17 togara af eldri gerð, sem liggja bundnir við festar í stað þess að afla tekna fyrir einstaklinga og þjóðina í heild. Það er nú upplýst í sambandi við kröfur útvegsmanna, að þessi veiðifloti gæti aflað fyrir 20% lægra verð en þessi fiskábyrgð gerir ráð fyrir. Þessi floti mundi líka flytja gífurlegar tekjur í þjóðarbúið og það í erlendum gjaldeyri. Mig undrar því, að ekki skuli vera stafkrókur í þessu frv. um lausn á þessu máli. En þetta verður sjálfsagt líka að afsakast með því, að hér sé einungis um bráðabirgðalausn að ræða, sem aðeins eigi að gilda til 1. marz, en þá verði þessi mál öll tekin til úrlausnar. Í trausti þess mun ég ekki flytja brtt. um lausn á þessu vandamáli. Það eru líka harla einkennileg vinnubrögð hjá hv. Nd. að setja inn í frv. algerlega óskylt ákvæði, það er 6. gr., sem er ábyrgð á allt annarri vöru, en þar er ekki svo mikið sem minnzt á þetta mikilvæga atriði. Það hljóta að liggja einhverjar aðrar ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum en einber umhyggja fyrir lausn á því máli, sem hér er til umræðu, því að allir sjá, að innskot eins og þetta gerir málið torleystara.

Þessu frv. hefur nokkuð verið breytt frá því það var lagt fram af ríkisstj., t. d. hefur 14. gr. þess, eins og það þá var, verið felld niður. Í því sambandi er rétt að benda á, að þennan leik átti líka að leika fyrst, þegar l. um fiskábyrgðina voru til umr. 1946, en þá hafði þessi d. nægan þrótt til þess að koma í veg fyrir slík skemmdarverk og fékk málinu breytt. Annars hafa vinstri flokkarnir alltaf viljað fella niður allar tekjuöflunarleiðir, en hins vegar flutt hverja till. eftir aðra um aukna ábyrgð. Með slíkum vinnubrögðum er auðvitað kippt burtu möguleikum til þess, að hægt sé að veita nokkra ábyrgð, en um það hefur yfirleitt lítið verið hugsað. Nú hefur þessi barátta verið endurtekin af vinstri flokkunum og hafa þeir fellt úr þessu frv. allar tekjuöflunarleiðir í Nd. Væri hér ekki um bráðabirgðalausn að ræða, hefði ég tekið upp baráttu fyrir því að fá tekjuliði tekna inn í frv., því að í raun og veru er það engin lausn öðruvísi. En þar sem viðkomandi aðilar, sem fellt hafa tekjuliðina niður,

hljóta að gera ráð fyrir að geta fallizt á væntanlegar till. ríkisstj. um varanlega lausn þeirra vandamála, sem með þessu frv. á aðeins að leysa til bráðabirgða, þá mun ég ekki taka upp slíka baráttu nú. Ég get ekki séð aðra skýringu á því, að felldir hafa verið niður allir tekjuliðir frv. Þessir menn eru ekki svo skammsýnir, að þeir sjái ekki, að ábyrgðina er ómögulegt að greiða, nema aflað sé fjár til þess. Annars ætla ég ekki að ræða þetta atriði frekar, en vil hins vegar drepa á nokkur atriði í sambandi við þær brtt., sem fram hafa komið.

Í sambandi við ábyrgðarverð á lýsi hefur komið fram sú skoðun, að auðvelt væri að selja það fyrir það verð, sem hér er gert ráð fyrir, ef vel væri haldið á markaðsmálunum. Ég verð að álíta, að þessi staðhæfing stafi af þekkingarskorti á þessum málum, og vil því leyfa mér að upplýsa ástæðurnar fyrir verðfallinu á lýsi. Á styrjaldarárunum var geysimikil þörf fyrir lýsi í heiminum og þar af leiðandi mikil samkeppni um að fá það. En framleiðslan fullnægði ekki eftirspurninni, og var þá hafizt handa um að finna efni, sem gætu komið í staðinn fyrir lýsið. Þetta tókst, og nú er sú framleiðsla komin á það stig, að gerviefnin, sem koma í staðinn fyrir lýsið, eru miklu ódýrari en lýsið sjálft. Þetta hefur svo valdið verðlækkun á lýsinu, og nú erum við að súpa af því seyðið. Það er því ekki rétt að ásaka þá, sem séð hafa um sölu á lýsi, fyrir það verðfall, sem orðið hefur.

Á þskj. 201 er brtt. frá 4. þm. Reykv. (HG), sem hann hefur lýst. Ég hef áður minnzt á, að heppilegt væri að fella 6. gr. niður, eins og þar er lagt til, en hins vegar tel ég það ekki skipta verulegu máli, hvort gr. er samþ. eða ekki, og til þess að tefja ekki afgreiðslu málsins mun ég fylgja því óbreyttu.

Út af ummælum þessa sama þm. í sambandi við rekstur útvegsins og einkum það, að auðvelt væri að draga úr rekstrarkostnaðinum, þá vil ég geta þess, að ég hef átt sæti í nefnd, sem sérstaklega var falið að rannsaka þessi mál, og m. a. var flokksbróðir þessa hv. þm., 3. landsk. (GÞG), líka í n. Og niðurstaða okkar var sú, að ekki væri hægt að benda á leiðir, sem drægju verulega úr rekstrarkostnaði. Það er ekki þar með sagt, að allt sé eins og það bezt getur verið, og auðvitað er hægt að benda á ýmislegt smávegis, sem betur má fara. Slíkt má finna í öllum rekstri, og mætti benda á sérleyfisleiðina til Hafnarfjarðar sem dæmi, þar sem einhverju virðist ábótavant.

Þá ætla ég að minnast á till. hv. 1. þm. N-M. (PZ) og það, sem fram kemur í henni. Það er líka rétt að taka strax fram, að þetta, sem hér hefur komið fram hjá þessum hv. þm., er ekki einsdæmi um hans sannleiksást. Það kom nefnilega seinast fyrir hann í Sþ. í dag að verða ber að ósannindum. Hann hélt því fram, að 7. þm. Reykv. (GTh), borgarstjórinn í Rvík, hefði fengið 2000 kr. fyrir að starfa í ákveðinni nefnd. Sannleikurinn var hins vegar sá, að þessi upphæð hafði skipzt á milli 3 nm. Þm. lagði nefnilega visitölu á sannleikann, og væri gott, ef hann temdi sér hóflegri álagningu næst. En af þessu dæmi sést, að það er vissara að taka fullyrðingar þessa hv. þm. með varúð. (*PZ:* Ég vísaði þm. í dag á frumgögn málsins, og þar er hægt að kynna sér, hvernig vinnubrögð n. hafa verið.)

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að frílistavörurnar hefðu verið seldar á svörtum markaði, án þess að færa frekari rök fyrir því. Ég veit ekki um þennan svarta markað, en það kann að vera, að S.Í.S. hafi náð í eitthvað af þessum vörum og selt þær á svörtum markaði. Í þeim herbúðum mun þm. kunnugastur, og talar því ef til vill af eigin reynslu. Það ganga þær sögur, að miðstöð svarta markaðarins sé í Sambandinu, en ekki skal ég segja um, hvort þær sögur eru sannar. Um sjómannagjaldeyrinn er það að segja, að hann er greiddur sjómönnum erlendis og er varla mikið fram yfir nauðsynlegt uppihald og ef til vill fyrir eitthvað smávegis handa þeirra eigin heimilum, enda virðast sjómenn ekki illa að slíku komnir. Hitt, að þessi gjaldeyrir haldi uppi svörtum markaði hér heima, trúi ég ekki að sé rétt. Þá sagði þm., að hann treysti ekki, að ríkisstj. gerði neitt í þessum málum, en hún tæki hins vegar lán í leyfisleysi, og nefndi í því sambandi togarakaupin. Það var rætt um þessa lántöku ríkisstj. í dag og sýnt fram á, að um fullkomna heimild var að ræða, svo að í því máli er líka hin venjulega vísitöluálagning á sannleikann hjá þessum hv. þm.

Út af brtt. 2. þm. S-M. (VH), á þskj. 192, um ábyrgð á lifrarverðinu kr. 1,30 pr. kg., vil ég gera þá aths., að það er harla einkennilegur hugsunarháttur að vilja nú bæta inn ábyrgðarliðum í frv., þegar búið er að fella niður tekjuliðina á þeirri ábyrgð, sem fyrir er. Nú má ef til vill afsaka þennan hv. þm. með því, að hann sé nýr í starfi hér á Alþingi, og sennilegt þykir mér, að þm. hafi flutt till. að órannsökuðu máli í skjóli þess, að hún var flutt í Nd. af þaulvönum þm., þm. V-Húnv. (SkG), og er það óskiljanlegt, að hann skyldi leyfa sér slíkt ábyrgðarleysi. — 2. þm. S-M. sagði, að frv. væri mjög gallað og alls ekki hægt að samþykkja það nema til bráðabirgða, en hann taldi það ná tilgangi sínum og þess vegna mundi hann greiða því atkv. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég benda honum á þá staðreynd, að undirstaðan í því, að frv. nái tilgangi sínum, er sú, að ríkisstj. hafi fé til þess að greiða ábyrgðarverðið. En hans flokkur hefur farið þannig með þetta mál, að þetta nauðsynlega atriði er numið brott úr frv.

Ég ætla þá að minnast á till. hv. 4. landsk. (StgrA) og ummæli hans. Hann benti á, að þessi ráðstöfun væri aðeins einhvers virði fyrir þá, sem gera út við Faxaflóa. Ef hann telur, að unnt væri að láta þessar ráðstafanir ná til Norðurlands, þá hefði hann og hans flokkur ekki lagt blessun sína yfir, að því væri kippt burt úr frv. að afla tekna til að standa straum af ábyrgðinni allt árið, en það er nauðsynlegt. Hann ætlar að láta samþykkja ábyrgð, sem er einskis virði, aðeins til að narra menn út á sjóinn, en síðan geta menn ekki selt aflann fyrir hálfvirði og ekki heldur gengið í ríkissjóðinn, af því að flokkur þessa hv. þm. hefur

brugðizt þeirri skyldu að sjá um tekjur til að standa straum af ábyrgðinni. Og þegar hv. 4. landsk. var að ásaka ríkisstj. fyrir að láta ekki frílistann ná einnig yfir Norðurlandssíldina, þá var hann að langmestu leyti að ásaka sjálfan sig fyrir þá skammsýni að hafa barizt á móti því, að gjaldeyririnn væri seldur á réttu verði. Þetta er ekkert annað en gengisfall, og þó að þessir menn hafi alltaf barizt á móti því, þá viðurkenna þeir, að það sé til að örva útgerðina við Faxaflóa, og eins yrði fyrir norðan.

Ég mun greiða atkvæði með frv. eins og það liggur fyrir, með tilvísun til þess, að hér sé aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og greiða atkvæði á móti öllum brtt., sem fram hafa komið hér í málinu.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt hér skrifleg brtt. frá hv. 4. landsk., þannig: [Sjá þskj. 208].

Till. er bæði skrifleg og of seint fram komin, og þarf því að leita tvöfaldra afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég þarf ekki margt að segja fyrir hönd fjhn. og þá meðfram sökum þess, að hér hefur engin brtt. komið fram, sem n. hafði ekki tekið afstöðu til.

Mér skildist á hæstv. atvmrh. í hans ræðu, að hann teldi 15. gr. óþarfa, og er ég því sammála og vík að því síðar, að ef menn vilja hafa það ákvæði í lögum, sem 15. gr. fjallar um, er hægt að setja það inn í annað frv., sem liggur hér fyrir deildinni.

Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, var n. óslitið á fundi milli þingfunda í dag, og hafði ég því ekki neinn tíma til að búa mig undir mína framsöguræðu. Af því leiddi m. a., að ég gleymdi að geta þess, að n. bárust tilmæli um bjargráð þeim til handa, er stunduðu veiðar við Grænland í sumar.

N. sá ástæðu til að sinna því sem brtt. við annað frv. en hér er til umræðu, og í sambandi við það vil ég taka fram, að ég lít svo á, að brtt. á þskj. 202, frá hv. 1. landsk. og 4. þm. Reykv., ætti, ef menn vilja ganga inn á hana efnislega, að koma inn í það sama frv., en ekki samþykkjast hér. Ég hefði talið eðlilegast að fella niður 15. gr., en taka efni hennar annars staðar upp í löggjöf.

Um brtt. á þskj. 201, frá 4. þm. Reykv., er það að segja, að ég tel þær þýðingarlausar með öllu, og ef fara á að breyta frv. á annað borð, sýnist mér sama, hvort þær verða samþykktar eða felldar. En ef frv. yrði ekki breytt að öðru leyti, teldi ég alls ekki rétt að samþykkja þær, því að þær eru svo þýðingarlausar, en samþykkt þeirra yrði hins vegar til að tefja málið, og yrði það þá að fara aftur til Nd.

Fyrri brtt. á þessu þskj. er um ábyrgðarverð á útfluttu kjöti. En það vita allir, að til hennar kemur ekki. Það verður að sjálfsögðu nú eins og undanfarið, að allt kjöt verður selt innanlands, og þetta er því mjög þýðingarlítið. Ég geri ráð fyrir, að það hafi vakað fyrir hv. flm. í Nd., að þetta ákvæði hafi áður verið í slíkum lögum sem þessum. En á yfirstandandi tíma hefur þetta alls enga praktiska þýðingu, hvað sem verða kann í framtíðinni, og samþykkt slíkrar till. má ekki tefja málið.

Sama er að segja um 2. lið á þskj. 201, en það er brtt. við 13. gr. Ég álít hana þýðingarlausa. Mér skilst, að eina breytingin, sem hún gerir á 13. gr., sé sú að fella niður orðin „að dómi ríkisstjórnarinnar.“ Nú, ef svo færi, að engin löggjöf yrði sett, yrði auðvitað einhver að leggja dóm á það, hvort löggjöf hefði verið sett, og hver ætti að gera það nema ríkisstjórnin? Þessi orð fela ekki í sér neitt traust til ríkisstj., því að þingið getur látið þessi lög falla úr gildi jafnframt því, að ný lög taka gildi, ef það vill.

Ég hef svo ekki umboð n. til að segja fleira, því að um hinar skriflegu brtt. hefur n. ekki fjallað, og óski hv. d. eftir, að n. fjalli um þær, þarf að fresta fundi til morguns, eða um tíma, á meðan n. fjallar um þetta. En ég geri það ekki að tillögu minni og hygg sannast að segja, að það breytti litlu, því að þm. eru búnir að mynda sér skoðun í þessu máli. Ég get ekki sagt neitt um þessar tillögur fyrir n. hönd, en einstök atriði úr ræðum í sambandi við þær skal ég minnast á.

Í fyrsta lagi er það ekki rétt hjá hv. 1. þm. N-M. (PZ), að þm. hafi ekki vitað um frílistann. Hann hefur ekki vitað um hann, en margir þm. hafa vitað þetta frá upphafi, það er mér kunnugt um. Nú er hér fram komin till. um að ákveða í lögum vörur á frílista. En frílistinn hefur aldrei verið tekinn í lög, mér vitanlega, og ég efast mjög um það, að rétt sé að fara að telja upp ákveðna vöruflokka í lögum. Ekki vegna þess, að ég sé á móti frílista, en ég er bara hræddur um, að frílisti verði þá eins og vegalög, og allir vita gang þeirra mála á Alþ.

Hvað snertir brtt. hv. 2. þm. S-M., um ábyrgðarverð á lýsi, álít ég, að ef nokkur brtt. á hér rétt á sér, þá sé það helzt sú till. Lýsi er í svo lágu verði, að það er eitt af þeim atriðum, sem gerir útgerðinni ómögulegt að starfa, og engin trygging er fyrir því, að lýsi verði tekið á frílista, því að þótt stjórnin lýsti yfir því, að það væri hennar ætlan, þá vita allir, að hún er minnihlutastjórn og ekkert er vitað um lífdaga hennar. Og þá er a. m. k. engin trygging fyrir því, að næsta ríkisstj. setji lýsi á frílista. Því sé ég, að það er trygging í því fyrir útveginn, að ábyrgðarverð sé á þessari vöru. Hitt er satt hjá hv. þm. Barð. (GJ), að það þarf aukið fé eða tekjur á móti, ef þessum gjöldum verður bætt á ríkið, og kem ég að því síðar.

Hv. 4. landsk. talaði um kröfur útvegsmanna, sem hefðu gengið lengra en þetta frv., og þótti honum það ganga of skammt. Vildi hann taka fleiri vörur á frílista og að hjálpað yrði frekar til að leysa af sjóveð. Já, það er um þessar kröfur. Sumir líta svo á, að sé krafa gerð, þá sé sjálfsagt að verða við henni. Ég get hins

vegar ekki tekið það gilt, þótt komið hafi fram kröfur um frekari aðgerðir. En um sjóveð er það að segja, að það ætti frekar heima í öðru frv., sem liggur fyrir þessari hv. d.

En svo veik hv. 4. landsk. að öðru atriði, sem ég er honum sammála um, að rökstuðningi til, þótt við komumst ekki að sömu niðurstöðu, og það var um aðstöðu þeirra, sem veiða utan Faxaflóa, bæði fyrir norðan og austan og vestan. Það er auðvitað rétt, að útgerð fyrir Norðurlandi, og ég hygg Austurlandi, byrjar um það leyti, sem síðustu leifar þessarar ábyrgðar falla úr gildi. En hér er um það að ræða, sem hefur verið margtekið fram, að ætlunin er, að þetta verði aðeins bráðabirgðalausn til að koma vetrarvertíðinni af stað. Það er í rauninni það, sem frv. fjallar um. Færi nú svo, að Alþ. léti undir höfuð leggjast eða réði ekki við að gera frambúðarráðstafanir, þá lít ég svo á, að bæta yrði við bráðabirgðaráðstöfunum, að því er sumarútgerðina snertir. En ég viðurkenni ekki, að hugsanlegt sé, að til þess eigi að koma.

Ég hefði viljað, að þetta frv. væri þannig úr garði gert, að ábyrgð væri aðeins veitt til 1. marz og lengur ekki. Að ég geng þó inn á framlengingu, er einungis vegna þess, að útgerðarmenn lýstu yfir því, að þeir hæfu ekki vetrarvertíð nú nema með fyrirheiti um ábyrgð til 15. maí. Hér var því um það að ræða, hvort vetrarvertíð ætti að hefjast eða ekki, en útgerð á ekki að hefjast fyrir norðan og austan á þessum tíma árs, svo að þar gegnir öðru máli. Ég tel það skyldu að hafa gert frambúðarráðstafanir til viðréttingar útgerðinni fyrir 1. marz, og a. m. k. fyrir 15. maí að sjálfsögðu.

Nú ætla ég að lokum að minnast á ræðu hv. þm. Barð. Við erum sammála um margt í þessu máli. Hann er á móti ábyrgðinni yfirleitt, og í raun og veru get ég sagt það sama. Þegar ábyrgðin var fyrst veitt hér á Alþ., var ég ekki viðstaddur, og ég hygg, að ég hefði aldrei verið með henni, þótt ég hefði verið viðstaddur. Ég álít, að sú stefna hafi gert mikið tjón, einkum vegna þess, að með fiskábyrgðinni hefur slaknað á eigin ábyrgð þeirra, sem hlut eiga að máli. Síðan ábyrgðin kom til sögunnar, hefur kaup hækkað og allur tilkostnaður hækkað við útgerðina. Ég er ekki frá því, að útgerðarmenn hafi staðið vægar í móti hækkuðum tilkostnaði vegna þess, að ábyrgðin var í gildi. Vegna hennar gátu þeir komið til ríkisstj. og sagt, að þeir þyrftu að fá hækkað ábyrgðarverð fyrir hækkuðum tilkostnaði. Ábyrgðin hefur svo verið hækkuð með því að leggja á nýja tolla fyrir þeirri hækkun. Nýir tollar hafa svo aftur leitt til nýrra kauphækkana, og þannig hefur skrúfan gengið áfram. Þetta ber í sér dauðann fyrir útveginn, eins og hv. þm. sagði, og er ég því sammála. Og eins og ég hef þegar tekið fram, þá sé ég ekki annað ráð vænna nú en að sú skipan verði á þessu máli höfð, sem fyrr hefur verið samþ. í þinginu, að samþ. þetta frv. til bráðabirgða. En þegar ég gef þessu frv. samþykki mitt, geri ég það með þeim hug, að hér sé aðeins um bráðabirgðalausn að ræða.

Ég hef ekki trú á því, sem hv. þm. sagði um 6. gr. frv., að það ákvæði torveldi lausn þessa máls, því að þetta er atriði, sem vart kemur til greina. Undanfarið hefur allt kjötið selzt innanlands, og skil ég því ekki, að ákvæði 6. gr. geti torveldað lausn málsins.

Þá var hv. þm. að tala um, að Samband íslenzkra samvinnufélaga væri svartamarkaðsbæli eða svartamarkaðsmiðstöð. Ekki veit ég, hvernig sá orðrómur er til kominn, en ég get fullyrt, að það fer engin svartamarkaðsverzlun fram í Sambandinu, hvað þá að Sambandið sé miðstöð svartamarkaðsverzlunar.

Þá kem ég að þungamiðju þessa máls, að það sé með öllu óforsvaranlegt að ákveða ekki tekjur á móti gjöldunum, sem frv. ber með sér. Ég er þessu sammála að sumu leyti, en það táknar ekki, að áætlaðir tekjustofnar þurfi að vera í sömu l. og þau útgjöld, sem gert er ráð fyrir, að frv. hafi í för með sér. Ég álít það skyldu allra þeirra þm., sem samþ. ábyrgðarheimildina, að finna og samþ. tekjustofn, sem þarf til að standa undir þessum l., en með því er ekki sagt, að slíkt þurfi að gerast í sömu lögum, enda hefur Alþingi sett fjölda l. um útgjöld, en teknanna til þeirra aflað með sérstökum skattalögum. Og ég fullyrði, að á undanförnum árum hafi Alþingi samþykkt nægar fjárveitingar til að standa undir fiskábyrgðinni, en fé hefur verið notað í annað. Það er því ekki meiri ástæða til að setja tekjuöflunarákvæði í þetta frv. en ýmis önnur frv., að því er mér finnst. Þó skal ég taka það fram, að ég hef engan sérstakan áhuga fyrir því að fella niður tekjuáætlanirnar, sem frv. gerði upphaflega ráð fyrir. En eins og ég gat um áðan, hefur það verið svo, að l. hafa verið sett um milljónaútgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að gerð hafi verið sérstök grein fyrir tekjum á móti. Og þetta þing, sem nú situr, hefur samþykkt stórkostleg útgjöld úr ríkissjóði án þess að flm. orðuðu, hvaðan tekjur kæmu til að mæta útgjöldunum. Munu þó vera nokkur takmörk fyrir því, að slíkt geti staðizt til lengdar án aukinna tekna ríkissjóðs. Það verður að taka afkomu ríkissjóðs og fjárhagsaðstæður þjóðarinnar til nákvæmrar athugunar á næstunni. Þess vegna sé ég ekki betur en tekjuöflunarliðir til að standast útgjöld á þessu frv. geti komið inn í heildarlögin, fjárlögin, eins og önnur útgjöld ríkisins. N. sá að vísu ekki ástæðu til þess, að svo komnu máli, að hefja neitt stríð á milli deilda um að koma slíku ákvæði aftur inn í frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr., en það voru tvö atriði, sem ég vildi minnast á. Í fyrsta lagi vil ég minna á, að í l. nr. 97/1946, sem eru fyrstu fiskábyrgðarlögin, að kalla má, þá var sett í 9. gr. l. eftirfarandi ákvæði: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, eftir tilnefningu þingflokkanna, til þess að gera tillögur um, á hvern hátt verði komið í veg fyrir, að dýrtíðin í landinu vaxi, og skal nefndin skila áliti sínu fyrir 1. febrúar 1947.“ Við þetta er það að athuga, að ráðh. hefur algerlega vanrækt að skipa þessa n. Hún hefur aldrei verið skipuð. Þess vegna er ég

hræddur um, að enn muni ganga illa að fá varanlega lausn þessara mála. Þessi l. eru frá 28. des. 1946 og náðu samþykki á milli jóla og nýárs það ár. Nú fer sami maður með embætti forsrh. og þegar l. voru sett, og býst ég því varla við varanlegri lausn nú, frekar en sýndi sig í fyrri stjórnartíð hans. — Í öðru lagi vil ég benda á í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að t. d. vegalögum má ekki breyta nema á Alþingi. Hins vegar hefur það tíðkazt, að vegir hafa verið lagðir, þó að þeir væru ekki á vegalögum, og þó að Alþingi hafi ekki séð möguleika fyrir auknum fjárveitingum til vega, þá hefur raunin orðið sú, að ríkissjóður hefur lagt vegi, þótt þeir væru ekki á fjárlögum. Þetta vil ég minna á í sambandi við frílistann, og veitir því ekki af, að reynt verði að hafa einhvern hemil á þeim undanþágum. Ég treysti þessari ríkisstj. ekki of vel, og hún hefur nú verið í 1½ mánuð að semja þetta frv., sem er þó ekki betur úr garði gert en raun ber vitni.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í umr. um þetta mál nú, en vil vísa til þess, sem ég hef áður sagt á undanförnum þingum um þetta mál, fiskábyrgðina. Þar þarf ég engu við að bæta og ekkert frá að draga, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þau ummæli. Ég vil þó í sambandi við þetta mál minna á, að er ríkisábyrgðin var samþ. 1946, þá var svo fyrir mælt í l., að skipuð skyldi n., sem gera skyldi till. í dýrtíðarvandamálunum og bera fram till. til úrbóta. Svo var og ráð fyrir gert, að ríkisábyrgðin mundi ekki standa nema stuttan tíma, einn mánuð eða svo. Með það loforð í huga greiddu ýmsir þm. atkv. með ábyrgðinni. Og til þess að fyrirbyggja drátt á raunhæfum aðgerðum, var 9. gr. sett í l., sem hv. 1. þm. N-M. minntist á áðan. Afstaða mín til frv. er sú, að ég hef ekki treyst mér að greiða atkv. með ábyrgðinni, og geri ég ráð fyrir, að margir af þeim þm., sem greiða þessu frv. jáyrði sitt, geri það með þeim hætti, að þeir líti svo á, að þeir geri þjóðinni minna tjón með því að samþ. frv. en gera það ekki, því að þá mundi útgerðin stöðvast um ófyrirsjáanlegan tíma. Hér er því um að ræða val á milli tjóna. Ég er þó í vafa um það, þó að ég rökræði það ekki frekar, hvort meira tjón yrði af, þótt frv. þetta yrði fellt og útgerðin stöðvaðist um stund og Alþingi yrði neytt til þess að leysa þetta mál á annan veg og til frambúðar. Það er ekki hvað sízt ástæða til þess að tala um þetta nú. Að vísu er nú svo komið, að nú fylgir því hvað minnst ábyrgð að greiða þessu máli atkvæði, því að ekki verður unnt fyrir ríkissjóð að halda ábyrgðinni lengur áfram en 2 mánuði. En ég skal nema staðar og ekki blanda mér miklu meir inn í þessar umr. En eins og ég tók fram 1948 í þinginu og utan þings, þá er það nú að koma í ljós, sem við framsóknarmenn sögðum, að þetta gengi ekki lengur en til ársins 1950. Nú er svo komið, að vart verður lengra gengið í álögum á landsfólkið, og ef áfram á að halda sem á undanförnum árum, þá er ekki annað af fólkinu að taka en skattleggja lífsnauðsynjar enn meir en verið hefur. Slíkt mundi svo aftur leiða af sér, að dýrtíð mundi enn vaxa að miklum mun og skerða tekjur almennings að verulegu leyti. Ég vil líka benda á annað í þessu sambandi, sem skiptir verulegu máli, og það er, ef heimilt er án sérstakra laga að selja vöru og láta svo framleiðendur fá gjaldeyrinn og selja hann svo með vissu álagi. Og ef við nú samþykkjum þetta, þá hlýtur hæstv. ríkisstj. með sömu röksemdafærslu að hafa heimild til að bæta fleiri vöruflokkum á þennan lista. Við þurfum því, ef við ætlum að fyrirbyggja þennan möguleika, að taka ákveðið fram, hvaða vörur eiga að vera á þessum frílista. Að þessu athuguðu get ég þess vegna ekki greitt till. atkvæði, nema að fengnum fyllri skýringum á henni.

Ég skal svo ekki fara að lengja umr. frekar og get látið máli mínu lokið, því að ef ætti að fara að ræða þetta miklu nánar, mundi það verða svo langt mál.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. hafa nú talað vítt og breitt um málið, sem vera ber, sumpart fyrir brtt. og sumpart ekki. Það er ekki ástæða fyrir mig að eltast við allt, sem fram hefur komið, því að hv. þm. Barð. tók af mér ómakið viðvíkjandi sumu, t. d. um það, sem hv. 1. landsk. (BrB) sagði, og er ég hv. þm. Barð. þar í flestu sammála. Það var upphaf á ræðu hv. 1. landsk., að hann taldi vel farið, að allar till. til að standa undir fiskábyrgðinni hefðu verið felldar, aðallega af því, að allar þessar till., sem felldar voru í hv. Nd., hefðu verið sama og gengislækkun. Það má að vísu segja, að aukning eða hækkun á innflutningsgjöldum sé gengislækkun, því að þá hækkar varan. En þá má og segja með sömu röksemdafærslu, að öll hækkun á vöru, þjónustu, vinnulaunum o. fl. sé gengislækkun. Er það gott, að slíkt kemur fram hjá hv. 1. landsk., og vona ég, að slíkt sé einnig skoðun flokks hans. En ég býst fastlega við, að flokkur hv. þm. sé á móti gengislækkun, þótt hann þrátt fyrir það hafi ötullega stutt margar þær aðgerðir, sem styðja að undirbúningi á falli peninganna.

Ég skal svo ekki dvelja lengur við ræðu hv. 1. landsk., en flokksbróðir hans, hv. 4. landsk. (StgrA) beindi til mín nokkrum fyrirspurnum í sinni ræðu, sem ég vildi svara. — Það fyrsta, sem ég vildi drepa á, er það, að mér fannst kenna um of hjá hv. 4. landsk., að honum fannst landsfjórðungunum vera mismunað, þar sem ábyrgðinni er einungis ætlað að ná yfir vetrarvertíðina og þar sem á hinum svokölluðu frílista séu einungis vörur, sem framleiddar eru hér sunnanlands. Að því er snertir fyrra atriðið, þ. e. a. s. ábyrgðina, hefur hv. 1. þm. Eyf., sem er úr sama landsfjórðungi og hv. 4. landsk., svarað því svo rækilega og með svo glöggum rökum, að ég þarf engu við að bæta. Ég vil þó taka það enn fram, að við, sem sömdum frv., ætluðumst til, að það gengi jafnt yfir alla, og vona ég, að hv. þingmaður og þingmenn trúi því. — Hvað frílistann áhrærir, vil ég taka eftirfarandi fram: Hvað Faxasíldina

snertir, þá var hún náttúrlega af eðlilegum ástæðum veidd hér sunnanlands, og skýrir það sig sjálft. En hvað aðrar vörutegundir á frílistanum snertir, þá koma þær einnig að mestu leyti mönnum í öðrum landsfjórðungum til góða, a. m. k. þeim, sem stunda hér atvinnu á vertíðunum. Hvað flatfiskinn snertir, kemur hann öllum, sem þær veiðar stunda, jafnt til góða. Og þannig er það með flest á þessum frílista. Ég vil líka benda hv. þm. á, að frílistinn var ekki búinn út með annað fyrir augum en að hann kæmi öllum landsmönnum að sem beztum notum. — Skal ég svo ekki dvelja lengur við það efni.

Þá spurði hv. þm., hvort útvegsmenn hefðu gert einhverjar fleiri kröfur. Jú, þeir nefndu bæði þorskalýsi og ísvarinn bátafisk. Þá minntust þeir einnig á, að reknetasíldin yrði sett á frílista. Nú er það svo, eins og komið hefur fram í ræðum hv. þm., bæði hér og í hv. Nd., að hinn svokallaði frílisti hefur verið úthrópaður mjög að óverðskulduðu. Þessi frílisti er þannig til kominn, að eftir að við höfðum horft upp á það um langan tíma, að hrognum og öðrum verðmætum sjávarafurðum var fleygt, þá kom mér í hug að gefa útvegsmönnum einhver fríðindi í sambandi við þessar tegundir, til þess að koma í veg fyrir ónýtingu þeirra og skapa þannig gjaldeyri fyrir þjóðina og atvinnu fyrir landsmenn. Á þetta sjónarmið var fallizt, og bættust síðan smátt og smátt ýmsar aðrar lítt seljanlegar vörutegundir við, t. d. skrápur og annað, sem varla getur heitið seljanleg vara. Fram að síðastliðnu hausti voru á þessum lista aðeins fáar vörur, og ekki gat heitið, að um stórar upphæðir væri þar að ræða, en ég hef þó vissu fyrir því, að útvegsmenn töldu sér þetta töluverða hjálp í þrengingum sínum. En allan tímann hafa verið til menn, sem hafa séð ofsjónum yfir þessu og úthrópað á alla lund, t. d. búið til alls konar Gróusögur um misnotkun útvegsmanna á gjaldeyrinum. Svo er það á þeim tíma, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. sat, að Faxasíldin komst inn á þennan frílista, og var það ekki álitið stórt atriði, þar eð ekki hafði veiðzt svo mikið af henni. En svo ber það við á síðastliðnu hausti, að töluvert magn af þeirri síld veiðist, og ber ekki að harma það. Ég hef einnig fyrir mér álit fróðra manna í því, að ekki hefði verið hægt að selja þær 40 þús. tunnur, sem var það magn af Faxasíld, sem aflaðist á liðnu hausti, nema þessi háttur hefði verið á hafður. Ég gerði í hv. Nd. í gær grein fyrir reglunum, sem hæstv. fyrrv. viðskmrh. setti um þennan frjálsa gjaldeyri, og gat sannað með rökum, sem enginn treystist til að mótmæla, að þessi gjaldeyrir hefur verið undir ströngu eftirliti verðlagsyfirvaldanna. Útvegsmönnum hefur verið skammtað álagið á gjaldeyrinn af verðlagsyfirvöldunum og þeir síðan skilað honum til bankanna. Ég vil taka það skýrt fram, að það er alveg rangt og styðst ekki við nein sannindi, að útvegsmenn hafi gengið um og reynt að selja hann hæstbjóðanda. Ég vissi til þess í haust, að útvegsmenn gerðu með sér samlag, þar eð bankarnir voru latrækir á að lána rekstrarfé, og seldu þeim fyrirtækjum gjaldeyrinn, sem vildu veita þeim nokkurn styrk. Ég veit að vísu ekki, hverjir það voru, sem þannig fengu þennan gjaldeyri. Ég keypti engan sjálfur né mín fyrirtæki, en mér er sagt, að S. Í. S. hafi keypt mikið af þessum gjaldeyri, og harma ég það ekki, því að þetta er stór aðili. Ég hygg, að þeir, sem kasta oftast hnútum að verzlunarstéttinni og einstökum kaupmönnum, muni ekki vilja vanvirða S. Í. S. fyrir þetta. — Ég vil svo taka það enn fram, að allt tal um svartan markað á þessum umræddu gjaldeyri er sagt út í bláinn. Ég skýrði frá því í hv. Nd., eftir ósk frá hv. 1. þm. S-M. (EystJ), hvaða vörutegundir það væru, sem keyptar eru fyrir hrognapeningana, og gat fæst af því kallast lúxusvarningur. Þó má vera, að eitthvað smávegis af þeim vörum megi nefnast því nafni, en ef þær tegundir hefðu ekki verið fluttar inn fyrir þennan gjaldeyri, er alveg víst, að notaður hefði verið til þess venjulegur gjaldeyrir.

Þá held ég, að hv. þm. hafi spurt, hvort ég hefði í hyggju að bæta við frílistann. Ég lýsti því í hv. Nd., hvað fyrrv. hæstv. ríkisstj. hefði fallizt á, og einnig lét ég það í ljós, að ég teldi rétt að bæta á frílistann þorskalýsinu. Ég skal og láta þess getið, að um það hefur komið krafa frá útvegsmönnum. Allt þetta kemur til af því, að menn eru að reyna að bæta útvegsmönnum það í munni með frílistanum, að gjaldeyririnn, sem þeir skapa, hefur verið tekinn af þeim fyrir allt of lágt verð. Þessa staðreynd veit ég, að við viðurkennum allir í hjarta okkar. Ég er t. d. alveg viss um, að ekki hefði þurft að koma eins fljótt til ábyrgða, hvað þá til frílistans, hefði útvegsmönnum verið reiknað hærra verð fyrir útflutningsvöru sína, en sá gjaldeyrir, sem þeir hafa skapað, ekki verið tekinn af þeim á skráðu gengi og fenginn í hendur mönnum, sem hvergi hafa komið nærri við raunverulega öflun hans. — En ég ætla ekki að dvelja lengur við þetta. Ég hef gefið hv. þm. eins góð svör og ég hef getað og bætt við nokkru. Ég get einnig sagt það, að ég er hv. 4. landsk. eiginlega sammála hvað viðvíkur reknetasíldinni. En hvað heldur hv. þm., að sumir kollegar okkar hér í hv. d. mundu segja, ef öll reknetasíld ætti að takast á frílista? En ég vil segja, að öll meðferð þessara mála eigi rétt á sér, svo fremi að það verði til þess að auka atvinnu, bæta afkomumöguleika útgerðarinnar og síðast en ekki síst til að skapa gjaldeyri fyrir þjóðina. Það sýndi sig bezt með Faxaflóasíldina s. l. haust, hvaða verðmæti náðust inn í landið vegna beinnar tilstuðlunar frílistans, og ætti þetta dæmi að nægja til að sanna, að frílistinn á rétt á sér. Ég tel það alveg fullkominn óþarfa, eins og stungið hefur verið upp á, að taka inn í lögin grein, er kveði á um, hvaða vörur það séu, sem á frílistanum eigi að vera. Það hefur aldrei komið til mála að víkka hann svo, að hv. þm. þurfi nokkuð að óttast í því efni. Hingað til hefur það líka verið skilningur hæstv. ríkisstj., að þetta væri fullkomið framkvæmdaratriði eða verðlagsatriði, ekkert ólíkt verðlagningu á kjöti og mjólk. Er það

mín skoðun, að sjómenn eigi alveg eins rétt á að fá sína framleiðslu verðlagða og bændur. Hv. þm. Str. (HermJ) benti á atriði í þessu varðandi lögfestingu. Það er ekki skoðun mín né annarra þeirra, sem að frílistanum standa, að hann eigi að haldast, ef allt væri fellt og útgerðin gæti staðið á eigin fótum. Hér er því aðeins um að ræða stundarfyrirbrigði, þar sem reynt er að létta undir með útgerðinni, þar til varanleg lausn er fengin. Ég er því sammála hv. þm., að ekki eigi að vera að setja þetta í lög. Ég mundi hvorki sem þm. né útvegsmaður leggja til, að nokkur hlutur væri á frílista, ef afkoma útvegsins væri slík, að þess þyrfti alls ekki með og útvegsmenn fengju sinn gjaldeyri reiknaðan á sómasamlegu verði, en það hafa þeir ekki fengið.

Hv. 2. þm. S-M. (VH) hefur flutt hér brtt. varðandi þorskalifur. Hann vill taka hana beinlínis inn í ábyrgðina. Brtt. þessi átti upptök sín í hv. Nd. og var fram borin þar af flokksmanni hv. 2. þm. S-M., hv. þm. V-Húnv. (SkG), og hún var felld þar í hv. þd. Ég er ekki alveg viss um, að þessir tveir hv. þm. og þeir, sem kunna að samþ. þessa brtt. með þeim, geri sér ljóst, hvað þeir eru að bera hér fram. Lifrin er í fyrsta lagi ósambærilegur hlutur, eftir því, hvar við landið hún er veidd. Það er gersamlega ósambærileg vara vetrarvertíðarlifur hér syðra og t. d. sumarlifur fyrir norðan og e. t. v. fyrir austan. Ég veit ekki, hvort hún er fyrir austan alveg eins slæm og fyrir norðan. En, sem sagt, sumarlifur og vetrarlifur er sitt hvað. Og lengi var sumarlifur í mörgum veiðistöðvum hreint og beint fleygt. Til skýringar fyrir þá, sem ekki gera sér ljóst, hvers vegna það er, skal ég taka fram, að það kemur miklu meira lýsi úr vetrarlifur en úr sumarlifur. En nú vill hv. 2. þm. S-M. láta alls staðar vera sama verð fyrir lifrina, jafnt verð fyrir beztu vöruna og verstu vöruna, og það eru dálítið nýstárlegir verzlunarhættir, sem hann vill taka upp með því móti. Ætli mönnum fyndist það ekki einkennilegt, ef sama verð ætti að borga fyrir I. og III. flokk af ull eða því um líkt? Ég benti á það, að útvegsmenn hefðu óskað eftir því hér í viðræðum við ríkisstj., að bátalifrin kæmist á frílista, vegna hins lága verðs, sem er á lýsinu. En útvegsmenn hafa aldrei beðið um, að ríkissjóður yrði látinn taka ábyrgð á lifrarverðinu. Í fundarsamþykkt L. Í. Ú. eru taldar upp þær vörur, sem þeir óskuðu tekna ábyrgð á. En engar óskir hafa komið frá útvegsmönnum um, að ríkissjóður ábyrgðist þeim lifrarverð, hvorki hátt né lágt. Lifur er ekki nefnd þar.

Nú eru menn ákaflega óánægðir með ábyrgðarlögin yfir höfuð, og ég held, að ekki neinir af hv. þm. hafi bannsungið ábyrgðina á fiskinum kröftuglegar en einmitt Framsfl.-menn. Þeir hafa lag á að koma vel orðum að því, hve ábyrgðin sé óheppileg, og má vel vera, að þetta sé rétt. Hún er af mörgum talin ekki æskileg og ekki heldur af mér. Og þá finnst mér kátbroslegt, að sá flokkur, sem fordæmt hefur ábyrgðina, sem útvegsmenn hafa talið sér nauðsynlegt að fá á fiskverðinu, gerir nú ítrekaðar tilraunir til þess að troða upp á útvegsmenn ábyrgð á vöru, sem þeir hafa ekki beðið um. Hvað gæti orðið um að ræða sem aukakostnað af þessari ábyrgð, skal ég ekki fullyrða. En mér skilst, að yfir vetrarvertíðina mundi þessi hækkun, sem hv. 2. þm. S-M. og flokksbræður hans lýsa sig fylgjandi, geta numið eitthvað frá einni og hálfri upp í tvær millj. kr., og ef um allt árið væri talað, þá frá tveimur og hálfri upp í þrjár millj. kr., sem þetta kostaði ríkissjóð. Og ég vil biðja hv. þm. að gæta að því, að um það bil allir, sem eiga von á að fá kr. 1,30 fyrir lítrann af hvaða lifur sem um væri að ræða, mundu leggja stund á að hirða allt, sem lifur heitir, handa ríkissjóði til að bræða.

Af því, sem ég hef tekið fram, mótmæli ég því, að þessi brtt. verði samþ. Hún bakar ríkissjóði að óþörfu milljónaútgjöld, ef hún verður samþ. og framkvæmd. Hún er enn fremur ekki fram komin að vilja útvegsmanna, heldur á móti þeirra vilja. Og hún skapar misrétti í afurðaverðinu, þar sem þeir, sem framleiða beztu vöruna, eiga að fá nákvæmlega jafnt verð og þeir, sem framleiða verstu vöruna. Ég gerði það svona að gamni mínu að sýna hv. 2. þm. S-M. fram á þetta. En hann hafði nú þau orð, þegar hann rökstuddi sitt mál, að það mundi vera óþarfi að tala mikið um þetta, því að það væri ákveðið, að ríkisábyrgð yrði tekin á lifrarverðinu, svo að mér skildist, að hann væri ekki kominn til þess að láta sannfærast. En ég gat ekki stillt mig um að benda á þetta, öðrum til athugunar.

Hv. þm. Barð. (GJ) minntist hér á 15. gr. og nauðsyn þess, að endurskoðun yrði framkvæmd á henni, ef til kæmi. Ef það fellur í minn hlut að líta eftir framkvæmdum í þessum efnum, þá hef ég fullan vilja á því, að svo fremi að misbrestur sé á orðinn á síðasta ári við þessa framkvæmd, þá hef ég enga löngun fyrir mitt leyti til þess, að slíkt endurtaki sig. Hitt er annað mál, að ég veit ekki enn, hvort sönnur hafa verið færðar á, að misbrestur hafi orðið einhver hjá skilanefnd. En um það getum við rætt, ég og þeir, sem hafa haft framkvæmd þessa með höndum á sínum tíma, og er ég fús til þess að ræða um þetta við þá, ef það fellur í minn hlut að framkvæma í þessum efnum.

Ég tel þá, að öllu athuguðu, enga nauðsyn á því, heldur til spillis, að fara að lögfesta þennan svo kallaða frílista. Hann er ekki svo merkilegur, að það taki því. Og ég tel síður en svo nauðsyn á að bæta lifrinni ofan á ábyrgðina, því að það er eiginlega að leggja algerlega öfugt á, því að það kæmi þvert ofan í allt annað, sem gerzt hefur í þessum ábyrgðarmálum, og það er ekki samkv. óskum þeirra, sem eiga að njóta þessara laga.

Ég vil út af ræðu hv. 4. landsk. þm. benda honum á t. d., að það er svo fjarri því, að menn utan Faxaflóa hafi verið neinar hornrekur viðkomandi þessum ábyrgðum, að svo miklu leyti sem ég hef við ráðið. Og í tíð fyrrv. ríkisstj. þá var með mínu samþykki og með minni ábyrgð haldið uppi sérstökum stuðningi við útgerð á Hornafirði, með því að ríkið lánaði þeim fisk-

flutningabát, og var ekki veitt öðrum slík hjálp. Ég bendi bara á þetta til þess að sýna, að það var ekki tilhneiging til þess að gera upp á milli landsfjórðunga.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur barið sér mjög á brjóst og haft eiginlega mestan hávaða í frammi um hinn svo kallaða frílista. Mér þykir leiðinlegt, að hann skuli ekki hafa heyrt það, sem ég sagði um frílistann (*PZ:* Ég var hér í næsta herbergi.) Það er ekki svo voðalegt, sem þar hefur átt sér stað, að heimurinn forgengur ekki fyrir þennan frílista. Og ég hygg, að þegar hann gætir sín, þá muni það fara svo, af því að hann er ekki ósanngjarn á vissum sviðum, og svo er þetta bráðgreindur maður, að hann hljóti að skilja það, að þegar útvegsmenn voru svona aðþrengdir sem þeir voru, þá var það réttmætt, að þessir svo kölluðu hrognapeningar yrðu gefnir þeim frjálsir. Og hefði hv. 1. þm. N-M. með sinni frábæru skarpskyggni, kynnt sér hag útvegsmanna, þá hefði hv. þm. séð, að þessa var ekki vanþörf. En svo kom þessi ólukka með þennan hatt, og það virðist hafa sett þennan hv. þm. alveg út úr stuðinu. Hatturinn var svo dýr. Og fyrst hann var svona dýr, þá voru það bölvaðir hrognapeningarnir, sem voru að verki. Mér þykir sorglegt, að þetta skuli hafa farið svona í taugarnar á þessum hv. þm. Þó er annað verra, að þetta með hattinn virðist hafa farið alveg með það traust, sem þessi hv. þm. virðist hafa haft áður á ríkisstj. (*PZ:* Hún var ekki til þá, þessi ríkisstj.), það, að hatturinn var svo dýr.

Það hefði verið að mínum dómi heppilegast, ef hægt hefði verið að afgreiða þetta frv. frá þessari hv. d. án breyt. Og ég get ekki séð, að það geti verið mjög mikið kappsmál fyrir þá, sem bera hér fram brtt., að halda þeim til streitu. Það er ekkert af þeim brtt., sem hér hafa komið fram, sem ég tel nauðsynlegt að lögfesta í þessum bráðabirgðaráðstöfunum.

Hv. frsm. fjhn. flutti eina af sínum rökföstu ræðum í þessu máli, og ég get verið honum sammála, er hann sagði, að ábyrgðin gæti gert mikið tjón. Og það er vitanlegt, ef ekki er hægt undir henni að standa. En þá virðist mér óeðlilegt, að hann vilji auka ábyrgðina að óþörfu með því að samþ. viðaukatill. við hana hér, án þess að þess sé óskað af útvegsmönnum.

Að lokum vil ég segja, að umr. hér í hv. Ed. og líka í hv. Nd. um þetta mál, þær sýna glögglega, að það eru svo margir hv. þm., sem láta orð falla þannig og tala flestir með allsterkum orðum um það, að þessi ábyrgð sé fánýt, hún sé jafnvel skaðleg, og að það sé rík nauðsyn á öðrum gagngerðum og raunhæfum aðgerðum. Ég vil álíta, að hv. þm. mæli þetta af fullri sannfæringu. Sjálfur er ég líka þeirrar skoðunar, og ríkisstj. hefur lýst sig þessarar skoðunar. Þegar nú annars vegar er í húfi svo að segja höfuðframleiðsla landsmanna til að standa undir verzlunarjöfnuðinum við útlönd og þar með hag alls almennings í landinu, þá finnst mér, þegar athugaðar eru skoðanir manna á þeirri leið, sem hér er verið að stinga upp á að fara til bráðabirgða, að þá hljóti þjóðin að geta vænzt þess, að þessir ágætu hv. þm., sem láta í ljós þetta álit sitt í sambandi við þetta mál, muni þá freista þess að finna aðra leið og happadrýgri til þess að leysa útflutningsvandamál þjóðarinnar. Og ég tel, eins og þeir, sem um þetta hafa rætt hér í hv. þd., að þessi nauðsyn sé mjög brýn. Og þá kemur til kasta þeirra sömu manna, sem svo álíta, að horfa beint á ástandið eins og það er og draga þar af réttar ályktanir, — það kemur þá til þeirra kasta að láta smávægilegan kryt og flokkadrátt víkja fyrir þeirri höfuðnauðsyn að sameina sig um þann höfuðgrundvöll, sem líklegur mætti verða til þess að koma að varanlegu gagni í þessu efni. Ég segi varanlegu, að svo miklu leyti sem það er okkur áskapað að geta séð, hvað er varanlegt eða ábyggilegt í þessum efnum. Öllum virðist bera saman um, að það, sem við hér erum að leitast við að samþykkja sem bráðabirgðalausn, eigi ekki að vera nema stundarfyrirbrigði. Og þess vegna vil ég vona, að þegar fram verða lagðar till. til úrræða, sem eru í undirbúningi um heilbrigðari lausn á þessum málum, þá megi hv. meiri hl. Alþ. bera gæfu til þess að standa saman um viðunandi og varanlega lausn vandamálanna, til hagsbóta fyrir þjóðina í heild.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi, út af því sem hefur komið hér fram í sambandi við brtt. frá hv. 2. þm. S-M., leyfa mér að benda á, auk þess sem hæstv. ráðh. réttilega hefur bent á, að ég tel alveg ógerlegt að samþ. þá brtt. eins og hún liggur fyrir og ekki nema bætt sé aftan við till. ákvæðum um, hversu mikið lýsisinnihald skuli vera í hverjum lítra lifrar til þess að verð á honum verði bætt upp, og þá miðað við tiltekið verð, eftir lýsisinnihaldinu. Og einmitt þess vegna vil ég beina því til hv. form. n., 1. þm. Eyf., hvort honum þætti ekki ráðlegast, að brtt. þessi yrði tekin aftur við þessa umr., svo að n. gæti átt kost á að athuga hana með tilliti til þess, sem ég hef sagt nú. Sum lifur inniheldur allt að því 60% lýsi, sem er vetrarlifur, og yrði hún því í 1. gæðaflokki, og lýsið er í því tilfelli 100% verðmætt. Aftur á móti er lýsi úr t. d. steinbít gersamlega ónýtt. En eftir því, sem brtt. liggur hér fyrir nú, ætti að greiða jafnt verð fyrir lifrina til framleiðenda, hvernig sem lifrin er. Eins fer það, hversu mikið lýsismagn fæst úr lifrinni, eftir því, með hvaða tækjum lýsið er unnið úr henni. Það er í þessu efni mikill munur á nýtízku tækjum og aftur hinum eldri og ófullkomnari. Lakasta lifur getur farið niður í 30% lýsismagn, kannske 10%, og sum lifur getur verið svo rýr að lýsisinnihaldi, að lýsið borgi ekki vinnslukostnaðinn. Ég tel af þessum ástæðum alveg nauðsynlegt að bæta aftan við brtt. ákvæði um lýsismagn lifrarinnar. Ég tek þetta fram nú vegna þess, að ég hef heyrt frá hv. form. n., að hann hafi sjálfur tilhneigingu til þess að styðja þessa brtt. eða vatill. við brtt. hv. 2. þm. S-M. Eins heyrðist mér á hv. þm. Str. (HermJ), að hann mundi greiða henni atkv., og hefur verið lýst meira fylgi hér í þessari hv. d. við þessa brtt. en við

nokkra aðra brtt., sem hér hefur fram komið í málinu. Ég held, að ef brtt. hv. 2. þm. S-M. væri samþ., án þess að bæta þessu ákvæði við, þá yrði það til þess að þvinga ríkisstj. til þess að fara með þessa vöru inn á sérstakan frílista, til þess að forða ríkissjóði frá því gífurlega tapi, sem yrði á þessari vörutegund fyrir hann, þannig að það yrði bókstaflega að selja gjaldeyrinn fyrir þessa vöru á því verði, sem yrði til þess að borga kostnaðinn.

Ég vil svo í sambandi við ummæli hv. 1. þm. N-M., þar sem hann gerði að umtalsefni 9. gr. l. frá 1946, benda honum á, að Sjálfstfl. og sú stjórn, sem þá var við völd, *tilnefndi mann í* þessa nefnd. Og ég hygg, að það hafi staðið á öðrum *flokkum* um að tilnefna mennina eða að það hafi verið gert svo seint, að sú ríkisstj. hafi ekki getað skipað mennina, af því að hún fór frá litlu síðar. Og það mun eingöngu hafa stafað af stjórnarskiptunum, að þetta var ekki framkvæmt eftir lögunum, svo að hæstv. forsrh. hefur ekki átt þar sök á. — Þetta vildi ég taka fram til leiðréttingar.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vildi aðeins minnast með örfáum orðum á hinn svo kallaða frílista, án þess að gera því máli þau skil, sem þyrfti, því að ef það ætti að gera frílistamálinu full skil, þá brestur mig í fyrsta lagi kunnugleika á hinum mörgu hliðum þess máls, og þar að auki yrði það of langt mál að rekja það hér. En ég minnist á þetta atriði hér vegna þess, að ég vil ekki, að atkvgr. mín um þetta mál verði skilin svo, að ég sé meðmæltur því, að haldið sé áfram með hinn svo kallaða frílista, heldur þvert á móti, og í öðru lagi til þess að láta koma fram rödd um það hér í hv. þd., hvernig a. m. k. sumir þm. líta á þennan frílista, og að ekki sé með þögninni alveg goldið samþykki þeirri yfirlýsingu, sem hér kom fram hjá hæstv. atvmrh. Hann bætti því við í sinni ræðu, að þetta ástand, sem þessar bráðabirgðaráðstafanir eru liður í, væri að vísu bráðabirgðaástand, sem ekki væri á neinn hátt æskilegt, og ég er honum samþykkur um, að hann hafi ekki tekið þar of djúpt í árinni. En ég ætla með örfáum orðum að benda á nokkur atriði.

Þá er það fyrst, að heimildin fyrir þessum frílista er meir en lítið vafasöm, og mun þó vera talin eiga stoð í gjaldeyrisl., því að þar er heimilað að setja ýmis skilyrði fyrir innflutningi. Og þetta hefur verið teygt þannig, sem ég skal ekki dæma um, en ég hygg, að flestir séu sammála um, að sé of teygt í l., sem sé að binda innflutninginn því skilyrði, að gjaldeyririnn sé seldur með svo og svo miklu álagi. Ef t. d. vara er flutt út fyrir 100 þús. kr., þá er heimild til þess að selja gjaldeyrinn fyrir hana með svo eða svo miklu álagi, sem getur komizt í 120%. Og það er m. ö. o. verið að fella íslenzku krónuna í þessu tilfelli sem þessu nemur. Þetta álag hefur verið mjög misjafnt, ég veit, að það hefur verið frá 30% og jafnvel upp í 120%, að mér hefur verið sagt. Heimildin til þess að gera þetta er mjög vafasöm, og var byrjað á þessu í sambandi við hrognin. Það var þá sagt sem svo: Hrognin verða ekki nýtt, nema þau fáist seld með þessu móti og síðan sé sett þetta innflutningsálag á þennan gjaldeyri. Þetta þarf að gera, til þess að framleiðslan svari kostnaði. — Nú vil ég vekja athygli hv. þm. á því m. a., hvert þetta leiðir. Þetta leiðir oft til þess — og þarf ekki að vekja athygli á því —, að erlenda varan, sem fyrir þessa útflutningsvöru er keypt, hún verður þeim, sem hana kaupa, stundum þeim mun dýrari sem álaginu nemur en sama vara flutt inn á annan hátt. Og *þess vegna er það, sem gert er hér* — það má kalla það söluskatt, sem getur verið 30% og upp í 120% á vöruna. Og það *má segja*, að í framkvæmdinni sé þetta sama og að fella gengi íslenzku krónunnar, að því er þessu við kemur, eftir því sem þarf við sölu hverrar vöru, til þess að það fáist greiddur framleiðslukostnaðurinn á útfluttu vörunni. Við skulum segja, að það séu seld hrogn og sett 50% álag á gjaldeyrinn. Sjá allir, hvaða gengisfelling það er. Þess vegna er það, að þegar við athugum, hvaða stefnu þetta mál hefur tekið, þá er hér um meira en lítið alvarlegan hlut að ræða, *ef athugað er jafnframt, hvað mikill ágreiningur* er um það hér á Alþ., hvort eigi að breyta genginu eða ekki. Þegar talað er um að breyta genginu, þá er talað um að lækka gengið í samræmi við það, sem þarf til þess, að í aðalatriðum fáist jafnmargar íslenzkar krónur og framleiðslan þarf, til þess að hún beri sig á því augnabliki, sem gengið er fellt. Og nú hefur einmitt á þessum mjóu þvengjum, sem þarna er gripið til í gjaldeyrisl., verið veittur innflutningur á vissum vörum með geysilegri gjaldeyrisálagningu. Þetta hefur leitt til þess, að með hrognin var þá komið inn á þetta, sem nú er rætt um að lögfesta:

1. Söltuð og reykt Faxasíld.
2. Fryst Faxasíld.
3. Vetrarsíld frá öðrum veiðisvæðum.
4. Smásíld.
5. Gellur.
6. Kinnfiskur.
7. Sundmagi.
8. Hákarls- og háfsskrápur.
9. Hákarls- og háfslýsi.
10. Alls konar fiskroð.
11. Reyktur fiskur.
12. Grálúða, witches, megrin og frystur háfur.
13. Hrogn.

Og nú var rætt um það í 14. lagi að taka lýsi, sem ekki fyrir löngu var okkar gull af gjaldeyri. Og nú spyr ég hv. þm., þegar verið er að ræða um gengisfellingu eða ekki gengisfellingu: Ber sig nokkuð verr framleiðsla á lifur en lýsi og freðfiski? Vantar nokkuð meira á, að það verð fáist fyrir lifur, sem þarf til þess að svara framleiðslukostnaði, heldur en á vantar, að það verð fáist fyrir frosinn fisk til þess að svari framleiðslukostnaði? Nú er talað um þorskalýsið, okkar gull, sem var selt fyrir dollara fyrir seinustu styrjöld. Hvar eru takmörkin? Er ekki alveg eins hægt, ef ríkisstj. hugsar sér að taka lýsið, að taka helminginn af freðfiskinum. Nú er talað um, að hætta sé á því, að erfitt verði að selja freðfiskinn, og mjög

talað um, að útlitið sé ekki glæsilegt. Því ekki að taka helminginn af freðfiskinum og setja hann á frílista? Og ef freðfiskurinn er tekinn, hvers vegna þá ekki að taka mikið af saltfiskinum? Og fyrst búið er að taka fjórtándu útflutningsvöruna núna, hvar eru þá takmörkin fyrir því, sem ekki má taka? M. ö. o., við erum þess vegna að leggja í hendur ríkisstj. að breyta genginu, ekki eftir föstum reglum, heldur að breyta genginu eftir því, sem hún sjálf álítur nauðsynlegt um leið og hver vara er seld. Það er orðið það óbundnasta gengi, sem til er í nokkru landi í veröldinni. Þannig mætti halda áfram, því að hver vill standa upp hér og segja, að það mætti taka þorskalýsið sem fjórtándu tegundina, en ekki taka frosinn fisk, og eftir að frosni fiskurinn væri tekinn, að það mætti ekki taka í fimmtánda lagi saltfiskinn? Ef ríkisstj. er heimilað að taka 14 tegundir og breyta genginu að því er þær snertir, hvers vegna má þá ekki taka 15 eða 20 tegundir? Hér erum við komnir út í algert öngþveiti. Ef ríkisstj. treystir sér til þess að afhenda þetta vegna annarra hagsmuna, þá getur hún eftir þessum röksemdum gert það. Það er af þessum ástæðum, að þeir menn, sem alls ekki eru hrifnir af ábyrgðinni, kjósa heldur að taka ábyrgð á lifrinni þennan stutta tíma en að láta bæta við lifrinni, sem til skamms tíma var aðalútflutningurinn, inn á frílistann. Ég er ekki að segja, að sjómenn séu ekki vel að þessu komnir; því skal ekki neitað, ég veit vel um þeirra hag og margir þeirra eru mínir umbjóðendur, en það er aðeins spurningin um það, hvort við erum að bæta okkar hag með þessu, að ætla að ganga inn á þessar ógöngur, sem verið er að ganga inn á og við erum í rauninni komnir inn á. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., hvaða afleiðingar þetta hefur að öðru leyti, að bæta við á hverju ári nýjum og nýjum vörutegundum, sem gæti endað með því, að búið væri að framkvæma gengisbreytingu í flestu, án þess að þingið hefði nokkuð um það að segja, vegna þess að búið er að sleppa beizlinu þarna fram af. En við sjáum, hvaða áhrif þetta hefur. Þegar seld er vara með þessu móti, þá hefur seljandinn enga sérstaka hagsmuni af því að reyna að selja vöruna fyrir hátt verð erlendis, og þetta getur dregið á eftir sér margs konar dilka, því að maður getur sagt: Þetta verð ég að fá, þetta kostaði að framleiða vöruna. — Síðan verður gengisálagið þeim mun meira, sem varan er seld fyrir lægra verð. Ég er ekki að segja, að þetta sé misnotað, en það sjá allir, hvaða tilhneigingar þessi leið getur haft í för með sér, ef um óráðvendni er að ræða. Síðan er verzlað með þetta. — Svo er eitt atriði í sambandi við verðlagseftirlitið, sem ég vil benda á. Það hefur verið tekið hér dæmi um hatta. Hver vill segja um það, hvort þessi eða þessi hattur eða þessir sokkar eru keyptir fyrir gotupeninga eða fyrir annan gjaldeyri með engri álagningu? Öllu verðlagseftirliti er kippt upp með þessu móti, því að það getur enginn maður sagt um það, ef fluttar eru inn sömu vörutegundir, hvort þær eru keyptar fyrir frjálsan gjaldeyri, sem kallaður er, með 30—40—60% álagi, og verði þess vegna að selja vöruna fyrir þetta hærra verð. Svo eru fluttar inn vörur fyrir gjaldeyri með venjulegu móti, og vitanlega er í lófa lagið, ef seljandi vill, að nota sér að selja sömu vörutegund, hvort sem það eru hattar eða annað, með því verði, sem sett er á þær vörutegundir, sem eru keyptar fyrir svo kallaðan frjálsan gjaldeyri eða álagsgjaldeyri. Þannig kippir þetta fyrirkomulag undirstöðunni undan allri heilbrigðri verzlun, eða getur gert, meðan það byggist á því, að vöruskortur sé, og verður að halda uppi verðlagseftirliti.

Ég sagði áðan, að ég ætlaði aðeins að benda á örfá atriði, og ég ætla að láta hér staðar numið. En ég get ekki stillt mig um að leiða enn á ný athygli hv. þm. að því, hvar þetta lendir og hvaða leið við erum raunverulega komnir á, ef á að fara að bæta lýsinu við sem fjórtándu vörutegundinni, þar sem gengið er skráð eftir því, sem ríkisstj. ákveður, hver sem hún er, á þeim tíma sem ákvörðun er tekin. Ég skal ekki draga úr því, að vanda till., sem hér koma fram, svo sem till. um lifur. Ég vil ekkert draga úr þeim rökum, sem koma fram um þetta atriði. Annað er það, að ef við gerum ráð fyrir því, sem við allir gerum, að þessi mál verði tekin til endurskoðunar og varanlegrar úrlausnar fyrir 1. marz, þó að ábyrgðin gildi til 15. maí, til þess að útvegsmenn geti treyst hliðstæðum ráðstöfunum, þá er þannig frá frv. gengið, að ekki er hægt að komast hjá því að taka málið fyrir fyrir 1. marz. Þess vegna virðist mér um þessar fræðilegu upplýsingar, mismun á lifrinni að vetri til og að sumri, að það atriði geti ekki komið til greina þessa tvo mánuði, og ég geri ráð fyrir því, að við það sé einmitt miðað með flutningi þessarar till. í Nd. og jafnframt af flm. till. hér, hv. 2. þm. S-M. Hins vegar skal ég ekki á neinn hátt draga úr því, að till. sé athuguð í n., en vil aðeins benda á þetta atriði, að það er ekki líklegt, að þau fræðilegu rök, sem komið hafa fram gegn till., eigi við um þetta tímabil, sem ætlazt er til, að ábyrgðin nái yfir.

Ég skal svo láta staðar numið, en vildi, eins og ég sagði í upphafi, ekki láta hjá líða að benda á, á hvaða leið við erum komnir með þennan svo kallaða frílista, og ég bið hv. þm. að hugleiða það mál, því að ég held það sé alvarlegra en þm. hafa álitið til þessa.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á, að þegar hæstv. ráðh. fer að tala hér á móti föstu ábyrgðarverði á lýsi, þá gengur hann alveg ákveðið út frá því, að þetta gildi um sumarlýsið líka. Hann hefur ekki sjálfur trú á því, að ríkisstj. geti komið með till. fyrir 1. marz. Þetta sýnir, á hve sterkum rökum mín grg. er reist, en hún er sú, að því er ekki treystandi, að hæstv. ráðh. verði búinn að koma með endanlega lausn í málinu fyrir 1. marz. Hæstv. ráðh. upplýsir þetta sjálfur og gefur í skyn, að nauðsynlegt sé að koma með till. um að fá þetta sett á frílista. En ég hef skilið það svo, að þegar upptalning er í l., þá sé óleyfilegt að fara út fyrir það. Í þessari gr. er upptalning, þar sem talað er um það, hvað

leyfilegt sé að leggja á háan gjaldeyrisskatt eða selja fyrir hærra gengi en venjulega. Hæstv. ráðh. hefur sýnt það, að hann vantreystir ríkisstj. til að koma með till. nógu snemma, og þess vegna telur hann nauðsynlegt að setja lýsið inn á frílistann, sem ekki þarf, ef þetta gildir aðeins 2 mánuði.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég mun enn halda mig aðeins við brtt., en ekki ræða málið í heild. Það gætir nokkurs misskilnings hjá hæstv. ráðh. út af þeim ummælum mínum, að ég sæi ekki ástæðu til að fjölyrða um till. Mér skildist hann taka ummæli mín þannig, að ég teldi ekki ástæðu til að fjölyrða um till. vegna þess, að ég áliti, að þegar væri það ákveðið, að þessi ríkisábyrgð á lífrinni yrði tekin. En það, sem fyrir mér vakti, var það, að ekki væri ástæða til langra ræðuhalda vegna þess, að þm. hefðu þegar gert sér grein fyrir viðhorfinu í einstökum atriðum þessa máls. Það hefur verið talað dálítið um mismunandi gæði lífrarinnar, bæði af hæstv. ráðh. og hv. þm. Barð. Þegar bent er á mismunandi gæði lífrarinnar á vetrarvertíð og öðrum árstímum, þá vil ég taka fram, að ég álít ekki koma til mála, að þetta fyrirkomulag gildi nema yfir vetrarvertíðina, og þá kemur ekki heldur til álita um þennan mismun. Hv. þm. Barð. benti hins vegar á það, að gæði lífrarinnar væru yfirleitt mjög misjöfn. Þetta er að vissu leyti rétt, svo langt sem það nær. Ég hygg þó, að víða sé lífrin á vertíðinni gerð upp í einum gæðaflokki. Mig brestur að vísu kunnugleika til að fullyrða það, en ég hygg, að þetta sé svona víða. Ég hef ekkert sérstakt við það að athuga, þó að þessu atriði sé skotið til n. til athugunar, en hygg þó, að eins og málið liggur fyrir, sem algerð bráðabirgðalausn miðað við hluta af þeirri vetrarvertíð, sem nú fer í hönd, þá sé þetta atriði, um mismunandi gæði lífrarinnar, ekki stórvægilegt. Hæstv. atvmrh. lét í ljós undrun yfir því, að þeir menn, sem tala miður vingjarnlega um frv. og ábyrgðina, skuli samt flytja till. á borð við þá, sem hér um ræðir. En að slíkar till. koma fram frá þessum mönnum, er vegna þess, að af tvennu illu, ábyrgð á lífrarverði eða lýsisgjaldeyri á frílista, þá telja þeir ábyrgðina þó skárri. Um nánari rökstuðning fyrir því vil ég leyfa mér að vísa til ræðu hv. þm. Str. Enn fremur vil ég undirstrika það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég tel, að með ábyrgðinni verði betur tryggðir hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna almennt, þannig að hagnaður af ráðstöfunum þeim, sem gerðar verða, komi jafnast niður með því móti.

Forseti (BSt): Út af því, sem hér hefur komið til orða, að n. taki til sérstakrar athugunar brtt., sem hér liggur fyrir, milli umr., skal ég geta þess, að ég hef hugsað mér, eftir ósk ríkisstj., að reyna að ljúka þessu máli í nótt, ef þess er nokkur kostur, og þess vegna býst ég ekki við, að n. eigi þess kost að athuga þessa till. á þann hátt, sem hefur verið minnzt á. Vildi ég, áður en umr. lýkur, bæði heyra frá ríkisstj., hvort hún óskar þess, og eins hvort hv. flm. till. vill taka hana aftur við þessa umr. í þessu skyni. Ef hvorugt er fyrir hendi, þá sé ég mér ekki fært annað en halda málinu áfram, ef tími vinnst til, nema því aðeins, að d. með atkvgr. óski þess, að n. taki till. til athugunar.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sýndi nokkurn lit á því að svara í ræðu sinni áðan þeim fyrirspurnum, sem ég beindi sérstaklega til hans, bæði í sambandi við verkanir fiskábyrgðarinnar og í sambandi við þær vörur, sem hugsað væri að taka á þennan svo kallaða frílista, og er ég honum þakklátur fyrir þau svör, svo langt sem þau náðu. Hins vegar finnst mér, að þau svör séu engan veginn fullnægjandi í sambandi við hagsmuni þeirra aðila, sem ég sérstaklega ræddi um í minni fyrri ræðu. Hæstv. ráðh. drap fyrst á það, að það væri ætlun ríkisstjórnarinnar, að ábyrgðin, ef hún á annað borð yrði framlengd, næði jafnt til allra landsmanna. Hann útskýrði þetta því miður ekki frekar, en vísaði til þess, að hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefði fært fyrir þessu skýr og óyggjandi rök í ræðu hér á fundinum. Því miður heyrði ég ekki þessa ræðu hv. 1. þm. Eyf., því að það vildi svo til, að meðan hann talaði, var ég í boði hans sem forseta d. að drekka kaffi niðri í Kringlu. En ef hann hefur fært rök fyrir því, að ákvæðin í þessu frv. um ábyrgð á fiskverðinu séu fullnægjandi fyrir t. d. útgerðarmenn norðanlands, þá harma ég mjög að hafa ekki heyrt þau rök. En að svo komnu get ég ekki séð, með hverjum hætti það á að vera. Frv. gerir ekki ráð fyrir öðru en því, að þessi ábyrgð á fiskverðinu standi í fyrsta lagi aðeins til 1. marz. (*BSt:* Ég lét þá trú í ljós, að önnur ákvæði yrðu komin fyrir þann tíma.) Þá hef ég misskilið hæstv. ráðh., og þó rekur að því sama, sem ég talaði um í minni fyrri ræðu, að ákvæði frv. í þessum efnum eru ófullnægjandi og ná alls ekki til þessara manna eða annarra þeirra útgerðarmanna, sem stunda vertíð á öðrum tímum en vetrarvertíðinni suðvestanlands og suðaustanlands. Ákvæðin um ábyrgðina gilda til 1. marz. Ef þá er ekki búið að gera þessar ráðstafanir, sem ríkisstj. er alltaf að tala um, að hún hafi á prjónunum, þá skal ábyrgðin að vísu framlengd, eins og hæstv. ráðh. talaði um, en ekki nema í lengsta lagi til 15. maí. Hvað getur svo leitt af þessu? Ekkert annað en það, að ef ekki næst samkomulag í þinginu um aðgerðir, — sem engin vissa er fyrir að náist og útgerðarmenn suðvestanlands þora ekki að treysta á, að verði, og þess vegna er þessi varnagli settur í frv. vegna þeirra, — þá er engin fiskábyrgð til eftir 15. maí og þeir, sem þá eiga eftir að stunda sína vertíð, fá enga fiskábyrgð. Það er einmitt þetta ákvæði, sem ég tel ófullnægjandi og óverjandi af Alþ. að afgreiða þannig, að slíkt geti komið til mála. Þess vegna verður að hafa þann varnagla að framlengja þetta þannig, að það nái til alls ársins. Hins vegar liggur í augum uppi, eins og ég sagði áðan, að

ef samkomulag næst í þinginu um aðrar aðgerðir, þá kemur ekki til þess, að ábyrgðin gildi seinna á árinu fyrir aðra landsmenn heldur, þannig að í því að framlengja þetta til ársins er engin áhætta fyrir ríkissjóð fram yfir það, sem óhjákvæmilegt er að gera, ef tryggja á rekstur bátaflotans ekki aðeins á Suðurlandi heldur á landinu öllu, og það hlýtur að vera höfuðtilgangur þessa frv., og fram hjá þeim höfuðtilgangi má ekki ganga í afgreiðslu málsins. Þetta atriði liggur þess vegna fyrir mér algerlega óbreytt, þrátt fyrir svör hæstv. ráðh. um þetta atriði.

Þá vék hann að hinu atriðinu, sem ég talaði um, að þessi svo kallaði frílisti, sem er alls ekki minna atriði í sambandi við þetta mál en sjálf fiskábyrgðin, þó að það atriði sé ekki sett inn í frv., — hæstv. ráðh. vék að því, að það væri ekki heldur rétt, að hann væri sérstaklega sniðinn með sérhagsmuni Sunnlendinga fyrir augum. Og hæstv. ráðh. leitaðist við að benda á viss atriði þessari fullyrðingu sinni til stuðnings. Hann hélt því fram, að á þessum frílista væru vörur, sem aðrir landsmenn heldur en þeir, sem hér eru í verstöðvum á Suðvesturlandi, hefðu aðstöðu til að framleiða og njóta þá þeirra hlunninda, sem í þessu felast. Hann nefndi í því sambandi reyktan fisk. Það kann að vera, að möguleikar séu fyrir menn í öllum landshlutum að framleiða reyktan fisk. En sú framleiðsla hefur verið í ákaflega smáum stíl, og ég held, að sá liður hafi ekki verið neitt afgerandi atriði í sambandi við þennan frílista og hafi ekki úrslit um afkomu bátaútvegsins, hvorki hér sunnanlands né annars staðar. — En svo nefndi hann annað atriði, sem hefur verið og er töluvert atriði í þessu sambandi, sem eru hrognin. Þau eru ein af þeim vörum, sem hafa orkað talsvert miklu um þetta mál, að gjaldeyrir var gefinn frjáls fyrir þau. En ég held bara, að hæstv. ráðh. hafi sézt yfir nokkuð þýðingarmikið atriði í þessu sambandi, þegar hann talaði um, að Norðlendingar og menn í öðrum landshlutum gætu notað sér þessa hrognapeninga á sama hátt og verstöðvar hér við Faxaflóa, og þetta atriði er það, að það vill svo undarlega til, að þorskurinn hrygnir hér við Suðvesturland og gengur ekki norður fyrir land á veiðisvæði þar fyrr en eftir hrygninguna. Þannig að Norðlendingar og aðrir landshlutar hafa ekki sömu aðstöðu og Sunnlendingar til þess að framleiða vöru úr hrognum til þess að fá gjaldeyri fyrir til frjálsra afnota. — Önnur atriði voru það ekki, sem hæstv. ráðh. nefndi í þessu sambandi. Það stendur því óhrakið, að þær vörur, sem á frílista eru teknar, eru alveg miðaðar við framleiðslu á Suðvesturlandi og til hagsbóta útgerðinni hér við Suðvesturland, umfram aðra landshluta.

Þá minntist hæstv. ráðh. á Faxasíldina á síðasta hausti og undirstrikaði sérstaklega það, sem ég tók fram í minni ræðu síðast, hversu mikla þýðingu það hefði fyrir framleiðslu á henni og gjaldeyrisöflun með henni, að gjaldeyrir fyrir hana hefði verið gefinn frjáls. Hann tók meira að segja svo djúpt í árinni, að þær 40 þús. tunnur Faxasíldar, sem veiddar og saltaðar voru hér á síðasta hausti, mundu alls ekki hafa verið veiddar og saltaðar, ef ekki hefði verið gefinn frjáls gjaldeyrir fyrir þessa síld. Og ég býst við, að þetta sé nokkuð rétt. En mundi það ekki gilda alveg eins um Norðurlandssíldina, eins og ég líka minntist á áðan? Hvað heldur hæstv. ráðh., að hefði verið saltað mörgum tugum þús. tunna meira af Norðurlandssíld í sumar, ef þeir, sem hana veiddu, hefðu notið sömu hlunninda í þessu efni og þeir, sem veiddu Faxasíld? Það er ekki hægt að nefna þetta í tölum, en ég held, að það hefði numið tugum þúsunda tunna, sem þá hefði verið saltað meira af þeirri síld, en það hefði þýtt það, að gjaldeyrisöflunin hefði orðið miklu meiri en hún var, og afkoma þeirra, sem síldveiði stunduðu á síðasta sumri, hefði þá orðið miklu betri en hún var og þá minni þörf þeirra aðgerða, sem nú er verið að bollaleggja til handa þeim mönnum, sem síldveiði stunduðu á síðasta sumri. Hæstv. ráðh. viðurkenndi þetta líka að nokkru leyti í sinni ræðu og lét í ljós, að hann persónulega væri að verulegu leyti þeirrar skoðunar, að krafa útgerðarmanna um það t. d. að fá alla netasíld á frílista væri eðlileg og að hann hefði tilhneigingu til að styðja hana. En svo spurði hann bara í sambandi við það, hvert við mundum komast, ef við héldum áfram á þessari braut, sem við þó höfum komizt inn á, og virðist hræddur við að ganga mjög miklu lengra inn á þessa braut en gert hefur verið. Ég vil ekki draga dul á það, að ýmsir agnúar og hættur eru í sambandi við þessa leið. Hitt er þó meginatriðið í þessu sambandi, að með þessu ýtum við fyrst og fremst undir mjög aukna framleiðslu á gjaldeyrisvörum. Og það er nokkurs virði, að gert sé, ekki sízt í sambandi við vandamál útvegsins, að ýtt sé undir það, að framleiðslan sé aukin og að meira fé sé veitt inn í þessa framleiðslu, sem skapar gjaldeyri, heldur en aðra óarðbærari atvinnuvegi. Ég veit, að á þessari leið eru ýmsir agnúar og að sennilega er hægt að finna fleiri leiðir til þess að ýta undir þessa framleiðsluaukningu. En ég býst við, að eins og sakir standa nú, þá sé þetta helzta leiðin til þess að ýta undir og gera mönnum kleift og vekja áhuga manna á því að afla gjaldeyris inn í landið. Og ég hygg, að með þessu móti væri hægt að koma í veg fyrir, að kröftum þjóðarinnar væri beitt meira til þess að eyða gjaldeyrinum en til að afla hans.

Ég drap á það líka áðan, að ég teldi, að þeir, sem stunda síldveiði fyrir norðan á sumrin, væru beittir misrétti, í samanburði við þá, sem stunda síldveiði við Faxaflóa á haustin, með því að gera ráðstafanir til þess, að sú síld, sem veidd er við Faxaflóa og er lakari en Norðurlandssíldin, verði greidd miklu hærra verði en Norðurlandssíldin. Og ég hygg, að ekki verði því mótmælt með rökum, að þarna er mjög mikið misræmi og mjög óeðlilega gert upp á milli aðstöðu manna, sem stunda þennan veiðiskap, annars vegar hér syðra og hins vegar fyrir norðan. Og hæstv. ráðh. drap á rök, sem styðja mjög mína skoðun í þessu efni,

þegar hann ræddi um þorskalifur og hélt því fram, að mjög væri óeðlilegt að borga 3. flokks lifur á sama verði og 1. flokks lifur. Þetta væri hliðstætt því að borga jafnháu verði 1. flokks og 3. flokks ull. Og hvers vegna á þá að borga Faxasíld jafnháu verði og Norðurlandssíld, þó að Faxasíldin sé 3. flokks síld á móts við Norðurlandssíld? Hvers vegna eiga þeir að fá lægra verð fyrir sína síld fyrir norðan, sem veiða 1. flokks síld, heldur en þeir, sem framleiða lakari vöru með síldarframleiðslu sinni?

Nei, ég held, að allt bendi til þess, að rétt sé, sem ég hélt fram í sambandi við þetta, að ríkisstj. megi ekki á þann veg halda áfram, að gerður sé slíkur greinarmunur í sambandi við frílistann eftir landshlutum og árstíðum eins og hér er gert, heldur verði hæstv. ríkisstj. að líta alvarlegum augum á hagsmuni þeirra manna, sem þennan þýðingarmikla atvinnuveg stunda, alveg eins hvar sem er á landinu, en binda þetta engan veginn á þann hátt, sem gert hefur verið og enn virðist eiga að gera, sem sé alveg sérstaklega við hagsmuni þeirra manna, sem útgerðina stunda hér á Suðvesturlandi.

Þá svaraði hæstv. ráðh. einnig fyrirspurn minni um það í fyrsta lagi, hvaða kröfur útvegsmenn hér hefðu gert um fleiri vörutegundir á frílista, og nefndi þar, að þeir hefðu óskað eftir að fá þorskalýsi og ísvarinn bátafisk á þennan frílista. En um afstöðu hæstv. ríkisstj. til þessara krafna útvegsmanna, þá skildist mér, að hún væri sú, að ríkisstj., eða a. m. k. hæstv. atvmrh. persónulega, vildi taka þorskalýsið til viðbótar á þennan lista, en ekki hinar aðrar vörur, sem útvegsmenn hefðu farið fram á. (*Atvmrh.:* Ég sagði ekkert afgerandi í þessu efni.) Hæstv. atvmrh. sagðist vilja taka þorskalýsið til greina í þessu efni. (*Atvmrh.:* Það er satt.) Hins vegar ekki ísvarða fiskinn. Og ég verð að álíta, að þegar hæstv. ráðh. tekur þannig til orða, þá sé það í raun og veru ætlun ríkisstj. að haga þessu á þá leið. Nú væri það að vísu til bóta fyrir útvegsmenn að fá þorskalýsið inn á þennan frílista. En ég tel þó, að hitt væri betra og útvegsmönnum til miklu meiri hagsbóta í þessu sambandi, að þorskalifrinni sé bætt inn í ábyrgðarvörurnar, eins og till. er hér komin fram um, og þess vegna mun ég heldur greiða atkv. með þeirri till. en að eiga þetta eins og annað undir aðgerðum ríkisstj. í þessu efni.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ástæða er fyrir mig að taka fram í þessu efni. Ég vil aðeins undirstrika það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég tel, að ákvæði frv. um fiskábyrgðina séu ófullnægjandi, eins og þau eru, en það verði að vera sá varnagli um ábyrgðina, að hún nái til alls ársins og allra landshluta, ef ekki verður búið að gera aðrar ráðstafanir. Og ég hygg, að þær upplýsingar, sem fram hafa komið, bendi til þess, að þær þýðingarmiklu ívilnanir, sem útgerðinni er ætlað að njóta með þessum svo kallaða frílista, séu allt of mikið takmarkaðar við þennan eina landshluta, Suðvesturland, og þessa einu vertíð, vetrarvertíðina á Suðvesturlandi. Og ég vil vonast til þess, að þegar hæstv. ríkisstj. tekur endanlega ákvörðun sína um það, þá verði betur gætt en verið hefur undanfarið hagsmuna útvegsmanna annars staðar á landinu einnig. Með öðru móti en þessu tvennu held ég, að ekki verði tryggt á neinn viðunandi hátt, að bátaútvegurinn verði starfræktur svo sem nauðsynlegt er allt árið og á landinu öllu, eftir því sem skilyrði eru fyrir hendi á hverjum stað.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það er nú orðið svo framorðið, að ég vil ekki lengja umr., en ætla aðeins að gera aths. — Hæstv. atvmrh. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að hækkun á söluskattinum, eins og lagt var til í frv. upprunalega, væri í raun og veru ekki annað en gengislækkun. Og hann féllst á það, að þetta væri rétt. Ég minnist þess nú ekki, að ég hafi sagt þetta. En hins vegar er það rétt. Slík ráðstöfun sem þessi, sem þar var lögð til, að hækka söluskattinn í 30%, jafngildir gengislækkun, þ. e. a. s. hefur a. m. k. alla ókosti hennar, hvað sem öðru líður. En út frá þessu vildi hæstv. ráðh. draga þá ályktun, að öll hækkun á kaupgjaldi væri líka sama sem gengislækkun. Þetta er vitaskuld fjarstæða. Kauphækkanir geta haft þau áhrif að skipta þjóðartekjunum þannig, að þeir, sem vinna og framleiða, beri meira úr býtum, án þess að það þó eigi nokkuð skylt við gengislækkun. Hins vegar eru þær kauphækkanir, sem orðið hafa á undanförnum árum, þannig til komnar, að þær hafa verið gagnráðstafanir gagnvart verðhækkunum (*Atvmrh.:* Til að auka dýrtíðina.), sem stafa að miklu leyti af hækkuðum tollum og verzlunarokri. Og þessar hækkanir eru að verulegu leyti til komnar fyrir beinar aðgerðir stjórnarvaldanna. M. ö. o., það er hægt að kalla þessar kauphækkanir afleiðingar af eins konar gengislækkun, sem framkvæmd hefur verið og stöðugt hefur farið fram á undanförnum árum, afleiðingar og gagnráðstafanir gegn minnkandi kaupmætti krónunnar, sem vel má kalla gengislækkun.

En hvorki hæstv. ráðh. né hv. þm. Barð. (GJ) gátu svarað því, hvernig á því stendur, að hæstv. ríkisstj. hefur enn þá ekki lagt fram till. sínar um hina svo kölluðu framtíðarlausn vandamálanna, né heldur einu sinni fengizt til þess að skýra þinginu frá, hverjar þessar till. væru, sem hæstv. ríkisstj. samt sem áður telur sig hafa á hendinni. En við þessu hefði maður þó helzt vænzt svars.

En hv. þm. Barð. hélt því fram, að það væri ekki lengur til neinn markaður í heiminum fyrir meðalalýsi. Og í raun og veru hefur þetta mál, verðlag á lýsi og lifur, verið rætt á þessum grundvelli. Þetta held ég, að sé ekki rétt. (*GJ:* Ég sagði: með því verði, sem við þyrftum að fá fyrir það.) Það var einmitt þetta, sem hv. þm. Barð. var að taka fram, að ástæðan fyrir því, að lýsið hefði fallið í verði, væri sú, að ekki væri lengur hægt að selja það sem meðalalýsi, vegna þess að fundin hefði verið aðferð til þess að framleiða vítamínvörur, sem jafngiltu meðalalýsi. (*GJ:* Fyrir lægra verð.)

Ég held, að þessar fullyrðingar séu út í bláinn. Hvernig getur þessi hv. þm. ætlazt til þess, að þetta sé tekið gilt? Hann mun að vísu hafa heyrt einhvern orðasveim um nýjar aðferðir í Bandaríkjunum, og það verður til þess, að þessi hv. þm. kemur með fullyrðingar um, að ekki aðeins í Bandaríkjunum, heldur alls staðar í heiminum sé það svo, að ekki sé hægt af þessum ástæðum að selja meðalalýsi á svipaðan hátt og áður. (*GJ:* Þetta er staðreynd.) Þetta eru fullyrðingar út í bláinn, sem ekki verða teknar gildar. Þetta eru fullyrðingar, sem ég met einskis, þrátt fyrir það þótt Holland vilji ekki kaupa af okkur lýsi, nema til iðnaðar. Þar að auki hefur alltaf verið markaður fyrir meðalalýsi í Austur-Evrópu. Hv. þm. gat ekki heldur um tilraunir, sem gerðar hafi verið til þess að selja lýsið í þeim löndum. Á sínum tíma sóttu Rússar mjög fast eftir að fá meðalalýsi. En þá var það ekki laust fyrir, af því að þá vildu Ameríkumenn enn þá kaupa það. Ég held, að í þessu sem öðru séum við að súpa seyðið af þeirri pólitísku utanríkisverzlun, sem hefur verið rekin á undanförnum árum.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að víkja með nokkrum orðum að brtt., sem hér hafa komið fram. Skal ég fyrst drepa á brtt. hv. 1. þm. N-M. um frílistann. Fyrst vildi ég segja það, að mér finnst, að þessi brtt., eins og hún er orðuð, beri vott um nokkru meira traust hv. 1. þm. N-M. á ríkisstj. en ætla mætti eftir orðum hans hér í hv. d., því að hann ætlast til þess eftir brtt., að það sé alveg á valdi ríkisstj. að verðleggja þær krónur, sem þar koma til greina, og mismunandi eftir því, um hverjar vörutegundir er að ræða. Ég tel þetta ekki lítið traust á réttlátri framkvæmd þessa máls í höndum ríkisstj. Ég get ekki greitt þessari brtt. atkv. mitt. Ég tel það ákaflega hæpna leið, sem farin hefur verið í þessum efnum til þessa, og að ógerlegt sé að veita ríkisstj. lagalegan eða siðferðislegan stuðning í þessum efnum. Ég skal játa, að það getur verið ástæða til að beita þessum aðferðum í þeim tilfellum, þar sem um er að ræða vörur, sem annars mundu ekki verða veiddar eða hagnýttar, að viðhafa svona frílista, þannig að í þeim tilfellum séu sköpuð ný verðmæti, sem annars yrðu ekki til. Umfram þetta tel ég varla fært og ég vil segja enda óheimilt fyrir ríkisstj. að ganga í þessum efnum. Það má segja, að ef framleiðsla á hrognum og öðru, sem hér er nefnt, falli niður að öðrum kosti, þá geti verið rétt að gera þetta. Hins vegar stendur að minni hyggju allt öðruvísi á um lifrina. Meðan fiskur er veiddur á annað borð, fellur lifrin til. Og með þeim tækjum, sem nú eru til, dettur engum í hug, að henni verði fleygt. Ég tek fram sem mína skoðun, að ég teldi óráð og lengra gengið en rétt væri að taka lýsi inn á þennan frílista. Ég tel, að ekki sé heldur gerlegt að lögum að veita ríkisstj. það vald, sem ætlazt er til með þessari brtt. Auk þess tel ég alls ekki víst, eins og þessi brtt. er orðuð, að hún geti fyrirbyggt, að ríkisstj. gangi lengra í þessu efni en brtt. gerir ráð fyrir. Hér hafa komið fram frá hv. 4. landsk. þm. (StgrA) tilmæli til ríkisstj. um það, að bætt yrði á þennan frílista Norðurlands-sumarsaltsíld. Þá bættist ekki lítið við, og þá væri búið, ef það væri gert, að taka svo og svo mikið af vörum inn á þennan lista, sem ekki gæti fallið undir þá réttlætingu á þessum lista, sem er í því fólgin að hafa vörurnar á þessum frílista til þess að þær væru framleiddar og til þess að fyrirbyggja gjaldeyristap, sem kæmi fram, ef þær væru ekki framleiddar, miðað við, að þær væru ekki framleiddar, ef gjaldeyrir fyrir þær væri ekki frjáls. Ég áskil mér rétt til þess, hvenær sem ríkisstj. gengur lengra í þessum efnum en ég tel rétt vera, að hreyfa málinu við þingið, þannig að það taki afstöðu til þess, hve langt megi ganga í þessum efnum. Ég get um rökstuðning í þessu efni vísað til ræðu hv. þm. Str.

Ég mun einnig greiða atkv. gegn brtt. hv. 2. þm. S-M. um að ábyrgjast fast verð á lifur, eða söluverð á lýsi, sem gefi einnar kr. og þrjátíu aura verð fyrir hvern lítra af lifur. Það hefur oft verið bent á það hér, að fyrst og fremst er ekkert fyrirsjáanlegt um það, hvað þetta mundi kosta, og í öðru lagi, að hér er vara, sem er mjög mismunandi mikils virði eftir magni og mundi gefa mjög mismunandi mikið lýsi. Auk þess tel ég, að svo langt sé gengið til móts við óskir útvegsmanna yfirleitt, að ég fæ ekki trúað öðru en hæstv. ríkisstj. eigi þess kost að koma útgerðinni af stað án þess að gera viðbótarfyrirgreiðslu í þessu efni.

Brtt. hv. 4. landsk. þm. (StgrA) um að framlengja ábyrgðina til ársloka með verðákvörðun, sem gildi í framkvæmdinni, án þess þó að gera nokkuð til þess að afla fjár upp í ábyrgðina, get ég ekki greitt atkv., og liggur í augum uppi, hvaða ástæður valda því.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt. En út af þeim orðum, sem í sambandi við þetta mál hafa í umr. fallið hjá hv. 1. landsk. þm. (BrB) um, að í raun og veru væri nú búið með alls konar skattaálögum að fella gengi íslenzku krónunnar mjög mikið, þá vil ég segja, að þótt í þessu kunni að vera eitthvert sannleiksbrot, þá er þetta ekki nema að mjög litlu leyti rétt, því að enda þótt í einstaka tilfelli hafi með tolla- og skattaálögum á vörum verið lækkað verðgildi peninga þeirra, sem varið er til kaupa á þeim, þá er mjög mikill hluti brýnustu lífsnauðsynja ekki það mikið skattlagður, að kalla megi gengislækkun. Skattar og tollar eru jafnframt helzt lagðir á þær vörur, sem ekki teljast til lífsnauðsynja. Króna, sem varið er til matvælakaupa, hefur lítið eða ekkert verið verðfelld, en króna, sem notuð hefur verið til að kaupa óhófsvörur, svo sem tóbak og áfengi, hefur verið verðfelld geysilega. Í þessu liggur munurinn á því, sem áður hefur verið gert, og því, sem hæstv. ríkisstj. leggur nú til, því að söluskattur nær til allrar innfluttrar vöru, til hvers sem nota skal, og þýðir því verðfellingu á öllum krónum. Þetta vildi ég láta koma fram.

Ég vil svo beina því til hæstv. ríkisstj., að ákaflega æskilegt væri, að hún drægi ekki al-

menning lengi á ráðum sínum til að tryggja varanlega frambúðarlausn á þessum málum, eins og hún hefur komizt svo hógværlega að orði. Mér er ekki grunlaust um, að ekki óverulegur þáttur í þeirri tilhneigingu að heimta hærra kaup stafi af óttanum við gengisfall, og vilji menn því hrifsa sem mest til sín, áður en slíkt verður gert, og er hætt við, að sá órói muni enn aukast, ef ekki verður sem fyrst skýrt frá því, hvað fyrirhugað er í þessum efnum. Það er því vinsamleg bending mín til hæstv. ríkisstj., að hún birti sem fyrst hin gullnu úrræði, sem hún geymir í pokahorninu.

ATKVGR.
Brtt. 206 samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, PZ, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, BSt.
nei: HG, JJós, LJóh, ÞÞ, BBen, EE, GJ.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 207 felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, PZ, RÞ, VH.
nei: GJ, HG, JJós, LJóh, ÞÞ, BBen, EE.
HermJ, StgrA, BrB, FRV, BSt greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Brtt. 201,1 felld með 8:1 atkv.
6. gr. samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BSt.
nei: HG.
GJ, JJós, LJóh, StgrA, BBen, BrB, EE, FRV greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Með óskiptu fylgi Framsfl. hefur verið bætt nýrri till. inn í frv., svo að frv. verður aftur sent til Nd. Ég er raunverulega á móti þessari grein í frv., þar sem þetta er óskylt mál. Ég sé því ekki ástæðu til að taka þátt í atkvgr. og sit hjá.

7.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 201,2 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, HermJ, PZ, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV.
nei: GJ, JJós, KK, LJóh, ÞÞ, BBen, EE, BSt.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Með skírskotun til þess, sem ég hef sagt hér í deildinni, að ég tel þetta algert hégómamál og að Alþ. hafi þetta á valdi sínu, þó að það sé óbreytt, segi ég nei.

Brtt. 208 felld með 10:3 atkv.
13. gr. samþ. með 11:2 atkv.
14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 202 felld með 8:4 atkv.
15.—16. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 209).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við meðferð málsins í Nd. var felld burt 14. gr. frv., en hún hafði inni að halda till. um tekjuöflun til að standa undir útgjöldum ríkissjóðs vegna þessara laga. Í þessari d. hefur ekki verið tekin bein afstaða til þessa máls, vegna þess að tillgr. var niður fallin. Ríkisstj. hefur litið svo á, að sér væri skylt að bera fram till. um tekjuöflun á móti útgjöldum, sem af þessum lögum leiðir, svo að sá varnagli sé sleginn, ef ekki fellst annað fyrir og lögin halda áfram að verka eftir 1. marz. Hv. þdm. er kunnugt um till., svo að ég þarf ekki að fjölyrða um hana. Vil ég leyfa mér að bera hér fram fyrir hönd hæstv. fjmrh. þá till., að eftir 13. gr. komi ný grein, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:
„Komi ákvæði 13. gr. til framkvæmda, er ríkisstjórninni heimilt að innheimta söluskatt samkvæmt 21. gr. laga nr. 100/1948 með allt að 25% af tollverði allrar innfluttrar vöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10% — tíu af hundraði."
Ég vil nú leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 210) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það fór svo hér við 2. umr., að samþ. var till., sem skapar í útgjöld 2—3 millj. kr., án þess að gerð hafi verið af viðkomandi aðilum tilraun til að afla tekna á móti. Það var á valdi hv. frsm. að forða þessu slysi og undarlegt, að það skyldi henda hann, eftir þá framsöguræðu, sem hann hélt. Hann mun ekki hafa gert sér ljóst, hve erfitt verður að framkvæma þetta. Ég vil benda á, að ég sé ekki annað en þetta kosti það fyrir ríkisstj., að hafa launaða eftirlitsmenn við hvern bát. Og undir öllum kringumstæðum er samþykkt þessarar till. óhappaspor, og mig undrar, að hv. 1. þm. Eyf. skyldi standa þar að. Ég vil nú gefa hv. þm. tækifæri til að bæta úr þessu slysi og leyfa mér að bæta við skriflegri brtt., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við 1. gr. Aftan við síðari mgr. bætist: miðað við 60% lýsismagn af 1. flokks lýsi. Lífur, sem inniheldur minna lýsismagn, skal tryggja með hlutfallslega lægra verði, miðað við lýsismagnið." (*Dómsmrh.:* Er samt ekki alveg óhjákvæmilegt að setja þessa eftirlitsmenn?) Nei, þá verður hægt að kontrolera þetta með lýsinu sjálfu. Því hefur verið haldið fram hér, að þetta hefði ekkert að segja, en ég vil benda á, að lýsisgæðin eru mjög mismunandi; ufsalýsi t. d. er miklu verðmætara en

þorskalýsi. Og ég verð að segja, að mér finnst alveg undravert, að menn skuli leyfa sér að verða þess valdandi, að sett séu á ríkissjóðinn 2½ millj. kr. útgjöld í sambandi við þessa afgreiðslu. — Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að till. mín verði samþ., því að hún bætir úr þessu, auk þess sem annars væri ekkert kontrol á þessum málum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 211) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég get ekki séð, að samþykkt þessarar till. stafi frekar af mér en öðrum, sem greiddu atkvæði með henni. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., að öll afstaða mín til málsins markaðist mjög af því, að ég teldi hér um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, og mætti ekki vera hér um annað að tala. Ég veit nú ekki, hvort þessi breyting orsakar eins há gjöld úr ríkissjóði og hv. þm. Barð. vill vera láta, ef það getur staðizt, sem ráðgert er, að endurskoða þessa löggjöf áður en næsti mánuður er úti. Hef ég áður gert grein fyrir því, að ég tel skyldu að samþykkja þá einnig heildartekjur handa ríkissjóði til þess að standa straum af útgjöldum. Og ef þetta á að vera svo mikil synd, þá eru margir orðnir syndugir, því að jafnvel með þál., hvað þá lögum, er stundum bætt við hærri upphæðum en hér er um að ræða.

Ég ætla ekki frekar að orðlengja þetta, en vil þó bæta því við, að mér skilst, að hvað sem er um ríkissjóð, þá hljóti það að kosta þjóðina eitthvað svipað, hvort sem fé er tekið inn í ríkissjóð með sköttum eða hækkuðu vöruverði. Þá skilst mér illa, að það þurfi að hafa sérstakan embættismann við hvern bát, ef lifrin er óflokkuð, og mundi ég hafa hugsað mig um, ef svo þyrfti að vera. En ég hef ekki trú á því. Og það kynni þá að þurfa eitthvert eftirlit, þótt brtt. hv. þm. Barð. yrði samþ.

Haraldur Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð út af till. hæstv. fjmrh. Ég er henni fullkomlega andvígur og mun greiða atkvæði gegn henni. Og verði hún samþykkt, mun ég ekki heldur sjá mér fært að greiða atkvæði með frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki einn um þá skoðun, heldur mun öll þjóðin hafa vænzt sterkari ábyrgðartilfinningar af hv. 1. þm. Eyf. en flestum öðrum, sem greiddu atkv. umræddri till., að þeim ólöstuðum, og tel ég því, að á honum hafi hvílt þyngri ábyrgð en öðrum. Ég skal upplýsa hv. þm. um það, að það er rétt, að það þarf eftirlit, hvort sem mín till. verður samþ eða felld. En aðalatriðið er þetta, að hitt fyrirkomulagið skapar ranglæti, og auk þess verður opin leið fyrir marga að skila engan veginn hreinni lifur. Því verður nauðsynlegt að kosta stórfé upp á þetta eina, varðandi gæði lifrarinnar, til þess að fá hana hreina. Og ég er viss um, að fengi þessi hv. þm. tækifæri til að athuga málið í n., þá hefði hann ekki látið þetta slys henda sig. Hins vegar tel ég óverjandi með öllu að ætla sér að láta ríkissjóð greiða út sama verð fyrir lifrarlítrann með 30% lýsismagni og lítrann með 60% lýsismagni, jafnvel þótt á þessu stutta tímabili sé. Því vænti ég þess, að till. mín verði samþ. nú til að draga úr þessu. — Mér finnst aðalástæðan hjá hv. frsm. vera sú að forðast það, að andvirði þessa lýsis úr lifrinni yrði sett hærra, og því hefur hann kosið þann kost að hafa þennan hátt á afgreiðslu málsins til að fyrirbyggja það. Sannleikurinn er sá, að verði till. látin standa svona í l., og alveg sérstaklega, ef till. mín verður felld, þá verður ríkissjóður að taka allt lýsið og fara með það allt inn á sama gengi, og í þá átt átt er verið að fara með atkvgr., svo að eigi er sett undir þann leka, enda hefur hv. þm. Str. viðurkennt það.

Ég sé svo eigi ástæðu til að deila um þetta mál, fremur en orðið er.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þessi till. eða breyt., er gerð hefur verið við 2. umr. málsins, hefur eigi verið borin fram af n. Ég þarf því ekki sem frsm. að verja hana. En ég tók nú til máls vegna þess, að orðum var beint til mín fremur en annarra, þeirra er greiddu breyt. þessari atkv.

Út af orðum hv. þm. Barð. um ábyrgðartilfinningu vil ég lýsa því yfir, að mér er vel ljós ábyrgð mín sem þm. að láta ríkissjóð fá tekjur til þess að standa undir þeim byrðum, sem löggjöf þessi leggur á hann. Hef ég áður gert grein fyrir því, hvernig taka ætti allar byrðar og þarfir ríkissjóðs í einu til athugunar, en eigi væri ástæða til að taka þessa tekjustofna í ákveðin l., né heldur væri þess nauðsyn. Ég nefndi líka ástæðuna til þess, að ég taldi þessa brtt. helzt koma til greina af brtt., en eigi var það það, sem hv. þm. áleit, heldur hitt, að ég áleit, að á þennan hátt yrði útgerðarmönnum bezt tryggt ákveðið verð fyrir lifrina, og ég nefndi það, að þetta væri eingöngu til að tryggja, að lýsið yrði ekki á neinum frílista í framtíðinni. Hitt er óneitanlega rétt, að þrátt fyrir það, að ábyrgð verði tekin á lifrinni, þá getur ríkisstj. auk þess sett hana á frílista, ef hún getur yfirleitt sett nokkrar vörur á frílista. Og meira að segja lít ég svo á, að hafi ríkisstj. þessa heimild, er hún notar og byggir á ákveðnum lagastaf, þótt ágreiningur kunni að vera um það, og hafi verið í tíð fyrrv. stj., — jafnvel þótt brtt. hv. 1. þm. N-M. hefði verið samþ. um fjölgun vöruflokka á frílista, þá hefði það ekki tryggt neitt í þessu efni, ef þessi heimild er skýr og ljós.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar.

ATKVGR.
Brtt. 211 samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, LJóh, PZ, BBen, EE, GJ, HG.
nei: KK, StgrA, VH, BrB, FRV.
RÞ, ÞÞ, HermJ, BSt greiddu ekki atkv.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Ef það er meining hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar að vera búin fyrir 1. marz að finna aðrar aðgerðir til þess að tryggja atvinnulíf landsbúa til frambúðar, þá er engin þörf á brtt., því að lýsið er eins allt saman fram að þeim tíma. En mér virðast umræðurnar hér í kvöld lýsa vantrausti hæstv. ríkisstj. á sjálfri sér. Þegar hv. þm. Barð. kemur síðan fram með till. í þá átt, að lifrarlítrinn skuli greiðast eftir lýsismagni hennar, í stað hins, að hafa jafnt verð fyrir hana alla, þá styrkir það mig í þeirri skoðun, að þetta sé alls engin bráðabirgðalausn, og segi ég því já.

Hermann Jónasson: Með því að ég tel útilokað, að þessi bráðabirgðaákvæði í þessum l. verði látin gilda lengur en til loka febrúarmánaðar, þá tel ég engu máli skipta, hvort till. verður samþ. eða eigi, og greiði því ekki atkv.

Brtt. 210 felld með 8:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv. og endursent Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 212).

Á sama fundi, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að biðja um það utan dagskrár að fá ofurlítinn frest á fundi þessum til athugunar á frv., sem er fyrsta málið á dagskránni. Það skal ekki þurfa langa fundarfrestun, en ég tel að það sé nauðsynlegt að fá þennan frest til athugunar málinu. Það kom hingað til hv. þd. seint í nótt, eða réttara sagt snemma í morgun, og vegna breyt., sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., er nauðsynlegt að athuga frv. ofurlítið svolitla stund.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. var til meðferðar í hv. Ed. s. l. nótt og tók þar þeim breyt., að till., sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) flutti hér í Nd. og var felld með jöfnum atkv., um það að heimila ríkisstj. að bæta við fiskábyrgðir þær, sem ríkissjóði er ætlað að bera, ábyrgð á bátalifur, þannig að hún gæti skilað kr. 1,30 fyrir hvern lítra af lifur, — þessi till. var tekin upp aftur í Ed. og samþ. þar, en síðar var við 3. umr. samþ. brtt., sem miðar að því að binda ábyrgðina á þessari vöru við ákveðið lýsismagn, þ. e. a. s. 60% lýsismagn af 1. flokks lýsi, og lifur, sem inniheldur minna lýsismagn, skuli tryggja með hlutfallslega lægra verði, miðað við lýsismagnið. Þessi till. um að bæta lifrinni ofan á ríkisábyrgðina er að mínum dómi ekki rétt heppileg. Í fyrsta lagi má geta þess, að útvegsmenn hafa aldrei farið fram á ábyrgð á lifur. Þeir hafa hins vegar farið fram á ríkisábyrgð á fiskverði, en í kröfum sínum og samtölum varðandi lifur báðu þeir aldrei ríkisstj. að ganga í ábyrgð á því sviði, og verð ég að segja, að það er nærri því kátbroslegt að vera að troða upp á útvegsmenn ríkisábyrgð á vöru, sem þeir hafa alls ekki farið fram á, að ríkið láti í té. En látum það nú gott heita. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir, hvað þessi ábyrgð mundi kosta ríkissjóð. Það er að vísu mjög erfitt, en miðað við normalafla geri ég ráð fyrir, að kostnaðurinn gæti orðið frá 1½ til 2 millj., ef aðeins er miðað við tímabilið til 15. maí, en allmiklu meiri, eða upp undir 3 millj., ef um allt árið er að ræða. Það er nú sá partur málsins. Hitt var aftur á móti ósk útvegsmanna, að bátalifrin væri tekin á svo kallaðan frílista, og það taldi ég ekki ósanngjarnt, því að þá kæmi varðandi framkvæmd á þessu máli síður til árekstra, ef sú leið yrði farin. — Ég er hálfhræddur um, að þeir þm., sem hafa flutt þessa till., um að taka bátalifur upp í 1. gr. með ákveðnu verði fyrir hvern lítra, hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hvernig framkvæmdin er á fiskábyrgðarl. Eins og hv. þm. vita, er það nefnd, fiskábyrgðarn., sem hefur með höndum að aðstoða með framkvæmd l. og að því er snertir útvegsmenn með útflutningsuppbætur. Í sambandi við þessi lög hefur það verið svo, að þeim hafa alltaf fylgt sönnunargögn fyrir því, að varan hafi verið framleidd og henni afskipað, svo sem farmskjöl og útflutningsreikningar. Það hefur þess vegna ekki getað farið milli mála um það, að meira væri tíundað af útflutningnum en rétt er. Og þessi skjöl þurfa, eins og þm. er kunnugt, líka að ganga í gegnum tollstofuna út af útflutningsgjaldinu, svo að það er sem sagt svo mikið, alveg nægilegt eftirlit með því, að þar þarf engu að muna. Um lýsi gildir raunar sama höfuðreglan, að það verður vegna útflutningsgjaldsins að sanna fyrir yfirvöldunum, hve mikið hafi verið flutt út, en það er mjög mikill munur á þorskalýsinu, bæði gæðamunur og blátt áfram tegundamunur, þar sem það er vitanlegt, að vetrarvertíðarlifrin gefur oft meira en helmingi meiri afrakstur í lýsi en önnur lifur, og það var svo lengi vel, að á sumum árstíðum þótti það ekki borga sig á strönd-inni, eins og það var kallað, að hirða sumarlifrina, vegna þess hvað lýsið var lítils virði. Þar sem ég er allvel kunnugur lifrarbræðslu, hef bæði unnið við hana sjálfur og fylgzt vel með slíkum rekstri, þá ætla ég, að það verði að vera góð lifur, sem gefur 60% lýsi, því að lýsismagnið, sem fæst, er allt niður í 22%. Eftir brtt. um ábyrgð á lifrinni er ekki gert ráð fyrir þessum gæðamun, og þó að slík greining ætti ef til vill að verða reglugerðaratriði, þá er þess að gæta, að mjög erfitt væri að finna reglu til þess að fara eftir í þeim sökum, auk þess sem verðgildi lýsisins fer líka eftir efnainnihaldi þess, það er að segja eftir því, hversu mikið er í því af A- og D-vítamínefnum, og gera kaupendur lýsisins kröfu til að fá slíka greiningu frá opinberri stofnun, áður en þeir festa kaupin á lýsinu. Í sambandi við þessi mismunandi gæði lýsisins mundi vera nauð-

synlegt að skipta því í 5—6 flokka, ef þessi umrædda ábyrgð ætti að vera réttlát, og væri slík skipting harla erfið í framkvæmd. Auk þess afla bæði togarar og færeyskir fiskibátar lifrar hér við land. Það gæti því reynzt erfitt að fá fulla vissu um, hvort um ábyrgðarlifur væri að ræða eða aðra. Ströndin er stór og fiskiplönin mörg og eftirlitið þar af leiðandi erfitt. Og sannast að segja finnst mér þetta mál ekki svo þýðingarmikið, að það mundi borga sig að þurfa að setja svo mikið apparat í gang sem slíkt eftirlit væri. Þetta vildi ég benda á. Og þar sem þetta mál er ekki neitt skilyrði frá útvegsmönnum, en mundi hins vegar kosta ríkissjóð mikið fé og verða mjög erfitt í framkvæmd, þá vil ég leyfa mér að flytja brtt. þess efnis, að síðari mgr. 1. gr. falli niður, það er að segja, að ekki sé tekin ábyrgð á lifur. Hins vegar tel ég koma til mála, að óskir útvegsmanna þess efnis, að lýsinu verði bætt á frílista, verði teknar til greina. Það er auðveldara í framkvæmd og kemur réttlátara niður á landshluta.

Ég ræði þetta svo ekki frekar, nema tilefni gefist, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. og vænti þess, að hv. dm. samþykki hana.

Forseti (SB): Mér hefur borizt brtt. frá hæstv. atvmrh., þess efnis, að síðari mgr. 1. gr. frv. falli niður Brtt. er skrifleg og auk þess of seint fram komin, og þarf því afbrigða við.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sagði, að útvegsmenn óskuðu ekki eftir ábyrgðarverði á lýsi, og færði það sem aðalrökin fyrir sinni skriflegu brtt., sem hann nú hefur lagt fram. Það er að vísu rétt, að útvegsmenn hafa ekki gert kröfu til ábyrgðarverðs á lýsi, en hins vegar vilja þeir fá því bætt á hinn svo kallaða frílista. Þó munu margir þeirra heldur vilja fá ákveðnar verðuppbætur, og er ég þeirrar skoðunar, að heppilegra sé fyrir alla aðila, að lýsið verði verðuppbætt en því verði bætt á frílistann. Hæstv. ráðh. mælti á móti till. minni og vildi heldur, að lýsið yrði sett á frílista. Í því sambandi vil ég benda á, að til þess þarf að afla heimildar Alþingis. Ríkisstj. hefur ekki heimild til að ákveða slíkt, því að hvort sem í því tilfelli er um að ræða gjaldeyrisskatt eða tollahækkun, þarf lagafyrirmæli. Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri mjög óeðlilegt að verðbæta alla lifur jafnt, hvað sem gæðunum liði. Ég vil benda á, að ekki hefur neinn greinarmunur verið gerður á fiskábyrgðinni, þó að um mismunandi gæði væri að ræða. Ábyrgðin hefur alltaf verið miðuð við ákveðið verð á hvert kg án tillits til gæða. Ég vil líka benda á, að gæði lifrarinnar fara ekki eingöngu eftir lýsismagni, eftir því sem fræðimenn segja, heldur kemur líka til greina bætiefnainnihald, eins og hæstv. ráðh. gat um, en oft mun sú lifur, sem minna lýsismagn inniheldur, hafa meira af bætiefnum, svo að verðgildið getur orðið líkt. Auk þess er hér miðað við ábyrgð á lifur, sem aflast kann á vetrarvertíð, og á henni ætti ekki að verða svo mjög mikill munur. Þess vegna held ég, að ábyrgð á lifur eftir máli ætti ekki að vera neitt óréttlátari en fiskábyrgðin eins og hún hefur verið framkvæmd. Í sambandi við eftirlit með ábyrgð á lýsi, þá er það alveg hliðstætt við fiskábyrgðina. Það er ekkert hægara að fylgjast með, hver aflar fisksins en lifrarinnar. Framkvæmdin á þessari ábyrgð er því hvorki erfiðari né auðveldari en fiskábyrgðin. Ágreiningurinn er um það, hvort heppilegra sé að verðbæta lýsið eða bæta því á frílista. Ég tel fyrri leiðina heppilegri, því að hin auki á glundroðann í verzlunarmálunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til fleiri orða um þetta, en leyfi mér að leggja fram brtt. við 1. gr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 218) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 217 samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sögðu

já: BÓ, EmJ, FJ, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JR, KS, ÓTh, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, SB.

nei: ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ, JörB, MK, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB.

2 þm. (PÞ, PO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Finnur Jónsson: Ég tel, að sú breyt., sem Ed. gerði á frv., sé bæði illframkvæmanleg og ranglát gagnvart verstöðvunum norðan- og vestanlands. Þess vegna segi ég já við brtt.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég taldi það hæpna braut, sem út á var farið í fyrra, er horfið var að því ráði að heimila sérstaka álagningu á vissar innfluttar vörur, sem keyptar eru fyrir tilteknar útflutningsvörur. Þó gat þetta verið verjandi, þegar um var að ræða útflutningsvörur, sem vitað var, að ekki yrðu framleiddar að öðrum kosti, en að því er snertir aðrar vörur tel ég, að slíkt eigi ekki að koma til greina, enda hér þá í rauninni um að ræða „partiella" gengisbreytingu í mjög óheppilegu formi. Ástæðan til þess, að ég greiði atkvæði með þessari brtt., er því ekki sú, að ég telji, að bæta eigi lifrinni við hinn svo kallaða „frílista", sem ég er andvígur, heldur hitt, að ég tel ekki verjandi að samþykkja nú ríkisábyrgð á einni vörutegundinni enn. Ég segi því já.

Brtt. 218 kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 30. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 219).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil enn leyfa mér að bera fram brtt. við frv., samhljóða þeirri, sem ég flutti í gær. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta mál, svo mikið sem um það hefur verið talað, en ég vil þó segja þetta, um leið og ég legg brtt. fram:

Ég hélt því fram í gær, að með því að taka ábyrgð á lífrinni þá ynnist það, að sá hagnaður, sem útvegsmönnum yrði að opinberum aðgerðum í sambandi við lífrarverð, kæmi jafnar niður og útvegsmenn og hlutarsjómenn úti um land nytu nokkurs í. Þetta atriði hefur mér vitanlega ekki verið hrakið. Meginrök andstöðumanna till. hafa verið, að hún sé óframkvæmanleg, og að þessu hafa hnigið ummæli þeirra hv. þm., sem á móti henni hafa staðið. Ég hef reynt eftir megni að gera mér grein fyrir rökum þessara hv. þm., en finnst þau að verulegu leyti vera sýndarrök. Framkvæmdin á þessu hefði að vísu orðið allerfið með viðaukatill., sem samþ. var í gær, frá hv. þm. Barð. (GJ), en ég er sömu skoðunar og þá, að slíkur viðauki sé alls ekki nauðsynlegur. Það eru alveg sérstaklega rök í mínum huga, að mér skilst, að ekki sé reiknað með breytilegu lífrarverði á vertíðinni hjá lífrarbræðslunum. — Þá er því haldið fram, að ógerlegt verði að vita nokkuð um lífrarmagnið, en ég hefði haldið, að styðjast mætti við innvegið lífrarmagn frá bræðslunum. — Þá er því einnig haldið fram, að ógerlegt sé að komast fyrir uppruna og gæði lífrarinnar. Það getur vel verið, að þetta sé erfitt, en ekki er það ógerlegt. Það hefur ekki verið talið ógerlegt að finna uppruna fisks, og ætti þá ekki að vera stórum erfiðara að greina uppruna lífrarinnar úr sama fiski.

Ég tók eftir því, að hæstv. atvmrh. mælti með því í hv. Nd. í gær, að lífrin yrði tekin á frílista og að þannig yrði bætt úr því misræmi, sem ýmsir telja, að sé á milli landshluta viðvíkjandi frílistanum. En ég hygg, að hér sé um vafasama leiðréttingu að ræða. Vitað er, að meginhluti lífrarmagnsins er í þeim landshluta, sem situr sólarmegin í sambandi við hinn svo nefnda frílista. Nú eru að vísu margir bátar utan af landi, sem stunda hér veiðar á vertíðum, en hætt er við því, að hagnaðurinn af lífrinni, ef hún væri á frílista, rynni til þeirra, sem lífrina kaupa, en síður til þeirra báta, sem hennar afla. Þetta sýnist því vera hæpin leið til að bæta úr því misræmi, sem er í sambandi við frílistann. Þar að auki er það mín skoðun, að ekki eigi að auka frílistann og mjög vandséð, hvar takmörkin ættu að vera, ef þessi allstóri þáttur útflutningsframleiðslunnar, lýsið, yrði tekinn upp á þann lista. Nú var vikið að því í gær, að þótt það yrði ekki samþ. í hv. Alþingi að taka lýsið á frílista, þá mundi hæstv. ríkisstj. gera það, og það jafnvel þótt ábyrgðarverðið yrði samþ. Jafnvel þótt svo yrði gert, þá tryggir ábyrgðarverðið á lífrinni bæði útvegsmönnum og sjómönnum ákveðið verð fyrir lífrina, og er það mikið öryggi.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en vil segja að lokum, að hæstv. ríkisstj. verður að sjálfsögðu að setja nánari ákvæði um lífrarábyrgðina, eins og raunar margt fleira í sambandi við fiskábyrgðina. Og það verð ég einnig að láta í ljós, að þótt ég beri ekkert sérstakt traust til hæstv. ríkisstj., þá treysti ég hæstv. atvmrh. til að framkvæma hina umtöluðu lífrarábyrgð, eins og hann er gagnkunnugur þeim málum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 222) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. lengi, en vil benda á, að það kemur sér vel, að hæstv. Alþingi hefur ekki mikið að starfa, því að þessi leikaraskapur er nú að verða allspaugilegur, því að skipzt er á að samþykkja og fella þessa till. eftir því, hvernig styrkleikahlutföll framsóknarmanna og kommúnista eru í deildum. Ég hef áður lýst óskum og kröfum útvegsmanna, og ber það einkennilega við, að hv. þm. keppast við að taka inn á ábyrgð annað en útvegsmenn hafa sjálfir óskað. Ég verð að segja, að þessi vinnubrögð eru alveg ný hér á Alþingi. Hvað því viðvíkur, að ábyrgðarverð á lífrinni tryggi hlutarsjómönnum betri hagnað, er úr lausu lofti tekið og eitt af því, sem hv. flm. hefur fundið upp í hugskoti sínu. Hlutur sjómanna fer alveg eftir því, hvað útvegsmönnum verður úr lífrinni, en ekki úr ábyrgðinni. Fæstir útvegsmanna hafa heldur óskað eftir ábyrgð á lífrinni, og það hefur einnig komið fram í umr., að hv. þm. vilja ekki fara ábyrgðarleiðina lengur. Mér finnst því fara fyrir Framsókn eins og Danskurinn segir „at indhente det forsømte". Það er eins og hv. Framsfl. sé kominn í kapphlaup við sjálfan sig og fleygir þess vegna inn nú á elleftu stundu þessari till., sem engir eða a. m. k. mjög fáir viðkomandi aðilar hafa óskað eftir. Ég vil segja, að þetta er ekki rausn, heldur ofrausn.

Ég ætla svo ekki að segja fleiri orð, nema tilefni gefist, en ég er á móti því, að þetta ákvæði verði sett inn í frv. Það er ekki eingöngu hæstv. ríkisstj. sjálf, sem telur vafasamt, að hægt sé að framkvæma þetta, því að t. d. hv. þm. Ísaf. (FJ), sem mjög er þessum málum kunnugur, sagði í hv. Nd., að ef þetta atriði væri ekki óframkvæmanlegt, þá væri það að minnsta kosti illframkvæmanlegt, og skal ég ekki fara frekar út í það atriði, svo mjög sem ég hef rætt það. Þessi till. verður nú samþ., ef að líkum lætur, og er ekki við því neitt að segja, því að hæstv. Alþingi ræður auðvitað þessum málum. En ég hef bent á, að heimildir, sem ekki er hægt að nota og sýnilega hafa neikvæða kosti í för með sér, er ekki rétt að gefa ríkisstj.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að tala í þessu máli og skal reyna að draga þessi mál ekki inn á almennari umr. en tilefni er til. En ég vil þó að

nokkru svara orðum, sem hæstv. atvmrh. lét falla í þessu sambandi.

Hæstv. ráðh. var að vita þingið fyrir drátt á þessu máli. En hvað eru margir dagar síðan málið kom fyrir Alþingi? Ég tala nú ekki um, hvað langt er liðið síðan það kom fyrir Ed., dagurinn í dag og í gær. Og hér er um mál að ræða, sem veltur á milljónatugum fyrir ríkissjóð. Ég kann ekki við þetta. Er nokkuð undarlegt, þótt við viljum ræða málið örlítið í tvo eða þrjá daga, þegar það hefur tekið hæstv. ríkisstj. 40 daga að koma frv. saman? Og svo þegar hæstv. stj. loksins kemur með það, þá er það alveg samhljóða gamla frv. um sama efni, aðeins breytt nokkrum tölum og ein grein felld úr og þremur greinum bætt við. Það er það minnsta, að hv. alþm. fái að athuga frv., og mér finnst alveg óþarfi að ráðast að hv. þm. fyrir drátt á málinu, alveg án tilefnis. — Í annan stað er talað um það eins og einhverja goðgá að samþykkja ábyrgðarverð á eina vörutegund til viðbótar. Ég get ekki séð, að það sé nein goðgá, því að þetta er allt neyðarúrræði, og yfirlýst, að ábyrgðin eigi ekki að standa nema í tvo mánuði. Með þessu eru hv. þm. raunverulega að velja milli þess, hvort útgerðin eigi að stöðvast eða halda áfram. Svo er talað um þetta eins og hv. þm. haldi, að peningarnir fyrir ábyrgðinni séu teknir úr loftinu. En hvar eru þeir peningar teknir, ef ekki með álögum á þjóðina? Þeir eru teknir nákvæmlega eins, ef ríkisábyrgðarleiðin er höfð, að öðru leyti en því, að þingið hefur vald til þess að ákveða, hvar peningarnir eru teknir til ábyrgðanna, en hins vegar hefur þingið ekki vald á því, hvað ríkisstj. leggur mikið álag á gjaldeyrinn, sem hún gerir, ef þetta er á frílista, því að þá ákveður ríkisstj., hvað er lagt á gjaldeyrinn, sem fæst fyrir vörurnar, sem eru á frílista. Það er ekki svo sem menn losni við álögur á þjóðina, þó að sett sé vara á frílista. Þess vegna er hér í raun og veru með ríkisábyrgð verið að gera nákvæmlega það sama og gert er, þegar vörur eru settar á frílista. Það er verið að leggja þetta á bak þjóðarinnar, stuðninginn við bátaútveginn, því að annars staðar er ekki hægt að koma byrðunum niður. En í öðru tilfellinu segir þingið: Ég ræð, hvar byrðarnar leggjast á, en í hinu tilfellinu á ríkisstj. að ákveða, hvar byrðarnar koma niður.

Það hefur verið sagt í sambandi við þessar umr., að sjómenn viti ekki, hvaða verð þeir fái fyrir lifrina, ef farin er sú leið að bæta hana upp með því að láta lýsið á svo kallaðan frílista, þ. e. a. s. selja lýsið með gjaldeyrisálagi. Hvað vita þeir um það verð í janúar eða febrúar? Þeir vita ekkert um það. Ef menn ættu að geta vitað um þetta álag, þá þyrfti ríkisstj. að gefa út tilkynningu um þetta og líka gagnvart aðkomubátum, er selja hér lifur og þyrftu þá að geta vitað um þetta, ef sú leið væri farin. En með ábyrgðinni vita sjómenn nákvæmlega, að hverju er að ganga. Þeir vita þá um verðið. — Það er talað um hér í þingsölunum, að ríkisstj. muni setja lýsið á frílista, jafnvel þó að samþ. verði brtt. um ábyrgð á lifrarverðinu. En yrði sú leið farin mundu aðkomubátar ekki geta vitað t. d., að hverju er að ganga um lifrarverðið, þegar þeir selja lifrina, sem væri miklu gleggra og hreinna, að þeir vissu, en að setja lýsið á frílista. Annars teldi ég ekki leyfilegt að láta lýsið á frílista, ef brtt. þessi væri samþ. Það er meir en lítið vafasamt, að nokkur hluti af frílistanum sé leyfilegur.

Mér dettur ekki í hug að tala með lítilsvirðingartón um sjónarmið, sem koma fram hjá flokki hæstv. atvmrh. eða frá þeim jafnaðarmönnum, sem fylgja sjónarmiði þess hæstv. ráðh. að málum. En það er ekki ástæða heldur til þess að tala í þessari tóntegund um það, sem við hinir viljum í málinu, því að við þykjumst líka hafa rök að mæla. Ég hef ekki talað um málið í þessari tóntegund, heldur hef ég lítils háttar bent á þau rök, sem við teljum okkur hafa fyrir því að samþykkja þessa till. hv. 2. þm. S-M. Og ég hef reynt að binda mig aðeins við þau rök, en ekki farið inn á að deila sérstaklega á þá, sem hafa hin sjónarmiðin. Og ég vil segja, út frá almennri hugleiðingu um það, hvað eru rök, að þá sé ekki hægt að neita því, að rök séu eins til staðar fyrir þeim málstað, sem við, sem fylgjum brtt. hv. 2. þm. S-M., teljum okkur rétt að verja, eins og fyrir hinum málstaðnum, sem aðrir fylgja, því að það kemur óbeint til viðbótar þessum atriðum, sem hér hafa verið rædd, að ýmsir vilja mikið til þess vinna, að á þessu tveggja mánaða tímabili, sem ábyrgðin á að gilda fyrir, verði ekki farið lengra inn á frílistafarganið en komið er. Og það kynni svo að fara, án þess að tími sé til þess að ræða það hér, að þegar fara á að gera frambúðarráðstafanir fyrir atvinnulífið og fjármálaástandið í landinu, þá verði því verra að fást við að gera þær ráðstafanir, eftir því sem fleira er komið inn á þennan frílista, því að þegar menn eru komnir inn á frílistann með vörur, getur verið erfiðara að kippa þessu í liðinn aftur.

Ég ætlaði alls ekki að ræða um þetta mál nú, en ég taldi mig til knúinn að láta þessi orð mín falla, að gefnu tilefni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta er nú aftur komið til þd., og hefur í hv. Nd. verið fellt niður ákvæðið, sem hér var samþ. sem brtt. við frv. í gærkvöld. Og þannig sýnist, að í raun og veru vilji meiri hl. hæstv. Alþ. ekki hafa afgreiðslu þessa máls á þann veg, sem hér urðu úrslitin þá. Ég sýndi þá fram á það með rökum, hvaða erfiðleikar yrðu á framkvæmd málsins, ef brtt. hv. 2. þm. S-M. yrði endanlega samþ. Nú hefur sú brtt. verið aftur tekin upp hér í hv. d., og því hefur verið haldið fram, að samþykkt hennar mundi enga erfiðleika skapa í sambandi við framkvæmd málsins. Hins vegar hefur því verið haldið fram, að mjög miklir erfiðleikar yrðu á framkvæmd málsins eftir þeirri brtt., ef henni væri breytt á þann veg, að samþ. væri við hana á ný brtt. sú frá mér, sem samþ. var við hana í gærkvöld, og er á þskj. 211. Nú hef ég ekki hugsað mér að bera fram þessa brtt. hér við þessa umr., þó að ég

hafi haldið fram, að ekki hafi verið hrakið það, sem ég sagði um hana í gær, því að það stendur fast, að það er óverjandi að veita verðábyrgð með sama hætti fyrir slæma vöru eins og fyrir aðra miklu betri vöru. Ég hef tekið þessa ákvörðun, að bera brtt. ekki fram nú, m. a. til þess, að þeir menn, sem stofna til þessara erfiðleika hér, geti ekki kennt öðrum um framkvæmdarörðugleikana, sem verða í sambandi við það, ef brtt. hv. 2. þm. S-M. verður samþ., eins og sá hv. þm. taldi í þessu sambandi, að samþykkt minnar brtt. mundi skapa einhverja framkvæmdarörðugleika í sambandi við ábyrgðina á lífrarverðinu. Hann er ungur þm., og það er bezt, að hans brtt. verði samþ. hér, til þess að hann sjái, hvernig hún verkar í framkvæmd og hvaða örðugleikum hún veldur. — Mun ég ekki skipta mér frekar af þessu atriði málsins.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég satt að segja veit ekki, hvort mér tekst nú að tala í þeim tón, sem fellur í geð hv. þm. Str., sem virðist vera eitthvað óánægður yfir því, hvernig talað var. En það var ekki svo sérlega margt, sem ég sagði, og ekki ástæða til að fara að skella á hrókaræðu þess vegna. En ég tel það veigamestu rökin í þessu máli, að útvegsmenn hafa alls ekki óskað eftir þeirri ábyrgð, sem hv. Framsfl. vill nú fyrir hvern mun láta þá fá, til þess að forða því, að þeir fái sinn vilja. Það eru rök í mínum augum, að óskir útvegsmanna, sem voru bornar fram við umr., sem fram fóru í þinghléinu, þær nái að því leyti fram að ganga sem vert er, og það sé ekki verið að gera sér leik að því að samþykkja annað, sem er á móti þeirra óskum. Ef hv. þdm. muna, hvaða verðhugmyndir fram voru settar af fulltrúafundi L. Í. Ú., og líta svo á þá ábyrgð, sem í frv. er lagt til, að höfð verði á fiskinum, þá geta allir hv. þdm. skilið það, að það muni ekki hafa verið að öllu leyti geðfellt útvegsmönnum, að ríkisstj. fór svo langt sem raun bar vitni með ábyrgðina frá þeirra óskum, úr kr. 1,04, sem voru þeirra kröfur, niður í 75 aura. Þegar nú svo var gengið á þeirra rétt, eða hvað maður nú á að kalla það, a. m. k. á móti þeirra vilja, í þessu atriði, þá er það að vissu leyti nokkur skylda, sem hvílir á mér, sem hafði nokkuð með að gera þessi viðtöl og samningaumleitanir, að reyna að fá þá hinar minni háttar óskir þeirra frekar í gegn og að forðast það, að þvert ofan í þeirra vilja sé verið að fara aðrar leiðir. — Ég hélt satt að segja, að hv. þm. Str. mundi segja allt annað en hann var að segja hér. Ég var alls ekki að ámæla hv. þd. fyrir óhæfilegan drátt á málinu. Hitt sagði ég, og segi það af fullum rökum, að þegar við erum að fleygja svona till. á milli deilda, hvað eftir annað má heita, þá er það gott, að það er ekki sérlega mikið að gera, eða það gerir þá minna til, þó að tímanum sé í það eytt, ef annars lítið er að gera. Því að það mundi kannske vera kallaður þrái af einhverjum að vera að halda þessu fram æ ofan í æ á svona skinrökum, eins og fram hefur komið. En hv. till.-menn vilja nú endilega hafa það svona. Náttúrlega verða atkv. úr þessu að skera. — Ég hefði vel getað trúað hv. þm. Str. til þess að segja sem svo, — en ekki það, sem hann sagði, — að hann hefði alltaf séð það fyrir allan tímann, sem fiskábyrgðin hefði staðið, að það vantaði ákaflega vigtuga hluti inn í fiskábyrgðina. Það hefði hann séð fyrir, og það hefði verið stefna hans flokks að hafa þetta öðruvísi, en ekki fengizt fram fyrir öðrum miður vitrum mönnum.

En ég var ekki að ámæla hv. d. fyrir meðferð málsins. Ég var bara að benda á, að við hefðum nógan tíma, og það var gott.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þessi ræða hæstv. atvmrh. gefur ekki tilefni til langrar svarræðu. Hann sagðist ekki hafa fundið að því, að þessum tíma væri eytt í að láta málið fara á milli deilda, sem hann talaði um í sinni fyrri ræðu.

Það er sjálfsagt rétt, að þetta, sem fram er borið í brtt. hv. 2. þm. S-M., er ekki að vilja allra útvegsmanna. Okkur, sem flytjum þetta mál, sem brtt. er um, virðist þeir vera vel tryggðir, og við viljum láta þá vera vel tryggða á þann veg, sem þeir eru með þessari brtt. En sjómenn eru líka vel tryggðir með þessari till., og ég er ekki viss um, að þeir, sjómennirnir, hafi verið spurðir jafngreinilega og hæstv. atvmrh. vill, að þeir útvegsmenn, sem hlut eiga að máli, séu spurðir, eða útvegsmenn, sem koma hingað og eiga að koma sínum verðmætum í peninga. Ég er ekki viss um, að sjómennirnir hafi verið spurðir mjög af hæstv. atvmrh. í þessu efni. — Mínir allra beztu umbjóðendur og sterkustu umbjóðendur í mínu kjördæmi eru sjómenn og formenn, og ég vildi, að einhver gæti sagt mér um þau hlunnindi, sem þeir hafa fengið fyrir setningu frílistans. Þeir eru ekki komnir upp á það lag að geta notað sér hlunnindi frílistans, hvorki að því er viðkemur hrognum né öðru. Þess vegna eru þar útgerðarmenn og sjómenn, sem vilja heldur hafa þetta á hreinu með verðábyrgðina. Þeir hafa ekki aðstöðu til að nota sér frílistann eins og aðrir. Þess vegna viljum við, að sjómennirnir og þessir menn allir séu tryggðir. Við viljum líka, að þeir, sem eru hér syðra, séu tryggðir. Og ég hef um þetta mál fullt samráð við þá útgerðarmenn og sjómenn, sem hlut eiga að máli, en eru ekki hér á næstu grösum.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta mál.

Forseti (BSt): Það er gleðilegt að sjá d. svona fjölskipaða nú, og vildi ég óska, að svo yrði framvegis, þegar hér þarf að halda fundi og afgreiða mál, og vil ég geta þess, að það er nú skylda hv. alþm. að mæta á fundum, nema þeir hafi forföll og tilkynni þau forseta, og hafa hv. þdm. vel rækt þá skyldu nú á þessum fundi, sem gleður mig.

ATKVGR.

Brtt. 222 samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, BSt.
nei: GJ, HG, JJós, LJóh, ÞÞ, BBen, EE.
GÍG greiddi ekki atkv.
1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv.:

Bernharð Stefánsson: Ég hef engin rök heyrt nú á þessum fundi, sem sannfæri mig um það, að þessari hv. d. beri að beygja sig fyrir hv. Nd. sérstaklega í þessu máli.

Út af ummælum, sem hér hafa fallið við þessa umr., vil ég minna á það, að deildir Alþingis eru gersamlega jafnréttháar og jafngilt það, sem hvor þd. samþykkir fyrir sig, og ef þeim ber á milli, þá verður að útkljá það í Sþ. Ég tel það því ekki nokkurn leik, þó að þessi hv. þd. haldi við það, sem hún hefur samþ. og talið rétt, og víki ekki frá því. Ég segi því já.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Sþ.

Á 18. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 223).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er nú komið, að því er virðist, á sitt síðasta afgreiðslustig. Um það hafa verið talsverðar deilur, hvort við þessa 42 millj. kr. ábyrgð á fiski, áætlað miðað við tímabilið janúar til 15. maí, ætti að bæta nýrri ábyrgð á lifur, sem ég geri ráð fyrir, að geti numið 2—3 millj. kr. Ég hef áður lýst því í báðum d., að útvegsmenn eða samningan. þeirra æskti þess mjög, að lifur eða lýsi, sem hefur hríðfallið í seinni tíð svo afskaplega, að þess munu engin dæmi, að það yrði tekið á svo kallaðan frílista. Áður hefur því verið lýst í Nd., hvaða viðhorf fyrrverandi ríkisstj. hafði á þessum hlutum. Þar var því og lýst, hvaða reglur og hvernig útfærsla hefði verið á því höfð, að tilhlutun fyrrv. viðskmrh., að láta bátaútvegsmenn fá uppbót á vissar framleiðsluvörur sínar í gegnum það, sem kallað er frílisti. Ég þarf ekki að endurtaka neitt af því, sem ég hef sagt. Ég ætla, að það sé allt öllum hv. þm. ljóst, hvernig þetta hefur verið útfært. Í Nd. skýrði ég frá því á sínum tíma, að ég hefði ekki orðið var við, að neinn alþm. hefði vefengt þá skýrslu eða fundið að framkvæmdinni, eins og hún var sett í reglur af fyrrv. ríkisstj. Nú bar það til, að ég hygg vegna þeirrar sterku andúðar, sem menn af miklum misskilningi hafa á þessum svo kallaða frílista, að hér var borin fram á þinginu till. um að bæta lifrarmagni bátaflotans við ríkisábyrgðina, með það fyrir augum, að upp úr lifrinni hefðist kr. 1,30. Í dag skýrði ég frá því í Nd., hvað að mínum dómi væri erfitt að koma þessu í framkvæmd. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á þeirri lýsingu. Ég minntist á það, að lýsið er selt í ákaflega mismunandi tegundum og það yrði svo, eins og ég lýsti og tekið var undir af hv. þm. Ísaf. (FJ), að framkvæmd á slíku samkvæmt ábyrgðarákvæðinu, eins og það er nú orðað í frv., yrði illfær, ef ekki ómöguleg, og á þetta legg ég áherzlu. Fyrir utan það mundi sú framkvæmd óneitanlega hafa í för með sér óvenjulegan eftirlitskostnað, sem kemur sérstaklega til greina við ábyrgð á lifur undir þessum kringumstæðum, en alls ekki þarf til að taka, þegar reiknuð er út ábyrgð á vöru eins og hraðfrystum fiski og saltfiski, sem sýna má fram á með vörureikningum, að hefur verið afskipað undir eftirliti tollstjóra landsins á hverjum stað. Það er vitað, að útvegsmenn hafa engan veginn óskað eftir, að ríkissjóður gangi í hærri ábyrgð með því að bæta lifrinni við, þar sem þeir þvert á móti óska eftir öðru fyrirkomulagi í þessum efnum. Og þar sem liggur í augum uppi, að framkvæmd á þessum hlutum er svo að segja ómöguleg, þá er það ekki nema sanngjarnt, að orðið yrði við óskum útgerðarmanna, þar sem verðkröfur þeirra hafa verið settar langt niður fyrir það, sem þeir höfðu orðað í upphafi. Og þar sem að öðru leyti hafa ekki verið gerðar neinar nýjar ráðstafanir í frv. til að bæta þeirra hlut, þá sé það sanngjarnt að láta óskir þeirra ná fram að ganga hvað snertir bátalifrina og sleppa því að taka þetta inn í ábyrgðarsummu ríkisins, sem mér virðist líka vera nægilega há hvort sem er. Þetta hefur verið rætt í báðum d. þingsins, svo að segja til þrautar, og þó mætti mikið um það segja. En ég hygg, að fæstir af þm. hafi eiginlega góð skil á því, hvernig lýsisverzlun fer fram og hvernig allt það lýsi, sem safnað er saman utan af ströndinni, er sorterað o. s. frv. Mér þykir einkennilegt, að þeir, sem vilja endilega fá þessa ábyrgð, skuli loka augunum fyrir þessum örðugleikum, sem eru á framkvæmdinni, og þeim aukna eftirlitskostnaði, sem til greina kæmi, og þykist ég hafa fulla aðstöðu til að dæma um þetta betur en margir aðrir af þeim, sem hér hafa gerzt talsmenn fyrir ríkisábyrgð á lifur.

Ég skal svo ekki hafa hér um frekara mál, nema sérstök ástæða gefist til. Ég ætla að leyfa mér, í beinu framhaldi af því starfi, sem ég ásamt öðrum úr ríkisstj. hef haft með höndum undanfarið, milligöngustarf til þess að sætta útgerðarmenn við það hlutskipti, sem þeim kann að verða úthlutað af Alþ., að bera fram skriflega brtt., sams konar og ég flutti í Nd. og þar var samþ., um það að fella niður síðari málsgr. 1. gr. frv., en í henni ræðir um þessa ríkisábyrgð á lifur, sem ég áður drap á.

Að lokum vil ég aðeins drepa á það, að sá varnagli, sem settur var inn í Ed. samkv. brtt. frá hv. þm. Barð. (GJ) og hafði það að þýða, að tillit skyldi taka til gæða lifrarinnar og lýsisgæða, hann er nú horfinn, svo að sá ágalli, sem upphaflega var í þessari ábyrgðartill. eins og hún var flutt af hv. þm. V-Húnv. (SkG), er enn fyrir hendi, en hann er sá, að með því að leggja til, að eitt verð sé á hverjum lítra lifrar, hvar sem er, meðan það gildir, þá er sýnilega ekki stefnt að því að hafa mjög mikið samræmi hvað snertir gæði þeirrar vöru, sem hér um ræðir, og mundi það undir venju-

legum kringumstæðum talið ófært, því að lifrin er svo misjöfn að gæðum, lýsismagni og öðrum góðum kostum, að hún á svo að segja ekkert saman nema nafnið eitt. Mætti þá eiginlega með sama rétti setja ríkisábyrgð á óæðri fisktegundir, sem veiðast hér við land, eins og í frv. er lagt til, að sé á góðfiskategundum, sem taldar eru upp í 1. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 225) leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Það er búið að þrautræða þetta mál, en ég get ekki stillt mig um að gera grein fyrir afstöðu minni út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði. Hann hefur endurtekið hér í Sþ. það, sem hann sagði í Nd. um málið, og það er mjög öflugur áróður af hans hendi út af þessu ákvæði, að ríkissjóður taki ábyrgð á lýsisverðinu. Það er aðallega eitt, sem hæstv. ráðh. færir þessu til foráttu, og það er, að þetta sé svo erfitt í framkvæmd. Í þessu sambandi vil ég undirstrika það, að hér er aðeins um vetrarvertíðina að ræða. Það er venja hér á vetrarvertíðinni að greiða fyrir mælda lifur sama verð yfir alla vetrarvertíðina, a. m. k. í hverri veiðistöð. Þetta er atriði, sem óhætt er að byggja á. Ég veit, að það er einhver vandi í sambandi við að ákveða, hvað hátt aflaverðið eigi að vera í sambandi við lýsisgæðin, til þess að hægt sé að ætlast til þess, að þeir, sem taka á móti lýsinu, greiði út kr. 1,30 fyrir lítrann. En ég fullyrði, að það er sjálfsagt ekkert vandasamara að ákveða þetta en að ákveða, hvaða verð eigi að vera fyrir allar mögulegar fisktegundir til þeirra, sem taka inn fisk í hraðfrystihúsin. Það er hvort tveggja nokkuð vandasamt, en ekki get ég skilið, að það sé nokkur munur þar á vanda, og því sýnist mér vera hægt að fara þá leið að ákveða lágmarksverð á lifrinni kr. 1,30 yfir vetrarvertíðina. Síðan verða stjórnarvöldin að gera sér grein fyrir því, hvert ábyrgðarverð útflytjendur verði að fá, til þess að hægt sé að ætlast til þess, að menn taki lifrina út fyrir þetta verð. Alveg eins er þetta með hraðfrysta fiskinn og saltfiskinn. — Þetta vildi ég aðeins taka fram út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, þegar hann talaði um, að lifrin væri svo misjöfn. Það mun yfirleitt í verstöðvum vera greitt visst verð fyrir hvern lítra og það sama yfir alla vetrarvertíðina, og hefur ekki fram að þessu verið gerður munur á því, hvernig lifrin er á þeim tíma. Þetta sýnist mér stórt atriði. Annað atriðið vildi ég benda á, og það er þetta, að ef nú væri tekinn upp sá háttur að ábyrgjast ekki lifrina, heldur yrði frílistinn látinn ná yfir þorskalýsið, þá er hætta á, að ástand geti skapazt, að menn viti ekkert, hvar þeir standa með lifrarverðið, og nú er gefið mál, að sumir selja lifrina eftir hendinni, og hvaða verð eiga þeir að fá fyrir lifrina? Það er ekki þannig, að menn geti geymt sína lifur. Þeir verða að láta hana strax, annars eyðileggst hún. Nú mundi verða langur tími þangað til ríkisstj. gæti gert sér grein fyrir því, hvað mikið hún má leggja ofan á samkvæmt verðinu á frílistanum. Af þessu skapast svoleiðis óvissa, sem enginn veit, hvernig kemur út, og útvegsmenn verða kannske fyrir tapi, sem þeir verða ekki, ef þeir láta lifrina strax. Og eins er með hlutarsjómenn. Þeir vita ekki, hvar þeir standa, og það veit enginn, hvað út úr því dæmi kemur, enda í sumum tilfellum, að álagið, sem beðið er eftir, þangað til frjáls gjaldeyrir kemur, lendir hjá útvegsmönnunum sjálfum eða verzlunarmönnunum. Þetta er það, sem ríður baggamuninn í mínum huga um það að hallast að því, þó að ég telji það neyðarúrræði, að vera með því að taka þessa ábyrgð, því að það hefur þann kost, að menn vita strax, ef þeir hafa þessa vöru til að láta af hendi, hvar þeir eru staddir í þessum efnum. Það er sjálfsagt á báðum leiðunum hægt að finna einhverja erfiðleika á framkvæmdinni, en ég vildi aðeins með þessum örfáu orðum gera grein fyrir minni afstöðu.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til að leiðrétta misskilning hv. 1. þm. S-M. um það, að lifrin sé greidd á sama verði alls staðar yfir vertíðina. Þetta er sá mesti misskilningur, enda gæti það ekki heldur átt sér stað, og jafnvel þó að um aðalvertíð ársins sé að ræða, vetrarvertíðina, þá er lifrin ákaflega misjöfn eftir því, hvar hún fæst við strendur landsins. Hér við Faxaflóa mun lifrin vera nokkuð jöfn og skila miklu lýsi. Þó tel ég víst, að lifrin í Vestmannaeyjum sé bezt, en það skiptir alveg um, þegar kemur til Breiðafjarðar eða Vestfjarða. Og þetta hefur komið fram sömuleiðis í sambandi við fiskábyrgðina. Fiskurinn, sem veiddur er vestur frá, er mun rýrari og skilar minni flökum en fiskurinn við Faxaflóa. Eitt ágætt samvinnufélag á Vesturlandi tapaði stórfé á vertíðinni 1947. Þá keypti það mikið af fiski, slægðum með haus, annaðist söltun á honum og seldi á erlendum markaði með því verði, sem fiskábyrgðarnefnd reiknaði og áleit, að nægði til þess að standast þann kostnað, sem viðkomandi samvinnufélag hafði við söltun á fiskinum. En samvinnufélagið tapaði 260 þús. kr. á fiskkaupunum og verkun hans á þessari vertíð. Og þetta er ekkert einsdæmi með þetta eina fyrirtæki. Fjöldi af einstaklingum, sem keyptu fisk á þessari vertíð, töpuðu stórfé í sambandi við fiskverkun. Halda nú hv. þm., að margir vilji annast bræðslu á lifur og eiga allt undir náð fiskábyrgðarnefndar, hvaða verð kemur út úr lýsissölunni? Allir útreikningar fiskábyrgðarnefndar viðkomandi fiskábyrgðinni hafa verið miðaðir við, hvernig fiskurinn er hér við Faxaflóa. Ég veit, að þeir munu líka reikna lýsisábyrgðarverðið eftir því, sem fiskurinn hér við Faxaflóa gefur feita lifur og gott lýsi. Ég fullyrði, að ef lifrarverðið verður tekið inn í fiskábyrgðina, þá geti það átt sér stað víða hér á landi, að það fáist enginn til að bræða lifrina, það fáist enginn til að kaupa hana. Hv. 1. þm. S-M. tók fram, að það mætti reikna þetta út. Það var líka reiknað út 1947, hvað fiskurinn fyrir vestan ætti að kosta, en

með þeim endemum, sem raun ber vitni, að fjöldi þeirra, sem verkuðu fisk þar, hlutu stórskaða af. Og það hefur oft verið rætt um það að gera kröfur á hendur ríkissjóði vegna tapa þessara fyrirtækja á fiskkaupum og sölu þetta ár, 1947, sem hefur ekki borið árangur enn.

Ég veit, að þegar hv. 1. þm. S-M. athugar þetta mál betur, þá sér hann, að þetta er satt, sem ég hef haldið hér fram.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. þm. Snæf. hefur nú sýnt fram á það mjög ljóslega, að það þarf meira en rétt að taka lifrina, það þarf líka að bræða hana og gera hana að vöru. — Hv. 1. þm. S-M. sagði, að það, sem væri aðaldrifkrafturinn hjá sér í þessu, væri það, að með því að hafa ekki lifrina með í ábyrgðinni, þannig að ábyrgzt væri verð fyrir hana, þá væri ekki vissa fyrir hlutarsjómenn um, hvaða verð þeir fengju fyrir lifrina. Það hefur aldrei verið vissa um það á þessum tíma árs, og hefur því aldrei verið hreyft fyrr, að nauðsyn væri á að slá því föstu með ábyrgð á lifrarverðinu, sem gerð væri í byrjun vertíðar, enda mun það vera torvelt. Það hefur ekki heldur verið undan því kvartað hingað til, þó að menn hefðu ekki þennan hluta af sjávarafla sínum verðtryggðan með ríkisábyrgð. Þessi óvissa hefur alltaf verið fyrir hendi, en ein vissa er í þessu máli, sú, að eftir því sem skip fær meira fyrir sína lifur, þeim mun betri verður hlutur hlutarmannsins, annars væri hann ekki hlutarmaður, og þar fara saman hagsmunir útgerðarmanns og hlutarmanns. Hv. 1. þm. S-M. er því, að minni hyggju, að ganga á móti sanngjörnum óskum útvegsmanna til þess að þjóna ímynduðum hagsmunum hlutarsjómanna.

Svo er annað atriði í þessu máli, sem ég sé ekki, að hv. 1. þm. S-M. hafi enn drepið á, sem er þó veigamikið. Og það var alls ekki hjá mér sagt út í bláinn, þegar ég sagði, að það væri eiginlega ómögulegt að framkvæma þessa ábyrgð, eins og ákvæði standa nú um í frv. og hafa staðið í brtt. framsóknarmanna. M. a. hef ég minnzt á kontrolið og kostnaðinn við það. Látum gott heita, að ríkið hafi marga launaða starfsmenn til þess að passa upp á lifrina frá hverjum bát, það má náttúrlega segja, að það megi framkvæma allt. En þegar hv. 1. þm. S-M. er að bera saman ábyrgðina á blautfiskinum og saltfiskinum við lifrarábyrgð, þá gleymir hann því, eða læzt gleyma því, að um leið og blautfiskinum eru tryggðir þessir 75 aurar, þá er ákveðið í sjálfum l., hvaða verð hraðfrystihúsin eigi að fá, og það er ákveðið, hvaða verð saltfiskframleiðendur eigi að fá, og þessar verðákvarðanir eru þannig samstilltar. Og það hefur þannig verið reiknað út af sérfróðum mönnum, að verðið, sem hraðfrystihúsunum er ábyrgzt í l. annars vegar og saltfiskframleiðendunum hins vegar, það sé í samræmi við og hæfilegt, miðað við hráefnisverðið. Hvað lifrina snertir hins vegar, þá vill hv. 1. þm. S-M. tryggja hrálifrarverðið og hafa það tryggt í l. En það er ekkert ákvæði, sem hann vill taka inn viðvíkjandi því að verðtryggja unnu vöruna, lýsið, sem fæst úr lifrinni, eins og er varðandi hraðfrysta fiskinn og saltfiskinn. Þar er nefnilega meginmunurinn á þessu *máli hjá hv. þm.* Til þess að þetta væri hliðstætt og að öllu leyti samsvarandi fiskábyrgðinni og forsvaranlegt gagnvart þeim, sem eiga að framkvæma það, þarf að tiltaka, hvaða lágmarksútflutningsverð lýsisútflytjandinn ætti að fá fyrir meðalalýsi, t. d. 1000 eða 1200 vitamíntölu. Mætti jafnvel byrja á 800 sem lægsta flokki. Það þyrfti að standa í frv. ákvæði um það, hvaða verð útflytjendum skyldi ábyrgzt fyrir þetta lýsi, og sömuleiðis ef lýsið stæði í 1200—1500, 1500—2000, 2000—2500, 2500—3000 og loks 3000—3500, af því að þá er komið upp í það, sem hér er mest vitamíninnihald lýsisins. Ég játa, að í Hornafirði hefur vetrarlýsið farið yfir 3500 að vitamíninnihaldi, og jafnvel yfir 4000. Og þessi skali er miðaður við það, sem útvegsmenn hafa alla tíð á undanförnum árum miðað sín útboð við og komið sér saman um, hvað þeir byðu í hvern gæðaflokk fyrir sig. Og þá þyrftu enn fremur að vera í frv. ákvæði um það, hvað hið svo kallaða lágmark á verði væri fyrir þetta. Það er alveg rökrétt, að ef ákvæðin um ábyrgð á verði fyrir lifrina ættu að vera sambærileg við ábyrgðarverð fyrir hráefni af fiski, þá þyrfti að flokka þetta allt. Og þegar þetta er athugað, þá ætla ég, að flestir muni geta séð, að það er ekki neitt þægilegt að eiga, t. d. í byrjun vertíðar, að búa til verðskala á hinum ýmsu lýsistegundum, eins og markaðurinn fyrir þessa vöru hefur sýnt sig að geta hvikað, svo sem á árinu sem leið. Þetta hefur hv. 1. þm. S-M. og öðrum, sem honum fylgja að málum, sézt yfir að leiðrétta. — Ég hef ekki hirt um að taka þetta fram fyrr en í lokaþætti afgreiðslu þessa máls. En héðan af er bezt að segja það eins og það er, að eftir þessum skala þyrfti að verðleggja þessa unnu vöru, og þá þyrftu að vera skýr ákvæði í frv. um það, ef hér ættu að vera um ábyrgðina á lifrarverðinu samsvarandi ákvæði við ákvæði um verðábyrgð á fiskinum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Snæf. sagði, að hann vildi leiðrétta það, sem ég sagði um verðið á lifrinni. Það var ástæðulaust að hafa þau orð þar um, að leiðrétta, því að ég tók það fram greinilega, að það mundi hafa verið sama verð á lifrinni í hverri veiðistöð fyrir sig á sömu vertíð, miðað við lítratölu. Hitt sagði ég ekki, að sama verð hefði verið á lifrinni í öllum verstöðvum yfir vertíðina í sama skipti. Hér þurfti hann því ekki neitt að leiðrétta. En hann benti á, að víða væru erfiðleikar fyrir menn að taka lifur fyrir kr. 1,30 lítrann, þó að slíkt væri hægt á sumum stöðum. Og hann benti á sem hliðstæðu þess, að erfitt væri að taka við fiski í frystihúsin, af því að gæði fisksins væru ekki alls staðar hin sömu. Það er satt, að það er ekki alls staðar hagkvæmt að taka fisk fyrir 65 eða 75 aura. Samt sem áður hafa menn ekki horfið frá því að hafa sama verð á fiskinum alls staðar. Og það er ekki farið fram á annað gagnvart ábyrgð á lifrarverðinu en það, sem á að

gera viðkomandi ábyrgðinni á fiskinum. Mér er það ljóst, að það er allt of mikið gert úr erfiðleikum í þessu sambandi. Hér er um svo rúma heimild að ræða, viðkomandi þeim, sem bræða lifur, að ríkisstj. gæti, ef hún vildi, samkv. þessu frv. tekið tillit til þess, ef lifrin væri eitthvað lakari í einhverjum landshlutum en þar, sem hún er bezt á vetrarvertíðinni, og tekið til athugunar að bæta mönnum halla, sem yrði á þessu atriði. Og þetta er ekkert erfiðara með lifrina en með fiskinn. Hæstv. atvmrh. sagði, að það væri sá reginmunur á þessu, sem hann hefði ekki viljað benda á fyrr en nú, að þetta væri ekki hliðstætt, því að í l. væri ákveðið, hvað útflutningsverðið væri á saltfiski og freðfiski, en í ákvæðunum um að ábyrgjast lifrarverðið væri ekkert um það sagt, hvað lýsisverðið skyldi vera. En vitanlega á ríkisstj. að setja reglugerð um það, hvaða útflutningsábyrgð hún tekur samkv. heimildinni á lýsinu, og munurinn er því enginn annar en sá, að það er tiltekið í löggjöfinni sjálfri, hvert útflutningsábyrgðarverðið skuli vera á hraðfrystum fiski og saltfiski, en ríkisstj. á að ákveða, með aðstoð sömu sérfræðinga, sem leitað hefur verið til um ábyrgðarupphæðina fyrir fiskinn, saltfiskinn og hraðfrysta fiskinn, hvaða útflutningsverð á að vera á lýsinu. Og auk þess má benda á til að sanna, hversu brosleg ástæða sú er, sem *færð er fram móti* lifrarábyrgðinni, að í frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir föstu verði fyrir annað af hraðfrysta fiskinum en fyrir flökin, og svo á ríkisstj. bara að finna út samsvarandi verð á öðrum útfluttum fisktegundum hraðfrystum, og það eru því ekki örðugleikar í þessu efni að þessu leyti.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ég vildi í þessu tilliti skaða útvegsmenn og að það væri nú ekki ástæða til að vera óánægður með það, þó að ekki væri ákveðið í byrjun vertíðar fast verð fyrir lifrina, það hefði ekki verið á undanförnum árum. En það er sú ástæða fyrir því að vera ekki ánægður með, að lifrarverðið sé ekki fast, sem hæstv. atvmrh. gekk alveg fram hjá, að ef þorskalýsið er á frílista, þá veit ég, að það dregst að ákveða, hve álagið skuli vera mikið í sambandi við það. Í sambandi við það benti *ég á, að óvissan* með verðið á þorskalýsinu væri meiri en nokkru sinni fyrr, og það verður erfiðara að vita en nokkru sinni fyrr, hvað á að borga fyrir lifur, sem gengur kaupum og sölum á vertíðinni. Þetta vita allir, sem komið hafa nokkuð nálægt þessum málum, og þá vita þeir, sem selja lifur, ekkert, hvar þeir standa, og það á eins við útvegsmenn sem við hlutarmenn. Og þetta verður aldrei ágreiningsmál milli útvegsmanna og hlutarmanna, því að hagsmunir þeirra fara þarna saman um þetta atriði, en hættan er fólgin í því, að hvorki útvegsmenn né hlutarmenn vita, hvernig þetta dæmi kemur út, ef farið er inn á frílistaleiðina í sambandi við lifrina og lýsið. Þá verður allt í óvissu um lifrarverðið lengi vel. Og það er fullkomlega vafasamt, að þetta komi allt rétt út að lokum, ef frílistaleiðin verður farin. Þá er fullkomlega vafasamt, að allir útvegsmenn og hlutarmenn fái út úr þeim viðskiptum það, sem þeir mundu ætlast til, sem ákvæðu að setja lýsið á frílista.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég held, að þær upplýsingar, sem ég gaf, hafi verið alveg nauðsynlegar. Ég hef sýnt glögglega fram á það, að þetta ákvæði um lifrarverðábyrgðina er svo illa í hendur ríkisstj. búið, að það er ekki framkvæmanlegt eins og það er. Það er að því leyti engin hliðstæða við frílistann. Það er sagt hér í þeim ákvæðum, sem samþ. hafa verið við frv. um lifrarábyrgðina, að það skuli heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum á sama tíma kr. 1,30 fyrir hvern lítra af lifur. Hvernig á ríkisstj. að búa til um þetta nokkra reglugerð t. d. í janúar? Hvernig á hún að geta vitað þá um söluverð á ýmsum tegundum af lýsi, með jafnfallandi markaði og er á þeirri vöru? Nei, það verður að bíða eftir því, að viðkomandi lýsiskaupmaður og lýsisverkandi sé búinn að selja lýsið og hann komi svo til ríkisstj. og segi: Þetta lýsismagn hef ég sent út og selt það fyrir þetta og þetta verð, og það er úr þetta og þetta mörgum lítrum af lifur. Ég þarf að fá svo og svo mikið til þess að geta borgað þessa eina krónu og þrjátíu aura fyrir lifrarlítrann. — Virðist það nú ekki fyrir augum hv. 1. þm. S-M., þó að hann sé nú ákaflega laus við það að vera tortrygginn maður, virðist það nú ekki augljóst fyrir honum, að lýsisútflytjandinn mundi ekki í slíkum kringumstæðum hafa neinn sérstakan áhuga fyrir því að spenna upp lýsisverðið við söluna, ef slíkur útflytjandi væri í kapphlaupi við annan mann um að selja vöru lágu verði? Því að hann á þá greiðan aðgang til þess hjá ríkinu, að það borgi sér, að vísu ekkert ákveðið verð sem uppbót á lýsið, heldur það, sem á kann að vanta, til þess að söluverð lýsisins tryggi bátaútveginum kr. 1,30 fyrir lifrarlítrann. Með slíku fyrirkomulagi væri sá spori, sem eðlilega er á öllum útflytjendum yfirleitt um að ná sem beztu verði fyrir útflutningsvöruna, þá burt numinn hér. Hann væri þá settur á þann bekk, sem við erum að harma að þurfa að setja útvegsmann á, að geta sett sína áhyggju á ríkið. Menn hafa harmað að þurfa að tryggja bátaútvegsmönnum visst verð fyrir fiskinn, því að þar var viss hemill tekinn af þeirra framleiðslukostnaði. En hér á að færa þetta út og láta útvegsmenn eina um það, hvaða verð þeir fái fyrir lýsið, en það á svo bara að bæta þeim upp það, sem á kann að vanta, að þeir geti greitt kr. 1,30 fyrir lifrarlítrann. — Ég hygg, að hv. 1. þm. S-M. sjái, hve þetta er einstaklega broslegt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði nú, benda honum á það, sem ég geri ráð fyrir, að allir aðrir hafi tekið eftir, þó að hæstv. ráðh. virðist ekki hafa gert það, en ég fer að gruna hann um látalæti í þessu sambandi, ef hann hefur ekki veitt því athygli, að auðvitað á fram-

kvæmdin að vera þannig, að lágmarksverðið á að vera kr. 1,30 fyrir lifrarlítrann, og ríkisstj. á að segja til strax, hvaða ábyrgð hún tekur á verði á útfluttu þorskalýsi, og reikna það út, með aðstoð sinna sérfræðinga, hvað þetta lýsisverð þurfi að vera, til þess að hægt sé að borga kr. 1,30 fyrir hvern lítra af lifur. Þetta virðist ekki erfitt að skilja, og hæstv. atvmrh., sem búinn er síðan 1946 að framkvæma fiskábyrgðarlögin, ætti að kannast við þessar aðferðir. — Hæstv. atvmrh. segir, að það sé broslegt að taka frá mönnum aðhaldið um að reyna að ná sem allra beztu verði fyrir útflutningsvörur sínar, sem gert sé með ríkisábyrgð á útflutningsverði. Hann er nú samt sem áður búinn að framkvæma ríkisábyrgðir á fiskútflutningi. Þetta segir hann því eftir að í mörg ár er búin að vera í gildi löggjöf um að verðbæta bátafiskinn. Og þegar nú á að bæta einu litlu atriði við þær uppbótagreiðslur, þá segir hæstv. ráðh., að þetta sé broslegt.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. S-M. segir, að ríkisstj. eigi að reikna út og ákveða og tilkynna lýsisútflytjendum, hvaða verð þeir þurfi að fá fyrir ýmsar lýsistegundir að hennar dómi, til þess að geta staðið undir því að greiða kr. 1,30 verð fyrir lítrann af lifur. Við hvað á ríkisstj. að miða í þessu efni? Við sínar fyrri hugmyndir eða markaðsverðið í dag, eða hvað? Við skulum segja, að ríkisstj. geri þetta og hún segi: Þetta skal lýsið kosta, nr. 1, nr. 2 og nr. 3 o. s. frv. Gott og vel. Svo tekur kaupandinn við þeirri reglugerð. Segjum, að hann falli ekki í þá freistni að selja lýsið of lágu verði vegna samkeppni. En svo fær hann ekki nóg verð fyrir það samt, samkv. reglugerð ríkisstj., til þess að standa undir lifrarverðinu, kr. 1,30 fyrir lítrann. Hvað segja þá lögin? Það er ætlazt til þess, að ríkissjóður verði látinn ábyrgjast það, sem á kann að vanta, að söluverð lýsis tryggi bátaútveginum kr. 1,30 fyrir hvern lítra af lifur. Hann getur þess vegna á hvaða stundu sem er viðkomandi útflutningsverðinu komið með bakreikning á ríkisstj. og ríkissjóðinn og virt allar reglugerðir að vettugi. Það er lagastafurinn, sem gildir í þessu sambandi, en ekki reglugerð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta er þegar orðið allrætt mál frá ýmsum hliðum, og talað er um erfiðleika við framkvæmd á þessu frv., sem ekki er nú orðið að l. enn þá, og þeim breyt., sem fram eru bornar. Hæstv. atvmrh. talaði mjög um það, að erfitt mundi vera að reikna út, hvað eigi að borga mikla uppbót á lýsisverðið samkv. þessari breyt., ef samþ. verður við frv., til þess að þeir, sem eiga lifrina og leggja hana inn, geti fengið einnar kr. og þrjátíu aura verð á hvern lítra, og þetta segir hann þrátt fyrir það, þótt ríkisstj. eigi yfir að ráða starfskröftum hinna færustu sérfræðinga á þessu sviði. En nú hefur hæstv. atvmrh. gefið upp, að verði till. hans samþ., þá muni ríkisstj. setja lýsi á frílista. Ég hef áður haldið því fram í neðri deild, að hæstv. ríkisstj. hafi enga heimild til að setja vörur á frílista, en nú skulum við segja, að lýsið sé sett á frílista. Er þá allur vandinn leystur? Útflytjendur leggja vissar prósentur á gjaldeyrinn, en sú álagning á vitanlega að koma til útgerðarmanna og hlutarsjómanna. En geti hæstv. ríkisstj. ekki reiknað út, hve mikið þurfi að leggja á lýsið til að greiða kr. 1,30 pr. lítra af lifur, hvernig ætlar hún þá að reikna út, hve miklu útflytjendur eiga að skila til útgerðarmanna og sjómanna, og þá getur orðið vafasamt, að álagið komi til réttra aðila, og gætu menn þá haft efasemdir um þetta. Ef þetta ætti að framkvæma samvizkusamlega, þá yrði ekki komizt hjá að reikna þetta út, og væri þá hægt að láta hina reikningsfróðu koma þar til skjalanna. En þeim getur auðvitað skjátlazt, og komu fram athyglisverðar upplýsingar um það hjá hv. þm. Snæf. (SÁ). Hann gat um það, að félag við Breiðafjörð, sem hefði keypt fisk 1947, hefði tapað miklu á því, að verðið var ekki reiknað rétt. Sama verð var ákveðið á hráefninu á öllum stöðunum, en varan var misjafnlega góð á hinum ýmsu stöðum. Á einum staðnum fæst minna magn af saltfiski og hraðfrystum fiski, miðað við þunga hráefnisins, en á öðrum stað, og þannig fór fyrir félagi þessu og beið það mikið tjón af. Ég tel það siðferðislega skyldu ríkissjóðs að bæta þeim það upp. Það mun vera verðminni lifur við Breiðafjörð en t. d. í Vestmannaeyjum, svo að Breiðfirðingar fá tiltölulega meira verð fyrir lifur sína með þessu móti, en þeir eru vel að því komnir, vegna þess hve illa hefur verið með þá farið í sambandi við fiskkaupin áður.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. atvmrh. sagði, að þó að ríkisstj. vildi gefa út reglugerð, þar sem tiltekið væri verð á lýsinu, þá gætu útflytjendur alltaf komið með bakreikninga og heimtað að þeir væru greiddir, þá vildi ég biðja menn að lesa 1. gr., og þá geta þeir séð, að um heimild fyrir ríkisstj. er að ræða, svo að hún getur hagað sér eins og hún vill í þessu, svo að enginn geti sýnt reikninga um annað en það, sem ríkisstj. hefur gefið út með reglugerð eða á annan hátt.

ATKVGR.

Brtt. 225 felld með 25:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, GÞG, HG, IngJ, JóhH, JJós, JPálm, JS, JR, KS, LJóh, ÓTh, PO, SÁ, SB, StJSt, StSt, ÞÞ, ÁÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, FJ, GJ.

nei: HÁ, HelgJ, HermJ, JG, JÁ, JörB, KK, MK, PZ, RÞ, SG, SkG, StgrA, VH, ÁkJ, ÁB, ÁS, BSt, BÁ, BrB, EOl, EystJ, FRV, GG, StgrSt.

GÍG greiddi ekki atkv.

1 þm. (PÞ) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Með tilvísun til grg. fyrir atkv. mínu við nafnakall um sams konar till. í Nd. í dag segi ég já.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv., að viðhöfðu

nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EE, EmJ, EystJ, FRV, FJ, GG, GJ, GTh, GÞG, HÁ, GÍG, HG, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JPálm, JS, JÁ, JR, JörB, KK, KS, LJóh, MK, ÓTh, PO, RÞ, SÁ, SB, SG, SkG, StJSt, StSt, StgrA, VH, ÞÞ, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, ÁS, BSt, BÁ, BBen, BÓ, BrB, StgrSt.
HermJ, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PÞ) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Afgreiðslu Alþingis á frv. ríkisstj., eins og það nú lítur út, skil ég svo, að þingið líti á þetta sem bráðabirgðaráðstöfun eingöngu og að það sé þess vegna óhagganlegur ásetningur þingsins að gera varanlegar ráðstafanir fyrir 1. marz n. k., er tryggi hag ríkissjóðs. Ég segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 226).

6. Tollskrá o. fl. (bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939).

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá [51. mál] (stjfrv., A. 69).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. um bráðabirgðabreyt. á lögum um tollskrá er um framhald á gildi eldri laga, sem sett hafa verið til sérstakrar tekjuöflunar í sambandi við dýrtíðarráðstafanir. Það er ekki talið fært að láta þetta að sinni niður falla, þangað til aðrar ráðstafanir hafa verið gerðar í þessum efnum. Og þess vegna er lagt til, að lög þessi verði framlengd nú næsta ár.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2, umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 69, n. 203 og 204).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ágústsson): Nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 204 um mál það, sem hér er til umr., var samþ. á fjhn.-fundi í gær með 4:1 atkv. Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) hefur sérstöðu og mun skila séráliti. Meiri hl. n. leggur til, að hv. d. samþykki frv. eins og það var lagt fyrir Alþ., með þeirri smávægilegu breyt. á 4. gr., að í stað þess, sem í frv. stendur: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950" komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.
Ég tel svo óþarft að fara fleiri orðum um frv. fyrir hönd meiri hl. fjhn.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Vegna þess, að gert var ráð fyrir, að þessi lög tækju gildi 1. janúar, en orðið hefur út undan, að þau næðu gildi fyrir þann tíma, tel ég nauðsynlegt, að til viðbótar verði gerð önnur breyt. en sú, sem n. leggur til, þ. e. að í staðinn fyrir orðin „Á árinu 1950 skal innheimta" í upphafi 1. gr. komi: Frá 1. janúar 1950 skal innheimta. — Þessir tollar hafa verið í innheimtu frá áramótum, og mundi það gefa mönnum lagalegan rétt til að krefja ríkissjóð skaðabóta um þann tíma, ef þessu væri ekki breytt. Þetta hefur komið fyrir áður, og er bezt að setja undir þann leka. Mun ég því bera fram skriflega brtt., sem hnígur í þessa átt.

Forseti (SB): Mér hefur borizt brtt. frá hæstv. fjmrh. (BÓ), sem hann hefur nú lýst. — Brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 215) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 215 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 204 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 216, 220).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 220 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. mínu við þetta frv. — eða minni hlutans —, er ég andvígur 1. gr. þess. Þarf eigi að lengja umræðurnar, því að þetta mál hefur verið rætt ýtarlega áður, og mun ég því eigi gera það hér mikið frekar að umtalsefni en orðið er. — Aðalinnihald frv. er þetta, að tolla skuli innheimta með tvenns konar álagi, vörumagnstoll með 200% álagi og verðtoll með 65% álagi. En um þessa aðferð hefur verið ágreiningur, og þarf ekki að fara nánar út í það. Hins vegar vil ég leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við 1. gr. frv., svo hljóðandi: „Í stað orðanna „Frá 1. jan. 1950" komi: Í janúar- og febrúarmánuði 1950." Ég vil, að þetta orðist svo. Á hinn veginn hefur það verið orðað af misskilningi. Liggur nú fyrir brtt. frá hæstv. fjmrh. um, að aftan við 4. gr. bætist, að l. gildi til ársloka 1950, en ég vil láta það koma fram, að heimta eigi inn tolla þessa fyrir þann tíma, sem liðinn er af janúarmánuði. Hitt skal ég ekki segja um, hvort það sé löglegt. — Ef þessi brtt. mín yrði

samþ., mundi það hafa í för með sér þá breyt., að í stað þess, að tollaálögurnar væru látnar gilda allt árið, þá mundi sami háttur á verða hafður og með fiskábyrgðina, að þessir tollar stæðu aðeins fyrir janúar- og febrúarmánuð. Hér í þessari hv. d. hefur okkur verið lofað af hálfu hæstv. ríkisstj., að nýjar leiðir skyldu farnar í febrúarmánuði. En við vitum ekki um það kraftaverk enn þá. Á hinn bóginn er trúin á það mikil, og því álít ég, að samþykkja megi þessi gjöld. Ég álít því eðlilegt að láta þetta gilda í janúar og febrúar aðeins, því að þeir, sem vilja fara nýjar leiðir, munu geta fallizt á það, og ég vona því, að brtt. mín verði samþ. Annars álít ég, að ekki eigi að halda þessum tollum áfram, og þegar ábyrgðin á fiskinum á að falla brott, þá er engin meining í því að halda þungum tollaálögum áfram.

Ég óska þess svo, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir till. minni, og afhendi honum hana.

(*Forsrh.:* Á að skilja þetta sem yfirlýsingu um, að sósialistar muni fylgja nýjum leiðum, sem farnar kunna að verða?) Það fer nú eftir því, hverjar þessar leiðir eru.

(*Forsrh.:* Eða á að koma heimsendir 1. marz?) Hvers konar heimsendir?

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 227) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 227 felld með 19:5 atkv.

— 220 samþ. með 18 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 31. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 228).

Á 32. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér um ræðir, er framlenging á tollaákvæðum, er giltu á síðasta ári, og er því í rauninni einn liður til viðbótar við þau tollafrv., sem framlengd voru fyrir áramót. Þetta frv. var lagt fram jafnt og hin, en hafði af einhverjum ástæðum gleymzt við afgreiðsluna fyrir áramót. Hins vegar hafa þessir tollar verið innheimtir frá áramótum og þar af leiðandi brýn nauðsyn, að frv. fái staðfestingu strax. Ég hef því beðið hæstv. forseta að taka það á dagskrá í dag og vil leyfa mér að óska, að það gæti gengið í gegnum allar umr. og hlotið afgreiðslu í kvöld. Til þess að tefja ekki tímann um of og ef enginn mælir því gegn, þá legg ég til, að frv. fari ekki til nefndar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir gefast hér sérstakt tilefni til þess að svara ásökunum þm. Str. í sambandi við fjármál ríkisins. Hér er nefnilega á ferðinni eitt af þeim mörgu tollafrv., sem þessi hv. þm. og hans flokkur eru upphaflega höfundar að, en það hefur alltaf verið stefna Framsfl. að auka tolla og hækka skatta. Hér er því um að ræða gamlan kunningja þm. Str. (*PZ:* Hver hefur verið fjmrh. undanfarið, og hverjir hafa samþ. þessar tollahækkanir?) Vill ekki þm. halda sér saman. — Út af þeim ásökunum, sem fram hafa komið um það, að þetta frv. væri seint á ferð, þá vil ég benda á, að það var lagt fyrir Nd. 7. des. s. l. Ég ætla ekki að fara lengra út í viðræður við þm. Str. um þessi mál nú, þar sem tími er mjög takmarkaður, en ég teldi ekki nema eðlilegt, að hann bæði deildina að fyrirgefa í sambandi við þær ásakanir, sem hann hefur komið með á Sjálfstfl. fyrir fjármálastjórnina, því að þar á hann og hans flokkur stærstu sökina.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég er satt að segja undrandi yfir, að þm. Barð. skyldi ekki hafa hljótt um sig í sambandi við þetta mál, því að það er sjaldgæft, að þm. fái eins eftirminnilega ofanígjöf eins og þetta frv. veitir þm. Barð. Það er eins og meinleg örlög elti þm., því að strax og hann hefur lokið varnarræðu sinni í sambandi við það, að ég minntist á öngþveitið í fjármálastjórn Sjálfstfl., þá kemur fram frv., sem er svo glöggt dæmi máli mínu til stuðnings, að ekki verður um villzt. Það er því hann, sem ætti að biðja deildina afsökunar á sínum málflutningi.

Ég skal að vísu viðurkenna það hjá hæstv. fjmrh., að þetta er ekki stórmál, sem hér liggur fyrir, en það er bara táknrænt dæmi, að slóðaskapurinn skuli vera svo mikill, að það gleymist að framlengja tollalög eins og þessi, sem hér eru til umr. Ég vil líka algerlega neita því, að það sé til einhver venja, sem heimilar að innheimta tolla án laga, eins og hæstv. fjmrh. virtist halda fram. Það væri einkennilegt fyrirkomulag, ef Alþingi felldi lög t. d. um tolla, að hægt væri að innheimta tollana áfram eftir venju. Þó að hér sé um smámál að ræða, þá er þetta ekki eins meinlaust eins og það lítur út fyrir að vera. Það er óneitanlega nýstárleg aðferð að láta tollalög verka aftur fyrir sig, og ég veit ekki um nokkra einustu heimild til þess. Hæstv. fjmrh. sagði nú að vísu, að þetta frv. hefði orðið út undan, þegar önnur tollal. voru samþ. fyrir áramótin, en á slíkri gleymsku ber auðvitað ríkisstj. ábyrgð og þá einkum fjmrh. Það er ómögulegt að telja það sök Framsfl., eða telja þm. Sjálfstfl., að þm. Framsfl. eigi að minna sig á, þegar þeir gleyma eða trassa það, sem þeir hafa tekið að sér? Það væri nú kannske hægt að afsaka þessa gleymsku út af fyrir sig, því að mikið var að gera fyrir áramót, ef hún væri einsdæmi. En það er langt frá því. Sá hugsunarháttur, að svona lagað geri ekkert til, er orðinn svo ríkur. Það er t. d. alveg hætt að virða ákvæði stjskr. um fjárlögin, en þar er tekið fram, að ekkert gjald megi greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Nú er svo komið, að fjárlög eru ekki afgreidd fyrr en margir mánuðir eru liðnir af því ári, sem þau eiga að gilda fyrir, og þar af leiðandi greitt úr ríkissjóði án fjárlaga þriðja hluta

ársins. Það eru líka sérstök ákvæði í stjskr. um það, að frv. til fjárlaga skuli lagt fyrir Alþingi, þegar er það er saman komið, fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer. Hefur þetta verið gert? Nei, það hefur verið þverbrotið. Svona er fjármálastjórnin, og vitanlega hvílir aðalsökin á þeim, sem með þessi mál fara. Þetta hlýtur hver heilvita maður að sjá, sem á annað borð kærir sig nokkuð um að sjá það.

Ég ætla nú ekki að fara lengra út í þetta hér, en vil aðeins benda á að lokum, að það er ómögulegt fyrir þm. Barð. eða flokksmenn hans að kenna öðrum um allt, sem aflaga fer í þeirra eigin höndum. Og í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., þá er sökin hjá fjmrh., því að auðvitað á hann að sjá um, að málin gleymist ekki, þegar svona stendur á, og ekki síður á honum að vera það auðvelt, þegar forseti d., sem málið gleymist hjá, er úr hans eigin flokki.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa orðið, vil ég minna á, að svipuð frv. og hér er á ferð voru afgreidd í flýti fyrir jól, en þá hafði þetta orðið eftir hjá fjhn. Nd. og ekki verið athugað í tíma, hversu aðkallandi afgreiðsla þess var. Það má vel vera, að mér hafi borið skylda til að sjá um, að frv. væri afgreitt, en hver svo sem sök á, þá er það viðurkennt, að hér er um yfirsjón að ræða, og hér er frv. til meðferðar til þess að bæta úr þeirri yfirsjón, eftir því sem hægt er. Ég sé nú ekki, að það hafi neitt voðalegt skeð, þó að það sé auðvitað leiðinlegt að afla slíkrar heimildar eftir á. En úr því að svona er komið, þá finnst mér engin frágangssök að samþ. frv. nú. — Um hitt atriðið, hvort endurgreiða eigi þann toll, sem innheimtur hefur verið eftir gömlu lögunum frá áramótum, er auðvitað hægt að ræða. Annars virðist mér, að það mundi verða mjög erfitt í framkvæmd, vegna þess að sú vara, sem um er að ræða, mun í mörgum tilfellum komin út til neytenda, og yrði því að endurgreiða tollinn til þeirra. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Það er viðurkennt, að mistök hafa átt sér stað, en þm. er kunnugt, hvað olli þeim, þ. e. a. s. það flaustur, sem var á afgreiðslu mála fyrir jól, til þess að þm. kæmust í jólaleyfi, og þar sem enginn stór skaði hefur skeð, sé ég ekki ástæðu til, að gert sé meira veður út af þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, VH, ÞÞ, GJ, GÍG, HG, HermJ, KK, BSt.

nei: StgrA.

PZ greiddi ekki atkv.

6 þm. (BBen, BrB, EE, FRV, JJós, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Á síðasta þingi spurði ég um í sambandi við benzínskattinn, hvort hægt væri að láta slíka skatta verka aftur fyrir sig. Ég fékk þá ekkert svar, hvorki frá ríkisstj. né þeim lögfræðingum, sem sæti eiga í deildinni. Ég taldi þetta ekki hægt og tók því ekki þátt í atkvgr. um það mál. Ég er sömu skoðunar enn og greiði þess vegna ekki atkv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA.

nei: ÞÞ, GJ, GÍG, HG, HermJ, KK, VH, BSt.

PZ, RÞ greiddu ekki atkv.

6 þm. (BBen, BrB, EE, FRV, JJós, LJóh) fjarstaddir.

Á 33. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er nærri því auðséð af meðferð þessa máls, að það er eitt af stórmálum Alþingis. Það virðist vera að verða nokkuð ríkur siður hér á Alþ., að afgreiðsla hinna smæstu mála taki lengstan tíma og mest af störfum þingsins, en stærstu málin eru iðulega afgreidd af mikilli skyndingu, og nú á að gera það án þess, að boðað hafi verið með dagskrá. (*Forseti:* Það var boðað hér á næsta fundi á undan.) Það var boðað, er um helmingur deildarmanna var hér á fundi. Þeir, sem ekki voru viðstaddir, munu tæplega hafa fengið tilkynningu um það. Ég tel þetta óhæfilega meðferð máls, þar sem um er að ræða álögur, sem nema tugum milljóna króna. Ég greiddi ekki atkv. á móti afbrigðum við 1. umr., því að segja hefði mátt, að eðlilegt væri, að málið gengi nú til nefndar. En nú er það ekki látið nægja, heldur látið hjá líða að vísa málinu til nefndar, og er ætlazt til, að öllum umræðum sé lokið á fáeinum mínútum, án þess að dm. vissu, að málið átti að taka og afgreiða í dag. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og tel þau fyrir neðan virðingu Alþingis.

Ég mun hins vegar ekki ræða efni þessa frv. eða praktiska þýðingu þess að svo stöddu, en aðeins lýsa yfir, að ég er á móti þessum aðferðum til að fara ofan í vasa almennings eftir tekjum handa ríkinu. Sósíalistaflokkurinn hefur bent á aðrar tekjuöflunarleiðir fyrir ríkið, og er á móti þessu frv.

Ég get ekki stillt mig um að vekja með örfáum orðum athygli á þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að þrátt fyrir það að engin lög hafa um þetta gilt frá 1. jan. s. l., þá hefðu þessir tollar verið innheimtir, eins og lögin væru enn í gildi. Mér finnst þetta athyglisverð yfirlýsing og ástæða til, að hv. dm. taki eftir henni. Ég sé ekki betur en ríkisstj. líti þannig á, að það sé alveg á hennar valdi, hvaða tollaupphæðir heimilist að leggja á söluverð vara til neytenda. Ef ríkisstj. hefur talið sig bæra um að gera þetta frá 1. jan., án þess að styðjast við lög, þá er hún alveg eins bær um að gera það áfram lagalaust. Ef þetta væri svo, sé ég enga

ástæðu til að framlengja þessi lög. Ég vil hins vegar ekki styðja þann skilning, að ríkisstj. þurfi ekki á lagaheimild að halda til að innheimta þessa tolla af almenningi, og jafnvel þótt lög hér um væru framlengd, er ég á móti að framlengja þau fyrir allt árið, og jafnvel frá sjónarmiði þeirra, sem telja þessar ráðstafanir réttmætar, væri ekki rétt að láta þær ná til alls ársins.

Það hefur verið mjög mikið um það talað hér á Alþ. að undanförnu, að í næsta mánuði lægi fyrir hv. Alþ. að taka fjármál og atvinnumál ríkisins til alveg sérstakrar athugunar og leita úrræða til frambúðar. Þykir mér sennilegt, að þá komi mjög til umræðu tekjuöflunarleiðir ríkisins, og því er engin ástæða til og ekki rétt að framlengja ákvæði þessa frv. nema þá til bráðabirgða. Mér þykir líklegt, að um þetta hefði verið rætt hér í n., ef málinu hefði verið vísað til nefndar, rætt um að framlengja þessi lög til bráðabirgða, en láta frambúðarlausn bíða í sambandi við allsherjarathugun og væntanlega lausn þessara mála, sem svo mikið er um talað.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar, en ítreka það, að ég bið hv. dm. að gefa sérstakan gaum að þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að þessir tollar hafi verið innheimtir í ríkissjóð án þess að gilt hafi um það lög frá 1. janúar. Það er alveg nýtt fyrirbæri í framkvæmdastjórn ríkisins.

Forseti (BSt): Ég er undrandi á ræðu hv. 4. landsk., ekki sízt af því, að hann var um skeið sjálfur forseti þessarar hv. deildar. Hann segir, að það hafi ekki verið boðað fyrr en á þessum fundi, að málið væri á dagskrá. En á 31. fundi deildarinnar var þetta annað málið á dagskránni. Til þess fundar var boðað á venjulegan hátt. Í lok þess fundar var boðað, að málið yrði tekið til 2. umr. á nýjum fundi strax að loknum þeim fundi. Ýmsir dm. munu ekki hafa vitað, að málið yrði tekið til 2. umr., það er rétt. En hverju var um að kenna? Ég veit, að einn hv. dm. er það lasinn, að hann er ekki fær um að vera hér, hv. þm. Seyðf. Enginn annar dm. hefur boðað forföll. Og þingmenn eiga að sækja fundi og vera viðstaddir, ella láta forseta vita. Þeir mega því sjálfum sér um kenna, sem ekki eru viðstaddir. Þegar hv. 4. landsk. var forseti þessarar deildar, hélt hann oft fundi hvað eftir annað með sama hætti og ég hef nú gert. Ég sé því ekki annað en meðferð málsins sé rétt samkvæmt þingsköpum, úr því að afbrigði hafa verið veitt. — Um efni þessa frv. verður ekki rætt frá þessum stað.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vona, að umræðum um þetta mál sé brátt lokið á þessum fundi. Ég vil hér aðeins mótmæla því, að ég hafi hér gefið nýja stefnuyfirlýsingu um innheimtu tolla og skatta að geðþótta ríkisstjórnarinnar. Það er hrein fjarstæða. Af hreinni vangá var það, að ekki voru samþ. lög um framlengingu þessara laga fyrir áramótin. Ef þeirri vangá væri ekki um að kenna, þá væri þetta frv. orðið að lögum eins og önnur framlengingarfrumvörp. Hér er svo sem ekki um neitt nýmæli að ræða. Þetta hefur gilt í mörg ár.

Gísli Jónsson: Ég vildi aðeins gera grein fyrir afstöðu minni með örfáum orðum. Ég tók það fram áður, að ég greiddi þessu máli atkv. til þessarar umræðu, en nú get ég greitt því atkvæði áfram. Það er upplýst hér og viðurkennt af hæstv. fjmrh., að það sé af hreinni vangá, að mál þetta hefur ekki komið fyrr hér til afgreiðslu. Það er upplýst, að því var útbýtt hér 7. des., og það er ljóst, að ríkisstj. hafði ekki ástæðu til að ætla, að málið næði ekki fram að ganga, enda hefði hún ekki getað sætt sig við að það yrði fellt. Hér er aðeins um framlengingu á fyrri tekjuöflun að ræða, og ég sé ekki, enda þótt ég fylgi þessu frv., að ég ljái þeirri stefnu lið að leggja á tolla eftir á. Það er aðeins af vangá, að þetta mál hefur ekki verið afgr. áður. Hér er ekki um neinar nýjar álögur að ræða, og stj. hafði aldrei ástæðu til að ætla, að frv. yrði fellt. Ég er því með þessu frv. og viðurkenni ekki, að með samþykkt þess sé verið að leggja á tolla eftir á.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja hér umræður, en leyfi mér að bera fram skriflega brtt. við 4. gr. varðandi gildistíma laganna, á þá leið, að í stað orðanna „ársloka 1950" komi: 1. marz 1950. Rökin fyrir þessari brtt. færði ég fram áðan. Það hefur verið boðað af ríkisstj., að í næsta mánuði verði lögð fyrir Alþ. úrræði, sem eigi að vera til úrbóta í atvinnu- og fjármálum, og er því ástæðulaust að binda þetta til lengri tíma en 1. marz.

Hæstv. fjmrh. vildi ekki viðurkenna, að hann hefði lýst því yfir, að ríkisstj. gæti innheimt tolla án laga. Hann lýsti því nú samt yfir í fyrri ræðu sinni, og hvað sem öllum yfirlýsingum líður, þá er það staðreynd, að stj. hefur innheimt þessa tolla án lagafyrirmæla síðan 1. jan. Hún hefur þótzt geta þetta án þess að spyrja Alþ. Þessu hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir, og ég tel þetta svo merkilegt, að ástæða sé til að vekja á því athygli hér á Alþ. — Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 229) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umræður til muna. Þó er þetta merkilegt mál, en ég veit ekki, hvort allir hv. dm. hafa veitt því athygli.

Ef einhver hefði nú neitað að greiða toll síðan 1. janúar og hefði samt heimtað að fá vörur sínar tollafgreiddar, þá hefði ekki verið hægt að neita honum um það. Hefði þessi maður síðan farið til verðlagseftirlitsins og síðan selt vörurnar, er fyrirsjáanlegt, að ekki

hefði verið hægt að innheimta tollinn eftir á. Ég vil aðeins benda á, að svona hefði farið, ef einhver hefði neitað að greiða tollinn. Ég fyrir mitt leyti veit, að þetta hefur dregizt af vangá og það hefur verið venja að framlengja þessa tekjustofna fyrir allt árið, og geri ég ráð fyrir, að það sé ekki óeðlilegt. En ég er ekki með því, að lögin séu látin verka aftur fyrir sig. Ég er með framlengingunni, en ekki með afturverkun, því að með henni er eins og verið að gefa til kynna, að þetta sé eðlilegt. En það get ég ekki gert, og það er ekki rétt hjá hv. þm. Barð., að það skipti neinu í því sambandi, hvort þetta hefur dregizt af vangá eða ekki. Reglan er hin sama, hvort sem um vangá er að ræða eða ekki, að lög eiga ekki að verka aftur fyrir sig. Svo að nú er það súra eplið, sem hv. þm. Barð. verður að bíta í, ef hann ætlar að fylgja þessu máli, að hann samþykki að láta lög verka aftur fyrir sig.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, GÍG, HG, JJós, ÞÞ, BBen, BSt.
nei: StgrA.
HermJ, KK, PZ, RÞ, FRV greiddu ekki atkv.
4 þm. (LJóh, VH, BrB, EE) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ég gerði áðan grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég vil hér mótmæla því, sem síðar kom fram hjá hv. þm. Str., og lýsa það útúrsnúning. Hér er ekki um nýja tolla að ræða, heldur aðeins framlengingu á innheimtu eldri tolla, sem þarf að staðfesta, en féll niður af vangá fyrir áramótin. Ég segi því já.

Haraldur Guðmundsson: Ég fæ ekki séð, að ráðh. hafi heimild til að innheimta tollinn frá 1. jan. Skýring hefur komið fram á því, að dregizt hefur að leggja fram þetta mál, og mun ég greiða atkv. með því, en ég tek fram, að ekki er hægt að láta lögin verka aftur fyrir sig. Ég segi já.

Bernharð Stefánsson: Þó að ég líti svo á, að stjórnin hafi haft vafasama heimild til að innheimta tollinn, það sem af er þessum mánuði, þá lít ég svo á hins vegar, að Alþ. geti með lögum kveðið svo á, að tollinn skuli innheimta frá þeim tíma, þ. e. áramótum, þótt ég sé ekki þar með að segja, að heppilegt sé að láta tollinn verka aftur fyrir sig. Ég segi já.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 229 felld með 9:1 atkv.
4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 7:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BBen, GJ, GÍG, HG, JJós, BSt.
nei: StgrA.
KK, PZ, RÞ greiddu ekki atkv.
6 þm. (BrB, EE, FRV, HermJ, LJóh, VH) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég lýsti því yfir í fyrra í sambandi við frv., sem lét skatta verka aftur fyrir sig, að ég teldi slíkt ekki mögulegt. Nú endurtekur sagan sig, og greiði ég því ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 230).

---

7. Gengisskráning o. fl. (breyt. á l. nr. 51/1940).

Á 3. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1940, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi [22. mál] (stjfrv., A. 26).

Á 5. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þann 18. sept. s. l. var tilkynnt í Bretlandi, að ríkisstjórnin þar í landi hefði ákveðið að lækka gengi sterlingspundsins gagnvart dollar mjög verulega. Nokkru síðar tilkynntu svo um 20 önnur ríki víðs vegar um heim, þar á meðal flest aðalviðskiptalönd okkar, að þau mundu á sama hátt fella gengi sinnar myntar gagnvart dollar, eða m. ö. o. láta sína mynt fylgja pundinu eftir. Eftir að málið hafði verið athugað í ríkisstj. og bönkunum, þótti sýnt, að ekki yrði hjá því komizt, að íslenzka krónan fylgdi pundinu, eins og hún hafði raunar áður gert, en í lögum var, að þegar pundið lækkaði niður fyrir visst hlutfall gagnvart dollar, þá skyldi krónan fylgja dollar, en ekki pundi. Þessu ákvæði var breytt með brbl. og ákveðið, að krónan skyldi fylgja pundinu, enda þótt það hefði lækkað niður fyrir þetta vissa hlutfall gagnvart dollar. Þótti ekki annað fært, því að ella hefði stöðvazt útflutningsverzlunin við öll helztu viðskiptalönd okkar. — Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 60).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. tók mál þetta fyrir á fundi sínum. Þetta frv. er staðfesting á brbl., sem áður hafa verið staðfest af ríkisstj. Á áðurnefndum fundi voru 4 nm. mættir, einn var fjarverandi, en hann hefur lýst því yfir við mig persónulega, að hann sé frv. samþykkur, og verður þá að teljast, að 4 nm. mæli með því, enda þótt í nál. standi, að þeir séu ekki nema 3. Fimmti nm. hefur ekki gert grein fyrir afstöðu sinni í málinu. Ég get sagt það fyrir mig persónulega, að þó að ég sé lítið hrifinn af þessari breytingu, þá tel ég það augljóst mál, að ekki hafi verið um annað að ræða og því sé ekki ástæða til þess, að meiri hl. n. fari hér að hreyfa mótmælum gegn frv., og leggja því 4 nm. til, að frv. þetta sé samþ., eins og það liggur hér fyrir.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Frv. er þegar orðið að l. og þegar komið til framkvæmda. Það er aðeins beðið um staðfestingu Alþ., sem vitaskuld er fyrir fram gefin. En það er ekki hægt að taka afstöðu til þessarar ráðstöfunar, um skráningu gengis íslenzku krónunnar í samræmi við sterlingspundið, út af fyrir sig. Þetta er afleiðing þeirrar viðskiptapólitíkur, sem rekin hefur verið undanfarið, og það er enn fremur afleiðing af þessari pólitík, að verðfelling sterlingspundsins og annars gjaldeyris, sem fylgir sterlingspundinu, hefur orðið slíkt áfall fyrir íslenzkan almenning og raun er á orðin og eftir á að koma betur í ljós seinna. Þetta hefur í för með sér mikla launalækkun fyrir alla launþega landsins. Það er ekki hægt að segja um það með vissu, hve mikið það er, en tekjurýrnun almennings mun nema mörgum tugum milljóna króna á ári. Spurningin verður þá, hverjir eigi að bera þessar byrðar. Sósfl. getur ekki fallizt á og telur fráleitt, að hið vinnandi fólk eigi að bera þær allar eða meginþunga þeirra. Hann telur þess vegna, að ef sú leið er farin að láta krónuna fylgja sterlingspundinu, þurfi að gera aðrar ráðstafanir um leið, t. d. sem lágmarksráðstöfun að afnema bindingu kaupgjaldsvísitölunnar við 300 stig. Um þetta hefur þegar verið lagt fram frv. hér á Alþ. Hins vegar er ekki hægt að nema þessi brbl. úr gildi og hækka þar með krónuna aftur, nema þá að gerðar verði um leið allvíðtækar ráðstafanir. Sem sagt, til málsins er út af fyrir sig ekki hægt að taka afstöðu, og ég mun þess vegna sitja hjá við þessa atkvgr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 3. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er fyrir hönd hæstv. viðskmrh., sem er önnum kafinn í Nd., að ég stend upp til þess að fara þess á leit, að d. að lokinni þessari umr. fylgi málinu eftir út úr d. Er það von mín, að það fáist afgr. á þessum fundi.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 11. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þetta frv. er í samræmi við brbl., sem sett voru um sölu erlends gjaldeyris, þegar gengi pundsins var fellt í september s. l., og var þá lagt til, að krónan fylgdi pundinu, eins og hún hafði gert áður. Það var sjáanlegt þegar í upphafi, að útflutningurinn gat ekki risið undir því, að krónan fylgdi dollar eða réttara sagt hækkaði á móti pundinu sem svaraði því, er gengisbreytingu þess nam. Það var öllum ljóst, að til þess að nokkrir möguleikar væru á því að halda uppi útflutningi og fá markað fyrir útflutningsvörur, þá var nauðugur einn kostur í fyrsta lagi að geta lækkað kostnað við framleiðslu þeirra sem svaraði gengisbreytingunni, en mönnum var líka ljóst, að það var nógu erfitt að gera framleiðsluna samkeppnishæfa, þó að þetta bættist ekki við. Þess vegna munu flestir hafa verið sammála um, að það var ekkert annað að gera fyrir fyrrv. ríkisstj. en láta krónuna fylgja pundinu, sem hún líka gerði, og er hér farið fram á staðfestingu á þeim brbl.

Ég tel óþarft að fjölyrða um þetta. Þetta mál er raunverulega afgreitt, og verður skrefið ekki stigið til baka, svo að umræður mundu ekki breyta miklu gangi málsins. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að umr. um þetta mál hafa auðvitað ekki mikla þýðingu, úr því sem komið er, því að með brbl. var sköpuð staðreynd, sem ekki er þægilegt að breyta aftur án þess að það hafi í för með sér mikil óþægindi. Þetta mál fer til n., sem ég á sæti í, og skal ég ekki gera það að umtalsefni núna. Hins vegar þykir mér rétt að vekja eftirtekt á því, að raunverulega felst ekki aðeins sú breyt. í þessum l. frá því, sem var 1940, að genginu sé breytt gagnvart pundinu, heldur líka sú breyt., að það er ákveðið, að íslenzka krónan skuli fylgja pundinu, sem ekki var í l. frá 1940, því að í þeim l. átti íslenzka krónan raunverulega að fylgja dollarnum, nema því aðeins að dollarinn félli gagnvart pundinu, þá átti krónan að fylgja pundinu. Það hefur nú verið svona mikil bjartsýni þá viðvíkjandi gengi íslenzku krónunnar, að hún átti að fylgja þeirri mynt í heimsviðskiptunum, sem stabilust reyndist. Hins vegar er sjálf gengisfellingin, sem þessi l. eru staðfesting á, sögulega séð eðlileg afleiðing af

þeirri viðskiptapólitík, sem fyrrv. ríkisstj. rak.

Ég skal sem sagt ekki fjölyrða frekar um þetta mál, þar sem það verður tekið til meðferðar af þeirri n., sem ég á sæti í.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 2. þm. Reykv. gat um það, að með lögum þessum væri úr því skorið, að krónan skyldi fylgja pundinu, en ekki dollarnum. Það má vel vera, að þetta sé rétt hjá honum, að gengi krónunnar hafi á sínum tíma verið miðað við gengi dollarsins, en mig minnir, að það hafi verið miðað við gengi dollarsins og pundsins. Það út af fyrir sig hefur ekki neina raunhæfa þýðingu, eins og sakir standa. Þó að tekið sé fram í l., að gengi pundsins skuli vera kr. 26,22, þá væri það í raun og veru ekki nema eðlilegt, eins og viðskiptum okkar er nú háttað, að íslenzka krónan fylgdi þeirri mynt, sem Íslendingar hafa mestöll viðskipti sín í, og það er öllum ljóst, að viðskipti okkar hljóta nú að fara fram við þau lönd, sem byggja viðskipti sín á sterlingspundinu. Þess vegna verð ég að segja, að mér þykir út af fyrir sig ekkert einkennilegt, þó að svona sé tekið fram í brbl.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 97).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Nál. um þetta frv. liggur hér fyrir á þskj. 97, frá meiri hl. fjhn., sem mælir með því, að frv. verði samþ. Einn nm., hv. 2. þm. Reykv., taldi sig ekki samþykkan frv. Hins vegar hef ég ekki orðið var við, að frá honum hafi komið sérstakt nál. Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið, en vil aðeins geta þess, að ég tel, að ekki hafi verið um annað að ræða en að gefa þessi brbl. út, þegar breyting varð á gengisskráningu sterlingspundsins, því að það var óhjákvæmilegt fyrir okkar að láta skráningu íslenzku krónunnar fylgja sterlingspundinu.

Forseti (SB): Eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram, hefur minni hl. n. ekki gefið út nál. Af þeim orsökum þykir réttara að fresta umr. málsins að þessu sinni, og er málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það hefur nú dregizt hjá mér að gefa út nál., en það er ekki ætlunin að tefja málið, og mun ég láta nægja að gera nú grein fyrir afstöðu minni.

Þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum um gengisbreytingu íslenzku krónunnar vegna breytingar á gengi sterlingspundsins gagnvart dollar. Röksemd ríkisstj. fyrir nauðsyn þessara ráðstafana er sú, að þar sem viðskipti okkar eru bundin við Bretland og önnur lönd á sterlingsvæðinu, verði ekki hjá þessu komizt, svo að íslenzkar útflutningsafurðir lækki ekki í verði. Og sannleikurinn er sá, að ekki er unnt að aðskilja þetta eða tala um breytingar á þessum ráðstöfunum, nema með því að breyta í heild okkar viðskiptapólitík. Í lögunum frá 1940 var gengi íslenzku krónunnar bundið við dollarinn, svo fremi hann lækkaði ekki gagnvart sterlingspundi. Þeir, sem settu lögin þá, 1940, voru svo bjartsýnir, að íslenzka krónan átti að standa, þótt sterlingspundið félli. Nú er sá draumur búinn, enda mundi nú hafa staðið allt öðruvísi á, ef við hefðum t. d. haft viðskipti að hálfu við önnur lönd en þau, sem við erum nú bundnir við. Það er eðlileg afleiðing af allri okkar viðskiptapólitík, að við erum þannig neyddir til að lækka gengið, og það ætti nú engum að dyljast, hve sú pólitík er skaðleg. Ég vil t. d. minna á, að öll olía hefur nú af þessum sökum hækkað í verði, og ein aðalröksemd útvegsmanna nú fyrir því, að útvegurinn þyrfti aðstoðar, hefur verið hækkunin á olíunni vegna gengisfallsins. Enn fremur hækka ýmsar vörur aðrar, sem engilsaxnesku auðhringarnir „notera" í samræmi við gengisfall pundsins, þótt þær séu ekki framleiddar í brezka heimsveldinu. Þeir gera allt til að halda sínum „monopolum" og aðstöðu til að kaupa hráefnin á sem lægstu verði og selja þau síðan unnin við okurverði. Í baráttu okkar við þessi öfl hefðum við staðið allt öðruvísi og betur að vígi, ef við hefðum ekki bundið viðskipti okkar við þau lönd, þar sem hringarnir eru einvaldir á viðskiptasviðinu — hefðum við t. d. eins og 1947 haft a. m. k. ⅓ af mörkuðum okkar fyrir austan járntjald, eins og það er kallað. En okkar viðskiptapólitík hefur mjög breytzt síðan, og þetta er afleiðingin, að gengi krónunnar hefur þannig lækkað. Þess vegna er ekki gott að taka beinlínis afstöðu gegn þessu frv. út af fyrir sig. Þar er um ráðstöfun að ræða, sem er afleiðing af stjórnarstefnu með víðtækar afleiðingar. Til dæmis um hana hefur það sýnt sig í frv., sem enn liggur fyrir Ed., að gerðar hafa verið ráðstafanir til að fella í verði íslenzka útflutningsvöru til Póllands og borga til Landsbankans nokkuð af því fé, sem fæst fyrir þá sölu. Það hafa þannig verið gerðar ráðstafanir til að draga úr verði á útflutningsvörum okkar til landa með gullgengi.

Ég hlýt að vera andvígur þessu frv. sem einum hlekk í orsakakeðju skaðlegrar stjórnarstefnu, afleiðingu skammsýnnar og rangsnúinnar viðskiptapólitíkur, þeirrar, að tengja öll okkar viðskipti við Marshalllöndin. En aðeins með því að breyta til og verzla við bæði viðskiptasvæðin væri okkur gert mögulegt að sporna við gengisfalli okkar krónu. Og úr því sem komið er og út af fyrir sig get ég þannig ekki greitt atkvæði á móti frv. Það er afleiðing þess, sem er búið og gert. Ég mun því sitja hjá við atkvgr., eftir að hafa þannig gert nokkra grein fyrir afstöðu minni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 248).

---

8. Siglingalög.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1. febr. 1936, um breyt. á og viðauka við siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914* [17. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um mánaðamótin júlí—ágúst s. l. bárust ríkisstj. fregnir af því, að skipstjórar á síldveiðiskipum fyrir norðan land mundu ekki vegna fjárhagsörðugleika, sem leiddi af aflabresti fyrri hluta vertíðar, geta fengið keyptar vistir til skipa sinna, nema kröfur, sem stofnað væri til á þennan hátt, yrðu látnar njóta sjóveðsréttar. En í l. nr. 30 1. febr. 1946, um breyt. á og viðauka við siglingal. frá 1914, er svo ákveðið, að þessar kröfur njóti ekki sjóveðsréttar. Nú þótti það viðurhlutamikið, að síldveiðiskipin yrðu kannske um miðja vertíð að hætta veiðum, vegna þess að þessi réttur væri ekki fyrir hendi. Þess vegna voru gefin út um það brbl., að kröfur, sem skipstjórar stofnuðu til á þennan hátt vegna úttektar á vistum til skipa sinna, sem síldveiðar stunduðu 1949, yrðu látnar njóta þessa sjóveðsréttar. Frv. fjallar um þetta og þetta eitt, þ. e. að sjóveðsrétturinn er bundinn við sumarsíldveiðarnar 1949 og nær ekki til neinna annarra skipa heldur en þeirra, sem þær veiðar stunduðu. Af þeim orsökum, sem ég hef nú greint, liggur þetta mál svo ljóst fyrir, að ekki ætti að vera þörf frekari skýrslu um það. Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 106).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Sjútvn. leggur til, að þetta litla frv. verði samþ. Eins og það ber með sér, var gerð sú breyting á l. um siglingar, að sjóveðsrétturinn skyldi ná til úttektar handa skipverjum um síldveiðitímann. Þetta var gert af nauðsyn, því að skipin gátu ekki haldið áfram veiðum, án þess að tryggð væri greiðsla á nauðsynjum, eins og t. d. fæði. Nú var þetta frv. aðeins miðað við 1949 og þar af leiðandi að verða úrelt, en þörf er á framlengingu vegna þeirra, sem lánað hafa út á þetta veð, án þess að hafa gengið að því enn. Með hliðsjón af þessu leggur sjútvn. til, að þessi brbl. gildi áfram.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr., þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 232).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur ekki getað mætt sökum anna og hefur beðið mig að mæla fyrir frv. N. hefur athugað frv., sem er stjórnarfrv., og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa frekari framsögu í málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 249).

9. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur o. fl.).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna* [10. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Hér er um að ræða brbl., útgefin í tilefni þess, að í l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna frá 29. des. 1948 eru ekki skýr ákvæði um það, hvort fulltrúar útgerðarinnar, sem eiga að vera með í ráðum varðandi verðlagningu á vörum útgerðarinnar, hafi atkvæðisrétt eða bara tillögurétt á fundum viðskiptanefndar um þessi mál. Stj. taldi nauðsynlegt, að þetta væri skýrt orðað, og útvegsmenn óskuðu að hafa full réttindi á fundum n., er þessi mál væru til meðferðar. Því voru 2. júlí í sumar gefin út brbl. um þetta, og vænti ég þess, að hv. d. sé sammála um það, að rétt hafi verið að gefa útvegsmönnum þennan rétt. Ég þarf ekki að skýra málið frekar, en legg til, að því, að lokinni þessari umr., verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 44).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 2. júlí 1949 af handhöfum forsetavaldsins. Efni þess er, að við 11. gr. l. nr. 100 frá 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, skuli bætast nýr málsliður, eins og segir í 1. gr., en 11. gr. l. frá 1948 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin lætur nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina.“ Sú breyt., sem gerð er með brbl., er, að við gr. bætist, að fulltrúarnir skuli hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörum og skipaviðgerðum.

Fjhn. hefur athugað frv. og er sammála um, að rétt sé að gera þessa breyt. Leggur n. því til, að frv. sé samþ. Eins og nál. ber með sér, var einn nm. fjarstaddur, en hann er mættur hér nú og getur því gert grein fyrir afstöðu sinni. Ég legg til, að frv. sé samþ. og því vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 8. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 10. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 2. júlí þ. á. og fjalla um breyt. á l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Þetta frv. felur í sér breyt. á 11. gr. laganna, um það, að fulltrúar frá útgerðinni hafi atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagningarákvæði, sem varða nauðsynjar útvegsins.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. þetta og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 251).

Ásgeir Ásgeirsson: Ég hef ekki annað að segja fyrir n. en hún mælir með, að frv. verði samþ. eins og það hefur verið afgr. frá Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

10. Aðstoð til síldarútvegsmanna (lánsábyrgð).

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar á þessu sumri [29. mál] (stjfrv., A. 34).

Á 5. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt sem afleiðing brbl., sem ríkisstj. taldi sig tilneydda að setja í miðjum ágúst s. l., en þá var ástandið hjá fjölda af þeim bátum, er stunduðu síldveiðar, þannig, að þeir höfðu lítið eða ekkert getað greitt hásetum sínum og skulduðu mikið að öðru leyti. Síldveiðitíminn var þá engan veginn á enda, og þótti hætta á, að menn mundu hrökkva frá útgerðinni, ef ekki væri gert eitthvað, sem sætti þá betur við tilveruna en þá var orðið. Um þetta leyti var í útvarpi og blöðum oft auglýst atvinna í landi víðs vegar, og mátti af þeim orsökum eðlilegt heita, að það væri mikil freisting fyrir þá, sem búnir voru vikum saman að fara stað úr stað í aflaleit fyrir Norðurlandi og lítið höfðu úr býtum borið, að fara heldur í land til vinnu, en á hinn bóginn ekki hægt til þess að ætlast, að sjómenn, sem margir hverjir eru heimilisfeður, gætu unað því að koma í land og hafa úr engu að spila og geta ekki sent heimilum sínum neina peninga. Af þessum ástæðum þótti ríkisstj. skylt að veita nokkurn stuðning til þess að bátarnir gætu fengið bráðabirgðalán, sérstaklega í því skyni að borga sínu fólki að meira eða minna leyti eftir ástæðum, og var þetta gert í því trausti, að menn mundu þá frekar halda áfram veiðunum, en ekki hvarfla frá þeim. Bankarnir fengust báðir til þess að sinna tilmælum ríkisstj. í þessu efni, og ég held mér sé óhætt að fullyrða, að þessi aðstoð, sem ríkisstj. gekkst fyrir á þennan hátt, hafi borið töluverðan árangur. Það er að minnsta kosti fullyrt af kunnugum mönnum fyrir norðan, að ef þetta hefði ekki verið gert, hefðu margir hætt veiðum, sem héldu áfram og fengu talsverðan afla eftir þetta, margir hverjir. Ég vona þess vegna, að þingið geti fallizt á réttmæti þessara ráðstafana, sem gerðar voru á þeim tíma, sem ég hef lýst, og í þeim tilgangi, sem ég hef frá skýrt, og vil ég mælast til þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Finnur Jónsson: Það er enginn vafi á því, að það var bæði rétt og nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert með þessum brbl. á síldarvertíðinni. En þess ber líka að gæta, að þessar ráðstafanir hafa, vegna þess hvað vertíðin mistókst, náð mjög skammt. Það er kunnugt, að allur þorri sjómanna hefur komið heim með lítið annað en þá litlu kauptryggingu, sem sjómenn yfirleitt hafa á síldarvertíðinni, og eins og ástandið er nú, má segja, að það væri til lítils fyrir sjómenn, þótt þeir færu að afhenda lögfræðingi þessar kröfur til innheimtu, og að því leyti er sjóveðið orðið harla lítils virði. Þar sem svo er ástatt, að allur þorri þeirra sjómanna, sem voru á síldveiðum í sumar, mun eiga inni verulegan hluta af kaupi sínu, vil ég spyrjast fyrir um það hjá fjmrh., hvort hann eða ríkisstj. hafi ekki gert neinar tilraunir í þá átt að fá bankana til þess að kaupa sjóveðskröfurnar og koma þannig því til vegar, að þessar kaupgreiðslur gætu farið fram. Sannarlega mundi það ekki örva menn til síldveiða í framtíðinni, ef ekki verður farið að gera eitthvað í þessu og síldveiðarnar fá það orð á sig, að menn fái ekki borgað það, sem þeir eiga að fá. Það mundi ekki verða til þess að örva til síldveiða í framtíðinni. Ég hefði talið rétt, að ríkisstj. athugaði það við bankana í framhaldi af þessari bráðabirgðalagasetningu, hvort þeir væru ekki fáanlegir til að leysa úr þessu kaupgreiðsluvandamáli sjómanna, þar til Alþingi gerir þær ráðstafanir, sem væntanlega þarf að gera.

Einar Olgeirsson: Ég hef engu að bæta við það, sem hefur verið sagt hér áður, en langar að bera fram þá fyrirspurn til fjmrh. út af 3. gr., þar sem segir, að taka skuli á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, hvort hann skilji þessa grein þannig, að með samþykkt þessara brbl. hér í þinginu væri þar með raunverulega bundið í l., hvað standa skuli á fjárl., sem þetta þing á að semja fyrir næsta ár. Það mætti kannske skilja þetta þannig, að *ráðh.* bæri að taka þetta upp á fjárlfrv., en ég býst þó ekki við, að það sé meiningin. Vegna þess, að ég á sæti í þeirri n., sem ég býst við, að frv. þetta fari til, langar mig til að fá þetta fram alveg skýrt, hvort Alþ. með því að samþ. þessi brbl. er búið að binda þessa fjárupphæð á viðkomandi fjárlög.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er nú hvað snertir fjárreiður bátaútvegsins að vissu leyti og öllu leyti annað viðhorf nú fyrir hendi en var eftir síðustu síldarvertíð, þar sem í millitíðinni voru sett lög og reglur um það, á hvern hátt skyldi reyna að losa bátaútveginn við þær miklu kröfur, sem á honum hvíldu. Nú, skilanefndin hefur þessi mál með höndum, og veit ég, að margir bátar hafa lagt fram beiðni um skuldaskil, og um leið og þau fara fram, eru þeir orðnir lausir við það í bili að þurfa að standa við skuldbindingar sínar, sem annars eru aðkallandi, ef einstakir skuldheimtumenn sjá sér hag í að ganga að bátunum. Má segja, að sú löggjöf, sem sett var, þurfi endurbóta við, og ákvæði hennar eru ekki nærri svo tæmandi sem skyldi. Einkum hefur mér verið á það bent af þeim, sem standa fyrir framkv. l., að þótt til þess sé ætlazt og gengið út frá því, að kreppulánin, sem veitt hafa verið á undanförnum árum, verði ekki innheimt af hálfu ríkissjóðs, þá gæti þetta samt sem áður orðið mjög erfitt í framkvæmd og jafnvel gengið of nærri stjskr., að skilanefndin skeri niður kröfur einstakra kröfuhafa án þess að hafa leyfi til að greiða

eða tryggja kröfuhöfum a. m. k. þann hluta, sem þeim er ekki ætlað að missa. Þetta er nú í sérstakri athugun, og hef ég mjög óskað eftir því við skilanefndina, að hún kæmi fram með till. til breyt. á þessari löggjöf, sem hægt væri að leggja fyrir Alþ., og hafði ég hugsað mér að gera það áður en ég hætti ráðherrastörfum, ef mér vinnst tími til, ef ég fæ þessi gögn í hendur nægilega tímanlega frá sérfræðingunum, sem um þetta fjalla.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. (FJ) sagði, þá er viðhorfið að því er snertir ríkisstj. og bátaútvegsmenn þá, sem síldveiðar stunduðu, ekki það sama nú eða birtist að minnsta kosti ekki í sömu mynd og það gerði s. l. ár. Ég hef hér lýst þessum tilraunum ríkisstj., sem gerðar voru á miðju s. l. sumri. Það var gert án þess að einstakir útvegsmenn bæðu um það, en samkvæmt áliti t. d. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og annarra þeirra, sem höfðu svona nokkra yfirsýn yfir það ástand, sem ríkti, var talið, að það mundi hafa afdrifarík áhrif fyrir bátaútvegsmenn og sjómenn, ef ekki yrði eitthvað gert í þá átt, sem hér var lýst. En eftir að síldveiðunum lauk, skeði það á síðasta ári, að þá barst til rn. í gegnum vissa aðila beinlínis beiðni um það, að hafizt yrði handa til þess að leysa kreppu þá, sem á bátunum hvíldi, og það var gert, eins og þm. munu muna, með sérstakri nefndarskipun og sérstöku fjárframlagi úr ríkissjóði, og hefur skilanefndin eða kreppunefndin með höndum úthlutun á þessu fé, en verkefni hennar hefur svo samkv. löggjöf frá síðasta þingi um skuldaskil verið fært yfir á annað og víðtækara starfssvið, þar sem eru þessi skuldaskil, sem ég minntist á í ræðu minni og þurfa nokkurrar betri athugunar við. Þeir hafa kannske álitið það þýðingarlítið, en það hafa alls ekki komið neinar slíkar málaleitanir til rn., og það er varla þess að vænta, að slík mál séu tekin upp að fyrra bragði af ríkisstj. Hins vegar hef ég sem sjútvmrh. í öllu og einu við báða bankana reynt að hafa áhrif á það, að menn fengju a. m. k. það lágmark af peningum til útgerðarinnar, sem þyrfti til þess að standa undir mannakaupi. Það hefur vitaskuld verið meira í tilmælaformi af minni hálfu, því að ég hef ekkert valdboð notað í því efni, en eftir megni reynt að liðka fyrir, þar sem komið hefur til, að menn hafa borið sig upp um það, að þeir fengju ekki aðstoð bankanna, en það hefur ekki komið fyrir á þessu hausti hvað snertir mannakaup. En það hefur verið t. d. mjög kvartað yfir því, að bankarnir lánuðu svo lítið út á faxasíld, það sem fryst er til beitu, að menn gætu tæplega starfað að því vegna þess, hvað bankarnir lána lítið út á hverja tunnu, og út af þeim tilmælum gerði sjútvmrn. tilraun við báða bankana til að fá þá til að auka útgerðarlánin til beitufrystingar, og benti á þá miklu þjóðarnauðsyn, sem á því er, að næg beita sé fryst. Það lenti, eins og um margt annað, í allmiklu þófi um þetta milli rn. og bankanna. Hvort þeir hafa aukið það eða hummað það fram af sér, skal ég ósagt láta. En sums staðar fór það svo, að veiðin var það ör, að við losnuðum við þá hættu, sem þótti yfir vofa, að hér yrði ekki fryst nóg beita og yrði að kaupa hana frá útlöndum eins og síðast, og því vildi ég og aðrir, sem um þetta fjölluðu, forða, ef unnt væri, og það var ekki sízt með þeirri röksemd, sem ég hef reynt að fá bankana til að lána meira út á síldina heldur en þeir gerðu.

Eins og ég sagði áðan, þá hafa engin tilmæli eða skýrslugerð farið fram af minni hálfu eða Fiskifélagsins á ástandinu hjá bátaútveginum, en einhvern veginn er ég undir þeim áhrifum, að yfir höfuð hafi bátarnir gert ljósar þær kröfur, sem á þeim hvíldu vegna fólksins. A. m. k. í þeirri verstöð, þar sem ég er kunnugastur og dvaldist um tíma í haust, heyrði ég ekki talað um neitt tilfelli, þar sem útgerðarmenn hafi ekki getað leyst frá sér fólk. Hins vegar er ég ekki að vefengja, að það kunni að hafa verið einhver brögð að þessu, en ég vil benda á, að það hefur ekki verið leitað til ríkisstj. til að leysa þann vanda enn sem komið er.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á 3. gr., þar sem stendur: „Taka skal á fjárlög fyrir 1950 fjárveitingu til endurgreiðslu lánanna, er samsvari því, sem ógreitt er af þeim 31. jan. n. k." Þessi gr. er eiginlega sett inn af þeim ástæðum, að það varð að sýna bönkunum fram á, að það væri meiningin, að þetta fé yrði ekki vanskilafé, þótt þeir féllust á að lána einstökum útgerðarmönnum, og þess vegna var það sett í l., að það, sem kynni að vera ógreitt 31. jan. n. k., skyldi tekið á fjárl. fyrir árið 1950. Það er fyrirheit af hálfu ríkisstj. — fyrirheit, sem Alþ. tekur að sér, ef það samþ. þessa ráðstöfun. Ætla ég, að ég hafi með því gert grein fyrir því gagnvart hv. þm., hvers vegna þessi 3. gr. er þannig orðuð. Það er nú þannig með lánsfé nú á tímum, ekki sízt það lánsfé, sem lánað er undir þessum kringumstæðum, að það er kannske meiri vonarpeningur heldur en annað, og ríkisstj. getur ekki farið fram á það, að bankarnir geri svona hluti, nema þeim sé tryggt á einhvern forsvaranlegan hátt, að þeir tapi ekki fé, og það getur ríkisstj. og Alþ. einvörðungu tryggt með því að bindast fastmælum um það að endurgreiða bönkunum samkv. ábyrgð ríkissjóðs það, sem þeir kunna að missa af þessu lánsfé sökum vandræða skuldunauta sinna.

Finnur Jónsson: Ég hef lýst fylgi mínu við þetta frv., eins og það liggur fyrir, og þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. gerði í því sambandi. Ég skil, að það muni að vissu leyti ekki vera alveg eins þröngt fyrir dyrum eftir síldarvertíð þessa árs eins og ársins 1948, m. a. af því, að nokkur skip öfluðu sæmilega, og enn fremur vegna þess, að sum skipin fóru á reknet í Faxaflóa og réttu sig af á því. Hitt er mér þó kunnugt, að það er enn þá mjög mikið ógreitt af sjóveðskröfum frá s. l. sumri, og kemur mér nokkuð á óvart, ef ríkisstj. hefur ekki fengið nein fyrirmæli um að reyna að leysa fram úr því. Vera má, að ekki hafi verið gerðar enn þá mjög háværar kröfur um þetta, af því að menn geri ráð fyrir því, að í framhaldi

af því, sem gerðist með brbl., verði gerðar sams konar ráðstafanir, þegar síldveiðunum er lokið. Enn fremur er mér kunnugt um það, að svonefnd skilanefnd starfar, þó að dregizt hafi lengi fyrir henni að leysa það verk af hendi, sem henni var falið. Ég tel, að ástandið sé að ýmsu leyti, þó ef til vill í smærri stíl en 1948, mjög svipað, einkum hvað snertir allmikið af sjóveðskröfum, og er óhjákvæmilegt, að ríkisstj. semji við lánsstofnanir um, að þessar kröfur verði leystar út upp á væntanlega ráðstöfun Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 98).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 34, 164).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég á hér brtt. á þskj. 164. Þar er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða, heldur aðeins breytingar á orðalagi. Í 1. gr. frv. og einnig í fyrirsögn er talað um aðstoð til útvegsmanna, sem síldveiðar stunda á þessu sumri, þ. e. sumrinu 1949. Nú hafa hvað eftir annað verið samþ. l. um aðstoð við síldarútvegsmenn, og taldi ég því réttara að hafa bæði í 1. gr. og einnig í fyrirsögn ákveðið ártal, þ. e. a. s. hér 1949, en ekki: á þessu sumri.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Út af brtt. á þskj. 164 vil ég taka fram, að ég er þeim algerlega samþykkur. Orðalagið benti, eins og það er í frv., í þá átt, að átt sé við sumarið 1949, en ég fellst á breytingu hv. þm. V-Húnv., sem gerir orðalagið ákveðnara.

ATKVGR.
Brtt. 164,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 164,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 164,3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2 250 000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunda síldveiðar sumarið 1949.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 174).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég sé engan hér, sem fylgi frv. úr hlaði. Ég vildi gjarna biðja n. þá, sem fær þetta frv., að athuga nokkur atriði, og væri æskilegt, að það kæmi fram í nál. Ég sé, að í nál. á þskj. 98 frá fjhn. Nd. eru engar upplýsingar um málið, aðeins lagt til, að frv. verði samþ.
Mér hefur skilizt í sambandi við sjóveð, sem hafa verið innleyst undanfarið, að sumir útgerðarmenn hafi notað afla til að greiða annað en kaup til manna sinna, og vildi ég fá að vita, hvort einhver fótur er fyrir þessu og hve mikil brögð séu að þessu, því að það er ótækt, ef fé þessu er varið til annars en að greiða kaup sjómanna og til að greiða sjóveð, og svo er gengið ár eftir ár á ríkissjóð, að hann innleysi sjóveð. Ég geri ráð fyrir, að n. geti aflað sér upplýsinga um þetta. Einnig vildi ég fá að vita, hve mikil fjáhæð hefur verið tekin á fjárlög þessa árs í sambandi við þetta mál, því að í 3. gr. segir, að það, sem ógreitt sé, verði tekið á fjárlög. Sem sagt er það ákveðið, að það, sem ógreitt sé, verði tekið á fjárlög, en í nál. Nd. stendur ekkert um það, hve mikið þetta sé, sem ógreitt er, en í fjárlagafrv. er engin ákveðin upphæð nefnd til að mæta þessu, en kann að vera innifalin í öðrum liðum. Það væri því æskilegt að fá að vita, hve upphæð þessi er stór og hvar hún er falin. Á 69. bls. 20. gr. fjárlagafrv. eru að vísu afborganir lána o. fl., 35 millj. kr., og má vera, að í þessum lið felist eitthvað til að standa undir þessu, sem hér um ræðir, en þegar upphæð þessi er borin saman við sams konar upphæð á fjárl. 1949, sem nemur 31 millj., þykir mér næsta undarlegt, ef það er of mikið að leggja nú fram 35 millj. í þessu sama skyni, svo mjög sem skuldir ríkissjóðs hafa aukizt á þessum tíma. Enn fremur vil ég leyfa mér að benda á það, að greiðslujöfnuður á fjárlagafrv. mun nú vera hagstæður um 4½ millj. kr. Þá þykir mér rétt, að komi fram og hv. fjhn. viti, að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir við fjvn., að hann óskaði mjög eftir því, að lögin yrðu afgreidd þannig, að þessi greiðslujöfnuður yrði ekki gerður óhagstæðari en hann er í frv., en síðan hefur verið bætt inn með þál. upphæð, sem nemur allt að 15 millj. kr., til opinberra starfsmanna, og hefur því Alþ. gert sitt til, að þessi greiðslujöfnuður hverfi og meira til. Það er því bert, ef haldið er áfram á sömu braut, að það ber að því, að ekki verður annað hægt fyrir hæstv. ráðh. en segja af sér eða afla tekna á móti þessum útgjöldum, eða þá að ganga frá yfirlýsingum sínum. Hv. n. ætti því að athuga, hvort ekki er möguleg tekjuöflun á móti þessu, nema niðurskurður á öðrum útgjaldaliðum komi þá á móti.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér hefur fundizt gæta nokkurs misskilnings hjá þeim hv. þm., sem hafa látið ljós sitt skína hér. En það var út af framiskoti hv. 1. þm. N-M., að ég vildi segja nokkur orð, en hann skaut því inn, að ríkisstj. væri ekki vön

að fylgja þeim frv., sem hún stæði að, úr hlaði. Það er sagt, að um þá dauðu eigi ekkert að segja nema gott, og ég held, að hv. þm. hefði átt að tileinka sér það og minnast þess, að frv. þetta var flutt af fyrrv. ríkisstj., en það er erfitt fyrir hana, sem er löngu komin í dauðra reit, að vera viðstödd og veita frv. brautargengi hér í hv. d., enda átti hún í lifanda lífi öfluga stuðningsmenn hér í hv. d., sem hún gat treyst á, að mæltu með frv. fyrir hennar hönd.

Mér hefur skilizt, að umr. mótuðust aðallega af því, að hv. þm. gerðu sér ekki ljóst, að frv. er aðeins staðfesting á bráðabirgðalögum, og þar af leiðandi kemur fyrirsögnin mönnum einkennilega fyrir sjónir, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, en það verður allt skiljanlegra, þegar athugað er, að aðeins er um staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 12. ágúst 1949 að ræða. En eins og mönnum er kunnugt, var ljóst, þegar nokkuð var liðið á síldveiðitímann, að töluverður hluti síldveiðiskipanna mundi hverfa frá veiðunum, áður en fullreynt væri, hvort ekki mundi úr rætast, ef ekki væru gerðar ráðstafanir til að hjálpa þeim til að halda veiðunum áfram. Ríkisstj. fékk öruggar fregnir um það, að viðbúið væri, að sjómenn hlypu af bátunum, þar eð þeir fengju engar vistir, þar sem útgerðarmenn fengu ekki úttekt í verzlunum, þar sem ekkert aflaðist og þeir gátu þar af leiðandi ekki goldið úttektina. En það er reynsla, að oft hefur veiðzt mikil síld eftir miðjan ágúst, og auk þess var búið að festa mikið fé í útgerð þessara báta, og því taldi ríkisstj. stórhættulegt, ef mikill hluti flotans færi af miðunum. Öruggasta ráðið til að koma í veg fyrir slíkt var að veita þeim, sem verst voru staddir, bráðabirgðalán. Bankarnir töldu, að útgerðarmenn væru nú svo illa staddir, að samkv. útlánsaðferðum sínum mættu þeir ekki veita þeim lán, og varð ríkissjóður því að ganga í ábyrgð fyrir þá, eins og gert hafði verið árið áður, en sá munur var á þessu, að Landsbankinn óskaði eftir formlegum heimildum, og eftir að ráðh. höfðu talað hver við sinn flokk til að tryggja bráðabirgðalögunum fylgi, voru svo lögin sett 12. ágúst til að afla lánsheimildar, til þess að bankarnir fengjust til að lána fé það, sem talið var óhjákvæmilegt til þess, að útgerðin stöðvaðist ekki, á meðan hægt var að telja veiðivon. Þegar á þetta er litið, held ég, að málið sé nægilega skýrt og sett í annað ljós heldur en gert var af þeim hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. N-M. Hv. þm. Barð. lét sér tíðrætt um, hvort ákveðin upphæð í fjárl. hefði verið sett til að standa undir þessu. Ég vil benda á það, að samkvæmt frv. sjálfu og bráðabirgðal., eins og þau voru samin, þá er ætlazt til að þetta verði fyrst ákveðið eftir 31. janúar n. k., þannig að fyrr verður ekki hægt að ákveða upphæðina. Hitt er matsatriði, hvort heildarupphæðin til endurgreiðslu lána dugi til eða ekki; slíkt fer eftir skoðun hv. fjvn. og Alþ., hvort nóg verður lagt til til að fullnægja 3. gr. frv. eða hvort sett verða ný ákvæði. Hitt er sagt í frv. sjálfu, að ekki sé ætlazt til, að inn á fjárl. sé tekin sérstök fjárhæð í þessu skyni fyrr en eftir 31. jan. n. k., einfaldlega af því, að það er ekki hægt fyrr.

Það er mín skoðun, að fyrrv. ríkisstj., sem stóð óskipt að frv., hafi aflað sér upplýsinga um það, að hún hefði nóg fylgi á bak við sig, svo að henni væri óhætt að setja þessi bráðabirgðalög, því að annars hefði engin trygging verið í setningu þeirra.

Forseti (BSt): Hæstv. ráðh. hefur nú skýrt hina undarlegu fyrirsögn á frv., sem var eðlileg á sínum tíma, en ég undrast, að þetta skyldi vera samþ. svo í hv. Nd., en frv. var samþ. þar í gær, en slíku orðalagi á bráðabirgðalögum er venjulega breytt, og nú á það ekki lengur við.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér virðist, að fram hafi komið nokkur misskilningur á ræðu minni hjá hæstv. ráðh. Mér er vel kunnugt um, að frv. er staðfesting á bráðabirgðalögum, og í öðru lagi gagnrýndi ég ekki frv., því að mér var ljóst, að samkomulag var um að gera þetta og einnig full þörf á því, og orð mín gáfu ekki tilefni til að halda slíku fram. Það eina, sem ég benti á, var það, að nauðsyn væri að fá upplýst, hve miklu þessi upphæð næmi, áður en frv. væri samþ. hér, og að nauðsyn væri að koma þessu inn í fjárl. fyrir 1950. Nú segir hæstv. ráðh., að ekki sé hægt að vita fyrr en 31. jan., hve miklu þetta nemur, en mér þykir líklegt, að Landsbankinn fari nærri um slíkt nú 10. janúar. Að öðru leyti sé ég ekki, hvernig hægt er að taka þetta inn á fjárl., ef þau eru samþ. fyrir nýár eins og vera ber, þegar ekki er vitað um þetta 10. janúar. Mér skilst, að engin ákveðin upphæð sé ætluð í þessu skyni á fjárl. fyrir þetta ár, og óska upplýsinga um þetta og hve mikla upphæð þarf til að uppfylla fyrirmæli 3. gr. Þetta finnst mér eðlileg spurning frá manni, sem er í fjvn., og þurfi ekki að fyrta neinn, því að sé þetta allt ógreitt, um 2½ millj. kr., og Landsbankinn heimtar, að það sé greitt á árinu, þá er það augljóst, að þetta verður að koma á fjárl., en þá er komið að því atriði, sem ég gat áðan um, að á móti þessu yrði að afla tekna, svo að ekki raskist sá greiðslujöfnuður, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., og þá ekki aðeins á móti þessu, heldur einnig útgjöldum þeim, er ákveðin voru með þál. eftir að fjárl. komu fram.

Ég vil svo endurtaka það, sem ég sagði áðan, að orð mín má ekki skoða sem gagnrýni á hæstv. fyrrv. ríkisstj. eða þá, sem aðstoðaðir hafa verið hér, sjávarútveginn, heldur er það eðlileg afleiðing af því, sem gert hefur verið, að taka þurfi upphæð inn á fjárl. til að standa gegn þessu, en þá þurfa að liggja fyrir upplýsingar um, hve há upphæð þetta er, og eins vona ég, að hæstv. ríkisstj. upplýsi, hvort nauðsyn hafi verið að verja svo miklu til að leysa sjóveð og eins hvort afli hafi verið notaður til annars en að leysa sjóveð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala hér frekar, en hæstv. ráðh. gaf tilefni til slíks. Ég greip fram í og gat þess, að

það væri ekki venja hæstv. ríkisstj. að hafa svo mikið við að hafa framsögu hér í d. Hæstv. ráðh. þótti óviðkunnanlegt að leggjast þannig á náinn, en það hafa stundum verið til afturgöngur, og hér er slíkt auðséð, þar sem sami maður sem var fjmrh. og sjútvmrh. í hæstv. fyrrv. stjórn situr nú hér sem sjútvmrh., en sú venja er nú komin á, að hafi ríkisstj. haft framsögu í einhverju máli í annarri deild þingsins, þá telur hún það nægilegt og hefur enga í hinni deildinni, en ég vil mótmæla þessari aðferð og óska eindregið eftir að hún verði lögð niður.

Það er einkennilegur hugsanaferill að setja það inn í frv., sem er samið í ágúst, að upphæð sú, sem ógreidd sé í endaðan janúar, skuli sett inn í fjárl. það ár. Auðvitað átti að áætla upphæð og setja í fjárl. á löglegum tíma, ef ekki er þá gert ráð fyrir, að þau verði ekki samþ. á löglegum tíma. En hæstv. ráðh. sér enga ástæðu til að áætla neitt um þetta, og þó að nú sé bráðum kominn miður janúar, sér hann enga ástæðu til að benda Alþ. á, hve miklu þetta muni nema, og er það því ekki til fyrirmyndar, hvernig frv. þetta er lagt fyrir þingið.

Ég vil svo benda á það, að hæstv. ríkisstj. á að hafa framsögu fyrir málum, sem hún leggur hér fyrir d., þó að búið sé að halda framsögu í hv. Nd., og vona ég, að sá háttur verði tekinn upp í framtíðinni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því miður var það svo, að hv. 1. þm. N-M. kunni ekki að meta fyrrv. ríkisstj. í lifanda lífi, þó að hann ætti að heita stuðningsmaður hennar, og niðrar henni fyrir að vera svo óforsjál að sjá, að fjárl. mundu ekki verða sett fyrir janúarlok, en hún var vitrari en hv. þm. hélt, og 12. ágúst var þessum málum svo háttað, að jafnvel óvitrir menn gátu séð, að fjárl. mundu ekki verða afgreidd fyrir áramót, því að þá sömu daga var ákveðið, að þing skyldi rofið, og var þá augljóst, að kosningar mundu fara fram í október, og þar með sýnt, að fjárl. yrðu ekki afgreidd fyrir áramót og ekki fyrr en á fyrri hluta árs 1950. Orsök og afleiðing eru því augljós, og hygg ég, að hv. 1. þm. N-M. viðurkenni þetta, þegar honum er bent á það, því að hann er sannsýnn maður, þó að hann fari dult með það stundum. Það var því eðlilegt, að ríkisstj. miðaði við þennan tíma, og var hann því settur inn í frv., þar eð ekki var hægt fyrr en að honum liðnum að gera ákveðnar till. um þetta inn á fjárl. Ég verð að játa það, að mér er þetta mál ekki kunnugt í einstökum atriðum, t. d. hve mikið fé það er, sem hefur verið lánað, og eins hve mikið fé hefur verið endurgreitt, en ég hygg, að árið 1948 hafi verið lánað minna en ráðgert var. En ég teldi eðlilegt, og það ætti að vera í lófa lagið, að nefndin fengi til hlítar upplýsingar, sem að þessu lúta. Ég held líka, að ef þetta verður ekki greitt nú, þá séu litlar líkur til, að það verði greitt fyrir 31. janúar.

Það er ekki nema eðlilegt, að deildin óski eftir þessum gögnum, hitt tel ég rangt, að áskaka fyrrv. ríkisstj. fyrir það, að hún hafi ekki tekið þetta inn á fjárlög. Þetta frv. er sett af fjmrh., en þar hefur verið skipt um mann, eins og hv. þm. N-M. veit. Ef allt hefði verið með felldu, hefði verið eðlilegt, að sjútvmrh. hefði verið hér viðstaddur, en nú stendur svo á, að til umræðu er í Nd. mál, sem verður að teljast þýðingarmeira en þetta og hann er mjög viðriðinn. Verður það að teljast næg afsökun fyrir fjarveru hans hér, að hann er bundinn við þær umræður sem flytjandi frv. Hitt tek ég undir að er rétt, að ríkisstj. geri grein fyrir frv., sem hún flytur, í báðum deildum, og hef ég fyrir mitt leyti reynt að fylgja þeirri reglu um þau frv., sem ég hef annazt. Hitt getur alltaf borið að höndum, að menn séu forfallaðir, en yfirleitt er þetta ástundað, enda er það eitt boðlegt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram, að ég þykist ekki hafa gert neinar árásir á hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún hafi ekki tekið þetta inn í fjárlög. En ég álít að í nál. eigi að koma fram þær upplýsingar, sem ég hef beðið um, og það hefur verið viðurkennt af hæstv. ráðh. Ég ásaka heldur ekki hæstv. ríkisstj. fyrir það, þótt hún hafi ekki haft framsögu í málinu. En ég endurtek það, að ég tel mikils vert að fá um það upplýsingar, hve mikil sú upphæð er, sem þarf að taka inn á fjárl. nú samkvæmt þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 242).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég skal fyrst taka það fram, að ég býst við, að n. valdi þm. Barð. nokkrum vonbrigðum í sambandi við þær athugasemdir, sem hann hreyfði við 1. umr. málsins. Hann óskaði, að n. aflaði sér vissra upplýsinga um málið eða atriði, sem því eru skyld. Nefndin hefur haft nokkra viðleitni í þá átt, en ekki getað fengið nægar upplýsingar, svo að hægt sé að gefa skýrslu. Ég tel líka eðlilegra, að atvmrh., sem þetta mál heyrir undir, gefi þær upplýsingar, sem þm. Barð. það n. að leita eftir. En þær upplýsingar, sem þm. Barð. óskaði sérstaklega eftir, voru: Í fyrsta lagi, hvort nokkur afli af skipunum hefði verið seldur, án þess að sjóveð væru greidd. Í öðru lagi, hvort nokkurt fé væri ætlað á fjárlögum til þess að standast þau gjöld, sem af frv. leiddi. Og í þriðja lagi óskaði þm. Barð. að vita, hvort athugaðir hefðu verið möguleikar á greiðslufresti hjá þeim kaupmönnum, sem hlut eiga að máli. Ég held, að þetta hafi verið það helzta, sem beðið var að upplýsa, annars getur hv. þm. Barð. leiðrétt, ef hann óskar frekari skýringa hjá ráðh.

Þetta frv. er, eins og sjá má, staðfesting á

brbl., sem út voru gefin s. l. sumar til þess að koma í veg fyrir, að síldveiðiflotinn stöðvaðist. Það var svo komið, að síldarútvegsmenn fengu ekki lán til nauðsynlegra þarfa, og sá ríkisstj. sér því ekki annað fært en að gefa út brbl., til þess að skip þessara manna gætu haldið áfram síldveiðum. Í gamla daga hefði nú verið talið, að menn ættu sjálfir að klóra sig út úr erfiðleikunum, en þetta er í samræmi við annað nú til dags. Allir snúa sér beint eða óbeint til ríkisvaldsins, þegar erfiðlega gengur. Það er stefna tímans, ég meina ekki blaðsins „Tímans". Hvað þetta getur lengi gengið, skal ég ekki segja um, en hitt er ljóst, að þess háttar þjóðlíf stenzt ekki lengi með óbreyttu ástandi í atvinnumálunum. En hvað sem um þetta er að segja, geri ég ráð fyrir, að ríkisstj. hafi gert rétt í þessu máli, eftir því sem á stóð, og þetta frv. er lagt fram til þess að fá kvittun fyrir frá Alþingi. Brbl. eru búin að verka og staðfesting Alþingis er því ekki annað en það, að Alþingi lýsi yfir, að stj. sé ekki ámælisverð vegna útgáfu þeirra. Samt sem áður vill nefndin umorða 1. gr. frv., en þó er ekki um að ræða neina efnisbreytingu, heldur aðeins orðalagsbreytingu. Að sumu leyti er þessi breyting leiðrétting, því að í frv. er talað um þá, sem „stunda síldveiðar", en á auðvitað að vera „stunduðu síldveiðar", þar sem þetta gerðist á s. l. sumri. Hins vegar er það, að n. þótti orðalagið ekki fallegt og breytti því af þeim ástæðum, og má segja, að það sé mest smekksatriði. — En þá kem ég að hinni raunverulegu brtt. n. Það mun hafa verið nokkru fyrir jól, þegar fjhn. var að fjalla um stærra mál viðvíkjandi sjávarútveginum, að henni barst svo hljóðandi bréf:

„Ég leyfi mér hér með að senda yður, hv. fjárhagsnefnd, greinargerð fyrir veiðum m/s Hafdísar við Grænland s. l. sumar og vænti þess, að þér, eftir að hafa kynnt yður málavöxtu, stuðlið að því, að sams konar aðstoð verði veitt skipverjum og eigendum þessa skips eins og sömu aðilum síldveiðiflotans.

Ég tel brýna nauðsyn bera til, að aðstoðin verði veitt hið bráðasta, helzt fyrir jól.

Virðingarfyllst,
p.p. H/f Njörður, Ísafirði
Ólafur Magnússon."

Þessu bréfi fylgir löng greinargerð, sem ég ætla ekki að tefja tímann með að lesa hér upp, þar sem þessi framkvæmdastjóri Njarðar segir, að hann hafi ekki getað fengið rekstrarlán til síldarútgerðar s. l. sumar, eins og hann hafi nauðsynlega þurft; svo hafi þessi Grænlandsleiðangur komið til tals, og hafi ríkisstj. verið meðmælt, að sú tilraun væri gerð. Hann kveðst eiga tvo báta, eða þetta fyrirtæki, og hafi það orðið niðurstaðan, að annar þeirra, Hafdís, var sendur til fiskveiða til Grænlands. Síðan telur framkvæmdastjórinn upp ýmis óhöpp, sem ekki hafi verið skipshöfninni að kenna, bæði tafir og annað, en tekur það fram, að hefði hann haft heimild til þess að selja aflann útlendum leiðangri þar á staðnum, þá hefði útgerðin sloppið hallalaust. Hann segir enn fremur, að það hafi aldrei verið búizt við miklum hagnaði af þessari útgerð við Grænland, en hins vegar ekki gert ráð fyrir svo miklum halla sem raun varð á, en hann varð 79 þús. kr. á Hafdísi. Nú er ástandið hjá þessum bát alls ekki betra en hjá mörgum síldarbátunum, nema síður sé, og hvers eiga þá þeir sjómenn, sem í þessum leiðangri voru, að gjalda, ef horfið verður að því að leysa sjóveðin af síldveiðiflotanum, en ekki öðrum, sem ef til vill eru enn verr staddir? Ég veit ekki til, að önnur tilmæli hafi borizt í sambandi við fiskveiðarnar við Grænland til nefndarinnar, en það er út af þessum tilmælum, sem nefndin flytur brtt. um aðstoð við báta, sem stunduðu veiðar við Grænland s. l. sumar. Nefndin lítur svo á, að setja þurfi sérstakar reglur og ákveðin skilyrði fyrir þessari aðstoð, til þess að hún komi að tilætluðum notum. Ég skal hins vegar játa, að ég er ekki svo kunnugur þessum málum sem þyrfti að vera til þess að geta gefið um slíkt ákveðnar reglur. Í því sambandi er ekki nóg að vita eingöngu um fjárhagslega hlið málsins, heldur verður líka að athuga atvinnuhliðina og framleiðsluna í heild. En þess ber að geta, að hér er aðeins um heimild fyrir ríkisstj. að ræða, en ekki fyrirskipun eða fyrirmæli um það að framkvæma þetta. Ég býst því við, að það sé forsvaranlegt að bera fram brtt. um þetta atriði.

Önnur brtt. n. er við fyrirsögn frv. í sambandi við umorðun 1. gr., ef ábyrgðarheimildinni verður breytt og aðstoð við bátana við Grænlandsveiðarnar nær samþykki.

Afstöðu nm. til málsins skal getið. Einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgr., og veit ég því ekki um afstöðu hans, og hv. 11. landsk. þm. undirskrifaði nál. með fyrirvara með tilliti til brtt. n. N. mælir með frv. og efni þess, en nm. hafa óbundnar hendur varðandi till. vegna veiðanna við Grænland. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar að sinni.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Forseti. Það kom fram í ræðu hv. 1. þm. Eyf. áðan, að fyrirspurn hefði borizt stjórnarráðinu út af þessu máli. — Svo var málum komið um miðjan ágúst s. l., að tíðarfar var gott og ekki var talið vonlaust um, að eitthvað kynni að geta veiðzt af síld, þó að þetta væri orðið áliðið síldveiðitímans. En svo var komið fyrir útvegsmönnum þeim, sem gerðu út báta sína til síldveiða, á afliðnu sumri, að þeir áttu erfitt eða alls ómögulegt með að standa í skilum með launagreiðslur til starfsmanna sinna, sjómanna. Sú hætta var einnig yfirvofandi af þeim sökum, að hásetar færu af skipunum. Þessi vitneskja barst mér frá formanni síldarverksmiðja ríkisins og fleiri aðilum. Mér var það þegar ljóst, að sjómennirnir, sem höfðu fengið litla peninga í hlut sökum aflaleysis á vertíðinni, mundu telja vænlegast að hverfa af skipunum við svo búið. Er hér var komið sögu, var töluverð eftirspurn eftir landverkafólki og auglýst eftir því hér syðra. Ég tók því þetta mál til athugunar og lagði það fyrir ríkisstj. Viðbragð ríkisstj. var svo það, að reynt skyldi að koma í veg fyrir, að flótti yrði

frá síldveiðunum að svo komnu máli. Síðan var það ákveðið, að bankarnir veittu bráðabirgðalán til útvegsmanna, svo að þeir gætu gefið fólki sínu úrlausn og greitt því kaup sitt. Að þessum ráðstöfunum loknum héldu síldveiðiskipin áfram hlutverki sínu á miðunum fyrir Norðurlandi. Bráðabirgðalög voru svo gefin út um þetta. Ég held, að það megi telja það víst, að hefði ekki verið brugðið svo skjótt við, þá hefðu veiðarnar stöðvazt um 10. ágúst. Eftir þetta kom talsverður afli á land.

Nú hefur verið að því spurt, hvar bátar þeir, sem aðstoðar nutu, hafi lagt upp afla sinn. Ég veit nú ekki um sölurnar, en ég geri ráð fyrir, að mestur hluti hans hafi farið í verksmiðjur ríkisins eða aðrar síldarverksmiðjur, eins og vant er. Það er og vitað mál og kunnara en frá þurfi að segja, að bátarnir þurfa að standa undir fleiru en greiðslum til starfsmanna sinna. Ráðuneytið krafðist ekki neinna skuldbindinga um það, hvar aflinn væri seldur. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að bankarnir tryggðu endurgreiðslu á láni því, sem þeir veittu. Ég tók þetta ekki upp í fjárlagafrv. vegna þess, að ekki var vitað, hvað upphæðin yrði stór. Það verður að hafa í huga, að á gefnu augnabliki mun hæstv. fjmrh. leggja fyrir hv. fjvn. brtt. um að taka í fjárlagafrv. sérstaka upphæð í þessu skyni. Hitt væri svo allt önnur aðferð, að ríkisstj. tæki sérstakt lán, en hvort tveggja var ótímabært, þegar fjárlagafrv. var undirbúið.

Ég sé, að fjhn. hefur flutt brtt. við orðalag 1. gr. frv. Álít ég þá breyt. vera til bóta. Ég vil og þakka n. fyrir það, að hún vill standa undir tilraunum fyrrv. ríkisstj. á síðustu síldarvertíð. Hins vegar eru hinar till. á þskj. 242 nokkuð annars eðlis. Þar er sagt, að bréf hafi borizt frá eigendum Hafdísar, en ég hafði ekki fallizt á, að slík ábyrgð væri leyfð. Þótt orðið hafi að hlaupa undir bagga í neyðartilfellum, þá hefur ekki þótt fært að fara út í slíka starfsemi. Vissulega er mikið færzt í fang að gera út á Grænlandsmið. Ég var einn af þeim, sem hafði áhuga á því, að möguleikar væru athugaðir til slíkrar útgerðar, en enginn þeirra manna, sem síðar fóru af stað, báru sig saman við Útveg h.f., félagið, sem var stofnað í þessum tilgangi og gerði út til Grænlands í tilraunaskyni. Einstaklingar þeir, sem gerðu út til veiða við Grænland, höfðu engin samráð um það við sjútvmrn. Hins vegar hefði slíkt verið æskilegt, en ef um styrk til slíkra hluta ætti að vera að ræða, yrði slíkt að vera afráðið fyrir fram, að mínum dómi. Að öðrum kosti gætu dæmin orðið svo mörg. Menn kæmu þá í ráðuneytið og segðu: Ég fór í útgerð og tapaði, og þið verðið að bjarga mér frá skuldunum með því, að ríkið taki ábyrgð á láni, til þess að ég geti greitt fjárhagslegar skuldbindingar mínar. Dæmin gætu orðið nokkuð mörg, ef út í þetta yrði farið, en annars er það ekki mitt að segja hér síðasta orðið í þessu sambandi, heldur hæstv. fjmrh., sem er hér ekki viðstaddur nú.

Eg vildi gefa þessar upplýsingar um þetta nú, en ég get því miður ekki setið lengur undir þessum umræðum nú, því að ég hef verið kvaddur til þess að sitja annan fund, sem er rétt að byrja.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Forseti. Vegna þess að mér finnst þessi brtt. hv. 1. þm. Eyf. vera óvenjulegs eðlis, og það jafnvel á þessum styrkjatímum, þá vildi ég ræða þetta mál nokkuð. Ég tel hér vera nokkurn mun á, hvort hjálpa eigi sjómönnum með sérstökum ráðstöfunum, þegar almennur aflabrestur hefur eyðilagt veiðarnar, eða hvort er um að ræða hæpnar veiðitilraunir á fjarlægum miðum. Þegar aflaleysisár koma, þá er það þjóðarógæfa, sem eðlilegt má telja, að þjóðin öll beri byrðarnar af, eins og þegar síldveiðarnar brugðust á afliðnu sumri, sem er og fimmta sumarið í röð, sem slíkt gerist. Það er vart hægt að gera ráð fyrir því, að þeir menn, sem þá atvinnu stunda, geti risið undir þeim skakkaföllum, sem slíkur aflabrestur leiðir af sér. Þá er eðlilegt, að reynt sé að hlaupa undir bagga til þess að afstýra vandræðum. Hitt er svo allt annað mál, þegar einstakir atvinnurekendur skera sig út úr og gera tilraunir til þess að fara eftir nýjum leiðum við veiðarnar. Það kann að vera, að í sumum tilfellum væri það ekki óeðlilegt, að slík viðleitni nyti einhverra styrkja, en það yrði þá að vera um það samið fyrir fram. Það yrði að vera áður en ævintýrið hefst, því að varla hefðu ævintýramenn þessir hug á því að skila ríkinu gróðanum eftir á, ef vel hefði nú tekizt í gróðabralli þeirra og gróði fengizt af tilrauninni. Sá gróði kemur ekki í ríkiskassann, nema þá sá hluti hans, sem skattalöggjöfin mælir fyrir um. En einmitt vegna þess, að þegar menn ráðast í slík ævintýri og vita jafnvel fyrir fram, að um mikla áhættu er að ræða, þá verða þeir að gera sér grein fyrir því, að í slík stórræði er vart farandi, nema leita aðstoðarinnar fyrir fram, ef þeir telja sig ekki vera þess umkomna að standa undir tapinu. Þetta er mjög ólíkt því og þegar um er að ræða almennan aflabrest. Hér eru menn að ráðast út í hæpna tilraun, þar sem eins líklegt er, að tap verði um að ræða, jafnt sem gróðamöguleikana. Þess vegna er það, að ef þeir geta ekki staðið undir tapi, þá eiga þeir að koma fyrir fram og spyrja um styrk, en ég tel það vera mjög hæpna aðferð að koma eftir á til ríkisins og beiðast þess, að það borgi tapið. Mér eru ekki kunn einstök atriði þessarar útgerðar við Grænland, og gat ég ekki greint í hinni greinargóðu ræðu hv. frsm., að hér væri um neinar sérstakar ástæður að ræða. Hv. frsm. sagði, að ef skipið hefði selt afla sinn til útlendra veiðileiðangra, þá hefði ekki orðið tap á útgerðinni. Hver ætli hafi bannað það? Ef útgerðarmaðurinn hefur fyrir fram selt afla sinn til Útvegs h.f., eða annað, fyrir lægra verð en honum bauðst, þá má hann sjálfum sér um kenna, hvernig til hefur tekizt. Hitt er svo annað mál, að hann hefði samkv. l. um meðferð gjaldeyris orðið að gera grein fyrir honum og skila til bankanna. Í þessu sambandi má minna á, að einn þeirra útgerðarmanna, sem fóru út í ævintýri við veiðar á miðum Grænlands, er nú sóttur til saka, ekki fyr-

ir það, hvar hann hafi selt afla sinn, heldur fyrir það, að hann hafi ekki skilað gjaldeyrinum. Þetta er tvennt ólíkt. Mér finnst, að till. sem þessi eigi ekki heima hér. Ætti frekar við að bera þetta mál fram í sérstöku frv. en sem lið í þessu frv. Á þessu stigi málsins vil ég ekki segja um það, hvernig ég snýst í afgreiðslu slíks máls sem þessa, en ég treysti mér ekki að mæla með því, að því verði blandað í þetta mál, sem hér liggur fyrir þessari hv. þd. Að hinu leytinu áskil ég mér rétt til þess að mynda mér sjálfstæða skoðun varðandi þetta mál, þegar um er að ræða, að það komi eitt fyrir sig.

Þorsteinn Þorsteinsson: Forseti. Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir fyrirvara mínum í nál., sem fylgir þessu frv. Frv. þetta, með þeim brtt., sem nú hafa verið lagðar fram við það, er í raun og veru tvíþætt. Annar hluti þess er staðfesting á brbl., sem út voru gefin 12. ágúst s. l., en hinn hlutinn felst í síðari málsgr. 1. gr. skv. brtt. og er algerlega óskyldur hinu málinu, sem felst í brbl. Lög þessi, ef samþ. verða, eru aðeins heimildarlög, og er því farið gætilega í málið. Annar þátturinn er spunninn um gamlan atvinnuveg og gamla atvinnuhætti og er því mjög skiljanlegur. Hinn þátturinn spinnst um nýja atvinnugrein. Samkvæmt skýrslu, sem hér liggur fyrir frá h/f Niröi, er gerð grein fyrir bráðabirgðauppgjöri um veiðarnar við Grænland, og er þar gerð grein fyrir um 80 þús. kr. rekstrarhalla á þeirri útgerð. Þar er ekki gerð grein fyrir lausaskuldum félagsins, og væri því æskilegt, að hæstv. ríkisstj. léti athuga þetta nánar, áður en frekar verður farið út í þetta mál, ef samþ. verður.

Eftir því sem fyrir liggur hjá n., munu það vera aðeins 2 eða 3 bátar, sem bera sjóveð enn á herðum sér, og munu þeir að sjálfsögðu leita aðstoðar ríkisins. Ég geri fastlega ráð fyrir, að jafnvel þótt þessir bátar hefðu ætlað að spila upp á eigin spýtur, þá muni eigendur þeirra, er þeir sjá þetta frv., leita til ríkisins um aðstoð til að leysa sjóveðin. Mér finnst þegar vera orðin of mikil ásókn á fé ríkisins, þótt ekki sé verið að lofa miklum fúlgum fyrir fram og gefa undir fótinn með styrki, eins og hér er gert.

Ég tel, að þing og stjórn hafi verið of víðfaðma í sinni styrkjapólitík, og vel má vera, að þegar þeir, sem skilvísastir hafa verið, sjá, að öðrum, sem meira mega sín, er veitt aðstoð, þá dragi það úr sjálfsbjargarviðleitni þeirra og þeir reyni ekki eins að losa sig úr skuldum sínum.

Að öllu þessu athuguðu og einnig því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að 2. mgr. 1. gr. eigi hér alls ekki við, því að það, sem þar er talað um, sé alveg óskylt, þá vildi ég helzt, að þessi brtt. hefði aldrei komið fram. Ég sé mig alveg tilneyddan að greiða atkv. á móti henni, þótt ég aftur á móti sæi ekki ástæðu til að kljúfa n., þar sem öll n. var sammála um meginatriði frv.

Gísli Jónsson: Forseti. Ég vildi nú helzt leggja til, að hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. gætu verið viðstaddir umr., því að það er ýmislegt í málinu, sem búið er að ganga í gegnum hv. Nd., en ekki rannsakað til fulls, sem snertir fjármál ríkisins. Ég vildi því beina því til hæstv. forseta og gera það að minni till., hvort hann vildi ekki fresta umr., þar til hæstv. ráðh. gætu verið viðstaddir. Ég mun því fresta ræðu minni að sinni, en vildi gjarna fá að heyra álit hæstv. forseta.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þetta mál er náttúrlega þannig, að það heyrir meira undir hæstv. ríkisstj., hvort hún vill flýta eða fresta því, heldur en að ég sem forseti fari þar að ganga fram fyrir skjöldu. Við töluðum um það, hæstv. atvmrh. og ég, að það gæti verið heppileg tilhögun að ljúka umr. nú, en fresta atkvgr., og þótt nú hv. þm. ættu eitthvað ósagt, má minna á, að það er eftir ein umr. um málið.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. Barð. fellst á þetta. En ég hygg, að það megi alveg eins verða við þeirri ósk að fresta umr. En auðvitað get ég ekki ábyrgzt, hvenær allir viðkomandi hæstv. ráðh. geta verið við. Ég fresta þá einnig ræðu minni, þótt hæstv. ráðh. sitji hér enn, og fellst á, að umr. sé frestað.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að ég var að tala við hann áðan og segja honum, að ég yrði að fara. Einnig er það rétt, að samkomulag varð um það hjá okkur að ljúka umr., en fresta atkvgr. Þessu er nú mótmælt. Ég hef nú svarað þeim fyrirspurnum, sem fyrir mig hafa verið lagðar, eftir því sem ég mögulega hef getað. En þar sem hv. n. sá ekki ástæðu til þess að kalla mig til yfirheyrslu, er hún afgreiddi málið, væri bezt, að þær fyrirspurnir, ef fleiri væru, sem ég ætti að svara, kæmu til mín milli umr.

Ég legg svo í vald hæstv. forseta, hvort fresta á umr. eða ekki.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég tók fram áðan, hvers hæstv. atvmrh. óskaði um tilhögun þessa máls, og ef hæstv. ráðh. vill halda umr. áfram, þá verður það gert.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil nú ekki gera þetta að prætuepli, en mín ósk var sú, að umr. yrði lokið. En frekar en að gera einhvern uppsteyt væri kannske réttara að fresta nú umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Hv. þm. Barð. stendur fast við sína till., og ég mun sem forseti hv. d. fresta umr. Aftur á móti mun ég sjá svo um, að málið verði tekið mjög bráðlega á dagskrá, sennilega á morgun.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 20. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 174, n. 242, 250).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þetta mál hefur gengið í gegnum hv. Nd. og er komið hér til 2. umr. Mér þykir rétt að benda hér á einstök atriði og gera nokkru nánari fyrirspurnir til hæstv. ríkisstj., í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og þá einkum í sambandi við framkvæmd á ábyrgðinni, þar sem hér er um heimildarl. að ræða, samkv. 1. gr. frv. Ég vildi þá gjarna fyrst mega spyrja hæstv. ríkisstj. um það, hvort það hafi ekki verið ásetningur hennar, þegar brbl. voru gefin út, að greiða ábyrgð fyrir öllum þeim útgerðarskuldum, sem kynnu að myndast hjá síldveiðiflotanum eftir 12. ágúst á s. l. sumri, vegna þess að menn héldu áfram veiðum beinlínis fyrir tilmæli ríkisstj., eða var hugsað, að ríkissjóður bæri ábyrgð á öllum þeim skuldum, sem kynni að verða stofnað til vegna síldarútgerðarinnar yfir allan veiðitímann, en þó innan þeirra takmarkana, sem getið er um í 2. gr., að samanlögð ábyrgð ríkissjóðs vegna þessara lánveitinga megi ekki fara fram úr kr. 2250000,00? Mér þykir nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta, áður en hv. d. afgr. málið, og helzt áður en þessari umr. lýkur. Það hefur verið upplýst af hæstv. ríkisstj., að hún hafi séð sig tilneydda til að gefa út þessi brbl., svo að síldveiðiflotinn stöðvaðist ekki á síðasta sumri. Ég held, að ekki verði deilt um það, að þetta hafi verið nauðsynlegt, og ég hygg, að ekki hafi komið fram nein mótmæli við umr. eða ásakanir til hæstv. ríkisstj. um þessi atriði, enda teldi ég það ekki rétt. Á hinu er talsvert mikill eðlismunur, hvort hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að ábyrgjast allar skuldir, sem stafa af því, að haldið er áfram veiðum, eða hvort hún hefur hugsað sér að ábyrgjast einnig þær skuldir, sem myndast áður en hún tekur á sig þessa ábyrgð. Sé það meiningin, að ekki sé tekin ábyrgð á öðrum skuldum en þeim, sem myndast eftir 12. ágúst, þá er meiningarlaust, eins og hæstv. dómsmrh. benti á, að samþ. brtt. hv. 1. þm. Eyf., því að hún er um algerlega óskylt mál, eins og hún er um óskylt mál líka, þó að hugsað væri að greiða allan kostnaðinn yfir síldveiðitímann. Þetta kemur til af því, að með því að tryggja það, að síldveiðiflotinn sé á veiðum, er verið að gera tvennt: Annars vegar er verið að afla gjaldeyris í þjóðarbúið — og má segja, að þeir hafi gert það sama, sem fóru til Grænlands —, en hins vegar, og er það ekki síður þungt á metaskálunum, er verið að tryggja síldarverksmiðjum ríkisins afla, og það er frá mínu sjónarmiði ákaflega mikilsvert atriði. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa því verkefni að gegna að taka á móti þeim afla, sem berst að yfir síldveiðitímann og gera úr honum verðmæti, og þarna eru bundnar tugmilljónir króna, og engir möguleikar eru fyrir eigendur síldarverksmiðjanna að reka þessi fyrirtæki nema yfir síldveiðitímann. Mér finnst því sú ráðstöfun, að tryggja sem lengstan veiðitíma og sem mestan afla, vera hárrétt, einmitt með tilliti til þess að stöðva ekki þessi atvinnufyrirtæki, en þetta á að sjálfsögðu ekki við um þá, sem stunduðu veiðar við Grænland í sumar. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir því, þó að þessir menn hefðu leitað til ríkisstj. í byrjun síldveiðitímans um ábyrgðarheimild, að hún hefði þá tekið að sér að ábyrgjast greiðslur vegna taps á útgerðinni, og hefði ekki talið það nauðsynlegt, en þess vegna tel ég heldur ekki eðlilegt, að ríkissjóður taki á sig ábyrgð á öðrum taprekstri en þeim, sem verður á útgerðinni eftir að ríkisstj. stöðvar viðkomandi útgerðarmenn í því að hætta síldveiðum, og þeir taka á sig áhættuna við síldveiðarnar frá 12. ágúst og út veiðitímann. Mér finnst því eðlilegast að binda þetta í l. við það, að ábyrgðin sé ekki tekin á öðrum skuldum en þeim, sem myndazt hafa eftir þann tíma.

Þá vil ég í sambandi við þetta leyfa mér að gera fyrirspurn um það, hvort gert hafi verið ráð fyrir því, þegar ábyrgð ríkissjóðs hefur verið gefin til að leysa áfallin sjóveð, að útgerðarmenn hafi áður greitt til sjómanna a. m. k. 55% af brúttóaflaverði hvers skips. Það er vitanlegt, að það er sem næst því að vera 55%, sem skiptist eftir ákveðnum reglum milli skipshafnarinnar. Þar að auki er útgerðarmanninum skylt að ábyrgjast lágmarkskaup til sjómanna. Þessi 55% hefur útgerðarstjórinn ekki undir neinum kringumstæðum leyfi til að taka til þess að greiða með þeim aðrar skuldir né kröfur. Ef því ábyrgðin er eingöngu bundin við að greiða sjóveð, sem féllu á bátana, þá skilst mér, að gæta verði þess, að greitt hafi verið til fólksins fyrst og fremst þessi 55% af öllum brúttóafla, sem á skipið hefur komið á tímabilinu. Og þar að auki skilst mér, að geti komið til greina að ábyrgjast fram yfir þetta aðeins þá upphæð, sem fellur undir sjóveð. Ég vildi því gjarna heyra, hvort þetta hefði verið gert, bæði í sambandi við þessa ábyrgð og líka í sambandi við ábyrgðina 1948. Ég hef heyrt því fleygt, að í mörgum tilfellum hafi þessa ekki verið gætt, en að sjálfsögðu hefur hæstv. ráðh. um það fulla vitneskju. Sé þetta ekki gert, getur skapazt það ástand, að útgerðarmaðurinn taki kannske svo og svo mikinn hluta aflans og vanræki að greiða sjómönnunum þau 55% af heildaraflanum, sem hann í raun og veru ekki á, og láti síðan leggja sjóveð á skipin, og síðan verður ríkið að greiða miklu hærri lögveðskröfur en eðlilegt væri, ef þessari reglu væri fylgt, sem ég hef nú gert fyrirspurn um.

Þá þykir mér rétt að spyrjast fyrir um það, hvort í fjárlagafrv. fyrir 1950 hafi nokkrar tekjur verið áætlaðar til að mæta þeim gjöldum, sem þarna koma til greina samkv. 3. gr. frv., og ef svo er, hve mikið er þá hugsað að taka inn á fjárl. nú á þessu ári? Er þá hugsað að taka alla fjárhæðina inn á fjárl., eða kemur aðeins einhver hluti hennar til greina strax? Ég vildi svo fá það upplýst, hve háa fjárhæð bankarnir hafa lánað þessum skipum vegna ríkisábyrgðarinnar og hve mikið er búizt við, að endurgreitt verði fyrir 31. þ. m. Þær upplýsingar, sem ég bið hér um, hafa veruleg áhrif á afgreiðslu fjárl. Að síðustu vildi ég svo spyrja um það, hvort tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá nokkurn gjaldfrest á þeim eftirstöðvum, sem ógreiddar kynnu að verða 31.

þ. m., svo að ekki þurfi að taka alla þá upphæð inn á fjárl. þessa árs, einkum ef útgerðarmenn yrðu þess megnugir að endurgreiða lánið á þessu ári.

Ég minntist nokkuð á þessi atriði við 1. umr. málsins og bjóst við að hv. fjhn. mundi afla sér þessara upplýsinga, en nú hefur það ekki orðið, og hef ég þess vegna óskað eftir, að umr. væri frestað, þar til þessar upplýsingar lægju fyrir. Samkv. 3. gr. frv. er beinlínis fyrirskipað að taka á fjárl. 1950 þá fjárveitingu, sem hér um ræðir, til endurgreiðslu lánanna, og nú hefur hæstv. sjútvmrh. upplýst, að það sé ekki tekin nein upphæð inn á frv., eins og það liggur fyrir nú á þskj. 49, og þess vegna þurfi að bæta inn á fjárlagafrv. útgjöldum samkv. 3. gr. þessa frv., svo framarlega sem ekki er hægt að komast að samkomulagi við lánveitendur, eins og ég minntist á.

Mér þykir rétt að ræða nokkuð brtt., sem fram hefur komið við 1. gr. frv. Það er eðlilegt, að orðið hafi að umorða gr., vegna þess að afgreiðsla málsins hefur dregizt fram yfir áramót. Ég ræddi einnig við hv. form. n. í gær um það, að nauðsynlegt mundi vera að breyta einu orði í 1. gr. frv., og sé ég, að hann hefur borið fram brtt. um það á þskj. 250. En mér finnst, að kveða þyrfti nánar á um þessi atriði í greininni, og ég vildi biðja hv. form. n. að athuga, hvort ekki væri rétt að bæta aftan við gr.: „til áframhalds veiðitímans eftir 12. ágúst", því að eins og gr. er orðuð nú, þá má skilja hana þannig, að það skuli heimilt að ábyrgjast lán til þeirra útgerðarmanna, sem síldveiðar stunduðu sumarið 1949, þó að það hafi ekki beint verið til þess, að hægt væri að starfrækja útgerðina við síldveiðarnar. Að vísu eru þetta heimildarl. og hægt að fara þannig með þetta í framkvæmdinni, að ekki sé greitt til annarra, en eins og gr. er orðuð, er ekki vafi á því, að heimilt er að veita ábyrgðarlán útgerðarmönnum, sem gera út allt árið og hafa tapað fé á annars konar útgerð heldur en síldveiðum, ef þeir uppfylla aðeins þau skilyrði að hafa stundað síldveiðar sumarið 1949. Vænti ég, að hv. form. n. taki þetta til athugunar. Ég hef hins vegar heyrt því fleygt, að sumir af þeim útgerðarmönnum, sem fengu lán eftir 12. ágúst, hafi hætt veiðum strax er þeir höfðu fengið lánið, og hefur það náttúrlega ekki verið ætlan hæstv. ríkisstj., að eftir að búið var að veita mönnum þessi friðindi og þeir voru búnir að fá peningana í hendurnar, þá notuðu þeir fyrsta tækifærið til að hætta við veiðarnar. Mér er sagt, að nokkur brögð hafi verið að þessu, og væri gott að fá það upplýst undir meðferð málsins.

Í sambandi við brtt. þá, sem n. ber fram, seinni málsgr. hennar, þá er ég alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að þessi gr. á ekki við í þessu frv., og væri mjög æskilegt, að n. vildi draga þessa till. til baka og leitast við að koma henni fram á öðrum vettvangi, því að það kynni svo að fara, ef þessi gr. verður samþ., þá yrðu það einhverjir þm., sem ekki vildu fylgja frv., en væru fúsir til að fylgja því, ef gr. væri ekki með. Þetta eru alveg óskyld atriði, og á að greiða um það atkv. sérstaklega, án þess að binda það við þetta frv., hvort veittur skuli styrkur til þessa eða ekki. Annars er það alveg ljóst, að styrk til slíkrar starfrækslu og hér um ræðir á að veita úr fiskimálasjóði. Hann hefur það hlutverk fyrst og fremst að styrkja menn til þess að reyna ný veiðisvæði, nýjar veiðiaðferðir og til að leita nýrra markaða o. s. frv. Þetta er hans fyrsta og aðalhlutverk. Hann hefur hins vegar farið inn á annað verksvið, sem hann hefur a. m. k. einnig heimild til að gera, og skal ég ekki ræða um þetta frekar hér. En fyrst og fremst er það hans að standa undir slíkum kostnaði og hér um ræðir, og það er ákaflega óeðlilegt að leggja þennan kostnað á ríkissjóð, þegar Alþ. hefur gengið þannig frá l. um fiskimálasjóð, að það hefur tryggt honum verulegar árlegar tekjur til þess að standa undir þessari fyrstu skyldu sjóðsins.

Ég mun því ekki sjá mér fært að greiða atkv. með þessari brtt. í sambandi við þetta mál. Ég hef afhent hæstv. atvmrh. þessar fyrirspurnir skriflegar í gær og vænti þess, að hann vilji gefa upplýsingar um þetta mál.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki lengja umræðurnar neitt að ráði. Það er eingöngu varðandi brtt. á þskj. 242, að ég vildi bæta örfáum orðum við það, sem kom fram hjá hv. frsm. fjhn. í frumræðu hans um þetta mál.

Ég verð að segja það, að ég er undrandi yfir, hversu miklu stórskotaliði hefur verið teflt fram varðandi þessa till. Ég hygg, að hv. frsm. n. hafi gert grein fyrir henni. Fer umrædd brtt. fram á, að sú fyrirgreiðsla, sem er í frv., aðstoðin til útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu 1949, um sumarið, verði einnig látin ná, aðallega til eins báts, er stundaði fiskveiðar við Grænland á sama tíma, og e. t. v. tveggja smærri báta í viðbót. Það eru í hæsta lagi þrír bátar, sem koma til greina. Sjóveðin, er hvíla á þeim, nema um 70—80 þús. kr. Hér er og bundið við, að þeim bátum einum verði veitt þessi aðstoð, sem ganga munu, svo að tryggt sé, til fiskveiða hér við land á komandi vertíð í vetur, og þeir eru eigi nema þrír. Sé ég ekki ástæðu til að leggjast eins á móti þessu og kom fram hjá tveim hv. þm., og ólíklegt er, að hv. þm. Barð. hugsi til þess að binda fylgi sitt við frv. því, hvort brtt. verður samþ. eða ekki. Í l. um ábyrgð á útflutningsvörum báta-útvegsins er ákveðið að leggja 1½ millj. kr. til tryggingar því, að þessi löggjöf komi að notum, þ. e. a. s. til að afstýra því, að bátarnir geti eigi komizt á sjó fyrir sakir áhvílandi sjóveða. Er samur tilgangurinn hér, þótt um sé að ræða staðfestingu á því, sem gert var í sumar. Hvort tveggja: þau lög og þetta frv. — miðar bara að því að tryggja, að flotinn geti notað þessa aðstoð, svo að hann sé eigi bundinn af ógreiddum kröfum. Kemst nú nær allur flotinn af með hana, nema þessi þrír bátar. Ég hygg það vera nægilega upplýst, að til þess eru engin líkindi, að útgerðin komist af stað á komandi vertíð, nema hægt sé að leysa sjóveðskröfurnar, og ómögulegt sé fyrir hana að

færa sér í nyt fríðindi þau, sem ákveðin eru í l., fyrir sakir sjóveða. Er eðlilegt, að l. séu látin gilda um hina örfáu báta frá Ísafirði, er fóru til Grænlands, eins og um flotann almennt. Skiptir að því leyti engu máli, hvort bátar hafi stundað veiðar hér við land á sumarsíldveiðivertíðinni eða við Grænland. Viðkomandi félag á tvo báta. Annar þeirra fer á síldveiðar, hinn til Grænlands. Ég hygg of mikla smámunasemi, ef þetta atriði á að vera því til fyrirstöðu, að þessi bátur, og hinir tveir, geti notað sér fríðindi l. í sama mæli. Ég vil því mæla með því, að brtt. n. verði samþ. Vona ég, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að láta fyrirgreiðsluna ná einnig til 2—3 báta. — Þá er hér aðeins um heimild að ræða, og er viðeigandi að láta hana ná til alls flotans.

Það var minnzt á reikningsyfirlit af hæstv. ráðh. Veit ég vel, að slíkar grg. verða að liggja fyrir.

Ég held, að það hafi verið hæstv. dómsmrh., sem sagði, að leita mætti til hv. fjvn. með umsóknir um styrki. En bið getur orðið á, að menn komist á vertíðina, ef bíða á eftir því, að slík hjálp berist.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. Barð. hafði afhent mér fsp. þær, er mér virtist hann vísa til síðast. Ég veit ekki nema hv. þm. kunni að hafa bætt einhverju við, því að ég varð að fara út rétt áðan, en verð þó að halda mér við hið skrifaða mál.

Það er þá fyrst spurt um, hvort ríkisstj. ætli að veita ábyrgð fyrir öllum skuldum, er skapazt munu hafa í sumar, eða hvort hugsað væri til þess, að ríkissjóður tæki ábyrgð á öllum skuldum, er stofnað yrði til yfir allan tímann, þó innan takmörkunarinnar við 2500000 kr. — Raunar er óþarfi að svara þessu. Ég held, að því hafi verið marglýst yfir, hvað vekti fyrir stj. Ríkisstj. hafði ástæðu til að óttast, að sjómenn þeir, sem ættu við að búa rýran kost, mundu hrökklast af skipunum í miðjum ágústmánuði, og hún óttaðist einnig, að svo gæti farið, að fiskibátar og síldarverksmiðjur misstu afla, ef svo færi, að einhver afli yrði síðar á árinu, — og vegna þessa var miðað við það, að ráðstöfun yrði gerð í því skyni að biðja bankana um að miðla fé til styrktar. En enginn ásetningur var hafður um að taka ábyrgð á öllum hugsanlegum skuldum.

Þá kemur að 2. lið fsp., nr. 2 hjá hv. þm.: Hefur þess verið gætt, þegar ábyrgðin var lögð á ríkissjóð, að útgerðarmenn hefðu áður greitt 55% a. m. k. af brúttóafla? Þessi spurning er óviðkomandi málinu, því að brbl. fjalla um ráðstafanir, sem gerðar voru í sumar til að örva menn til veiða. Fsp. hv. þm. er um framkvæmdaatriði og þessu máli óviðkomandi, því að eðlismunur er á framkvæmdinni 1948 og nú. Í hinu fyrra, 1948, var verið að leysa inn sjóveðskröfur vegna vandræða útvegsmanna. Í hinu síðara, 1949, er verið að leggja ríkissjóðinn í ábættu. Þrátt fyrir þetta skal ég gefa hinar beztu upplýsingar, er ég veit. — Til þess að framkvæma þetta verk var svo nefnd skilan. sett á laggirnar, og hún hafði í meginatriðum framkvæmt þá ákvörðun, sem til var ætlazt í aðgerðum þings og stj., en endanlega afgreiðslu lánanna annaðist Fiskveiðasjóður Íslands. Skilan. setti upp reglur um störf sín, og var meginprinsipið hjá henni það, að enginn ætti að geta fengið hærri upphæð en hæð kauptryggingar skipverja nam, að frádregnum aflahlut. Það var því mismunurinn á aflatryggingunni og kauptryggingunni, er þurfti að leysa. N. reiknaði út, hve mikill aflahlutur skipverja átti að vera skv. skýrslunum. N. tók jafnt tillit til þess, hvort hásetarnir ættu allt ófengið eða útvegsmenn hefðu gripið til neyðarúrræða. Fengu hringnótabátarnir vegna rekstrar síns að auki 10% af tapi sínu. Nú er mér hermt, að fiskveiðasjóður hafi farið að fyrirmælum n. Þess ber að geta, að n. settist á rökstóla síðla árs, og fékk hún margar beiðnir, áður en hún var búin að öðlast grundvöll í störfum, og kann því að vera, að stundum hafi verið afgr. á rýmra grundvelli. Á þetta við um hina fyrstu báta, sem afgreiðslu fengu. Þörfin var orðin svo brýn, að n. sá sér eigi fært að draga afgreiðslu á neinum bátum. Er því hugsanlegt, að varðandi suma báta hafi eigi til fulls verið gætt þeirrar reglu, sem ég setti, en flestir féllu þó undir hana.

Nú er 3. liður, sem fjallar um það (ég er nú raunar búinn að upplýsa það), hvort nokkur upphæð hafi verið tekin á fjárl. til að mæta útgjöldunum skv. 3. gr. Já, varðandi það atriði vil ég taka fram, að ég tók eigi neina fjárhæð með í því skyni, því að engar upplýsingar lágu fyrir um málið, þegar frv. var samið. En þegar bankarnir féllust á að gera þetta, settu þeir það skilyrði, að á sínum tíma — og miðað var við þ. 31. jan. — yrði tekið tillit til þessa og þetta yrði tekið á fjárl. Skv. þessum brbl. nema þær skuldir, sem standa í dag á ábyrgð ríkissjóðs: Í Landsbanka Íslands kr. 722000, með vöxtum. - Útvegsb. Íslands h/f — 514307, — —
Og verður það þá sú upphæð, er ástæða verður til að ganga frá við bankana við tryggingu ábyrgðarinnar. En þetta táknar ekki, að fé sé tapað ríkissjóði, því að þeir, sem fengu hjálp, falla eigi enn undir þau ákvæði í l., að þeir séu á meðal þeirra, sem eiga að fá hjálp. Hins vegar þarf eigi að glæsa neitt fyrir sér vonirnar um, að skuldirnar gjaldist, nema úr rakni fyrir útgerðinni.

Nú, nú, — ég tel eigi þörf úr þessu að svara 4. spurningunni. Læt ég mér það óviðkomandi, og Alþ. á eigi að hirða um slíkt, og um annað hef ég ekki fengið upplýsingar.

Þá er 5. spurningin um það, hvort gerðar hafi verið ráðstafanir til að fá gjaldfrest. En um hana er það að segja, að þá fyrst getur hún átt við, þegar athugaðar eru eftirstöðvarnar. Það er samningsatriði við bankana, þótt ég telji, að framkvæma eigi þetta, úr því að lofað hefur verið að taka fé á fjárl. En enn er það samningsatriði við bankana. — Hef ég þá engu við þetta að bæta, og er ég búinn að tæma listann.

Varðandi orð hv. 4. þm. Reykv. um vandkvæði tveggja Grænlandsbáta, þá kann að vera, að þörfin hjá þeim sérstöku bátum sé og

getur vitaskuld verið eins brýn og hjá síldveiðibátunum. En það er meira en formalismi að útfæra það. Ég vildi gera meira, ef aðeins væri formlegt og þýddi eigi, að ábyrgjast yrði Grænlandsveiðar almennt. En það þarf að koma einhvers staðar fram, að heimilt sé að gera þetta, á annan hátt en þarna er gert. Rétt er það hjá hv. þm., að höfuðmarkmiðið með ábyrgðunum er að reyna að halda skipunum við vinnu. Það er satt. En þannig er hugsað hér, að Alþ. samþykki þetta vegna síldveiðanna, en fiskábyrgðarl. séu undanskilin í löggjöfinni. — Þessa vildi ég geta í sambandi við orð hv. 4. þm. Reykv.

ATKVGR.

Brtt. 250 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Eins og ég skýrði frá í framsöguræðu minni og hv. þdm. sjá, er 1. mgr. aðalbrtt. n. fólgin í umorðun á 1. gr. frv. Að sumu leyti á að færa hana til betra máls, en að öðru leyti er hún vegna þess, að nú er annar tími. Bera brbl. með sér, á hvaða tíma þau eru sett, og n. var öll sammála um að breyta orðalaginu hér og láta sjást, að hér er um liðinn tíma að ræða. En við nánari athugun sýnist mér, að n. hafi ekki gengið nógu rækilega til verks. Þar sem stendur í brtt. n.: „Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast bráðabirgðalán, er Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f veita, til þeirra útgerðarmanna, er síldveiðar stunduðu sumarið 1949", — var að því leyti farið eftir orðalagi frv. En það gæti skilizt svo, að heimild væri til að ábyrgjast framhaldandi ný lán, aðeins ef þeir hefðu stundað síldveiðar á þessum tíma. Ég hef því borið fram þessa litlu brtt. við brtt. n. á þskj. 242: „Við tölul. 1. Fyrir orðið „veita" í fyrri málsgr. komi: veittu", svo að skýrt komi í ljós, að hér er um engin ný lán að ræða. Mér þótti ekki taka því að kalla n. saman vegna svo lítils.

Um megintill. n. get ég vísað til þess, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði viðvíkjandi Grænlandsveiðunum. Atvmrh. sagði í gær, að ríkisstj. hefði engin loforð gefið viðvíkjandi veiðunum við Grænland. Ég talaði heldur aldrei neitt um það. En hæstv. ráðh. bar aldrei á móti því, sem stendur í greinargerð forstjóra Njarðar, að ríkisstj. hafi verið því mjög hlynnt, að þessi tilraun væri gerð. Hæstv. dómsmrh. sagði margt athyglisvert um þetta í gær, og var ég honum um ýmsa hluti sammála. En hvað þetta atriði snerti, fannst mér hann ekki draga að öllu leyti réttar ályktanir af þeim forsendum, sem hann flutti. Ég fæ ekki séð þann mikla eðlismun, sem hann virtist telja að væri á síldveiðaaflabrögðum og fiskveiðum við Grænland. — Fiskveiðar við Grænland eru auðvitað enginn sérstakur atvinnuvegur og aðeins þáttur í fiskveiðum okkar. En þær eru hins vegar nýjung. Og ég verð að telja, að þeir, sem brjóta nýjar brautir, eigi ekki síður stuðning skilið en þeir, sem fara troðnar slóðir. Sú skoðun kom fram hjá hv. þm. Barð. Hins vegar sagði hann, að hér hefði það verið fiskimálasjóður, sem hefði átt að hlaupa undir bagga. Er það í sjálfu sér rétt. En sjóðurinn er bara þannig stæður, að hann er ekki fær um að veita mikla aðstoð, og hefði hann átt að veita styrk, hefði orðið að semja um það við sjóðsstjórnina áður en tilraunin var gerð.

Hæstv. dómsmrh. sagði réttilega, að gróða af Grænlandsútgerðinni, ef hann hefði einhver orðið, mundi ekki hafa verið skilað í ríkissjóð. — En dettur honum í hug, ef stórgróði hefði orðið á síldveiðunum í sumar, að honum hefði verið skilað í ríkissjóð? Ég held við getum orðið sammála um, að svo mundi ekki hafa verið gert, og sé ég því ekki, að þessar röksemdir hans hafi mikið að segja út af fyrir sig.

Þá taldi hæstv. dómsmrh., að jafnvel þótt það yrði að ráði að hjálpa Grænlandsleiðangrinum, þá ættu tillögur um það ekki heima í þessu frv., heldur væri það rétt að bera þær fram sem brtt. við fjárlög. Þetta getur nú verið álitamál, og kann að vera, að þetta eigi ekki reglulega vel heima í þessu frv. Líka gæti komið til mála að flytja um þetta sérstakt frv. En ætti að flytja þetta mál sem brtt. við fjárlög, þá mundi leiða af því, að hjálpin kæmi of seint. Það er nefnilega ekki aðalatriði í þessu að bæta útgerðarmönnum tjónið. Till. er ekki um styrk. Hún er um lán til að leysa sjóveð af bátunum, til þess að sjómennirnir, sem þar unnu, fái sitt kaup og tryggt sé, að bátarnir geti gengið áfram á veiðar. Till. er ekki um neinar gjafir, heldur um lán, sem síðar yrðu innheimt, ef kostur yrði á. Og ég vil leyfa mér að halda því ákveðið fram, að þar sem Alþingi hefur gert ráðstafanir til að leysa sjóveð af öðrum skipum, og það ekki í fyrsta skipti á þessu þingi, þá er mér ómögulegt að skilja, hvers vegna þessir fáu sjómenn, sem stundað hafa fiskveiðarnar við Grænland, mega ekki verða hins sama aðnjótandi. — Tökum til dæmis, að útgerðarfélagið Njörður gerir út tvo báta, annan á síldveiðar og hinn á Grænlandsmið. Nú munu sjómennirnir yfirleitt hafa ráðið sig á bátana til veiða án þess að vita, hvar þær yrðu stundaðar, og eins konar tilviljun ráðið því, hvaða bátar fóru til Grænlands og hverjir á síldveiðarnar. Þá ræður líka tilviljun um það, hvor hópurinn fær sína lágmarkstryggingu greidda að loknum veiðum, því að mér skilst, að úr því að svona hátt sjóveð hvílir á skipunum, þá sé þar a. m. k. að einhverju leyti um kaup sjómannanna að ræða. Sjá allir, hvaða réttlæti er í þessu.

Það er ekkert atriði fyrir mér í sjálfu sér, að till. um þessa aðstoð komi fram í þessu frv. En það var farið fram á það, að þetta væri borið fram í sambandi við frumvarpið um ábyrgðarverð á fiski, og það vildi n. ekki fallast á, að skjóta þannig aukaatriði inn í það stóra mál. Hér gegnir öðru máli.

Það, sem hv. 11. landsk. sagði um sinn fyrirvara, hef ég ekki mikið að athuga við. Hann benti á, að það, sem stæði í grg. h/f Njarðar, væri umsögn forstjórans og engin trygging væri fyrir því, að niðurstöður væru réttar. Það

er rétt. En þetta er heldur engin fyrirskipun til ríkisstj., heldur heimild til að veita þessa aðstoð, og þarf hún ekki að reiða neitt af höndum fyrr en hún hefur gengið úr skugga um, að málið sé svo vaxið sem það er fyrir lagt. Fyrirtækið hefur bókhaldsskyldu, og á ríkisstj. auðveldlega að geta sannfært sig um það, hvernig þessu er háttað. Mæli ég ekki með því, að hjálp yrði veitt, ef það kæmi upp úr dúrnum, að hér væri um plötuslátt að ræða.

Varðandi þær hugleiðingar, hvaða áhrif aðstoð þessi hefði á þá, sem hjálpa sér sjálfir, vil ég segja það, að mér hefur staðið mjög stuggur af þeim hugsunarhætti, sem skapazt hefur í okkar þjóðfélagi, að allt eigi að heimta af ríki og bæ, þegar bjátar á, en komast þó hjá að borga skatta á móti. Ég hef aldrei skilið, hvernig menn koma þessu saman í sínum huga. Til þess að þetta geti gengið, þyrfti að vera um einhverjar aðrar uppsprettur auðs að ræða heldur en framleiðslu þjóðarbúsins. — En þegar út í þessa vitleysu er komið á annað borð, þá virðist það vera álitamál, hvort það eigi að taka mjög fámennan hóp og meina honum að sitja í þessu efni við sama borð og aðrir. (*Einhver:* En einhvers staðar verður þó að spyrna fótum við.) Það er rétt, en með aðgerðum í miklu stærri stíl. Og hvers vegna eiga síldveiðisjómenn, sem atvinnu hafa stundað hjá sérstöku fyrirtæki, að fá sitt kaup, en þeir, sem stundað hafa fiskveiðar við Grænland hjá sama fyrirtæki, að ganga slyppir frá borði? Það sé ég ekki. — Mér er þetta ekkert persónulegt áhugamál. Ég þekki ekki þá menn, sem hér standa að, og hef engar skyldur að rækja við hlutafélagið á Ísafirði, en eftir atvikum fannst mér samt sanngjarnt að verða við beiðni þessara manna.

Hv. þm. Barð. taldi, að nauðsyn væri að bæta því ákvæði við gr., að ábyrgðin sé bundin við þau lán, sem tekin séu eftir 12. ágúst. Eftir skýrslu hæstv. atvmrh. skilst mér, að ekki sé þörf á því. Það er búið að framkvæma bráðabirgðalögin, og ef brtt. verður samþ., verður ekki um önnur lán að ræða en þau, sem þegar er búið að taka ábyrgð á.

Hv. þm. fór fram á það, að n. drægi till. sína til baka. Það get ég ekki gert fyrir n. hönd, og sé enda enga hættu í því, að atkvæði fái að ganga um hana. Mér skilst nú helzt, að horfur séu á, að ábyrgðin verði ekki veitt. Ég veit ekki, hvort deildinni sýnist og ráðh., að fresta skuli umræðum, svo að n. geti athugað, hvort draga skuli till. til baka. En ég sé nú enga þörf á þessu.

Ég hef áður minnzt á fiskimálasjóð í sambandi við þetta og þarf ekki að svara hv. þm. Barð. viðvíkjandi því. En varðandi það, sem hann sagði um 3. gr., vildi ég leggja á það áherzlu, — og þykir illt, að hæstv. atvmrh. og fjmrh. skuli ekki vera hér viðstaddir, og vil biðja hæstv. dómsmrh. að koma því á framfæri í ríkisstj. — að hér er ekki um styrk að ræða, heldur ábyrgð. Ég vil því leyfa mér að óska þess, að hæstv. ríkisstj. geri sitt ýtrasta til þess að útvega hlutaðeigendum lán, sem hún yrði að vera í ábyrgð fyrir, og sú upphæð, sem yrði veitt á fjárlögum, yrði ekki há. Þó yrði að taka lánin inn á fjárlög, ef bankarnir ganga að. En á meðan ekki er vitað, hvað tapast, er ekki ástæða til að taka þetta inn á útgjaldareikning á fjárl. og rétt að gera ráð fyrir, að meiri hlutinn innheimtist. Síldveiðar gætu gengið miklu betur í sumar en áður, og gætu menn þá endurgreitt lánin. Ég mæli þannig ekki með frv. í þeim skilningi, að fé eigi að gefa.

Skal ég svo láta útrætt um þetta að sinni og ekki tefja umræður frekar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Forseti. Ástæðan til þess, að ég tek til máls, er sú, að ég sem þingmaður þessarar deildar get ekki fallizt á þá brtt., sem hér liggur fyrir. Málið hefur ekki verið rætt í ríkisstj., og innan hennar og flokkanna, sem að henni standa, hafa menn um það frjálsar hendur. Ég túlka því ekki hennar skoðun. En eðlilegt verður að teljast, að við þm. deildarinnar látum í ljós skoðun okkar á slíkum atriðum, þótt stjórnin sem slík hafi ekki tekið afstöðu til þeirra, hvorki núverandi stjórn né hin fyrrverandi.

Það má nú segja, eins og hv. frsm. tók fram, að hér sé ekki um stórmál að ræða; þetta er ekki svo há fjárhæð í allri þeirri súpu styrkja og ýmiss konar aðstoðar, sem nú er soðin. En mér virðist, að hvort sem hér er um litla eða stóra fjárhæð að ræða, þá eigi ekki við að tengja þessa brtt. við þetta frv., — og mér sýnist það álitamál, hvort forseti ætti ekki að vísa henni frá sem óskyldu efni því frv., sem hér liggur fyrir. Sá ágæti forseti, sem er frsm. n., hefur að vísu vikið úr sæti, en ég ber fullt traust til varaforsetans í því efni að ákvarða um það, hvort honum beri ekki að vísa þessum brtt. frá. Ég vil vekja athygli á þessu, þótt það að vísu sé ekki svo ljóst mál, að ég vilji gera um það beina kröfu. Hér er um takmarkað tilfelli að ræða. Það getur alltaf verið álitamál, og geri ég því enga kröfu. En þetta tel ég eigi hægt. Það eru ekki til nógu rækilegar röksemdir fyrir því að tengja þessi atriði saman. Við skulum hugsa okkur, að ástæða hefði þótt til að veita bændum almennan styrk vegna harðinda og vegna þeirra hefði orðið fellir hjá þeim ár eftir ár og það væri um að ræða 5. árið í röð, sem fellir hefði orðið, og því hefði þótt ástæða til að gefa út brbl. Menn yrðu þá sammála um, að eðlilegt væri, að ríkisstj. hlypi undir bagga. En svo skulum við gera ráð fyrir, að einn bóndi eða bændur hefðu gert tilraunir með gróðurhúsarækt, en þær tilraunir hefðu farið út um þúfur. Það yrði þá óeðlilegt að tengja styrk til þeirra bænda, sem misheppnazt hafa tilraunir við ræktun gróðurhúsajurta, frv. til l. um almenna hallærishjálp til bænda vegna harðinda. Alveg eins er það hér, að fyrirhuguð er fyrirgreiðsla vegna síldveiðimanna, nema hér er um að ræða 5. árið í röð. Er það veigameira mál og meira virði en það, að útgerðarmenn fara að gera tilraunir með veiðar við önnur lönd, hér Grænland. Það er enginn þjóðfélagsvoði því samfara, þótt einstakir útgerðarmenn verði fyrir tapi. Maður

verður að ætlast til, að þeir hafi ekki hætt meira fé en þeir geta staðið undir. Hitt er ósambærilegt, þegar náttúruógæfu ber að höndum, ef þannig má að orði komast, eins og átt hefur sér stað varðandi síldarskortinn. Það er vegna þessa, að mér gremst, að farið sé að blanda þessum tveim atriðum saman. En út af fyrir sig skiptir engu máli, hvort upphæðin aukist um 70—80 þús. kr., sem eru þó peningar. Látum það vera. Það er hægt að ræða það mál og athuga, ef tekið er upp á réttan hátt. En það á bara ekki heima í þessu frv., sem er til staðfestingar á ráðstöfunum, sem er búið að setja í brbl., sem eigi voru sett vegna þess, að eitthvert gróðabrall hefði farið út um þúfur, heldur sökum aflabrests, ógæfu allrar þjóðarinnar. Svo á að fara að tengja þau styrkveitingu til einstakra manna, er lögðu út í eigin áhættu án þess að ráðfæra sig við kóng eða klerk. Ef mennirnir hafa ekki talið sig hafa efni á að ráðast í þetta fyrir eigið fé, gátu þeir leitað til þings eða stj. En þeir gerðu það ekki. Má segja að sönnu, að síldveiðimenn hafi ekki heldur leitað til ríkisstj. Að vísu er það rétt. En atvikin eru ólík, og ríkið hefur ýtt undir starfsemi síldarútgerðarmanna: reist síldarverksmiðjur og t. d. selt afurðir þeirra, bæði úr bræðslu og saltaða síld. Ríkið hefur hjálpað mörgum, þátum o. fl., til að leggja stund á þetta. Þessir menn vita, að þeir hafa verið í fullri þökk ríkisins við þennan atvinnuveg, sem er undirstöðuatvinnuvegur allrar þjóðarinnar. Ekkert af þessu er sambærilegt við það, að menn telji sér óhag að því að sigla til Grænlands. En ríkið styrkti þá, m. a. með hluttöku í Útvegi h/f, sem leitaði styrks frá ríkinu, og er eðlilegt, að þeir, sem vilja leita inn á nýjar brautir, tryggi sér fyrir fram, hvort þeir fá styrk til þess eða ekki. Ég hjó ekki í það, að hv. frsm. n. kæmi með frekari skýringu á því, að framkvæmdastjórinn sagðist hafa verið neyddur til að selja til Íslendinga, en hefði verið skaðlaus af því að selja til útlendinga. (*BSt:* Það hefur sjálfsagt verið samningur.) Ja, en maðurinn hlýtur að hafa vitað, hvað hann var að gera, og getur ekki skellt tapinu á ríkissjóð, vegna þess að hann hafi gert vanhugsaðan samning eða hann hafi eigi farið nógu vel, og þá ætti að láta ríkið bera tapið. En maðurinn sannar hér, að hann á engan styrk skilið. Þótt þetta sé kölluð ábyrgð, er hún ein tegund af styrk. Þetta er ekki sambærilegt við það, þegar síldveiðin bregzt. Ég get ekki fallizt á, að hægt sé að bera það saman. Ég er ekki að telja eftir, að sjómenn fái veð sín innleyst. En það getur ekki annað en verið satt, að sjómennirnir hafi vitað, að þeir væru að fara til Grænlands, en ekki til síldveiða fyrir Norðurlandi. Það er misskilningur hjá hv. frsm., að á þetta hafi ekki verið litið. Sjómenn hafa gert upp við hug sinn, hvað væri vænlegast fyrir sig.

Segja má, að löngu máli hafi nú verið eytt í lítilvægt mál. En hér er um meginstefnu að ræða. Og 70—80 þús. kr. eru sú fjárhæð, að menn gleypa hana eigi þegjandi, nema full gögn séu fyrir því, að hana eigi að greiða af hendi. Ég tel slíka till. ekki eiga hér heima.

Forseti (RÞ): Það er nú liðið á fundartímann. Eru nokkuð margir á mælendaskrá. Vinnst því ekki tími til að halda málinu áfram nú, og er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 23. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann gaf í sambandi við þetta mál. Og þó að honum fyndist sumt af þessu, sem um var rætt, vera óviðkomandi afgreiðslu þessa máls, svo sem ýmsar uppbætur í sambandi við ábyrgðir og lántökur vegna taps á síldveiðunum 1948, þá má nú segja, að engar fjárlagagreiðslur úr ríkissjóði séu óviðkomandi fjvn. og þessari hv. þd. — Ég er hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það, sem hann gaf upplýsingar um þau atriði, og verð að fallast á, að hæstv. ríkisstj. hafi á þeim tíma farið með þau mál á eðlilegan hátt, eftir því sem hæstv. ráðh. upplýsti hér. Skal ég ekki gera þau atriði frekar að umtalsefni. Og eftir þessum upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf um útistandandi skuldir, þá virðast kr. 1236307.00 vera útistandandi af því fé, sem heimilt hefur verið að veita samkv. því frv., sem fyrir liggur. Hæstv. ráðh. vildi þó ekki upplýsa, hve mikið hefði verið notað af heimildinni. Hann kvað það ekki hafa þýðingu viðkomandi afgreiðslu málsins. En ég leyfi mér að benda á í sambandi við það, að vafasamt hlýtur að vera, hvort heimilt sé að lána þetta fé aftur, sem inn hefur komið sem endurgreiðsla á þessum lánum. Og hafi heimildin verið öll notuð samkv. 2. gr. frv., upp á kr. 2250000.00, og ef ekki er heimilt að nota þetta fé til nýrra lánveitinga í sama skyni, — sem ég lít svo á, að ekki sé heimilt að óbreyttum lögum, — þá álít ég, að það þurfi að hækka heimildarupphæðina í 2. gr. frv., svo framarlega að þessi brtt., sem fyrir liggur frá hv. fjhn., verði samþ. Mér sýnist það óhjákvæmilegt, ef nokkurt gagn á að vera í því að samþ. þá till.

Hins vegar teldi ég réttast, úr því sem komið er, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. er flutt til samþykktar á bráðabirgðal., sem búið er að framkvæma eftir, og er í sjálfu sér ákaflega óeðlilegt að blanda inn í það öðrum óskyldum málum. Og ég verð að segja, að ef samþ. verður þessi brtt. frá hv. fjhn., sem hér liggur fyrir, nú við 2. umr., þá neyðist ég til að koma með viðbótartill., sem ég viðurkenni, að á ekki heima í þessu frv., eins og það liggur nú fyrir. Og af því að ég álít, að sú till. eigi ekki heima í sambandi við þetta frv., hef ég hikað við að bera hana fram. En hún á að sjálfsögðu heima í þessu frv., ef því verður breytt á þann hátt, sem hv. fjhn. leggur til. Vil ég nokkuð skýra þetta atriði.

Það er vitanlegt, að árið 1948, þegar skipt var upp fé milli útgerðarmanna, sem ráku síldveiðar á því ári með tapi, þá voru nokkrir

aðilar meðal þeirra útgerðarmanna, sem sóttu um lán úr þessum sjóði til þess að leysa út sjóveð á skipum, sem þeir höfðu leigt til síldveiða. Þessum lánbeiðnum var vísað frá, vegna þess að það þótti ekki löglegt eða heimilt samkvæmt bráðabirgðal. að styðja þessa menn á þennan hátt, þ. e. í sambandi við það fé, sem annars látið var til þess að leysa sjóveðin af öðrum skipum. Nú er það svo, að þessir sömu aðilar, sem ekki fengu þessa aðstoð og gátu ekki staðið undir þessum kostnaði, urðu að láta fara fram sölu eða kröfu á hendur skipunum, sem sjómenn áttu, til þess að tryggja sín laun. Og þessi skip hafa síðan legið bundin, a. m. k. sum þeirra, í höfn, vegna þess að ekki hefur verið hægt að leysa út þessar sjóveðskröfur. Og viðkomandi aðilar hafa fengið dóm fyrir kröfunum og beðið eftir, að þessi mál leystust. Ég mun ekki fara frekar út í þetta á þessu stigi málsins. En ef brtt. hv. fjhn. verður nú samþ., mun ég bera fram brtt. við frv. við 3. umr., sem mér sýnist þá eiga eins mikinn rétt á sér eins og brtt. sú, sem hér hefur verið fram borin af hv. fjhn. — Og ég vildi spyrja, hvort hv. form. fjhn. sér sér ekki fært að taka þessa brtt. til baka, a. m. k. til 3. umr., til þess að séð verði, hvort ekki er hægt að sameina þessar till., annaðhvort í eina brtt. við þetta frv. eða með því að bera fram um þetta nýtt frv., sem mér þætti eðlilegra, eins og málin nú horfa við.

Hv. 1. þm. Eyf. spurði hér í sambandi við þetta við umr.: Hvers vegna eiga sjómenn á síldveiðiskipum að fá sitt kaup, en sjómenn við Grænland ekki sitt kaup? Hér er ekki um það að ræða að tryggja sjómönnum kaup. Þeir fá sitt kaup, með því að láta sjóveðin í viðkomandi eignum verða þeim hjálp til þess, að þeir fái sitt kaup. Hins vegar er hér verið að bjarga útvegsmönnum, sem liðið hafa tap á útgerð. En hér er nákvæmlega það sama um þessa útgerðarmenn að segja, sem ég minntist á áðan, eins og þá, sem gerðu út við Grænland, svo að ég sé ekki, að hægt sé að taka þá útgerðarmenn með, sem hv. fjhn. leggur til, að teknir verði með í þessu efni, en láta samt sem áður hina, sem ég hef talað hér um, ekki njóta sömu friðinda.

Ég vildi mælast til þess, að hv. form. fjhn. athugaði þetta, áður en málið fer undir atkv.

Haraldur Guðmundsson: Forseti. Ég kvaddi mér hljóðs á síðasta fundi vegna ummæla, sem hér komu fram frá hæstv. atvmrh. En hann er hér ekki viðstaddur nú. Mér skildist á honum, að hann vildi hugsa um það, hvort mögulegt væri að greiða fyrir þeim einum eða tveimur bátum, sem brtt. fjallar um, þó að heimild til þess væri ekki sett í það frv., sem hér liggur fyrir. Og ætlaði ég að leita eftir svari hjá hæstv. atvmrh. við því, hvort hann sæi sér það fært, því ef svo væri, þá skilst mér, að hugsanlegt væri að taka brtt. aftur, ef skýlaus yfirlýsing lægi fyrir um þetta efni. En þar sem hæstv. ráðh. er hér ekki viðstaddur, sé ég mér ekki fært að fara langt út í umr. um málið.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Þó að ég sem frsm. n. hafi rétt til að halda hér ræðu, þá mun ég ekki nota þann rétt að neinu ráði, heldur láta nægja stutta aths., og það því fremur sem hæstv. dómsmrh. er hér ekki viðstaddur; og vil ég því síður fara mikið út í það, sem hann sagði hér, og get haft um það fá orð. En hans ræða síðast í þessu máli gekk aðallega út á það, hvað brtt. fjhn. væri um óskylt efni því, sem frv. þetta fjallar um. Og beindi hann því jafnvel til forseta, hvort ekki bæri að vísa þessari brtt. frá atkvgr. sökum þess, hvað hún væri um óskylt efni.

Ég verð nú að segja það strax, að ég gat ekki sannfærzt af þessum rökum hæstv. dómsmrh. Fyrst og fremst finnst mér það nú í eðli sínu ekki svo sérlega óskylt mál, hvort bátur stundar síldveiði eða aðra fiskveiði. Fiskarnir skiptast nú í ýmsar tegundir. Og ég hef nú alltaf heyrt — a. m. k. stóð það í minum kennslubókum fyrir 50 árum —, að síldin væri fiskur, og aldrei hef ég orðið var við, að gerður væri greinarmunur á því, hvort veiddur væri þorskur eða ýsa eða lúða o. s. frv. En það er hægurinn hjá að benda á atriði, sem sett var hér á þessu þingi inn í lagafrv., sem ég held að enginn geti haldið fram, að hafi verið skyldara aðalefni frv. heldur en þessi brtt. nú er skyld þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og það var frv. um ábyrgð á útflutningsvörum bátaflotans, sem er nú það stærsta mál, sem þingið hefur enn fjallað um. Þá setti hv. Nd. inn í það frv. ákvæði um það, að þessi ábyrgð skyldi einnig gilda um útfluttar landbúnaðarvörur. Og þá kom engin till. fram um það í sambandi við það mál hér í hv. þd. — a. m. k. ekki frá hæstv. dómsmrh. — að fella það ákvæði niður, enda eru alls konar fordæmi fyrir því, að nokkuð óskyld atriði eru tekin inn í frv. frá því, sem frv. fjalla um í fyrstu. Annars skal ég segja það, að þótt það líti út fyrir, að það sé ýmsum hér kappsmál að koma þessari till. n. fyrir kattarnef, er mér það ekki kappsmál að fá hana samþykkta. Mér fannst það sanngjarnt, eftir atvikum, þetta erindi frá hlutafélaginu Niröi, og þess vegna féllst ég á, að þessi brtt. yrði borin fram, en er það ekki á neinn hátt kappsmál. Ekki veit ég, hvort nokkuð er þarna á bak við, sem mér er ekki ljóst, en það virðist vera undarlega mikið kapp um þetta. — Ég hef tekið til athugunar það, sem hv. þm. Barð. sagði, hvort ekki væri þörf á að hækka ábyrgðarheimildina, ef þessi till. yrði samþ., en eftir þeim upplýsingum, sem ráðh. gaf hér við fyrri hluta umr., held ég, að ekki þyrfti til þess að koma. Nú, það sem hér hefur komið fram nú síðast hjá hv. þm. Barð. og ráðh. — ég held báðum —, er það, að óviðkunnanlegt væri að breyta verulega atriðum í brbl., heldur bæri einna helzt að samþykkja þau óbreytt. Þessu er því til að svara, að Alþ. hefur endalaust gert þetta, eins og allir þm. vita, og hefur breytt brbl. meira og minna, eins og hverjum öðrum lagafrv., þó að meginefnið hafi haldið sér, og vitanlega verður ríkisstj. ekki dregin fyrir dóm vegna breyt., sem gerðar kunna að

verða, eftir að brbl. hafa verið lögð fram.

Þá gaf hv. þm. Barð. nú síðast þá skýringu, að þetta væri í raun og veru ekki gert fyrir sjómennina á þessum skipum, því að þeir gætu látið selja sjóveðin og þannig fengið sitt kaup greitt. Þetta er út af fyrir sig rétt. En það hafa nú áður og oftar en einu sinni verið gerðar ráðstafanir til þess að leysa sjóveð af skipunum, af því að það hefur fram að þessu þótt neyðarúrræði, að veiðiskip væru sett á nauðungaruppboð. Ég veit ekki, hvort eitthvað sérstakt gildir um þetta skip, Hafdísi, og geri ekkert til með það, en bjarga beri öðrum skipum frá slíku, en ég hef ekki heyrt rök fyrir því. En eftir upplýsingum, sem fram koma í þeirri grg., sem ég hef hér í höndum frá Nirði, virðist mér þetta ekki eins óskylt síldveiðum og ætla mætti í fljótu bragði, því að meiningin var að gera þessi skip út á síldveiðar, og kemur hér fram, að komið hafi um það bending frá stjórnarvöldunum, má nærri því segja, að reynt væri að senda annan bátinn á Grænlandsveiðar, en hinn á síldveiðar. Vil ég leyfa mér að lesa hér upp úr grg.:

„Þegar líða tók á s. l. vor, fór ég að velta því fyrir mér, hvernig mögulegt mundi vera að koma hinum tveimur Svíþjóðarbátum félagsins, Freydísi og Hafdísi, til veiða yfir sumarmánuðina. Átti ég tal um þetta við aðalbjargvætt útvegsins á Ísafirði, þáverandi bankastjóra Útvegsbankans, Halldór Halldórsson, en fékk daufar undirtektir. Taldi hann litlar líkur til, að bankinn mundi hætta meiru fé til síldveiðanna en orðið væri. Leitaði ég þá eftir láni eða fyrirframgreiðslu hjá síldarverksmiðju, er við höfðum áður skipt við, en án árangurs. Nokkru síðar átti ég viðræður við nokkra menn í Reykjavík, er áhuga höfðu á Grænlandsveiðum og voru í þann veginn að stofna til leiðangurs í því skyni. Skýrðu þeir mér frá, að margir hv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar hefðu áhuga á þessu máli og mundi ríkisstjórnin leggja leiðangrinum verulegan stuðning, var um talað, að leiðangurinn mundi geta lagt af stað um mánaðamót maí—júní. Um þetta leyti fóru að berast fregnir um uppgripaafla við Grænland, og um svipað leyti komu fram upplýsingar frá S. Í. F. og Fiskifélaginu gegnum blöð og útvarp um það, að batnandi horfur væru á sölu saltfisks og landsmenn hvattir til að auka framleiðslu hans. Átti ég þá aftur tal við bankastjóra Útvegsbankans á Ísafirði og skýrði honum frá þessum upplýsingum. Taldi hann hyggilegt að draga að einhverju leyti og strax úr þeirri miklu áhættu, er síldveiðunum fylgdi, og virtist hann hafa áhuga fyrir, að rannsakað yrði, hvort þarna gæti verið um að ræða gullnámu fyrir íslenzka vélbátaflotann. Þá bentu og allar líkur til, að síldveiðiflotinn mundi á undanförnum 4 árum hafa skilað allt að því sama aflamagni á land, enda þótt veiðiskipin hefðu verið helmingi færri. Endalok okkar viðræðna urðu þau, að bankinn lofaði að kaupa af félaginu ávísun að upphæð kr. 125 þús., er greiddist með andvirði fyrsta aflans á Grænlandsmiðum. Vegna þessa láns reyndist kleift að koma báðum bátunum á veiðar, öðrum á síldveiðar, en hinum á Grænlandsveiðar."

Þarna finnst mér koma fram, að félagið ætlaði sér að gera bátana út á síldveiðar, en hafi af opinberum aðilum frekar verið hvatt en latt til að láta ekki nema annan bátinn fara á síldveiðar og senda heldur hinn á þessar Grænlandsveiðar, svo að mér finnst þetta ekki hvort öðru eins óskylt og haldið hefur verið fram.

Hv. þm. Barð. hefur endurtekið tilmæli sín um það, að n. taki til athugunar, hvort hún vilji draga þessa till. til baka, t. d. til 3. umr. Ég vil ekki segja annað um þetta en það, sem ég hef minnzt á áður, að ég get ekki gert slíkt upp á mitt eindæmi, ef ekki gefst tækifæri til að ræða við n. um það. Það gengur nú svona misjafnlega að fá n. saman á fund. Nú er ákveðinn nefndarfundur kl. 4½ í dag, sem er fastur fundartími n., og skal ég þá gjarna bera þetta undir hana. Sjálfur hef ég út af fyrir sig ekkert á móti því, að sjálfsagðar leiðréttingar á frv. séu bornar fram og afgreiddar sérstaklega og svo þessi efnistill. aftur við 3. umr. Mér er nú málið ekki meira kappsmál en það, en í því formsatriði mun ég þó ekki skera mig úr leik frá meðnm. mínum. Ég skal sem sagt bera það undir n., því að ég geri ráð fyrir, samkvæmt því sem hér hefur áður verið sagt, að forseti láti ekki atkvgr. fara fram um þetta mál, nema því aðeins at atvmrh. sé viðstaddur, og þar af leiðandi verði að fresta því núna í dag hvort sem er.

Páll Zóphóníasson: Forseti. Ég skil ekki vel þessar umr., sem hér hafa farið fram. Þegar talað er um þessa ábyrgð samkv. 2. gr., sem ríkissjóður taki á sig, tala menn hér í d. um, að ríkissjóður ýmist láni eða leggi fram fé. Það er eins og menn geri ráð fyrir, að hér sé um að ræða styrk frá ríkinu, en ekki lán, og þá, að það endurgreiðist ekki. Nú upplýsti ráðh., að það, sem veitt hefur verið af þessu þannig, væri 1200—1300 þús. kr. Heimildin hefur þess vegna ekki verið notuð nema að nokkru leyti. En hví þá að láta standa sömu upphæð og ríkisstj. hélt, að mundi þurfa í sumar, þegar hún setti 2¼ milljón? Verði brbl. samþ., sé ég enga ástæðu til að láta standa í þeim aðra tölu en á að vera, þegar þetta er svo seint gert, að maður veit vel, hvaða tölu á að setja þarna inn. Ég vil þess vegna fá upplýst, hvernig á því stendur, að menn tala sitt á hvað, ýmist um ábyrgð, sem ríkið taki á sig, eða lán, sem ríkið veiti, eða framlag, sem það leggi fram. Mér er þetta ekki ljóst. Í öðru lagi vildi ég spyrja, hvers vegna ekki má setja rétta tölu inn í 2. gr., þegar fyrir liggur, hvaða tala það á að vera. Og í þriðja lagi vildi ég fá að vita, hve mikið ríkið á að ábyrgjast í fjárl. samkv. 3. gr.

Gísli Jónsson: Forseti. Ég vildi aðeins benda á, að þessi ræða hv. 1. þm. N-M. er byggð á hreinum misskilningi. Hann hefur ekki tekið eftir því, sem ráðh. sagði, eða því, sem ég upplýsti hér í ræðu minni um þetta mál. Ráðh.

tók skýrt fram sem svar við þeirri spurningu, er ég beindi til hans, hve há sú fjárhæð væri samtals, sem bankarnir hafa lánað í þessu skyni gegn ríkisábyrgð og hve mikið af þeirri fjárhæð yrði endurgreitt bönkunum fyrir 31. þ. m., að hann teldi ekki ástæðu til að segja frá því, hver upphæðin hafi verið, sem lánuð var, og er mér því ekki kunnugt um það, hve mikil upphæðin hefur verið — hún getur hafa verið 2½ millj. —, en hann tók það skýrt fram, að rúm 1200 þús. væri enn ógreitt, útistandandi, og skildist mér á ráðh., að útlánin hefðu verið miklu hærri, en þetta er það fé, sem hann taldi þörf á að taka inn á fjárl., ef ekki næðist samkomulag um greiðslufrest, en taldi ekki tímabært að gera það fyrr en sá dagur kæmi, eins og hann komst að orði. Hann tók fram, að þetta þýddi ekki neinn styrk, heldur ábyrgð fyrir ríkissjóð, sem ekki ætti að greiða aftur.

Þetta vildi ég láta koma fram. Hins vegar getur náttúrlega n. leitað sér frekari upplýsinga um þetta mál.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Mér finnst nú, að þessi síðasta aths. hv. þm. Barð. staðfesti það, sem ég sagði, að hér liggja engar upplýsingar fyrir um neina aðra upphæð en þessar rúmlega 1200 þús. kr., sem útistandandi eru. Önnur upphæð hefur ekki verið nefnd. Að n. geti frekar sótt þær upplýsingar til ráðh. en flokksbróðir hans, hv. þm. Barð. og form. fjvn., því hef ég litla trú á og vildi helzt, að hv. 1. þm. N-M. beindi spurningum sínum um þetta atriði til viðkomandi ráðh. Ég tel ekki von, að n. geti skaffað svo ábyggilegar upplýsingar um það. En eins og ég sagði, liggur ekkert fyrir skjalfest um það, að til meiri ábyrgðar hafi verið tekið en rúmlega 1200 þús. kr., og þar af leiðandi virðist mér í fljótu bragði, að ekki þurfi að hækka ábyrgðarheimildina, ef brtt. fjhn. verður samþykkt.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BSt): Ég skal geta þess, að samkomulag hefur orðið um það í fjhn., þótt ekki væru allir nm. að vísu viðstaddir, að taka aftur brtt. nefndarinnar á þskj. 242 til 3. umr. Brtt. á þskj. 250 er einnig þar með tekin aftur, því að hún á við fyrri brtt. hjá nefndinni.

Enginn hafði kvatt sér hljóðs, er umræðu var frestað hér síðast, og er umræðu lokið.

ATKVGR.

Brtt. 242 og 250 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 174, 242, 250, 270, 271).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Við 2. umr. voru brtt. þær, sem fjhn. hafði borið fram, og brtt., sem ég bar fram, teknar aftur til 3. umr., og því er þessara till. getið í dagskrá til 3. umr., en þær eru nú teknar aftur að fullu og öllu, en í stað þeirra eru bornar fram á tveim þskj. till., sem hafa sama innihald. Í fyrsta lagi eru á þskj. 270 till. frá fjhn. allri, og ganga þær aðeins út á það að færa frv. til betra máls, að því er n. finnst, og geri ég ráð fyrir, að allir séu sammála um þetta. Þá hefur það orðið að ráði, að sá meiri hluti, sem stóð að síðari málsgr. 1. brtt. á þskj. 242, beri það sama fram nú á þskj. 271, að inn í frv. komi ný gr. um það efni og við fyrirsögnina bætist tilsvarandi, og bætist þar við „o. fl." Þessi till. er um það, sem rætt var við 2. umr., að veita bátum, sem veiðar stunduðu við Grænland s. l. sumar, lán, enda sé tryggt, að þeir stundi veiðar nú. Þetta atriði var svo þrautrætt við 2. umr., að ég sé enga ástæðu til að innleiða um það umræður nú, enda munu ganga um það atkv. Og þó að ég heyrði ekki rök fyrir því, að rétt væri að falla frá þessari till., þá er langt frá því, að þetta sé mér nokkuð persónulegt áhugamál, og eins hygg ég að segja megi um meiri hl. n., að hún sjái ekki ástæðu til að falla frá þessu, en hún gerir það ekki að neinu kappsmáli, en telur, að þessi bátur eða bátar eigi alveg eins mikinn rétt á að fá þessa hjálp eins og bátar þeir, er síldveiðar stunduðu, því að það var tilviljun, að bátur þessi stundaði veiðar við Grænland, en fór ekki á síldveiðar hér við land, og þó ekki alveg af tilviljun, heldur af hvatningu opinberra aðila. Ég sé nú ekki ástæðu til að karpa um þetta. Alþ. ákveður, hvort það verði samþ., og síðan hæstv. ríkisstj., hvort hún vill nota heimild þessa, og ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. meti ástæður og sannprófi rök þau, sem hlutaðeigandi útgerðarmaður hefur borið fram.

ATKVGR.

Brtt. 242 og 250 teknar aftur.

— 270,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 271,1 samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, GÍG, HG, HermJ, RÞ, StgrA, VH, BSt.

nei: ÞÞ, BBen, EE, GJ.

JJós, LJóh, PZ greiddu ekki atkv.

2 þm. (FRV, KK) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Eins og kunnugt er, er heimild til fyrir ráðuneytið að verja 1½ millj. kr. til kreppulána til síldveiðibáta. Það mál er nú í rannsókn í fjmrn. Veit ég ekki, hvort nokkuð liggur fyrir, að hægt verði að framkvæma þetta. En meðan svo er ástatt, er eigi hægt að leggja heimild til viðbótar á herðar ríkisstj. Hins vegar vil ég ekki leggja neinn trafala á, að þetta nái fram að ganga, ef eitthvað greiðist úr, og greiði því ekki atkv.

Brtt. 270,2 og 271,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2250000 króna lán til útgerðarmanna, sem stunduðu síldveiðar sumarið 1949, o. fl.

Á 22. fundi í Sþ., 1. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 276).

Á 39. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 289).

---

11. Dýrtíðarráðstafanir (stjfrv.).

Á 37. fundi í Ed., 17. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99/1948, um breyt á l. nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir [95. mál] (stjfrv., A. 236).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það er að vísu hæstv. fjmrh., sem eðlilega ber að hafa framsögu í þessu máli, að svo miklu leyti sem þess er þörf. En mér er að vísu kunnugt um, hvers vegna þarf framlengingu, eins og segir í athugasemdum við frv. Þannig er ástatt í framtalsnefnd, að þar hafa ekki staðizt allar tímaákvarðanir, og þarf því að framlengja tímatakmörkin, en það ber ekki að saka nefndina að öllu leyti fyrir það, að starf hennar hefur ekki gengið jafnhratt og ætlazt var til, vegna þess að framtöl utan af landi, sem hún þarf að byggja á, hafa borizt misjafnlega fljótt. Ég hygg, að hv. deild fallist á þau rök, sem fyrir þessu liggja, og veiti málinu góðan og hraðan gang í gegnum deildina og vísi því að þessari umr. lokinni til 2. umr. og hv. fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki mæla gegn þessu frv. og skal ekki heldur fara út í að ræða þann drátt, sem orðið hefur á að leggja á eignaraukningarskatt. En nú er búið að leggja á skattsektaskattinn vegna undandráttar á tekjum, og sé ég því tilefni til að spyrja, hve mikið komi inn alls, þar sem ég hef ekki séð það annars staðar. Ég veit, að þótt hæstv. fjmrh. sé ekki hér viðstaddur, þá muni hæstv. atvmrh. vera þetta kunnugt og geta svarað þessu. Ég ætlast auðvitað ekki til, að hæstv. ráðh. svari upp á eyri, hve miklu þetta skattsektafé nemi, en þætti vænt um, ef hann gæti svarað því upp á t. d. milljón.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það var fyrst og fremst formsins vegna, að ég hljóp hér í skarðið fyrir hæstv. fjmrh., en að því er snertir þessa fyrirspurn, tel ég mig ekki hafa rétt til að svara henni, heldur verður hv. fyrirspyrjandi að þola þá bið að bíða með upplýsingar þangað til hinn rétti ráðh. er mættur í hv. d.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það væri æskilegt að fá þessar upplýsingar í sambandi við afgreiðslu þessa máls, en þess er ekki þörf á þessu stigi málsins, en væri t. d. nauðsynlegt í sambandi við afgreiðslu málsins í nefnd, og vil ég beina því til hv. fjhn., að hún afli þessara upplýsinga, svo að yfirlit fengist yfir þetta mál, sem orðið hefur þjóðinni bæði til armæðu og tjóns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 247).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta frv. er að vissu leyti gamall kunningi. Það lá fyrir síðasta þ., um að frestað væri að taka endanlega ákvörðun um eignaraukaskattinn til 31. des. 1949. En nú liggur þetta frv. fyrir hér, þar sem ákveðið er, að frestað skuli álagningu eignaraukaskattsins til ársins 1950. N. hefur athugað þetta og þótti rétt, að í staðinn fyrir „1950" kæmi: fyrir árslok 1950. Taldi hún þetta skipta einhverju, því að eigi var ætlazt til, að framtalsn. hefði lengri frest. Þessari n. var falið að leggja eignarskattsaukann á þá af landslýðnum, sem hann áttu að bera skv. eignakönnuninni. Hefur það þó dregizt, og er gerð grein fyrir því, hvernig á því hafi staðið, í aths. við frv., þó að það sé eigi rétt í öllum skattumdæmum, að þurft hafi að senda gögn aftur til skattan. til athugunar. Það var t. d. ekki gert í Dalasýslu, umdæmi mínu, en þó er þetta umfangsmikið mál, og taldi framtalsn. sig eigi geta lokið þessu árið 1949 nema að litlu leyti. Eitthvað hef ég heyrt um, að hún hafi byrjað þá á þessu verki, en hún ætti að geta orðið búin með það á árinu 1950. En n. vildi sýna vilja sinn í því efni, að þetta mætti eigi dragast lengur og að óvilja hennar væri, ef fresturinn yrði enn framlengdur — fram yfir það, sem orðið er og frv. ber með sér.

ATKVGR.

Brtt. 247 samþ. með 9 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 255).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 255, n. 292).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., og er varla meira um það að segja.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 320).

---

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1950.

Á 42. fundi í Nd., 9. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1950 [115. mál] (stjfrv., A. 315).

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 324).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Allshn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. og greiða atkv. með brtt., sem kynnu að koma fram við umr. málsins.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er eingöngu vegna þess, að ég var ekki viðstaddur, þegar frv. var lagt hér fram við 1. umr. Þetta frv. er borið fram af nauðsyn, sem öllum hv. þm. er kunnugt um. Það er orðinn fastur gestur hér á þingi eða frv. um svipað efni. Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar á reglulegt Alþingi að koma saman 15. febr. ár hvert. Venjulega er það svo, að þingin hafa dregizt, svo að þau þing, sem hafa verið sett á haustin, hafa dregizt fram yfir 15. febr. og allt fram í maí.
Ég á ekki von á, að neinn hv. þdm. hafi neitt við þetta frv. að athuga. Hitt er annað mál, ef menn vildu heldur hafa samkomudaginn t. d. 1. eða 15. okt., þá geri ég það ekki að neinu kappsmáli, þó að ég hafi stungið upp á 10. okt.
Ég vil að öðru leyti leyfa mér að þakka n. fyrir fljóta afgreiðslu málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég viðhafði þau orð hér um daginn, að stjórnin gerði sér ekki far um að vera við til þess að hafa framsögu á stjfrv. Nú sýna stólarnir sig. Enginn ráðh. og engin framsaga. Það þýðir víst ekki að spyrja tóma stólana, hvort menn séu ánægðir með það, að landinu er stjórnað fjárlagalaust helminginn af árinu. Þetta sýnir, að stjórnin ætlar þinginu að koma saman svo seint, að ekki sé hægt að koma saman fjárl. fyrir áramót. Ég geri ráð fyrir, að málið fari

til n. og að hún fái upplýsingar hjá ríkisstj. Auðvitað hefur stjórnin heimild til þess að kalla þingið saman fyrr, en hún kærir sig sýnilega ekki um að slá því föstu í l. að hafa fjárl. tilbúin fyrir það ár, sem þau eiga að gilda fyrir. Mér finnst þessi framkoma vera fyrir neðan allar hellur, að hafa ekki framsögu á sínum málum hér og vera ánægð með það sleifarlag, sem er á þessum málum, og ætla að viðhalda því með löggjöf framvegis.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Komið hefur fram till. um að vísa frv. til allshn. Ég vil vekja athygli á því, að samkv. eðli málsins verður að afgreiðast álit frá n. á mánudag og málið að afgreiðast þann dag, því að annars lendir Alþ. í stjórnarskrárbroti. Vegna þess, að fundir falla niður á þriðjudag sökum jarðarfarar, þarf frv. að afgreiðast sem lög á mánudag með ákveðnum hætti, en að sjálfsögðu mun ég bera upp till. um að vísa frv. til nefndar.

Frv. vísað til allshn. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, PZ, RÞ, StgrA, VH.
nei: ÞÞ, GJ, LJóh, BSt.
GÍG greiddi ekki atkv.
6 þm. (BBen, BrB, EE, FRV, HG, JJós) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég tel, að þetta mál liggi svo skýrt fyrir, að ekki sé nauðsynlegt að vísa því til nefndar, og segi því nei.

Gísli Jónsson: Hér er aðeins um heimildarlög að ræða, svo að það er á valdi forseta Íslands að kalla þingið saman hvenær sem vera skal. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að tefja tímann og segi nei.

Hermann Jónasson: Ég geri ekki ráð fyrir, að það breyti miklu, þó að málinu sé vísað til n. Hins vegar get ég fallizt á það, ef tími vinnst til þess, þar sem full ástæða er til þess að taka til umræðu í n. og á Alþ. einmitt þetta atriði, um samkomudag reglulegs Alþ., sem er að verða mikið vandamál, og þyrfti að fá um þetta ákveðna skipun, sem afstýrði, að viðhöfð yrðu þau vinnubrögð, sem nú tíðkast. Greiði ég því atkvæði með því, að frv. verði vísað til n., til þess m. a. að athuga þetta atriði.

Bernharð Stefánsson: Ég get að vísu fyllilega fallizt á það, sem hv. þm. Str. (HermJ) sagði, að það þarf að koma nýrri skipun á þetta. Það gengur ekki þetta ár eftir ár, að ákveða alltaf með nýjum og nýjum l., hvenær Alþ. skuli koma saman. En ég tel engar líkur til, að þd. geti ráðið við það mál til mánudags, en fyrir þann dag þarf málið að fá afgreiðslu, og segi ég þess vegna nei.

Á 54. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 327).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað málið og er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Jafnframt hefur n. séð ástæðu til að taka undir þær raddir, sem fram komu hér í hv. d. á síðasta fundi, þess efnis, að nauðsynlegt sé, að fastari reglur verði settar um þessi mál með það fyrir augum, að fjárlög geti verið afgreidd fyrir 1. jan. það ár, sem þau eiga að gilda fyrir, þar eð n. telur núverandi ástand í þessum efnum óþolandi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég leyfi mér að bjóða hæstv. fjmrh. velkominn í d., því að það er sannarlega óvanalegt að sjá ráðherra hér í d. Hæstv. ríkisstj. hefur yfirleitt ekki haft fyrir því að mæla með frv. sínum hér, og þegar þetta frv. var lagt fram, töluðu fyrir því stólarnir einir. Ég óskaði þá eftir að fá að vita hjá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsaði sér að afgreiða fjárlög fyrir áramót, ef Alþingi yrði ekki kvatt saman fyrr en 10. okt., en stólarnir þögðu, og ég fékk ekkert svar. Nú er hæstv. fjmrh. kominn, svo að hann svarar mér væntanlega, en ég vil í fyrsta lagi spyrja hann: Er hann ánægður með það, að fjárlög séu ekki samþykkt fyrr en á miðju því ári, sem þau eiga að gilda fyrir? Ef svo er, þá get ég vel skilið, að hann vilji láta Alþingi koma saman þann 10. okt. og hafa mikinn hluta ársins fjárlagalausan. En ef svo er ekki, þá mundi hann vilja, að þingið kæmi saman fyrr, og ætti þá að geta fallizt á þá brtt., sem ég mun flytja hér, þess efnis, að samkomudagurinn verði ákveðinn 1. sept. í stað 10. okt. Hv. n. bendir á, að það sé óþolandi og skömm fyrir Alþingi að hafa sama hátt á þessum málum og verið hefur undanfarið, en hún hefur þó ekki fundið neina ástæðu til þess að benda á nýjar leiðir til úrbóta, en þær eru raunar fleiri en flytja fram samkomudaginn, t. d. mætti breyta reikningsárinu, láta Alþingi koma saman t. d. rétt eftir áramót og hafa fjárlögin frá 31. maí til 1. júní, því að frá áramótum til 1. júní er góður tími til að koma saman fjárlögum. Þar með væri úr núverandi ófremdarástandi bætt, og þetta er hægt núna með því að hafa fjárlögin til 1. júní, annaðhvort fyrir hálft ár eða hálft annað ár. Þetta ófremdarástand komst á, þegar byrjað var á haustþinginu, en þau eru aldrei hafin svo snemma, að hægt sé að koma saman fjárlögum fyrir áramót. Því vil ég gera það að till. minni, að samkomudagurinn verði færður til 1. sept., því að með því er veittur nægilegur tími til afgreiðslu fjárlaganna á tilsettum tíma. Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína og bið hann að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt brtt. við 1. gr. frá hv. 1. þm. N-M., svo hljóðandi: „Í stað orðanna 10. október“ komi: 1. september. —

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 332) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. 1. þm. N-M. um það, sem hann sagði um afgreiðslu fjárlaganna. Hún hefur undanfarin ár ekki verið Alþingi til mikils sóma, en það má segja, að margt valdi því, að Alþingi gegni ekki þeirri sjálfsögðu skyldu að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og er þar fyrst að nefna hina sívaxandi efnahagsörðugleika, sem við eigum við að búa. Ég bar einu sinni fram um það till., að fjárhagsárinu yrði breytt eins og hv. 1. þm. N-M. minntist á, því að ég taldi eðlilegra, að þingið kæmi saman eftir nýár og fjallaði þá um fjárlög, sem ættu að taka gildi t. d. 1. júní. Þessi till. mín fann ekki náð fyrir augum þingsins, hver sem ástæðan hefur verið. Eins má ná því sama með því að breyta samkomudeginum, t. d. með því að færa hann fram til haustsins, þannig að Alþingi fjallaði um fjárlög nokkrum mánuðum fyrir áramót, en ég tel það nokkuð sama, hvernig þessu er háttað, ef þingið á annað borð er þannig saman sett, að það geti gengið frá fjárlögum á tiltölulega stuttum tíma og ef menn eygja lausn á efnahagsvandamálunum, svo að yfirleitt verði séð, hvernig á að afgreiða fjárlögin. Ef það er til staðar og heilbrigð samvinna á Alþingi um afgreiðslu fjárlaga, þá má auðveldlega afgreiða fjárlög fyrir áramót, þótt Alþingi komi ekki saman fyrr en 10. okt. Þó má fyllilega taka brtt. hv. þm. N-M. til athugunar, en ég efast um, að með henni sé þetta mál leyst, nema áður verði aðrir hlutir til staðar, svo sem ég hef bent á.

ATKVGR.
Brtt. 332 felld með 8:2 atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 333).

13. Kosningar til Alþingis (atkvgr. utan kjörfunda).

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 7. maí 1946, um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [21. mál] (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þegar að því leið, að atkvæðagreiðsla utan kjörstaðar væri hafin, kom í ljós, að heimildin fyrir henni erlendis var þrengri nú en áður, því að þá var opin ræðismannsskrifstofan í New York, þar sem hægt var að kjósa, en í sumar var búið að loka henni, og var því hvergi hægt fyrir Íslendinga í Bandaríkjunum að kjósa nema í Washington, en fáir þeirra gátu notað sér það. Ekki þótti rétt að þrengja svo möguleikana á utankjörstaðarkosningunni, og lá þá fyrir að athuga, hvernig hægt væri að koma fyrir til frambúðar samsvarandi heimild og verið hafði. Til greina kom, að atkvæðagreiðslan gæti farið fram hjá öllum ræðismönnum Íslands, en það þótti ekki fært, þar sem mikill hluti þeirra skilur ekki íslenzka tungu og getur því ekki séð svo vel um kosninguna sem skyldi. Því var valin sú leið, að ef ræðismaðurinn er íslenzkur eða talar íslenzka tungu, þá mætti kjósa hjá honum, og þótti þá séð fyrir því, að menn bæði í Ameríku og Evrópu gætu kosið, þótt þeir næðu ekki til íslenzku sendiráðanna. Um þetta var enginn ágreiningur innan ríkisstj., og voru því sett þau brbl., sem hér liggja fyrir. Það vandamál, sem lá til grundvallar því, að þessi brbl. voru sett, getur legið fyrir til úrlausnar aftur og aftur, og er því eðlilegt, að Alþingi taki það til athugunar og afgreiðslu. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 82).

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta, og voru á fundi hennar allir nm. nema 1. landsk. þm. (BrB). Frv. er þess efnis að gera greiðari aðgang til kosninga fyrir þá menn, sem staddir eru erlendis, þannig að vararæðismenn Íslendinga erlendis, sem skilja eða mæla á íslenzka tungu, geti leyft slíkum kjósendum að greiða hjá sér atkvæði. Er þessi breyting til frambúðar, gagnstætt því, sem var um það frv., sem ég ræddi hér um síðast. Nefndin telur, að hér sé um að ræða breytingu til bóta, og leggja nm. til, að frv. verði samþ., allir nema sá maður, sem ég gat um áðan, að ekki var á fundinum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., 13. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 316).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur haft frv. þetta til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 336).

---

14. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (2. framlenging III. kafla).

Á 52. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [123. mál] (stjfrv., A. 359).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Um leið og l. um bráðabirgðaaðstoð handa bátaútveginum voru samþ. hér á Alþ., þá var tekjuöflun, sem til þess átti að renna og heyrir til dýrtíðarl. frá 1948, framlengd til 1. marz. Nú er sýnilegt, að aðrar ráðstafanir verða ekki komnar, sem geti tekið við af lögunum um aðstoðina við útveginn, fyrir þann tíma. Þess vegna er nú farið fram á, að heimildin verði enn framlengd á meðan svo stendur á, að ekki hafa verið gerðar aðrar eða varanlegar ráðstafanir. Það hefur verið álitamál, hvort þessarar heimildar þyrfti að afla, samkvæmt orðalagi l. En það er enginn vafi á því, að það vakti fyrir Alþ., að heimildin skyldi ekki gilda nema til 1. marz, og þess vegna taldi ríkisstj. sjálfsagt, að þessarar heimildar skyldi leitað.
Eins og hv. þm. er kunnugt, eru þessir liðir, sem hér um ræðir, samkvæmt 30. gr. dýrtíðarl., um innflutningsgjöld af kvikmyndum, gjöld af ferðaeyri og gjöld af innflutningsleyfum fyrir bifreiðar. Sömuleiðis, samkv. 31. gr., 20% gjald af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum. Í þessari gr. er einnig söluskatturinn, og mundi hann falla niður, ef þessi kafli l. yrði ekki framlengdur. Þá er einnig í þessum kafla heimildin um gjaldið, sem fjárhagsráð tekur af útgefnum innflutningsleyfum og á að standa undir kostnaði við þá stofnun. Það verður því varla séð, að hægt verði að komast hjá því að framlengja þetta enn um sinn, þangað til endanlegar ákvarðanir verða um það teknar, hvort þessa tekjuliði þarf að nota eða ekki. Frv. fer fram á, að þessi tekjuöflunarákvæði verði látin gilda til 1. apríl, svo að aðeins er hér um einn mánuð að ræða, í því trausti, að áður en sá tími er liðinn verði bundinn endir á þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar frv., sem gekk í sömu átt og þetta frv., sem hér liggur fyrir, síðast lá fyrir Alþ., lýsti ríkisstj. því yfir, — og það var raunar að nokkru leyti gengið frá því í orðalagi gr., þar sem miðað er við febrúarlok, — að fyrir febrúarlok mundu hafa verið gerðar úrslitatilraunir um að ná samkomulagi og skapa meiri hl. fyrir öðrum tekjuöflunum en hér væri farið fram á. Það hefur almennt verið búizt við, að eitthvað mundi frá ríkisstj. heyrast um slíkar till. og um það, hvað hún hefði gert í því efni. En það er lítið að minnsta kosti, sem fram hefur komið um það mál hér á Alþ., og hefur ekki annað heyrzt en það, sem öðru hvoru hefur verið birt í dagblöðunum. Ég verð þess vegna að segja það, að mér finnst það nokkuð seint, nú 25. febrúar, að koma fram með frv. um að framlengja þessar dýrtíðarráðstafanir og ætlast til þess, að það sé samþ. í skyndi hér á Alþ. Að vísu er lagt fram um leið frv., sem vitað er að ekki mun vera samkomulag um enn sem komið er hér á Alþ. Mér finnst þetta ákaflega einkennileg vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég held, að það hefði verið full ástæða til þess, ef ríkisstj. sá fram á, að svona erfiðlega mundi ganga, að hún hefði komið fyrr til Alþ. með þetta mál og gefið þingheimi tækifæri til

að taka málið til rækilegrar umræðu. Það hefur satt að segja verið beðið eftir því hér á Alþ., að ríkisstj. legði fram sínar till. í þessu máli, en Alþ. hefur bókstaflega engar skýrslur fengið frá henni um það, hvernig viðhorfið er, ekki aðeins í þessu máli, sem snertir dýrtíðina, heldur líka viðkomandi markaðsöflun fyrir okkur, og lítur nú helzt út fyrir, að halda eigi áfram með augnabliksleiðir, framlengja þær einn og einn mánuð í einu, eins og greiðslurnar á fjárl., meðan ekkert er gert á neinu sviði af því, sem þarf að gera til þess að undirbyggja efnahagsafkomu landsins.

Ég vildi aðeins segja þetta um leið og frv. kemur fram. Ég sé það á öllu, að ríkisstj. mun — fyrst þetta er orðið svona seint á annað borð — freista þess á einn eða annan hátt að fá frv. *gegnum* Alþ., og er það ekki nema skiljanlegt, úr því sem komið er, af hennar hálfu. Ég hef áður lýst því yfir, að við sósíalistar álítum, að gerbreyta þurfi um stefnu í efnahagsmálum okkar og taka þær tekjur, sem ríkið þarf, með öðrum aðferðum en þeim að íþyngja stöðugt almenningi og auka sífellt dýrtíðina í landinu. Um það hefur ekki fengizt samkomulag á Alþ. né fengizt meiri hl. til að taka þessar tekjur fyrst og fremst hjá þeim, sem bezt gætu borið þær. Það er deilumál, sem svo oft er komið inn á hér á Alþ., og ég mun ekki orðlengja um það né tefja fyrir framgangi þessa máls nú. Ég býst við, að ríkisstj. segi, að það þýði lítið að framlengja fjárl., ef hún fær ekki þá tekjuöflun, sem hún þarf. Ég *held nú satt að segja, að þar sem ríkisstj. er* búin að horfa upp á þessar aðfarir og búin að sjá frv. sín felld eða stórbreytt, svo að sjálfur fjmrh. sagði, að það væri alveg óviðunandi, þegar þau voru til umr. í vetur, og þar sem hún er búin að standa í samningum við einhverja flokka, án þess að það hafi borið nokkurn árangur, og þar sem hún kemur enn að fá augnabliksráðstafanirnar samþ. eina í einu, — þá held ég, að eðlilegast hefði verið fyrir slíka stj. að segja af sér. Ég mun sem sagt ekki tefja fyrir málinu, en við sósíalistar erum allir andstæðir þeirri tekjuöflun, sem þarna er lagt til að viðhöfð sé.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég hef ekkert við það að athuga, að frv. fari í n., ef hv. d. ákveður það. En komi ekki till. um það, þá vildi ég mælast til þess, að það yrði afgreitt án þess að fara til n.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég býst við, að ég geti lýst því yfir f. h. meiri hl. fjhn., að óþarfi sé að senda málið í n. Því hefur tvisvar á þessu þingi verið vísað til n., þannig að álit hennar liggur fyrir um það, að þetta verði framlengt eins oft og nauðsyn krefur. Þessi framlenging gildir ekki nema um mánaðartíma, svo að ég verð að telja, að n. hafi áður sagt álit sitt um þetta mál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 54. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Með l. nr. 1/1950, í sambandi við ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins, er svo ákveðið, að sú tekjuöflun, sem í frv. greinir, skuli í gildi vera til 1. marz. Nú hefur ekki getað orðið úr því, að aðrar varanlegri ráðstafanir væru settar fyrir þann tíma, sem tækju við af þeim, eins og í öndverðu var gert ráð fyrir. Því er nú farið fram á, að þessi heimild gildi einn mánuð í viðbót. Að vísu virðist vafi á því, hvort 14. gr. nefndra l. gefur þessa heimild, en það er enginn vafi á því, að þegar l. voru til umr., þá var það greinilegur vilji þingsins, að þessi heimild gilti ekki lengur en til 1. marz, og þess vegna þykir ríkisstj. sjálfsagt, að þessarar heimildar sé leitað. — Hv. þm. er kunnugt, hvað um er að ræða. Í fyrsta lagi er það söluskatturinn, sem er í þessum kafla og á að standa undir öðrum og meiri greiðslum en þeim styrkgreiðslum, sem gert er ráð fyrir í frv. Þá er í öðru lagi viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi fyrir kvikmyndum, gjald af gjaldeyrisleyfum til utanferða og gjald af innflutningsleyfum fyrir fólksbílum. Enn fremur er samkvæmt 31. gr. 20% af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum, og að lokum er í 32. gr. heimild til tekjuöflunar fyrir fjárhagsráð, sem er gjald af innflutningsleyfum, og á sú fjáröflun að standa undir rekstri þeirrar stofnunar. Meðan ekki hafa verið gerðar neinar ráðstafanir um það, hvernig þessum málum skuli skipað til frambúðar, virðist ekki vera hægt að komast hjá því, að þessar heimildir séu framlengdar enn þá í einn mánuð, til þess að tími vinnist til að ljúka þessu og ákveða til frambúðar, hvort þessa tekjuöflun skuli nota.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 368).

---

15. Síldarsoð.

Á 14. fundi í Sþ., 5. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um að reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði [82. mál] (stjfrv., A. 167).

Á 29. fundi í Ed., 12. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að ríkið láti reisa stöð til hagnýtingar efna úr síldarsoði við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og að ríkisstj. heimilist að taka lán innanlands eða utan fyrir hönd ríkissjóðs, að fjárhæð allt að 4 millj. kr., og að öðru leyti fari stofnun og rekstur slíkrar vinnslustöðvar eftir l. um síldarverksmiðjur ríkisins frá 5. jan. 1938. Í fylgiskjali I. og II., sem fylgja þessu máli, er gerð nægileg grein fyrir því, hvernig það hefur að borið og hvers vænta má af slíkri vinnslustöð fyrir síldarsoð. Það er um þetta eins og margt annað, sem komið hefur í ljós á seinni árum, að hagnýting úrgangsefna á sumum sviðum er svo þýðingarmikil, að sannast að segja höfum við ekki efni á að láta þessi úrgangsefni fara forgörðum. Fylgiskjal I. er bréf frá síldarverksmiðjum ríkisins til atvmrh., og skilst mér, að þar sé ágreiningslaust lagt til af stjórn síldarverksmiðjanna, að í þetta fyrirtæki sé ráðizt, og hugsunin er að reyna að koma því í verk, svo fljótt sem verða má, með aðstoð Marshallhjálparinnar. Fylgiskjal II. er grg. um framleiðslu soðkrafts hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Ég ætla, að hv. dm. hafi kynnt sér þessi skjöl. — Af sérstökum ástæðum þarf ég að víkja úr þessari hv. d. og sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál nú. Ég vil mælast til þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 167, n. 328).

Frsm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. þetta til athugunar og hefur tekið það fyrir á nokkrum fundum og rætt það ýtarlega. Áður en það væri afgr. úr n. þótti rétt að leita um það álits sérfræðinga, og kvaddi n. í því skyni formann stjórnar SR, Svein Benediktsson, til viðræðna um málið og til þess að fá hjá honum upplýsingar; enn fremur sendi hún frv. til umsagnar Þórði Þorbjarnarsyni, starfsmanni við atvinnudeild háskólans að ég hygg, og er svar hans prentað sem fylgiskjal með áliti n. á þskj. 328.

Eins og fram kemur í grg., hefur stjórn SR athugað þetta mál gaumgæfilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt væri að koma upp vinnslustöð til hagnýtingar þeirra efna, sem nú fara forgörðum við síldarvinnsluna. Virðast líkur benda til, að slík stöð geti borið sig, miðað við áætlaðan kostnað og það verð, sem nú er hægt að fá fyrir vöruna á heimsmarkaðinum.

Um þá kostnaðaráætlun, sem gerð hefur verið, gildir þó hið sama og aðrar slíkar áætlanir nú, að þær verður að taka með nokkrum fyrirvara. Mun þó sá verkfræðingur, sem gerði hana, hafa lagt sig fram um að vinna það starf af fullri samvizkusemi, og hæfni hans til þess dreg ég ekki í efa. Samt var nokkur efi í huga nm. um það, að áætlunin standist. Hefur n. því þótt rétt að vekja athygli á því í grg., að ef í þessa framkvæmd verði ráðizt, beri að gæta fyllsta sparnaðar og sérstaklega að athuga það, hvort ekki verði hægt að komast hjá því að byggja þegar í upphafi alla verksmiðjuna. Sú hugmynd hefur komið upp, að t. d. mætti spara verulegan hluta af stofnkostnaðinum með því að byggja ekki sérstakan ketil, heldur nota í byrjun katla síldarverksmiðjanna. Þetta hefur n. viljað benda á til athugunar fyrir þá menn, sem með málið hafa að gera. — Að öðru leyti telur n. rétt að ráðast í bygginguna, í trausti þess, að áætlanir séu í svo góðu lagi sem frekast er kostur á. Þykir þó n. það of fast að orði kveðið, að ríkisstj. sé falið að láta reisa verksmiðjuna, en telur réttara að gefa henni aðeins heimild til þess. Væri það líka í samræmi við lögin um síldarverksmiðjur frá 1928.

Í annan stað telur n. ekki heppilegt að slá því föstu, að verksmiðjuna skuli reisa á Siglufirði, því að líka virðist geta komið til mála, að hún yrði reist á Raufarhöfn t. d. Og vegna þess, að rök fyrir þeirri ákvörðun virðast ekki

liggja nógu greinilega fyrir, telur n. ekki rétt að binda hendur ríkisstj. um þetta, heldur skuli það vera á hennar valdi að taka um þetta ákvörðun að fengnum till. síldarverksmiðjustjórnarinnar.

Annars er það eindregið álit n., að lögin beri að samþykkja með þeirri breytingu á 1. gr., sem lögð er til á þskj. 328.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu málsins, og það gleður mig, að hún er þeirrar skoðunar, að stuðla beri að því, að hægt verði að hagnýta framvegis að einhverju leyti þann úrgang, sem kallaður er síldarsoð og hingað til hefur farið forgörðum.

Eins og vænta má og fskj. bera með sér, hefur málið verið lagt fyrir ráðuneytið af stjórn SR, og er frv. samið eftir till., sem þannig lágu fyrir. En hins vegar get ég vel fallizt á þá brtt., sem n. leggur til að samþykkt sé og gengur út á það, að í stað þess að beint sé lagt fyrir ríkisstj. að láta reisa þessa stöð, þá sé það aðeins heimilað og haldið opinni leið um það, hvort hana skuli heldur reisa á Siglufirði eða annars staðar. Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að Siglufjörður verði fyrir valinu, en athugun sú, sem fram hefur farið, er e. t. v. ekki nógu tæmandi, og enn gætu óþekkt atvik leitt til þess, að athuga þyrfti staðsetninguna betur. Þess ber líka að gæta hvað heimildina snertir, að óvíst er, hvernig þetta verður kleift fjárhagslega, en framkvæmdir verða að fara eftir því, hver efni standa til, — og styður það till. n.

Ég er ánægður með afgreiðslu n. á frv. og vona, að það fái greiða afgreiðslu í þessari deild og á Alþ. í heild.

ATKVGR.
Brtt. 328 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 338).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., 20. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar, og var þskj. 338 útbýtt í deildinni á þeim fundi.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 28. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 338, n. 355).

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. N. hefur afgreitt þetta mál einróma. Það er mikilsvert mál fyrir sjávarútveginn, því að mikið af föstu efni hefur farið og fer nú forgörðum eins og vinnslu er háttað, enda þótt vinnsluaðferðir hafi tekið stakkaskiptum til bóta með því að sía föstu efnin frá soðinu. Það hefur borið góðan árangur og þannig náðst meira mjöl, en engar tölur liggja fyrir um það, hve mikið af föstu efni hefur farið forgörðum.

Fyrir nokkrum árum var byrjað að eima soðið og ná þannig úr því soðkrafti. Í hverju síldarmáli eru 95 kílógrömm af soði. Með eimingu fást 15 kíló af soðkrafti úr hverju máli, og með núverandi verði nemur það 14 króna verðaukningu á hvert mál. Þegar athugað er verð á síldarafurðum s. l. sumar, mun láta nærri, að reikna megi með 66 krónum á hvert mál, og yrði þá hægt að nýta bræðslusíldina um 20% betur, ef þessi stöð kæmist upp. Það gæti gert miklar breytingar. Það gæti ráðið úrslitum um það, hvort það borgar sig að vinna síld, þegar verðið fer að lækka á markaðinum.

Stjórn SR hefur athugað ýmsar leiðir til betri hagnýtingar á undanförnum árum, en þegar soðkrafturinn kom til sögunnar, þótti sýnt, að sú vinnsla mundi heppilegasta leiðin til að auka verðmæti framleiðslunnar og hagnýta hana til fulls. Dr. Þórður Þorbjarnarson rannsakaði þetta mál og kynnti sér og Páll Ólafsson efnafræðingur ríkisverksmiðjanna, og Vilhjálmur Guðmundsson framkvæmdastjóri fór til Ameríku og kynnti sér þessa vinnslu rækilega. Eftir áætlun Vilhjálms að dæma yrði mjög hagkvæmt að stofnsetja þessa verksmiðju, þar sem útflutningsverðmæti hvers síldarmáls mundi aukast um 14 krónur, en annars hefði allt það verðmæti runnið í hafið.

Nú hefur verið síldarleysi undanfarin ár, og sökum þess hefur stjórn síldarverksmiðjanna aðeins viljað leggja til, að byrjað yrði í mjög smáum stíl, eða sem svarar 5000 mála vinnslu á sólarhring, en eins og kunnugt er samsvarar það ekki nema litlu einu af vinnslugetu verksmiðjanna á Siglufirði. Gert er ráð fyrir, að gjaldeyrir til stöðvarinnar fengist borgaður aftur með tveggja ára vinnslu og stöðin skili öllu fé, sem í hana verður lagt, aftur á fimm árum.

N. leggur einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt eins og það kemur frá hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 380).

16. Skipamælingar.

Á 14. fundi í Sþ., 5. jan., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um skipamælingar* [84. mál] (stjfrv., A. 169).

Á 23. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég sé, að hæstv. atvmrh. er ekki viðstaddur, en hann hefur lagt þetta frv. fram, og var það hans að fylgja málinu úr hlaði. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til annars en að málið gangi til n., því að mál sem þetta eru Alþingi áður vel kunn. Ég mælist því til, að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 169, n. 353).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. þetta lá fyrir Ed. í fyrra og dagaði uppi. En sjútvn. Ed. hafði gert breytingartillögur við það í samráði við skipaskoðunarstjóra, og hefur nú orðið samkomulag í n. um að flytja þær brtt. aftur, og höfum við nm. átt tal um það við skipaskoðunarstjóra. Þessar tillögur eru ekki efnisbreytingar, en efni frv. er að lögfesta hér þær reglur um mælingar skipa, sem tilgreindar eru í samningum, sem gerðir voru 1939 og undirritaðir í Osló milli flestra Evrópuríkja. Ísland er aðili að þeim samningum og því nauðsynlegt að lögfesta þetta. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 353,1 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353,2 (ný 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 353,3 (ný 14. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 353,4 samþ. með 22 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 353,5 (ný gr., verður 19. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 353,6 (ný 19. gr., verður 20. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 377).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 377, n. 398).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þann 30. júní 1939 varð samkomulag í Genf milli allmargra þjóða, sem þangað höfðu sent fulltrúa, um mælingu á skipum. Þann 10. júní 1947 var þetta samkomulag endurnýjað í Osló og ákveðið, að skip skyldu mæld upp eftir Genfarsamþykktinni. Þar sem við Íslendingar höfum gerzt aðilar að þessari samþykkt, þá liggur fyrir að breyta l. um skipamælingar til samræmis við það, enda er sú löggjöf okkar orðin harla gömul og úrelt, eða frá 1869. Það var samþ. hér í þessari hv. deild frv. um þetta efni á síðasta Alþingi, en það náði ekki samþykki hv. Nd., og var þá ágreiningur í sambandi við brtt., sem sjútvn. þessarar d. hafði gert og flutt var á þskj. 474 frá því ári. Nú liggur frv. um þetta mál hér fyrir og er flutt sem stjfrv., og hefur náðst samkomulag um áðurgreind ágreiningsatriði. Og þar sem svo er, leggur n. eindregið til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en vænti, að málið fái skjóta afgreiðslu, svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 420).

17. Gengisskráning o. fl. (heildarlög).

Á 52. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. [125. mál] (stjfrv., A. 363).

Á 55. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Áður en ég vík að því að gera grein fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir, vil ég taka fram, að ríkisstj. hefði gjarna kosið, að málið hefði fyrr komið fyrir þingið vegna þeirra bráðabirgðaráðstafana, sem bundnar eru við 1. marz. Ríkisstj. hafði frv. tilbúið 2. febr. og var því ekkert að vanbúnaði að leggja það fram fyrstu dagana í febrúar, en vegna eðlis málsins taldi hún sjálfsagt að freista þess að tryggja því öruggt fylgi, áður en það væri lagt fram á Alþingi. Þess vegna skrifaði stjórnin Framsfl. og Alþfl. 2. febr. og spurðist fyrir um, hvort þessir flokkar vildu tilnefna samninganefnd til viðræðna um málið. Hinn 6. febr. sendi ríkisstj. báðum flokkunum frv. án grg., en hinn 16. febr. sendi hún Framsfl. nokkur eintök frv. með greinargerð. Allt fram að síðustu helgi hafa farið fram vinsamlegar umræður milli Sjálfstfl. og Framsfl. um málið, þótt þær enn sem komið er hafi ekki leitt til árangurs. — Ríkisstj. væntir þess, að sé þingvilji fyrir framgangi þessara tillagna, þá hafi þessi málsmeðferð ekki orðið til að tefja málið, heldur öllu frekar til að greiða fyrir því.

Sjálfstfl. gerði sér ljóst, þegar hann tókst á hendur að mynda ríkisstjórn í byrjun desember, að ástandið í efnahagsmálum landsins væri orðið svo uggvænlegt vegna dýrtíðar og taprekstrar atvinnuveganna, að svo búið mætti ekki lengur standa. Flokkurinn taldi það því fyrstu skyldu og meginhlutverk ríkisstj., ef henni yrði nokkurs lífs auðið, að leita ráða, er leyst gætu hin efnahagslegu vandamál, og leggja tillögur um það fyrir þingið. Ríkisstj. lýsti síðan yfir því á Alþingi, að hún mundi svo fljótt sem unnt væri leggja fyrir þingið tillögur um varanlega lausn í vandamálum bátaútvegsins og annarrar útflutningsframleiðslu, sem nú horfir fram á stórfelldan taprekstur. Til þess að ná þessu takmarki þarf að gera ýmsar ráðstafanir til að ná jafnvægi í efnahagskerfi þjóðarinnar, samræma fjárfestinguna sparnaðinum í landinu og stefna að því að gera verzlunina frjálsa.

Síðan um miðjan desembermánuð hefur verið unnið að því sleitulaust að undirbúa þessar tillögur. Ríkisstj. kvaddi sér til aðstoðar tvo kunna hagfræðinga, dr. Benjamín Eiríksson og prófessor Ólaf Björnsson. Hafa þeir í samráði við stjórnina samið álit og tillögur til úrlausnar þeim vandamálum, sem fyrir liggja. Á grundvelli þessara tillagna hefur svo ríkisstj. látið semja lagafrv. það, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið, ásamt álitsgerð hagfræðinganna.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, markar mjög djúp spor í hagþróun landsins og bindur endi á síðasta þátt þess áratugs, sem síðar mun, af ýmsum orsökum, verða talinn einhver viðburðaríkasti og umsvifamesti í sögu þjóðarinnar. Með frv. er stefnt að því að leiðrétta það stórfellda misvægi, sem orðið hefur á undanförnum árum á efnahagskerfi landsins. Þetta misvægi ógnar nú öllu fjármálalífi landsmanna og af þeim sökum eru höfuðatvinnuvegirnir komnir að stöðvun, en afkoma almennings er í yfirvofandi hættu. Ég ætla nú ekki að rekja þær orsakir, sem þessu alvarlega ástandi valda. Þær hafa verið ræddar og raktar og eru alþjóð kunnar í meginatriðum. Hitt skiptir nú mestu máli, að þjóðin geri sér grein fyrir því, að hætta er á ferðum, að hún geri sér ljóst, undandráttarlaust, hvernig hag hennar er nú komið, og marki sér leið samkvæmt því. Það skal fúslega játað, að allt frá ófriðarbyrjun og fram á síðustu tíma hefur þjóðin þurft að glíma við margvísleg vandamál á sviði atvinnu- og fjármála, sem mörgum þjóðum, er meiri reynslu hafa en Íslendingar í þessum efnum, hefur reynzt erfitt að fást við. Enginn stjórnmálaflokkur verður mæltur undan ábyrgð í þessum efnum og þá ekki heldur þjóðin sjálf. Má um það satt kyrrt liggja. En aðalatriðið er, að menn komi nú auga á sjúkdómseinkennin í efnahagslífinu og skilji, að engin þjóð getur látið undir höfuð leggjast að leita lækningar á þeim, ef hún vill halda fjárhagslegu sjálfstæði sínu og metur nokkurs atvinnuöryggi almennings.

Ég skal nú í fáum dráttum lýsa því, hvernig viðhorfið er í dag og í hvert óefni er komið í efnahagsmálunum, sem gerir lífsnauðsynlegar þær aðgerðir, er frv. stj. fjallar um.

Gjaldeyrisöflun þjóðarinnar byggist nær eingöngu á sjávarútveginum. Engin þjóð í Evrópu er hlutfallslega jafnháð útflutningsframleiðslunni um afkomu sína og Íslendingar. Á síðasta ári mun þessi framleiðsla nær öll hafa verið rekin með tapi, og aðalþáttur hennar, bátaútvegurinn, með stórfelldu tapi, sem bætt hefur verið með ríkisstyrk. Engin þjóð getur til lengdar rekið aðalatvinnurekstur sinn með tapi. Slíkur háttur raskar öllu efnahagskerfinu og leiðir að lokum til gjaldþrots. Þetta leiðir til öfugstreymis í þjóðlífinu, sem rennur fram því hraðar sem það stendur lengur. Sú hefur og reynslan orðið hér. Taprekstur bátaútvegsins kostaði ríkissjóð á síðasta ári 37 millj. kr. Ef haldið verður áfram á sömu braut á þessu ári, kostar hann ekki minna en 70 millj. kr., og á næsta ári getur hann kostað

yfir 100 millj. kr. Þetta er tap á bátaútveginum eingöngu. Landsmenn eiga enn nokkra togara af eldri gerð, sem enginn treystist til að gera út á veiðar vegna þess, að af rekstrinum mundi leiða stórkostlegt tap. Þessi skip liggja nú aðgerðarlaus og undir skemmdum, en löggjafarvaldið hefur ekki treyst sér til að veita þessum skipum rekstrarstyrk eins og bátaflotanum. Nýi togaraflotinn mun að vísu enn vera allur á veiðum. En skipin munu nú undantekningarlaust síðustu mánuðina hafa verið rekin með tapi. Sum skipin hafa tapað svo miklu, að útgerðin er að komast í þrot og áhöfn skipanna hefur ekki fengið greitt nema lítið eitt af launum sínum. Þrettán skip af nýja togaraflotanum hafa ekki getað staðið við samningsbundnar afborganir til stofnlánadeildarinnar, og hefur ríkissjóður orðið að greiða yfir milljón krónur fyrir þessi skip. Af þessum skipum eru 9 í eigu bæjarfélaga að öllu eða verulegu leyti, en 4 skipin eru eign hlutafélaga. — Auk þessarar greiðslu vegna togaranna hefur ríkissjóður orðið að greiða afborganir til stofnlánadeildarinnar fyrir 80 mótorbáta, er nema samtals um 2½ millj. kr., og 24 frystihús og niðursuðuverksmiðju, sem nema tæpri ½ millj. kr. Eins og sakirnar standa nú og eins og útlitið er á þessu ári með sölu á afla togaranna, er ekkert framundan annað en stórkostlegt rekstrartap þessara skipa. Eigendur þeirra, hvort sem um bæjarfélög eða hlutafélög er að ræða, geta fæstir haldið rekstrinum áfram að öllu óbreyttu, og þessi útgerð horfir því fram á stöðvun mjög bráðlega. Þótt ríkið vildi taka að sér reksturinn, hefur það enga fjárhagslega möguleika til þess, að óbreyttu ástandi. En ef út í slíka ófæru væri lagt, mundi árangurinn verða upplausn og ringulreið.

Þannig er nú ástandið í rekstri útflutningsframleiðslunnar, sem afkoma þjóðarinnar byggist á frekar nokkru öðru. Framleiðslan er komin að stöðvun og það meðal, sem til þessa hefur verið notað til að halda henni gangandi, er ekki tiltækilegt lengur. Ef þetta meðal (ríkisstyrkinn) ætti að nota enn um skeið, mundi efnahagskerfið gliðna sundur með þeim afleiðingum, að þjóðin mundi missa tök á allri fjármálastjórn og skipulegur atvinnurekstur legðist niður. Þjóðin á ekkert val annað en að gera útflutningsframleiðsluna arðberandi, ef hún vill hafa heilbrigðan atvinnurekstur og lifa sæmilegu menningarlífi í landinu.

Áhrifin af taprekstrinum og fjárfestingunni hafa svo komið fram í ýmsum myndum. Verzlun landsmanna og athafnafrelsi hefur verið fært í viðjar sívaxandi hafta og opinberrar skipulagningar, til þess að halda í skefjum þeim falska kaupmætti, sem taprekstur inn og fjárfestingin hefur sett í umferð. Af þessu hefur svo myndazt gífurleg eftirspurn um erlendan gjaldeyri, með þeim árangri, að nú þjakar þjóðina svo mikill gjaldeyrisskortur, að til fullkominna vandræða horfir. Verzlunin hefur af þessum sökum að ýmsu leyti orðið óhagstæðari en ella og ýmsir annmarkar komið í ljós, sem oftast fylgja slíku ástandi, svo sem svartur markaður á mörgum vörum. Einn alvarlegasti þátturinn í þessum efnum er sá, að flutt hefur verið til landsins út á lögleg leyfi talsvert af vörum, sem ekki hefur verið hægt að greiða. Þetta hefur stórspillt fyrir viðskiptum landsins út á við og rýrt álit þess, enda er nú í sumum löndum varað opinberlega við því að eiga nokkur viðskipti við íslenzka aðila, nema gegn fyrirframborgun. Ég þarf varla að fjölyrða um það, að þjóðir, sem standa í vanskilum með skuldbindingar sínar út á við, verða ekki til lengdar taldar sem æskilegur þátttakandi í alþjóðlegri samvinnu.

Þjóðinni er nú einna mest nauðsyn á því að öðlast frjálsari verzlunarhætti og öruggari gjaldeyrisafkomu en nú er. Það getur því aðeins tekizt, að gerðar verði ráðstafanir til að lyfta af gjaldeyrisverzluninni þeim gífurlega þunga, sem nú hvílir á henni af þeim ástæðum, er að framan greinir. Verði það ekki gert, heldur áfram að magnast sú öfugþróun, sem nú er í þessum málum og endað getur aðeins á einn veg: í vanskilum og niðurlægingu.

Áhrif taprekstrarins og fjárfestingarinnar hafa komið fram í ört vaxandi dýrtíð, vegna þess, að fjármagnið, sem notað hefur verið til hvors tveggja, hefur fyrst og fremst verið tekið með aukinni verðþenslu, en ekki af sparifé landsmanna. Það er ekki lengur fyrir hendi. Af þessum sökum hafa útlán bankanna og annarra lánsstofnana aukizt úr hófi fram síðustu árin. Í árslok 1944 voru útlánin 279 millj. kr., en voru komin upp í 915 millj. kr. í nóvemberlok 1949, samkvæmt skýrslu frá Landsbankanum. Á síðastliðnum fimm árum hafa því útlánin aukizt um 636 millj. kr. Fer aukningin langt fram úr því, sem öruggt og skynsamlegt getur talizt í hlutfalli við það fé, sem til umráða er í þessu skyni. Fyrsta skilyrðið til þess, að hægt sé að stöðva þessa hættulegu rás útlánanna, er að stöðva taprekstur útflutningsframleiðslunnar og greiðsluhalla ríkisins. Raunverulega hafa lánsstofnanirnar í heild ekkert handbært fé til útlána lengur, nema með því að innheimta í stórum stíl þau lán, sem nú eru útistandandi. Handbært fé í opinberum sjóðum er nú ekki lengur til, svo að neinu nemi. Mest af því er komið í byggingar og aðra fjárfestingu. Þjóðin hefur ekki lengur neitt fé til að leggja í nýjar framkvæmdir, nema það, sem hún sparar frá ári til árs af útflutningsverðmætum sínum, eða það, sem hún notar ekki til neyzlu.

Þá kem ég að síðasta meginþættinum í því sjúklega efnahagsástandi, sem hér hefur myndazt síðustu árin. Þessi þáttur er hagur og afkoma ríkisins, sem sýnir betur en flest annað, hversu sjúkleiki ástandsins er langt á veg kominn. Greiðsluhalli fjárlaganna undangengin 3 ár er um 175 millj. kr., sem að mestu er bein afleiðing fjárfestingarframkvæmdanna, ábyrgða ríkissjóðs og ýmiss konar lagasetninga síðan fjárfestingin hófst. Vegna þessa greiðsluhalla hefur ríkið stofnað lausaskuldir, sem nú eru yfir 100 millj. kr., og enn er ógreitt af fjárlögum síðasta árs um 35 millj. kr., sem kallar á greiðslu, en ríkissjóður hefur ekkert handbært

fé til þess að mæta. Ábyrgðir ríkissjóðs um síðustu áramót voru um 330 millj. kr., og hafa þær vaxið síðan í árslok 1945 um 234 millj. kr. (Voru þá 96 millj. kr.) Þessi aukning ábyrgðanna hefur komið fram sem aukin lánsfjárþensla í landinu, og fé hefur aðallega verið tekið úr bönkunum og opinberum sjóðum, sem nú eru að mestu tæmdir. Ýmis fyrirtæki, sem njóta ríkisábyrgðar, hafa ekki getað gert nýbyggingar sínar arðberandi og því ekki staðið í skilum með afborganir og vexti af lánum. Hefur ríkissjóður neyðzt til vegna ábyrgðarinnar að greiða áfallnar skuldbindingar þeirra. Til 1. febr. 1950 hefur ríkissjóður lagt út 14½ millj. kr. af þessum sökum. Útlit er fyrir, að ríkissjóður verði að taka á sig þungar byrðar á næstunni vegna þessara ábyrgða, ef engin breyting verður á, og er ógerlegt að áætla, hversu miklu það kann að nema. Vegna togarabygginga og bátasmíða, sem ríkið hefur haft bein afskipti af, hefur ríkissjóður orðið að leggja út 31 millj. kr., og er óvíst um, hvernig og hvenær ríkissjóður getur fengið þetta endurgreitt. Vegna laga um aðstoð ríkisins handa byggingarsamvinnufélögum hefur ríkisábyrgð á skuldabréfum þessara félaga verið veitt fyrir 47 millj. kr. undanfarin þrjú ár. Þessi mikla fjárhæð hefur nær eingöngu verið tekin úr opinberum sjóðum, og hafa þeir nú, eins og áður er sagt, fæstir nokkurt handbært fé lengur. Í lok ársins 1949 voru í smíðum í landinu skólar, er áætlað var, að mundu kosta fullsmíðaðir 85 millj. kr. Af þessari fjárhæð er ríkissjóður skyldaður til samkv. lögum að greiða 52½ millj. kr. Í lok þessa árs er talið, að áfallinn kostnaður við þessar byggingar verði um 68 millj. kr. og hluti ríkissjóðs af því 44 millj. kr. Af þessu hafði ríkissjóður um síðustu áramót greitt 24.9 millj., en ógreitt var þá 8.9 millj. Á þessu ári er talið, að falli til greiðslu af hluta ríkissjóðs 10.2 millj. kr. Raunveruleg skuld ríkissjóðs við þessar byggingar verður því á þessu ári 19.1 millj. kr., sem ekki hefur verið hægt að standa skil á. Er ekki annað sjáanlegt en að brestur verði á framlagi ríkissjóðs um stundarsakir, sem hlýtur að seinka þessum framkvæmdum um óákveðinn tíma. Þess er varla að vænta, að bæjar- eða sveitarfélög geti ein staðið undir þessum útgjöldum, og munu mörg þeirra þegar komin í erfiðleika af þessum sökum.

Þetta snýr að fjárhag ríkisins í sambandi við fjárfestingarstefnuna, og er þó margt ótalið. Fjárhagur ríkisins og skuldbindingar eru fullkomið áhyggjuefni. Fyrsta skrefið til að rétta við fjárhaginn er að ná jafnvægi í efnahagsástandinu. Að öðrum kosti sígur stöðugt meira á ógæfuhliðina.

Sú fjárfestingar- og fjármálastefna, sem löggjafarvaldið hefur fylgt undanfarin ár, hefur reynzt fjármálakerfinu ofviða. Það hefur þess vegna færzt svo úr skorðum og komizt svo stórkostlega úr jafnvægi, að fjármál hins opinbera eru í beinni hættu og atvinnurekstur þjóðarinnar er kominn að stöðvun. Nú er því enginn annar kostur fyrir hendi, til þess að fyrirbyggja stöðvun og upplausn, en að koma á jafnvægi með ráðstöfunum, sem koma atvinnurekstri landsmanna á réttan kjöl og halda fjárfestingunni innan þeirra takmarka, sem sparnaður þjóðarinnar og efnahagur leyfir. Til þess að ná þessu marki hefur verið rætt um þrjár leiðir, sem kalla mætti styrkjaleiðina, verðhjöðnunarleiðina og gengisfellingarleiðina. Ég skal nú í fáum orðum ræða hverja af þessum leiðum fyrir sig.

Það kemur þá eðlilega fyrst til greina að athuga þá leið, sem undanfarin þrjú ár hefur verið notuð til þess að halda í rekstri stórum hluta útflutningsframleiðslunnar, bátaútveginum. Það er styrkjaleiðin, eða uppbótaleiðin. Hún er í því fólgin, eins og kunnugt er, að ríkið ábyrgist útgerðinni ákveðið lágmarksverð fyrir fiskinn og greiðir þann mismun, sem kann að verða á hinu raunverulega útflutningsverði og ábyrgðarverðinu. Þessari ábyrgð eru engin takmörk sett, þar sem útborgunin fer eftir aflabrögðum og verðlagi fisksins á erlendum markaði. Hvort tveggja getur verið slíkum sveiflum háð, að ríkissjóður hafi engin tök á að standa við þessar skuldbindingar. Reynslan hefur orðið sú, að með hverju ári hefur þurft hærri uppbætur, og erfiðleikar á því að afla tekna til að standa undir þeim hafa farið mjög vaxandi. Í rauninni hefur aldrei reynzt unnt að afla nægilegra tekna og halli inn, sem af þessu stafar hjá ríkissjóði, hefur orðið til þess að auka mjög dýrtíðina í landinu. Auk þess er rétt að benda á það meginatriði í þessu sambandi, að öflun tekna til þess að standa straum af uppbótunum er ekki möguleg nema sem skattur á neyzlu þjóðarinnar, sem eykur dýrtíðina í hlutfalli við útgjöldin vegna uppbótanna. Aukning dýrtíðarinnar hækkar svo aftur rekstrarkostnað útvegsins, sem síðan heimtar hærri uppbætur, er kalla á enn hærri skatta. Á þennan hátt heldur hjólið áfram að snúast og skrúfar uppbæturnar og dýrtíðina upp á víxl.

Undanfarin ár hafa útgjöld ríkissjóðs vegna fiskábyrgðarinnar verið sem hér segir:

1947	24	millj. kr.
1948	25	— —
1949	37	— —

Á þessu ári þyrfti varla minna en 70 millj. kr., og á næsta ári mætti hugsa sér, að uppbæturnar gætu komizt yfir 100 millj. Ætti það að vera hverjum manni ljóst, að þjóðin getur ekki haldið lengra á þessari leið, ef hún vill ekki horfa fram á ríkisgjaldþrot vegna þessara ráðstafana.

Um þessa leið segja hagfræðingarnir svo í áliti sínu:

„Reynsla undanfarinna ára sýnir augljóslega, að til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum, eða jafnvel til þess aðeins að halda öllu í horfinu, er uppbótaleiðin ekki fær. Hún skapar ekki nein skilyrði til þess, að hægt verði að stöðva dýrtíðina, koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og þá um leið jafnvægi á við útlönd og létta höftum af verzluninni. Uppbótaleiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíðinni. Hana skortir allt hið jákvæða, sem fylgir gengislækkuninni eða niðurfærsluleið-

inni. Af þessum þremur leiðum er sú leið, sem nú er farin, minnst æskileg og er í rauninni ekki lengur framkvæmanleg vegna þess, hve ósamræmið milli innlends og erlends verðlags er orðið mikið."

Ef ætti að halda áfram á þessari leið, þá er enginn mögulegur vegur til að afla tekna í svo stórkostleg útgjöld, nema með því að skattleggja allan innflutning til landsins eða neyzlu almennings, sem þessum gjöldum nemur. Mundi það verka sem bein gengislækkun, án þess að leiðrétta á nokkurn hátt það háskalega misvægi, sem nú er í allri efnahagsstarfsemi þjóðarinnar, og að engu leyti hjálpa öðrum höfuðaðila útflutningsframleiðslunnar, togaraútgerðinni, sem nú horfir fram á algera stöðvun vegna taprekstrar. Reynslan sýnir því ljóslega, að uppbótaleiðin er gersamlega ófær til frambúðar, vegna þess fyrst og fremst, að hún leysir ekki þau höfuðvandamál, sem mest kalla að. Það er að stöðva dýrtíðina, koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn, ná jafnvægi í viðskiptum við útlönd og létta höftunum af verzluninni. Raunverulega vinnur uppbótaleiðin gegn því, að þessum höfuðmarkmiðum sé náð. Þess vegna getur hún ekki komið til greina.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á það, að eitt af því, sem uppbótaleiðin hefur flutt í kjölfari sínu, er hinn svo kallaði frjálsi gjaldeyrir, sem útgerðin hefur fengið til að bæta hag sinn. Um þetta segja hagfræðingarnir svo í áliti sínu:

„Það, sem frjálsi gjaldeyririnn þýðir í raun og veru, er, að erfiðleikarnir, sem hafa myndazt í skjóli haftanna, eru orðnir þannig, að kerfið er að gliðna sundur, og er það álit okkar, að verði haldið áfram á sömu braut, þá bíði á næstu árum ekki annað en fullkomin upplausn þess og að atvinnulífið færist meir og meir í óskapnaðar horf. Eftir því sem upplausnin vex, eftir því verði fleiri og fleiri hagsmunahópar, sem hafa hag af ófremdarástandinu, og því erfiðara verður að breyta því til batnaðar, því lengur sem er beðið með grundvallarráðstafanir til úrbóta."

Næsta leiðin, sem kemur til álita, er verðhjöðnunarleiðin. Aðalástæðan til þeirra vandkvæða, sem nú er við að etja í atvinnulífinu, er það misræmi, sem nú er milli verðlags og framleiðslukostnaðar hér á landi og verðlags og framleiðslukostnaðar þeirra landa, sem við verðum að keppa við á erlendum markaði í sölu fiskafurða og annarra útflutningsvara. Norðmenn lýsa nú yfir því, að eftirspurnin um fiskafurðir þeirra sé meiri en þeir geti fullnægt. Íslendingar búast við á þessu ári miklum erfiðleikum í sambandi við sölu sinna sjávarafurða. Skýringin er mjög einföld. Framleiðslukostnaður Norðmanna, sem stafar af því, að gengi íslenzkrar krónu er rangt skráð, er miklu lægri en Íslendinga. Norðmenn geta því boðið sínar afurðir fyrir miklu lægra verð. Það má líka orða þetta þannig, að misræmið milli peningateknanna innanlands annars vegar og verðsins á erlendum gjaldeyri hins vegar sé ein aðalorsök erfiðleikanna. Peningatekjurnar innanlands, sem nú eru í krónutali 3—5 sinnum hærri en fyrir stríð, skapa meiri eftirspurn um erlendan gjaldeyri en hægt er að fullnægja með núverandi gengisskráningu eða verði á erlendum gjaldeyri, sem er hið sama og var fyrir stríð. Það hefur því ekkert hækkað, og gjaldeyririnn er óeðlilega ódýr. Hinn hái framleiðslukostnaður, sem er afleiðing verðlagsins innanlands, orsakar taprekstur í útflutningsframleiðslunni. Þetta misræmi má lagfæra með því að færa niður verðlag og tekjur og lækka þannig framleiðslukostnaðinn innanlands. Verðhjöðnunina yrði að framkvæma með beinum og óbeinum aðgerðum. Beinu aðgerðirnar kæmu fram í því að lögbjóða lækkun kaupgjalds og innlends verðlags, að svo miklu leyti sem það verðlag myndast ekki vegna innfluttra hráefna eða vara. Meðal almennings, sem engin tök hefur á að kynna sér þessa leið til hlítar, virðist þessi leið njóta talsverðra vinsælda. Ég á hér við skoðun þess hluta þjóðarinnar, sem gerir sér ljóst, að einhverjar aðgerðir séu óhjákvæmilegar, en ekki þess hluta, sem ekkert vill hugsa og vill hindra allar aðgerðir, sem á einhvern hátt breyta núverandi peningatekjum landsmanna. Þeir menn gera sér ekki grein fyrir því, að verði ekkert gert til breytingar, hlýtur öll atvinna að stöðvast í landinu innan skamms tíma. Þeir, er hallazt hafa að verðhjöðnunarleiðinni, virðast hafa myndað sér þá skoðun, að hægt sé að leysa vandann með því að lækka kaupgjald og vöruverð í sama hlutfalli. Þessi hugsunarvilla er almenn. Mun ég koma að þessu atriði síðar.

Óbeinu aðgerðirnar í sambandi við þessa leið eiga að koma í veg fyrir myndun nýrrar dýrtíðar. Eru þær fólgnar í því að lækka peningatekjurnar með hækkun skatta í viðbót við beinu tekjulækkkunina, enn fremur með því að lækka ríkisútgjöld og draga úr útlánum bankanna. Mundi hið síðarnefnda þýða, að bankarnir innkölluðu lán í stórum stíl.

Verðhjöðnunarleiðin mundi koma mjög hart niður á þeim, sem ráðizt hafa í framkvæmdir og skulda mikið í því sambandi. Tekjur þeirra mundu í krónutali lækka mikið, en skuldirnar og afborganir þeirra haldast óbreyttar. Þeir, sem á undanförnum árum hafa keypt íbúðir með hinu háa verðlagi, mundu ekki fá staðið í skilum með afborganir og vexti, ef tekjur þeirra í krónutölu ættu að lækka, t. d. um þriðjung, en skuldin að standa í stað. Fjöldi hinna efnaminni borgara, sem þannig stæði á fyrir, mundu verða að missa íbúðir sínar og það fé, sem þeir hafa lagt í þær. Til þess að koma í veg fyrir þetta þyrfti að efna til allsherjar skuldaskila í landinu, þannig, að nafnverð eigna, skuldabréfa, verðbréfa, innstæðna í peningastofnunum og innlends gjaldmiðils yrði fært til samræmis við lækkun vinnulauna og innlends verðlags. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að engin þjóð með séreignarskipulagi hefur nokkru sinni lagt út í slíkt ævintýri með alla sína efnahagsstarfsemi, enda er ógerlegt að sjá út yfir, hvort slíkar aðgerðir væru framkvæmanlegar eða hvaða áhrif þær kynnu að hafa á starfsemi og efnahagskerfi þjóðfélagsins. Með þessu væri líka eyðilagður einn helzti

tilgangur verðhjöðnunarleiðarinnar, að auka gildi sparifjár og peningaeigna.

Í áliti hagfræðinganna segir svo um þessa leið, meðal annars:

„Á almennri og stórfelldri verðhjöðnun er ekkert að græða, sem ekki er fáanlegt á einfaldari hátt eftir öðrum leiðum. Séu almenn skuldaskil þáttur í verðhjöðnuninni, þá hefur í rauninni ekki annað gerzt en að almennt verðgildi peninganna hefur breytzt fyrir alla í jöfnu hlutfalli og að um leið hefur erlent og innlent verðlag verið samræmt. Almenn breyting á verðgildi peninganna er ekki annað en að mælikvarðinn í fjárhags- og atvinnulífi breytist. Hann er stækkaður, og er í sjálfu sér ekkert unnið við að mæla í stórum fremur en smáum einingum. Og samræmingu innlends og erlends verðlags er hægt að framkvæma á miklu einfaldari hátt með gengislækkun, einkum þegar misræmið er mikið."

Sú aðgerð, sem hér hefur verið rædd, miðar að því einu að samræma kaupgjaldið og allt annað við gengið í stað þess að samræma gengið við allt annað. Hugmyndin með verðhjöðnuninni er því aðeins sú að breyta mörgum flóknum og erfiðum atriðum til samræmis við eitt, sem á að halda óbreyttu, — það er gengi krónunnar. Það væri sama og að fara yfir lækinn til að sækja vatn og eiga það á hættu að lenda í miklum hrakningum á leiðinni.

En nú er rétt með fáum orðum að gera grein fyrir áhrifum kauplækkunar og innlendrar verðlækkunar á framleiðslukostnaðinn í landinu, og hvort þessi leið getur náð því marki, er hún stefnir að, en það er að gera útflutningsframleiðsluna samkeppnishæfa á erlendum markaði.

Samkvæmt athugun, sem gerð var 1947, þurfti þá launalækkun að nema 30—50% á 60 tonna mótorbáti og lækkun annars kostnaðar að nema 15—28%, til þess að útgerðin gæti borið sig. Síðan hefur framleiðslukostnaður bátaflotans hækkað mikið. Einnig var reiknað út af hagstofustjóra 1947, hvaða áhrif það hefði, ef kaupgjaldið væri greitt með vísitölu 200. Það mundi þýða 38,5% kauplækkun, en framfærsluvísitalan mundi þá hafa lækkað úr 325 niður í 272 stig, sem væri 16,3% lækkun á vísitölunni. Jöfn lækkun kaupgjalds og vöruverðs getur ekki fylgzt að. Innlenda verðlækkunin yrði afleiðing af lækkuðu kaupgjaldi, að svo miklu leyti sem kaupgjaldið er hluti vöruverðsins. Kaupgjaldið mundi því alltaf verða að lækka meira en vöruverðið og launþegar þess vegna ekki fá nægilega lækkun á vöruverði til þess að bæta sér upp kauplækkunina. Hins vegar þarf ekki að fara í neinar grafgötur til að gera sér ljóst, að ógerlegt er í framkvæmdinni að lækka kaupgjaldið um 40%, án þess að á móti kæmu uppbætur til launþegans í einhverri mynd að mjög verulegu leyti. En slíkar uppbætur mundu ekki fást með verðhjöðnunarleiðinni nema að nokkrum hluta. Auk þess má fullyrða það, sem hér skiptir mestu máli, að slík kaupgjaldslækkun mundi ekki leysa vandkvæði bátaflotans.

Hagfræðingarnir segja svo um niðurstöðurnar af athugunum sínum á verðhjöðnunarleiðinni:

„Niðurstöður okkar um samanburð á verðhjöðnun og gengislækkun verða þessar: Verðhjöðnun, sem næði sama árangri og gengislækkun, mundi í bili leggja miklu þyngri byrðar á herðar launafólks en gengislækkunin og mundi taka miklu lengri tíma að ná tilætluðum áhrifum."

Það er því enginn vafi á, að verðhjöðnun, er að gagni kæmi, þyrfti að vera svo stórkostleg og mundi leggja svo þungar byrðar á launþegana í landinu, a. m. k. fyrst um sinn, að telja má gersamlega útilokað að fara slíka leið, auk þess sem hún mundi valda slíkri byltingu á efnahagskerfi landsins, að hún mundi að líkindum reynast óframkvæmanleg. Þeir, sem þessa leið vilja fara, munu allir hafa sér það til afsökunar, að þeir hafi ekki kynnt sér málið og afleiðingar þess til hlítar.

Þá kem ég að þriðju leiðinni, gengislækkunarleiðinni, sem sérfræðingum kemur saman um, að sé án efa áhrifamesta og skjótasta leiðin til leiðréttingar á því misræmi, sem myndazt hefur í efnahagsmálunum. Sérhver leið, sem valin verður út úr ógöngunum, verður dæmd eftir því, hversu skjótan afturbata hún veitir atvinnulífinu, hversu þungar byrðar hún leggur á landsmenn og hversu auðveld hún er í framkvæmd. Gengislækkun, eins og áður er sagt, er í rauninni ekki annað en það, að gengið er samræmt þeim mörgu liðum í efnahagsstarfseminni, sem aflaga hafa farið, í stað þess að samræma alla þá liði við gengið og halda því óbreyttu. Þetta skýrir betur en flest annað, að gengislækkunarleiðin er miklu auðveldari í framkvæmd og skjótvirkari en aðrar leiðir, er til greina geta komið.

Liggur þá næst fyrir að gera sér grein fyrir, hversu skjótan og varanlegan bata þessi leið veitir atvinnulífinu.

Þegar rætt er um afkomu útflutningsframleiðslunnar í sambandi við gengislækkun, þá gildir sama meginreglan um þessa leið og aðrar leiðir að því leyti, að ráðstafanirnar verða að miðast við það markaðsverð, sem fáanlegt er um það leyti, sem ráðstafanirnar eru gerðar. Verði mikið og skyndilegt verðfall á afurðunum á erlendum markaði, þá getur gengislækkunin eða hver önnur ráðstöfun orðið ófullnægjandi. En í því efni verður að láta hverju ári nægja sína þjáningu. Til þess að gengislækkunin komi að notum, verður að miða hana við það krónuverð, sem meginhluti útflutningsframleiðslunnar (bátaútvegurinn) þarf að fá til þess að standast allan framleiðslukostnað, eins og hann er nú, ásamt eðlilegum rekstrarhagnaði vegna fyrninga o. fl. Bátaútvegurinn hefur undanfarið ekki selt afurðir sínar fyrir kostnaðarverð og því fengið uppbætur úr ríkissjóði. Útflutningsafurðir bátaflotans, aðrar en síldarafurðir, námu kringum 140 millj. kr. 1949 og eru því meginþáttur útflutningsins. Gengislækkun verður fyrst og fremst að miðast við, að þessi rekstur fái borið sig. Við gengislækkun fær þessi og önnur framleiðsla til útflutnings beina hækkun í krónutölu á verði afurðanna, sem

nemur allri gengislækkuninni, og er tiltölulega auðvelt að áætla, hversu mikla gengislækkun reksturinn þarf til að bera sig. Með þessari leið er því hægt að tryggja rekstrarafkomu meginhluta framleiðslunnar. En hvort slík trygging er varanleg, veltur á því, hvaða ráðstafanir eru gerðar samtímis til þess að hindra framhald verðhækkunar og kauphækkunar í landinu. Hagfræðingarnir segja í áliti sínu, „að með almennum kauphækkunum verður ekkert að ráði af neinum tekið nema útflutningsframleiðendum, sem eru varnarlausir þegar varðveita á gengið.“ Það eru því meginskilyrði fyrir því, að gengislækkun nái tilgangi sínum, að gagnsemi hennar fyrir framleiðsluna sé ekki að engu gerð með nýrri kaup- og verðþenslu. Sama gildir um allar aðrar ráðstafanir, sem gerðar kynnu að verða.

Ég kem síðar að því atriði, hvort gengislækkun sú, sem lagt er til að verði framkvæmd, sé fullnægjandi fyrir útflutningsframleiðsluna. En um það mun ekki vera deilt af þeim, sem skyn bera á þessi mál, að engin leið veiti atvinnulífinu skjótari og áhrifaríkari hjálp til að komast út úr taprekstrinum en gengislækkun. Er þá næst að athuga, hvaða byrði gengislækkunin leggur á þjóðina með skerðingu á núverandi lífskjörum. Um þetta segja hagfræðingarnir í áliti sínu á þessa leið:

„Það hefur oft verið látið í veðri vaka, að ekki væri hægt að gera neinar ráðstafanir, sem að gagni kæmu, til úrbóta atvinnu- og fjárhagsvandamálunum, nema slíkar ráðstafanir hefðu í för með sér skerðingu lífskjara þjóðarinnar í heild, einkum launþega. Varðandi launþegana skal vakin athygli á því, að hagsmunir þeirra og þjóðarinnar verða ekki aðskildir, þar sem 80—90% af þjóðinni eru annaðhvort beinlínis launþegar eða lifa við svipuð kjör og þeir, t. d. bændastéttin. Þessi hugsunarháttur er að okkar áliti alrangur, eins og við munum leiða rök að. Markmið heilbrigðrar stjórnarstefnu hlýtur ávallt að vera það að skapa almenningi í landinu sem bezt lífskjör, þannig að prófsteinninn á réttmæti ákveðinna ráðstafana í atvinnu- og fjárhagsmálum hlýtur einmitt að vera sá, hvort þessar ráðstafanir séu til þess fallnar að bæta lífskjör almennings í bráð og lengd, og á það auðvitað einnig við um tillögur þær, sem hér eru lagðar fram.“ Síðan ræða þeir þær leiðir, sem til greina koma, aðrar en gengislækkunarleiðina, og segja svo: „Við teljum því, að veigamesta röksemdin fyrir að fara þá leið, sem við mælum með, sé einmitt í því fólgin, að hún mundi skapa almenningi mun betri lífskjör en þær leiðir, sem til greina koma.“

Þeir segja síðan, að það, sem mundi skapa grundvöll fyrir bættum kjörum, ef þessar ráðstafanir væru gerðar, miðað við það sem ella er í vændum, sé einkum þrennt:

1. Gengislækkunin mundi samræma erlent og innlent verðlag. Útflutningsframleiðslan mundi aukast og þjóðartekjurnar jafnframt.

2. Nokkur samdráttur yrði á fjárfestingu, en við það mundi aftur verða bætt úr tilfinnanlegum skorti á ýmsum neyzluvörum.

3. Kleift yrði að létta höftum af verzluninni, sem mundi gera hana miklu hagstæðari landsmönnum en hún er nú. Óheilbrigðir verzlunarhættir, sem nú gera vart við sig, mundu hverfa.

En hver verður þá hin raunverulega byrði almennings vegna gengislækkunarinnar? Um þetta er komizt svo að orði í álitsgerð hagfræðinganna:

„Augljóst er, að sumar vörur, það er að segja, innfluttu vörurnar, stíga í verði (fob-verðið stígur), en útsöluverð þeirra stígur talsvert minna en sem nemur gengislækkuninni. Svo er og fjöldi afurða og þjónusta, sem ekki stígur neitt í verði eða þá mjög lítið. Útkoman verður sú, að verðlagið í heild sinni, og þá sérstaklega framfærslukostnaðurinn, stígur aðeins brot af því, sem gengislækkuninni nemur, og verður sú hækkun rædd síðar. Gengislækkunin getur náð tilgangi sínum, þó að einhver verðlagshækkun verði, og þó að nokkur kaupgjaldshækkun sé veitt. Gengislækkunin frá 1939 er sérstaklega mikilvæg í þessu sambandi. Hún sýnir glöggt, að verðlagið steig þá langtum minna en svaraði gengislækkuninni.“

Í sambandi við gengislækkunina 1939 var ákveðið að veita nokkrar uppbætur handa launþegum fyrir verðhækkun, sem af henni leiddi. Reynslan varð sú, að þótt gengi krónunnar væri lækkað um 18%, hafði verðlagið þremur mánuðum eftir gengislækkunina aðeins stigið um 2,1%. Það er því fjarstæða að fullyrða, að verðlag muni stíga til móts við gengislækkunina. Eins og nú standa sakir, er að vísu búizt við, að verðlagið stígi meira hlutfallslega en 1939, og gera hagfræðingarnir ráð fyrir, að í sambandi við þá gengislækkun, sem nú er fyrirhuguð, muni verðhækkunin nema 11—13%. Segja þeir, að nettóaukning þjóðarteknanna í peningum muni nema um 110 millj. kr., og er það um 8,5% af þjóðartekjunum. Þeir halda því fram, að þessi hækkun á þjóðartekjunum gefi nokkurt hugboð um þá almennu verðlagshækkun, sem vænta má.

Hækkun vísitölunnar vegna gengislækkunarinnar er hægt að reikna nokkuð nákvæmlega út með því að athuga, hverju verðhækkunin nemur á fob-verð þeirra erlendu vara, sem taldar eru í vísitölureikningnum. Smásöluverð þessara vara er um 35% af vísitölunni, en þegar frá verðinu dregst álagning, tollar og flutningsgjald, verður fob-verðið ekki meira en sem svarar 16—17% af vísitölunni. Ef þessi hluti vísitölunnar hækkaði um 74%, samsvarar hækkunin 12%, eða 12 vísitölustigum miðað við vísitölu 100. Þetta er að líkindum mesta beina hækkun, sem getur orðið, en líklegt er, að hækkunin verði minni. Byrði launþeganna er því samkvæmt þessu mest 12% hækkun á framfærslukostnaði vegna gengislækkunarinnar. En á móti því kemur samkvæmt þeim tillögum, sem liggja fyrir, kauphækkun, sem vísitöluhækkuninni nemur, og mikið bættir verzlunarhættir, enda er einn megintilgangur gengislækkunarinnar að gera verzlunina frjálsa og fella niður viðskiptahöft og athafnaskerðingu. Um leið fellur niður allur styrkur til sjávarút-

vegsins úr ríkissjóði, og léttist skattabyrði landsmanna sem styrkjunum nemur. Taprekstur inn hættir, og hverfur við það ein aðalorsök vaxandi dýrtíðar.

Ég ætla nú í stuttu máli að ræða nokkuð einstakar gr. frv.

1. gr. Ég hef þegar fært nokkur rök fyrir því, að gengislækkunarleiðin sé sú leið, sem beri að fara, eins og sakir standa. Hér er lagt til, að gengi krónunnar verði lækkað um 42.6%, en það þýðir, að verð erlends gjaldeyris hækki um 74.3% og gengi dollars verði 16.28 gagnvart krónunni. Þetta er mikil röskun, en þessi ákvörðun hefur verið tekin eftir mjög nákvæma athugun. Sú gengisbreyting, sem hér er lagt til að gerð verði, sýnir betur en flest annað, hversu misvægið í þjóðarbúskapnum er orðið geigvænlegt. Ef enn um sinn ætti að freista þess að fresta öllum raunhæfum aðgerðum, þá þyrfti gengisbreyting síðar að vera enn meiri en hér er lagt til. Því lengur sem því er skotið á frest að ná jafnvægi í efnahagsmálunum, því meiri þarf gengislækkunin að verða, þegar til þess kemur. Að því munu nú flestir spyrja, hvort svo mikil gengislækkun sé nauðsynleg. Því er til að svara, að engin ríkisstj. mundi hafa hvöt til að lækka gengi meira en brýn nauðsyn krefur, vegna þess að erfiðleikarnir, sem slíkri aðgerð eru samfara, verða því stærri sem gengisfellingin er meiri. Hins vegar er það að fara úr öskunni í eldinn að lækka gengið án þess, að lækkunin nái þeim árangri, sem að er stefnt. Það, sem gengisbreytingin á fyrst og fremst að afreka, er að gera útflutningsframleiðsluna arðberandi, binda endi á taprekstur inn og leysa verzlunina úr viðjum haftanna. Stærsti þáttur útflutningsframleiðslunnar, bátaútvegurinn, hefur verið rekinn með miklu tapi undanfarin ár. Útflutningsafurðir þessa útvegs 1949 námu um 150 millj. kr., og eru þá síldarafurðir ekki taldar með. Sést af þessu, að bátaútvegurinn er meginstoð gjaldeyrisöflunar landsmanna. Við afkomu þessarar greinar útvegsins þarf því að miða gengisbreytinguna, svo að hún komi að fullum notum. Ábyrgðarverðið á bátafiskinum var síðasta ár 65 aurar, en með öðrum styrkjum munu bátaútvegsmenn hafa fengið sem svarar 75 aurum á árinu. Á þessu ári hefur bátaútvegurinn til bráðabirgða fengið 75 aura ábyrgðarverð, vegna hækkunar, sem orðið hefur á framleiðslukostnaðinum, auk fyrri fríðinda, eða alls um 85 aura. Verð það, sem bátaútvegurinn fær með gengislækkuninni, mun vera kringum 93 aurar, ef miðað er við 10 pence verð fyrir hvert enskt pund af freðfiskinum. Þetta er að vísu lægsta verð, sem freðfiskurinn hefur verið seldur á undanfarið, en mikið magn hefur verið selt á þessu verði. Hins vegar er þess að gæta, að allar líkur benda til þess, að þetta verð fari lækkandi á þessu ári, jafnframt því sem söluerfiðleikar fara vaxandi.

Þegar þetta er athugað, má segja, að gengislækkunin ætti fyrir nokkrum vanhöldum, enda er verðlag útflutningsframleiðslunnar nú svo ótryggt, að annað væri ekki verjandi. Gengislækkunin er áætluð í ríflegra lagi af fjórum meginástæðum:

1. Vegna þess, að launþegum er ætlað að fá fullar bætur fyrir hækkun á framfærslukostnaði, rýrnar hlutur útflutningsframleiðslunnar í því sambandi, og þarf því að taka tillit til þess.

2. Nauðsynlegt er, að hægt sé að taka móti nokkurri verðlækkun á sjávarafurðum, án þess að útvegurinn þurfi að stöðvast af þeim sökum.

3. Þótt gengislækkunin sé miðuð við það, að bátaútvegurinn verði rekinn styrkjalaust, er hún einnig miðuð við það, að hún sé nægileg til að koma á jafnvægi í verzluninni við útlönd, svo að létt verði höftunum af verzluninni, áður en langt um líður, ásamt ýmsum öðrum ráðstöfunum í því sambandi.

4. Og loks má segja, að gengislækkunin þurfi að vera rýmri en ella vegna hinnar miklu núverandi lánaþenslu bankanna. Til þess að gengisbreytingin nái tilgangi sínum, þarf þenslan að minnka. Verði henni haldið áfram, heldur dýrtíðin innanlands áfram að vaxa, og útflutningsframleiðslan kemst aftur í taprekstur og erfiðleika þrátt fyrir gengislækkunina.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja, að gengislækkunin sé ekki meiri en nauðsyn krefur, og að mikil hætta væri á, að gengislækkunin næði ekki tilgangi sínum, ef farið væri vægar í sakirnar en hér er gert.

Eins og ég hef áður sagt, er það álit hagfræðinganna, að hækkun á framfærslukostnaði vegna gengislækkunarinnar muni nema 11—13%. Að vísu hækka erlendar vörur meira en þessu nemur og þá sérstaklega þær vörur, sem lágt eru tollaðar. En á móti kemur það, að innlendar vörur og þjónusta hækkar lítið í verði.

2. gr. Að því er 2. gr. snertir, er fjallar um gengisskráningu í framtíðinni, þá er ætlunin með þessu ákvæði, að gengisbreytingar skuli ekki ákveðnar með lögum hverju sinni, eins og nú er, heldur er heimilt að breyta genginu, ef nauðsynlegt þykir að dómi ríkisstj., að fengnum tillögum bankastjórnar Landsbankans, til þess að viðhalda jafnvægisgengi, það er að segja, til þess að viðhalda jöfnuði í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta. Ákvæði þetta er, ef að lögum verður, í raun og veru yfirlýsing löggjafarvaldsins um, að það vilji, að jafnvægi sé í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þetta ákvæði á að geta komið í veg fyrir það, að sama ástand myndist aftur eins og það, sem nú er verið að ráða bót á.

Afkoma landsmanna er undir því komin, að þeir geti haft vinnu við hagnýt störf. Atvinnan í landinu fer að mestu leyti eftir því, hvernig búið er að útflutningsframleiðslunni. „Þegar henni vegnar vel, þá vegnar þjóðinni vel", segja hagfræðingarnir í áliti sínu. Gengisskráningin í framtíðinni á að halda svo miklu jafnvægi milli verðlags innanlands og utan, að aðalframleiðsla þjóðarinnar verði ekki styrkþegi hjá ríkissjóði.

3. gr. Flestir munu sammála um það, að sparifjáreigendur hafi orðið fyrir miklu tjóni

af völdum verðhækkunarinnar innanlands síðan styrjöldin hófst. Sparifjársöfnun er þjóðinni nauðsyn, en án trausts á gildi peninganna verður ekki um sparifjársöfnun að ræða, svo að nokkru nemi. Sparifjármyndun er undirstaða farsælla efnahagslegra framfara. Þess vegna er nú lagt til, að myndaður verði sjóður, 10 millj. kr., úr þeim gengishagnaði, sem verður á gjaldeyriseign bankanna við gengislækkunina. Um leið og þetta ætti að bæta nokkuð tjón hinna raunverulegu sparifjáreigenda, er það um leið viðurkenning og hvatning til þess hluta landsmanna, er sinnir því nauðsynlega hlutverki að eyða minna en hann aflar og á þann hátt sjá atvinnuvegum þjóðarinnar fyrir rekstrarfé.

4. gr. Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að nokkur breyting verði á vísitölunni, sem meira er breyting á formi en efni. Vísitölugrundvöllurinn breytist að því leyti, að húsaleiga í nýjum húsum verður tekin upp í hann í stað gömlu húsaleigunnar, eins og nú er. Árangurinn verður sá, að húsaleigan hér eftir vegur meira í vísitölunni, svo að breytingar til hækkunar hafa meiri áhrif og launþeginn fær það meira uppbætt en verið hefur. Enn fremur er miðað við útsöluverð á kjöti eins og nú er, án frádráttar á kjötstyrk. — Að öðru leyti er engin breyting á vísitölunni.

Vegna þess, að hætt verður að telja dýrtíðaruppbót sem sérstakan lið í launum og kaupgjaldi, sbr. 6. gr., og uppbót og grunnlaun hér eftir talið kaup í einu lagi, þótti heppilegt að byrja á nýjum grundvelli fyrir þær breytingar, sem á eftir koma. Sú vísitala, sem útreiknuð verður fyrir marzmánuð, verður gildandi fyrir þennan nýja grundvöll, og hún verður þá talin jafngilda 100. Allar breytingar, sem síðar verða skv. 7. gr., hafa áhrif til hækkunar eða lækkunar á þá vísitölu á sama hátt og verið hefur. Þetta breytir ekki launum eða kaupgjaldi að öðru leyti en því, að launþegar losna við þá vísitölubindingu á kaupi, sem nú er, og kaupið tekur aftur að breytast eftir því sem vísitalan breytist til hækkunar eða lækkunar. Þetta er að því leyti mjög í þágu launþeganna.

Til skýringar má geta þess, að gert er ráð fyrir niðurgreiðslum á vísitölunni fyrst um sinn, á svipaðan hátt og verið hefur, til þess að halda verðlaginu í skefjum.

6. gr. Þessi grein þarfnast lítilla skýringa. Ég gat þess áðan, að grunnlaun og verðlagsuppbót verði eftirleiðis hvort tveggja talið í einu lagi. Þetta er nauðsynlegt vegna formbreytingarinnar á vísitölunni og er hins vegar mikill hægðarauki, að felld er niður sú tvískipting kaupgjaldsins, sem verið hefur í gildi frá ófriðarbyrjun. Má segja, að tími sé til kominn að gera hér breytingu á.

7. gr. Samkv. þessari grein skal allt kaupgjald í landinu hækka að sama skapi og framleiðslukostnaður hækkar samkvæmt vísitölu. Með þessu er tryggt, að launþegar fá bætta alla þá verðhækkun vegna gengislækkunarinnar, sem vísitalan sýnir, eftir þeim reglum, er lögin ákveða.

Vísitalan skal reiknuð mánaðarlega, og skal greiða uppbót á laun, jafnmikla og hækkun vísitölunnar nemur, ef hækkunin nær 5% eða meira. Fyrstu þrjá mánuðina eftir að lögin taka gildi, skal hækkunin greidd mánaðarlega. En næstu sex mánuði þar á eftir skulu launin ekki breytast skv. vísitölunni, en að þeim tíma liðnum skulu greiddar uppbætur eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á þessu tímabili. Næsta sex mánaða tímabil skal farið eins að, og skulu launin næst breytast skv. vísitölunni í júlí 1951. En eftir þann tíma hafa lög þessi engin áhrif á kaupgjaldið. Er þá gert ráð fyrir, að jafnvægi sé náð, svo að vísitalan breytist ekki mikið eftir það.

Í lögunum er það gert að skilyrði fyrir launabótum skv. vísitölu, að ekki verði hækkanir á grunnkaupi eða á annan hátt en lögin mæla. Er það gert til þess að hindra það, að einstakir hagsmunahópar, sem aðstöðu hafa til að knýja fram kauphækkun, nái sérstöðu gagnvart öðrum launþegum og komi af stað nýrri öldu kauphækkunar. Þeir, sem slíkt gera, fá ekki greiddar vísitölubætur á laun sín.

8. gr. þarf ekki skýringar við. Persónulegir styrkir, sem greiðast eiga skv. lögum, skulu taka sömu breytingum og kaupgjald og laun samkvæmt vísitölu.

9. gr. Þessi grein þarf lítilla skýringa við. Ákvæði greinarinnar eiga að draga úr verðhækkun á vörum fyrst í stað, eftir að lögin ganga í gildi.

Innlendar iðnaðarvörur mega ekki fyrstu þrjá mánuðina hækka sem nemur hækkun vinnulauna. En eftir það má reikna launahækkunina í vöruverðinu, en þó aðeins þá launahækkun, sem verður samkvæmt breytingu vísitölunnar skv. lögunum. Verði samþykktar aðrar kauphækkanir, má ekki hækka verðið sem þeim nemur.

Um verðlagningu landbúnaðarvara skal fara skv. ákvæðum gildandi laga. Þó má ekki hækka verð á mjólk fyrstu þrjá mánuðina vegna hækkunar á kaupgjaldi samkvæmt vísitölunni.

Í níu mánuði eftir að lögin ganga í gildi mega innflytjendur eða verzlanir ekki reikna venjulega verzlunarálagningu á þá krónutölu, sem vörurnar hækka um vegna gengislækkunarinnar. Með öðrum orðum, það má ekki leggja á gengislækkunina, ef svo mætti segja, til ársloka 1950. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir, að álagningin fari eftir venjulegum reglum og gildandi verðlagsákvæðum. Taka skal þó tillit til kauphækkunar verzlunarfólks, og er verðlagsyfirvöldunum skylt að leyfa hækkun álagningar í samræmi við slíka hækkun.

10. gr. Þessi grein þarf engrar skýringar við. Viðbótarverðtollur 65%, sem verið hefur í gildi undanfarin ár, skal lækka í 45%. Mun þetta að nokkru draga úr áhrifum gengislækkunarinnar á verð þeirra vara, sem háðar eru háum verðtolli.

11. gr. Með þessari grein er nokkur skattur lagður á afla nýju togaranna. Þótt óvissa sé nú mikil um framtíðarafkomu þessara skipa, þá hafa þau til skamms tíma haft miklu betri afkomu en bátaflotinn. Vegna þess að gengislækkunin er miðuð við afkomu bátanna, er

hún talsvert meiri en togararnir hafa til þessa þurft til sæmilegrar afkomu. Með þessu væri því togaraútveginum gefin miklu betri aðstaða og bátaútvegurinn þess vegna standa höllum fæti í samkeppninni um vinnuaflið. Til þess að jafna metin var það eindregið álit hagfræðinganna, að nauðsynlegt væri að leggja nokkurn skatt á afla nýju skipanna. Miðað við þá verðhækkun, sem togararnir fá í krónum vegna gengislækkunarinnar, verður varla sagt, að þeim ætti að vera ofviða að greiða 25% af ísfisksölum, sem eru umfram 8500 £ í söluferð, eða 10% af andvirði saltfisks, miðað við gangverð upp úr skipi.

Á sama hátt er lagt til, að 10% útflutningsgjald sé sett á hvalafurðir og 8% á síldarafurðir, miðað við ákveðið magn.

12. gr. Þessi grein ákveður sérstakan skatt á eignir, sem að eðlilegum hætti ættu að hækka í verði vegna gengislækkunarinnar. Skatturinn er miðaður við eignir 31. des. 1949 og leggst á alla, sem skattskyldir eru skv. 1. og 2. kafla hinna almennu skattalaga frá 1935. Allir aðrir en hlutafélög og samvinnufélög mega draga 300 þús. kr. frá eignum sínum, áður en skattur er á lagður. Af því, sem þar er fram yfir, skulu þessir aðilar greiða 10% af hreinni eign, er nemur kr. 1000000,00, en 12% af því, sem er umfram kr. 1000000,00.

Hlutafélög og samvinnufélög fá engan frádrátt frá hreinni eign, en skattur þeirra skal nema 8% fyrir kr. 1000000,00 og 10% fyrir það sem er fram yfir.

Ástæðan fyrir því, að einstaklingum er heimilað að draga 300 þús. kr. frá eignum sínum, er sú, að þessi fjárhæð svarar naumast til meira en íbúðar eða íbúðarhúss, og þykir sanngjarnt, að slík eign sé hjá hverjum einum dregin frá hreinni eign áður en skattur er á lagður.

Vegna þess, að sparifé, peningar, verðbréf og útistandandi skuldir hækka ekki vegna gengislækkunarinnar, skal þetta dregið frá hreinni eign skattgreiðanda. Hlutabréf skulu ekki talin með eignum skattaðila, heldur skal hlutaféð talið eign félaganna. Hins vegar skulu stofnsjóðir samvinnufélaga ekki taldir eign samvinnufélaga, heldur eign félagsmanna.

Þessu til skýringar er rétt að taka ummæli hagfræðinganna í áliti þeirra. Þeir segja svo:

„Í sambandi við athugun á stóreignaskattinum höfum við athugað þann möguleika, að láta menn bera skattinn í beinu hlutfalli við allar eignir í fríðu. Við höfum hins vegar komizt að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri naumast hægt, sökum þess, hvers eðlis eign í hlutafélögum er vegna þeirrar þróunar, sem hlutafélagalöggjöfin og skattalöggjöfin hafa valdið. Í sameiningu hafa þessir lagabálkar gert það að verkum, 1) að arð er erfitt að fá af hlutabréfaeign, þótt félagið sýni rekstrarafgang; 2) að af þeim orsökum væri ekki fært að leggja á sérstakan skatt, sem miðast við það, að hann greiddist af slíkum arði (t. d. vextir af skuldabréfum); 3) að ekki er heldur hægt að ná eign út úr hlutafélagi nema með afarkostum og því heldur ekki hægt að taka slíka eign með skatti hjá einstaklingi, og að ekki er heldur hægt að leggja hlutafélag niður nema með afarkostum; 4) að þar sem erfitt er að fá hæfilegan arð af heilbrigðum rekstri, þá er það mjög almennt, að hluthafar hafi þá aðferð að fá sem starfsmenn félagsins tekjur af rekstrinum. Um leið veikir þetta fyrirkomulag mótstöðu svona atvinnurekstrar gegn óeðlilegum kaupkröfum. Það leiðir aftur til þess, að rekstur hlutafélaga verður dýrari en ella. Sú staðreynd, að mörg félaganna reka áhættusaman atvinnurekstur, þar sem mikil töp og mikill arður skiptast á, hefur einnig átt sinn þátt í því að stuðla að þessari óheppilegu þróun. — Slíkur rekstur verður sérstaklega fyrir barðinu á skattalöggjöfinni, þótt þetta hafi nú nokkuð verið lagfært. En sú lagfæring er meðfram orsök þess, að eign í hlutafélagi er ekki til frjálsrar ráðstöfunar á sama hátt og aðrar eignir. Við leggjum því til, að skatturinn verði lagður beint á hlutafélögin.

Lítið hlutafélag, sem skilar hlutfallslega sama raunverulegum arði og stórt hlutafélag, er fjárhagslega jafnvel statt og stærra félagið, og leggjum við því til, að enginn frádráttur verði, áður en skatturinn er lagður á nettóeignir félaganna. Beri lítil félög sig jafnvel og stór félög, þá er sá, sem á í mörgum litlum félögum, jafnvel stæður til þess að þola skattinn eins og ef hann ætti jafnmikið í einu stóru félagi. Sams konar rök gilda um eignir samvinnufélaga og þeirra félagsmanna. Ef frádráttur ætti að vera frá skattskyldri eign, þyrfti sá frádráttur að miðast við stærð félagsins. En þá má eins veita frádráttinn með því að hafa skattinn lægri hundraðstölu, og það er okkar tillaga.

Þar sem við teljum ekki fært að leggja skattinn á einstaklinga samkvæmt heildareignum þeirra í fríðu, verður ekki hjá því komizt, að skatturinn fellur ekki nákvæmlega jafnt á alla skattgreiðendur, þar sem hann fer að nokkru eftir því, hve mikill hluti eignanna er í hlutafélögum. Sama gildir um skattgreiðendur, sem eiga eign í samvinnufélagi.

Við leggjum til, að skatturinn á samvinnufélögin verði jafn og skatturinn á hlutafélögin. Í samvinnufélögum munu almennt eignaminni menn en í hlutafélögunum. En þess ber að gæta, að stóreignaskatturinn á persónur sér fyrir þeim mun, þannig að hluthafinn er skattlagður utan hlutafélagsins. Auðvitað gildir hið sama um félaga í samvinnufélagi, sem á nettóeignir í fríðu umfram kr. 300000.00. Enn fremur hafa eignir samvinnufélaganna myndazt við hagstæðari skattalöggjöf en eignir hlutafélaganna. Og því má bæta við, að samvinnufélögin fást yfirleitt við áhættuminni rekstur en hlutafélögin. Við teljum samt ekki rétt að leggja hærri skatt á þau en hlutafélögin af tveimur orsökum. Í fyrsta lagi eru félagsmennirnir yfirleitt efnaminni en meðlimir hlutafélaganna. Í öðru lagi miðast skatturinn við áhrif verðhækkunarinnar, sem fylgir gengislækkuninni, sem er yfirleitt jöfn fyrir allar eignir í fríðu, og ekki við önnur sjónarmið. Af svipuðum orsökum teljum við, að sérstök skattfríðindi megi

ekki koma til greina í sambandi við þennan skatt, t. d. undanþága fyrir Eimskipafélag Íslands. Skatturinn er hugsaður þannig, að þeir, sem mestar hafa eignirnar, taki að sér nokkurn hluta lausaskulda ríkisins, og er því sérstök ástæða, að hann falli á stóreignir, sem myndazt hafa við hagstæða tekjuskattslöggjöf."

Með þessu er gerð nokkuð skýr grein fyrir því, hvers vegna hlutafélög og samvinnufélög eru skattlögð með þeim hætti sem frv. greinir.

Um skattstigann er það að segja, að hann var ákveðinn að mjög vel athuguðu máli. Hagfræðingarnir töldu, að hann mætti ekki vera hærri né breytilegri, ef skynsemi og sanngirni ætti að ráða. Hér er stefnt að því að taka af skattþegnunum þá verðhækkun, sem kemur á eignir þeirra í friðu vegna gengislækkunarinnar, og þess vegna verður skatturinn að fara eftir því og öðru ekki.

Auk þessara skýringa á einstökum greinum frv. vísast til greinargerðar, er því fylgir, ásamt álitsgerð hagfræðinganna, sem ræðir allt málið mjög ýtarlega, af mikilli glöggskyggni og víðtækri þekkingu.

Á bak við tillögur þessar liggur mikið starf og gaumgæfileg athugun á því, hvers konar aðgerða efnahagsástandið þarfnast og hver yrðu áhrif þessara aðgerða í framkvæmdinni. Þegar um svo stórbrotnar og margþættar ráðstafanir er að ræða sem þær, er hér eru fram bornar, má jafnan búast við, að einhverja galla eða veilur megi á þeim finna. Hitt er og ríkisstj. ljóst, að skiptar verði skoðanir um tillögurnar að ýmsu leyti, enda er það ekki óeðlilegt, þar sem þær snerta hag allra stétta í landinu. En þótt eitthvað kunni að verða að þeim fundið, þá er það álit og sannfæring ríkisstjórnarinnar, að með tillögunum sé vísað þá einu leið, sem unnt er að fara til þess að komast út úr því öngþveiti, sem atvinnurekstur og fjármál landsmanna eru nú komin í. Það er sannfæring ríkisstj., að með tillögunum verði náð þeim höfuðtilgangi, að gera sjávarútveginn arðberandi, að leiðrétta misvægi efnahagsástandsins, að leysa verzlunina úr viðjum haftanna og á þann hátt að tryggja atvinnu og afkomu landsmanna.

Um það mun nú yfirleitt ekki deilt, að öll útflutningsframleiðslan sé komin að stöðvun sökum þess, að hún er nær undantekningarlaust rekin með tapi. Hitt er almenningi í landinu ekki jafnkunnugt, að atvinnu- og efnahagslífið er allt að komast í sjálfheldu af þessum sökum. Taprekstur framleiðslunnar og hið mikla misvægi í allri efnahagsstarfseminni orsakar nú lömun í öllum framkvæmdum, svo að yfir vofir stórkostlegt atvinnuleysi. Tekjur ríkissjóðs fara hraðminnkandi vegna gjaldeyrisskorts, sem einnig leiðir af sér vöruþurrð, skort á hráefnum og rekstrarvörum. Allur rekstur þjóðfélagsins er í hættu. Ef alvarleg stöðvun verður í einni grein, getur hún breiðzt út eins og eldur í sinu, eins og nú standa sakir, og lamað þjóðfélagsreksturinn. Vér höfum aðeins stuttan frest til þess að verjast áföllunum. Þennan frest verðum vér að nota, — áður en það er orðið of seint, til þess að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á réttan kjöl.

Ríkisstj. er ljóst, að örlög þessara tillagna eru komin undir skilningi þings og þjóðar, skilningi á því, hversu mikið er í húfi. Hún hefði helzt kosið, að hægt hefði verið að tryggja tillögunum fyrir fram fylgi meiri hluta þings. Tilraun hefur verið gerð í þá átt síðustu vikurnar, en ekki hefur tekizt að ná slíku samkomulagi, eins og sakir standa, og þess vegna ákvað Sjálfstfl. að leggja tillögurnar fyrir þingið. — Flokknum og ríkisstj. eru ljósir þeir miklu annmarkar, sem á því eru að leggja fyrir þingið frv. um mikla gengislækkun, sem ekki er fyrir fram tryggð skjót afgreiðsla. Ég viðurkenni, að þetta er óvenjulegt. En flokkaskipunin er nú þannig á Alþingi, að stjórnin telur sig ekki eiga annars úrkosti, eins og sakir standa, en að leggja frv. fram og leggja það á vald þingsins, hversu skjóta afgreiðslu það veitir því, með tilliti til þess, hvaða áhrif það getur haft á efnahagsástand landsins, ef afgreiðslan dregst úr hófi. Hættan, sem í því liggur, að frv. er ekki fyrir fram tryggður framgangur, er sú, að afgreiðsla þess verði dregin á langinn. Af því gæti svo leitt það, að gjaldeyrissala stöðvaðist með öllu og lamaði innflutnings- og útflutningsverzlun landsins. Þessa hættu er hægt að forðast með því að frv. fái skjóta afgreiðslu á Alþingi, enda hefur stjórnin lagt frv. fram í því trausti, að svo megi verða.

Þegar lögin um bráðabirgðaaðstoð við bátaútveginn voru sett í janúar, þá var gert ráð fyrir því, að unnt yrði að gera ráðstafanir til frambúðar fyrir 1. marz, er gerði bráðabirgðaráðstafanirnar óþarfar. Málið hefur dregizt meira en ætlað var í fyrstu vegna samningaumleitana. Nú er 1. marz á næstu grösum og ekki líklegt, að þessar tillögur eða aðrar hafi þá tekið gildi, til þess að koma í stað bráðabirgðaráðstafana. Í marzmánuði hefst aðalveiðitími vertíðarinnar, og með hverjum ugga, sem kemur á land hjá bátaflotanum, getur ríkissjóður orðið að greiða fé. — Skuldbindingar ríkisins í þessu efni vaxa því með hverjum deginum sem líður, án þess að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til tekjuöflunar til þess að standa undir þessum miklu skuldbindingum. Þingið ákvað sjálft að fara þessa leið. Nú verður það að gera sér ljóst, hvert stefnir. Frv. stjórnarinnar, ef samþykkt væri skjótlega, firrir ríkissjóð þessari yfirvofandi hættu.

Enginn vafi er á því, að tillögurnar, eins og þær eru, leysa þau vandamál, sem nú eru mest aðkallandi, ef framkvæmdin getur orðið eins og til er ætlazt. En það er eins með þær og aðrar tillögur, sem til greina koma, að það er hægt að gera þær áhrifalausar, ef launastéttir þjóðfélagsins skera upp herör gegn þeim og fá knúið fram kauphækkanir, sem koma framleiðslunni aftur á kné. Þótt slíkar grunnkaupshækkanir væru næsta fáránlegar, eins og á stendur, og gengju brjálæði næst, mætti hugsa sér, að slíkt gæti gerzt. Þótt það væri að vísu refsidómur þjóðfélagsins yfir sjálfu sér og yfirlýsing um vanmátt þess til sjálfstjórnar, þá

er ætíð möguleiki, að slíkt gæti gerzt að tilhlutun þeirra þjóðfélagsafla, sem þrífast bezt á öngþveiti og almennum skorti.

Ef slíkt kemur fyrir, þá verður þjóðinni ekki bjargað frá því að þurfa að bergja í botn hinn beiska bikar erfiðleikanna. Hún mundi verða að ganga til enda þá leið glundurs og giftuleysis, sem hún fetar nú, og greiða fyrir mistök sín með margra ára skorti og þrengingum.

Ríkisstj. væntir þó, að ekki þurfi að því að draga, því að eitt höfuðsjónarmið hennar við samningu tillagnanna var það, að ráðstafanirnar kæmu með sem minnstum þunga á bak launastétta þjóðfélagsins og að réttur verkalýðsins til samninga um kaup og kjör yrði á engan hátt skertur með ákvæðum frv. Þess vegna leggur ríkisstj. til, að launþegarnir fái að fullu bætt í kaupi það, sem framfærsluvísitalan sýnir að verðlag hafi hækkað vegna gengislækkunarinnar. Þetta veitir launþegunum rétt til kauphækkunar, eftir því sem verðlagið hækkar, og má því kallast kjarabót en ekki kjaraskerðing frá því, sem nú er.

Þetta getur að vísu talizt vafasöm ráðstöfun eins og sakir standa, og má í því sambandi benda á, að verkamannastjórnin í Bretlandi breytti gengi sterlingspundsins án þess að veita verkamönnum eða öðrum launþegum nokkra uppbót vegna gengislækkunarinnar. Brezka stjórnin hefur til þessa staðið ósveigjanleg gegn öllum kauphækkunum af þessum sökum og talið það skilyrði fyrir því, að gengisbreytingin komi að tilætluðum notum.

Þetta sjónarmið á að sjálfsögðu við hér eins og í Bretlandi, en ríkisstj. er þó þeirrar skoðunar, að mjög vel athuguðu máli, að þessar ráðstafanir komi að notum, þótt kaupbætur verði gefnar eins og lögin mæla, ef aðrar kauphækkanir koma ekki til greina. En verði farið út á þann hála ís að knýja fram grunnkaupshækkanir, þá koma hvorki þessi né önnur bjargráð að notum. Þá heldur straumurinn áfram að falla í hinum sama farvegi og hann er nú og þjóðin flýtur áfram að feigðarósi.

Með tillögunum er engin tilraun gerð til kaupbindingar. Verkalýðurinn hefur óbundnar hendur og óskoraðan rétt, eins og hann hefur haft til að semja um sín mál. Ríkisstj. treystir því, að almenningur í landinu sé svo þroskaður og gerhugull, þegar á hólminn er komið, að hann snúist ekki öndverður gegn sínum eigin hagsmunum og smíði þannig vopnin, sem sárast mundu bíta hann, þegar frá líður.

Það er ekki hægt að bæta úr jafnvægisskorti efnahagsástandsins með kauphækkunum. Það er ekki hægt að bjarga útflutningsframleiðslunni með kauphækkunum. Það er ekki hægt að skapa nokkru þjóðfélagi velsæld með kauphækkunum eingöngu. Hvert þjóðfélag er háð sínu eigin jafnvægi — og meira verður ekki tekið en til er.

Jafnvægi í atvinnulífinu er ekki hægt að festa í eitt skipti fyrir öll, eins og fána, sem negldur er á stöng. Jafnvægið er hverfult, og þarf að viðhalda því með réttri stefnu í fjármálum, með sanngjarnri og heilbrigðri skiptingu veraldlegra gæða, með skynsamlegum stjórnarháttum og með tilliti til þess efnahagslögmáls, sem atvinnu- og fjármálakerfi landsins byggist á.

Þessar tillögur stefna að því að bjarga atvinnurekstri landsins, sem nú er að bera upp á sker. Boðarnir rísa hvarvetna fram undan, og ógæfan verður ekki umflúin, nema þjóðin öll, hver einstaklingur og stétt, skilji nú sinn vitjunartíma og standi samhent og einhuga að gera það, sem skynsemin og skyldan býður.

Umheimurinn fylgist með því af athygli, hvernig þjóðin snýst nú við þeim vanda, sem hún hefur á höndum sér. — Efnalegt sjálfstæði hennar í framtíðinni getur verið undir því komið. Nú eru aðeins fimm ár síðan vér endurreistum lýðveldið. Frelsið reynist stundum erfitt hnoss. Erfiðleikarnir, sem þjóðin stendur nú andspænis, verða prófsteinninn á manndóm hennar og á það, hvort hún er fær um að varðveita það frelsi, sem hún hefur eftir margra alda baráttu endurheimt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að mörgum hafi flogið í hug, þegar þeir sáu þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram og mælt hefur verið fyrir af hæstv. fjmrh., að svona mundi það enda, eða eitthvað á þessa leið. Hér er á 63 blaðsíðum í þessu frv. og í grg., sem þar með fylgir, máluð nokkur mynd af því ástandi, sem nú er orðið í fjárhagsmálum landsins. Ég ætla ekki að fara hér út í að rekja svo mjög sögu þess, hvernig komið er, og ekki að metast um það við flokka eða einstaka hv. þm., hver eigi sök á þessu, og ekki fara út í það í einstökum atriðum. En þó vil ég aðeins benda á örfá atriði í því sambandi, áður en ég kem að sjálfu málinu.

Ég vil leyfa mér að benda á það, og ég býst við, að mönnum finnist það nokkurt vorkunnarmál, þó að ég gangi ekki fram hjá því, og að það sé ekki að troða illsakir, þó að það sé undirstrikað, að nú morar allt af álitsgerðum hagfræðinga í sambandi við þetta frv. Og í þeim öllum saman er það mjög svo undirstrikað, að það öngþveiti, sem við búum við í okkar atvinnu- og fjárhagsmálum, sé ekki sízt afleiðing af þeirri stefnu, sem nú er farið að kalla fjárfestingarstefnu. Ég veit ekki, hvers vegna hefur verið skipt um heiti í þessu sambandi. En þessi stefna var á sínum tíma kölluð nýsköpunarstefna. Og af hinum færustu mönnum í þessu sérfræðingaliði hefur það verið mjög svo undirstrikað, að í styrjaldarlokin hefði þjóðin getað valið um tvær stefnur, jafnvægisstefnuna annars vegar og hins vegar það, sem nú er kallað fjárfestingarstefna, og þó að menn hlytu að vita, að hún leiddi til verðbólgu og ýmiss konar vandkvæða af því tagi, sem menn nú þurfa að glíma við. — Ég leyfi mér að minna á þetta hér, vegna þess að ég, ásamt ýmsum öðrum, hef á undanförnum árum orðið að hlýða á þungar ásakanir frá mörgum hv. þm. okkar og öðrum fyrir það, að við værum afturhaldssamari en aðrir menn, vegna þess að við bentum á þessi atriði, þessar staðreyndir, með mjög svipuðu móti og sérfræðingarnir gera nú. Og við vöruðum við því að fara að eins og gert

var, með sérstöku tilliti til þess, að þó að mönnum þætti það kannske gott á líðandi stund, mundi það draga á eftir sér alvarlegan dilk. — Nú skal ég láta þetta nægja um fortíðina, vegna þess að ég vil ekki eiga hlut að því, að þessar umr. mótist fyrst og fremst af deilum um það, sem liðið er, vegna þess að ég skoða þetta þannig, eins og hæstv. fjmrh. minntist á, að þó að það geti verið nauðsynlegt að renna huganum aftur í tímann, — og menn gera það vafalaust, hver fyrir sig, — þá er hitt þýðingarmeira, að reyna að gera sér grein fyrir, hvað gera skuli.

Ég vil því næst benda á það, sem ekki þarf löngum tíma að eyða í nú orðið, að menn hafa á undanförnum árum reynt að gera ýmsar bráðabirgðaráðstafanir, til þess að draga úr hinum óheppilegu afleiðingum þess, sem orðið var. En allar hafa þær einkennzt af því, að menn hafa hikað við að horfast í augu við það, hvernig í raun og veru var ástatt, og allar hafa þær ráðstafanir byggzt á því að greiða framleiðsluatvinnuvegunum uppbætur, sem svo var aftur aflað með sköttum frá þegnunum, sem átti að verða til þess, að þetta gæti flotið, án þess að gera verulegar meiri háttar ráðstafanir. En þessu öllu hefur það fylgt, að það hefur aldrei tekizt, allan þann tíma, sem þessar bráðabirgðaráðstafanir hafa verið gerðar, að láta þær bráðabirgðaráðstafanir vera nógu róttækar. Og það liggur í því, að allan þann tíma, sem reynt hefur verið að láta fjárhaginn og atvinnumálin fljóta svona áfram með þeim ráðstöfunum, þá hefur skort á, að nægilegs fjár hafi verið aflað til þess að laga hallareksturinn og ná hallarekstrinum af ríkissjóði. Það hefur orðið halli á rekstri ríkissjóðsins árin 1947—49. Og að framsóknarmenn voru með því að gera þær bráðabirgðaráðstafanir, sem þó reynslan hefur sýnt, að ekki hafa dugað, var af því, að þeim fannst, að þá væri það ásetningur manna að hætta að reka vísvitandi áfram þá verðbólgupólitík, sem gert hafði verið áður. Og okkur fannst, að þá væri reynt með fjárfestingarleyfaúthlutun og ýmsum öðrum ráðstöfunum að koma á meira jafnvægi í fjármálum landsins en verið hafði. Sérstaklega fannst okkur þetta koma fram haustið 1947 í sambandi við dýrtíðarlögin, sem sett voru og voru merkileg löggjöf, þó að hún reyndist ekki fullnægjandi til þess að stöðva dýrtíðarskriðuna, m. a. vegna þess, að henni fylgdu ekki nógu róttækar ráðstafanir til þess að afla fjár til að stöðva hallarekstur ríkissjóðs og til að stöðva hallann á útlánastarfsemi bankanna. Þessar ráðstafanir voru of veigalitlar og voru ekki nema til bráðabirgða. Þessar ráðstafanir virtust þó gefa von um, að menn væru að vakna. En það mátti búast við, að þær væru ekki veigamiklar, fremur en annað það, sem menn aðhafast í svefnrofunum. Afleiðinga af þessum ráðstöfunum gætti samt tvímælalaust til bóta um tíma. Þó var auðséð, að það sótti aftur í sama horfið. Og sérstaklega var auðséð á síðasta vetri, að það sótti mjög í sama horfið og áður var og að ný verðbólgualda væri í aðsigi. Þess vegna var það, að á síðasta sumri hélt Framsfl. því fram, að fram undan væru slíkir tímar í þessum efnum, að ekki yrði lengur unað við bráðabirgðaráðstafanir, heldur yrði að breyta alveg um stefnu og gera aðrar ráðstafanir í þeirra stað, sem gætti meir til frambúðar, ef menn ætluðu að forðast algert fjárhagsöngþveiti og komast hjá fjárhagslegri og atvinnulegri stöðvun. Við vildum, að sú vinnuaðferð yrði viðhöfð í þessu, að á síðasta sumri yrði strax samið um það, hvað gera skyldi nú í vetur í þessum málum. Við þóttumst sjá, að yfir þennan vetur yrði ekki hægt að komast stórslysalaust, án þess að breytt yrði um stefnu, og á því byggðum við okkar uppástungur. Við héldum því fram, að þannig væri ástatt í þessum efnum, að annaðhvort yrði að gera, fara niðurskurðarleiðina eða lækka gengið, og þá yrði jafnframt, ef gengið yrði lækkað, að gera um leið allar þær ráðstafanir, sem hugsanlegar og réttlátar væru til þess að koma í veg fyrir, að þær lentu sérstaklega á alþýðustéttum þessa lands eða yrðu til þess að skerða lífskjör manna meir en minnst væri mögulegt að gæti orðið.

Þessum uppástungum okkar á síðasta sumri var ekki þannig tekið, að nokkur niðurstaða yrði af því. Og þess vegna töldum við okkur ekki fært að halda lengur áfram starfi í fyrrv. ríkisstjórn og stungum upp á því, að alþingiskosningar færu fram á s. l. hausti. — Þetta vil ég rifja upp vegna þess, að það liggur nú alveg augljóst fyrir, að við höfðum í höfuðatriðum rétt fyrir okkur í þessum efnum, að yfir þennan yfirstandandi vetur verður ekki komizt stórslysalaust öðruvísi en með því móti, að stefnubreyt. verði og gersamlega horfið til annarra og áhrifameiri ráðstafana en áður hafa verið gerðar. Það er nú lækkandi verðlag á framleiðsluvörum Íslendinga og framleiðslukostnaður hefur hækkað mjög verulega frá því, sem var í fyrra. Og hækkun hefur orðið allveruleg á ýmsum erlendum vörum, sem notaðar eru til framleiðslunnar. Þetta kom glöggt í ljós, þegar hagur bátaútvegsins var athugaður nú í haust. Þá sýndi sig, að það yrði að verða hækkun á verðlagi á framleiðsluvörum bátaútvegsins, til þess að hann gæti gengið. Og það sýndi sig, að rekstrarkostnaður frystihúsanna hafði stórhækkað og allur framleiðslukostnaður yfir höfuð. Enn fremur hefur komið í ljós, að togurum hefur gengið miklu verr en áður að selja afurðir sínar, og er álitið, að mikill hluti togaraflotans hafi verið rekinn með tapi nú um nokkra hríð. Þetta kemur ofan á það, sem fyrir var, að áður en þessir atburðir skeðu, sem ég nú hef lýst, þá var bátaútvegurinn þannig staddur, að hverrar skuldakreppunnar hafði orðið að stofna til eftir aðra fyrir síldveiðiflotann, og mjög var tæpt, að hægt væri að reka bátaflotann á þorskveiðum með sæmilegum árangri, áður en það kom til, sem ég lýsti. Allt staðfestir þetta þá grundvallarskoðun, sem komið hefur fram fyrr og síðar af hendi Framsfl. og ég þarf ekki að hafa mörg orð um að rifja upp.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. flutt hér frv. um stórfellda gengislækkun og nokkrar ráðstafan-

ir í því sambandi. Hæstv. ríkisstj. stingur upp á því að lækka gengi íslenzku krónunnar um 42,6%. — Ég ætla fyrst, áður en ég kem að þessu máli almennt, en ég mun ekki ræða það í einstökum atriðum við þessa umr., að minnast nokkuð á málsmeðferð hæstv. ríkisstj. Fyrst læt ég í ljós undrun mína á því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa valið þann kost að leggja þetta frv. fram í þinginu án þess fyrir fram að geta tryggt sér meiri hluta fyrir því, að það yrði samþ. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að slíkt sé með öllu óvenjuleg aðferð um mál eins og þessi, þar sem lagt er til að gera stórfellda lækkun á íslenzkri krónu. Ég læt í ljós undrun mína á því vegna þess, að svo slæmt ástand sem við höfum átt við að búa á síðustu mánuðum og missirum í fjárhagsmálum landsins, þá mun það sönnu næst, að með því að kasta fram slíku frv. sem þessu, án þess að fyrir fram sé vitað um örlög þess, sé innleitt fullkomið hernaðarástand í fjárhagsmálum landsins og að mikil hætta sé á, að þessi málsmeðferð geri varanlegan skaða.

Ég vil þá einnig sérstaklega gera grein fyrir því, hvaða málsmeðferð ég tel, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að hafa í þess stað á málinu. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. gat um, að hæstv. ríkisstj. hefur nú undanfarið leitað fyrir sér um afstöðu til málsins. Í þessum umleitunum hefur það mjög greinilega komið fram, þannig að hæstv. ríkisstj. gat ekki farið neitt vill vegar í því, að þessari hæstv. ríkisstj. var ekki mögulegt að tryggja málinu framgang fyrir fram og að það var ekki heldur unnt að veita þessu máli þá forustu, sem það krafðist. Þetta var vafalaust öllum þeim, er um þetta mál fjölluðu, ljóst. Og þá álít ég, að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að viðhafa þá aðferð að beiðast lausnar, í stað þess að fleygja málinu inn í þingið. Og þá, ef hæstv. ríkisstjórn hefði beiðzt lausnar, þá hefði komið fram, hvort á þinginu hefðu getað myndazt samtök um að afgreiða þá málið, eða yfirleitt um afgreiðslu vandamálanna, þannig að það yrði fyrir fram vitað, að það, sem fram yrði lagt um þessi efni, ef það yrði gengislækkun a. m. k., það yrði raunverulega samþ. En það er höfuðatriði, þegar gengislækkunarleiðin er farin, að leggja ekki annað fram í þeim efnum, ef menn vilja ekki hafa stórkostlegan glundroða til viðbótar því, sem fyrir er, heldur en það, sem fyrir fram er tryggt, að gangi fram. Á þennan eina hátt er hægt að leiða það mál svo, að fullnægjandi sé. Það er ekki hægt að leiða það mál, svo að verjandi sé, með því að fleygja því inn á þing, án þess að vita um afstöðuna til þess í þinginu. Og þegar hæstv. ríkisstj. komst að þeirri niðurstöðu, að hún gat ekki leitt málið á þennan hátt, sem hún þurfti, þá átti hún að afhenda þinginu umboð sitt. — Hæstv. fjmrh. segir, að ríkisstj. hafi ekki talið sig eiga annars úrkosta en leggja málið fram. Og þá er rétt að taka það fram — sem nánar verður rætt í sambandi við vantrauststill. —, að Sjálfstfl. hafði á sínu valdi að mynda ríkisstj. með Framsfl. án málefnasamnings — og sú ríkisstj. léti það þá verða sitt fyrsta verk að ganga úr skugga um það innan sinna vébanda, hvort hún gæti staðið saman um nauðsynlegar ráðstafanir í fjárhagsmálunum og tryggt þeim fyrir fram fylgi í þinginu. En Sjálfstfl. komst að þeirri niðurstöðu, að hann teldi slíkt ekki fært, og valdi í þess stað þá leið að varpa málinu inn í þingið. Ég álít, að hæstv. ríkisstjórn og Sjálfstfl. hafi farið alveg skakkt að í þessum efnum og hafi gert málinu ekki gagn, heldur skaða með því að halda þann veg á, í stað þess annaðhvort að afhenda þinginu umboð sitt, þegar hæstv. ríkisstjórn fann, að hún gat ekki leitt málið á fullnægjandi hátt, eða þá að mynda þá ríkisstjórn, sem unnt var að mynda, eftir því sem fyrir lá eftir þessum viðtölum, ríkisstjórn, sem ekki hefði fleygt málinu fram án þess að vita, hver endalokin yrðu, heldur hefði athugað, hvort hún gæti ekki staðið saman um till. til úrbóta. En ef ríkisstj. hefði ekki getað myndað samkomulag um þetta, þá hefði hún átt að afhenda þinginu umboð sitt, og var þá engu glatað. En það er höfuðatriðið, úr því sem komið er, að þessi málsmeðferð, sem orðin er í þessu efni, verði ekki til þess á nokkurn hátt að spilla fyrir því, að þetta mál geti fengið, eftir sem áður, eðlilega afgreiðslu í þinginu.

Ég skal þá koma nokkuð að fjárhagsmálunum almennt í framhaldi af þessu. Það er þá fyrst spursmálið um þær aðferðir, sem velja skuli í sambandi við þann vanda, sem við erum staddir í. Ég gat um það áðan, að menn hefðu talað um tvær leiðir aðallega í þessu sambandi, annars vegar niðurfærslu og hins vegar gengislækkun. Um niðurfærsluleiðina er það að segja, að þegar svona lengi er búið að standa verðlag og kaupgjald eins og hefur verið hér á landi og þegar svo mikið er búið að höggva í krónuna íslenzku, þá er ekki hægt að hugsa sér slíka niðurfærslu án þess að hafa um leið niðurfærslu á skuldum og innstæðum. Þetta verður að hafa í huga, þegar menn velja um mismunandi leiðir í þessu sambandi. Það er ekki hægt að hugsa sér þá aðferð, eins og hefur verið ástatt hér um mörg missiri, að hægt sé að færa niður kaupgjald og afurðaverð, en láta skuldir standa með nafnverði. Og sé það ekki hægt um skuldirnar, þá er ekki hægt heldur að láta innstæður standa með nafnverði. Og ég tel, að þessi mál séu þannig vaxin, að af tvenns konar neyðarúrræðum þá sé gengislækkunin framkvæmanlegri og því líklegri til þess að velja hana, en ekki niðurfærsluleiðina. — Ég sé nú ekki ástæðu til að fara lengra út í samanburð á þessum tveimur leiðum, sem til greina geta komið eða út í þennan þátt málsins, heldur en þetta, því að þetta hefur verið nokkuð mikið rætt í seinni tíð. En ég vil aðeins geta um það, að það sýnist vera svo, líka af athugunum þeirra manna, sem verður að trúa í þessu, að það sé hægt að ná fyrr árangri fyrir framleiðsluna með gengislækkuninni og að það snerti launastéttirnar minna sami árangur, sem hægt er að ná með gengislækkunaraðferðinni, heldur en með niðurfærsluaðferðinni. Hins vegar verður það aldrei

nægilega undirstrikað í sambandi við þessi málefni, að allsherjarniðurfærsla eða gengislækkun eru ekki nema einn þáttur þessara mála. Og það er líka rétt að benda á það, að þetta er yfirleitt undirstrikað hjá þeim fræðimönnum, sem láta í ljós álit sitt um þessi efni. Því er nefnilega þannig háttað, að gengislækkun eða niðurfærsla gæti orðið til þess að koma á jafnvægi í fjárhagslífi landsins, ef vel tekst. En gengislækkun ein sér yrði hins vegar annaðhvort ein eða nokkrar veltur á dýrtíðarhjólinu áfram, ef illa tekst til. Þetta er höfuðatriði, sem gildir bæði um gengislækkun og niðurfærslu eða hvað annað, sem gert væri, sem er aðeins einn liður í því, sem gera þarf. Til þess að gengislækkun komi að gagni, svo að jafnvægi fáist, þarf margt annað að gera um leið og ýmis skilyrði að vera fyrir hendi, eins og kunnugt er. Og vil ég aðeins rifja það nokkuð upp, sumpart í sambandi við frv. þetta, sem hér liggur fyrir, og sumpart í sambandi við þá stefnu í landsmálum, sem nauðsynlegt er að framkvæma, ef gengislækkun er gerð, ef hún á að verða að notum, en ekki til þess, að dýrtíðarhjólið fari nokkrar veltur áfram. Þess vegna er ekki hægt að skoða gengislækkun út af fyrir sig sem bjargráð, því að það er ekki hægt að slíta gengislækkun eða gengislækkunarráðstafanir frá ýmsum öðrum höfuðatriðum í ráðstöfunum, sem gera þarf, og ekki heldur frá því, hvaða stjórnarstefnu er fylgt eða hvernig framkvæmdarvaldinu er fyrir komið. Þetta er allt keðja, sem ekki verður sundur slitin, og gengislækkun er aðeins einn hlekkur í þeirri keðju. Þetta er nauðsynlegt, að menn hafi í huga í sambandi við þetta mál, því að það hlýtur að móta afstöðu manna til málsins mjög verulega og koma fram á ýmsum stigum þess.

Ég ætla fyrst að minnast á atriði, sem eru grundvallaratriði og þýðingarmikil, en tæpast er hægt að gera ráð fyrir, að hægt sé að gera skil í því frv., sem fjallar um gengisbreytinguna. Það er þá fyrst, að það verður að tryggja hallalausa afgreiðslu fjárlaga. Ef það mistekst, ef það er ekki gert alveg örugglega, þá er mjög hætt við, að gengislækkunin verði nokkrar veltur áfram á verðbólguhjólinu, í stað þess að skapa jafnvægi. Ég skal ekki fara langt út í almennar hagfræðilegar hugleiðingar um þetta, vegna þess að ég býst við, að mönnum sé þetta yfirleitt ljóst. En það er ekki nóg, að mönnum sé þetta ljóst. Menn verða líka að vera reiðubúnir til þess að gera ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að þetta verði eitthvað meira en í orði. Í þessu sambandi verður að vekja athygli á því, að ráðstafanir, sem koma til leiðar lækkun á innflutningi, minnka tolltekjurnar. En þetta sýnir kannske betur en nokkuð annað sambandið á milli gengisbreytingar annars vegar og svo aftur ríkisframkvæmda hins vegar, hversu ómögulegt er að líta aðeins á einn hlekkinn í keðjunni og hversu óhjákvæmilegt það er, að í heild verði mótuð stefnan um slíkar framkvæmdir eins og þessa, ef hún á að koma að verulegu liði.

Ég vil minnast á það sem nr. 2, að framkvæmdir verði hæfilega miklar, þannig að menn brenni sig ekki aftur á sama soðinu og áður, þegar allt of mikið var tekið fyrir. Og þá verða menn að sjálfsögðu að hætta þeim leik, sem hefur undanfarið verið leikinn, að kalla hverjir aðra ýmsum ónöfnum, af því að þeir vildu ekki viðurkenna, að ekki sé hægt að gera allt, sem menn langar til, í einu. En það var gert hér fyrir nokkrum árum, þegar menn vildu helzt gera allt í einu. Og því fór sem fór. Með öðrum orðum, gætileg fjárfestingarstefna er undirstaða þess, að gengislækkun verði annað en nokkrar veltur áfram á hjólinu.

Enn fremur er í þessu sambandi vert að undirstrika, að ríkisfjárhagur kemst ekki í lag, ef bankarnir rækju ábyrgðarlausa útlánapólitík og settu þannig út í umferð fjármagn, sem ekkert stæði á bak við, og eyðilegðu þann árangur, sem næðist á Alþingi. Og í því sambandi þarf vitanlega að athuga það, hvort ekki þarf beinlínis að setja frekari skorður en enn er orðið, hvers konar útlánapólitík bankarnir geti rekið, eða a. m. k. nánara samband milli bankanna en enn þá hefur tekizt að skapa, því að hér er ekki aðeins um það að ræða, hvað miklir peningar séu í lánum, heldur í hvað sé lánað, því að það tvennt, að lána of mikið í heild og lána í annað en það, sem nauðsynlegast er, það má ekki ske. M. ö. o., lánapólitíkina verður að taka nýjum tökum framvegis, ef allt á að fara eins og vera þarf.

Þá er það loks fjórða atriðið, sem ég vil nefna, launapólitíkin, sem rekin er í landinu. Það er náttúrlega augljóst mál, að þótt fjármálapólitík ríkisins væri í lagi og bankapólitíkin væri í lagi, að ef það væri rekin ábyrgðarlaus pólitík í launamálunum, þá mundu hinar beztu ráðstafanir geta orðið að engu gerðar, og í þessu sambandi þarf, eins og menn þekkja, að treysta á hollustu launasamtakanna, því að till. hafa ekki komið fram um að binda kaup hjá einum eða neinum. Verður þá að treysta á þegnskap launasamtakanna í því efni, að þau geri sér grein fyrir, hvað óhætt er að fara í þessu efni.

Ég hef minnzt á nokkur atriði, sem snerta þetta mál og eru alveg undirstöðuatriði, og mest af þeim er komið undir framkvæmd ríkisstj. á hverjum tíma, undir afgreiðslu þingsins á hverjum tíma og undir afgreiðslu í bönkum landsins, sem allir eru þjóðnýttir, eins og við þekkjum, en sumpart komið undir þegnskap þeirra samtaka, sem þetta snertir, eins og launasamtakanna. Ég vil benda á þetta til að sýna sambandið hér á milli og að við erum hér aðeins með hlekk í stórri og þýðingarmikilli keðju, til að undirstrika, að þetta mál er ekki hægt að skoða eitt út af fyrir sig, heldur verður að íhuga það í sambandi við þá stefnu, sem almennt er tekin. Svo mikið veltur á þessu, að það getur oltið á því, hvort það verður gagn að gengislækkuninni.

Þá kem ég að atriði, sem ekki er þýðingarminna en þau atriði, sem ég hef rakið hingað til, hin beinu atriði, sem snerta sjálft frv. Nú

gefur auga leið, að ef á að reyna gengislækkun, þá fer gagnsemi hennar mest eftir því, hvernig tekst að halda verðlaginu niðri. Ef verðlagið hækkar mjög mikið eða mistekst um framkvæmdina í þeim efnum, þá má búast við því, að árangur af gengisbreytingunni verði lítill, og þá gæti vel svo farið, að mistök í þessum efnum yrðu til þess að kalla á ráðstafanir úr öðrum áttum, sem gerðu gengislækkunina að engu. Nú munu ýmsir segja, að hér komi til hjálpar ráðstafanir, sem af gengislækkuninni leiði. Það er rétt að vissu leyti, að því leyti sem það leiðir af gengislækkuninni nokkru meira samræmi en áður milli kaupgetu og vörueftirspurnar. Þetta er því miður ekki nema að litlu leyti vegna þess, hve sérstaklega er ástatt hjá okkur, sem ég kem að síðar. Enn fremur má segja, að ef tækist verulega vel um afgreiðslu fjármála ríkisins og bankamálastefnuna, þá hjálpar það líka mikið til í þessu efni, en samt sem áður verður hér við stórkostlega erfiðleika að etja, og þeir erfiðleikar eiga rætur sínar að rekja til þess, að Íslendingar eru svo ógæfusamir, — ef út í það er farið, — að ráðast í gengisbreytingu á sama tíma sem óvenjulegur vöruskortur er í landinu og fram undan er tímabil, sem hlýtur að ríkja óvenjulegur vöruskortur. — Allt málið hefði verið miklu skárra viðfangs, ef hægt hefði verið að gera ráð fyrir því, ég tala nú ekki um, ef við hefðum átt gjaldeyrisvarasjóð, sem hefði verið hægt að nota til að auka vörueftirspurnina, en í þess stað drögum við á eftir okkur óreiðuhalann, — ef það hefði verið hægt að gera ráð fyrir því, að sæmilegar vörubirgðir yrðu í landinu. En það er ekki því að heilsa, og fyrir þetta verður miklu erfiðara um framkvæmdina en ella hefði verið. Einmitt á því ríður svo stórkostlega, hversu til tekst um ráðstafanir til að bjargast út úr þeirri verðhækkun, sem tilhneiging verður til að koma fram í sambandi við gengislækkunina.

Ég tek eftir því, að í þessu frv. er yfirleitt gert ráð fyrir, að sá grundvöllur, sem nú er í verzlun og iðnaði, sé sá, sem byggt verði á í þessu efni. Ég vil vara við þessum hugsunarhætti. Ég reikna að vísu með því, að álagningin á almenna verzlunarvöru sé ekki meiri en svo, að hún þurfi að vera svipuð og verið hefur. En það verður að fara fram endurskoðun á íslenzkum iðnaði í sambandi við þær ráðstafanir, sem hér eru gerðar, sem miðaðar séu við það blátt áfram að reyna að koma í veg fyrir, að þessi verðhækkun, sem af gengislækkuninni leiðir, þurfi að koma fram í útsöluverði. Þessi verðlækkun verði gerð með því að athuga iðnaðinn yfir nauðsynlegustu vörurnar og vita, hvort ekki er hægt með því að greiða fyrir hráefnainnflutningi hjá beztu fyrirtækjunum, — hvort ekki er hægt með því að eyða verulega þeirri verðhækkun, sem annars þyrfti að koma fram. M. ö. o., ég er þeirrar skoðunar, að í sambandi við þetta, sem nú á að gera, verði að fara fram mjög ýtarleg athugun á því og gengið með atorku að því að gera sér grein fyrir því, að hve miklu leyti þessi erlenda verðhækkun þarf að koma fram í hækkuðu útsöluverði á einstökum vörum. Menn ættu ekki fyrir fram að slá neinu föstu um slíkt, heldur athuga allt sem nákvæmlegast. Ég er sannfærður um, að það er mikil hætta á því, að verðhækkunin verði mikil, og það virðist, að menn verði að una því hlutskipti á næstunni að búa við mikinn vöruskort. Ég hygg, að það þurfi að athuga mjög vel þann kafla frv., sem að þessu lýtur, og má þó ef til vill segja, að mest sé undir framkvæmdinni komið, hvernig til tekst um þessi efni.

Þá er annað atriði, sem ég vil minna á, sem nokkuð er minnzt á í frv. Það er gert ráð fyrir, að ríkissjóður losni við allar útflutningsuppbætur, og hins vegar eru till. miðaðar við þá, sem verst eru settir. Þess vegna er það, að þeir, sem bezt eru settir, fá óeðlilega mikinn hagnað af þessum ráðstöfunum. Það er gert ráð fyrir að jafna nokkuð um þetta. Það er sjálfsagt að jafna metin í þessu efni. Ég treysti mér ekki til að segja neitt um það, hvort þær till. eru réttlátar, sem settar eru hér fram um það, sérstaklega vegna þess, að það fylgir ekki í grg. neitt um það, hvernig hefur verið komizt að þeirri niðurstöðu um þetta efni, sem í frv. greinir. Það er ekki greint frá því, hvernig menn hafa rakið sig að þeirri niðurstöðu, sem þar er fengin.

Þá vil ég í þessu sambandi minna á það, að ef við lítum á það, hvaða atriði það eru og hvað það er, sem ég ætla, að hafi átt drýgstan þátt í því að reka áfram þá óheillaþróun, sem hefur verið undanfarið, þá má ýmislegt til nefna, en eitt er það, sem hefur gert menn mjög aðþrengda, en það er ástandið í húsnæðismálunum. Það er áreiðanlegt, að ástandið í húsnæðismálunum hefur gert menn mjög aðþrengda. Þar hefur átt talsverðan þátt óheppileg launapólitík. Ég held, að það sé ekki hægt að líta fram hjá þessu atriði í sambandi við þetta mál, og þegar það er skoðað, hvernig ætti að reyna að tryggja, að gengislækkunin yrði raunverulega til að skapa jafnvægi, en ekki til að hjólið snerist nokkra hringi í viðbót, þá sé óhjákvæmilegt að skoða málið í því sambandi og veita því úrlausn í því sambandi. Í því sambandi vil ég minna á tvennt, því að ég vil ekki gera einstök atriði að umtalsefni. Ég vil minna á, að það þarf að finna leið til að lækka húsaleiguna frá því, sem hún er, og létta þannig byrðar þeirra, sem bera þær þyngstar, og þar kreppir skórinn erfiðast að mönnum, því að það er einmitt hin gífurlega húsaleiga, sem gerir hvað mest til að rýra lífskjör manna. Það verður að finna leið til að lækka hina háu húsaleigu og enn fremur finna úrræði til þess, að áfram geti haldið, þrátt fyrir samdrátt í fjárfestingunni, bygging hentugra íbúða, blátt áfram að taka upp þá stefnu að stöðva allar framkvæmdir, sem ekki eru bráðnauðsynlegar, og reyna heldur að auka byggingu íbúðarhúsnæðis, sem væri haganlega byggt, þannig að það væri snúið sér að því um tíma, til þess að það yrði eitthvert átak, sem um munaði, að byggja aðeins tveggja herbergja íbúðir og þriggja herbergja íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum og haganleg hús í sveitum. Þetta

sýnist mér vera svo þýðingarmikið atriði, því að ef menn sjá, að það er eitthvað í þessu gert, sem markar spor, eitthvað, sem markar nýja stefnu frá því, sem verið hefur, þá gefur það mönnum von um, að eitthvað nýtt sé að gerast í þá átt, og það getur aukið líkurnar fyrir því, að ráðstafanir eins og gengisbreytingin geti komið að gagni, að menn hafi aukinn skilning á því og lofi þeim ráðstöfunum að sýna sig í framkvæmdinni, sem verið er að gera. Í þessu sambandi yrði líka að finna leið til þess í sambandi við þessar fjárhagsáætlanir að draga saman eitthvað fé til að setja inn í þessi viðskipti. Það yrði að reyna að finna leið til þess að taka eitthvað af því fé, sem hægt er að ráðstafa í fjárfestingu, og setja inn í þessi viðskipti.

Ég vil einnig í þessu sambandi minna á annað, sem er líka liður í því kerfi og snertir þetta mál sérstaklega. Það verður líka að finna leið til þess, að landbúnaðurinn geti fengið nauðsynlegt fé til starfsemi sinnar. Við vitum, að eitt af því, sem hefur verið mjög erfitt við að eiga, er straumurinn úr sveitunum og til Rvíkur. Þar af stafa húsnæðisvandræðin að verulegu leyti. En nú vitum við, að ef ráðizt er í mál eins og gengislækkun, þá er það gert til þess að efla framleiðsluna, og við vitum líka, að það þarf að færa fólk úr öðrum greinum og beina því til framleiðslunnar. Í þessu sambandi er það brennandi spursmál, sem ómögulegt er að líta fram hjá og snertir þetta mál meira en í fljótu bragði virðist. Það verður að finna leið til að fá aukið fjármagn í landbúnaðinn, til þess að það fólk, sem vill vera í sveitunum, geti verið þar kyrrt, en fari ekki burt, af því að það fái ekki lán til að byggja yfir höfuðið á sér eða til að byggja gripahús og önnur hús, sem nauðsynlega þarf að koma upp á sveitabæ og verða að vera fyrir hendi, ef landbúnaðarframleiðslan á að geta verið rekin með nægilega miklum myndarskap og hæfilega ódýr. Þess vegna er það, að eitt, sem líka verkar stórkostlega til að auka skilning bændastéttarinnar á þeim ráðstöfunum, sem þarf að gera almennt og gerir mönnum léttara í huga, þó að þeir þyrftu einhverjar byrðar að bera út af því um stundarsakir, að eitthvert átak sé gert í þessu efni, einmitt í sambandi við þetta mál, á sama hátt og ég gat um áður í sambandi við húsnæðismálin, því að menn verða að gera sér grein fyrir, að það er ekki hægt að skoða gengislækkun sem eitthvert einangrað fyrirbrigði út af fyrir sig. Árangurinn af gengislækkuninni fer mjög eftir því, að þjóðin finni, að það er verið að taka upp heilbrigðari stefnu og að eðlilegar vonir séu vaktar, að menn sjái ekki erfiðleikana eina, heldur séu eðlilegar vonir vaktar og að nauðsynlegustu framkvæmdir séu styrktar af fullum myndarskap og þar reynt að laga, sem skórinn kreppir harðast að.

Ég skal þessu næst minnast á málefni, sem hefur ekki hvað minnsta þýðingu í þessu sambandi. Eitt af því, sem valdið hefur mestri óánægju að undanförnu í landinu, það er ástandið í verzlunarmálunum, það er það ólag, sem er á vörudreifingunni, og það er það misrétti, sem menn hafa átt við að búa í þessu efni. Vöruskorturinn hefur verið svo mikill, að erfitt hefur verið undir að búa. En þó hefði það verið þolanlegt, ef hægt hefði verið að dreifa vörunni svo, að sómasamlegt væri, — ef vörudreifingin væri í lagi. En það hefur ekki tekizt. Þar hefur verið við ramman reip að draga, en ég ætla ekki að draga dæmi af þessu, því að það yrði allt of langt mál, og skal ég því ekki ræða það í einstökum atriðum, en ég vil aðeins undirstrika þetta. Ýmsir munu segja, að úr þessu muni fljótt rætast, ef menn hverfa að því ráði að koma á auknu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, því að þá muni í landinu verða frjáls verzlun. Ég vildi óska, að svo yrði, að það gætu orðið frjáls viðskipti í landinu. En það er ómögulegt að grafa svo höfuðið niður í sandinn að sjá ekki, hvað fram undan er á næstunni í þessu efni. Við skulum vona, að gengisbreytingin, ef gerð yrði, hafi veruleg áhrif á framleiðsluna í landinu og hún fjörgi og örvi og útflutningur gæti aukizt úr landinu, jafnvel þó að erfiðlega horfi með verð. En þótt svo vel tækist til, þá er því miður þannig ástatt, eins og ég gat um áðan í öðru sambandi, að á næstunni verður sýnilega í landinu mikill vöruskortur. Í þessu sambandi er rétt að greina frá því, að útflutningsáætlunin fyrir 1950 ráðgerir 300 millj. kr. útflutning, en á síðasta ári var hann 280 milljónir. Það lítur áreiðanlega út fyrir, að það sé vel í lagt. Að vísu er síldin varlega áætluð, en það er það eina, sem er varlegt. Innflutningurinn á síðasta ári var um 424 millj., eða 140 millj. kr. meiri en útflutningurinn. Innflutningurinn á síðasta ári var um 120 millj. hærri en áætlunin, sem ég gat um, og yrði þá innflutningurinn á þessu ári að minnka sem því næmi. Í þessu eru einstök atriði, sem þyrfti að taka fram, ef myndin ætti að vera glögg. Í því sambandi verð ég að geta þess, að ýmsar vörur, sem þarf til framleiðslunnar, hafa hækkað svo, að milljónatugum nemur yfir árið, og gerir það málið enn geigvænlegra viðureignar. Það er augljóst, að við verðum að gera ráð fyrir, að innflutningurinn á því ári, sem nú er að byrja, verði stórum minni en 1949. Og þó að dregið verði úr fjárfestingunni, eins og svo mikið er talað um og að sjálfsögðu verður að gera frá því, sem verið hefur, þá er það því miður, að sú sorglega staðreynd blasir við, að annar innflutningur verður líka að vera minni. Menn neyðast til þess nauðugir viljugir að horfast í augu við það. Þess vegna verður vörudreifingarvandamálið nú til staðar í ríkara mæli, eða a. m. k. ekki minna mæli á næsta ári en verið hefur. Það er því mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við þessi mál, að það væri hægt að leysa það mál á viðunandi hátt, því að það er alveg áreiðanlegt, að það mundi að sínu leyti eins og skynsamlegar ráðstafanir í húsnæðismálum og öðrum málum, sem ég hef áður rætt, skapa jarðveg, sem einn er fullnægjandi tilefni til þess, að gengislækkun verði annað en nokkrar veltur áfram á hjólinu.

Þá vil ég aðeins minna á eitt til viðbótar

þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt er að gera til að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn og er höfuðnauðsyn, en það er, að þeir, sem hafa safnað sér miklum auði á undanförnum uppgangstímum, sumpart vegna verðbólgunnar beinlínis, sem átt hefur sér stað í landinu, leggi fram sinn skerf til viðreisnarinnar, sumpart til þess að koma í lag því öngþveiti, sem nú er í landinu, og sumpart til að létta undir með þeim nauðsynlegustu framförum, sem verða að eiga sér stað og ég hef lítillega gert að umtalsefni. Um þetta mál er að nokkru leyti einn kafli í frv. stj., en hann er frá sjónarmiði okkar í Framsfl. ófullnægjandi og ekki á þá lund, sem við mundum vilja og munum leggja til og sér í lagi munum stinga upp á í sambandi við þann stighækkandi skatt, sem þar er um að ræða.

Ég skal svo, því að nú er að verða lokið þeim tíma, sem venjulega er notaður til fundarhalda fyrir kaffihlé, ekki þreyta menn með lengri ræðu, enda hef ég nú nefnt flest, sem ég hefði viljað drepa á.

Að lokum vil ég segja, að afstaða Framsfl. til þessa frv. á síðara stigi fer eftir því, hvernig þeim viðaukum og breyt. verður tekið, sem hann mun flytja, og eftir því, hvort flokkurinn telur þannig séð fyrir framkvæmd löggjafarinnar og öllu því, sem höfuðmáli skiptir, að góðar líkur séu á því, að viðunandi árangur náist af þeim ráðstöfunum, sem í frv. felast.

Ég vil svo að endingu segja, að það er höfuðatriði, að þetta mál fái að sjálfsögðu vandlega íhugun. Þjóðin er stödd í miklum vanda. Það er oft sagt, og áreiðanlega ekki, því miður, ófyrirsynju. Það er því nauðsynlegt að taka á þessum málum æsinga- og öfgalaust og engar tilraunir séu gerðar af neinna hendi til að koma af stað deilum eða illindum. Höfuðatriðið er, að þingviljinn um þetta mál fái að koma í ljós, og fyrir því munum við í Framsfl. greiða og reyna að eiga okkar hlut að því, að það fái sem heppilegasta niðurstöðu frá okkar sjónarmiði.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða, áður en ég vík beinlínis að frv. því, sem hér liggur fyrir, að minnast nokkuð á þróun þessara mála á síðustu tímum og þá sérstaklega afstöðu Alþfl. til málanna og hvernig hann í þeim hefur markað stefnu sína. Einnig út af ræðu hv. 1. þm. S-M. (EystJ) þykir mér rétt að minnast á það nokkru nánar, áður en ég kem að innihaldi frv. sjálfs.

Þegar fyrrv. ríkisstj. tók við, var það ein af stefnuyfirlýsingum hennar, eins og það var orðað, að það væri stefna ríkisstj. „að vinna að því af alefli að stöðva hækkun dýrtíðarinnar og framleiðslukostnaðar og athuga möguleika á lækkun hennar. Í því skyni skyldi leitað til samtaka launastéttanna og samtaka framleiðenda til sjávar og sveita til þess að gera ráðstafanir gegn frekari vexti dýrtíðarinnar og um leiðir til lækkunar.“ Þetta voru samráð þeirra flokka, er stóðu að fyrrv. ríkisstj. Upp úr þessum samráðum milli flokkanna og einnig viðtölum, sem áttu sér stað við stéttasamtökin í landinu, voru á Alþ. í árslok 1947 gerðar — ég vil segja fyrstu alvarlegu tilraunirnar til þess að halda dýrtíðinni í skefjum og að halda verðlagi á vörum og framleiðslunni á þann veg, að atvinnureksturinn þyrfti eigi að stöðvast. Þessar tilraunir ríkisstj. vöktu einnig nokkra athygli, og í fyrri álitsgerð þeirri, sem hinn ungi og mjög efnilegi hagfræðingur, Benjamín Eiríksson, þá gerði fyrir stjórnina, kom hann inn á þetta atriði sérstaklega í skýrslu sinni til fyrrv. ríkisstj. og sagði, að þetta mundi vera eina dæmið í Evrópu síðan styrjöldinni lauk, að reynt hafi verið að framkvæma jafnvíðtækar ráðstafanir af þessu tagi og lagt var út í. Hann segir einnig rétt á eftir um þetta, að árangurinn af þessari stefnu stj. hafi orðið sá, að framleiðslukostnaður hafi haldizt nokkurn veginn óbreyttur frá því í árslok 1947 og fram til vorsins 1949. En hann bætir við síðar í umsögn sinni um þetta mál, að eins og nú horfi málunum megi segja, að núv. ríkisstj. hafi þegar gert þýðingarmiklar ráðstafanir í öllum þeim málum, sem varða sjávarútveginn og þjóðarbúskapinn út á við, nema hvað genginu hafi verið haldið óbreyttu og engar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að fyrirbyggja, að bankarnir hækkuðu útlán óeðlilega á hverjum tíma og hallarekstur ríkisins yrði að fullu stöðvaður. Ég álít, að það átak, sem þá var gert með samkomulagi milli þeirra flokka, sem stóðu að þáv. ríkisstj., hafi verið merkileg tilraun, sem leiddi til þess, að framleiðslan hélzt í fullum gangi og það var nægileg atvinna meðal allra landsmanna og sæmilega borguð. En svo fór því miður, þegar lengra leið, að þetta kom ekki að fullum notum, einkum eftir að kom fram á árið 1949, enda risu þá upp ýfingar milli þeirra flokka, sem stóðu að þáv. ríkisstj., um það, hvaða stefnu skyldi taka í framhaldi af þeim ákvörðunum, sem áður höfðu verið gerðar. Þegar ýfingar hófust milli flokkanna, sem stóðu að fyrrv. ríkisstj., var málefnislega um það rætt án persónulegrar áreitni milli þáv. ráðh., hvað gera skyldi í þessum efnum, og lögðu þá ráðh. Framsfl. fram skjal af sinni hálfu með tillögum til úrlausnar vandamálunum. Því nefni ég þetta skjal, að þessi skjöl hafa verið birt og því engin leynd að segja frá þeim. 2. júní 1949 lögðu ráðh. Framsfl. til, að tekin yrði upp, eins og þeir kölluðu það, ný stefna í verzlunarmálum, einkum út af skömmtunarseðlum, og að verzluninni yrði skipt milli einkakaupsýslumanna og kaupfélaga, í öðru lagi, að betur væri búið að verksmiðjuiðnaðinum, í þriðja lagi, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að ráða bót á húsnæðismálunum, í fjórða lagi, að dregið yrði úr rekstrarútgjöldum ríkisins, í fimmta lagi, að hert yrði á skatteftirliti, og í sjötta lagi, að hert yrði á verðlagseftirliti. Því næst segir í þessum till., að í áframhaldi af þessum ráðstöfunum og til þess að auka kaupmáttinn í landinu leggi Framsfl. til, að sett verði löggjöf um allsherjar niðurfærslu eða gengislækkun, er miðist við það að koma framleiðslunni á rekstrarhæfan

grundvöll. Ráðherrar Alþfl. lýstu yfir því fyrir sitt leyti, skömmu eftir að þetta kom fram og ekki seinna en 15. júní, að þeir gætu hugsað sér samning að efni til um þau sex atriði, sem ég nefndi áðan, þó að þeir vildu ekki að öllu leyti ganga inn á þann grundvöll, sem Framsfl. hefði lagt til úrlausnar þessum málum, með því að flytja frv. um það á Alþ. Hins vegar lýstum við ráðherrar Alþfl. yfir því, að við gætum þó ekki gengið inn á niðurskurð eða gengislækkun, sem við teldum, að væri líka grein fyrir gerð á þann veg, að hann yrði til þess að rýra að verulegu leyti kjör láglaunafólks í landinu. Töldum við fyrir okkar leyti vera hægt, ef samkomulag yrði um það, að feta enn um skeið þá braut, sem að nokkru leyti hafði verið áður mörkuð, stöðvunarleiðina, sem svo hefur verið nefnd og fetuð hefur verið með allverulegum árangri í nágrannalöndunum hér í kringum okkur. En til þess þyrfti gott samstarf og góðan gagnkvæman skilning, ef að haldi ætti að koma, og ekki mætti versna frá því, sem þá stóð um möguleika á sölu íslenzkra sjávarafurða erlendis. Við lýstum einnig yfir, að við vildum fyrir okkar leyti gera ráðstafanir til að draga úr fjárfestingu, draga úr opinberum greiðslum til aukinna framkvæmda í landinu, draga úr útlánum peningastofnana til fjárfestingar, hafa raunverulegan afgang á fjárl. og auka verulega innflutning neyzluvara, eftir því sem unnt væri, um leið og stungið væri við fótum að því er snerti aukna fjárfestingu, því að við töldum, að svo mikið væri til landsins flutt af fjárfestingarvörum, að vel væri fyrir því séð í náinni framtíð, að allir gætu haft við það næga atvinnu á Íslandi, ef þessi atvinnurekstur gengi og væri skynsamlega rekinn.

Ráðherrar Sjálfstfl. svöruðu fyrir sitt leyti líka þessum till. Framsfl. og voru ekki reiðubúnir til þess að ganga inn á sumar þær leiðir, sem lagðar voru til af hálfu Framsfl. Ég þarf ekki að rekja sögu þessa ágreinings lengur, svo mjög sem hún er kunn öllum þeim, sem hér sitja á þingbekkjum. En ágreiningurinn leiddi til þess, að kosningar voru háðar nokkru áður en kjörtímabilið var útrunnið, og flokkarnir, sem áður höfðu staðið að stj., gengu til þessara kosninga hver með sína stefnuskrá, og skildi þar töluvert á milli einmitt í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Alþfl. hafði fyrir sitt leyti einmitt bent á það, eins og ég áður drap á, að hann teldi, að gera þyrfti vissar ráðstafanir, sem ég að nokkru leyti nefndi áðan, og hvorki væri rétt né nægilega rökstutt — og fyrir því færðar gildar ástæður —, að grípa ætti til gengislækkunar sérstaklega miðað við það að skerða verulega með því kjör almennings í landinu. Í kosningaávarpi sínu tók Alþfl. fram það, sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþfl. hefur undanfarin ár barizt á móti almennri gengislækkun og haldið því fram, að heppilegra væri fyrir allan almenning í landinu, að vandamál sjávarútvegsins væru leyst með því að styrkja úr ríkissjóði þann hluta útflutningsframleiðslunnar, sem ekki getur borið sig fjárhagslega. Flokkurinn getur ekki á það fallizt, að nokkur sú breyting hafi á orðið, er geri nauðsynlegt, að grípa þurfi nú til almennrar gengislækkunar til viðbótar við þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar. Alþfl. er því andvígur tillögum andstæðinganna um almenna gengislækkun (lækkun íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi), ekki sízt fyrir þá sök, að þær eru bundnar við verulega kjararýrnun almennings og þvingun í garð launastéttanna. Engin þau úrræði í þessu efni, sem samtök launamanna, Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja beita sér gegn, mundu leiða til varanlegra endurbóta á vandamálum atvinnulífsins, og telur flokkurinn því, að þessi mál verði ekki leyst nema í náinni samvinnu við þau."

Þegar gengið var til kosninga á s. l. hausti, stóðu sakirnar þannig, eins og rökstutt var í fyrri álitsgerð dr. Benjamíns Eiríkssonar, að framleiðslukostnaður við ¼ af útflutningsverðmætum sjávarafurða var orðinn svo mikill, að greiða þurfti fé til þess úr ríkissjóði. Hina ¾ hluta þyrfti ekki að styrkja enn sem komið væri, þó að lítið þyrfti á að bjáta til þess að sá hluti gæti einnig verið rekinn með hallarekstri. Við þetta var miðað hjá okkur á þessari stundu, eins og áður hafði verið, að það ætti að feta þessa leið meðan unnt væri og allir þeir, sem lögðu stein í götu þess, að leiðin væri fetuð, bæru ríka ábyrgð á því, ef aðrir gripu svo til neyðarúrræða. Það var einnig áberandi í kosningunum síðustu, að báðir hinir lýðræðisflokkarnir, borgaraflokkarnir tveir, Framsfl. og Sjálfstfl., töldu, að það þyrfti að gerbreyta um að þessu leyti og annaðhvort snúa til verðhjöðnunar eða gengislækkunar, og ég held, að það hafi í raun og veru verið grunntónninn í þeirra kosningakenningum, þó að ekki hafi verið mjög mikið hampað orðinu gengislækkun. Á þetta var bent af okkar hálfu. En svo fóru leikar, eins og alkunnugt er, að þessir tveir borgaralegu lýðræðisflokkar fengu mikinn meiri hluta kjósenda í landinu og mikinn meiri hluta alþm. kjörna inn á þing. Það virtist svo sem kenning þeirra, sumpart grímuklædd um styrklausan atvinnurekstur, sumpart algerlega opinská, ætti svo mikinn hljómgrunn á meðal kjósenda, að þeir teldu ekki þess vegna hættu á að velja þá til þingsetu. Það var því eðlilegt, að það yrði stjórnarbreyting og stjórnarhvörf að afloknum þessum kosningum, enda fór svo, eins og áður hafði verið gengið út frá og þingkosningarnar meir undirstrikuðu, að ég taldi sjálfsagt að beiðast lausnar fyrir mig og alla ríkisstj., eftir að úrslit kosninganna voru kunn. Núv. ríkisstj. var svo úr þessu mynduð sem minnihlutastjórn, sem hvorki naut stuðnings né hlutleysis neins annars flokks en síns eigin. Hún lýsti því yfir sem sinni stefnu, að fyrst yrði hún að feta troðnar slóðir, en seinna leggja fram till., sem yrðu í samræmi við stefnu þá, sem flokkurinn hefði boðað í kosningunum, og hún teldi réttar til úrlausnar þessum málum. Það var því fyrst framlengd ríkisábyrgðin á afurðum bátaútvegsins, þó með hækkuðu verði, og síðan hafa verið útbúnar

till. þær, sem hér liggja nú fyrir í frumvarpsformi. Mér þykir rétt að geta þess, að ég tel, að það hafi verið alveg rétt og virðingarvert af hæstv. ríkisstj. að leggja í það nokkra vinnu, með þar til fróðum mönnum, að athuga, hvað gera skyldi og hvernig hver leið fyrir sig, sem til greina gæti komið, verkaði. Ég álít einnig, að að mörgu leyti hafi hæstv. ríkisstj., svo langt sem það náði, verið heppin í vali trúnaðarmanna sinna, því að ég held, þó að ég sé ekki sammála Benjamín Eirikssyni í stjórnmálum, að segja megi og viðurkenna, að hann sé bæði mjög lærður hagfræðingur, gáfaður maður og ötull. Eftir að till. lágu fyrir í frumvarpsformi, sendi ríkisstj. hinum lýðræðisflokkunum þessar till. í frumvarpsformi sem trúnaðarmál. Tel ég það einnig rétta starfsaðferð og hygg, að hvorugur þessara flokka hafi misbeitt þeim trúnaði, sem þeim var sýndur með því að kynna þeim þessar till. Álít ég, að það hafi verið rétt starfsaðferð að gefa þeim kost á að kynna sér málið og rannsaka það, áður en þeir tækju afstöðu til þess. Nú er það svo, eins og frá hefur verið skýrt í ræðu hæstv. fjmrh., að áður en þetta mál var lagt fram á Alþ., höfðu hinir tveir borgaralegu lýðræðisflokkar leitazt við það um skeið að mynda saman ríkisstj. Skal ég ekkert um það segja, hvers vegna upp úr þeim tilraunum slitnaði, en vegna þess að upp úr þeim slitnaði, hefur verið lagt fram frv. hér á Alþ. án þess að tryggja fyrir fram öruggan stuðning við málið, sem óvenjulegt er, að lagt sé fyrir löggjafarþing óðruvísi en að vitað sé fyrir fram, að því sé tryggður meiri hluti og það geti gengið greiðlega gegnum þingið. Á það var bent einmitt af hæstv. fjmrh., að þetta væri leitt, og gagnrýnt af hv. 1. þm. S-M. (EystJ), og vil ég taka undir þá gagnrýni fyrir mitt leyti, því að ég álít það mikinn ábyrgðarhluta að leggja fram slíkt frv., með jafngífurlegri gengislækkun, án þess að vitað sé, hvort frv. er tryggður meiri hl. á Alþ. eða ekki, og án þess að geta gert sér í hugarlund, hvort frv. þurfi lengi að vera í þófi á Alþ. Menn mættu vera undrandi yfir því, að ekki skuli hafa skapazt meiri upplausn og vandræði út af hinu látlausa gengisskrafi, sem hefur verið haldið uppi á Alþ. um langan tíma. Þarf a. m. k. engan að undra, þó að framlagning slíks frv. hljóti að hafa áhrif á næstu tímum og skapa aukin vandkvæði. Er t. d. sagt, að bankarnir séu þegar farnir að hugsa sitt í þessum efnum, sem kann líka að skapa vandræði, og í viðskiptum okkar út á við og inn á við hlýtur þetta að skapa vandræði. Mætti t. d. ímynda sér, að einhver tilhneiging væri til þess hjá mönnum, sem eiga peninga, að koma þeim nú tryggilegar fyrir en þeir halda að þeir séu geymdir í bönkum og sparisjóðum. Allt slíkt, er hvetti til þess, væri til hins mesta óhagræðis og skapaði glundroða í landinu. Ég verð því að harma það, að þetta frv. skyldi koma fram á þann hátt, sem það hefur gert. Ég get ekkert dæmt um það fyrir mitt leyti, hver eigi beina sök á því, en ákvörðunin var náttúrlega tekin af þeim ábyrga aðila, hæstv. ríkisstj. á Íslandi, hvort sem hún hefur að því stuðlað eða ekki, að gripið hefur verið til þess að beita þessari óvenjulegu málsmeðferð. En nú er þetta frv. komið til umræðu, og verður þá að sjálfsögðu að snúa sér að því og reyna að meta gildi þess, bæði eftir þess eigin ákvæðum og líka í ljósi þeirrar reynslu, sem skapazt hefur í stjórnmálunum undanfarið, og að sjálfsögðu, að því er Alþfl. snertir, með hliðsjón af stefnu hans og launamannasamtakanna í landinu yfirleitt.

En áður en ég sný mér að sjálfu frv., vildi ég vekja athygli á fjórum atriðum, sem mér finnst, að þurfi að koma til athugunar, þegar það er dæmt af Alþfl. hálfu. Í fyrsta lagi vildi Alþfl. láta feta stöðvunarleiðina svo lengi sem unnt væri og telur sig ekki eiga sök á því, þó að það væri ekki lengur hægt eða lengur gert, og mætti segja það sem annað atriði, að Alþfl. telur það ekki sína sök, þó að ekki hafi tekizt að feta þá leið með þeim allgóða árangri, sem fengizt hefur í nágrannalöndunum. Í þriðja lagi hefur Alþfl. alltaf talið og telur, að gengislækkun ákvörðuð og útfærð af andstæðingum Alþfl. væri hættuleg og ótrygg frambúðarlausn. Í fjórða lagi telur Alþfl. og taldi, í samræmi við stefnu sína og uppbyggingu, að samráð yrðu að vera milli hans og launastéttanna um úrræði og að þá einu leið gæti Alþfl. farið, að tryggt væri, að verkalýðshreyfingin og launastéttirnar teldu, að það væru eftir ástæðum skástu úrræðin, og vildu að því standa, að leiðin gæti verið fetuð. — Með þessi fjögur atriði í huga vil ég snúa mér að sjálfu frv. og ákvæðum þess, en fyrst vildi ég þó í sambandi við frv. minnast á málið almennt, og sérstaklega út af álitsgerð hagfræðinganna. Fyrst vil ég benda á, hvað þeir segja um orsök dýrtíðarinnar, en þar segir skýrt og ótvírætt á bls. 15 í grg.: „Orsök dýrtíðar árin eftir stríðið er því sú, að fjárfesting og hallarekstur annars vegar nema meiru en sparifjármyndun, afskriftum og óúthlutuðum arði hins vegar, að óbreyttu verðlagi og peningatekjum þjóðarinnar.“ Og á bls. 27 segir enn fremur: „Aðalorsök dýrtíðaraukans á síðari árum er hin óeðlilega mikla fjárfesting og taprekstur, sem haldið hefur verið uppi með útlánastarfsemi bankanna og halla á ríkisbúskapnum.“ Menn athugi nú þessar kenningar hagfræðinganna, og kynni þá mörgum að detta í hug, hverjum núverandi ófremdarástand sé að kenna, því að hér er ekki borið í vænginn, að það séu launastéttirnar eða verkalýðurinn, sem því hafi valdið. Þvert á móti er það skýrt tekið fram í álitsgerð hagfræðinganna, að kauphækkanirnar hafi fremur verið afleiðing af orsök, a. m. k. fram til vorsins 1949, heldur en þær hafi verið orsök til afleiðinga í dýrtíðarvandamálinu, og tel ég, hvað Alþfl. áhrærir, að hann geti ekki borið meginábyrgð í þessu sambandi, enda þótt allir flokkar — að vísu misjafnlega mikið — hafi lagt sín lóð í vogarskálina, og þá fyrst og fremst þeir, sem fjárfrekastir hafa verið og flutt hafa flestar till. til margs konar stórfelldra framkvæmda, án þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig tekna verði aflað á móti, og vita þá allir, við hverja ég á sérstaklega. Þá hefur einnig borið uggvæn-

lega mikið á því með borgaraflokkunum tveimur, að uppboð hafi verið þeirra milli, þannig að þeir hafa knúið upp fjárfestingu eftir kjördæmahagsmunum. Það má ekki á milli sjá, hvor þar hafi gengið lengra, og eiga þeir sinn hlut óbættan í þessu máli. Í þessu sambandi vil ég enn benda á það, sem hagfræðingarnir segja á bls. 52 í grg. Þeir segja svo: „Við lítum svo á, að kauphækkanir þær, sem orðið hafa a. m. k. fram að síðastliðnu vori, hafi verið afleiðingar fremur en orsök dýrtíðarinnar.“ Þetta er skylt að hafa í huga út af þeim viðbrögðum, sem launastéttirnar kannske kunna að taka í sambandi við þetta frv., að það er ekki þeirra sök, hvernig komið er.

Þá er að snúa sér að frv. sjálfu og aðalefnishliðum þess, og er þá ekki langt að leita, því að þegar í 1. gr. er gert ráð fyrir gengislækkun, er nemi 42.6%, þannig, að verðlag innfluttrar vöru hækkar um 74.3%, og þótt hagfræðingarnir bendi á, að verðhækkunin þurfi ekki að verða svo mikil, þegar varan er komin á boðstóla, þá held ég, að þeir dragi mjög úr þeirri álagningu, sem á bætist, þegar miðað er við fob-verð. Þá má búast við, að gengislækkunin hafi í för með sér hækkun á farmgjöldum og ýmsan annan kostnað, mun meiri en af er látið, sem mun leggjast þyngra á vöruna en frv. eða grg. vill vera láta. Ekki er nóg með það, að gengið eigi að lækka um 42.6%, heldur er í 2. gr. ákvæði, sem segir: „Eftir gildistöku laga þessara er ríkisstjórninni á ráðherrafundi rétt, að fengnum tillögum bankaráðs og bankastjóra Landsbanka Íslands, að ákveða gengi íslenzkrar krónu. Gengisskráning skal miða að því að koma á og viðhalda jafnvægisgengi, þ. e. að sem mestur jöfnuður sé í greiðslum við útlönd án gjaldeyrishafta.“ Og svo er bætt við mjög athyglisverðu atriði í síðari málsgrein 2. gr. Þar segir svo: „Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í þessum lögum. Skal bankinn, svo fljótt sem kostur er, gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum.“ Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að valdið til gengisskráningar, sem hefur verið hjá Alþingi a. m. k. s. l. 10 ár, verði nú flutt í hendur ríkisstj. og grundvöllurinn að ákvörðun hennar séu till. frá stjórn Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Ég vil að vísu ekki taka undir þann söng, sem undanfarið hefur heyrzt á mannfundum og sézt í blöðum um slæma stjórn á Landsbankanum, þótt eitthvað megi sennilega að stjórn hans finna sem flestra annarra fyrirtækja, en það er samt nokkur ástæða til að ætla, að Landsbankinn kunni að geta haft einhliða sjónarmið í þessu efni, og svo er það ríkisstj., sem á að taka lokaákvörðunina. Nú situr hér að völdum ríkisstjórn, sem styðst við 19 þm. af 52, og því miður gæti svo farið vegna flokkaskiptingarinnar hér á landi, að á lengri eða skemmri tímum færi minnihlutastjórn með völd. Slík minnihlutastjórn ætti að hafa það mikla vald yfir atvinnulífi þjóðarinnar og afkomu almennings, að hún með einu pennastriki, sem kannske yrði minna umtalað áður en þetta, gæti gert gerbyltingu í íslenzku atvinnulífi og aðbúnaði fólksins í landinu. Því er haldið fram af hæstv. fjmrh. og í grg., að þetta vald sé víða í höndum ríkisstj. og þjóðbankans, og vefengi ég það ekki, en það er nokkuð annað, þegar valdið hefur um tug ára verið hjá Alþingi, þá er það mikil og alvarleg breyting að fá það í hendur ríkisstj. á hverjum tíma, og ekki sízt af því, að stjórnmálabaráttan hér er harðari, óvægari og miskunnarlausari en víðast hvar ananrs staðar, og ríkisstj. gæti dottið í hug að nota þetta vald, þótt hún vissi sig með því ganga á móti meiri hluta fólksins í landinu. Þar sem stjórnmálahættir eru þroskaðir og þar sem ríkisstjórnir gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni og þar sem enn fremur stjórnarandstaðan gerir sér eigi síður grein fyrir sinni ábyrgð, þar er síður hætta á, að þetta vald verði misnotað. Ég óttast meir, að það verði misnotað hér í hinni óvægnu flokkabaráttu, og í huga verkalýðsins og launastéttanna mundi það vekja ugg um það, að hverri þeirra tilraun til betri kjara yrði svarað með gengislækkun þegjandi og hljóðalaust, en slíkt gæti leitt til baráttu, sem orðið gæti afdrifarík og hættuleg íslenzku þjóðlífi. Ég vil því mjög gagnrýna ákvæði 2. gr. og tel ákvæði hennar óskynsamleg hér á landi og ólíkleg til þess að leggja varanlegan grundvöll að viturlegum ráðstöfunum til úrlausnar á verðbólgu og dýrtíðarmálum þjóðarinnar.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram, að hér sé ekki um það að ræða, að ekki sé hugsað um, að launastéttirnar fái uppbætur og hafi frjálsar hendur í launamálabaráttu sinni. Þetta er þó ekki nema hálfur sannleikur. Að vísu er gert ráð fyrir í 7. og 8. gr., að uppbætur verði greiddar á laun eftir hækkandi vísitölu, sem reiknuð verður út mánaðarlega fyrstu þrjá mánuðina og á 6 mánaða fresti í eitt ár, en þá má ekki gleyma 4. gr., þar sem grundvöllur hinnar nýju vísitölu er lagður. Hann á að vísu að vissu leyti að byggjast á sömu reglum og gilt hafa við útreikninginn hingað til, en þó eru frá þessu tvær undantekningar allalvarlegar, og þá ekki sízt sú, að inn í vísitöluna 100, sem reikna á fyrir marzmánuð, skuli koma verð á leigu í húsum, sem byggð eru eftir 1945. Húsaleiga í núverandi vísitölu nemur aðeins um 10%, því að miðað er við verð á húsaleigu í gömlum húsum, sem verið hefur næstum óbreytt allt frá árinu 1939. En ég hygg, að með því að reikna húsaleiguverð í nýjum húsum, eins og gert er ráð fyrir í frv., þá verði það á þann hátt, að aðkeyptar vörur, sem hækka við gengislækkunina, nemi miklu minna í vísitölunni en áður. Grundvöllur vísitölunnar verður því talsvert annar en áður, og hefur þetta áhrif þegar t. d. á að gefa launastéttunum uppbætur, og því má ekki gleyma, að skýra verður málið rétt í alla staði, og ekki dugir að dyljast þess, að vísitölugrundvöllurinn verður annar en áður, þar sem hækkun vöruverðsins nemur mun minna til hækkunar vísitölunnar en áður, og þegar það er aðeins þrjá fyrstu

mánuðina, sem reikna á vísitöluna út mánaðarlega, þá hefur þetta sín áhrif. Ef við tökum dæmi, þá má geta þess, að kornvara er venjulega til í landinu til hér um bil þriggja mánaða. Þær birgðir, sem nú eru til, yrðu auðvitað seldar með sama verði og nú, en á 4. mánuði, þegar þær eru þrotnar, og vörur með hærra verði koma á markaðinn, þá er útreikningi vísitölunnar hætt í 6 mánuði. Þetta sýnir, að það er barnaskapur — ég vil ekki nota orðið blekking — að halda því fram, að lagt sé til með frv., að kjör launafólksins séu óskert, ef grunnkaup hækkar ekki. Í raun og veru er ekki annað hægt, því að eins og hagfræðingarnir skýra frá, þá er ekki hægt að hugsa sér að dæla tugum milljóna af nýju fjármagni í sjávarútveginn án þess, að þær milljónir komi frá einhverjum öðrum þjóðfélagsþegnum, enda draga hagfræðingarnir enga dul á, að frá öðrum stéttum koma um 80—100 milljónir til sjávarútvegsins, og það er líka svo, að þótt hagfræðingarnir hafi tilhneigingu til þess að mála það rauðrósóttum lit, hvað ástandið batni við þeirra aðgerðir, þá komast þeir ekki hjá því að viðurkenna, að kjör launafólks versni, a. m. k. fyrst í stað. Þeir segja á bls. 29 í grg.: „Áhrif þeirra ráðstafana, sem við leggjum til, eru þau, að tilfærsla verður á tekjum til sjávarútvegsins frá þjóðinni í heild, enda falla þá allir styrkir og fríðindi til hans niður. Þessi tilfærsla verður með þeim hætti, að í fyrstu færast nokkrar tekjur frá launþegum almennt til sjávarútvegsins, vegna hækkaðs framleiðslukostnaðar.“ Þess vegna eigum við ekki að fullyrða það, að þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, hafi ekki nokkra eða verulega kjaraskerðingu í för með sér fyrir launafólk í landinu. Þvert á móti er það staðreynd, að kjör þess versna. Nú halda hagfræðingarnir fram, og það er undirstaðan undir byggingu þeirra, sem er að mínu viti að ýmsu leyti skynsamleg og af lærdómi gerð, að það sé hagræði fólksins í landinu að koma á frjálsri verzlun og hún sé það sem koma skal. Hv. 1. þm. S-M. undirstrikaði í sinni ræðu, að hann teldi, að á 10 fyrstu mánuðunum, sem lög þessi eiga að gilda, ef frv. verður samþ., yrði neyzluvöruinnflutningurinn minni en verið hefur undanfarið. Mig uggir og, að innflutningur á neyzluvörum almennings aukist ekki svo mjög á næstu tímum, að það hafi í för með sér kjarabætur þær, sem ýmsir vilja vera láta. Ég get fallizt á, að kjaraskerðing almennings komi að nokkru leyti af því, að ekki er á boðstólum í landinu allt, sem fólk þarf og getur keypt. T. d. má nefna, að menn geta iðulega ekki fengið jafngóð föt og skó og kaupgeta þeirra leyfir, og leiðir þetta m. a. til freistingar þeirrar, sem alltaf fylgir litlu vöruframboði en mikilli kaupgetu, sem sé að leita á svartan markað, sem nokkuð hefur borið hér á, og er það náttúrlega kjaraskerðing fyrir fólk, ef það þarf að kaupa á svörtum markaði brýnustu lífsnauðsynjar sínar, en ég trúi ekki á, að þetta geti lagazt eins fljótt og hagfræðingarnir vilja vera láta, og trúi því ekki heldur, að frjáls verzlun skapi þá byltingu á kjörum fólksins, sem þeir telja. Við höfum á löngum tímabilum búið við frjálsa verzlun, og ég held, að fólki hafi fundizt eins þá, að það hefði við óblið kjör í verzluninni að búa. Samvinnuverzlun hefur og heldur ekki getað skapað lægra vöruverð með samkeppni, vegna þess að samvinnufélögin hafa aðallega hugsað um að skapa ágóða, sem annað tveggja rennur til félagsmanna eða er lagður í nýjar og stórfelldar fjárfestingar. Ég mæli ekki gegn því — eða minn flokkur, að aukinn sé innflutningur neyzluvöru og að hún geti um allt land verið á boðstólum í sem mestu úrvali, en frelsi og samkeppni í verzluninni er háð miklum takmörkunum og hefur t. d. oft leitt til hringavalds, sem haldið hefur uppi neyzluvöruverðinu. Og þessa verður líka vart hér, þó að í smáum stíl sé, einkum í sambandi við verzlunina, og eru einkakaupsýslumenn þar annars vegar, en samband kaupfélaga hins vegar. Frelsið verður alltaf að hafa sín takmörk, til þess að það verði ekki misnotað, og má í því sambandi minna á orð Jóns Sigurðssonar, sem var viðurkenndur gáfumaður, enda þótt hann væri ekki hagfræðingur. Hann sagði, að frelsi án takmörkunar væri ekki frelsi, heldur agaleysi og óstjórn. Og sannleikurinn er, að svo vill oft fara. Af því, sem ég nú hef rakið í sambandi við þetta frv., má slá því föstu í fyrsta lagi, að samþykkt þess hefur í för með sér kjaraskerðingu fyrir launastéttirnar, auk þess sem verkalýðshreyfingin hefur ekki trú á, að þessi leið leysi vandamálin á hagkvæman hátt. Í öðru lagi vil ég segja, að það er ekki trygging fyrir því, að þessi gengislækkun skapi atvinnuöryggi eða tryggi atvinnurekstur í landinu. Þegar svo er, hlýtur launafólk að vera uggandi um sinn hag. Ekki af því, að launafólk vilji ekki taka á sig byrðar, ef aðrar stéttir gerðu slíkt hið sama og við það skapaðist traustur grundvöllur fyrir atvinnulífið og mannsæmandi lífskjör, en því miður liggur ekkert fyrir í frv., sem tryggir það. Hvernig er nú byrðunum skipt með þessu frv.? Eru þær lagðar á í réttu hlutfalli við getuna? Um það er sérstaklega að finna í 12. gr., um eignarskatt, en þar er aðeins gert ráð fyrir að taka beinan gróða af eignaraukningu vegna gengislækkunarinnar. Það eru því raunverulega engar byrðar lagðar á eignamenn, heldur aðeins hindrað, að þeir hafi beinan gróða af ráðstöfunum, sem aðrar stéttir hafa af þungar byrðar. Byrðarnar verða því þyngstar og framtíðin óvissust hjá þeim, sem hafa af minnstu að taka. Þetta er óréttlátt og verður óréttlátt, nema byrðunum sé skipt niður eftir efnum manna og ástæðum, því að sannarlega eiga þeir að bera byrðarnar, sem breiðust hafa bökin. Ég sakna þess, að ekkert skuli vera í þessu frv. um ýmis mjög alvarleg mál, sem brýn nauðsyn er að leysa í sambandi við heildarlausn á vandamálum þjóðarinnar. Að vísu minnast hagfræðingarnir á sum þeirra í álitsgerð sinni, en frv. sjálft getur þeirra ekki, og má þar fyrst til nefna, að ekkert ákvæði frv. miðar að því að tryggja betri verzlunarhætti, ekkert um réttlátari skattalöggjöf, t. d. meiri

frádrátt fyrir efnalítið fólk, ekkert um ráðstafanir í húsnæðismálunum. Hv. 1. þm. S-M. kom nokkuð inn á það mál, að vísu á breiðum grundvelli. Hann talaði um, að byggja þyrfti tveggja og þriggja herbergja íbúðir í kaupstöðum og sömuleiðis þyrfti að byggja í sveitum, en þar tiltók hann ekki herbergjaföldann, enda ekki gert ráð fyrir stóríbúðarskatti í sveitunum. Sömuleiðis taldi hann þurfa að byggja útihús í sveitum, og það er sjálfsagt rétt. En sleppum þessari skiptingu. Hins vegar vil ég taka undir það með þm. S-M., að það verður að gera alvarlegt átak í húsnæðismálunum, að minnsta kosti hér í Reykjavík. Við Alþýðuflokksmenn höfum frá mínu sjónarmiði gert skynsamlega till. til úrbóta í þessu máli, og liggur það frv. fyrir Alþingi eins og kunnugt er, og vil ég leyfa mér að vona, að það verði ekki skilið eftir í sambandi við hina miklu reformation, sem hugsuð er með þessu frv. og í sambandi við það. Ég hef ekkert ákvæði séð í þessu frv. um verulega tollalækkun, verðtollurinn á að vísu að lækka í prósentum, en mun þrátt fyrir það hækka verulega í krónutölum, og eru það allmikil vonbrigði, því að veruleg tollalækkun gæti ef til vill bætt nokkuð upp þá gífurlegu verðhækkun á erlendum vörum, sem fylgir svo mikilli gengislækkun sem hér er gert ráð fyrir. Ekkert ákvæði hef ég heldur getað fundið um sparnað í ríkisrekstrinum, og loks ekkert um betri skipulagshætti í útgerðinni. Það er hart að sjá menn, sem kannske gera út einn bát, lifa eins og fína forstjóra af því einu, á meðan við sitjum hér með sveittan skallann yfir jafnalvarlegum ráðstöfunum til bjargar útgerðinni eins og þetta frv. er. Það er einn þátturinn í því, sem þarf endurbóta við í þjóðfélaginu, samhliða gengislækkun, ef gerð verður.

Alþfl. hefur athugað þetta frv. rækilega, og vil ég leyfa mér að endurtaka þakklæti til hæstv. ríkisstj. fyrir það tækifæri, sem hún veitti til þess, og vænti ég, að ekki hafi brugðizt það traust, að með það væri farið sem trúnaðarmál, eins og beðið var um. Og málið hefur líka verið rætt ýtarlega við trúnaðarmenn flokksins innan launþegasamtakanna. Sú gagnrýni, sem ég hef haft í frammi á frv., er í samræmi við þær niðurstöður, sem þessi athugun Alþfl. og fulltrúa launþegasamtakanna hefur leitt til, og er um leið ástæðan fyrir því, að þessir aðilar hafa ákveðið að vera andvígir málinu.

Nú kann einhver að spyrja í sambandi við þessi orð mín, hvaða stefnu Alþfl. vilji þá, þar sem viðurkennt sé, að stöðvunarleiðin sé ekki lengur fær. Út af þessu vil ég taka fram eftirfarandi: Í fyrsta lagi hefur Alþfl. bent á „stöðvunarleiðina" svokölluðu í dýrtíðarmálunum, sem gefizt hefur mjög vel í nágrannalöndum okkar. Flokkurinn telur það ekki sína sök, að sú leið virðist nú ekki lengur fær. Í öðru lagi er það hlutverk borgaraflokkanna, sem boðað hafa gengislækkun og fengið mikinn meiri hluta á Alþingi með þá ráðstöfun á stefnuskrá sinni, að bera nú ábyrgð á framkvæmd málsins. Í þriðja lagi vil ég svo segja það, að hefði Alþfl. nægilegan styrk með þjóðinni, mundi hann að sjálfsögðu fara aðrar leiðir. Hann mundi láta þjóðfélagið sjálft taka í sínar hendur allan útflutning og innflutning og taka þar með úr umferð hinn gífurlega verzlunargróða. Þannig mætti jafna á milli verðlags á framleiðsluvörunum og innfluttum nauðsynjavörum. Slíkt mætti að vísu kalla gengislækkun, en sú gengislækkun væri í framkvæmd gerólík því, sem nú er talað um, og mundi koma allt öðruvísi niður á þegnana.

Að endingu vil ég svo segja það, að Alþfl. hefur enga löngun til að skapa glundroða og upplausn í landinu og mun því ræða þetta mál á ábyrgan hátt, fyrst og fremst málefnalega. Hins vegar mun flokkurinn standa á verði gegn öllum þeim ráðstöfunum, er ganga á rétt alþýðunnar eða stefna að auknu misrétti í þjóðfélaginu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er raunar ekkert nýtt, að lagðar séu fram till. hér á Alþingi, sem fela í sér árás á lífskjör alþýðunnar í landinu. Og það er heldur ekkert nýtt, að þessi árás sé gerð með gengislækkun. Það var svo 1939 og aftur 1942, þegar nota átti gerðardóminn fræga til að halda lífskjörunum niðri, og enn 1944 átti að leika sams konar bragð. Það er sameiginlegt öllum þessum till., að þær miða að því að lækka kaup launþeganna í landinu, enda hefur ekki verið dregin nein dul á það í þeim umræðum, sem hér hafa farið fram. En þessi síðasta herferð á hendur launþegum í landinu, þ. e. frv. hæstv. ríkisstj., er að einu leyti frábrugðin fyrri atlögum, því að hún er gerð undir vísindalegu yfirskini, og hafa tveir hagfræðingar verið fengnir til að semja þessar tillögur, og fylgir frá þeim löng og mikil greinargerð. Nú er ekki að efa, að þessir hagfræðingar eru báðir hálærðir, enda er annar þeirra ekki sóttur skemmra en til Ameríku. Og öll þessi störf þessara vísu manna eru unnin fyrir fólkið, aðeins lagt til það, sem því er fyrir beztu. Allt á þetta að vera alþýðumönnum til góðs, bara ef alþýðan er þolinmóð, unz spádómarnir rætast.

En á hverju byggja svo þessir vísu menn frv. það, sem hér liggur fyrir? Jú, það sést fljótt, ef litið er á frv. Allir, sem að því hafa unnið, Benjamín Eiríksson, Ólafur Björnsson próf. og ríkisstj., byggja allir í sameiningu á því, að kaupið sé of hátt. Það er grunnurinn, sem allt er reist á. En nú vil ég leyfa mér að spyrja: Hvar eru sannanir fyrir því, að kaupið sé of hátt? Um það er enginn stafkrókur í greinargerðinni, sem þó er heil bók. Nei, það er sem sagt ekkert um það í greinargerðinni.

Hvernig mundu nú heiðarlegir vísindamenn fara að því að rannsaka, hvaða þættir það eru í íslenzku framleiðslunni, sem eru of dýrir, og hvar helzt sé hægt að spara. Jú, þeir mundu rannsaka, hvað margir raunverulega vinna t. d. við sjávarútveginn og hvaða laun þeir hafa, en svo hins vegar mundu þeir athuga, hvað miklar tekjur þessi atvinnuvegur hefur. Eins væru svo athugaðar tekjur bænda og svo hins vegar, hvað landbúnaðurinn framleiðir mikil

verðmæti. Það er að segja, þeir mundu fyrst og fremst rannsaka, hvað þjóðartekjur okkar Íslendinga eru miklar, og síðan hvernig þær skiptust milli hinna ýmsu stétta, en þá fyrst væri skapaður grundvöllur til að leysa vanda atvinnuveganna á. En í þessu plaggi sést ekki orð um þetta grundvallaratriði. Það er ekki orð um þann gríðarstóra hlut, sem verzlunarauðvaldið, og þá ekki síst heildsalarnir, hafa hrifsað til sín af þjóðartekjunum. Sömuleiðis er algerlega sniðgengið í þessu plaggi að gera athugun á þeim mikla kostnaði, sem fer til þess að halda uppi hinu risavaxna skrifstofubákni ríkisins, sem liggur með margföldum þunga á öllu atvinnulífinu. Sú staðreynd, að hagfræðingarnir hafa ekki gert svo mikið sem tilraun til að athuga þessi tvö grundvallaratriði málsins, þýðir það, að allar þeirra niðurstöður eru eins óvísindalegar og mest má verða og þess vegna ekkert mark á þeim takandi. Það stóð svipað á fyrir sjávarútveginum árið 1934, og þá var gerð rannsókn á ástandinu, og kom þá í ljós, að útvegurinn var kominn í tveggja millj. kr. tap, en það kom líka í ljós, að á sama tíma hafði verzlunin grætt — ekki 2 millj., heldur 5 millj. og af því einmitt 2 millj. vegna sölu til sjávarútvegsins. Við höfum glöggar upplýsingar um þá staðreynd, að fjármagnið hefur runnið úr sjávarútveginum til verzlunarinnar, vegna þess að hún hefur verið arðvænlegri, og þess vegna hefur tap sjávarútvegsins beinlínis orsakazt af gróða verzlunarinnar. Það mátti lesa það í áliti Rauðku, hvernig tekjur þjóðarinnar skiptust, en nú er það ekkert rannsakað og gengið fram hjá öllum aðalatriðum. Þetta er að reyna að dylja staðreyndir fyrir þjóðinni, að ganga fram hjá tekjuskiptingunni. Segjum, að þjóðartekjurnar séu 1200 milljónir. Hvað gengur mikið til verzlunarauðvaldsins af þeim tekjum? Hvar eru upplýsingar um það? Eða þá ríkisbáknið, sem allir vita, að er gífurlegt og hvílir með margföldum þunga á atvinnuvegunum, af því að það er svo vitlaust, hvernig það liggur á einstaklingum og félögum og hindrar starf í þágu heildarinnar, en gefur fjárplógsmönnum frjálsar hendur til að raka saman fé. Hvað er hér sagt um, hvað mikið rennur til þessa bákns af þjóðartekjunum? Ekki neitt sagt um það.

Það væri hægt að taka hér allan atvinnurekstur og birta útreikninga og rannsóknir, t. d. varðandi landbúnaðinn, eða svara spurningunni: Hvað kostar það þjóðina að gera út, og hvernig á að ráða fram úr vandanum? Þetta var gert 1934, þegar menn voru að gera sér ljósa kreppuna, hvernig komið var, og hvað var helzt til ráða. En nú er vandlega þagað yfir þeirri staðreynd, hvernig þjóðartekjurnar hafa skipzt á undanförnum árum og eignir hlaðizt upp á örfáum höndum, svo að 200 hlutafélög og einstaklingar í Reykjavík eiga um 500 millj. kr. í eignum. Nú er reynt að dylja þetta, að nú sé til rík auðmannastétt í landinu. Nú er talað eins og ekkert sé til nema verkalýður með of hátt kaup, sem þurfi að lækka. Það er talað um ríkisskuldir, en það er ekki talað um þær eignir, stóreignir, sem á sama tíma hafa myndazt á örfáum höndum. Það er talað um tap sjávarútvegsins, en vandlega þagað yfir því, að bankarnir græða 30 millj. kr. á ári. Landsbankinn á yfir 100 millj. kr. í hreinni eign og græðir 17—18 millj. á ári. Það er verið að dylja þjóðina þess, að á undanförnum árum hafa skapazt tekjur og auður hjá ríkri auðmannastétt og sumpart hjá ríkisstofnunum eins og Landsbankanum. En allt þetta er dulið og prédikað sí og æ um fátækt og um að lækka þurfi laun almennings og rýra lífskjör hans.

Svo er hitt alveg sérstakt, hvernig hagfræðiálitið dregur upp blekkjandi mynd af ástandinu, t. d. sjávarútveginum. Hvaða rannsókn hefur verið gerð á rekstrarkostnaði hans? Hvað er hægt að spara? Hvað hefur verið gert til þess að sundurliða kostnað útvegsins og sjá, hvað hægt er að lækka? Allir útvegsmenn þurfa að greiða fyrir það, sem keypt er inn. En verð á öllum aðfluttum vörum til útvegsins er miklu hærra en það þarf að vera. Hvar er minnzt á það í þessu plaggi? Hvergi. Það er ekkert reynt til að vernda útveginn gegn eða fyrir því okri. Það dregur meira fyrir útveginn að fá lækkaða vexti en lækkað kaup. Er minnzt á þá hluti? Nei. Það er ekki minnzt á, hvernig ríkisvaldið hefur með ýmsu móti á valdi sínu að minnka útgerðarkostnaðinn. Það á að halda áfram að íþyngja þessum atvinnuvegi með álögum frá auðhringum og bönkum og þeim, sem mest hafa grætt. Þessi gróði er heilagur, hann má ekki snerta. En ef verkalýðurinn hefur möguleika á að fá sæmileg kjör, þá á að rýra þau.

Ég hefði gaman af að fá útskýringu á 5. gr. Er meint með henni, að verkamenn búi nú við ofrausn og lifi betur en fyrir stríð, sbr. vísitöluna? Ég mun bera fram brtt. í þessu sambandi og sýna fram á, að þjóðartekjurnar hafa aukizt hlutfallslega síðan fyrir stríð margfalt á við kaup á sama tímabili, af því að allir hafa fengið vinnu og unnið með góðum og mikilvirkum tækjum eins og menn. Hér í þessu frv. er hins vegar ekki minnzt á að reikna út og bera saman aukningu þjóðarteknanna og hækkun kaupgjaldsvísitölunnar. Og af hverju er verið að dylja, að kaupgjaldsvísitalan hefur ekki hækkað í hlutfalli við margföldun þjóðarteknanna? Það er vegna þess, að aðrir hafa grætt en launamenn og hrifsað til sín þjóðartekjurnar, og því á að reyna að leyna. 5. gr. er aðeins til áróðurs og á að vinna gegn því, að lífskjör almennings haldist.

Hvað eftir annað hefur það verið undirstrikað af ráðamönnum þjóðarinnar, undirstrikað í orði og skálaræðum, að þeir, sem vinna að framleiðslunni, þurfi að fá sem bezt kjör. En hvað segja hagfræðingarnir á bls. 43:

„Í rauninni er svo komið, að sjómennirnir fá of stóran hlut aflaverðmætisins í sinn hlut, og að löggjafarvaldið og ríkisstjórnin hafa neyðzt inn á þá braut að greiða útgerðinni talsvert af öðrum framleiðslukostnaði af almannafé beint eða óbeint. Með þessu riðlast um leið sjálft hlutaskiptafyrirkomulagið.“

Seinna á sömu bls. segir:

„Við teljum, að hag útgerðarinnar þurfi og megi bæta með breytingum á hlutaskiptunum.“

Hér er m. ö. o. lagt til, um leið og sagt er, að hlynna þurfi að útveginum, að minnka hlut sjómanna, og ef sjómenn ganga ekki inn á það, á að stöðva útgerðina með vinnudeilum. Þeir virðast halda, að aðrir en sjómenn rói. Kannske hagfræðingar?

Hvar er í álitinu minnzt á verzlun með olíu og veiðarfæri og hverjir fái ágóðann af henni? Þar fleyta útlendir auðmenn rjómann af íslenzkum sjómönnum. En lagt er til, að kjör verkamanna og sjómanna séu skert. Þannig er allt á eina bókina lært, fyrir fram ákveðin ein niðurstaða eftir pöntun, að því er virðist, og sú niðurstaða er: of hátt kaupgjald. Hér er á ferð auðvald landsins, íklætt gervi vísindanna, það smeygir sér inn í stéttabaráttuna og lætur sem treysta megi þessu svo kallaða hagfræðingaáliti eins og formúlu. Það hefur verið vitnað í það hér eins og óskeikulan grundvöll. En þetta álit er hlutdrægt. Ég skal ræða það og rökstyðja við hvaða hagfræðing sem er. Hagfræðingarnir hafa aðeins eina afsökun, ef maður vill vera góður við þá, og hún er sú, að þeir séu eins og börn á skólabekk. Þeir stagast á þeirri firru, að tillögur þeirra skapi frjálsa verzlun og hún sé aftur grundvöllur þess, að öllum vegni vel. Þess vegna er það alltaf viðkvæðið, að þegar búið sé að lækka kaupið, verði verzlunin frjáls og allt lagist. Þetta er sá vöggusöngur, sem á að svæfa íslenzka alþýðu.

En hvernig eru staðreyndirnar í þessu máli? Þær eru þær, að vöruskortur mun halda áfram þrátt fyrir niðurstöður hagfræðinganna, og það er viðurkennt af þeim, sem hafa talað hér á undan mér, meira að segja af hv. 1. þm. S-M., að vöruskorturinn muni haldast áfram. Þessi hv. þm. er þó ekki hagfræðingur, en hann lítur raunsýnum augum á málið eins og við og grefur ekki höfuðið í sand frjálsrar verzlunar. Þingmenn treysta ekki á þessi úrræði. Hv. 8. landsk. tók hið sama fram, það virðast allir sammála um það, nema hagfræðingarnir. Hver einasta bollalegging þeirra lýtur að frjálsri verzlun. Þeir ganga m. ö. o. út frá falskri forsendu, enda gerir ríkisstj. ekki tilraun til þess, í samræmi við söng þessa frv. og álits, að koma á frjálsri verzlun. Þvert á móti hefur verzlunin aldrei verið fjötraðri en nú. Stjórnin hefur sem sé ekki trú á, að álit hagfræðinganna sé rétt. Hún anzar ekki þessum blessuðum börnum, hagfræðingunum. Viðkvæði þeirra er trú á frjálsa verzlun, sem ekki styðst við neinn raunveruleika.

Svo er í 2. gr. frv. gengið út frá, eftir að búið er að lækka gengið, að ríkisstj. og Landsbankinn skuli hafa samráð um að ákveða gengið héðan í frá. Þar þykjast þessir herrar hafa fundið óbrigðult ráð til að halda kaupgjaldi niðri. Það er beinlínis ýtt undir alla atvinnurekendur að halda niðri kaupgjaldi, látið vofa yfir, að ella hætti bankarnir að lána til atvinnurekstrarins. Það á að píska verkamenn með svipu yfirvofandi atvinnuleysis til að beygja sig undir alræðisvald ríkisstj. og Landsbankans.

Því stærri og betri atvinnutæki og því betri nýting þeirra, því hærra kaup er hægt að borga. Það er ekki verið að hugsa um að stækka framleiðslutækin og nýta þau betur, sem fengin voru á nýsköpunartímabilinu, svo að þau geti staðið undir hærra kaupgjaldi. Þvert á móti á að refsa þeim atvinnurekendum, sem geta borgað hærra kaup, þeim, sem hafa hagkvæmastan atvinnurekstur. Hækkandi kaupgjald er eðlilegasta hreyfing í þjóðfélagi, sem er á framfarabraut. Skyldi ekki mega byrja á því að spara heildsala og þjóðnýta Coca-cola, áður en sagt er við alla hlutarsjómenn: Það verður að lækka ykkar kaup.

Varðandi 2. gr. frv. má segja, að þar sé um hreina svikamylnu að ræða, því ef t. d. verkamenn fá kauphækkun, þá á bankavaldið að hafa það í hendi sér, með tilstuðlan ríkisstj., að gengið sé fellt. Slíkt sem þetta nær ekki neinni átt í þjóðfélagi, sem tryggja á atvinnuréttindi verkamanna og annarra launþega. Hins vegar gætu atvinnurekendur og verkamenn unnið að því með samstilltu átaki að bæta afkomu útgerðarinnar. En hér er um að ræða ráð skammsýnna manna, sem eru að brugga pólitísk ráð. (*Forseti:* Ég vil beina þeim tilmælum til hv. þm., að hann geri hlé á ræðu sinni nú.) Já, það passar mér vel, því að einmitt nú eru eins konar páttaskil í ræðu minni. [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði þar lokið máli mínu, þar sem ég hafði sýnt fram á, að í þessu frv. og allri greinargerð þeirri, sem fylgir því frá hagfræðingunum, er einvörðungu miðað við lækkun kaupgjaldsins, en ekkert rannsakað annað í þjóðfélaginu. Það er því ekki óeðlilegt, að verkalýðshreyfingin segi, er hún er spurð, hvort hún vilji taka á sig byrðar þær, sem greinir í frv., að það séu of margir milljónamæringar á Íslandi, of mikill verzlunargróði á Íslandi, of margir skriffinnar á Íslandi og embættismenn á of háum launum, sem fyrst ætti að leggja byrðarnar á, áður en skorið er niður við verkalýðinn. Þetta er síður en svo óeðlilegt svar, eftir þann undirbúning og aðfarir, sem haft hefur verið við þetta frv. Allur undirbúningur þessa máls er ekki réttur og heiðarlegur, ef leitast ætti við að lækna meinsemdirnar á þjóðarlíkamanum. Ég álít bæði frv. og greinargerð hagfræðinganna plagg, sem ætlað er til þess að blekkja með og til áróðurs, enda þurfti ekki annað en að hlusta á ríkisútvarpið í kvöld, þar sem einn frambjóðandi Sjálfstfl. frá kosningunum í haust hélt því fram, að þetta frv. væri undirbúið af lærðum hagfræðingum og því væri allt satt og rétt, sem í því stæði. Það er því viðbúið, að eftir slíkan undirbúning verði svör verkalýðshreyfingarinnar þau, að þeir, sem breiðust hafi bökin og ríkastir eru í þjóðfélaginu, taki fyrst sínar byrðar, áður en verkalýðshreyfingin færi sínar fórnir. Alþýðan hefur aldrei neitað að leggja að sér, en hún segir, að þeir, sem auðinn hafa og hátekjurnar, verði fyrst að taka á sig sínar kvaðir. Það er enn fremur rétt í sam-

bandi við þetta að benda á það, sem tekið er fram í 2. gr. frv., þar sem ríkisstj. er fengið vald til þess að breyta genginu hvenær sem er, að þá er raunverulega verið að svipta verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur samningsrétti sínum um kaup og kjör. Svo framarlega sem verkalýðurinn gæti samið við atvinnurekendur um hærra kaup, gætu bankaráð Landsbankans og hæstv. ríkisstj. svipt hann þeim hækkunum með því aðeins að lækka gengið. Hér er því verið að stofna svikamylnu.

Ég hef nú rætt aðalatriðið í þessu frv., gengislækkunina og hvernig verkalýðshreyfingin lítur á hana. Þá kem ég að öðru atriði þessa frv. og öllum rökstuðningi fyrir því, þ. e. a. s., að of mikil fjárfesting á undanförnum árum sé rót meinsemdarinnar og eigi sök á því, hvernig komið er. Ég vil taka það fram, að ég álít þessa skilgreiningu ranga, en mun að öðru leyti ræða það síðar. Ég vil nú rekja það álit, að of mikil fjárfesting sé orsök þess, að þjóðin búi nú illa. Ég ætla að sýna, hvernig þessi kenning kemur við einstakt dæmi, og síðan hvernig hún kemur við okkar þjóðfélagsþróun. Hagfræðingarnir segja á bls. 11, — og vitnaði hv. 1. þm. S-M. í það sem stoð fyrir sínu máli, — þeir segja svo, með leyfi hæstv. forseta, hvernig farið hafi verið að í stríðslok:

„Það ráð var hins vegar tekið að hverfa að nýsköpunarstefnunni og því skotið á frest að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn.“ Ég get skotið því hér inn, að það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. S-M. að kalla þessa stefnu nýsköpunarstefnu. Síðan segir svo: „Hefði verið horfið að því að láta jafnvægi þjóðarbúskaparins ganga fyrir öðru, þá hefði innlenda fjárfestingin orðið að vera í samræmi við það, sem til var til slíkrar fjárfestingar innanlands, einkum vinnuaflið. Fjárfestingunni hefði þá verið haldið innan eðlilegra takmarka og beint inn á réttar brautir með lánastarfsemi bankanna og hóflegri þátttöku ríkisins. Á þann hátt hefði einnig orðið sneitt hjá ýmsum mistökum í framkvæmdunum. Til þess að afla fjár til hinna öru framkvæmda hefur orðið að auka óeðlilega mikið útlán bankanna og reka búskap ríkisins með miklum halla. Af þessu leiddi einnig, að sala gjaldeyrisforðans tók ekki úr umferð eins mikið laust fé og hún hefði átt að gera.“

Þetta er það, sem hinir vísu hagfræðingar segja í sínu áliti að gert hafi verið í stríðslok, og hér höfum við prófstein á, hvað þessir hagfræðingar hefðu ráðlagt ríkisstj., hefðu þeir verið kvaddir ráða 1945. Hvað þýðir þetta nú á réttri íslenzku, ef horfið hefði verið að jafnvægiskenningu hagfræðinganna? Ef ráðum þessara hagfræðinga hefði verið fylgt, þá hefðu einstaklingarnir verið látnir ráða, hvað gert hefði verið og framkvæmt, en ríkisstj. ekki verið látin grípa þar inn í. Sparifjáreigendurnir hefðu þá raunverulega ráðið, hvað gert hefði verið við gjaldeyrinn og hvernig hann hefði verið notaður. M. ö. o., þeir eiga við, að þörf hefði verið að koma í veg fyrir, að eins mikil eftirspurn eftir vinnuafli skapaðist eins og raun varð á, og viðhalda hæfilegu atvinnuleysi. — Þá skulum við lítillega athuga, hvernig farið hefði, ef leið hagfræðinganna hefði verið fetuð. Hver var nú vilji einstaklinganna 1945 til þess að nota það fé, er þeir áttu í bönkum, til báta- og togarakaupa? Nýbyggingarráð átti á þessum tíma tal við togaraeigendur og spurðist fyrir um álit þeirra og vilja til togarakaupa. Þeirra álit var, að engri átt næði að vera að kaupa hingað togara þá. Enskir togaraútgerðarmenn ætluðu að bíða með að láta smíða nýja togara handa sér, því að þeir voru sannfærðir um, að verðið mundi lækka eftir eitt til tvö ár. Hið sama ætluðu hinir íslenzku aðilar einnig að gera. Engum blandast nú hugur um, að svo framarlega sem einstaklingarnir hefðu verið látnir sjálfráðir, hefðu þeir allflestir, samkv. stefnu hagfræðinganna, slegið öllu á frest og beðið þar til þeir hefðu verið búnir að sjá villu sína og verið komnir á þá skoðun, að því fyrr sem þeir gerðu kaupin, því betra. Það var því þáverandi ríkisstj., sem greip inn í og gerði ráðstafanir til kaupa á 30 togurum, án þess að einstaklingarnir vildu nota sitt sparifé til kaupanna. M. ö. o., ef jafnvægishagfræðingarnir hefðu fengið að ráða stefnu Íslands 1945, þá hefðu aðeins örfáir togarar verið keyptir. Hver mundi svo afleiðingin hafa orðið? Við höfum tvö nærtæk dæmi. Hv. 1. þm. S-M. var á móti togarakaupunum 1945, en þegar hann var tekinn við og kominn í ríkisstj., þá voru keyptir togarar, því að þá var það jafnvægisstefnan, sem réði, en ekki nýsköpunarstefnan frá 1945. Sem sagt, 10 togarar, jafnvægistogarar, voru keyptir 1948. Og hvað sýnir sig svo með þessa togara, sem keyptir voru af hinni miklu lýðræðisstjórn þríflokkanna og enginn bölvaður Sósialistaflokkur var til að reka þar á eftir? Hvað kosta þeir svo nú? Áætlað kostnaðarverð þeirra mun vera eitthvað 4½—5 millj. kr., og ef Framsókn og Sjálfstfl. samþ. þetta frv., sem hér er nú til umr., mun hver þeirra kosta um 8—8½ millj. En það var einmitt hugmynd hagfræðinganna 1945, að Íslendingar ættu að bíða rólegir jafnvel til 1948, en þá hefðu kannske verið keyptir, eins og nú er búið að gera, 10 togarar, sem kosta 8—8½ millj. En hvað sýnir svo þetta? Það sýnir, að hagfræðingarnir koma með sínar kenningar út frá og upp úr kennslubókum og segja að allt, sem raski jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sé það illa. En lífið sýnir bara allt annað. 1945 eigum við mikinn erlendan gjaldeyri og náum samningum um kaup á 30 nýjum togurum, sem eiga að vera tilbúnir 1947. Við þykjumst sem sé sjá fram á, að eftir stríðið verði mikill markaður fyrir sjávarafurðir okkar hjá hinum sveltandi þjóðum Evrópu. Þess vegna rekum við á eftir smíði þeirra, því að við viljum fá þá í brúkið sem fyrst, hvað sem líður öllum jafnvægiskenningum.

Ég vil halda því fram, að það hafi verið gæfa Íslands, að við tókum ekki tillit til jafnvægisvitlausra hagfræðikenninga. Það, að við slógum til nógu snemma og notuðum tækifærin, varð til þess, að íslenzkir útgerðarmenn urðu á undan brezkum í fyrsta skipti hvað viðvíkur

útbúnaði öllum, stærð og hagkvæmni togaraflotans. Undanfarið höfum við aftur á móti keypt togarana gamla af Bretum, sem hafa verið langt fyrir neðan það, sem tækni tímans hefur krafizt. Við sem sagt hagnýttum okkur tækifærið og möguleikana, sem okkur buðust, og hefur sú ráðsmennska gefið okkur í erlendum gjaldeyri yfir 100 millj. kr. árlega. Ef farið hefði verið eftir kenningum hagfræðinganna, hefðum við spilað þessu öllu út úr höndunum á okkur og Bretar orðið á undan með sinn nýja togaraflota, og við horft á þá öfundaraugum. Þetta er því alveg dæmi um það, hvernig farið hefði, ef hagfræðingunum hefði verið leyft að ráða 1945. Við værum þá mun fátækari, hefðum ekki atvinnutækin og hefðum farið á mis við þær tekjur, sem við höfum nú af þessum skipum okkar.

Mér finnst það vera hálfgerð kaldhæðni örlaganna, að Sjálfstfl. skuli gera þetta hagfræðingaálit að sínu og leggja þetta frv. fram byggt á því, og þykir mér mjög leitt, að hæstv. forsrh. skuli ekki geta verið viðstaddur umr., því að ég hefði sérstaka löngun til þess að ræða þetta mál við hann. Sjálfstfl. er með þessu frv. að lýsa því yfir, að það hafi ekki verið að hans ráði, að farið var út á nýsköpunarbrautina, og ekki einungis það, heldur er hann jafnframt að lýsa yfir iðrun sinni varðandi gerðir sínar 1945. Jafnframt skil ég vel, að hv. 1. þm. S-M. taki vel undir þetta frv. Ég held, að Sjálfstfl. ætti að endurskoða sína hagfræði, ef hann ætlar að túlka þessar till. sem sínar, því að með því er hann að fordæma nýsköpunarstefnuna frá 1945.

Mér finnst það og vera hálfgerð kaldhæðni, að í viðbót við allt annað skuli vera gert ráð fyrir því í 11. gr. að leggja sérstakan skatt á nýsköpunartogarana, sem aldrei hefðu verið keyptir, ef farið hefði verið að till. þeirra hagfræðinga, sem þetta frv. sömdu. Því ekki að leggja skatt á jafnvægistogarana, sem koma 1951? Hvers vegna forðast ráðh. fyrrv. ríkisstj. að ræða um þá. Í staðinn fyrir að þessir togarar voru ekki keyptir 1945, eins og við sósíalistar lögðum til, þá láta nú sömu menn og komu í veg fyrir það þjóðina borga 25 millj. með þessum jafnvægistogurum. Ég held því, að þeir menn, sem aðhyllast jafnvægisstefnuna, ættu að athuga svolítið betur, hvernig hún kemur út í „praksis".

Þá mun ég nú á eftir ræða örlítið um fjárfestingu almennt. Það er eftirtektarvert atriði, að þessi hugsun, að fjárfestingin sé of mikil hér, er sprottin af pólitískum áróðri frá þeim hagfræðingunum Benjamín Eirikssyni og Ólafi Björnssyni. Ég tel nú rétt að athuga dálítið nánar ástæðuna, sem hugmynd þeirra er sprottin af. Ég skal fúslega viðurkenna, að út frá þeim grundvelli, sem þeir hafa hugsað þetta frá, er mikið til í því. Grundvöllurinn, sem þeir hugsa út frá, eru hin þroskuðu iðnaðarþjóðfélög Bretlands og Bandaríkjanna, og undir slíkum kringumstæðum sem þar eru fyrir hendi og miðað við viðskiptalögmál kapitalismans er ekki óeðlilegt að ganga út frá jafnvægishugmyndinni, því að þar passar hún fyrir kapitalistana til kauplækkana og annarra slíkra aðgerða, svo og fyrir hringakerfið, sem skapar aðalauðinn. M. ö. o., arðrán auðstéttanna í slíkum þróuðum iðnaðarþjóðfélögum getur skapað blómlegan stóriðnað, ef kreppurnar grípa þar ekki inn í, þ. e. það, sem á hagfræðingamáli mundi verða kallað „accumulation". Auðmannastéttin í slíkum löndum er það sterk, að hún getur náð frá verkalýðnum nægilega miklu til þess að geta haldið áfram að auka atvinnutæki sín, og hún er það fámenn, að óhugsandi er, að hún geti torgað nema litlu af því, sem hún tekur frá verkalýðnum. Hitt fer til að auka hin afkastamiklu atvinnutæki hennar. Fyrir auðmannastéttir slíkra landa, Bretlands og Bandaríkjanna, sem þurfa gífurlega mikla markaði, er mjög skynsamlegt að halda því fram, að iðnaðarvaldið í þessum löndum geti framleitt vörur til að selja til hinna landanna, að ekki sé þörf fyrir hin löndin að auka iðnað sinn eða fá fullkomnari atvinnutæki, og rétt sé að láta það lögmál ráða, sem gerir þau lönd að góðum markaðslöndum fyrir stóriðnaðarvöru iðnaðarlandanna. Til þess að menn geri sér ljóst viðhorf þessara mála, vil ég segja eftirfarandi: Þegar við berum saman England og Bandaríkin, sem eru tiltölulega háþroskuð, kapitalisk þjóðfélög, miðað við okkar íslenzka þjóðfélag, og þegar við athugum ekki aðeins tæki þeirra, byggingar og eignir, — en núlifandi kynslóð Englands hefur erft ⅘ hluta af öllum eignum landsins og uppbygging þess hefur staðið öldum saman, hvernig passa þá þessar hugmyndir fyrir okkar þjóðfélag? Hverju þurfum við á að halda hér í okkar þjóðfélagi? Við tökum við okkar landi til þess að byrja að stjórna því og erum að nokkru leyti stjórnarfarslega frjálsir um síðustu aldamót. Landið er svo að segja óhúsað, lítið er af vegum og hverfandi lítið af tækjum, svo að ekki sé talað um nýtízku tæki. Fyrir okkur Íslendingum liggur þá það verkefni að byggja þetta land upp. Ef við ætlum að byggja það upp á þeim grundvelli, að þjóðin geti lifað sem beztu lífi, þurfum við að veita henni nýtízku tæki til að vinna með, skapa nokkurs konar stóriðnað, hvort sem það er á sjó eða landi, hvort sem það eru fljótandi verksmiðjur, nýtízku togarar eða verksmiðjur byggðar á fossafli. Þetta þýðir m. ö. o., að við tökum hér við frumstæðu bændaþjóðfélagi, fátæku og arðrændu gegnum aldir, og við þurfum á nokkrum áratugum að vinna upp allt, sem aðrar þjóðir hafa svipt okkur á undanförnum öldum. Við þurfum að skapa okkur tæki, byggja hús, sem ekki voru byggð, vegna þess að þjóðin var arðrænd. Í Kaupmannahöfn, en ekki á Íslandi, voru reistar hallir fyrir það fé, sem pínt var út úr íslenzkum bændum og sjómönnum. Hvað þýðir það? Það þýðir, að það, sem við þurftum, Íslendingar, að einbeita okkur að, út frá þörfum okkar íslenzka þjóðfélags, var fyrst og fremst fjárfesting. Þetta hlýtur öllum að vera ljóst, sem einhverja hugmynd hafa um hagfræði, svo framarlega sem menn hugsa um það, hvað íslenzku þjóðinni er fyrir beztu, svo framarlega sem um það er hugsað að

skapa þjóðinni nóg og góð tæki til að vinna með. Fyrsta skilyrðið fyrir góðri lífsafkomu er að hafa góð og fullkomin framleiðslutæki. Það er ekki til neins fyrir sjómenn á róðrarbátum að stofna til vinnudeilna og heimta kaup eins og greitt er á togurum. En takið þið sjómennina, sem voru á róðrarbátunum um aldamótin, og setjið þá á nýsköpunartogara — og hafið þá heldur 50 en 30 — og sjáið, hvort þeir skapa ekki meiri auð fyrir þjóðfélagið og geri það mögulegt, að þeim sjálfum sé borgað meira kaup. Sama gildir um að hagnýta auðlindir eins og okkar fossa. Þjórsá ein getur gefið útflutningsverðmæti á ári eins og öll okkar útgerð, 400 millj. kr. Spurningin er sú, hvort við viljum einbeita okkur að því að hagnýta þessar auðlindir, eða hvort við viljum sætta okkur við róðrarbátana og gömlu togarana, orfið og hrífuna eða eitthvað ofurlítið hærra stig þar fyrir ofan. Með öðrum orðum: við tökum við okkar landi pólitískt og atvinnulega sem nýlendu, og við erum að reyna að vinna það upp úr því að vera nýlenda. Við erum búnir að því, a. m. k. að nokkru leyti pólitískt með því að gera það stjórnarfarslega sjálfstætt, að lýðveldi, en við áttum eftir að gera okkar þjóðfélag eins þroskað iðnaðarþjóðfélag og okkur var mögulegt að skapa. Með því að gera það að slíku þjóðfélagi sköpuðum við um leið þjóðinni raunhæfan, efnahagslegan grundvöll til þess að fólkinu liði vel, afkastaði mikilli vinnu og framleiddi miklar afurðir. Hvað er nú það, sem hagfræðingarnir leggja til í þessum efnum? Þeir segja við okkur, að þetta skulum við alveg láta vera komið undir einstaklingunum, hvað þeim þóknist að gera, hvort þeir vilji í þetta leggja. Á árunum milli 1930—40 fengum við dálitla reynslu af þessu. Hvernig gekk það? Það var ekki einn einasti nýr togari keyptur. Við vitum ósköp vel, hvað það kemur til með að þýða, svo framarlega sem þjóðin ekki einbeitir sér að þessu verkefni. Það þýðir það, að þessi verkefni verða ekki unnin. Svo framarlega sem þjóðin ætlar að skapa sér nýtízku tæki, þá verður hún að einbeita öllum sínum kröftum að því, hún verður að taka valdið yfir fjármagni landsins í sínar hendur og stjórna því, hvernig það er notað, eins og hún gerði að nokkru leyti 1945, þegar hún ákvað að kaupa nýsköpunartogarana og þegar með l. frá Alþ. varð að brjóta Landsbankann að nokkru leyti á bak aftur, til að fá hann til að ganga inn á þetta. Þess vegna er það, að sú kenning, sem þessir góðu hagfræðingar hér eru með, er kenning, sem þeir yfirtaka á skólabekknum hjá háþroskuðum iðnaðarþjóðfélögum, Bretlandi og Bandaríkjunum, og ætla svo að láta hana passa fyrir það þróunarstig, sem íslenzka þjóðfélagið stendur á. En hún passar alls ekki fyrir það. Þeir eru eins og skólabörn, sem hafa lært eitthvað á skóla, en ætla svo að fara að nota það á alveg hringlandi vitlausum stað. Það er allt annað, sem við þurfum í því frumstæða bænda- og fiskimannaþjóðfélagi, sem við lifum í. Við höfum verið að umskapa grundvöll atvinnulífsins með þeirri tæknilegu byltingu, sem gerð var á árunum 1945 og þar á eftir. Það lá því ekki fyrir okkur að hugsa um jafnvægi, heldur nýsköpun atvinnulífsins, og að gera það sterkt, afkastamikið og voldugt. Það tókst að nokkru leyti. Ég vil þess vegna alvarlega vara við, einmitt með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, að taka ómelta kenningu hagfræðinga frá skólabekknum, eins og hér er gert, sem taka háþroskað iðnaðarþjóðfélag, til þess að gera það að leiðarstjörnu um það, hvernig við eigum að stjórna okkar þjóðfélagi. Þeir, sem koma með þessa kenningu fyrir okkar litla þjóðfélag, hugsa eins og Englendingar og Bandaríkjamenn, en ekki sem Íslendingar. Ef við ætlum að halda áfram eins og undanfarin ár og gera þjóðfélag okkar þroskað iðnaðarþjóðfélag, megum við ekki taka tillit til þessa, heldur hagnýta til fulls alla möguleika í þá átt og einbeita okkur við nýsköpunarstefnuna eða fjárfestingarstefnuna, ef menn vilja heldur kalla það svo.

Það er líka komið inn á það í áliti hagfræðinganna, að ef til vill hefði það verið skynsamlegt að lækka gengi íslenzku krónunnar meira en þeir leggja til að gera. Það er náttúrlega gefið, að ef það hefði verið gert 1945—46, þá hefðu öll þau tæki, sem voru keypt til landsins, orðið miklu dýrari, jafnt til sjávarútvegsins og landbúnaðarins og annarra atvinnugreina. Það hefði þýtt það, að það hefði orðið miklu erfiðara fyrir okkur að veita okkur möguleika til fjárfestingar, sem við höfðum út frá okkar innlendu aðstöðu. Þess vegna er það líka ein af þeim afleiðingum, sem mundi verða af því, ef eftir till. hagfræðinganna væri farið, — að hækka svo gengi punds og dollars og annarrar útlendrar myntar, sem frv. gerir ráð fyrir, — að fjárfestingin mundi lamast og kannske að sumu leyti stöðvast, vegna þess að tækin, sem við þurfum að kaupa frá öðrum löndum, yrðu svo dýr. Ég hef nefnt dæmi um jafnvægistogarana 10, og við skulum taka dæmi af landbúnaðinum. Síðasta hálfa áratuginn höfum við alveg sérstaklega einbeitt kröftum þjóðarinnar að því að skapa tæknibyltingu í landbúnaðinum, með því að kaupa til landsins dráttarvélar og aðrar vélar til afnota fyrir hann. 74% hækkun á gengi punds og dollars mundi þýða það, að um leið yrði hækkun á öllum tækjum, sem landbúnaðurinn þarf. Það þýðir aftur, að það mundi gera bændum erfiðara fyrir að fá sér þessi tæki. Þegar svo líka fóðurmjöl og allt annað, sem þeir þurfa á að halda af útlendri vöru, hækkaði um leið, þá geta menn nokkurn veginn skilið, að þótt afkoma þeirra hafi kannske verið sæmileg undanfarið, þá fer ekki að verða mjög mikill afgangur fyrir þá til að kaupa hálfu dýrari tæki en þeir hafa keypt undanfarið. En ef stefnan, sem gengur gegnum þetta frv., styrkjalaus atvinnurekstur, verður framkvæmd, er landbúnaðurinn — eins og rétt væri út frá sjónarmiði þessara jafnvægishagfræðinga, og ég vona sérstaklega, að hv. 1. þm. S-M. athugi vel, hvernig það verður í framkvæmdinni — sviptur öllum styrkjum, sem hann hefur í sambandi við almennar búnaðar- og raforkuframkvæmdir, og þá vil ég auglýsa eftir, hvað margir bænd-

ur á Íslandi treysta sér til að kaupa traktora og annað til að halda áfram vélbyltingunni í hinum íslenzka landbúnaði. Ég er hræddur um, að þeir yrðu ekki margir, sem gæfu sig fram. Nei, með þeim till., sem hér hafa komið fram, er verið að stöðva fjárfestinguna, sem hefur átt sér stað í íslenzkum atvinnugreinum. Það er verið að stöðva þá vélbyltingu, sem hefur átt sér stað í sjávarútveginum og landbúnaðinum. Það er verið að stöðva okkur á því nýlendustigi, sem við höfum staðið á, svo að við náum ekki fram til að verða iðnaðarþjóð, því að í raun og veru er það stóriðnaður, sem hér er hafinn, þar sem eru nýtízku togararnir, síldarverksmiðjurnar, hraðfrystihúsin og annað slíkt. Ég skal aðeins nefna hér eitt dæmi um það, hvaða þýðingu þessi gengislækkun hefur á þróun okkar uppbyggingar í atvinnulífi. Næstum því allir hv. alþm. hafa verið sammála um það, hver nauðsyn okkur er á því að efla raforkuframkvæmdir, hver nauðsyn okkur er á því að hagnýta okkur hin miklu vatnsföll og jafnvel að koma hér á stað stóriðju í sambandi við þau. Eitt af því, sem lýst var yfir fyrir nokkru að væri ákveðið af fyrrverandi ríkisstj., var viðbótarvirkjun Sogsins. Sú virkjun var áætluð 90 millj. kr., 48 millj. kr. í útlendu fé og 42 millj. kr. í innlendu fé. Með þeirri gengislækkun, sem hér er lagt til að gera, hækkar útlendi þátturinn í þessu um 35 millj. kr. M. ö. o. fer Sogsvirkjunin upp í 125 millj. kr. Þetta þýðir það, að allar raforkuframkvæmdir á Íslandi verða miklu dýrari en ella, fjárfesting í slík fyrirtæki verður miklu erfiðari fyrir okkar þjóð, miðað við lífsafkomuna, rafmagn og allt slíkt verður miklu dýrara. Nú sem stendur er meiri hlutinn af öllum raflögnum framkvæmdur með styrkjum, sem nema meir en helmingi af kostnaði. Ef þessi rekstur á að verða styrkjalaus og frjáls verzlun á að koma þar í viðbót á öllum sviðum, eftir að búið er að hækka verð á öllu, sem til raforku þarf, um 74%, þá getur sérstaklega Framsfl. útmálað það fyrir sér, hvernig ganga muni að reisa raforkuver í sveitum og koma rafmagni til bænda. Nei, við skulum gera okkur það ljóst, að till. þessara hagfræðinga, ef samþ. verða, þýða stöðvun iðnaðarins, og allt hjal um stöðvun fjárfestingar þýðir það að láta framfarirnar stranda á því stigi, sem þær nú eru á, og hindrar, að við getum haldið áfram á þeirri braut að skapa okkur öruggari efnahagsgrundvöll, bæta lífskjör almennings og auka framfarir þjóðarinnar. Þetta þýðir, jafnt hvað kaupgjald og fjárfestingu snertir, að það er verið að leiða fátæktina yfir þjóðina aftur, eins og við þekktum hana fyrir stríðið og lengst af, sára og beiska fátækt, sem okkur er gert illmögulegt að ráða við. Fjmrh. sagði í ræðu sinni, að það væri verið að binda endi á umfangsmikið tímabil. Það er rétt. Það er verið að binda endi á tímabil þeirra stærstu átaka, sem gerzt hafa í íslenzku atvinnulífi til þess að skapa raunhæfan efnahagslegan grundvöll fyrir þjóðina, svo að hún megi lifa við betri kjör en áður, og það er verið að innleiða stöðvunartímabil, af því að yfirstétt þessa lands getur ekki hugsað til þess að slaka á sínum lífskjörum gagnvart almenningi og fjárfestingarþörf þjóðarinnar. Það er verið að stöðva framfarir og þróun þessa þjóðfélags og hrinda alþýðunni út í fátækt, til þess að auðmenn landsins og voldugt skriffinnskuapparat geti hjarað áfram, svo að þessi þunga byrði geti hvílt á þjóðinni, án þess að hún fái tækifæri til að halda áfram að veita sér betri lífskjör. Við verðum að gera okkur ljóst, hvað er að gerast og að þessi pólitík, að stöðva framfarir, skapa okkur fátækt og halda okkur á því nýlendustigi, sem við vorum á, passar í kramið hjá enska og ameríska auðvaldinu, sem veit ekki, hvað það á að gera við framleiðslu sína. Það er þægilegt fyrir þessar voldugu iðnaðarþjóðir að segja við önnur lönd: Verið þið á eftir, verið þið áfram frumstæðar bænda- og fiskimannaþjóðir, fáið ykkur ekki ný tæki, heldur verið markaður fyrir okkur, og við skulum láta ykkur fá vörur eftir sem áður, verið fátæk og notið ykkar litlu peninga fyrir rándýrar vörur frá okkur. Og þeir hindra okkur í því að nota okkar auðlindir, eins og fossana, til að koma upp stóriðju.

Þessi „teoría“ hagfræðinganna passar sem sagt í kramið fyrir Breta og Ameríkana, en hún hentar ekki gagnvart þjóð, sem er að brjótast upp úr fátækt og í það að verða háþroskað iðnaðarþjóðfélag. Ég held þess vegna, að þessar „teoríur“, sem hér er diskað upp með fyrir okkur Íslendinga, ættum við að senda til baka. Þeir geta „praktiserað“ þær þar, sem þær eru lærðar. Við erum færir um að finna það út sjálfir, hvað hentar okkar þjóðfélagi bezt, og ég held, að við höfum gert það með góðum árangri undanfarin ár. Ég held okkar þjóðfélag sé miklu ríkara í dag en það væri, ef við 1945 hefðum farið eftir till. eins og till. þessara hagfræðinga. Það, sem við sósíalistar vorum að vinna að, þegar við beittum okkur fyrir nýsköpuninni og tókum þátt í nýsköpunarstj., var það, að gera þetta land ríkt, reyna að skapa því stór og voldug tæki til að vinna með, svo að þjóðin kæmist á bekk með þeim þjóðum, sem lengst eru komnar hvað tækni snertir. Þrátt fyrir það, þótt þetta næðist ekki, þá voru stigin nokkur spor fram á við, sem þýddi það, að okkar land var tiltölulega ríkt, móts við það, sem það var, og væri sá auður, sem í þessu landi er til, notaður áfram til þess að byggja upp okkar atvinnulíf, væru þær 500—600 millj. kr., sem 200 menn í Reykjavík eiga, ásamt öðru fé landsmanna, notaðar til að skapa grundvöll að stóriðju, gætum við með tímanum gert þetta litla þjóðfélag miklu ríkara en það nú er. Við skulum gera okkur grein fyrir, á hvern hátt okkur hefur tekizt að gera þetta undanfarin ár. Á undanförnum árum hefur verið mikil vinna fyrir alla, eftirvinna og aukavinna. Menn hafa unnið hjá öðrum á daginn og byggt yfir sig á kvöldin. Það er þrælað mikið á þessum árum og það sér á hinum mikla þjóðarauði. Stórvirk atvinnutæki hafa verið tekin í notkun og ný fyrirtæki risið upp. En hver er svo grunnsteinninn í hugmyndum hagfræðinganna um

notkun vinnuafls á næstu árum? Grunnsteinninn, sem framkvæmdin á öllum þessum „teorium“ byggist á, er mátulegt atvinnuleysi, svo að hægt sé að nota það sem písk á verkalýðinn allan tímann, það mikið atvinnuleysi, að hægt sé að hræða hvern einasta mann, sem vinnur, á því, að ef hann ekki beygi sig, þá verði hann atvinnulaus. Hvað þýðir þetta frá sjónarmiði þjóðarbúsins? Það þýðir, að fleiri hundruð eða þúsund manns eru látnir verða atvinnulausir. Það þýðir, að vinnuaflið, sem hægt er að nota til að skapa stórkostlega fjárfestingu, verður látið ónotað. Ég ætla að nefna eitt smádæmi um það, hvernig þetta verður í framkvæmd. Í nýju Sogsvirkjunina þarf 42 millj. kr. í innlendu fé. Það er vinnuaflið innanlands. Til þess að ljúka stækkuninni á þrem árum þarf ekki nema 200 verkamenn. Það þýðir m. ö. o., að þetta vinnuafl skapar innlenda hlutann af virkjuninni. Við gætum með nokkuð mörgum 200 manna hópum skapað nokkuð margar virkjanir, hvað innlenda hlutann af fjármagninu snertir. Hvað þýðir það, að 200—400—600 verkamenn séu látnir ganga atvinnulausir? Það þýðir, að við látum ónotað verðmæti, sem mundi skapa innlenda hlutann af kostnaði við 1—2—3 Sogsvirkjanir. Sú stund, sem verkamaðurinn er atvinnulaus, er eyddur auður, en atvinnuleysi er grundvöllur undir öllum hugmyndum hagfræðinganna og skilyrði til þess, að þær verði framkvæmdar. Íslenzka þjóðin, sem þarf á því að halda að nota allt sitt vinnuafl, á að byggja upp á skipulagi, sem grundvallast á notkun þess, en hún hefur ekki efni á að kasta vinnuaflinu í sjóinn. Hagfræðingarnir bjóða okkur upp á atvinnuleysi, en segja um leið, að við höfum ekki efni á að festa svona mikið fé. Það er sagt, að við höfum ekki efni á að byggja Sogsvirkjunina, en við höfum ekki efni á að kasta vinnuaflinu í sjóinn. „Teoría“ hagfræðinganna er að halda uppi atvinnuleysi, til þess að atvinnurekendastéttin geti dafnað. Það á að eyðileggja atvinnumöguleika landsmanna til þess að gefa milljónamæringunum hér í Rvík tækifæri til að semja niður kaup fólksins, og þetta er ekki gert vegna þess, að verkamannastéttin hafi ekki verið reiðubúin til að semja við atvinnurekendur. 1944, þegar nýsköpunarstj. er mynduð, bjóða verkalýðssamtökin upp á samning til tveggja ára um óbreytt kaup, til að tryggja vinnufriðinn í landinu. Atvinnurekendur vildu ekki semja upp á þetta.

Ef það verður ráðizt í nýjar og miklar framkvæmdir, þá mun ekki standa á verkalýðssamtökunum að tryggja vinnufrið og byggja þjóðfélagið upp, verkalýðsfélögin eru reiðubúin til slíks samstarfs. Hér er þess vegna verið að innleiða, íklædda í hagfræðikerfi, kúgunarstefnu gagnvart verkalýðnum, sem þýðir um leið stöðvunarstefnu fyrir íslenzkt atvinnulíf.

Ég hef nú eytt lengri tíma en ég ætlaði mér í að ræða um þetta spursmál og fjárfestinguna, vegna þess að mér hefur blöskrað, hvernig áróðurinn gengur, ekki aðeins í blöðum, heldur líka í skrifum hagfræðinganna um þessi mál. Öll þessi skrif einkennast af því, að það er rætt út frá hugmyndinni um tiltölulega háþroskað iðnaðarþjóðfélag, — rætt án þess að nokkurt tillit sé tekið til þeirrar þjóðfélagsþróunar, sem Ísland stendur á, og að íslenzkt þjóðfélag sérstaklega á að hagnýta sér sínar auðlindir og sitt vinnuafl á annan hátt en háþroskað iðnaðarþjóðfélag getur gert. Í þessu plaggi, þar sem verið er að rökstyðja þær kenningar, sem hér er haldið fram, er sérstaklega vitnað í yfirlýsingu, sem gerð var, þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð, og það prentað upp sem fylgiskjal með þessu. Á það að vera, að því er mér virðist, til þess að rökstyðja, að raunverulega séu það verkalýðsflokkarnir, sem séu að brjóta það, sem lofað hafi verið 1944, þegar nýsköpunarstjórnin og Ólafur Thors forsrh. gaf sínar yfirlýsingar. Þessi yfirlýsing hans er birt á blaðsíðu 26, það álít hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er svo auðvitað stjórninni og stuðningsmönnum hennar ljóst, eins og öllum öðrum, að ef dómur reynslunnar verður sá, að hin nýja tækni fær ekki risið undir óbreyttu kaupi, verður ekki hjá því komizt, að allir, ekki bara þeir lágt launuðu, heldur allir, er framfæri hafa af framleiðslunni, verða að lækka kröfur sínar, því að til langframa getur engin þjóð búið við hallarekstur. En þá og þá fyrst er frambærilegt að gera þessar kröfur. Og þá og þá fyrst, eftir að verkalýðurinn hefur séð, að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er til þess að halda uppi lífskjörum hans, mun verkalýðurinn vera reiðubúinn til að hlusta á og fara eftir slíkum óskum. Þetta er jafnaugljós sannleikur sem hitt er augljós firra, að vera nú að hefja illvígar deilur um kauplækkanir, meðan enginn veit, hvort kaupið þarf að lækka, og þá enn síður, hversu mikil lækkunin þyrfti að vera.“

Þessi yfirlýsing, sem Ólafur Thors, núverandi forsrh., gaf, stendur enn þann dag í dag. Verkalýðurinn mun áreiðanlega enn þá, eftir að hafa séð að í orði og á borði hefur allt verið gert, sem hugsanlegt er til þess að halda uppi lífskjörum hans, vera reiðubúinn til að hlusta á till. En það er svo fjarri því, að allt hafi verið gert í orði og á borði, sem hugsanlegt er til þess að halda uppi lífskjörum hans, að þvert á móti hefur á þrem síðustu árum verið ráðizt á lífskjör verkalýðsins, án þess að nokkur hlutur hafi verið sparaður við yfirstéttirnar og skriffinnskubákn ríkisins. Á sömu þingunum sem samþ. hefur verið að skerða kaupið með því að binda vísitöluna í 300, hefur verið samþ. að hækka tollana og koma á nýjum embættum og skrifstofubáknum og séð um, að heildsalagróðinn haldi áfram. Verkalýðurinn hefur ekki séð, að þetta hafi verið gert, heldur þvert á móti, og í þessu áliti hagfræðinganna er ekki gerður nokkur skapaður hlutur til þess að skera niður við yfirstéttir þessa lands og spara í ríkisrekstrinum.

Ég þykist nú hafa fært að því nokkur rök, að það, sem hér er gert til þess að ráðast á kaupgjaldið og stöðva fjárfestinguna, sé í fyrsta

lagi ráðstafanir á móti hagsmunum íslenzkrar alþýðu, fyrst og fremst verkalýðnum, sem við framleiðslugreinarnar vinnur, og í öðru lagi gegn þörfum íslenzku þjóðarinnar til að efla og þroska sitt atvinnulíf. Hins vegar er þetta tvennt, of hátt kaupgjald og of mikil fjárfesting, það, sem hagfræðingarnir og ríkisstj. álítur vera aðalsjúkdóminn í núverandi þjóðfélagsástandi. Ég held, að þessir læknar, sem ætla sér að lækna sjúkdóminn í okkar þjóðfélagslíkama, hafi ratað á alveg skakkan stað í þjóðfélagslíkamanum, þegar þeir ætla að fara að gera sinn uppskurð. Ég held, að þeim fari svipað og t. d. lækni, sem færi að gera ráðstafanir út af t. d. sjúkdóm í lifrinni, þegar það væri sjóndepra, sem gengi að sjúklingnum, eða eitthvað álíka óskylt, sem fyrst og fremst þjáir hann. Það er röng skilgreining á því, hvað fyrst og fremst kreppir að í okkar þjóðfélagi, sem allar þessar kenningar hagfræðinganna byggjast á, og það að tvennu leyti. Þeir segja, að það þurfi að skera niður við alþýðuna, þegar þarf að byrja á að skera niður við auðmannastéttina. Þeir segja, að það þurfi að skera niður fjárfestinguna, hún sé aðalmeinsemdin, og framkvæma gengislækkun, þegar að mínu áliti sá sjúkdómur, sem fyrst og fremst þjáir okkar sjávarútveg og stendur honum fyrir þrifum, er markaðsvandræði. Ég held, að það, að ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir, með því að ganga fram hjá því, sem er höfuðmeinsemdin fyrir þjóðfélagið sem heild, sé vísvitandi að blekkja sjálfan sig og þjóðina. Það, sem kreppir að í okkar sjávarútvegi nú, er markaðsvandræðin, það er hans viðfangsefni nr. 1. Það eru fleiri hlutir, sem hvíla þungt á honum, hvers konar braskþungi, skriffinnska og ýmislegt, sem þarf að lækna, en markaðserfiðleikarnir eru það, sem er nr. 1., og vegna þess að allt þetta frv. og allar fórnir, sem í því felast fyrir alþýðuna, eru heimtaðar út frá því sjónarmiði, að það sé til tryggingar atvinnurekstrinum og tryggingar sjávarútveginum, vil ég leyfa mér að beina fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj. um það, hvaða tryggingu hún leggur fyrir Alþ. um það, að þessi uppskurður, sem hér á að gera, beri tilætlaðan árangur. Hvaða tryggingu hefur ríkisstj. fyrir því, að með þessari lækkun á genginu gangi sjávarútvegurinn af fullum krafti? Við skulum í fyrsta lagi taka þann útveg, sem fyrst og fremst er sagt að verið sé að gera þetta fyrir, það er smábátaútvegurinn og aðalframleiðsla hans, freðfiskurinn. Nú fullyrða bankarnir og þeir, sem bezt þekkja til í okkar markaðslöndum, að markaðurinn fyrir freðfisk muni vart meiri en 15 þús. tonn, þrátt fyrir þá gengislækkun, sem fyrirhuguð er í þessu frv. Nú vil ég spyrja: Er það meiningin, þegar búið væri að framleiða 15 þús. tonn af freðfiski, að þá ætti að stöðva framleiðslu freðfisksins og bankarnir að segja: við lánum ekki meira nema með ríkisábyrgð? Eða á að stöðva framleiðsluna og skapa atvinnuleysi og gera það að verkum að rekstur hraðfrystihúsanna og bátanna verði svo dýr, þegar þeir fá ekki að framleiða nema helming af því, sem þeir geta framleitt, að tap verði á öllum rekstrinum þrátt fyrir gengislækkunina? Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Hefur hún tryggingu fyrir því með þessari gengislækkun, sem hún nú leggur til, að hraðfrystihúsin megi framleiða 30 þús. tonn og bankarnir láni út á 30 þús. tonn og þessi 30 þús. tonn verði seld? Hvar eru hennar samningar um það? Eða er bara lofað upp í ermina? Er heimtað af okkur að hækka gengi pundsins um 74%, og við stöndum svo uppi eins og glópar eftir 2—3 mánuði, og ríkisstj. kemur og segir: Það var þrátt fyrir þessa gengislækkun ekki hægt að selja þennan freðfisk? Ég vil spyrja þá vísu menn, sem kalla til hagfræðinga í öðrum heimsálfum: Hvar er álit hagfræðinganna um þessa markaði, sem við eigum að fá með þessari gengislækkun? Hæstv. ríkisstj. hefur kinokað sér við að gefa upplýsingar um þetta. Á það að vera á huldu? Á Alþ. ekkert að fá að vita um þetta? Ætlar hæstv. ríkisstj. að koma sér hjá því að segja nokkuð um þetta mál, þetta mál, sem er nr. 1 fyrir sjávarútveginn? Ástandið er svona viðvíkjandi freðfiskinum, það vita útgerðarmenn, og ég vil leyfa mér að vonast eftir því, að þetta frv. verði ekki sett þannig í gegnum þingið, að útgerðarmenn fái ekki að segja sitt álit um það, hvað þessi ráðstöfun muni þýða. Ég held þess vegna, að það verði að vera skilyrði fyrir því, að hægt sé að ræða þessar aðgerðir, sem hér er lagt til, af einhverju viti, að ríkisstj. leggi fram svona upplýsingar um þessi mál, hvar þessir markaðir eru, fyrir freðfiskinn, fyrir saltfiskinn og fyrir ísfiskinn, og hvað er hægt að selja mikið. Við seldum í Þýzkalandi 65 þús. tonn í fyrra. Getum við selt þar 10 þús. tonn nú eða eitthvað meira? Og hvernig er þetta viðvíkjandi Englandi? Í þessu máli er ómögulegt að komast hjá því fyrir ríkisstj., ef hún ætlast til þess, að þetta mál sé yfirleitt rætt af einhverju viti í þinginu, að gefa upplýsingar um þetta. Megum við t. d. spyrja hana: Hvað þarf verðið á freðfiskinum að vera í Englandi í dag til þess að þessi framleiðsla seljist? Hvaða verð þarf að vera á ísfiskinum í Þýzkalandi til þess að hægt sé að selja 65 þús. tonn, eða er enginn möguleiki að selja hann fyrir hvaða verð sem er? Það er þessi trygging, sem Alþ. verður að heimta að ríkisstj. gefi, þegar hún er að gera svona kröfur til þjóðarinnar um fórnir eins og hér er á hana lagt. Hagfræðingarnir hafa sína kenningu um þetta mál, þeir hafa þá kenningu, að svo framarlega sem við séum samkeppnisfærir, Íslendingar, þá sé hægt að selja alla þessa hluti; ef við Íslendingar getum undirboðið Norðmenn og Færeyinga, þá sé allt í lagi, frjáls verzlun skapi alltaf næga markaði. Það er trúarsetning, sem allar þessar kennisetningar hagfræðinganna byggjast á. Forsendan er frjáls verðmyndun í markaðslöndunum, t. d. Englandi, forsendan hvað markaðsmálin snertir, sem hagfræðingarnir ganga út frá. Er nú þessi trú byggð á staðreyndum? Er frjáls verðmyndun á þessum mörkuðum, sem við þarna erum að eiga við?

Hv. 8. landsk. þm. kom nokkuð inn á það áðan í sinni ræðu, að ef til vill væri ekki svona mikið um þessa frjálsu verzlun hér heima eins og menn vildu vera láta, þrátt fyrir það að það væru engin innflutningshöft. Við skulum þá athuga markaðsmöguleikana í þeim löndum, sem við fyrst og fremst seljum til. Hvernig er það með frjálsa verzlun fyrst og fremst t. d. í Englandi, sem er það höfuðmarkaðsland, sem við eigum kost á? Þeir upplýsa okkur líka um það, hagfræðingarnir, og ég held, að það sé óhjákvæmilegt að upplýsa ofurlitið um það. Okkur er sagt, að við eigum að lækka verðið á freðfiskinum til þess að vera samkeppnisfærir. Hvernig er því háttað með kaupin á freðfiskinum t. d. í Bretlandi? Í Bretlandi er það einn aðili, sem kaupir allan okkar freðfisk, það er brezki auðhringurinn Unilever, sem er sterkasti og ríkasti auðhringur heimsins utan Bandaríkjanna. Þessi auðhringur á m. a. útgerð í Englandi. Hann keypti fyrir nokkrum árum stóra togaraútgerð, Mac Fisheries, mikil hraðfrystihús og stóra „organisation", Smethurst og Bennett, til fisksölu, og sameinaði þetta allt í ein samtök undir nafninu Bemast. Þessi eini hringur hefur alla sölu á freðfiski í Englandi með höndum. Þessi voldugi hringur situr þarna í Bretlandi og er eigandi að öllum þeim tækjum, sem þarf til þess að selja fisk þar, allt frá frystihúsum og upp í stóran togaraflota. Þessi auðhringur kaupir alla hvalolíu og síldarlýsi í Bretlandi, hann ákveður verðið, sem fiskimenn hér úti á Íslandi, í Noregi og annars staðar fá fyrir sína vöru. Hann segir við Íslendinga í dag: Lækkið þið verðið á ykkar vörum. Þegar Íslendingar eru búnir að því, þá segja þeir við Norðmenn: Íslendingar eru búnir að lækka verðið á sinni vöru, nú verðið þið að lækka verðið á ykkar vöru. Svoleiðis pína þeir niður verðið hjá norskum fiskimönnum og íslenzkum fiskimönnum. Og fyrrv. ríkisstj. tók þátt í þessu niðurboði. Það, sem hefði verið eðlilegt fyrir okkur, var að segja við Norðmenn: Eigum við ekki að standa saman um okkar framleiðslu og hagsmuni og segja við þennan hring: Gefið okkur gott verð fyrir okkar vöru? Þessi hringur samdi við Íslendinga um það fyrir tveimur árum, að Íslendingar ættu að fá sama verð og Norðmenn fyrir síldarolíuna, og Norðmenn stóðu fast á því að fá 105 sterlingspund fyrir tonnið. Það er eitt af þeim fáu skiptum, sem möguleikar hafa skapazt á síðustu árum fyrir Íslendinga og Norðmenn að standa saman á móti þessum auðhring, sem hefur arðrænt þá um gott verð fyrir sína vöru. En fyrrv. stj. sendi þá nefnd til London til þess að semja um verðið, og þegar Norðmenn vildu fá 105 sterlingspund og Íslendingar sömdu um lægra verð en Norðmenn, þá var það sama sem að lækka verðið niður í 97½ sterlingspund. Íslendingar lækkuðu verðið og afsöluðu sér samningsbundnum réttindum til þess að undirbjóða Norðmenn. Við erum notaðir til þess að undirbjóða Norðmenn, til að lækka hjá þeim, svo eru þeir notaðir næsta ár til að lækka olíuna enn þá meir. Þarna situr þessi auðhringur og þrýstir okkur niður á víxl, Íslendingum, Norðmönnum og Færeyingum, sem eru að vinna á hættusvæðunum á fiskimiðunum til þess að afla þess, sem þessi hringur notar til þess að búa til dýrar vörur úr og okra. Ég veit ekki, hvort þessum hagfræðingum, sem hafa undirbúið þetta allt, og ríkisstj., er ljóst, að þessi sami hringur sem ég hef verið að tala um á meiri hluta hlutafjárins í þýzka fyrirtækinu Margarin Union, sem á meiri hluta hlutabréfanna í stærsta togaraútgerðarfélagi Vestur-Þýzkalands, Norddeutsche Hochsee, og að þetta útgerðarfélag er nú gert sterkt og voldugt og gefnir nýir togarar til að auka sína útgerð og framleiðslu á Íslandsmiðum til að eyðileggja okkar markaði í Þýzkalandi. Þessi hringur kaupir af okkur fiskinn og á togara bæði í Bretlandi og Þýzkalandi, hann eflir þessa útgerð og gerir út til þess að geta þannig undirboðið okkur, ef á þarf að halda, og þegar hann er búinn að pína Norðmenn í gegnum Íslendinga, þá segir hann við brezka sjómenn og þýzka sjómenn: Nú verðið þið að lækka ykkar kaup, því að íslenzkir sjómenn eru langt fyrir neðan, þeir slá ykkur út. Svona situr þessi könguló í þessum vef til þess að veiða þessar flugur á víxl, sem eru nógu vitlausar til þess að láta ginnast. Hvernig stendur á því, að þessir hagfræðingar, sem skilja þetta allt, hvernig Ísland fær bezta markaði, segja ekki eitt orð um það, hvernig við erum þarna arðrændir? Haldið þið, að það sé af vankunnáttu þessara manna? Ef til vill eru þeir hagfræðingar bara í fáfræði? En ef þeir vita þetta, guð hjálpi þá þeirra heiðarleika, ef þeir ekki segja þjóðinni það. En má ég spyrja: Hvað haldið þið að hefði verið sagt um Íslending á 18. öld, sem hefði þagað um það við þjóðina, að t. d. Hörmangarafélagið einokaði hana og arðrændi? Ætli það hefði ekki þótt undarleg umhyggja fyrir hag Íslands á þeim tíma? En félag eins og Hörmangararnir er svo ákaflega smátækt hjá slíkum auðhringum, sem spenna yfir svo að segja alla veröldina. Ég veit ekki, hvort ég á að fara inn á það, til þess að upplýsa það kverkatak, sem þessi hringur hefur, að tala um það „patent", sem notað er við frystingu hér á landi, og ég veit ekki, hvort Íslendingar hafa samið um not á því „patenti" eða hvort það er stolið, eða hvort hringurinn hefur óttazt að það færi í mál, sem mundi þýða nokkrar milljónir í skaðabætur. Það er svo undarlegt, að það er eins langt frá því, að það sé upplýst af hálfu þeirra manna, sem ættu að upplýsa þjóðina, hvernig ástandið er, að það er þvert á móti verið að þegja yfir því, og svo á í krafti þessarar vanþekkingar að pína íslenzku þjóðina til að sætta sig við fórnir. Svona eiga þessi auðfélög að halda áfram að safna auði og hlúa að sér. Ég veit ekki hvort þm. trúa mér um þetta, en ég hef orðið var við, að þeir ráðh., sem hafa haft með utanríkisverzlunina að gera, virðast varla hafa haft hugmynd um, að þessi hringur sé til. Ég vil þess vegna benda þeim á, sem kæra sig um að fá einhverjar heimildir, sem þeir leggi betri trúnað á en það, sem ég segi, að leita til Ame-

ríku. Ég vil benda þeim á bezta tímarit „businessmanna" þar í landi, Fortune, sem flytur nákvæmar upplýsingar um verzlunarástand atvinnulífsins í heiminum að þeirra áliti. Þar var skrifað í des. 1947 og jan.—febr. 1948 stór og mikil grein um Unileverhringinn, þar sem m. a. eru rakin öll hans sambönd við hvert einasta land heimsins, þar sem hann hefur sambönd. Þar er enn fremur rakið, hvað mikið auðmagn hann á í hverju af þessum löndum, og þar er enn fremur rakið og sýnt á korti, hvernig hann á fyrirtæki í flestöllum löndum heims, þeim sem ekki eru sósialistisk, og hvað hans umsetning og hvað hans gróði sé. Og umsetningin er einn milljarður og 364 milljón dollarar. Ég minnist aðeins á þetta vegna þess, að mér er ekki grunlaust um, að fjölmargir þeirra hv. þm., sem ættu, samvizku sinnar vegna, að grannskoða okkar atvinnulíf og fjármálaástand, viti ekki glögglega um þetta. En þeir ættu ekki að láta undir höfuð leggjast að rannsaka þessa hlið málsins og ættu ekki að taka ákvarðanir um mál eins og þetta, sem hér liggur fyrir, án þess að hafa hugmynd um slíkar staðreyndir, sem ég hef komið hér með, — og upplýsingar um þetta er hægt að fá jafnvel í amerískum tímaritum. Þetta segi ég vegna þess, að mér hefur oft blöskrað, hvernig þagað er yfir öllum þessum staðreyndum og hvernig reynt er af blöðunum að blekkja þjóðina, — af blöðum, sem ættu þó að upplýsa hana, — og reyna að fá þjóðina til að sætta sig við léleg lífskjör.

Ég sé, að ég fer að verða allt of langorður og hef talað lengur í þessu máli en ég ætlaði mér. — En viðvíkjandi þessum markaðsmálum vil ég taka fram, — en mun ekki fara eins langt út í það eins og ástæða hefði verið til, — að orsökin til þess, að svo er komið sem er í okkar markaðsmálum, þ. e. orsökin til markaðsvandræða hins íslenzka þjóðfélags er, að Marshallsamningurinn var gerður 1947 og 48 og okkar markaðir þar með þrengdir og við bundnir við þau lönd, sem nota okkur, meðan þau hafa þörf fyrir okkar fisk, og sparka okkur síðan. Unileverhringurinn gat notað okkur, meðan Breta og Þjóðverja vantaði fisk, en þegar hann hefur nógan flota, sparkar hann okkur. Og það er þetta spark, sem þessi hringur ætlar að gefa okkur. Ef við hefðum frjálsa verzlun hér á landi, væri hægt að skapa markað fyrir okkar vöru, en það er ekki hægt, meðan við erum bundnir við þennan hring. — Ég fyrir mitt leyti varaði við því, þegar þær ráðstafanir voru gerðar, sem leiddu okkur inn í kalda stríðið og gerðu okkur bundna auðhringunum í Bretlandi. Ég varaði við því, hvað af því mundi leiða tveim til þrem árum eftir að það væri gert. Nú eru þau ár liðin og afleiðingin að koma fram. Nú erum við að byrja að þjást undir þeirri kreppu auðvaldsskipulagsins, sem voldugir auðhringar í heiminum alltaf notfæra sér, til þess að lækka lífskjör smáþjóðanna og til að auka gróða sinn með því að fléfletta aðra. — Og ef við tökum dæmið frá 1931 í sambandi við þann hring, sem ég hér hef minnzt á, þá var það svo, er Nýfundnaland glataði sínu efnahagslega sjálfstæði, þá var það fyrst og fremst af því, að það var arðrænt og féflett þannig, að þjóðin gat ekki haldið uppi efnahagslegu eða pólitísku sjálfstæði. Það eru auðhringarnir, sem eru „interesseraðir" í að skapa slíkt ástand hjá smáþjóðunum, með áhrifum á pólitík. Og samningar, sem þeir gera, eins og Marshallsamningurinn, er aðferðin, sem þeir beita til þess að binda þessi smálönd við sig. Og kreppan, sem nú er að skella yfir, kreppa, sem þessir auðhringar fá fram, til þess að láta bitna með öllum sínum þunga á smáþjóðunum — hvað er það, sem gerist í þessum kreppum milli stóriðjuhringanna og hráefnaframleiðendanna? Það, að verðinu á hráefninu er þjappað niður, þannig að stóriðjuhringarnir, eins og þessi í Bretlandi, kaupa hráefni fyrir lágt verð, og síðan vinna þeir iðnaðarvörur úr þessum hlutum og selja fyrir hátt verð. Þeir hækka verðið á þeim vörum, sem hringarnir svo „mónópólisera" fyrir sig. Nú er það svo, viðkomandi þjóðum, sem sérstaklega framleiða hráefni, frumstæðum þjóðum, að þær gerðu svo að segja uppreisn á efnahagssviðinu og heimtuðu hærra verð fyrir sínar afurðir, þ. e. fiskimanna- og bændaþjóðir, til þess að knýja þessa stóriðjuhringa til þess að veita sér betri kjör — og þeim tókst það, eins og okkur Íslendingum tókst það. — Nú eru þessir stóriðjuhringar að ná kverkatakinu aftur á þessum þjóðum. Þess vegna gerist það, að það lækkar verð á síldaroliu og fiski. En verð hækkar aftur á þeim vörum, sem hringarnir hafa alveg í sínum höndum verðlagningu á. T. d. ameríska hringarnir koma á með gengishækkun á dollarnum og lækkun kaups allsherjar verðhækkun á þessum vörum um allan heim. Þetta er aukið arðrán þeirra gagnvart þeim þjóðum, sem þetta bitnar á. Það er verið að ginna þjóðir eins og okkur, til þess að þessir hringar geti grætt því meira. Og þeir, sem ættu að skilja gang málanna í auðvaldsþjóðfélagi og segja þjóðinni sannleikann um þetta, hagfræðingarnir, þeir þegja um alla þessa hluti.

Að því að markaðsvandræðin eru höfuðmeinsemdin, sem við eigum við að etja, vegna þess, að arðrán þessara auðhringa hvílir þyngst á okkur, þá er líka sú leið, sem við verðum að reyna til þess að velta byrðum kreppunnar af alþýðunni, sú, að íslenzka auðmannastéttin sé látin taka fyrst fórnir á sig, áður en alþýðan gerir það, og í öðru lagi, að siglt sé fram hjá kreppu, að svo miklu leyti sem mögulegt er, með því að hafa viðskipti við þau lönd, þar sem markaðir eru miklir. Í sósialistiskum þjóðfélögum eru markaðir ótakmarkaðir, vegna þess að efnahagsfyrirkomulagið er þannig, að kaupgetan takmarkast ekki þar af því arðráni, sem hún gerir í þjóðfélögum auðhringanna.

Ég er reiðubúinn til þess við þessa umr. að ræða okkar leiðir í þessum efnum, og ræða allt það, sem „dispúterað" hefur verið sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum, við þá menn, sem vildu fara út í þá „discussion", ef að einhverju leyti er efazt um möguleikana, sem þarna eru, og leggja fram mín rök í því máli.

— Hins vegar vil ég nú fara nokkrum orðum um örfá af þeim atriðum, sem komið hafa fram í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, og þá líka um leið koma ofurlítið inn á nokkur önnur atriði í frv. en þau, sem ég hef nú gert að umtalsefni.

Það var hæstv. fjmrh., sem minntist í sambandi við málið á verðhjöðnunarleiðina. Gera þeir menn, sem berjast fyrir gengislækkunarleiðinni, sér ljóst, að kauplækkunin kemur til með að gera lífskjör þeirra manna, sem hafa reynt að kaupa íbúðarhús, það miklu lakari, að þeir koma ekki til með að standa undir því að borga af þeim? Við sósialistar erum tilbúnir með till., sem ættu að bæta úr þessu, með því að lengja lánstímann og lækka vexti. Ekki bólar á neinum slíkum till. hér í frv. Þessi lækkun á lífskjörum almennings þýðir allsherjar árás þeirra, sem hafa peningavaldið, gagnvart þeim stéttum, sem hafa reynt að eignast eitthvað á undanförnum árum. Þeir geta ekki haldið þeim, með þeim rýrðu lífskjörum, sem þeir eiga að fá, svo framarlega að þeim séu ekki tryggð betri lánskjör og lækkaðir vextir.

Hæstv. fjmrh. minntist á, að sparifjáreigendum væri tryggð uppbót, í staðinn fyrir það rán, sem á að framkvæma á þeim með þessari gengislækkun. Hvað reiknar hæstv. ríkisstj. með að þessar tíu milljónir verði mikil uppbót? Ég er hræddur um, að hún sé ekkert, nema til þess að sýnast. Og á því er vert að vekja athygli, að um leið og hæstv. fjmrh. og ríkisstj. er að veifa þessu framan í sparifjáreigendur, þá eru þeir með þessum lögum að tryggja sér að geta haldið áfram síðar gengislækkunum, og það án þess að þurfa að leita til þingsins, og auðvitað án þess að tryggja sparifjáreigendum þá neinar uppbætur vegna gengislækkunar.

Hv. 8. landsk. þm. kom áðan að því að tala um vísitöluna í þessu sambandi, svo að ég þarf ekki eins að ræða um það atriði og ég annars hefði gert. Ég býst við, að það verði greinilegt af þessum umr., að þeir, sem tala um, að launþegar eigi að fá uppbætur eftir ákvæðum frv. með hækkuðu kaupi vegna gengisfellingarinnar, þeir vilji taka aftur mikið af þeirri uppbót, með því að ákveða að taka húsaleiguna inn í vísitölugrundvöllinn með fullu verði á húsaleigu í þeim húsum, sem fullbyggð eru eftir 1945, þannig að útlendu vörurnar verða gerðar að svo miklu minni parti af þeim undirstöðuatriðum, sem vísitalan byggist á, heldur en þær eru gerðar nú og heldur en þær í raun og veru eru í afkomu manna hér. Þannig er verið að blekkja beinlínis með þessu. — Enn fremur er rétt fyrir menn að athuga, að þessi 5%, sem talað er um hér að verðlagið þurfi að hækka um, þegar vísitölugrundvöllurinn er orðinn 100 miðað við marz 1950, þá þýðir þetta það, að það yrði að verða 25 stiga breyt. á vísitölunni, eins og hún er nú, ef með núverandi útreikningi vísitölunnar væri tekin með í reikninginn háa húsaleigan, sem miða skal við nýja vísitölugrundvöllinn eftir frv., því að þá væri raunverulega vísitalan nú um 500 stig. Og 25 stiga breyt. á vísitölunni er allmikil breyting, svo að það mundi taka þó nokkurn tíma — og með þessum 6 mánaða fresti í viðbót— að fá fram eftir vísitölubreyt. kauphækkanir, þannig að halda mætti dýrtíðinni alllengi, áður en nokkur uppbót kæmi til greina.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á þá eðlilegu niðurstöðu, að það ætti að leysa verzlunina úr viðjum hafta með þessu. Hvar er sú till.? Ég sé ekki betur en einokunarskipulagið á Íslandi sé gert harðvítugra og sterkara með ákvæðum frv. og atvinnu- og viðskiptalífið sett í þrælafjötra með þessum till., til ágóða fyrir nokkra, örfáa menn, meir en nokkru sinni fyrr. Atvinnulífið er hér gert með þessum till. fjötraðra við bankavaldið en nokkurn tíma áður hefur verið. — Svo kemur einu sinni enn yfirlýsingin frá hæstv. fjmrh. um, að ef verkamenn fari fram á grunnkaupshækkanir, eftir að þetta frv. væri orðið að l., þá gengi það brjálæði næst. M. ö. o., það gengur ekki brjálæði næst, þó að gífurlegur gróði sé látinn haldast hjá t. d. heildsölum, sem grætt hafa milljónir kr. En ef verkamenn, sem ekki geta lifað sómasamlegu lífi, eftir að þetta frv. væri samþykkt, vildu hækka grunnkaup sitt, þá á það að ganga brjálæði næst. — Enn fremur er hæstv. fjmrh. að fræða þjóðina á því, að ef hún ekki sætti sig við þetta, verði hún að greiða fyrir það með skorti og þrengingum. Það er sem sagt verið að leiða yfir hana með þessu frv. skort og þrengingar; vöruskort og atvinnuskort, skort fátæktar og neyð. Þjóðin mundi bjarga sér betur, annaðhvort svo framarlega sem hún hefði stjórn, sem þyrði að vinna út frá sjónarmiðum almennings um að bæta hennar kjör og efnahagsframkvæmdir, eða meira að segja aðeins ef hún fengi að vera laus við öll höft og alla yfirstjórn og öll kerfi í verzlunar- og atvinnulífinu.

Þá segir hæstv. fjmrh., að hvert þjóðfélag sé háð sínu eigin jafnvægi. Það er bókstaflega orðið svo með þessa jafnvægiskenningu þeirra, að hún er orðin þeim trúaratriði, eitthvað óskiljanlegt, sem þeir tyggja upp hver eftir öðrum, án þess að leggja meiningu í það. Hún er byggð á því, að okkar framleiðslutæki starfi eða strandi á því, hvernig tekjurnar skiptast innbyrðis á milli stéttanna í þjóðfélaginu.

Þá kom hv. 1. þm. S-M., sem var að mæla með þessu frv., nokkuð inn á gengislækkunina og ýmsar góðar afleiðingar, sem hún hefði. Hann minntist á frystihúsin og hækkunina, sem hefði orðið á þeirra framleiðslukostnaði upp á síðkastið, og var náttúrlega verkakaupið mikill liður í sambandi við það. — Af hverju hækkaði fiskábyrgðin í vetur um 10 aura? Hvað var það, sem eigendur frystihúsanna lögðu fram sem aðalrök fyrir þeirri hækkun? Það var gengislækkunin á íslenzku krónunni gagnvart dollarnum í haust. Hún var undirstaðan undir því, að heimtað var hærra verð fyrir hraðfrysta fiskinn. M. ö. o., með gengislækkun er verið að skapa auknar kröfur útgerðarinnar um hærra verð, vegna þess, að mikill hluti áhrifa þessarar gengislækkunar

kemur með fullum krafti á framleiðsluna aftur.

Þá fór hv. 1. þm. S-M. nokkrum orðum um þær till., sem Framsfl. mundi koma með. Mig furðaði ofurlítið á þeim till. Hann talaði um ráðstafanir til að lækka húsaleiguna, svo sem með því að byggja tveggja eða þriggja herbergja íbúðir, og ekki annað af íbúðarhúsum nú um tíma. Þessi hv. þm. er sjálfur nýskroppinn út úr ríkisstjórn, sem hann sat í þrjú ár. Og hvað gerði hann á þeim tíma til þess að láta byggja þessar tveggja eða þriggja herbergja íbúðir? Það, sem hann gerði í þessu, meðan hann var í ríkisstj., var að afnema lögin, sem áttu að útrýma heilsuspillandi íbúðum á Íslandi, og þar með gera mönnum erfiðara með að byggja og banna mönnum úti um land að byggja yfir sig. Það er rétt eins og hann hefði bara aldrei verið í ríkisstjórn á Íslandi, eftir orðum hans að dæma.

Hv. 1. þm. S-M. talaði enn fremur um það, að Framsfl. hefði mikinn áhuga á því, að það fengist aukið fjármagn til landbúnaðarins. Já, gaman þætti mér að heyra hann færa rök fyrir því, hvernig hann ætlar að auka atvinnutækin í landbúnaðinum með þessu hækkaða verði á öllum þeim vörum, sem bændur þurfa að kaupa inn í landið, fóðurvörum, áburði og öllu öðru slíku, og með hækkuðu verði á öllum tækjum, sem bændur þurfa að fá til búrekstrar síns, — og þetta náttúrlega allt á grundvelli þessarar frjálsu verzlunar og frjálsa atvinnulífs, sem hér er talað um, hins frjálsa framtaks og styrkjalausa atvinnurekstrar, sem er grundvöllurinn undir þeim till., sem hér liggja fyrir, þar sem fjármagnið á að fá að koma frjálst þangað, sem það borgar sig bezt, og engum atvinnufyrirtækjum er haldið uppi með neinum styrk. Mér þætti gaman að vita, hvernig hann ætlar að láta fjármagnið fara til landbúnaðarins. Ég veit ekki annað en að það hafi þurft að grípa vægðarlaust inn í fjármálalífið í landinu, til þess að beina fjármagninu til landbúnaðarins, til þess með margvíslegum styrkjum að tryggja landbúnaðinum t. d. þá vélabyltingu, sem þarf á að halda.

Hins vegar var ég sammála þessum hv. þm. um, að ekki stæðist að miða við þær niðurstöður, sem koma fram í hagfræðingaálitinu, eins og þar er gert, þar sem í sambandi við þær mætti búast við áframhaldandi vöruskorti í landinu.

Ég held, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það, hvernig það hefur hér verið flutt inn, sé byggt á fölskum forsendum, og að allar kenningar, sem mest er hampað í sambandi við það, þýði, að afkoma alþýðunnar á Íslandi verði verri en áður. Ég held, að hér sé ekki aðeins verið að klæða í vísindalegan búning og gera sem allra flóknast ákaflega einfalt mál, heldur er það, sem fyrir okkur liggur, krafa frá íslenzka auðvaldinu um að fá vinnuaflið ódýrara, og tilraun til þess, að verkamenn landsins sætti sig við verri kjör, án þess að auðvaldið þurfi að fórna nokkru — ekki einu sinni skriffinnskunni, — og að í öðru lagi sé hér krafa frá auðhringunum erlendu um, að Íslendingar hætti við sitt brölt með að þroska sína stóriðju á sjó og landi og sætti sig við að láta þessa auðhringa arðræna sig, eins og áður, og að sitja á bekk með nýlenduþjóðum, eins og þeir einu sinni gerðu. Og það er þetta, arðræning þessa auðvalds, sem á að framkvæma á okkur með þessu móti, og flytja valdið yfir gengisskráningunni út úr þinginu, til þess að geta gert þessa hluti án þess að þurfa að standa í þeirri baráttu, sem þarf að gera í hvert skipti, ef valdið til gengisskráningar er í höndum þingsins.

Eins og þetta frv. hefur verið lagt fram, þá álít ég óforsvaranlegt að kasta því fram, eins og gert hefur verið. Ég álít, að þessi meðferð, sem höfð hefur verið á þessu, sé alls ekki heppileg til að ná neinum góðum árangri. — Eina eðlilega meðferðin á þessu frv. tel ég að sé sú að fella það strax við 1. umr. Það liggur fyrir vantraust á ríkisstj., og búizt er við, að hún falli. Það er tækifæri hér til þess að skapa ríkisstj. og reyna að skapa samkomulag um, hvað gera skuli í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar. En þetta frv. á þá að vera komið út úr heiminum. Það er byggt á fölskum forsendum og blekkingum, og með þessari leið, sem í því er fram sett, mundu aukast vandræðin stöðugt, og alþýðan mundi fá verri lífskjör, ef það væri samþ. — Hvernig sem um það fer, vil ég vonast til þess, að þeir menn, sem með þessu standa, þori að ræða alla þætti þessa máls og sanna með rökum, að það, sem ég hef nú sagt í þessari ræðu, sé rangt. Og ég mundi, á hvaða vettvangi sem er, vera fús til að ræða við þessa hagfræðinga, sem samið hafa þetta frv., um málið. Og ég held, að ríkisstj. hefði gert rétt í því að gefa þjóðinni kost á að gagnrýna ráð þessara hagfræðinga, áður en frv. var lagt fram. En þeir sýna ekki það mikinn þroska, þessir menn, sem þjóðin hefur kostað til að læra hagfræði á skólabekkjum, að þeir hefðu ekki haft gott af því, að þeirra ráð hefðu verið gagnrýnd.

Ég er reiðubúinn til þess að ræða ýtarlegar þau atriði þessa máls, sem ég hef minnst farið í og ég hefði viljað taka alvarlegar, ef þess verður óskað.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég hef nú ekki tafið tíma þessa Alþ. með umr. um lagafrv. Og á undanförnum Alþ. hefur afstaða mín á Alþ. og til hæstv. ríkisstj. verið slík, að mér hefur þótt bezt við eiga að taka sem minnstan þátt í umr., eins og sakir hafa staðið. En þar sem hér liggur fyrir eitt hið stærsta mál, sem legið hefur fyrir hv. Alþ., og meðfram út af þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar, þykir mér ástæða til að fara nokkrum orðum um þetta mál í heild og segja um það mína skoðun. Meðfram þykir mér ástæða til að gera þetta vegna þess, að hér er um að ræða það mál, sem Sjálfstfl. stendur allur að og er sammála um.

Hæstv. 1. þm. S-M. talaði hér í dag eins og hann hefði aldrei verið í ríkisstjórn. En það vill nú svo til, að þessi hv. þm. hefur verið í ríkisstjórn lengur en nokkur annar maður, sem

nú á sæti á þingi. Hann talaði nokkuð út frá flokkslegu sjónarmiði. Og sömuleiðis hafa þeir talað út frá flokkslegu sjónarmiði, sem talað hafa á eftir honum hér við þessa umr. En þetta mál er ekki fallið til að gera það að flokkaþrætumáli. Þetta er alþjóðarmál, sem ræða verður án allrar flokkaþrætu. Ég mun því leitast við að ræða það án þess að koma inn á það svið. Við vitum það allir, að á undanförnum árum og áratugum hefur verið unnið að því af Alþ. og þjóðinni í heild að koma málum okkar í sem bezt horf, bæta samgöngur, auka ræktun og nýbyggingu, efla iðnaðinn o. s. frv., og ég tel það, hve vel hefur miðað í þessum efnum, okkar mestu hamingju, og að skilyrðin hafi aldrei verið eins góð til að þjóðinni liði vel og aðstæður aldrei eins góðar og nú til að nytja gæði þau, sem land og sjór hafa að bjóða, en samt sem áður er ástandið eins og það er nú í fjármálum þjóðarinnar. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í dag, að ríkissjóður væri raunar gjaldþrota, þar sem hallinn á rekstri hans undanfarin 3 ár næmi 175 millj. kr., lánsfé þrotið og atvinnuvegirnir bera sig ekki lengur, en er haldið uppi með fé úr ríkissjóði. Hvernig stendur á þessu? Hvað veldur þessu ósamræmi? Til þess liggja eflaust margar ástæður, en ég tel ekki að það stafi af of miklum framförum og nýsköpun, og hefur sú ranga túlkun komið hér fram í áliti hagfræðinganna, að þeir telji svo vera. Þeir skipta tímabilinu frá stríðsbyrjun í tvennt og telja, að mismunandi ástæður hafi legið til aukningar dýrtíðarinnar á þessum tímabilum. Á fyrra tímabilinu var orsökin fyrst og fremst stríðið. Þá hækkuðu afurðir landsmanna og erlendur her dvaldi í landinu og bauð hærra kaup en áður hafði þekkzt, og var þetta grundvallarorsök dýrtíðarinnar, og svo það, að 1940 voru samþ. lög á Alþ. um vísitölu og verðlagsuppbót, sem orsökuðu það, að dýrtíðarskrúfan byrjaði að snúast. Mér blöskraði, þegar þessi l. voru samþ. og þar með stefnt að hruni, því að það þolir engin þjóð, að vísitala sé reiknuð út mánaðarlega og öll hækkun borguð 100%, enda held ég, að slíkt þekkist hvergi nema hjá okkur, og hefur það verið viðurkennt af þeim, sem að lögunum stóðu, að þetta hafi verið röng leið, og ég held, að ekki komist lag á fjármálin hjá okkur fyrr en því er hætt. En hér koma einnig til fleiri ástæður, og þá ef til vill ekki sízt það, að þjóðin lifði um efni fram og eyddi meiru en framleiðslan þoldi. Í þriðja lagi er svo sú orsökin, sem rökstudd er hjá hagfræðingunum, en það eru verzlunarhöftin, sem hér hafa verið nú undanfarið. Þeir hafa sýnt og sannað, að slíkt ástand geti ekki endað öðruvísi en illa, svo sem með gengisfalli eða hruni. Og auk þess er svo sú ástæða, sem ýmsir ræðumenn hafa nefnt, að útgjöld ríkisins hafa verið meiri en nokkurt vit er í og það hafi íþyngt skattgreiðendum meira en þeir gætu staðið undir.

Það er rétt, sem vikið hefur verið að hér og raunar ætti að vera öllum hv. þm. ljóst, að allar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið undanfarin ár í því skyni að hamla gegn dýrtíðinni, hafa verið ófullkomnar og aukið frekar á dýrtíðina en lækkað, og er því full þörf úrbóta og það meiri en smávægilegra, þó að sumir vilji svo vera láta, að þess sé ekki þörf og óhætt að láta allt reka áfram á reiðanum í þessum efnum.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið undirbúið rækilega og óvenju vel. Ríkisstj. hefur haft sér til stuðnings og aðstoðar tvo af okkar færustu hagfræðingum og auk þess tvo hæstaréttardómara. Frv. hefur verið í undirbúningi í margar vikur, og hvert og eitt einasta atriði hefur verið athugað gaumgæfilega, og mér er óhætt að fullyrða, að við samningu þess hafa ekki ráðið flokkssjónarmið, heldur það, hvað álitið var heppilegast til lausnar þessum málum. Þeir þrír flokksformenn, sem hér hafa talað, virðast vera sammála um það, að það hafi verið ábyrgðarleysi af ríkisstj. að leggja þetta frv. fram í þinginu, án þess að hafa áður verið búin að tryggja því meiri hluta, Ég er þeirrar skoðunar, að það hefði verið ábyrgðarleysi af ríkisstj., ef hún hefði ekki lagt frv. fram. Í ræðum þessara manna hefur glytt á þann hugsunarhátt, sem hefur farið verst með Alþ. og orsakað hefur það, að Alþ. er að verða að viðundri hjá þjóðinni fyrir slóðahátt. Það er raunalegt að verða að viðurkenna þetta, en það er satt. Orsökin er sú, að stórmál eru ekki látin koma fyrir þingið fyrr en búið er að makka um þau tímunum saman utan þingsalanna. Nú hefur það unnizt við það, að ríkisstj. lét frv. ganga til tveggja flokkanna, og þeir hafa athugað það í 3 vikur, að þeir eru betur undir það búnir að taka fljótt afstöðu um það, hvort þeir ætla að fylgja frv. eða ekki. Það er að vísu ólík afstaða, sem þessir flokkar hafa til frv., þar sem annar þeirra lýsti andstöðu gegn þessari leið í kosningunum í haust, en hinn ekki, og virðist nú mega ganga út frá því, að málið hafi meirihlutafylgi í þinginu, eða ekki var annað hægt að skilja á öðrum aðalformanni Framsfl. í dag. En mál þetta á ekki og má ekki verða braskmál milli flokkanna og er ekki til þess fallið að hnýta inn í það öðrum flokkaþrætumálum, en það virtist hafa verið tilgangurinn hjá sumum þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað, svo sem húsnæðis-, verzlunar- og iðnaðarmálum. Þau á að afgreiða sér, en ekki vefja þau inn í þetta frv. til að tefja það.

Hv. 1. þm. S-M. sagði á þá leið, að ríkisstj. hefði átt að biðjast lausnar og afhenda Alþ. umboð sitt. Hún hefði átt að biðjast lausnar, þegar hún hafði undirbúið lausn á þýðingarmesta málinu, sem nú er uppi með þjóðinni. Núverandi ríkisstj. er minnihlutastjórn og var sett á stofn vegna þess, að Alþ. gat ekki komið sér saman um meirihlutastjórn, en hún fer frá, hvort heldur sem er með vantrausti eða ef vissa er fyrir, að hægt sé að mynda meirihlutastjórn innan þingsins, sem getur tekið við þessum málum, en það hefur ríkisstj. ekki enn fengið vissu um, og því hefur hún ekki viljað stofna til stjórnleysis, og sízt í sambandi við þetta mál. Viðtökur þær, sem ríkisstj. fékk, þegar hún tók við, var ekki hægt að skilja á

annan veg en hv. þm. vildu heldur utanþingsstjórn en þessa stjórn, sem nú situr. Og úr því að ekki var hægt að setja á laggirnar ríkisstj., sem styddist við meiri hluta, þá var spurningin, hvort væri betra að hafa utanþingsstjórn eða stjórn, sem styddist við um 28 þús. kjósendur. Utanþingsstjórn hefur starfað hér áður, en ekki gefizt vel. Það er eðlilegt, að ríkisstj. fari frá, ef meiri hluti hv. þm. vill það, en hún ætti ekki að fara frá vegna þessa máls, fyrr en sýnt er, hve mikið fylgi það hefur í Alþ.

Ég skal nú víkja að sjálfu frv. Það viðurkenna flestir, að nauðsyn sé að gera eitthvað í þeim vandamálum, sem nú steðja að þjóðinni. Og þá er fyrst: Hvað er gengislækkun? Gengislækkun er aldrei neinn fagnaðaratburður, hún er ekkert nema neyðarúrræði, en þegar ástandið er eins og það er nú, þýðir ekkert annað en neyðarúrræði, og Sjálfstfl. telur hana að svo komnum málum það bezta, sem völ er á. Hún er ekkert annað en viðurkenning á staðreyndum. Ef helmingurinn af þessu húsi væri hruninn, þýðir ekki að halda því fram, að það sé heilt, og sannleikurinn er sá, að það er búið að verðfella krónuna með verzlunarhöftum og hækkun á verðlagi og launum, og gengislækkun er því, eins og málum er komið, ekkert annað en viðurkenning á staðreyndum. Það er ekki hægt að taka gjaldeyri af sjómönnum fyrir 26 kr. pundið og selja það svo rétt við hliðina á þeim fyrir 50—60 kr. og ekki hægt að halda áfram útflutningsverzlun án þess að viðurkenna þetta. Þeir hagfræðingar, sem sömdu skýrsluna, — ég skal taka það fram, að ég get ekki undirskrifað allt, sem þeir segja, þó að ég sé þeim í flestu sammála, — halda því fram, að samræmið milli launa og verðlags og gengis verði að haldast eða það hljóti að enda með gengislækkun, ef launahækkanir eru þá ekki byggðar á fullkomnari tækni í atvinnulífinu, og eins er því háttað með verzlunarhöft; þau hljóta að leiða til gengislækkunar. Nú má spyrja, hvort gengislækkun kæmi að fullu gagni hér. En slíkt fer eftir öðrum aðgerðum, sem gerðar verða í þessu sambandi. Þá vil ég segja það í sambandi við síðustu ræðu, að enginn ræður við verðlag eða markaði erlendis, en eftir því sem gengi er líkara gengi sölulandsins, eru meiri líkur til, að útflutningsverzlunin beri sig. Í sambandi við launa- og kjaraskerðingu þá, sem þetta kynni að valda, vil ég varpa fram þeirri spurningu, hvort menn hafi gert sér ljóst, hverjar eru launastéttirnar. Það er nú svo komið, að 80—90% þjóðarinnar eru launastéttir eða búa við svipuð kjör og þær, svo að ekki er um smáhóp að ræða, heldur meiri hluta þjóðarinnar. Vegna þess, hvernig hefur verið búið að framleiðslunni í stríðinu og í lok þess, þá hafa atvinnuvegirnir tekið upp nauðvörn, landbúnaðurinn 6 manna nefndina og sjávarútvegurinn fiskábyrgðina. Þetta er nauðvörn framleiðslu, sem smám saman er verið að murka úr lífið, vegna þess að þeir, sem framleiðslu stunda, hafa ekki getað staðizt samkeppni við aðra um vinnuafl. En þegar við tölum um launastéttir, er um tvennt ólíkt að ræða, þar sem eru fastlaunamenn og verkalýður. Ég skal taka það fram, að að svo miklu leyti sem ég starfa sem stéttafulltrúi, þá starfa ég sem fulltrúi bænda og verkamanna og hef mikinn áhuga á því, að verkamönnum líði sem bezt, en mér er ljóst, að það er ekki nægilegt, að verkamenn hafi sem hæst kaup, ef ekki er atvinna. Hún er aðalatriðið, og ég met það meira fyrir þá verkamenn, sem ég er fulltrúi fyrir, að þeir hafi atvinnu, heldur en þótt þeir hefðu sem svaraði 5 kr. hærra kaup á dag. Og ykkur, fulltrúa launþega, bið ég að athuga það, hvað verður um þessa aðila, ef atvinnuvegirnir stöðvast, sem lítur út fyrir, ef ekkert verður að gert. Hvað á þá að gera til að tryggja, að menn geti haft atvinnu og atvinnuvegirnir haldið áfram að ganga? Skal ég nú víkja að því, sem skýrt er í grg., hvaða munur sé á gengislækkun og verðhjöðnun fyrir verkamenn, því að aðra hvora þá leið verður að fara, því að uppbótaleiðin er óframkvæmanleg fyrir gjaldþrota ríkissjóð. Ef færa ætti kaupgjaldið niður með l., þyrftu launin að lækka 25% meira en afurðaverð. Þetta er sannað í grg. Hver getur látið sér detta í hug, að slíkt sé framkvæmanlegt, þegar ekki hefur tekizt að halda launanum kyrrum, eins og þau hafa verið undanfarið? Gengislækkunarleiðin mundi hins vegar aðeins hafa í för með sér hækkun framfærslukostnaðar um 10%. Það er því sýnilegt, og gefur auga leið, að hér er um mikinn mun að ræða. Jafnvel þótt laun séu bætt upp, eins og gert er ráð fyrir í frv., er gengislækkunarleiðin fær, þó að hin leiðin sé ófær. Ég vil minna á það, að þegar gengið var fellt 1939, sem afleiðing haftastefnunnar frá 1931, þá var kaupgjald sett fast og launahækkunum stakkur skorinn. Ég man ekki betur en að hv. 8. landsk. væri því þá samþykkur, þó að hann telji nú, að í þessu frv. felist óhófleg kjaraskerðing. Varðandi vísitöluútreikninginn vildi ég segja það, að ég vildi helzt burt úr heiminum allar vísitölu- og verðuppbætur, því að þær eru undirrót skrúfunnar. Hér er lagt til að leggja nýjan grundvöll að vísitölunni, en uppbætur eiga að haldast í 15 mánuði, þá verður þeim hætt. Þetta er frestur, en það er mikill höfuðkostur, að gengið er inn á að höggva á hnútinn, og fyrir launastéttirnar er þetta vægilegra en ráðstafanir þær, sem gerðar voru árið 1939.

Eins og ég tók fram áðan, álít ég, að ekki eigi að vefja húsaleigumálinu, þó að það sé stórkostlegt mál, inn í þetta mál. Sama gildir um þrætur þær, sem verið hafa um verzlunarmálin.

Um till. þær, sem hér liggja fyrir varðandi uppbætur á sparifé, er það að segja, að þær eru lagðar fram vegna þess, að engir verða harðar úti en sparifjáreigendur vegna verðhækkunarinnar. Það má segja, að þær séu ekki fullnægjandi, en þær eru viðleitni í þá átt að rétta þeim hjálparhönd í sambandi við tjón það, er þeir bíða af þessum ráðstöfunum.

Ég get tekið undir það, sem sagt var hér áðan, að þörf er á bættri aðstöðu fyrir íslenzkan land-

búnað. Hann er eini atvinnuvegurinn, sem er undir gerðardómi, og hefur, eins og kunnugt er, alltaf verið að tapa uppvaxandi fólki, því að aðrir atvinnuvegir hafa boðið meiri þægindi en landbúnaðurinn hefur getað veitt. Sannleikurinn er sá, að sjávarútvegurinn og iðnaðurinn eru betur settir, og hafa því mest skilyrði til að taka við þeirri fólksfjölgun, er verður í þjóðfélaginu.

Það má segja, að í frv. séu engin ákvæði um að takmarka útlán bankanna eða rekstrarhalla ríkissjóðs, en getan verður þar að vera mælikvarðinn, og ekki er hægt að vona, að fullnægt verði öllum óskum og hugsjónum.

Það var vikið að því hér í ræðu áðan, að það hefði gengið svo undanfarið, að of lítið hefði komið í hlut sjávarútvegsins og of mikið í hlut annarra aðila. Það má einnig segja, að of lítið hafi komið í hlut landbúnaðarins, ef tryggja á framleiðslu landbúnaðarvara. Afleiðingin er sú, að fjöldi hins uppvaxandi fólks óskar eftir að komast inn í fastlaunastéttirnar bæði hjá ríki og verzlun. Það bendir ekki til þess, að illa hafi verið farið með þær stéttir undanfarið.

Varðandi þær till., sem liggja fyrir um stóreignaskatt, getur það verið álitamál, hvernig því skuli hagað, og skal ég ekki fara frekar út í það.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að engin grein væri í frv. um frjálsa verzlun, en það er ekki hægt að lögbjóða frjálsa verzlun. Grundvöllurinn verður að vera fyrir hendi, og það er einn höfuðtilgangurinn með þessum ráðstöfunum, eins og tekið er fram í grg., að skapa þann grundvöll. Það er augljóst mál, að ekki verður við því búizt, að öll vandkvæði okkar þjóðfélags verði leyst með frv., og ég tel það grundvallarskilyrði fyrir happasælli lausn, að ekki verði vafið inn í þetta fleiri deilumálum en þörf er á. Ég endurtek það, að þó að þessar ráðstafanir séu ekki geðfelldar, eru þær óhjákvæmilegt skref til þess að bæta úr því ástandi, sem nú er. Það þarf því að flýta afgreiðslu málsins, enda hafa tveir andstöðuflokkanna haft tækifæri til að athuga frv. í þrjár vikur og ættu því ekki að þurfa langan tíma til að koma fram með þær athugasemdir, sem þeir telja þörf á.

Ég skal ekki tala um þá löngu ræðu, sem hér var haldin um markaðsmál og afurðasölu, en vil að lokum skora á hv. þm. að líta á þetta mál með alþjóðarheill fyrir augum, eins og frjálsir, heiðarlegir alþm., en ekki sem flokksmenn eða stéttafulltrúar, er láti sérhagsmuni og klíkusjónarmið sitja í fyrirrúmi. Það verður ekki hjá því komizt að taka þessi mál föstum tökum. Það er eina ráðið, ef bjarga á frá vandræðum og atvinnuleysi.

Ég læt svo þessi orð nægja. Sjálfsagt fæ ég síðar tækifæri til að marka afstöðu mína í einstökum greinum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þá er loks hið margumtalaða pennastrik komið fram, í frv.-formi. Þetta frv. er búið að vera lengi á leiðinni og ber einkennilega að. Mikið hefur verið rætt um það manna milli, að til hafi staðið að bera fram frv., sem kæmi með varanlega lausn í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar. En þetta hefur borið þannig að, að laumulega hefur verið farið með, svo sem venja er til, þó að laumulegast hafi verið farið með þetta af öllu, er fram hefur komið á undanförnum árum. Það er svo, að í þrjár vikur hefur málið verið í höndum nokkurs hluta þm. Síðan er tilkynnt í blöðunum, að margir menn utan þings hafi fengið að kynnast því, en aðrir ekki fengið að sjá frv. En nú er búið að kasta því hér fram á þ. til umræðu á næturfundi. Þó er það svona hjá lýðræðisflokkunum, að þeir vilja kenna hið rétta lýðræði. En áður hefur það verið svo, að maður fær þessi stóru mál í bókarformi, og er afhent þau til að hespa þau af.

Þetta mál hefur borið þannig að, að ég er lítið hrifinn af og held, að blett setji á þingstörfin, eins og hæstv. landbrh. sagði að væri orðið svo algengt með störf Alþingis. Frv. er komið fram, og er það að vísu um efni, sem menn þóttust vita einhver deili á. Ég hafði búizt við tillögum um gengisbreyt. Mál þetta var svo túlkað, að fyllilega var við þeim að búast. Ég hafði þó ekki búizt við, að hér yrði komið fram með jafneinhliða gengisbreytingar, það yrði nær eingöngu um það að ræða að breyta gengi gjaldmiðils okkar, svo að þetta mundi bitna þungt á launafólki í landinu, en engar ráðstafanir aðrar yrðu jafnframt gerðar, þannig að teljandi mætti kalla. Hér er nær eingöngu gengisbreyting, og af fulltrúum Sjálfstfl. hefur verið lögð sérstök áherzla á það, að utan við afgreiðslu hennar beri að halda öllum till., sem gæti þýtt það, að engar verulegar breytingar yrðu gerðar á neinum öðrum málum, er deilt er um og varða atvinnu- og fjárhagslífið í landinu. En það þarf að gera sér ljóst, að þetta kemur til með að bitna verulega á launþegum í landinu. Allt annað er útilokað, — því að það að hækka gengi erlends gjaldeyris um 60—70% táknar, að innkaupsverð vöru, sem keypt er fyrir 300 millj. kr., hækkar um 200 millj. kr., án þess að kaupgjald eigi að breytast að ráði. En búizt var við, að till. kæmu fram jafnhliða, er fælu í sér samsvarandi byrðar á aðra en launþega. En þær er ekki hér að finna í þessu frv. — Ég skal nú víkja að því síðar, sem ég hefði talið eðlilegar aukaráðstafanir. Hins vegar er því haldið fram, að nái frv. þetta samþykki, þá sé allur vandi fjárhagslífsins leystur, atvinna tryggð og góð afkoma yfirleitt. Í þessum efnum tók ég eftir því, sem hæstv. fjmrh. sagði um ískyggilegasta þáttinn í frv. Var hann að dómi mínum svo furðulega bjartsýnn á „pennastrikið“, að það átti einnig að leysa vandann að þessu leyti. Hann sagði, að Norðmenn væru ekki í neinum vanda staddir um sölu á sjávarafurðum sínum. Skýringin væri sú, sagði hæstv. ráðh., að framleiðslukostnaðurinn hjá þeim væri lægri. Þess vegna þurfum við að lækka framleiðslukostnaðinn eins og þeir. Nú skal ég ekki draga í efa, að þessar breytingar á gengisskráningunni mundu gera kleift að

lækka verðið á sumum sjávarafurðum til útflutnings. En þá stendur eftir, að þrátt fyrir það erum við í vanda staddir með að finna markaði fyrir sjávarafurðir okkar. Og nú skulum við rifja upp helztu þættina.

Jú, hagfræðingarnir hafa mest miðað við verðið á hraðfrysta fiskinum, það, sem á honum hefur verið, og hitt, sem ætti að geta verið án útflutningsuppbótanna. Við framleiddum s. l. ár um 28 þús. tonn af hraðfrystum fiski. Af því magni seldum við um 20 þús. tonn til Bretlands og Hollands. Aðrar þjóðir keyptu af okkur um 8 þús. tonn, held ég. Þetta er nú ekki svo mikið. En ég gæti nefnt einstakar afurðategundir, t. d. steinbít, og þó er meira eftir. En hvað um það, við skulum segja, að það hefði nú selzt til annarra þjóða en þessara tveggja 8000 tonn af þessum fiski, en nú er það samt vitað, að Bretar og Hollendingar hafa gefið það ótvírætt í skyn, að þeir kaupi ekki framleiðslu okkar af hraðfrystum fiski. Bretar segjast hafa hann liggjandi hjá sér, og sömuleiðis er það vitað, að Hollendingar liggja uppi með allmiklar birgðir af honum enn, því að þeir keyptu ekki fyrr en síðast á árinu. Það eru uppi skoðanir um það meðal manna, sem selja þessa vöru, að það muni reynast erfitt að tvöfalda söluna á þessum fiski í öðrum löndum, þegar þessar tvær þjóðir bregðast svona. Það er með öðrum orðum um markaðsörðugleika að ræða. Og ef við nú gerum ráð fyrir, þrátt fyrir breytinguna, að bankarnir, eins og þeir gera í dag, neiti að lána nema út á það, sem svarar 15 þús. t., þá er eftir um það bil helmingur, miðað við framleiðslumagnið í fyrra. Hvað á þá að gera við þetta magn? Menn hafa helzt talað um að breyta þessum hluta framleiðslunnar í saltfisk. Síðastl. ár var saltfiskframleiðslan 21 þús. t., og það er raunar alveg rétt, að öll sú framleiðsla seldist. En ef við bættist þetta magn hraðfrysta fisksins, 15 þús. t., sem mundi jafngilda um 20 þús. t. af saltfiski, þá væri saltfiskframleiðslan þannig komin upp í 40 þús. t., miðað við sömu veiði og í fyrra, og er það álit þeirra manna, sem að sölu hafa staðið, að það muni verða strangt að koma því magni út, jafnvel þó að verðið yrði eitthvað lækkað. En eins og er, þá eru ekki aðstæður til þess að breyta saltfiskinum í öðruvísi framleiðsluvöru. En við gætum ef til vill komið þessum 40 þús. t. af saltfiski út, — við skulum segja, að það sé hægt, — en þá er bara eftir stærsti „faktorinn", sem er togarafiskurinn, 120 þús. t. af ísfiski, sem jafngilda um 70 þús. t. af saltfiski, og hvað á þá að gera við hann? Nú er Englandsmarkaðurinn úr sögunni, og gengisbreytingin fær því ekki orkað, að hann komi aftur, hún verður alveg áhrifalaus um það. Við verðum sem sagt alveg jafnpeningalausir eftir sem áður. Togararnir hafa alveg gefið brezka markaðinn upp á bátinn.

Síðastl. ár höfðum við kvóta á Þýzkaland fyrir 70 þús. t. af ísfiski, en nú er sá markaður ekkert, sem teljandi er, og þess vegna eru nú togararnir farnir að flýja í saltfiskinn, en í það neita bankarnir nú að lána og segja raunverulega, að það ætti að stöðvast, af því að útlit er fyrir, að ekki sé hægt að selja saltfiskinn. Við höfum sem sagt ekki í dag neina markaði fyrir afla togaraflotans og fáum þá ekki þrátt fyrir gengisbreytinguna. Menn mega því ekki láta hafa svo mikil áhrif á sig, að þeir álíti, að allt verði í lagi, ef þessari gengisbreytingu er komið á. Nei, togaraflotinn getur stöðvazt engu að síður, og þó að gengisbreytingin hefði komið á fyrir þremur mánuðum, þá hefði togaraflotinn stöðvazt þrátt fyrir það, vegna þess að það voru ekki markaðir fyrir hendi.

Það er hins vegar rétt, að aðrar afurðir ýmsar, eins og t. d. lýsi, mundu seljast við sæmilegu verði, en þó ekki við meira verði en sem svarar sölunni 1948. Framleiðslan á þorskalýsi 1949 er öll í landinu enn, en salan mundi ekki verða meiri en 1948, vegna lækkunar á lýsisverði á heimsmarkaðnum. Nei, eftir sem áður mun aðalvandamálið vera að tryggja markaði fyrir framleiðslu okkar, og ef okkur tekst ekki að finna þá, þá er yfirvofandi stöðvun í atvinnulífinu, þrátt fyrir gengisbreytinguna.

Þetta, sem ég hef nú sagt, snýr aðallega að togurunum, og þá er eftir að athuga þetta mál frá sjónarmiði bátaútvegsins.

Ég get ekki séð, að hagur bátaútvegsins yrði nokkurn skapaðan hlut betri þrátt fyrir gengisbreytinguna. Ég sé, að landbúnaðarfulltrúar hossast af hlátri, þegar þeir heyra þetta, en þeir munu nú samt eiga eftir að komast að raun um, að þetta er nú svona samt. Sannleikurinn er sá, að bátaútvegurinn hefur verið tryggður með ríkisábyrgð að nokkru leyti, þannig að núna eru honum tryggðir 75 aurar fyrir fiskinn, en hagfræðingar segja, að með þessari gengisbreytingu muni verða hægt að fá 93 aura fyrir kg af fiskinum, en þegar olían hækkar og allt annað, sem til rekstrar bátanna þarf og flutt er inn í landið, þá er ég viss um það, að það þyrfti ekki minna en 93 aura verð fyrir fiskinn, þegar borið er saman við þá 75 aura tryggingu, sem nú er á honum. En hvaða trygging er þá fengin með þessu? Hversu miklar líkur eru fyrir því, að hraðfrystihúsin eða þeir, sem kaupa fiskinn til söltunar, vilji kaupa hann á 93 aura kílóið? Ég er sannfærður um það, og það munu margir taka undir með mér, sem eitthvað hafa haft með þetta að gera, að það mundu fáir verða til þess að kaupa hann á því verði. En það gæti þvert á móti farið svo, ef þetta frv. verður samþ. og ríkisábyrgðin felld niður, að bátaútvegurinn færi í ringulreið. Ef það ætti ekki að verða, er það að minnsta kosti víst, að bankarnir yrðu að vera rýmilegri við þá, sem kaupa fisk, heldur en þeir eru nú í dag, þegar þeir þyrftu að greiða 93 aura fyrir hann, en upp í það þyrfti bátafiskurinn að fara til þess að standa svona nokkurn veginn jafnfætis við það 75 aura verð, sem nú er á honum og tryggt er með ríkisábyrgð. Þessi gengisbreyting er því ekki gerð með hagsmuni bátaútvegsins fyrir augum, en hins vegar mundi hún létta gjöldum

af ríkissjóði, og mætti því segja, að hún hefði sömu áhrif að nokkru leyti.

Ég held því, í stuttu máli sagt, að þessi gengisbreyting líti þannig út, séð frá bæjardyrum útvegsmanna, að hún gildi mjög lítið fyrir togaraflotann vegna markaðsleysis á afurðum hans, sáralítið og jafnvel ekkert fyrir báta-útveginn, en gæti jafnvel orðið honum til stórtjóns.

Nú, en það, sem þessi gífurlega gengisbreyting mundi fyrst og fremst þýða, er stórkostleg hækkun vöruverðs, og sú hækkun mundi koma niður á launþegunum. En er það nú svo, og á það að vera svo, að þegar sjávarútvegurinn ber sig ekki, að þá eigi þessi eini liður, sem snýr að launastéttunum í landinu, að koma þar á móti, til þess að allt verði í lagi? Er verzlunarskipulagið þá í raun og veru svo gott, að ekki sé neinna breytinga þörf á því? Halda menn, að verzlunarhættir þeir, er hér tíðkast, séu í raun og veru svo góðir, að tillögur til breytinga á þeim megi bíða, en láta í þess stað allt á herðar launastéttanna? Frv. þetta ber það alveg með sér, að þeir, sem það bera fram, álíta, að bezt sé að hafa verzlunarskipulagið alveg óbreytt, og álíta það svo gott, að það þurfi engra breytinga við.

Nú hefur oft verið á það bent, að útgjöld ríkisins séu hreint ekki svo lítil í sambandi við ríkisbáknið og embættabákn þess, sem er miklu meira en nauðsynlegt getur talizt. En engar till. eru um það hér að draga þetta kerfi nokkuð saman, í því máli hefur ekki verið gert annað en það, að framvegis á einn ráðherra að leggja blessun sína yfir nýjar ráðningar.

Nei, væri ekki réttara að leysa vandann í sambandi við það gróðabrall, þar sem menn hafa á óleyfilegan hátt rakað að sér stórfé á kostnað annarra, heldur en að leysa hann algerlega á kostnað launastéttanna í landinu? — Enn eitt atriði. Talsvert verulegur hluti af iðnaði landsins lifir á einokunaraðstöðu, sem hann hefur komizt í á einstökum vörum, sem kaupendur eru neyddir til þess að kaupa, en hægt væri að flytja inn fyrir margfalt lægra verð. Ef mönnum dettur það í hug að græða peninga, þá mynda þeir bara hlutafélag, líma miða á krukkur og flöskur og kalla það iðnað, og síðan er „framleiðslan" seld á uppskrúfuðu verði og hefur þannig áhrif á hækkun verðlags í landinu. En þetta á að halda áfram. Þessir menn eiga að fá að halda áfram að halda uppi verðlaginu í landinu. Ég get hins vegar ekki fallizt á annað en róttækar ráðstafanir í þessum efnum, áður en ráðizt er að almenningi í landinu og brýnustu nauðsynjar stórkostlega hækkaðar í verði. En það er mín skoðun, að ef það væri álitið nauðsynlegt, að grípa þyrfti til gengislækkunar, þá ætti að greiða niður verð á lífsnauðsynjum, en láta þá heldur aðrar vörur, sem menn geta frekar án verið, hækka. En hér er alls ekki gert ráð fyrir því. Öllum sköttum þessa frv. er beint í aðra átt. Þegar gert er ráð fyrir fasteignaskattinum, þá er ekki gert ráð fyrir því, að hann verði notaður til þess að leysa húsnæðisvandræðin eða lina á húsnæðisútgjöldum þeirra, sem við bágust kjör eiga að búa í þeim efnum. Nei, þessi skattur á að renna í ríkissjóð til þess að greiða niður skuldir í Landsbankanum. Gjald er lagt á sjávarafurðir, sem hæst verð fæst fyrir, en það á ekki að nota það, sem þannig fæst inn, til þess að halda niðri verði á vörum, sem nauðsynlegar eru rekstri útgerðarinnar, eða til þess að halda niðri verði á nauðsynjavöru almennt, og hefði þó sannarlega mátt bæta nokkuð fyrir þá skerðingu, sem verður á kjörum þeirra, sem við bágust kjörin búa.

Þó að það ákvæði sé hér sett, að hækka megi eftir þar til settum reglum kaupgjald að nokkru, þá er þó þannig um hnútana búið, að sú hækkun hlýtur að vera mjög óveruleg í samanburði við raunverulega framfærslukostnaðarhækkun, sem óhjákvæmilegt er að verður. Þegar á undanförnum árum hefur vísitölunni verið haldið niðri með því að taka ekki húsaleigu og raunverulegt kjötverð með við útreikning hennar og draga þannig úr réttmætri hækkun kaupgjalds. En nú á að taka þessa liði inn í útreikninginn, til þess að innfluttu vörurnar virki minna á vísitöluútreikninginn, þannig að það verður í báðum tilfellum til tjóns fyrir launþegana.

Það eru mörg ákvæði í þessu frv., sem eru þess eðlis, að það væri mjög freistandi að gera þau að umtalsefni hér og bera fram um þau fyrirspurnir, en ég ætla að geyma mér það þar til við síðari umr., því að það er nú komið fram á nótt og flestir hv. þm. þegar farnir heim. En það er í þessu frv. ekki gert ráð fyrir neinum ráðstöfunum til þess að mæta þeim áhrifum, sem skapast af þeim vörubirgðum, sem eru í landinu þegar gengisbreytingin verður gerð. Svona mikil gengisbreyting hlýtur að krefjast gagngerðrar vörutalningar í landinu. Ég skal nefna dæmi. Kaupmenn, sem eiga vörur, sem keyptar hafa verið fyrir lægra gengi, gætu hæglega smeygt þeim undir hærra gengið, ef ekki fer fram gagnger vörutalning undir eftirliti. Þannig mundi spákaupmennska blómgast vel. Nokkrir saltkaupmenn eiga nú saltbirgðir, sem munu vera keyptar fyrir helmingi lægra verð en þeir verða að greiða, sem kaupa salt eftir nokkra daga. Það verður heldur þokkalegt að eiga að sýna einhverja sambærilega útkomu, þegar menn fá þannig mismunandi aðstöðu í sambandi við sinn rekstur. Sumir hafa getað tryggt sér birgðir, sem þeir geta búið að, en aðrir hafa ekki getað haft þessa aðstöðu. Það er óhjákvæmileg nauðsyn, þegar svona stórvægilegar breyt. eru gerðar og stórkostlegar, að koma í veg fyrir, að menn fái aðstöðu til að græða óhæfilega í sambandi við þessa breyt., og gera ráðstafanir til þess að gera aðstöðu manna sem jafnasta, um leið og þessi breyt. verður samþ. En í þessu frv. er ekki gerð nein tilraun til þess að sjá við þessu.

Það er hér eitt atriði enn, sem ég ætla að minnast á, áður en ég sezt niður. — Maður verður að ganga út frá því, að þeir, sem samið hafa þetta frv. og gera hér ráð fyrir allstórum skatti á nýsköpunartogurunum í sambandi við þeirra framleiðslu, þeir hafi gert ráð fyr-

ir, að þeir væru starfræktir og sýndu gróða og að það yrði einhver markaður fyrir afla þeirra, sem ég vona, að verði, þó að illa horfi í því efni nú. En í sambandi við þá gífurlegu breyt., sem hér er lagt til að gerð verði, er ekki reynt að setja undir þann leka, sem yrði í sambandi við þessa breyt. í kaupgjaldi skipshafnarinnar á þessum skipum með þessum gífurlegu sveiflum. Hásetarnir á þessum skipum eru verst launaðir af skipshöfninni, en þeirra laun mundu, að samningum óbreyttum, lækka, eins og annarra launamanna. En yfirmenn á skipunum mundu fá sitt kaup verulega hækkað. Skipstjórar á þessum skipum, sem hafa um 100 þús. kr. tekjur á ári, mundu komast upp í 200 þús. kr. tekjur samkv. þessu frv., miðað við eðlilegan rekstur skipanna, vegna þess að þeir taka sitt kaup prósentvís af verðmætisframleiðslu skipanna. Þetta mundi breikka bilið gífurlega milli undirmanna og yfirmanna á þessum skipum, sem gæti ekki leitt til annars en þess, að undirmenn á skipunum mundu reyna á eftir að knýja fram nokkra breyt. á sínum launum til hækkunar. M. ö. o., þessar stórvægilegu breyt. mundu valda, eins og sakir standa, misræmi þarna, en hitt væri miklu eðlilegra, að hlutfallið á milli yfir- og undirmanna á skipunum héldist nokkurn veginn eins og það hefur verið ákvarðað í samningum þeirra á milli.

Ég skal svo láta staðar numið að sinni með aths. við þetta. Ég játa fyllilega, að þörf er allstórra aðgerða í sambandi við okkar atvinnu- og fjárhagsmál. Og það gæti vel komið til þess, að það reyndist óhjákvæmilegt, að launastéttirnar yrðu þarna aðilar að að einhverju leyti, ef mjög erfiðlega gengi með rekstur okkar atvinnutækja. En sú leið, sem hér er stungið upp á, að leysa þetta vandamál einhliða á kostnað launastéttanna, en hreyfa ekki við öðru í þjóðfélaginu, og sú leið, sem farin er í þessu efni, að dylja fram á síðustu stund þær aðgerðir fyrir samtökum launaflokkanna, sem hugsað er að fara í þessum efnum, og ætla síðan að setja saman ríkisstjórn í andstöðu við þessi sterku samtök, það boðar ekkert gott. Sú sjálfsagða leið og eðlilega, sem átt hefði að fara, ef eitthvað mikið átti að gera, var að leita eftir drengilegu samstarfi við samtök vinnandi fólks í landinu um það, hvernig ætti að leysa þessi mál, en ekki að ætla að leysa þau með ofbeldisráðstöfunum og þeim að óvörum að öllu leyti, sem þessar ráðstafanir koma harðast niður á, eins og mér skilst að meiningin sé með þessu frv., eins og það hefur að borið og eins og það hefur verið lagt hér fyrir.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum og settist á þá rökstóla, sem hún er nú að yfirgefa, var því heitið, að það mundu verða gerðar ráðstafanir til þess að koma bátaflotanum af stað, og enn fremur yrðu lagðar fram till. til varanlegrar úrlausnar fyrst og fremst á vandamálum þeim, sem bátaútvegurinn hefur átt við að stríða árum saman og hafa átt sinn stóra þátt í því að koma útvegsmönnum á kné. Fiskábyrgðarlög voru hér fyrst samþ. á þinginu 1946. Og það hefur nú komið í mitt hlutskipti, síðan farið var út á þá braut, að standa áveðurs í þeim efnum að hafa með að gera höfuðframkvæmd á fiskábyrgðarlögunum, og lengst af líka að skipa sæti fjmrh. á þeim tíma. Ég hef því fundið ákaflega vel, hvaða þungi hefur lagzt á ríkissjóðinn og fyrirsvarsmenn ríkisins í sambandi við þessa aðferð, að halda bátunum gangandi með ábyrgð frá ríkinu. Hæstv. fjmrh. lýsti því í sinni ræðu, hve undanfarið hefur farið mikið í það að standa undir þessum ábyrgðum: 1947 24,2 millj. kr., 1948 25 millj. kr. og 1949 37 millj. kr. Og áætlað er, miðað við sama áframhald í þessu efni, að ef fiskábyrgðin ætti að standa til 15. maí, þótt ekki væri lengur, og gert væri ráð fyrir meðalveiði, þá yrði það allt upp í 45 millj. kr., sem af hendi þyrfti að inna upp í fiskábyrgðina, en ef um allt árið væri að ræða, þarf varla að gera ráð fyrir minnu á yfirstandandi ári í þessu skyni en 70 millj. kr. — Í sambandi við allt þetta hefur svo öðrum þræði verið varið mörgum tugum milljóna til þess að reyna að standa á móti verðbólgunni með því að greiða niður nauðsynjavörur innanlands. — Og nú býsnast allir yfir því, hvað afkoma ríkissjóðs hefur orðið bágborin. En þegar sú hliðin er rædd, þá seilast sumir til þess að bera þeim á brýn þessa afkomu, sem fyrir atburðanna rás hafa orðið að standa í framkvæmdunum, en gleyma, eða vilja loka augunum fyrir ábyrgð þeirrar stofnunar, sem hefur staðið fyrir þessu, sem er hæstv. Alþ. sjálft. — Ríkisstj. hefur leitazt við að inna af hendi þau verk, sem hún batt sig við að framkvæma.

Ég hafði ekki hugsað mér að hafa mig mikið í frammi við afgreiðslu þessa máls, sem hér liggur fyrir. En ég hafði mest á hendi að halda uppi málsvörn fyrir ríkisstj., þegar fiskábyrgðarlögin voru sett hér í vetur. Og mér er það vel í minni, að þegar ríkisstj. vildi viðhafa þá varúð að gera ráð fyrir því, að það gæti svo farið, að ráðstafanir, aðrar en bein ábyrgð á fiskverði og greiðsla úr ríkissjóði vegna ábyrgðarlaganna, næðu ekki lögfestingu — þegar ríkisstj. vildi gera ráð fyrir þessum möguleika og til varúðar fór fram á það við hv. alþm., að þeir samþ. fjáröflun í því skyni, þá var það algerlega fordæmt, og mest af þeim hv. þm., sumum hverjum, sem nú fordæma það bjargráð, sem felst í því frv., sem nú er verið að ræða. Það er að vísu gott að segja sem svo, að það væri heppilegra — eins og sá hv. þm. sagði, er síðast talaði hér — að halda ríkisábyrgðunum og sleppa þessari leið, sem hér er í frv. lagt til að leggja út á. En til þess að vera sjálfum sér samkvæmur, hefði þá sá hv. þm. ekki átt að vera á móti því, að ríkissjóði væri gert fært að standa við skuldbindingar sínar í því efni. Og hann er ekki einn um það. Það var yfir höfuð algerlega komið í veg fyrir það í vetur, að hægt væri að halda áfram ríkisábyrgðinni, og það var gert með því að fella till. ríkisstj. um fjáröflun til þess að standa við hana. Sé bátaútveginum, eins og

hv. 2. landsk. þm. vildi reyna að sýna fram á, ekki næg hjálp í þeirri gengisbreyt., sem hér er fitjað upp á, þá verð ég að segja það, að bátaútveginum er heldur minni hjálp, og næsta lítil hjálp í því að búa við ríkisábyrgð, sem engar líkur eru til, að ríkið gæti staðið við. Við höfum á undanförnum árum reynt að fara þessa leið, að halda uppi útveginum með beinum gjöldum úr ríkissjóði, til þess að standa undir mismuninum á milli framleiðsluverðs og söluverðs. Ég veit bezt, hve mikið það hefur kostað af umhyggju og erfiði hjá fiskábyrgðarnefnd, hjá Sölumiðstöðinni, hjá Samb. ísl. fiskframleiðenda og loks hjá sjútvmrn. að streitast við að koma framleiðslunni á markað við verði, sem krefðist sem minnstra fórna úr ríkissjóði. Ég held, að ég geti rauplaust sagt, að í því efni hafi verið gert allt, sem hægt var að krefjast af þeim, sem fyrir þessu stóðu. Þrátt fyrir þetta horfum við á það, að mörgum tugum milljóna hefur orðið að fórna á hverju ári úr ríkissjóði til þess að uppfylla skuldbindingar gagnvart útvegsmönnum og hraðfrystihúsunum o. s. frv. Og þegar hæstv. Alþ. er komið á það stig, eins og í vetur, að neita ríkisstj. blátt áfram um tekjuöflun til þess að standa undir ríkisábyrgðinni, þá finnst mér það vera harla óskynsamlegt að vera að gera því skóna, að hún gæti haldið áfram á þeirri braut. Sjálfir vitum við vel, að sú leið hefur verið farin eins lengi og nokkur von hefur verið til og lengur heldur en fært hefur verið. Það er þess vegna og hefur verið aðkallandi og brýn nauðsyn að gera aðrar ráðstafanir, til þess að halda framleiðslunni gangandi, heldur en að leggja enn þannig fram fé úr ríkissjóði. — Sú leið, sem hér er lagt til, að farin verði, gengisbreytingarleiðin, hún er ekki neitt, sem alveg hafi komið yfir menn eins og skúr úr heiðskíru lofti. Það er lengi búið að liggja í loftinu, að að þessu ráði yrði að hverfa. Það hefur verið rætt í blöðum, á fundum og jafnvel verið um það talað við sjálfar alþingiskosningarnar á s. l. hausti, og þetta var ein sú leiðin, sem mjög kom til álita þá. Það er þess vegna alls ekki rétt að halda því fram, að hér sé verið að koma með eitthvað verkalýðssamtökunum og launastéttasamtökunum nýtt mál eða þeim að óvörum. Það er fjarri því. Þetta frv. er mjög vandlega íhugað, og mikil vinna hefur verið í það lögð. Og það hafa sannarlega verið til þess kvaddir hinir beztu menn, fyrir atbeina ríkisstj., bæði til þess að finna út ráðin, sem frv. bendir á, og semja grg. frv. og til þess að semja frv. sjálft. Þar að auki hafa vikum saman staðið fundarhöld með þessum mönnum og hver einstakur liður frv. verið ræddur. Þrátt fyrir þetta er svo að skilja, sérstaklega á hv. 2. landsk. þm. (LJós), að það hafi verið ætlazt til, að inn í þetta mál væri fléttað öllum mögulegum atriðum. Þetta er ekki í frv., sagði hv. þm. Og hitt er ekki í frv., sagði hann líka. Og hvað þýðir að koma með frv., sem þetta vantar í og hitt? — o. s. frv. Svona útúrdúrar eru næsta broslegir í þessu máli. Og það mætti æra óstöðugan, held ég, í sambandi við flestöll stórmál, ef alltaf ætti að benda á, að það ætti að grípa inn á þessu sviðinu og hinu sviðinu o. s. frv. Í frv. er, að mínum dómi, farið inn á þau nauðsynlegu svið, sem þarna er um að ræða, gengisbreytinguna og að draga úr áhrifum hennar á sjálfa dýrtíðina, eftir því sem unnt er, t. d. með því að byrja á að lækka tolla, eins og hér er lagt til. — Þá er í frv. eitt atriðið sú merkilega viðleitni að reyna að finna leið til þess, að launastéttirnar beri ekki svo skarðan hlut frá borði, að þær geti ekki við unað. Á það hefur verið bent undir umr., að hin mikla þjóð, Bretar, sem gerðu gengisbreyt. á sinni mynt fyrir skemmstu, hafi ekki farið út í þá sálma að tryggja verkamönnum og launþegum uppbætur til að minnka kjaraskerðingu gengisbreytingarinnar, heldur hafi þeir beinlínis bannað kauphækkanir í sambandi við sína gengisbreyt. Hér er lagt til alveg það gagnstæða, að bæta mönnum þessa kjaraskerðingu, sem þessi löggjöf kann að leggja á herðar þeim. — Þá er enn fremur lagt til að bæta sparifjáreigendum þeirra tjón að einhverju talsverðu leyti með framlagi á 10 millj. kr. Og verður það þó ávallt talsvert spursmál, hvernig það tjón skal meta, ekki sízt þegar þess er gætt, að í raun og veru er þessi gengisbreyting eða skerðing krónunnar fyrir löngu byrjuð og komin mjög langt á veg, svo að það er, eins og hæstv. landbrh. sagði, þannig, að hér er í raun og veru með þessu frv., hvað skerðingu krónunnar áhrærir, ekki gert annað en að viðurkenna þá staðreynd, sem nú liggur fyrir. Ég held líka, að það ætti að falla mönnum ákaflega vel í geð, sem þetta mál sjá og heyra og eru allajafna að finna að því, að ekki séu nógu háir skattar lagðir á þá, sem eitthvað eiga, að hér er einmitt farið út á þá braut að láta þá, sem sýnilega geta auðgazt við þessa gengisbreyt., þó að það sé ekki nema á pappírnum, fasteignaeigendur, líka bera sinn hluta af byrðunum. Það er því langt frá því, að hér sé verið blátt áfram með skerðingu krónunnar og ekkert annað, eins og nú var síðast haldið hér fram.

Það er dálítið einkenni, finnst mér oft, sem ber á, þegar eitthvað á að gera hjá okkur Íslendingum, að menn vilja gjarnan gera allt í einu og finnst lítið til koma, ef ekki er hægt að grípa yfir og grípa inn á öll möguleg svið svo að segja í einu lagi. Og þetta hefur líka, í gagnrýninni á þetta frv., komið í ljós. Einn einasti af andmælendum frv. hefur bent á aðra leið, sem hann teldi, að hann, og að mér skildist jafnvel hans flokkur — það var hv. 8. landsk. þm. — vildi fara. Og það var að þjóðnýta útflutnings- og innflutningsverzlunina. Ég ætla ekki að fara að leggja neinn dóm á, hvernig afleiðingin af því yrði. En ég bendi bara á, að undir þessari gagnrýni hefur aðeins verið bent á þetta eina úrræði, en önnur úrræði hafa hér ekki verið talin, svo að ég hafi eftir tekið.

Bátaútvegsmenn hafa árum saman átt við erfiðleika að stríða. Við erum búnir að lýsa því. Og við erum búnir að horfa á það. Við höfum setið á Landssambandsþingi og rætt það þar. Og við höfum rætt það á Alþ. Allir telja

sig fúsa til þess — og eru víst, hver eftir sínu viti — að vilja létta þá erfiðleika. Og þess vegna fór þingið á sínum tíma út á ríkisábyrgðarbrautina. Ég hef þráfaldlega bent á það, sem allir vita, að á undanförnum árum hafi bátaútvegsmönnum verið mismunað stórlega í því, að þeirra gjaldeyrir hefur verið af þeim tekinn við of lágu verði og hann afhentur öðrum aðilum, sem hafa haft vissa hagnaðarvon fyrir hverja krónu af gjaldeyrinum, sem þeir hafa fengið keyptan, og að þarna hefur legið ein höfuðmeinsemd bátaútvegsmanna, atvinnulega séð. Og það er kominn fyllilega tími til þess að fara að viðurkenna það með breyt. á genginu, hversu rangt hefur verið farið að við þessa stétt manna í landinu. — Það getur vel verið, að það verði fleiri en hv. 2. landsk. þm., sem síðast talaði hér nú, sem segja það með honum, að þeir vildu heldur hafa ríkisábyrgðina heldur en gengisbreytingu. — Ástæðan er ekki einvörðungu sú, að reikningslega geti þetta komið svipað út. Hún er miklu fremur sú, því miður, að við ríkisábyrgðina hefur smám saman dofnað ábyrgðartilfinning útgerðarmanna. Við erum komnir langt á leið með að ala þá og hraðfrystihúsaeigendur og saltfiskseigendur upp í þeirri trú, að þeir þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að koma vörum sínum í verð, það verði fyrir því séð af Alþingi að láta báða enda mætast. Mér liggur við að segja, að milljónirnar, sem ríkissjóður hefur varið eða landsmenn hafa varið á undanförnum árum til að feta þessa leið, þessa uppbótarleið, þær séu smámunir einir samanborið við þann skaða, sem sá hugsunarháttur veldur hjá framleiðendum í landinu, að þeir þurfi sjálfir ekki að sjá fyrir sínum hagsmunum. Sá hugsunarháttur er eitthvað það alvirkasta til þess að koma af stað stórkostlegri hnignun í þeim atvinnuvegi, sem við tengjum mestar vonir við og gjaldeyrisöflun okkar er að mestu leyti eða nærri því að öllu leyti á að byggja.

Það er svo sem auðvitað mál, að frv. eins og þetta, sem hér liggur fyrir, er ekki svo fullkomið, þó að það sé af lærðum mönnum undirbúið og vel til þess vandað, að ekki megi segja, að eitthvað geti verið öðruvísi en í því stendur, og ég skal t. d. viðurkenna þá gagnrýni, sem hér kom fram, að ekki sé séð fyrir því eins og skyldi í þessu frv., að skipting tekna á togurunum sé í réttu hlutfalli, ef gengisbreytingin verður samþ. En þetta hefur komið til tals, og það hefur verið talað um, að það væri vel til athugunar, þegar málið kæmi í n., að gera breyt. þar á, þannig að það mætti betur fara.

Það er svo t. d. með markaðsmöguleika og því um líkt, að þeir, markaðsmöguleikarnir í útlöndum fyrir íslenzkar sjávarafurðir, þeir taka ávallt breytingum. Þeir hafa tekið breytingum, og þeir munu halda áfram að gera það. Ég skal fyllilega kannast við það, að nú sem stendur eru markaðsmöguleikarnir slæmir, það er mjög alvarlegt útlit víða, þar sem við höfum áður selt afurðir okkar, mjög alvarlegt útlit. En þetta útlit og þessir örðugleikar eru allajafna til staðar, þó að engin gengisbreyting ætti sér hér stað. En að því leyti sem þessir örðugleikar stafa af því, að við erum ekki samkeppnisfærir með verð, þá stöndum við vitaskuld miklu betur að vígi, ef þetta frv. yrði samþ., ég segi, að svo miklu leyti sem örðugleikarnir stafa af því, að við erum ekki samkeppnisfærir enn. En um markaðsmöguleikana er það að segja, að þar stöndum við nú gagnvart því sama sem átti sér stað, þegar ófriðurinn 1914—18 tók enda. Þá kom, að vísu ekki strax, en nokkru síðar, ákaflega mikið á markaðinn frá öllum þeim löndum, sem framleiddu matvöru. Þetta ástand hélzt svo, að vísu nokkuð breytt, en var þó alltaf erfitt viðfangs, allt þar til ófriðurinn hófst 1939. Ástæðan er sú, að matvöruframleiðslan í heiminum eykst á friðartímum, og þar af leiðandi er meira framboð á markaði af ýmsum fæðutegundum en þegar þjóðirnar eru aðþrengdar. Þetta er hlutur, sem, hvernig sem allt veltist, verður að horfast í augu við, og það hefur ekki verið gerð nein tilraun af hálfu þeirra, sem hafa mælt fyrir þessu frv., að draga neina fjöður yfir þetta, né heldur því haldið fram, að slíkir markaðsörðugleikar séu ekki fyrir hendi, þó að gengisfelling væri gerð á íslenzkri krónu.

Þegar svo menn hefja þennan söng, þennan barlómssöng yfir afleiðingum slíkrar gengisbreytingar sem hér er, afleiðingunum af henni fyrir launastéttirnar, sem kallað er, og eftir því sem hér var upplýst við umr., — þá ná þær yfir allmikinn fjölda landsmanna, — þá vil ég bara segja það, að ef þrengt væri mjög að kosti launastéttanna með þessu frv. eða þeirra hagsmunir stæðu í mikilli hættu, í hvaða hættu álíta menn þá að þessum hagsmunum sé stofnað, ef framleiðsla landsmanna til sjávar fer í kalda kol? Og hún er á hraðri leið að gera það að óbreyttum aðstæðum. Hvaða atvinnu mundu þá launastéttirnar hafa, þegar til lengdar lætur?

Hæstv. landbrh. sagði réttilega, að þetta mál væri ekki til þess að gera að flokksmáli eða stéttarígsmáli. Ég er þar alveg sömu skoðunar. Málið á að vera hafið yfir allan slíkan ágreining, því að hér er um það að ræða, hvort þingið vill hafa hreinskilni og djörfung til að horfast í augu við það ástand, sem nú er í atvinnumálunum, og vill leggja sitt lið til að forðast atvinnuleysi og örbirgð hjá þjóðinni. Það er ekki tímabært að vera að sendast á um það kveðjum og hnútum, hvort hér sé um skerðingu, kjaraskerðingu eða einhverja skerðingu að ræða. Það, sem hér er um að ræða, er að gera það, sem nauðsynlegt er til að halda atvinnulífinu gangandi, eða láta það ógert og láta atvinnuna sofna út af. Menn horfa á, að það er búið að binda marga af gömlu togurunum. Menn vita, að líklegt er, að hver einasti af nýsköpunartogurunum er rekinn með tapi. Hvað halda menn, að slíkt geti gengið lengi? Ég talaði í síðustu viku við ýmsa togaraeigendur, sem sögðu, að þeir vissu ekki, hvort þeir kæmu skipinu út þennan túrinn eða hinn. Það er þakkarvert, að við höfum ekki

orðið enn þá fyrir meiri áföllum af dýrtíðinni í landinu en orðið er. Við höfum borið gæfu til þess að halda atvinnulífinu nokkurn veginn við. Þrátt fyrir allan áróður á þær ríkisstj., sem setið hafa að undanförnu, þá hefur þetta þó gengið þannig til, að enn þá höfum við þó getað forðazt atvinnuleysi, að vísu með stórum fórnum. En við getum ekki fórnað hvað eftir annað sömu fjárhæðunum. Það er komið að því, að ríkissjóður getur ekki staðið við ábyrgðarskuldbindingar gagnvart bátaútveginum nema með því að skattpína miklu meira en hingað til hefur orðið að gera gjaldendur í þjóðfélaginu. Og þegar svo er komið, þá verður að fara að leita að annarri leið. Sú leið liggur hér fyrir. Hún er ekki allsherjar lækning á öllum meinum, og hún sér ekki við hverju einu, sem fyrir getur komið, en hún er að beztu yfirsýn þeirra manna, sem hafa fjallað um þetta mál, og hún er í vitund margra manna, sem sökum fyrri fullyrðinga sinna þora ekki að fylgja henni hér á þingi eða öðrum opinberum vettvangi, nú skásta leiðin út úr ógöngunum. Það er enginn, sem mælir fyrir þessu máli, að tala um, að hér sé verið að flytja eitthvert fagnaðarerindi. Það vita allir, að við erum með neyðarráðstöfun, og neyðarráðstafanirnar geta verið fleiri en ein og fleiri en tvær. En það hafa verið athugaðar þær leiðir, sem menn hafa álitið að helzt kæmu til greina í þessu efni. Niðurstöður af þeim athugunum liggja hér fyrir, og er þetta talin einasta færa leiðin, eins og stendur. Enginn, sem hefur mælt á móti frv., hefur getað afsannað þetta með neinum rökum. Ég held þess vegna, að það sé nauðsyn fyrir Alþingi að horfast í augu við það, að við eigum ekki að velja milli annars en hruns og atvinnuleysis eða þá bjargráða, sem geta leitt okkur á leið út úr ógöngum, þó að eitthvað megi að þeim leiðum finna og að einhverju leyti þurfi að breyta því frv., sem hér liggur fyrir, — þó ekki í neinum meginatriðum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af því, að mér finnst ég ekki geta látið frv. fara svo í gegnum þessa umr., að ég segði ekki nokkur orð um það, einkum eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, þar sem á tvennan hátt hefur verið gerð grein fyrir því gagnvart launþegum, þar sem í öðru lagi er verið að kjassa þá með því að segja, að þetta kæmi ekki niður á þeim, heldur væri vel séð fyrir þeirra hlut, en í öðru lagi verið að ógna þeim, ef þeir tækju því ekki þegjandi og hljóðalaust.

Það hefur fyrr verið á ferðinni frv. um gengislækkun, en útkoman hefur orðið sú, að það hefur aldrei fyrr verið talað um, að gengislækkunin væri ekki í raun og sannleika mest kjaraskerðing á launþegana og fórn frá þeirra hendi, og meira að segja 1939 var margsinnis lýst yfir í umr. á Alþingi, að það væri ekki til neins að vera með gengislækkun, ef kauphækkanir fylgdu á eftir, m. ö. o., að gengislækkunin væri alveg út í bláinn, ef launþegarnir fengju það upp borið, sem gengislækkuninni næmi. Og þegar farið var svo að bæta upp gengislækkunina, þá var ekki komizt lengra en það að borga á lægstu laun 80% og minna þeim, sem voru hærra launaðir. Nú er komið með gengislækkun, sem sagt er að sé engin árás á launþegana. Undanfarið, þegar verið var að ráða þessum ráðum af mönnum, sem höfðu litla þjóðfélagsþekkingu, og þeir þurftu að útbúa nýtt „patent", þá fengu þeir menn vestan úr Ameríku til að koma hingað heim til að reikna „lífsstandard" íslenzku þjóðarinnar og að hann væri ekki skertur, þó að gengislækkun kæmist á, heldur héldi hún honum uppi.

Það hefur verið tekið fram, að það eigi að umreikna vísitöluna, og hv. 8. landsk. og fleiri hafa haldið fram, hvernig sú breyt. yrði. Undanfarin ár, þegar vísitalan hefur verið reiknuð út, hafa launþegarnir barizt fyrir því, að tekið væri þar tillit til húsaleigunnar. Öll þessi ár hefur verið látin gilda vísitala, sem hefur verið miðuð við hús, sem voru byggð fyrir 1945. Nú á að taka tillit til húsaleigu í húsum, sem hafa verið byggð eftir 1945, og þá á að fara eftir mati. Ég geri ráð fyrir, að þá yrði miðað við, að 3 herbergja íbúð fyrir 5 menn yrði virt á 700—800 kr. Hvað gerir þetta? Það eru ⅔ hlutar af kaupi verkamanns í Dagsbrún. Nú á að setja þessa húsaleigu inn í vísitöluna. Afleiðingin verður sú, að útlenda varan, sem hingað til hefur haft svo mikil áhrif á vísitöluna, gildir þar nú miklu minna en áður. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að ef útlendar vörur hækka um t. d. 20—30%, þá hafa þær ekki tilsvarandi áhrif á vísitöluna. Þannig mundi vísitalan ekki hækka að sama skapi og þessar vörur kynnu að hækka. Þetta vita þeir vel, sem eru að semja þetta. Hæstv. fjmrh. sagði, að menn fengju hækkunina uppborna með hækkaðri vísitölu, en hann bara trúði því ekki sjálfur, því að hann sagði rétt á eftir, að ef verkalýðurinn sætti sig ekki við þetta, þá væri hann að búa til vopn, sem hann gæti sviðið undan. En hvers vegna skyldi verkalýðurinn fara að rísa upp á móti þessu, ef hann tapar ekki neinu? Og svo er annað. Þeir segja, að verkalýðurinn megi vera ánægður, kaupið sé ekki lögbundið, hann megi hækka kaupið. En það er eins og komið sé í þetta einhver amerísk hugsun, því að ef verkamenn hreyfa sig, þá er ekki annað en að segja: Landsbankinn getur ekki meira. Ríkisstj. getur ekki meira. — Þannig er það, að ef menn hreyfa sig, þá er þetta „patent" til.

Formælendur þessa frv. hafa látið þess getið, að það hafi verið fyrir nokkrum vikum afhent lýðræðisflokkunum og nokkrum lýðræðislegum félagssamtökum til athugunar. Nú skal ég ekki segja, hvort þessir hv. þm. telja verkamannafélagið Dagsbrún til þeirra félaga, sem sé lýðræðislega stjórnað, en svo mikið er víst, að það hefur ekki þótt taka því að senda það til verkamannafélagsins Dagsbrúnar, þó að öll undirstaðan undir þessu sé miðuð við það, því að það eru einu launþegasamtökin, sem eru nefnd í þessu frv.

Ég ætla að enda þessi orð með því að taka

undir orð hv. þm. A-Húnv., að hann væri viss um, að þjóðin mundi skilja þetta, að þjóðin hefði vaxið það að vizku og þekkingu, að hún mundi skilja þetta mál. Og ég ætla að enda ræðu mína með því að láta í ljós þá trú, að allir launþegar skilji það.

Eysteinn Jónsson: Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) — ætla ég — , hann sendi mér hér tóninn í kvöld út af einu atriði sérstaklega; hann spurði út af því, sem ég hafði rætt um nauðsyn á íbúðarhúsabyggingum og á því, að þar væri haganlega á haldið og enn haganlegar en verið hefði og að það væri látið sitja fyrir að byggja smáíbúðir, til þess að hægt væri að sýna meiri árangur en ella í baráttunni við húsnæðisleysið, án þess að leggja í meiri framkvæmdir í heild en fært væri vegna efnis og vinnuafls, — í þessu sambandi spurði hv. þm. mig um það með nokkrum þjósti, hvað ég hefði gert í þessum málum, þegar ég sat í ríkisstj. nú síðast. Ég vil aðeins benda honum á, að sú ríkisstj. gerði fyrst ráðstafanir til þess að koma á stað fjárfestingareftirliti, í stað þess að áður var það ekki til. Á dögum stjórnar þeirrar, sem fulltrúar úr flokki hv. 2. þm. Reykv. áttu sæti í, máttu menn byggja eins og þeir vildu, eyða efni eins og þeim sýndist og sóa vinnuafli eins og þeim gott þótti. Á þeim árum var byggt svo mikið af lúxushúsnæði, að ef það fé, sem þannig var varið í óþarfabyggingar, hefði verið sparað og það efni og það vinnuafl notað í annað, þá hefðu engin húsnæðisvandræði þurft að vera hér til. Þetta er sagan af afskiptum flokksbræðra hv. 2. þm. Reykv. af þessum málum, þegar þeir voru þar ráðandi. En í tíð fyrrv. stjórnar var breytt um stefnu og bannað að byggja lúxusíbúðir, og fyrir bragðið hefur verið hægt að byggja miklu meira af hagkvæmum íbúðum en annars hefði verið. Læt ég svo þetta nægja um það, sem þessi hv. þm. vék að mér.

Hv. 2. landsk. þm. talaði hér í kvöld. Ég ætla ekki að svara því, en varð undrandi á því að hlýða á þá ræðu. Hann sagði — og var mjög daufur í dálkinn — orð eins og þau, að útgerð nýsköpunartogaranna væri vonlaus, og manni skildist, að það væri sama hvað gert væri í þá átt að rétta þar til hjálparhönd, allt væri vonlaust. Það kveður nú nokkuð við annan tón hjá þessum þm. en áður hefur verið, og mætti þar nú fyrr rota en dauðrota. — Ég gat ekki stillt mig um að benda á þetta, en annars finnst mér ræða hv. þm. haldin til þess að reyna að leyna því, hve ánægður hann væri með það í raun og veru, ef gengið yrði lækkað. Mér fannst bara hv. þm. ganga heldur illa að skilja það áður fyrr.

Ég vildi svo að lokum segja nokkur orð út af ræðum ráðherra þeirra tveggja, sem talað hafa. Þeir hafa sagt, að það væri illa til fallið að hnýta inn í þetta mál þrætumálum að óþörfu, og var því sérstaklega haldið fram af hæstv. landbrh. Ég held, að þessir ráðh. verði að endurskoða þennan hugsunarhátt sinn og veita enn meiri athygli en þeir hafa gert, að gengislækkunin er ekki nema einn liður í þeirri stefnu, sem framkvæma verður, ef vel á að fara og hún á að koma að nokkru gagni. Þessir ráðh. hafa verið að tala um það, að í frv. væri nú sitt af hverju tiltekið, sem þyrfti að vera. En þessir ráðh. mega ekki álíta, að þeir séu óskeikulir eða hafi einir leyfi til að hafa skoðanir um það, hvað nauðsynlegt sé að gera, um leið og gengislækkun verði framkvæmd, ef vel eigi að fara, né heldur geti tekið sér það vald að álíta, að það, sem þeir hafa sett í frv., sé nákvæmlega það, sem þar eigi að vera, og það, sem menn kunni að stinga upp á þar fram yfir, sé gert til þess að draga óviðkomandi deiluatriði inn í málið, eins og þeir hafa minnzt á. Ég held, að það sé nauðsynlegt að endurskoða þetta gaumgæfilega og gera sér grein fyrir því, að málið er talsvert viðtækara en frv. gerir ráð fyrir.

Þá sagði hæstv. landbrh., að ekki hefði verið vit í því fyrir stjórnina að biðjast lausnar, þegar hún varð sammála um, hvað fyrir skyldi leggja og hvaða úrlausnir væru heppilegastar. Þetta sýnist mér benda á algeran misskilning hjá ráðh. Ég skal ekki fara langt út í það, því að ég ræddi það hér í dag, en mér sýnist, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að afhenda þinginu umboð sitt, þegar hún sá, að hún gat ekki tryggt þessu máli fyrir fram stuðning í þinginu, og hefði hún þá gert málinu meira gagn, þannig að það gæti þá vigtað sig, hvort ná mætti samtökum innan þingsins um að tryggja málinu framgang. Landbrh. sagði, að þessi hugsunarháttur væri hneyksli og byggðist á þeim misskilningi, að ekkert stórmál mætti leggja fyrir Alþ. án þess að um það væri makkað áður milli flokka. Þetta er misskilningur hjá landbrh., að þessi skoðun mín sé byggð á þessu, heldur byggist hún á því, að þessi úrlausn, þessi stórfellda gengislækkun, er svo sérstaks eðlis, að hana á ekki að leggja fram, nema vitað sé um örlög hennar fyrir fram, þar sem hún getur haft mikil áhrif á allt fjármálalíf þjóðarinnar. Þessi ráðstöfun hefur því sérstöðu að þessu leyti, að ganga þarf í það fyrir fram að vita, hvort hún hefur stuðning eða ekki, og á þetta ekkert skylt við það, að ekkert stórmál megi leggja fram áður en makkað hafi verið um það fyrir fram. Þetta vildi ég aðeins taka fram að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að hæstv. ríkisstj. hefði einnig haft það í hyggju, að það væri ábyrgðarlaust af hennar hendi að stofna til stjórnleysistímabils með því að segja af sér án þess að vita, hvað við tæki. Þess þurfti nú ekki við, því að það var hægt að mynda ráðuneyti í staðinn. En þó að það hefði ekki verið hægt, er þessi skoðun ráðh. byggð á algerum misskilningi, byggð á þeim misskilningi, að hann virðist ekki hafa áttað sig á því, að í landinu er algert stjórnleysi og gæti ekki fullkomnara verið en það er. Sjá menn þetta bezt af því, að ríkisstj. skuli hafa lagt út í að fleygja fyrir Alþ. öðru eins frv. og hér er á ferðinni, án þess að hafa tryggt sér nokkurn meiri hl. til fylgis við það. Slíkt getur ekki gerzt í landi, þar sem ekki ríkir algert stjórnleysi. Hér var

því ekki úr háum söðli að detta, og er það mikill misskilningur, að ekki geti ríkt stjórnleysi, þó að nafninu til ríki einhver stjórn. Hún stjórnar í raun réttri ekki landinu, og þá er stjórnleysi ríkjandi. Það er einmitt á þessu, sem ég byggði þá skoðun, sem kom fram í dag af minni hendi um, að það hefði verið skemmtilegra og betur viðeigandi fyrir hæstv. ríkisstj. að viðurkenna þetta með því að fara frá en að berja höfðinu við steininn og látast stjórna landinu, þegar hún sá það sjálf, að hún gat það ekki.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Mér þykir nú rétt, þótt hér séu orðnir fáir við og býsna framorðið, að segja fáein orð út af þessari síðustu ræðu hv. 1. þm. S-M. Hann minntist á það, að ekki væri viðeigandi af mér og hæstv. atvmrh. að minnast á, að það væri óviðeigandi að hnýta inn í þetta frv. heitum þrætumálum til að tefja fyrir framgangi þess, en þetta er einmitt það, sem virðist vaka fyrir þessum hv. þm., sem er einn þeirra manna hér á þingi, sem eru einna gjarnastir á það að vilja gera kaupskap um mál. Það er út af fyrir sig rétt, að í þessu frv. eru engan veginn allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera í þessu landi. Því fer ákaflega fjarri, enda þarf enginn að gera ráð fyrir því, þó að lagðar séu fram till. til þýðingarmikillar úrlausnar á vandamálum þjóðfélagsins, að inn í þær séu sett ákvæði um öll þau deilumál, sem fyrir liggja. En sízt af öllu er það viðeigandi að vilja hnýta inn í slíkt frv. málum, sem mest hefur verið deilt um undanfarið, eins og hugmyndin virðist vera hjá hv. 1. þm. S-M., en það mundi tefja mjög afgreiðslu og framgang málsins. Viðvíkjandi orðum hans um afstöðu núverandi ríkisstj. skal ég taka þetta fram: Hann heldur því fram, hv. þm., að ríkisstj. hefði átt að segja af sér, einmitt á þeim tíma, sem hún hafði komið sér saman um till. til úrlausnar á stærsta vandamáli þjóðarinnar og þorði að standa við þær og fylgja þeim eftir og þorir þannig það, sem aðrir hafa ekki þorað, því að svo róttækar úrbótatill. hljóta alltaf að hafa einhverjar óvinsældir í för með sér. En það hefði sannarlega verið að fara aftan að siðunum, ef ríkisstj. hefði þá sagt af sér, eða eins og hv. 1. þm. S-M. orðar það, afhent umboð sitt Alþingi. Nú er það svo, að ríkisstj. hefur alls ekkert umboð frá Alþingi, því að hún er minnihlutastjórn, þ. e. a. s. hún er framkvæmdastjórn en ekki valdstjórn og situr fyrst og fremst til þess að sinna daglegum afgreiðslum og til þess að leggja þær till. fyrir Alþingi, sem hún telur réttastar og sanngjarnastar og hún álítur að ábyrgir menn innan Alþingis muni standa með. En það er nú svo með hv. 1. þm. S-M., að hann vill gera hvert mál að pólitísku braskmáli. Hann sagði áðan, að hér ríkti stjórnleysi, og má lengi deila um, hvenær það er og hvenær ekki. Það má t. d. segja, að um mörg undanfarin ár hafi ríkt hér stjórnleysi, þar sem orðið hefur að makka og semja um hvert einasta vandamál bak við tjöldin vikum og mánuðum saman, og oftast hefur það farið svo, að allir hafa haft ástæðu til þess að vera óánægðir með árangurinn, og svona verður þetta meðan ekki fæst starfhæfur meiri hluti á Alþingi. En nú er ástandið svo á Alþingi, eins og raunar var, er þessi ríkisstj. tók við, að menn hafa um það að velja, hvort þeir vilja heldur framkvæmdastjórn frá stærsta flokknum, sem hefur 28 þús. kjósendur á bak við sig, eða utanþingsstjórn með engan kjósanda á bak við sig. Annars kemur þetta frekar til umr., þegar rædd verður vantrauststill., sem hv. 1. þm. S-M. hefur flutt ásamt formanni síns flokks.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. var enn að reyna að klóra í bakkann út af því, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að sitja áfram, og sagði, að þetta hjá mér væri af því, að ég vildi gera öll mál að pólitískum braskmálum. Ég segi nú bara: Heyr á endemi! og ég leyfi mér að draga stórlega í efa, að hæstv. ráðh. tali hér fyrir hönd ríkisstj., en það er nú kannske af því, að engir af hæstv. meðráðh. hans eru hér til að gæta hans, og út af þessu vil ég benda á, að það var ekki ég, sem átti upptökin að því, að þetta mál var í athugun í nær 3 vikur. Það var að tilhlutan hæstv. ríkisstj. sjálfrar, og ef ekkert annað var rétt og heiðarlegt en skella þessu frv. inn í þingið án þess að tryggja því fylgi fyrir fram, eins og mér skildist á hæstv. landbrh., að rétt hefði verið, hvers vegna var það þá ekki gert strax, án þess að biðja um þessa athugun? Ég held, að þetta sé eitthvað farið að skekkjast í höfðinu á hæstv. ráðh., þótt varla sé ástæða til þess, þó að klukkan sé lítið eitt yfir miðnætti. Þá talaði hæstv. ráðh. um þá tilhneigingu mína og annarra vondra manna, að vilja hnýta inn í þetta frv. pólitískum deilumálum. Já, það er nú svo. Hvað er pólitískt deilumál? Hefur t. d. gengislækkun ekki verið talið pólitískt deilumál? Hvað á þetta gaspur og gambur hjá hæstv. ráðh. að þýða? Ef einhverjum dettur eitthvert atriði í hug, sem hann telur nauðsynlegt að gert sé samhliða gengislækkun, þá á það að vera að ófyrirsynju og hnýtt inn í frv. af stráksskap, þetta frv., sem hæstv. ráðherra finnst svo fullkomið, að þar megi engu við bæta, af því að hann sjálfur hefur átt þátt í að finna það upp. Þetta minnir mig á útvarpsfrétt, sem ég heyrði í dag, þar sem sagt var frá ræðu, sem Tito hafði flutt, er hann hélt því fram, að það væri ástæðulaust fyrir þá þar suður í Júgóslavíu að hafa aðra frambjóðendur en fulltrúa stjórnarflokksins, því að í honum væru hvort sem er allir, sem eitthvað vissu og gætu, en hinir væru bara aumingjar og hérvillingar, sem af fólsku sinni vildu bara hnýta einhverri vitleysu inn í gerðir stjórnarflokksins. Þeir ættu því hvergi nærri að koma. Þetta er eins með hæstv. landbrh. Hugsunarhátturinn er svona: Þetta er ekki pólitískt deilumál, af því að ég fann það upp. En ef einhverjum dettur í hug eitthvert nauðsynjamál til viðbótar, þá er það pólitískt deilumál, sem alls ekki kemur málinu

við. — Þetta minnir mig á Tito, og skal ég ekki fara lengra út í það.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Hv. 1. þm. S-M. spyr að því, hvers vegna samningar hafi verið reyndir um afgreiðslu frv. við aðra flokka og hvers vegna þeir hafi verið reyndir að frumkvæði ríkisstj. Þetta var gert til þess að reyna að tryggja sem skjótasta afgreiðslu málsins, en þegar búið er að sitja yfir þessu á þriðju viku og sýnt, að ekki er hægt að ná viðunandi samkomulagi, en hins vegar komið að þeim tíma, sem varanlegum úrræðum hafði verið lofað fyrir, þá var ekki hægt að bíða lengur. — Hv. þm. segir, að það sé ekki hægt að tala um, að ekki megi hnýta inn í þetta mál pólitískum deilumálum, svo sem stóríbúðarskatti og verzlunarmálunum, eins og mér virðist vaka fyrir honum, — að það sé ekki hægt að tala um þetta, af því að málið sjálft sé pólitískt deilumál. Út af fyrir sig er það satt, að gengislækkun er það, en það er svo stórkostlegt mál og ég vil segja neyðarúrræði, að það er aðalatriði málsins, og það er öllum kunnugt, að sízt mætti gera ráð fyrir því, að flokkur hv. 1. þm. S-M. snerist á móti því, þar sem gengislækkun var beinlínis stefnumál þeirra í síðustu kosningum, og því mátti gera ráð fyrir því, að þeir vildu taka í hönd ríkisstj. og samþykkja þetta mál, án þess að vilja hnýta þar inn í öllum öðrum þrætumálum, sem þeir hafa haft á oddinum, en það er það, sem nú er orðið ljóst af ræðum hv. 1. þm. S-M., og er það honum sízt til sóma, enda var þess ekki að vænta.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. heldur sig enn við þetta heygarðshornið, að málið sé um gengislækkun og þar megi ekkert annað vera en hæstv. ríkisstj. hefur sett, og það sé áreitni við málið og tilraun til að spilla því, að þar sé fleira tekið með. Hann má endurtaka þetta eins oft og hann vill, en það verður ekki til bóta fyrir málið og ekki til að sannfæra þá, sem hefur auðnazt að hugsa þetta skýrar en hæstv. ráðh. Svo belgir hann sig upp og er með ásakanir í garð minn og annarra fyrir það, að við séum svo fátæklegir og lágkúrulegir í hugsunarhætti, að við teljum að makka þurfi um öll stórmál, áður en þau séu lögð fyrir Alþingi. Nú hef ég sýnt fram á, að það var ríkisstj., sem stofnaði til þess, að makkað væri um málið í 3 vikur, og hæstv. landbrh. hefur játað að hafa sjálfur staðið að þessu makki, og má vel við una þessa játningu hæstv. landbrh.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram að lokum, að það er rangt hjá hv. 1. þm. S-M., að ég hafi játað að hafa staðið að makki um þetta mál. Enda þótt samninga væri um það leitað, átti ég engan þátt í því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 56. fundi í Nd., 28. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:9 atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 363, n. 405).

Skúli Guðmundsson: Það er um þingsköp, herra forseti, viðvíkjandi málinu, sem tekið er á dagskrá. Það liggur nú fyrir nál. frá hv. minni hl. fjhn. Hins vegar eru ekki komin álit frá hinum nm., meiri hl. n. Ég hefði þess vegna viljað fara fram á það við hæstv. forseta, að meðferð málsins yrði frestað, þar til nál. frá okkur liggur fyrir.

Forseti (SB): Hv. þm. V-Húnv. hefur nú óskað þess, að meðferð máls þessa verði frestað, þar til nál. liggja fyrir frá þeim hlutum fjhn., sem n. skiptist í í þessu máli og ekki standa að fram komnu nál. Það hafði verið tilætlunin nú að taka málið fyrir til 2. umr. og að framsögu lyki af hálfu þess hluta fjhn., sem hefur skilað áliti. Ég vil spyrja hv. þm. V-Húnv., hvort hann sætti sig ekki við það, og málinu mundi þá sennilega verða frestað strax þar á eftir, ef hv. þm. heldur fast við kröfu sína.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vildi nú leggja mjög ríka áherzlu á það, að þessu máli yrði ekki frestað svo að neinu nemi. En málið er, eins og öllum er kunnugt, búið að liggja fyrir Alþ. nú nærri hálfan mánuð, en áður en það var lagt fram á Alþ., höfðu tveir af þingfl., Framsfl. og Alþfl., haft málið lengi til meðferðar, sjálft frv. frá því 6. febr. s. l. og með grg. frá 16. febr. s. l. Ég held því, að það sé ekki hægt með rökum að mæla því í gegn, að flokkarnir hafi haft langan tíma til þess að athuga þetta mál. Og enda þótt allir viðurkenni, að slíkt stórmál þurfi gaumgæfilegrar íhugunar með, þá finnst mér, samt sem áður, að þessi tími ætti að nægja. — Hin hlið málsins er svo sú, að það er eðli málsins, sem kallar á skjóta afgreiðslu þess. Og það er nú þegar vitað, að margvísleg vandkvæði eru að skapast í íslenzku verzlunar- og viðskiptalífi, vegna þess að málið fæst ekki afgreitt. — Ég vil að sjálfsögðu ekki stofna til þess, að illdeilur hefjist um þetta, hvort málið fær þinglega meðferð við 2. umr. hér í kvöld. Og ég vil ekki mælast til þess, einkum ekki eftir það, sem hæstv. forseti hefur sagt, að hann beiti sínu forsetavaldi í þeim efnum. En mér finnst mjög sanngjarnt, að borin sé fram ósk, og að við henni sé orðið, um það, að málið verði þá ekki tafið lengur en til morguns, ef nauður þykir reka til að halda ekki áfram umr. nú í eftirmiðdag. Og ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. forseti geti orðið við þeim tilmælum. — Það er sagt, að hv. form. Framsfl. og ég séum ekki sammála um allt. Og það mun ekki ofmælt, þó að við séum oft sammála um margt, eins og margir vita. En ég held, að við höfum verið sammála um, að það væri hin mesta nauðsyn,

að þingið afgr. þetta mál tafalítið, svo að ég segi ekki meira. Og ég vil þess vegna leyfa mér að vænta þess, að sá hv. nm., sem hér bað um frestinn og er einn af hv. þm. Framsfl., geri ekki neinn leik að því að tefja málið frekar en þá til morguns, sem ég vil ekki setja mig gegn, ef hæstv. forseti — eins og mér nú heyrðist — hefur tilhneigingu til að verða við þeirri ósk.

Forseti (SB): Eins og hv. þm. hafa heyrt, er á það lögð mikil áherzla af hæstv. ríkisstj., að þessu máli verði hraðað. Sá háttur verður því á hafður, að að því leyti verður orðið við ósk hv. þm. V-Húnv., að málið verður nú tekið fyrir til 2. umr. og lokið framsögu þess hluta hv. fjhn., sem skilað hefur áliti, en umr. síðan frestað, þannig að öllum hlutum hv. fjhn. gefist tækifæri til þess að skila nál., og þá væntanlega fyrir næsta fund, sem yrði haldinn á morgun.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka fram í þessu sambandi, að ég hef ekki haft aðstöðu til þess, eins og hæstv. forsrh. lýsti yfir, að sjá þetta frv., hvorki frá 6. né 16. febr. s. l., og ég hef ekki haft aðstöðu til þess sem einn af fjhn.-mönnum að ganga í gegnum þetta frv. löngu áður en það var lagt fram fyrir þingið, og þá álitsgerð, sem fylgir því. En hitt verð ég að segja, að sú meðferð, sem þetta mál hefur hlotið enn þá í n., með þeim slæmu álitsgerðum, sem því fylgja, er þannig, að það er langt frá því, að meiri hl. n. hafi enn þá getað gengið í gegnum þetta mál eins og ber að gera, eins illa og það er undirbyggt. Ég hefði, a. m. k. fyrir mitt leyti hugsað mér, að það væri venja í fjhn. að gera málum, sem fyrir n. liggja, einhver skil. Og ég álít ákaflega erfitt að eiga að vera búinn að skila nál. á morgun. Hins vegar mundi ég reyna að skila áliti um helgina, þannig að ekkert væri í vegi á mánudag, að það lægi fyrir. En ég get ekki treyst mér til þess að láta það vera til á morgun.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er rétt, að Sósfl. fékk ekki málið jafnsnemma til athugunar og hinir flokkarnir. En málið var lagt fram á Alþ. 25. febr. Það er staðreynd, sem öllum er ljós. Og það var tekið fyrir 27. febr. Og ég dreg ekki í efa, að hv. 2. þm. Reykv. hafi nægа þekkingu í þessum efnum til þess að geta kynnt sér til hlítar frv. á þeim nær hálfa mánuði, sem nú er liðinn síðan frv. var lagt fram. Og ég hef enga von um, að þeir tveir dagar, sem hann fer fram á nú að fá frest um, geti riðið baggamun þar. — Það er svo ekki ástæða fyrir mig að deila við þennan hv. þm. um það, hvort þetta mál sé vel eða illa undirbúið. Ég hygg, að mál þetta sé venju fremur vel undirbúið og því fylgi ýtarlegri og betur rökstudd grg. en títt er um frv., sem lögð eru fram hér á Alþ. — Ég sé því ekki ástæðu til þess, að hæstv. forseti d. þurfi að gera sér miklar vonir um, að helgi sunnudagsins valdi því, að fjármálaandinn komi yfir þennan hv. þm., sem síðast talaði, svo að hans skilningur megi verða nægilega ríkur til þess að skilja í aðalefnum þau annars ekki mjög flóknu viðfangsefni, sem um er að ræða. Grg. frv. hefur hann náttúrlega marglesið. Og það er ekki af því að þetta mál sé út af fyrir sig svo þungskilið, að þessi hv. þm. þurfi lengri frest til athugunar á því, heldur er það hitt, sem til mála kemur, hvort menn vilja fallast á sjónarmið þess. Og það hafa menn haft nægan tíma til að athuga.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins viðvíkjandi þeirri röksemd, sem hæstv. forsrh. kom með um það, hvort nauðsyn væri á að fresta þessu máli, þ. e. 2. umr. þess, fram yfir helgi. Það er ekki spursmálið um skilning á frv., sem fyrir liggur, heldur hitt, að setja nál. svo fram, að meiri hl. hv. þm. geti skilið eitthvað af því, hvað þetta frv. er vitlaust, fái að vita í sem stytztu máli um vitleysurnar, sem í frv. koma fram. Þegar búið er að hrúga saman í mörgum liðum meira og minna vitlausri álitsgerð, sem fylgir þessu frv., þá tekur það nokkurn tíma að safna gögnum og meiri tíma en að setja á eftir saman álitsgerð. Og hæstv. forsrh. veit sjálfur, hversu langan tíma það hefur tekið að setja saman þá álitsgerð, sem hér liggur fyrir með frv., þannig að honum mætti vel vera það ljóst, að ef það verk væri ekki unnið eins vel og skyldi, þá þurfi lengri tíma til þess að setja nauðsynlegar upplýsingar og álitsgerð fram í því formi, að fyrir hv. þm. almennt sé það svo aðgengilegt, að þeir geti sett sig inn í það. Ég held því, að það sé rétt, að gengið sé út frá því, að þetta mál fái venjulega þinglega meðferð. Og mér sýnist, satt að segja, ekki, að það hafi verið höfð þau vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. í undirbúningi þessa máls í samstarfi við þingið, a. m. k. hvað okkar flokk snertir, að hún geti ætlazt til þess, að við séum búnir að athuga þetta mál nægilega. Hins vegar hef ég enga löngun til þess að tefja fyrir þessu máli. En til hins hef ég löngun, að e. t. v. væri hægt, þó að í stuttu máli væri, að reyna að gera í nál. hv. þm. sæmilega grein fyrir, hvað í þessu frv. felst, því að ég hygg, að það sé ákaflega fjarri, að þeir menn, sem undirbúið hafa þetta frv. að undirlagi hæstv. ríkisstj., hafi gert sér grein fyrir sjálfum vandamálunum. Og er þá mikið sagt um þá hagfræðinga, sem undirbúið hafa þetta frv. hér. Einn þeirra hagfræðinga kom á fund í fjhn., og þar var komið fram með rök, sem rifu niður alla álitsgerðina, — og hann gat ekki sagt neitt við því.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil ekki, að það standi ómótmælt, að þessi hv. þm., sem síðast talaði, beri hér á þá hagfræðinga, sem unnið hafa mest að þessu máli, að þeir skilji hvorki upp né niður í sínu áliti, ef hann meinar eitthvað af því, sem hann sagði nú síðast. En ég veit hins vegar, að hann er þeim ekki sammála í niðurstöðum þeirra. Ég þekki vel rök þessa hv. þm., — og hann þyrfti í raun og veru ekki beinlínis að segja neitt um það þess vegna. Ég gæti ósköp vel búið til ræðu fyrir hann, sem hann gæti flutt, og

þá tekið fram hans venjulegu orð um Unilever, um Marshall, auðvaldskúgun og hringa. Ég kann þetta allt saman utan að. En ég hef aldrei skilið neitt í þeirri vitleysu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins út af því síðasta, sem hæstv. forsrh. sagði. Mér þykir mjög leitt, að hann skyldi vera forfallaður, þegar mál þetta var hér til 1. umr. Og sú ræða, sem ég flutti við þá umr., var meira um það en nokkuð annað, hvernig þessir hagfræðingar, sem álitsgerðina hafa samið, væru að reyna að rífa niður nýsköpunina, sem átt hefur sér stað hér á landi. Þannig að ég var að reyna að sýna fram á, að það væri allt vitleysa, sem þeir héldu, og allt vitleysa, sem þeir voru að meina um þá góðu hluti, sem nýsköpunin hefur fært okkur, — þannig að ef hæstv. forsrh. vildi nú fara að búa til ræðu, þá ætti hann að rifja upp sína gömlu ræðu um þá hluti, fyrir hverja ég var að verja hann í ræðu minni síðast um þetta mál við 1. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég mun hér með fáum orðum fylgja úr hlaði nál. minni hl. fjhn. í þessu máli, okkar hv. þm. Snæf., en nál. er á þskj. 405. Ég mun ekki á þessu stigi málsins fara út í aðalefni þessa máls, en vitna í þeim efnum til þeirrar ýtarlegu framsöguræðu, sem hér var haldin af flokksbróður mínum við 1. umr., og einnig til hinnar ýtarlegu álitsgerðar, sem þessu máli fylgir.

Það eru einstök atriði, sem sérstaklega hafa komið til umr. í fjhn. og nokkur vafi ríkti um skilning á, sem ég vil víkja að út frá einstökum atriðum, sem fram hafa komið í viðræðum í sambandi við álitsgerðir þeirra, sem frv. var sent til, og í viðræðum við fulltrúa frá þessum aðilum.

Áður en ég held lengra, verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv., að annar þeirra hagfræðinga, sem af hæstv. ríkisstj. voru fengnir til þess að vinna að þessu máli, hefði komið á fund fjhn. — hann var nú reyndar á fleiri fundum n. — og að á þessum fundi hefðu komið fram atriði, sem í raun og veru hefðu rifið niður alla álitsgerð hagfræðinganna, og hagfræðingurinn hafi engu orði getað svarað. Þetta er algerlega fyrir utan minn skilning. Það bíður sjálfsagt þess tíma, þegar þessi hv. þm. lætur til sín heyra um málið við þessa umr., að hann geri grein fyrir, í hverju hann telur þetta vera fólgið, eða hvað hann á við með þessum orðum. Hann hélt hér þriggja tíma ræðu við 1. umr. um málið og gleymdi þá að geta um þetta atriði, en það er þá gott, að maður á von á að heyra um þetta við 2. umr. En ég kannast ekki við það, sem hv. þm. sagði hér nú síðast, og vísa því á bug.

Við hv. þm. Snæf. myndum minni hl. n. í þessu máli. Það komu til fjhn. tilmæli um að hraða athugun þessa máls. Og ég veit, að hv. þm. skilja, að það er eðli málsins sjálfs, sem krefst þess. Frv. var á sínum tíma, strax og fjhn. fékk það til meðferðar, sent vissum aðilum til umsagnar, og vorum við nm. allir sammála um að leggja áherzlu á skjóta afgreiðslu málsins. Og þessum aðilum var ætlaður einn dagur til að svara, og ætluðum við þeim skemmri tíma til að svara en hv. 2. þm. Reykv. óskar nú að fá í viðbót til að búa út sitt nál. Þeir urðu allir við því, og höfum við birt prentaðar álitsgerðir þessara aðila með þessu nál. Þykir mér rétt að víkja að nokkru, sem þar kemur fram. Það kemur fram þar, að sumir aðilar hafa sent fulltrúa á fund fjhn. til viðræðna um málið. Sendir voru til viðræðna fulltrúar frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Og til viðbótar við það álit, sem fram kemur í fskj. I. með nál., frá samtökum útvegsmanna, þá reifuðu þeir nokkur atriði sérstaklega á fundi fjhn., sem mér þykir rétt að fram komi hér í hv. d. Eins og kemur fram í bréfi frá L. Í. Ú., þá lögðu þeir til, að frv. þetta væri samþ. í aðalatriðum, og í sjálfu bréfinu eru engar brtt. gerðar við frv. En þessir hv. fulltrúar frá samtökum útvegsmanna létu í ljós atriði, sem þeir töldu skipta nokkru máli að væri hægt að breyta í meðferð málsins, og afhentu n., áður en þeir fóru, minnisblað um þessi atriði, sem þeir lögðu fyrir okkur. Og það eru einmitt þessi atriði, sem ég nú skal greina. — Þeir leggja áherzlu á það, að inn í þetta frv. komi ákvæði, sem tryggi útgerðinni lága vexti, m. ö. o., að sú 12. gr., sem var í fiskábyrgðarlögunum, verði sett inn í þetta frv., um, að vextir af rekstrarlánum útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem vinna úr sjávarafurðum til útflutnings, megi ekki vera hærri en 4%, enda fari lánin ekki yfir 85% af áætluðu útflutningsverði. — Við sáum ekki ástæðu til að taka þetta inn í frv. En ríkið tók á sig ábyrgð á fiskverði. Og að tilstuðlan ríkisins með ýmsum sérstökum lánum hefur verið reynt að hjálpa sjávarútveginum í þessu tilliti. En þær ráðstafanir, sem hér er stefnt að að gera, eiga einmitt að miða að því að koma rekstri sjávarútvegsins á arðbæran grundvöll. Þetta ætti því frekar að vera samningsatriði milli útvegsmanna og bankanna heldur en löggjafaratriði. Og kann sitt að sýnast hverjum um það. En við höfum ekki eftir þessum óskum tekið þetta inn í frv. — Þá bentu þeir á það, þessir fulltrúar frá L. Í. Ú., að útflutningsgjaldið, sem lagt er á hvalafurðir samkv. 11. gr. frv., væri nokkuð hátt á lagt 10%, og lögðu til, að það yrði sett á hvallýsi og mjöl 8%, þar sem rekstur hvalveiða hefði gengið verr á síðasta ári en áður, og að hvalkjöt skuli undanþegið gjaldinu. Það kann vel að vera, að þetta sé rétt hjá þeim og að það þurfi að athuga þetta við meðferð málsins. En fyrir fjhn. hefur ekki verið lögð rökstudd álitsgerð. Þess vegna hefur okkur ekki þótt rétt á þessu stigi málsins að flytja um þetta brtt. — Þá leggja þeir til, að tryggt verði, að bankarnir láni fyrst um sinn a. m. k. eins háan hundraðshluta út á sjávarafurðir, miðað við áætlað söluverð, og þeir lánuðu áður, miðað við ábyrgðarverð. En n. fannst þetta framkvæmdaratriði, en ekki löggjafaratriði. — Þá lögðu þeir til, að rýmkað yrði á verzlunar-

höftum svo fljótt sem frekast væri unnt, og telja það allra þýðingarmest til að auka velmegun þjóðarinnar. Þetta vildi ég láta koma fram í viðbót við álitsgerð útgerðarmanna.

Varðandi umsagnir Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þá er ekki mikið í þeim. Þeir bera fyrir sig stuttan tíma, en það er að því vikið í annarri álitsgerðinni, að þessir aðilar muni hafa skipað sérstaka n. ásamt með hagfræðingum frá hvorum aðila fyrir sig til þess að fara nánar gegnum málið og gera um það álitsgerð frá þeirra sjónarmiði.

Það eru svo nokkur atriði í hinum einstöku álitsgerðum, sem ég vík frekar að síðar í sambandi við einstök atriði, þegar ég fer í gegnum frv. og geri nánari grein fyrir áliti okkar hv. þm. Snæf. Við leggjum til, eins og fram kemur í nál., að frv. verði samþ. í aðalatriðum óbreytt, en áskiljum okkur rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., ef svo ber undir, sem mundu einkum miðast við tekniska framkvæmd þessara mála. En hér er um nokkur atriði að ræða, sem ég tel ástæðu til að reifa til frekari skýringar.

Ég vil fyrst víkja að því ákvæði 1. gr., að gengisskráningin er miðuð við Bandaríkjadollar. Eins og fram kemur í álitsgerð hagfræðinganna, þá er þetta byggt á því, að í stofnskrá alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem við erum aðilar að, er mælt svo fyrir, að gengi sé miðað við gull eða dollar. Það kom að vísu fram innan n. nokkur skoðanamunur á því, að þetta ákvæði væri fullnægjandi, en hér er um tekniskt atriði að ræða, og í álitsgerð þjóðbankans kom ekki neitt sérstakt fram um þetta og skiptir það ekki meginmáli, enda þótt sumir teldu eðlilegra, að í slíkum lögum sem þessum væri miðað við mynt þar, sem aðalviðskipti okkar eru, og er bent á, að í brbl. um gengisbreyt. í haust er miðað við verðgildi pundsins. Þetta eru teknisk atriði, sem ég geri ekki ráð fyrir að sé ágreiningsatriði milli manna, en vil láta þess getið í sambandi við umr., sem um það urðu innan fjhn.

Þá er í 4. gr. atriði, sem við ræddum nokkuð, það er útreikningur hinnar nýju vísitölu, þar sem gert er ráð fyrir því, að þær breyt. verði á henni, að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945. Eins og sakir standa nú, er ekki ákveðið mark til viðmiðunar í 1., en þetta verður framkvæmdaratriði og kauplagsnefnd yrði falið að reikna út eftir nánari reglum, hvað teljist vera eðlileg húsaleiga í húsum, sem byggð eru eftir þennan tíma, svo að það ætti ekki að þurfa að verða ásteytingarsteinn, þó að ekki sé hægt í þessu frv. að miða við neitt ákveðið mark húsaleigu í þessum húsum. Einnig skal miða við útsöluverð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk. En þetta frv. gerir ekki ráð fyrir, að kjötstyrkurinn falli niður, og þess vegna er þetta orðað þannig. Mundi því verða óbreyttur útreikningur þessarar vísitölu, þó að kjötstyrkurinn síðar félli niður.

Í 9. gr. kynni að gæta nokkuð mismunandi skilnings, og var sérstaklega rætt innan n. í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurða, en þar kem ég að því, að í álitsgerð Stéttarsambands bænda er vikið að því, að bændur fái ekki samkv. frv. verðhækkun, sem stafar af gengislækkuninni, fyrr en 1. sept., þegar verðákvarðanir eru teknar samkvæmt núgildandi l. Í upphafi gr. er svo að orði komizt: „Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum.“ Þarna mun vera átt við aðra vöru innlenda en landbúnaðarvörur, og styðst sá skilningur við 2. málsgr. 9. gr., þar sem segir, að ákvæði gildandi l. um verðlagningu landbúnaðarafurða skuli haldast. Skilningur Stéttarsambandsins á þessu atriði er því réttur. Í 1. málsgr. 9. gr., þar sem segir: „tillit má þó taka til þeirra breytinga á launum, sem verða í júlí 1950,“ þá hefði kannske verið nákvæmara að orða það svo: með tilliti til þeirra breyt., sem orðið hefðu í júlí, — því að þá megi taka tillit til launabreyt., sem undanfarna mánuði hafi orðið.

Þá vil ég geta þess í sambandi við 11. gr., að fulltrúi frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda lýsti því sem skoðun sinni við n., að þær aðgerðir, sem í þessu frv. felast til þess að bæta og tryggja rekstur útgerðarinnar, væru þannig, að þær væru tæplega fullnægjandi miðað við 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir að leggja framleiðslugjald á afurðir, og þeir bæru nokkurn kvíða fyrir því, að það yrði þeim of þungt í skauti að greiða 25% af sölu, sem er umfram 8500 sterlingspund brúttó í söluferð. Hann lét í ljós þá skoðun, að þetta gjald, ásamt 10% framleiðslugjaldi í niðurlagi 1. málsgr., mundi verða útgerðinni nokkuð þungt í skauti og það væri þeirra till., að þetta yrði helzt fellt niður, og loks í sambandi við 12. gr., um verðmæti skipa, þar sem gert er ráð fyrir að miða við vátryggingarverð, þá vildu þeir láta miða við kaupverð að frádreginni lögheimilaðri afskrift á 20 ára skipum. — Þetta er til að benda á það, að það kom fram hjá þessum aðila skoðun um það, að það þyrfti að ganga lengra en frv. gerir ráð fyrir til að tryggja, að útvegurinn verði rekinn án rekstrarhalla. Þá kom einnig fram í viðræðum við fulltrúa botnvörpuskipaeigenda, að nauðsynlegt sé að gera leiðréttingu á 7. gr., og sama aths. kom fram við 1. umr., og við höfum gert ráð fyrir því í nál., að við mundum taka upp þessa brtt., en hún er sambandi við laun þeirra skipverja, sem taka laun sín í afla. En þessi laun ná einmitt til yfirmanna, og mundu laun þeirra hækka óeðlilega og stórkostlega miðað við aðra. Þeirra till., sem er á fylgiskjalinu, gengur út á það, að aftan við 7. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: „Laun, hluta launa eða aðrar greiðslur vegna skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, skal reikna þannig, að greiðslur þessar verði ekki hærri vegna gengisbreytingarinnar í íslenzkum krónum en kjarasamningar ákváðu fyrir gengisbreytinguna. Þó

skal kaup þeirra manna, er hér um ræðir, breytast í samræmi við laun annarra skipverja.“

Með þessu móti mundu launabreyt. þessara manna verða í samræmi við aðrar launabreyt. samkv. 7. gr.

Ég held það séu ekki á þessu stigi fleiri atriði, sem ég tel nauðsyn til bera að koma fram með í sambandi við þetta nál. okkar. Það gefst þá tækifæri til þess á síðara stigi málsins, þegar hinar ýtarlegu álitsgerðir annarra nm. koma fram. Ég hef einkum vikið að minni háttar atriðum um framkvæmd málsins, sem við hv. þm. Snæf. höfum tjáð okkur reiðubúna til að verða flm. að, ef það er nauðsynlegt, þótt á síðara stigi verði. En við leggjum til að frv. sé í aðalatriðum samþ. óbreytt.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti (SB): Forseta hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Samkvæmt ummælum forseta deildarinnar í dag, mun hann hafa hugsað sér að taka til umræðu á fundi deildarinnar á morgun (laugardag 11. þ. m.) frumvarp til laga um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Með skírskotun til ákvæða 43. gr. þingskapanna óska undirritaðir alþingismenn, að málið verði ekki tekið til umræðu á fundi deildarinnar á morgun.

Virðingarfyllst,
Skúli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson,
Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason,
Jón Gíslason, Jörundur Brynjólfsson.

Til forseta neðri deildar Alþingis,
Sigurðar Bjarnasonar, Reykjavík.“

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og ég gat um í gær, þá leggur ríkisstj. ríka áherzlu á, að þetta mál verði ekki tafið að nauðsynjalausu. Ég féllst í gær á það fyrir hönd ríkisstj., að umr. um málið yrði frestað þar til í dag. Nú hafa borizt um það tilmæli frá sex hv. þm. Framsfl. að fresta umr. um málið enn um dag. Og mér hefur verið gefið til kynna, að ég þyrfti ekki að óttast, að það mundi tefja málið að verða við þessari beiðni, og kannske gæti það orðið til þess að greiða fyrir málinu. Og ég vil því, fyrir hönd ríkisstj., ekki setja mig gegn þessu, ef hæstv. forseti telur fyrir sitt leyti rétt að verða við því.

Forseti (SB): Að fenginni þessari yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. tel ég ekki ástæðu til þess að láta fara fram atkvgr. um þessa beiðni hinna sex hv. þm., en tel rétt að verða við þeirri ósk, sem fram er borin til forseta í þeirra bréfi. Málið verður, samkv. ósk þeirra, tekið af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá, og svo fór enn á 65. fundi í Nd., 13. marz.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 363, n. 405, 416 og 418).

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Því fer mjög fjarri, að fjhn. hafi athugað þetta frv. svo sem vera bæri, þannig að verk okkar í fjhn., sem áttum að vinna að því að fara gegnum þetta frv. og rannsaka það niður í kjölinn, hefur alls ekki verið slíkt sem ég hefði viljað óska eftir af hálfu fjhn. Hefur það að nokkru leyti ráðið, að stjórnarflokkarnir lögðu ákaflega mikið upp úr að fá frv. sem fyrst út úr n. aftur. Það hafði einnig mikil áhrif á störf n., að þeir tveir flokkar, sem nú hafa myndað ríkisstj., hafa allan tímann verið að semja sín á milli einmitt um þetta frv.

Ég hélt við 1. umr. þessa máls ýtarlega ræðu um afstöðu Sósfl. til þess. Ég hygg ekki þörf að fara að endurtaka nokkuð af því hér, enda er ekki til þess ætlazt samkvæmt þingsköpum, að mál séu rædd almennt við 2. umr., heldur einstakar gr., og mun ég því ræða hina tæknisku hlið frv. meira en ég gerði við 1. umr.

Kem ég þá fyrst að 1. gr. frv., þar sem ákveðið er, að gengi íslenzkrar krónu skuli í framtíðinni miðað við dollar. Það er náttúrlega höfuðdeilumál í þessu sambandi, hvað gengið er skráð hátt, en það hef ég áður rætt ýtarlega við 1. umr. og fer því ekki mikið út í það nú, en hitt vil ég gagnrýna, að í þessum málum, við hvað skuli miða gengi íslenzkrar krónu, hefur ríkt óþolandi hringlandaháttur bæði hjá núv. hæstv. ríkisstj. og þeirri, sem sat þar áður. Með lögum frá 1940 var svo ákveðið, að gengi krónunnar skyldi miða við dollar, en þessu var breytt með brbl. á síðasta hausti og ákveðið, að krónan skyldi fylgja pundi, og var þessi ráðstöfun rökstudd af hæstv. fyrrv. fjmrh. með því, að við hefðum svo mikil viðskipti við Breta, að við yrðum að láta krónuna fylgja gjaldmiðli þeirra, og er nokkuð til í þeim rökstuðningi. En nú eru rök hæstv. fjmrh. allt í einu látin verða ógild og einskis virði vegna þess, að skrifstofumaður frá amerískum banka útbýr frv. um þetta efni og segir, að samkvæmt reglum gjaldeyrissjóðsins skuli íslenzka krónan fylgja dollar, og er hann þar með látinn kollvarpa rökum fyrrv. hæstv. fjmrh. um, að nauðsynlegt sé, að krónan fylgi pundi. Ég verð að átelja þennan hringlandahátt, því að nauðsynlegt er, að festa sé í þessum málum.

Út af 2. gr. er fyrst að segja, að með henni er valdið til gengisskráningar tekið af Alþingi og fengið í hendur Landsbankanum og ríkisstjórninni. Þetta er mjög varhugavert, sérstaklega með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er hér á landi, að þá og þegar geta verið myndaðar utanþingsstjórnir, og sá möguleiki er alltaf til fyrir ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem Alþingi alls ekki vildi, en gæti varla með nokkru móti riftað eftir á. Þetta ákvæði ætti því að fella burt. Þá vil ég benda á, að hrein hugsunarvilla er í síðari málsgr. þessarar gr. hjá hagfræðingunum. Þar er talað um, að Landsbankinn skuli athuga gengisskráninguna, ef almennar breytingar verða á kaupgjaldi í

landinu, en áður í gr. er gert ráð fyrir að miða ráðstafanirnar við það að viðhalda jafnvægisgengi. En sem sagt, í síðari hlutanum er gengið út frá því að skrá gengi með tilliti til kaupgjalds. Hagfræðingarnir, sem þetta hafa samið, virðast halda, að kaupgjaldið ráði því, hvað gengið er hátt, en sú hugsun nær ákaflega skammt, sem telur, að hækkað kaup þurfi að leiða til gengisfalls. Það má hafa mjög hátt kaup, ef tæknistig þjóðfélagsins er hátt, og hátt kaup gerir meira að segja þjóðfélagið venjulega sterkara. En hugsunin, sem að baki þessa ákvæðis liggur, er sú, að það á að nota gengisskráninguna sem svipu á verkalýðinn og launþegasamtökin. Ef þau hækka sitt kaup, þá skal gengið lækka, svo að af launþegunum náist aftur þær kjarabætur, sem þeir kynnu að fá. Það er algerlega óforsvaranlegt að nota gengisskráninguna þannig, enda stangast það við fyrri hluta gr., þar sem stefnt er að frjálsum gjaldeyrismarkaði, þ. e., að gengið verði skráð eftir framboði og eftirspurn, en þá kemur til greina, hve framleiðslutæknin er mikil og hvað mikið búið er að tryggja af mörkuðum, og það er langt frá því, að þessir hlutir markist fyrst og fremst af kaupgjaldi. Fyrri hluti gr. er því í algerri mótsögn við síðari hlutann, og hvað er það, sem markar hið raunverulega gengi? Það er hlutfallið milli útflutnings og innflutnings. Gengi krónunnar á frjálsum markaði fer því eftir því t. d., hvort hér eru góð aflaár eða ekki, en ekki eftir því, hvað kaupgjaldið í landinu er hátt. Um 2. gr. er því í stuttu máli það að segja, að fyrri parturinn er í mótsögn við seinni partinn, seinni parturinn stangast við fyrri partinn, en báðir partarnir stangast við staðreyndirnar og veruleikann, en eru hins vegar góð spegilmynd af hugsunarhætti hagfræðinganna og þeirrar ríkisstj., sem fékk þá til að semja frv.

Viðvíkjandi 3. gr., þá ætla ég ekki að ræða hana ýtarlega nú. Sparifjárbæturnar eru svo litlar, að lítið munar um þær, en Landsbankinn hefur gert þá till., sem ég hygg að flestir nm. í fjhn. muni vera samþykkir, að fella niður tvískiptinguna á uppbótunum og láta þær ná til sparifjár allt til miðs árs 1946, en hugsunin, sem þar liggur á bak við, er sú, að þeir, sem lögðu sparifé sitt í það að kaupa skuldabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins, að þeir lendi inn undir þessar uppbætur. Býst ég því við brtt. þessa efnis við gr., en auk þess um aðra notkun þess fjár, sem fæst vegna gjaldeyrishagnaðar bankanna. — Út af síðasta lið 3. gr. um, að ríkissjóður greiði lausaskuldir sínar við Landsbankann, þá er rétt að benda á, að hann greiði einnig skuldir sínar við Tryggingastofnunina og fleiri opinberar stofnanir.

Um 4. gr. ræddi ég nokkuð við 1. umr., og ekkert hefur komið fram í fjhn., sem dregur úr þeirri gagnrýni, er ég þá flutti fram við gr., en með gr. er stefnt að því að blekkja launþegana í landinu með því að skapa ranga vísitölu, vegna þess að innfluttar vörur verða nú mun minni þáttur í henni en áður, og ætti heldur að halda áfram með núverandi vísitölu — hún er skárri, þótt slæm sé — en afnema vísitölubindinguna, sem sett var í desember 1947. Ef menn ætla að bæta launþegum að fullu upp, þá er nær að láta gamla vísitölugrundvöllinn standa og afnema vísitölubindinguna, svo skökk og óhagstæð launþegum sem núgildandi vísitala þó er.

Viðvíkjandi 5. gr., þá mun ég bera fram við hana brtt., ef hún helzt í frv. Þar er gert ráð fyrir, að hagstofan skuli reikna út vísitölu til þess að minna á, að kaupgjaldið sé hærra en framleiðsluvísitalan miðað við 1939, og mun ég þá bera fram brtt. þess efnis, að jafnhliða verði látið reikna út, hve þjóðartekjurnar eru miklar miðað við það, sem var fyrir stríð, svo að hægt verði að sjá hlutfallið milli kaupgjaldsins og þjóðarteknanna og sjá, hve hlutfallslega mikinn part þjóðarteknanna launþegarnir í landinu fá miðað við það, sem áður var.

Um 7. gr. skal ég ekki ræða ýtarlega, en vil þó geta þess, að ef frv. verður að l., þá á tvímælalaust að breyta gr. þannig, að vísitöluuppbótin sé borguð mánaðarlega. Það er það eina, sem er nokkur snefill af réttlæti í garð launþeganna, en þetta er allt haft sem flóknast til þess að reyna að blekkja almenning, og síðasta málsgr. í þessari gr. um að svipta þá menn rétti til uppbótar, sem fengið hafa grunnkaupshækkun, á auðvitað að falla burt. Og það kemur úr hörðustu átt, þegar þeir, sem þykjast berjast fyrir frjálsum viðskiptum milli manna, ætla að afnema frelsið í skiptum launþega og atvinnurekenda. En nú á að svipta launþega kaupuppbót, ef þeir geta bætt sín kjör, og nær þetta náttúrlega engri átt.

Viðvíkjandi 8. gr. vil ég taka það fram, að ef hún tekur gildi, þá þýðir það mjög mikið tjón fyrir almenning á þeim réttarbótum, sem hann hefur fengið vegna almannatrygginganna, þannig að styrkurinn samkv. þeim verður mun minni en áður. Það þarf því að gerbreyta þessari gr., ef það er ekki tilgangurinn að gera harðar árásir á þá, sem erfiðast eiga með að verja sig, þar sem eru ýmsir styrkþegar hins opinbera.

Um 10. gr. er það að segja, að verðtollurinn, eins og þar er lagt til, verður í krónutölu hærri eftir gengisfellinguna hlutfallslega miðað við það, sem fyrr var lagt á, en nú, og er þetta hart, að þegar menn segjast vera að reyna að draga úr álögum hins opinbera, þá skuli verðtollurinn raunverulega vera hækkaður. Auðséð er, að allt, sem hagfræðingarnir segja um betri afkomu og minnkandi álögur, verður ekki efnt, nema þessari gr. sé breytt, og mun ég bera fram brtt. um, að hækkanirnar, sem gerðar voru á verðtollinum fyrir tveim árum, verði felldar niður.

Þá kem ég að 11. gr. og þeim atriðum, sem á vissan hátt skipta næstmestu máli, vegna þess að árásir þær, sem með frv. þessu eru gerðar á alþýðu landsins, eru rökstuddar með því, að verið sé að bjarga sjávarútveginum, og ef það sýnir sig, að frv. geti ekki bjargað sjávarútveginum, þá fellur burt höfuðröksemdin fyrir gengislækkuninni. Ef þetta frv.

verður samþ., þá þýðir það, að fiskábyrgðin verður afnumin, en í staðinn á bátaútvegurinn að fá þessa gengislækkun. Hvað þýðir nú gengislækkun fyrir bátaútveginn? Hún þýðir hækkun á öllum rekstrarvörum bátaútvegsins, olíum, salti, veiðarfærum og kosti. Ef smáútvegsmenn og ef bátaútvegurinn á að standa jafnréttur eftir, þarf hann að fá 93 aura fyrir hvert kg af fiski, en hvað segja staðreyndirnar um þetta? Það mættu hjá okkur í fjhn. fulltrúar frá L. Í. Ú., og við spurðum þá, hvað hraðfrystihús og saltarar mundu greiða fyrir bátafiskinn, eftir að slíkt frv. sem þetta yrði samþykkt. Þeir sögðust auðvitað ekki geta svarað fyrir hönd þessara aðila, en sögðu sem sitt persónulega álit, — og þeir hafa á þessu góða þekkingu, svo að það ætti ekki að vera neitt fleipur, — að ekki væri útlit fyrir, að hægt yrði að kaupa bátafiskinn hærra verði en 75 aura pr. kg, en þetta þýðir, að bátaútvegurinn á að fá 10 aurum minna fyrir hvert kg af fiski en hann nú raunverulega fær. Bátaútvegurinn á sem sagt að fá hærra verð á olíu, hærra verð á salti, hærra verð á veiðarfærum o. s. frv., en hann á að fá lægra verð fyrir fiskinn. Þetta eru bjargráðin! Frv. þetta er því bein árás á afkomu bátaútvegsins, og það var þetta, sem hv. form. fjhn. vitnaði í, þegar hann sagði mig hafa haldið því fram, að ég hefði fram að færa upplýsingar, sem kollvörpuðu grundvelli frv., og sé ég ekki annað en það sé rétt. Það er með þessu frv. verið að ráðast á bátaflotann og afkomu hans stefnt í beinan voða, og ef hann stoppar ekki hér á Suðurnesjum, ef frv. verður samþ., þá er það eingöngu af því, að það borgar sig ekki að hætta, eftir að búið er að leggja svo mikið í kostnað, það sem af er vertíðinni, t. d. með því að flytja mörg skip hingað suður. Gengislækkun er ekkert allsherjarmeðal, og hér hefur verið tekið hringlandi vitlaust lyf, lyf, sem skapar meira eitur en lækningu. Nú munu kannske einhverjir segja, að hraðfrystihúsin og saltararnir muni reyna að nota aðstöðu sína til þess að græða á bátaútveginum, eftir að þetta frv. verði samþ. Ég skal ekki fullyrða neitt um það og held því ekki fram, að hraðfrystihúsin og saltararnir muni okra á bátaútveginum. Við skulum athuga aðstöðu hraðfrystihúsanna. Hún er sú, að um leið og fiskábyrgðin fellur niður, þá verða þau að kaupa fiskinn á eigin ábyrgð og hafa enga tryggingu fyrir því, hvernig hann selst, og geta jafnvel búizt við því, að svo og svo mikið af fiski liggi hjá þeim lengri tíma og verði jafnvel ónýtt. Svipuðu máli gegnir um saltarana. Þetta þýðir, að þessir aðilar eru komnir út í alla áhættu, sem felst í óskipulagðri markaðsframleiðslu kapitalistisks þjóðfélags, og reyna að velta áhættunni af sér yfir á framleiðendurna, og aðstaðan til þess er fyrir hendi, því að bátarnir hafa ekki um annað að velja en leggja upp hjá þeim. Það er því viðbúið, þegar fiskábyrgðin fellur úr gildi, að þá skapist togstreita milli bátaútvegsins annars vegar og saltaranna og hraðfrystihúsanna hins vegar. Ég held, að það sé sýnilegt, að fiskábyrgðin sé það fyrirkomulag, sem íslenzki bátaútvegurinn getur ekki án verið. Það er eina tryggingin fyrir því, að bátunum sé haldið úti. Ábyrgðin tryggir bátaeigendum og hraðfrystihúsunum sitt ákveðna verð. Þetta gerir svo það að verkum, að þeir, sem eiga báta og hraðfrystihús, geta rekið þau með minni gróðaálagningu en ella, ef ábyrgðarverðið er tekið af þeim. Ef þessir flokkar, sem standa að núv. hæstv. ríkisstj., ætla að samþ. þetta frv. gegn öllum rökum og gegn öllum aðvörunum, vildi ég mega æskja þess, að það gæti a. m. k. tekið þeirri breytingu, að fiskábyrgðarverðið mætti haldast. Annars er hætta á, að bátaútvegurinn stöðvist. Þetta frv. er rökstutt með því, að það eigi að tryggja afkomu bátaútvegsins. En ég hef nú sýnt fram á, að það þvert á móti rýrir afkomu fiskimanna. — Nú háttar svo til, að hraðfrystihúsin eru óviss um rekstur sinn, og rekstur þeirra verður enn þá óvissari, ef þetta frv. verður samþ. Eigendur hraðfrystihúsanna vilja nú, að bankarnir láni út á áframhaldandi rekstur þeirra. Það þýðir, að bönkunum verði gert að skyldu að lána hraðfrystihúsunum út á fiskinn. Þetta leiðir svo til þess, að bankarnir koma til með að heimta af ríkinu, að það ábyrgist þessi lán, og verður þetta vægast sagt óeðlilegt. Þetta þýðir, að ríkisábyrgðin heldur raunverulega áfram, aðeins með þeirri breytingu, að nú er ákveðin ábyrgð á lánunum, sem bankarnir veita hraðfrystihúsunum. Þetta skýrir, hvers vegna eigendur hraðfrystihúsanna ætla að fara fram á, að bankarnir láni sér, því að hraðfrystihúsaeigendum og bátaeigendum er ljóst, að ríkisábyrgðin verður að halda áfram til þess að tryggja rekstur útvegsins.

Landssamband ísl. útvegsmanna hefur sett fram þá kröfu, að vextirnir verði ekki hærri en 4%. Og það er augsýnilegt og nær ekki nokkurri átt að ætla sér að fara að lækka verðið, en hækka jafnframt vextina, verð olíu og veiðarfæra o. s. frv. Ef þessi ákvæði um vextina, um skyldur bankanna til að lána hraðfrystihúsunum og um annað til tryggingar bátaútveginum bætist inn í frv., þá er þegar búið að setja öll aðalákvæði fiskábyrgðarlaganna inn í þessi lög. Þá væri og nauðsyn, sem afleiðing af þessu, að breyta 15. gr. Ég held, að þeir, sem fylgja þessu frv., hafi ekki gert sér nægilega ljóst, að þetta frv. felur í sér harðvítuga árás á bátaútveginn, bæði útvegsmenn og fiskimenn, og samþ. óbreytt mundi það stöðva útveginn. Það er því meira en lítil nauðsyn að breyta þessu frv. — Viðvíkjandi 11. gr. frv. mæltu fulltrúar frá L. Í. Ú. og F. Í. B. gegn henni og töldu ósanngjarnt að leggja framleiðslugjaldið á hverja einstaka söluferð, er færi fram úr £ 8500 brúttó, og mæltust til, að greininni yrði breytt þannig, að gjaldið yrði lagt á meðalsölu yfir árið, sem væri hærri en £ 8500 brúttó fyrir hverja söluferð. Enn fremur gagnrýndu þeir 10% gjaldið, og eðlilegast væri að fella það niður. Í raun og veru væri bezt, að 11. gr. félli öll brott. Það nær ekki nokkurri átt að ætla sér að fara að skattleggja rekstur nýju togar-

anna. Nú hafa t. d. ýmis bæjarfélög, sem berjast í bökkum, reynt að skapa atvinnu í bæjunum með rekstri nýju togaranna. Og það blandast engum hugur um það, að þetta hefur verið nauðsyn. En nú á að fara að skattleggja þessi atvinnutæki fólksins til að greiða hallann af vitlausum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnir leggja á þjóðina.

Viðvíkjandi 12. gr. hef ég lýst því yfir, að ég mundi bera fram brtt., og mun ég ekki fjölyrða um það. Ég er ákaflega tortrygginn gagnvart þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að gera, t. d. varðandi þennan eignarskatt. Mér sýnist, að þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að fara í vasa stóreignarmanna, hafi verið hreint „blöff" eða bein svik. Það er t. d. ekki enn farið að leggja á skattinn vegna eignakönnunarinnar, og svona mætti telja áfram. Í hvert einasta skipti sem byrðar hafa verið lagðar á alþýðuna, hefur verið hnýtt aftan í einhverri grein um það, að nú ætti stórauðmannastéttinni einnig að blæða. Síðan hefur verið látið dankast svona í 2 eða 3 ár að heimta inn þennan skatt af auðmannastéttinni, og þá er það segin saga, að skatturinn er gefinn upp. Þannig er brögðunum beitt til þess að sjúga alþýðuna. Núna á t. d. skv. þessu frv. að leggja skatt á auðmennina, og ef að líkum lætur, verður búið að gefa þann skatt eftir, áður en nýir skattar verða lagðir á alþýðu landsins. Þá er líka hægt að leika sama skollaleikinn aftur og leggja skatt á stóreignamennina. Sá er bara munurinn, að alþýðan kemst aldrei undan að greiða sína skatta, en hins vegar sleppa auðmennirnir ævinlega. Auðvitað er aðferðin góð að leggja skatt á eignastéttina, ef það væri bara framkvæmt. En þessi eignarskattur á að verða eins konar „premia" til auðstéttarinnar og tryggja það, að hún fái að halda gróðamöguleikum sínum óskertum. Hér er annað, sem ríður meira á að gera en leggja þessa eignarskatta á. Það þarf að stöðva gróðalindina, þurrka þá lind, sem eignastéttin sækir auð sinn í. Ef það er ekki gert, verða allar ráðstafanir til að ná auðnum af eignastéttinni sýndarráðstafanir. En það er líka það, sem þessir herrar ætla sér að gera, að láta alþýðuna halda, að þeir séu að leggja skattana á sjálfa sig. — Verzlunarstéttin tekur gróða sinn á þurru landi. Framleiðendur og neytendur verða að gjalda auðmannastéttinni þessa fúlgu, því að auðmennirnir verða að hafa sitt. Það, sem nú er að gerast, er það, að heildsalarnir og S. Í. S. ætla að skipta á milli sín verzlunarauðnum. Það þýðir, að hringarnir halda áfram að græða, að heildsalarnir halda áfram að græða, en alþýðan verður að borga brúsann. Eignakönnunarsjónarspilið sýndi glögglega, að auðstéttin ætlar ekki að skipta auði sínum við hina fátækari þegna þjóðfélagsins. Og hér á að halda áfram á sömu brautinni.

Þá vil ég minnast á það, sem sagt er að eigi að vera grundvallarstefna og tilgangur frv., en það er að skapa frjálsa verzlun í landinu. Ég hef leitað með logandi ljósi að einhverjum ákvæðum, sem tryggja ættu frjálsa verzlun. En ég hef hvergi séð örla á neinu í þá átt. Ég held, að ef þeir, sem að þessu frv. standa, meina eitthvað með þessum orðum sínum, þá ættu þeir að setja inn ákvæði, sem gæfi Íslendingum að einhverju leyti eitthvað af verzlun sinni frjálst. Hvers vegna er ekki hægt að leyfa Íslendingum að leita sé einhverra markaða sjálfir? Það væri ekki ósennilegt, að hægt væri að skapa hagkvæmari viðskiptasambönd með því.

Nú rekast á tvö kerfi í okkar þjóðarbúskap, sósialisminn og kapítalisminn. Þessi tvö kerfi eru óheppileg í þessu þjóðfélagi með tilliti til framleiðslunnar o. fl. Það kerfi, sem meiningin var að koma á, var að hafa nokkurn áætlunarbúskap á kostnað einstaklingsframtaksins. Þetta fyrirkomulag hefur þann kost að veita nokkurt öryggi á vissum sviðum, en lamar auðvaldsfyrirkomulagið skiljanlega. Hér í frv. er talað um það, að það eigi að létta af höftum, en það, sem tryggi framkvæmd þess, er hvergi að finna. Það á einmitt skv. þessu frv. að viðhalda sama haftakerfinu og hingað til. En hins vegar verður afleiðingin sú, að það litla öryggi, sem fiskimenn höfðu, er ekki lengur til, en frelsið, sem örlar á í greinargerð frv., sést ekki í frv. sjálfu. Hér er verið að lögfesta einokunarklíku, sem á að ráða innflutningi og útflutningi landsmanna. Það á sem sé að viðhalda einokuninni á innflutnings- og útflutningsverzluninni og tryggja þannig áframhaldandi gróða á kostnað fiskimanna og bænda.

Ég vil segja viðvíkjandi þessu máli, að ég hef hugsað mér, ef ekki koma fram till. frá öðrum, er ganga í líka átt, að bera fram brtt.

Ég legg til, að þetta frv. sé fellt. Sú leið, sem Alþ. ætti að fara, er allt önnur; frumvarpið, sem líkja má við læknislyf, sem gefa á inn við sjúkdómi, er hringlandi vitlaust. Hagfræðingarnir hafa „analyserað" sjúklinginn og ætla nú að fara að skera hann upp við allt öðrum sjúkdómi en hann gengur með. Er þá von, að lækningin heppnist vel? Ég þykist nú sjá af yfirlýsingum hæstv. ríkisstj., að frv. þetta eigi að samþ., hvað sem það kostar. Ég mun bera fram brtt. við 2. eða 3. umr. málsins, og læt því lokið þessari framsögu.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér hefur skilizt, að stjórnarflokkarnir hafi gert samkomulag um að bera fram brtt. við þetta frv. Þess vegna óska ég þess, að ég fái að fresta framsöguræðu minni af hálfu 3. minni hl. fjhn. Ég vil ekki tefja málið, en tel hagkvæmara að flytja framsöguræðu mína þegar brtt. eru komnar fram.

Forseti (SB): Þess má vænta, að brtt. hæstv. ríkisstj. liggi fyrir næst þegar málið verður tekið til umræðu, og verð ég við ósk hv. 3. landsk. og fresta umræðum. — Málið er tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 363, n. 405, 416, 418 og 432, 423, 424, 429).

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Aðalefni frv. þess, sem hér liggur nú fyrir, er það, að gengi íslenzkrar krónu skuli lækka um 43%. Þegar tekin er ákvörðun um gengisbreytingu, verður að hafa það hugfast, að eitt gengi hæfir ekki öllum markmiðum, sem til greina kemur að keppa að. Ef koma á jafnvægi á utanríkisverzlunina, hæfir eitt gengi, en sé markmiðið að koma því til leiðar, að atvinnuvegirnir geti starfað án halla, getur annarrar gengisbreytingar verið þörf. Ákveðið gengi getur nægt einni útflutningsgrein, en annarri ekki, o. s. frv. Því verður að athuga, þegar gengi er breytt, hvaða markmiði skuli ná. Höfuðmarkmiðið hér á að vera að koma jafnvægi á viðskipti við útlönd. Og segir svo í grg. hagfræðinganna fyrir frv., bls. 43, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengislækkunin er áætluð í ríflegra lagi. Til þess liggja fjórar meginástæður.

1. Samkvæmt 3. lið er gert ráð fyrir að bæta launþegum þá hækkun, sem verður á framfærslukostnaðinum vegna gengislækkunarinnar, og er í þeim efnum gengið mun lengra en gert var í sambandi við gengislækkunina 1939, þótt kaupgjald hafi þá verið lögfest, en nú ekki, og þótt ríkisstjórn brezka verkamannaflokksins hafi nýlega framkvæmt gengislækkun án þess að gera ráð fyrir neinum slíkum uppbótum.

2. Talsverð óvissa er um verðlag á afurðum sjávarútvegsins á næstunni. Viljum við vera vissir um, að gengislækkunin reynist nægileg, þótt nokkur lækkun þess eigi sér stað.

3. Gengislækkunin er miðuð við það, að hún sé nægileg til þess að koma á jafnvægi í verzluninni við útlönd og því nægileg til þess að létta höftunum af verzluninni, þeim höftum, sem nú eru í gildi vegna jafnvægisleysis í þjóðarbúskap Íslendinga sjálfra. Teljum við, að hægt muni að öllu forfallalausu að rýmka til muna um verzlunina á næstu tveimur árum," o. s. frv.

Höfuðmarkmið frv. er því að reyna að koma hér á frjálsri verzlun. Ég er ekki fylgjandi því sjónarmiði, að það eigi að vera höfuðtakmark í efnahagsmálum þjóðarinnar að koma hér á frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera að tryggja öllum fulla atvinnu og hagnýta til fulls öll framleiðslutæki, sem þjóðin á. Ég mun ekki ræða þetta atriði frekar, en vil benda á, að það er á engan hátt rökstutt í frv. eða grg. þess, að takast megi með þessari gengislækkun að gera verzlunina frjálsa, og engir útreikningar fylgja, sem sanni, að þetta sé hægt. Það hefur mikið verið um það rætt, að frv. þetta væri fræðilega vel undirbúið. Hefði ég ekki nefnt þetta atriði, ef ekki hefði verið svo mjög af þessu gumað, að mörgum hefur fundizt nóg um. Frv. hefur verið undirbúið af tveim merkum hagfræðingum, og það hefur verið notað til að reyna að telja mönnum trú um, að það væri gallalaust og leiðir þess hinar einu réttu. Ég verð því að láta í ljós undrun yfir því, að í grg. frv. skuli engir útreikningar vera því til stuðnings, að með þessu móti megi gera utanríkisverzlunina frjálsa, einkum þar eð margt bendir þvert á móti til hins gagnstæða. Ef gert er ráð fyrir, að þjóðartekjur Íslendinga verði um 1500 millj. kr., má gera ráð fyrir því samkvæmt þeirri reynslu, sem fékkst fyrir stríð, að eftirspurn eftir erlendum vörum nemi um 700—800 millj. kr. á ári, en samkv. síðustu útflutningsáætlun fjárhagsráðs er gert ráð fyrir, að útflutningur á þessu ári muni nema um 300 millj. kr. Sú upphæð hækkar við gengislækkun þá, sem frv. gerir ráð fyrir, í 520 millj. kr., en samt sem áður er þá óbrúað bil, sem nemur 200—300 millj. kr. gjaldeyristekjum, til þess, að hægt sé að gera verzlunina frjálsa. Í fjmrn. liggur hálfs árs gamalt álit eftir annan þann hagfræðing, sem hér á hlut að máli, þar sem hann telur, að lækka þurfi gengið um ca. 100% til þess, að verzlunin geti verið frjáls, en hér er því slegið föstu, að 74% gengislækkun muni duga, og er fyrri skoðunin eflaust réttari. Ég vil því leyfa mér að staðhæfa, að það mark, að gera verzlunina frjálsa, muni ekki nást með þessu frv.

Annað höfuðmarkmið frv. er að koma sjávarútveginum á réttan kjöl, og er það heldur ekki vel rökstutt fræðilega, að það megi takast með þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða. Í álitsgerð hagfræðinganna með frv. eru engir sundurliðaðir útreikningar á verðþörf bátaútvegsins og hraðfrystihúsanna, en gengisskráningin er miðuð við það, að þau geti borið sig. Miðað er við bátaútveginn og freðfiskframleiðsluna, en ekki saltfisk- og ísfiskframleiðsluna. Það kemur fram á bls. 42 í grg., að sú gengislækkun, sem stungið er upp á, miðast við það að fá 10 pence fyrir enskt pund af freðfiski. Nú vita allir, sem fylgjast með þessum málum, að litlar eða engar líkur eru til að fá 10 pence meðalverð fyrir hraðfrysta fiskinn á þessu ári, en samt eru allir útreikningar í grg. miðaðir við það, og eru því allar niðurstöður, sem komizt er að þar, byggðar á sandi. Sú staðhæfing, að bátaútvegurinn muni fá 93 aura pr. kg, er því ekki aðeins hæpin, heldur beinlínis röng, enda var það látið í ljós af fulltrúum L. Í. Ú. í viðræðum við fjhn., að þeir teldu, að ekki væri hægt að hækka verð á bátafiski frá því sem nú er, þó að þetta frv. yrði að l., en það er nú 83 aurar pr. kg. Ég sakna þess, að í grg. skuli ekki vera neinar nýjar „kalkulationir" á verðþörf bátaútvegsins og hraðfrystihúsanna, en slík athugun var síðast gerð árið 1947 af n., sem ég átti m. a. sæti í. Skilst mér, að hagfræðingarnir byggi aðallega á þessum 2 ára gömlu útreikningum, en á þeim tíma, sem liðinn er síðan þeir voru gerðir, hefur ýmislegt breytzt og því óverjandi annað en efna nú til nýrra „kalkulationa" í þessu sambandi. Þá er öllum, sem eitthvað þekkja til þessara mála, kunnugt um, að þörf er á breytingu á pökkunaraðferð og pakkastærðum á hraðfrysta fiskinum, en það hefur í för með sér aukinn kostnað. Ekki er þó vikið einu orði að því atriði í grg. Á þessu atriði hefur því engin rannsókn farið fram og engir útreikningar verið gerðir á þeim kostnaði, sem þetta hefði í för með sér, og bendir þetta m. a. til þess, að fullyrðingin um

93 aura verð hafi ekki við skynsamleg rök að styðjast. Í grg. er ekkert að því vikið, að nú skellur markaðsáhættan á bátaútveginum og hraðfrystihúsunum, en verðið hefur verið óruggt undanfarin ár vegna ríkisábyrgðarinnar. Ekki hefur heldur verið athugað, hvaða áhrif afnám ábyrgðarinnar muni hafa á lánveitingar bankanna til þessa rekstrar, en slíkt skiptir mjög miklu máli. Þá er ekki heldur minnzt á það, að vaxtaívilnanir falli niður. Nauðsynlegt hefði verið, að rækileg markaðsathugun hefði farið fram að því er snertir hraðfrysta fiskinn, en það hefur ekki verið gert. Það hefði þurft að athuga, hvaða verð Norðmenn fá fyrir sinn fisk, en það hefur ekki verið reynt. Það hefði þurft að athuga, hvort þessi gengislækkun mundi opna nýja markaði, t. d. hvort skilyrði mundu vera til að selja hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum, en það hefur heldur ekki verið gert. Ég vil því leyfa mér að staðhæfa, að rökstuðningurinn fyrir því, að gengislækkunin eigi að vera þessi, en ekki einhver önnur, sé mjög veikur, og einmitt þess vegna er mjög hæpið, að frv. nái tilgangi sínum. Engir útreikningar eru lagðir fram því til rökstuðnings, að þessar ráðstafanir geti tryggt bátaútveginn og rekstur hraðfrystihúsanna.

Við þetta bætist svo, að sú aðferð, sem nota á til að tryggja þennan rekstur, verður að teljast ranglát. Hvað er gengislækkun? Hún er í sjálfu sér ekki annað en flutningur á tekjum á milli atvinnustétta í þjóðfélaginu. Þeir, sem flytja út, fá meiri tekjur, en allar aðrar stéttir minni. Gengislækkun eykur því tekjur útflytjenda á kostnað annarra atvinnuvega. En þessi aðferð þarf ekki að vera réttlát, því að hún dreifir byrðunum, sem leggja þarf á aðrar stéttir til þess að auka tekjur útflutningsatvinnuveganna, einmitt eftir því, hve mikið menn kaupa af erlendum vörum, og engu öðru. Vegna þess, að gengislækkun er tilflutningur á tekjum innanlands, þarf að bæta úr því félagslega jafnvægisleysi, sem hér er. Gengislækkuninni er ætlað að bæta úr efnahagslegu jafnvægisleysi; það á að vera tilgangurinn með því að fella gengið. En hér er líka félagslegt jafnvægisleysi. Um leið og gengisbreytingin er framkvæmd, verður jafnframt að gera ráðstafanir til að bæta úr því. Það hefur mikið verið rætt hér við 1. umr. og annars staðar, bæði í blöðum og á málfundum, hvort þessar ráðstafanir muni hafa í för með sér kjaraskerðingu fyrir almenning í landinu. Af forsvarsmönnum þessara ráðstafana hefur því verið haldið fram, að þær hefðu ekki kjaraskerðingu í för með sér og er í þessu sambandi oft skírskotað til álitsgerðar hagfræðinganna. Þessi skoðun er röng, og bera hagfræðingarnir nokkra ábyrgð á því, hversu mjög henni er haldið fram, sumpart með því að nota óskýrt orðalag og sumpart með því að viðhafa ummæli, sem beint liggur við að túlka ranglega. Þegar hagfræðingarnir halda því fram, að gengislækkun geti ekki leitt til kjaraskerðingar, þá meina þeir, að hún verði það ekki fyrir þjóðina í heild, og það er auðvitað rétt. Tekjuskiptingunni innanlands er aðeins breytt, eins og henni er t. d. breytt með sköttum og tollum. Gengisbreytingin hefur áhrif á tekjuskiptinguna og skerðir þannig kjör vissra stétta, en bætir kjör annarra. Hún kann jafnvel að hafa í för með sér einhverjar auknar tekjur fyrir þjóðarheildina, en skerðir auðvitað kjör ákveðinna stétta jafnt fyrir því. Ummæli hagfræðinganna hníga að því, að gengisbreytingin bitni ekki á þjóðinni í heild. Þessi einföldu sannindi segja þeir svo oft, að það verður beinlínis villandi. Þessum ágætu hagfræðingum getur auðvitað ekki hafa dulizt, að gengislækkunin mundi skerða hag ákveðinna stétta, en ýmis ummæli þeirra eru þó því miður þannig, að auðvelt er að misskilja þau eða mistúlka. Í álitsgerðinni segir t. d. svo á bls. 47, með leyfi hæstv. forseta: „Því ber ekki að neita, að gengislækkun án kaupuppbóta yrði nokkur kjaraskerðing í bili, einkum hjá efnalitlu fólki, sem notar meginhluta tekna sinna til kaupa á aðfluttum nauðsynjavörum.“ — Þannig er gert sem minnst úr kjaraskerðingunni og gefið í skyn, að hún yrði ekki nema smávægileg og um stundarsakir eingöngu, því að svo er haldið áfram: „Gegn kjaraskerðingunni vegur hins vegar lækkun skatta (eða minnkun dýrtíðar), vegna þess að útflutningsstyrkir falla niður og að nýir skattar eru lagðir á úflutninginn og enn fremur að gróði flyzt þá frá verzluninni og iðnaðinum til neytendanna, þegar rýmkar um innflutningsverzlunina. Það er til að létta af launþegunum þeirri byrði, sem gengislækkunin mundi leggja þeim á herðar í bili, að við leggjum til að kaup verði hækkað samkvæmt hækkunum framfærsluvísitölunnar.“ Ummæli eins og þessi er í rauninni ekki hægt að skilja öðruvísi en að gengislækkunin hafi ekki í för með sér neina kjaraskerðingu fyrir neina stétt, þegar öll kurl koma til grafar. Mér er óskiljanlegt, hvers vegna þessir ágætu menn skrifa svona. Þeir vita miklu betur og máttu vita, að slík ummæli yrðu mistúlkuð herfilega. Á einum stað í álitsgerð sinni láta þeir a. m. k. greinilega í ljós, að gengislækkunin hafi kjaraskerðingu í för með sér, þótt hinir staðirnir séu 4 eða 5, þar sem ummæli þeirra eru mjög villandi. Auðvitað hlýtur kjaraskerðing að sigla í kjölfar þessara ráðstafana, þar sem um 80—100 milljónir flytjast til sjávarútvegsins frá öðrum stéttum. Sú kjaraskerðing, sem verður hjá launastéttunum, mun nema um 10—20%. Ég neita því ekki, að kjaraskerðing hjá launastéttunum kunni að vera nauðsynleg vegna aflabrests, minnkandi markaða og annarra erfiðleika, sem að sjávarútveginum steðja; en þá eiga þeir líka að fórna mestu, sem mest hafa auðgazt á óvenjulegu ástandi undanfarinn áratug.

Ég skal þá víkja nokkuð að rökstuðningi hagfræðinganna fyrir því, að kjaraskerðingin verði ekki nema hverfandi lítil. Þeir játa auðvitað, að gengislækkunin hafi í för með sér flutning á tekjum, en segja, að tekjurýrnunina muni launþegarnir fá bætta vegna kosta frjálsrar verzlunar, launastéttirnar muni njóta lækkaðs verðs á erlendum og innlendum vörum, ekki hvað sízt íslenzkum iðnaðarvörum, og muni

þannig e. t. v. fá bætta til fulls kjaraskerðinguna „í bili", eins og það er orðað. Eins og vikið hefur verið að í opinberum ræðum, t. d. af prof. Ólafi Björnssyni, þá getum við hugsað okkur, að útlend vara kosti 12 kr. og útflutningsatvinnuvegirnir hafi hingað til fengið 7 kr. af því, en hlutur þeirra hækki nú í 10 kr. Verð vörunnar gæti þó haldizt óbreytt í 12 kr., ef hlutur milliliðanna minnkaði jafnmikið og hlutur útvegsins hefur vaxið. Með þessu dæmi er verið að reyna að sýna fram á, að þær viðbótartekjur, sem útvegurinn fái, komi ekki að öllu leyti frá launþegum, heldur frá milliliðum og framleiðendum íslenzks iðnaðarvarnings. Hér er sem sagt verið að staðhæfa, að ástandið í atvinnulífinu sé þannig, að e. t. v. sé hægt að flytja um 100 millj. kr. frá verzluninni og hinum innlenda iðnaði til útflutningsatvinnuveganna. Ég vil leggja á þetta sérstaka áherzlu, þar sem hér er um að ræða eitt meginatriðið í rökstuðningi hagfræðinganna, að hægt sé að koma til leiðar gífurlegri tekjutilfærslu frá innflutningsverzlun og iðnaði til útflutningsatvinnuveganna. En sé þetta hægt, þá er verið að segja með því, að á nokkrum undanförnum árum hafi verið 100 millj. kr. gróði á innflutningsverzlun og innlendum iðnaði. Þegar Alþfl. hefur staðhæft það undanfarið, að um óhæfilegan gróða væri að ræða í þessum atvinnugreinum, þá hefur verið sagt, að um ómaklega og harkalega árás væri að ræða á íslenzkan iðnað og á verzlunarstéttina. Ég verð að segja, að þessi árás þeirra dr. Benjamíns Eiríkssonar og prof. Ólafs Björnssonar er ekki síður harkaleg. Með því að gefa þetta í skyn, er verið að staðhæfa, að gróði þessara stétta undanfarin ár hafi verið óheyrilegur. Og hafi þetta skilizt, þá fæ ég ekki séð, hvernig viðkomendur hafa getað látið þessari aðdróttun ómótmælt, sé hún óréttmæt, eins og þeir hafa áður talið. Og ég endurtek það, að ef þessir aðilar vilja vera sjálfum sér samkvæmir, þá geta þeir ekki látið þessu ómótmælt.

Niðurstaðan af því, sem ég hef sagt, er því sú, að hæpið sé, að frv. þetta nái tilgangi sínum, og enn fremur hitt, að það sé mjög ranglátt. Ég skal svo ræða einstök atriði svolitið nánar til viðbótar því, sem ég hef gert grein fyrir í nál. á þskj. 418. Í því sambandi hlýt ég að láta í ljós undrun mína yfir því, sem staðhæft er af hv. 2. minni hl. fjhn., Einari Olgeirssyni, í nál. hans á þskj. 416, — en þar er sagt, að miðstjórn Alþfl. muni hafa samþ., að ég skyldi ekki gefa út sameiginlegt nál. með honum, og í framhaldi af því er veitzt að Alþfl. með allóþinglegu orðbragði, sem engan veginn getur talizt viðeigandi í nál. Kaflinn er allur stílaður eins og ómerkileg blaðagrein, og virðist hv. þm. hafa gleymt því, að hann var að skrifa nál., og minnt að hann væri að skrifa í Þjóðviljann. — Auðvitað er það algerlega rangt, að miðstjórn Alþfl. hafi gert nokkra samþykkt á þá lund, að ég skyldi ekki hafa nein mök við hv. 2. þm. Reykv. Hins vegar var það tilætlunin með þessu nál. að gera rökstudda grein fyrir afstöðu Alþfl. í þessu máli, bæði fyrr og síðar, og það var ekki hægt að gera í sameiginlegu nál. með hv. 2. þm. Reykv.

Ég skal þá víkja að einstökum gr. Um 1. gr. er það að segja, að ég tel það óheppilegt að miða gengi íslenzkrar krónu við dollar, en ekki pund. Það er m. a. rökstutt með því, að það sé í samræmi við reglur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. En það er rangur skilningur; stjórn sjóðsins gerði enga athugasemd við það, er gengið var á s. l. hausti tengt pundinu.

Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að Alþ. afsali sér þýðingarmiklu valdi, sem það hefur haft allt frá 1924 til að ráða gengi krónunnar, og Landsbankanum fengið það í hendur. Ég álít, að það komi ekki til mála, að Alþ. afsali sér þessum rétti. Sérstök ástæða er og til að gagnrýna, hvernig komizt er að orði í niðurlagi þessarar gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Landsbanka Íslands er skylt að taka sérstaklega til athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu, þegar almenn breyting verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem kveðið er á um í lögum þessum." — Nú er hagfræðingum þeim, sem undirbjuggu þetta frv., auðvitað ljóst, að kaupgjald getur haft áhrif á gengi; en þeim hlýtur líka að vera ljóst, að þar er aðeins um að ræða einn þátt af mörgum, sem áhrif hafa á gengið, og alls ekki hinn mikilvægasta, heldur eru það markaðsskilyrði og framleiðslugeta þjóðarinnar í heild. — En hvað á það þá að þýða, að nefna kaupgjaldið eitt? Með þessu er verið að hóta launþegasamtökunum í landinu. Það er ekki verið að tala um að breyta genginu, ef verðlag breytist erlendis, en því er hótað, að gengisbreyting skuli verða framkvæmd, ef kaupgjald hækkar. — Það hafa engin samráð verið höfð við launþegasamtökin í sambandi við þetta frv., og er það illt. Hitt er þó enn verra, að í því skuli vera slíkar hótanir í garð launþegasamtakanna. Ég hef af þessum ástæðum leyft mér að bera fram á þskj. 429 brtt. um, að þessi gr. skuli felld niður.

Um 3. gr. get ég verið fáorður. Ég harma það, að engir tölulegir útreikningar skuli vera látnir fylgja gr., en það er í samræmi við önnur vinnubrögð í sambandi við frv., að látið er sitja við almennar fræðilegar bollaleggingar, og í þessu tilfelli t. d. ekkert sagt um, hve miklu nemi uppbæturnar á spariféð. Það hefur raunar komið í ljós, að uppbæturnar á fyrra tímabilinu muni nema um 13%, en á síðara tímabilinu um 7—10%. Miklu skynsamlegra mundi vera að hafa tímabilið aðeins eitt, og sú meginregla, sem farið er eftir, er ranglát, því að verðbréfaeigendur, sem keypt hafa vaxtabréf að áeggjan ríkisvaldsins, þ. e. stofnlánadeildarbréfin, eiga samkvæmt henni engar uppbætur að fá. Þeirri brtt., sem fram hefur komið við þessa gr., mun ég því fylgja.

Kem ég þá að 4. gr., sem verður að teljast ein hin mikilvægasta í frv. og fjallar um breyttan útreikning vísitölunnar. Breytingin á að vera í því fólgin að stækka þátt kjöts og húsaleigu í vísitölunni, en ekki er vikið að því einu orði, að þessi breyting á grundvelli vísitölunnar skipti minnsta máli eða þetta hafi í för með sér, að vísitalan hækki minna fram-

vegis en hingað til. Þetta er mjög ámælisvert. Það skiptir mjög miklu máli fyrir alla launþega landsins, hvernig vísitalan breytist. Samkvæmt lauslegri athugun hefur þessi breyting á vísitölugrundvellinum það í för með sér, að hækkun vísitölunnar verði um ⅓ minni en ella. En þessi breyting er gerð án þess, að vikið sé að því einu orði, að hún hafi nokkra þýðingu fyrir vísitöluna, hvað þá að sýnt sé fram á það með tölum, hve mikil vísitölubreyting verði af þessum völdum. Ég álít óverjandi að skýra ekki frá þessu og draga þannig fjöður yfir það, sem rétt er. Og slíkt er líka óhyggilegt, því að þetta er auðvitað ekki unnt að dylja. Það hlýtur að verða krafa launþegasamtakanna, að hætt verði við að gera þessa lúmsku breytingu á vísitölugrundvellinum, sem mundi lækka hana um 15—17 stig miðað við gömlu vísitöluna; og ég legg því til, að þessi gr. falli niður.

Þá er 5. gr. einkennileg að ýmsu leyti. Þar er fyrirskipað með lögum, að settar skuli upp í þríliðudæmi eftirfarandi tölur:

145 — 9,24
100 — x

Þennan þríliðureikning getur hver maður framkvæmt heima hjá sér, og virðist ástæðulaust að fyrirskipa hann í lögum. Þess vegna legg ég það til á þskj. 429, að þetta ákvæði falli niður. Því er ætlað að sýna, að kaupgjald hefur hækkað meira síðan 1939 heldur en verðlag í landinu. Það er að vísu alveg rétt, að kaupgjaldið hefur hækkað meira, en í því sambandi má benda á, að þjóðartekjurnar hafa hækkað miklu meira á sama tíma — um það bil 15-faldazt.

6. gr. frv. er fyrsta greinin, sem er óaðfinnanleg, enda stendur ekkert í henni, sem máli skiptir, því að hún kveður aðeins á um það, sem allir gátu gert sér ljóst, að með launum væri bæði átt við laun og kaupgjald og að hætt skuli að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar.

Í 7. gr. eru ákvæði um vísitöluuppbætur á laun samkvæmt hækkun framfærsluvísitölunnar, en það er ekki gert ráð fyrir, að hækkun verði mánaðarlega nema fyrstu mánuðina þrjá, og engin kauphækkun á að verða, nema hækkun framfærslukostnaðar nemi minnst 5%. Hækkunin nær og ekki til alls raunverulegs kaupgjalds, þ. e. ekki til lífrarpeninga skipverja á togurum, þó að þeir séu í eðli sínu raunverulegt kaupgjald, samsvarandi föstu kaupgjaldi manna, sem vinna í landi. Þeir eru ekki miðaðir við verð sjálfs aflans. En ef gr. yrði samþykkt eins og hún er í frv., þá mundi það hafa þau áhrif á kjör togarasjómanna, að hásetar mundu enga hækkun fá, en yfirmennirnir allir 74% hækkun, og ætti ekki að þurfa að orðlengja það, hvílík fásinna slíkt væri. Það er því bráðnauðsynlegt að breyta þessu ákvæði, og þess vegna hef ég gert þá till. fyrir hönd Alþfl., sem er á þskj. 429, en þar segir, að frá 1. apríl 1950 skuli laun breytast mánaðarlega, og sömuleiðis lífrarpeningar skipverja á togurum. Kaup það, sem nú er greitt, skal talið svara til vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún var 1. sept. 1949 (330 stig). Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að kaupið breytist 1. apríl í hlutfalli við þá hækkun, sem orðið hefur á vísitölu marzmánaðar 1950, miðað við vísitöluna 1. sept. 1949, svo að kaupgjaldið á að hækka um 17 stig frá 1. apríl eða 6%. — Þegar verkalýðsfélögin, eða þau stærstu þeirra, gerðu kjarasamninga sína á síðastl. ári, þá var við það miðað að bæta launþegunum upp þá hækkun, sem orðið hafði á framfærsluvísitölunni undanfarið. Má því segja, að sú grunnkaupshækkun hafi orðið til þess að samræma kaupvísitöluna framfærsluvísitölunni 330 stig. En þá hækkun, sem síðar hefur orðið á vísitölunni, hafa þeir orðið að bera. Þegar nú í ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því, að launþegarnir séu látnir bera miklar byrðar, þá er það alveg óumflýjanlegt að brúa fyrst það bil, sem hér hefur orðið, á þann hátt, sem segir í till. á þskj. 429. Sú till. er í samræmi við niðurstöðu þeirrar ráðstefnu verkalýðsfélaganna, sem lauk í gærkvöld, en þar var sú skoðun ríkjandi, að nauðsynlegt væri að brúa þetta 17 stiga bil. Í till. er enn fremur ákvæði, sem miðar að því að stöðva þann skrúfugang, sem á stríðsárunum var á milli kaupgjalds og verðlags í landinu. Þá er í lok greinarinnar ákvæði um það, að fyrir 1. júlí 1950 skuli kauplagsnefnd með aðstoð hagstofunnar endurskoða útreikning vísitölunnar með það fyrir augum, að vísitalan sýni sem réttasta mynd af þeirri breytingu, sem verður á raunverulegum framfærslukostnaði.

Um 8. gr. er það að segja, að ég hef engar athugasemdir við hana, enda ekki um annað en formsatriði að ræða.

Um 9. gr. vil ég aðeins segja fá orð. Það hefur orðið vart nokkurs ágreinings um skilning á þeirri grein, 1. mgr. hennar, sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem svarar erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum öðrum en launum.“ Ég hygg, að hér sé aðeins átt við innlendar iðnaðarvörur, en hins vegar ekki landbúnaðarvörur. Styð ég þá skoðun mína við það, sem segir í 2. mgr.: „Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Þó má mjólkurverð ekki hækka vegna launahækkunar samkvæmt lögum þessum fyrr en í júlí 1950.“ Ég hef hins vegar orðið var við það, að fulltrúar bænda hafa margir hverjir álitið, að þetta ákvæði tæki einnig til landbúnaðarvara. En ef sá skilningur er réttur, þá hefur það geysimikla þýðingu í sambandi við útreikning vísitölu framfærslukostnaðar, því að ef hækkun yrði á landbúnaðarvörum strax í maí, þá mundi framfærslukostnaðurinn vaxa miklu örar en ella hefði verið. Hagfræðingarnir, sem frv. undirbjuggu, þeir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson, munu einungis hafa ætlazt til, að þetta tæki til iðnaðarins. Um þetta atriði má ekki ríkja nein óvissa, það verður að fá úr því skorið, hvort heldur er, og er nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. láti í ljós sinn skilning á þessu atriði.

Um 10. gr. er það að segja, að samkvæmt

henni er verðtollurinn lækkaður hlutfallslega, en í raun og veru hækkar hann í krónum sem nemur 20—25 milljónum. Það hefur valdið mönnum miklum vonbrigðum, að ekki skyldi takast að lækka tolla og skatta þrátt fyrir þessa gífurlegu gengisbreytingu, því að eftir þessari grein hækka tollarnir, en lækka ekki. Það má og geta þess í þessu sambandi, að þau orð hafa borizt til hv. fjhn., að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafi ekki ætlazt til þess, að söluskatturinn yrði látinn falla niður. Það væri því gott, ef hæstv. núv. ríkisstj. vildi upplýsa, hvort hún hyggst að afnema hann, eða hvort tilætlunin sé, að hann verði innheimtur áfram. Ég vil vekja athygli á því, að söluskatturinn hefur mikil áhrif á dýrtíðarvísitöluna, og getur það munað 2—3% verðlagsbreytingu, hvort honum er haldið eða ekki. Ef söluskatturinn verður ekki afnuminn, þá mundi vísitalan hækka um 2—3% meira en ella. Þá er og ástæða til þess að láta í ljós vonbrigði yfir því, að þrátt fyrir þessa gífurlegu gengisbreytingu skuli ekki vera hægt að losna við allt uppbótakerfið, en það verður ekki gert, því að gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbótum á landbúnaðarafurðir.

Í 11. gr. eru ákvæði um framleiðslugjöld á sjávarafurðir. Það er leitt, að frv. skuli ekki fylgja neinir útreikningar af hálfu hagfræðinganna um þessi atriði. Lausleg athugun mín sýnir, að ekki sé samræmi milli 25% útflutningsgjaldsins á ísfiski og 10% gjaldsins á saltfiski, og auk þess er ákvæðið um hvalafurðir og síldarafurðir mjög hæpið. Ég vildi sem sagt vekja athygli ríkisstj. á því, að nauðsynlegt er, að 11. gr. sé rækilega endurskoðuð.

Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir því að leggja á sérstakan eignarskatt. Ég vil vekja athygli á því, að þessi skattur er ekki eignarskattur í venjulegum skilningi, heldur er hér um að ræða tilraun til þess að taka aftur í ríkissjóð hluta af þeirri hækkun, sem verður á eignum manna vegna gengisbreytingarinnar. Fasteignir, skip og fleiri eignir hækka í verði vegna gengislækkunarinnar, og er skatturinn lagður á til þess, að eigendur eignanna greiði í ríkissjóð hluta af þessari hækkun. En hér er það galli á, að ekki er gert ráð fyrir því, að eigendur þessara tækja greiði alla þá hækkun, sem af þessum ástæðum verður á eignunum, heldur aðeins hluta af henni. Skatturinn getur varla numið meiru en 3—4% af raunverulegu verði þeirra eigna, sem hann verður á lagður, og þetta eru einu byrðarnar, sem lagðar eru á hina ríku í frv. Ekki er miðað við raunverulegt verð eignanna, sem skatturinn á að leggjast á. Fasteignir á t. d. að meta á fasteignamatsverði margfölduðu í hæsta lagi með tölunni 5, þó að vitað sé, að söluverð þeirra sé 10—12 sinnum hærra en fasteignamatið. Ég þori að staðhæfa, að ýmsir stóreignamenn muni beinlínis græða á gengislækkuninni, þrátt fyrir þennan skatt. Hins vegar á að miða verð skipa við vátryggingarverð þeirra, þó að vitað sé, að skip séu oft vátryggð fyrir meira en söluverð þeirra, ef það hefur verið hægt. Það er að vísu sagt, að það megi miða við söluverð. Eigendur þessara áhættusömu framleiðslutækja, skipanna, verða þá að standa í því að láta meta skipin upp, ef þeim finnst þeir vera of hart leiknir, og geta þó aldrei komið matinu niður úr söluverði. Eigendur fasteigna eiga hins vegar að sleppa með helminginn af söluverðinu undan skattinum. Þetta er alveg óverjandi. Þá er það mikill galli, að stighækkun skattsins skuli ekki vera meiri. Vextir skattsins eru óeðlilega lágir, og gjaldfresturinn, 20 ár, er of langur. Það er gert ráð fyrir því, að skatturinn sé greiddur með skuldabréfum, sem síðar séu greidd með jöfnum afborgunum á 20 árum, og vextirnir eru 3½%, og Landsbankinn á að taka við bréfunum upp í skuld ríkissjóðs. Það er því í raun og veru Landsbankinn, sem greiðir hluta af vöxtunum, því að af venjulegum lánum fær bankinn 6% vexti, svo að þarna greiðir hann eiginlega skattgreiðendunum 2.5% í vaxtastyrk. Þessi ákvæði getur Alþfl.. ekki samþ., en nú hefur hæstv. ríkisstj. lýst því yfir, að hún muni leggja fram brtt. við þessa grein, og mun ég því ekki leggja fram neinar brtt. hana varðandi af hálfu Alþfl. fyrr en till. ríkisstj. liggja fyrir, en mér hefur verið tjáð, að það verði nú við þessa umr.

Ég hef nú gagnrýnt þetta frv. mjög, bæði markmið þess og skilyrði til að koma að notum. Nú má vera, að einhver spyrji: Hvað vill þá Alþfl.? Þá, sem þannig spyrja, má minna á, að Alþfl. er sósialistiskur flokkur, sósialistiskur lýðræðisflokkur, sem vill þjóðnýtingu stærstu atvinnutækjanna og utanríkisverzlunarinnar. Alþfl. er fullviss um, að með því eina móti er hægt að tryggja þegnum þjóðfélagsins fulla atvinnu. Hagkerfi einkaframtaksins hefur brugðizt hér eins og annars staðar og er að bregðast. Á árunum 1920—30 voru hér stórkostleg góðæri, en samt voru engir varasjóðir til á kreppuárunum eftir 1930, og þá þurfti að grípa til verzlunarhafta, sem allir töpuðu á nema verzlunarstéttin. Vandræði áranna 1930—39 enduðu með 18% gengislækkun. Á eftir góðærunum, sem hér hafa verið síðasta áratug, á svo enn að verða gengisfall. Þegar slíkt gerist, hlýtur sú spurning að vakna hjá mönnum, hvað orðið hafi af öllum millj., sem grædzt hafi. Hafa þær allar farið til bygginga eða í annan öruggari atvinnurekstur en sjávarútveg? Af hverju stendur útgerðin uppi slypp og snauð, strax og eitthvað bjátar á? Er það virkilega svo, að útgerðin sé eftir þessi góðæri öll komin á vonarvöl? Það er auðvitað óeðlilegt, að stórútgerðarmenn og eigendur hraðfrystihúsa og báta geti lifað eins og kóngar í áratug og krafizt svo gengislækkunar, strax og erfiðleikarnir taka að steðja að. Og hvað hefur orðið af verzlunargróðanum, sem hagfræðingarnir álitu að hafi verið fyrir hendi og myndazt hafi í skjóli haftanna? Nei, þetta kerfi er ekki nothæft, það getur jafnvel ekki bjargað sér með gengisbreytingum. Það má segja um gengisbreytinguna 1939 og ástandið nú, að í raun og veru hafi verð krónunnar verið fallið inn á við, en það bætir ekki málstað þess skipulags, þar sem slíkt gerist, réttlætir ekki, að upplausn og glundroði komi alltaf skömmu

á eftir góðæri. Ef hægt á að vera að koma í veg fyrir slíkt, þarf að endurskipuleggja hagkerfið allt samkvæmt kenningum jafnaðarstefnunnar. Á þann eina veg er hægt að tryggja öllum stöðuga vinnu og fulla starfrækslu atvinnutækjanna, jafnframt réttlátri skiptingu þjóðarteknanna. Til þess að gengislækkun nú geti talizt samrýmanleg stefnu Alþfl., verður að vera tryggt, að allt hafi áður verið gert til þess að tryggja þegnum þjóðfélagsins fulla atvinnu og að tekið sé fyrir alla óeðlilega gróðamyndun, en án slíkra ráðstafana verður gengið heldur ekki tryggt, þó að það sé lækkað. Annars heldur gengislækkunarhjólið áfram að snúast einn hring á hverjum áratug, eins og dýrtíðarhjólið hélt í sífellu áfram að snúast á síðasta áratug. Það er höfuðatriði, að byrðunum, sem versnandi verzlunarkjör gagnvart útlöndum hafa í för með sér, sé dreift réttlátlega á þegna þjóðfélagsins og aukinn jöfnuður tryggður. Gengislækkun ein gerir það ekki. Jafnframt þarf að tryggja afkomu atvinnuvega þjóðarinnar. Þetta frv. gerir það ekki til neinnar frambúðar. Hvorugu þessu höfuðskilyrði er fullnægt í þeim till., sem hér liggja fyrir. Ég legg því til, að frv. sé fellt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 423, 424 og 429, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Afbrigði um brtt. 431, 433, 434, 435, 436 og 437 leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. 4. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram nál. sérstakt á þskj. 432. Þá flyt ég einnig brtt. á þskj. 431 ásamt tveim hv. nm. úr fjhn., og vil ég með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim.

1. brtt. okkar er við 3. gr. Þar er lagt til, að gengishagnaður bankanna vegna gengislækkunarinnar skuli renna til ríkissjóðs, en ríkið skuli verja honum til lánveitinga þannig, að ⅓ sé lánaður byggingarsjóði verkamanna, ⅓ byggingarsjóði Búnaðarbankans og ⅓ Ræktunarsjóði Íslands til 20 ára með jöfnum afborgunum og 2% ársvöxtum. Lánin til byggingarsjóðanna eiga að vera bráðabirgðalán með 4% ársvöxtum, og endurgreiðist þau jafnharðan og tekjur sjóðanna af stóreignaskatti innheimtast skv. 12. gr. Því fé, sem ríkissjóður fær endurgreitt af lánunum, skal varið til þess að greiða lausaskuldir við Landsbankann. Þetta er að því leyti öðruvísi en í frv. nú, að þar er gert ráð fyrir að verja 10 millj. kr. af hagnaði bankanna í uppbætur á sparifé, en það, sem þar kann að vera fram yfir, skuli renna til þess að greiða lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann, en skv. till. okkar er gert ráð fyrir, að uppbæturnar á spariféð skuli teknar af stóreignaskattinum. — Það hefur mjög verið talað um hina miklu fjárfestingu undanfarinna ára, og er það réttmætt. Ýmsir telja, að ekki hafi verið nógu gætilega farið í þeim efnum og þurfi að hafa þar hóf á. Þetta er vissulega rétt, en ég vil líka benda á, að engu minni þörf er á að stilla í hóf alls konar eyðslu, svo að meira fé verði handbært til nauðsynlegra framkvæmda, og þótt rétt sé að draga úr hinni miklu fjárfestingu, þá tel ég, að ekki megi taka fyrir nauðsynlegustu framkvæmdir í landinu, og nefni ég þar í fyrstu röð íbúðarhúsabyggingar í sveitum og kaupstöðum. Nú er svo ástatt, að tilfinnanlega skortir fjármagn til lána handa landbúnaðinum. Sama máli gegnir um byggingarsjóði verkamanna, þá vantar tilfinnanlega fé til íbúðabygginga. Þá skortir ræktunarsjóð einnig fjármagn til þess að lána til nauðsynlegustu ræktunarframkvæmda í sveitum og til annarra þeirra framkvæmda, sem honum er ætlað að styrkja. Við teljum því óhjákvæmilegt að bæta hér nokkuð úr, og því leggjum við til, að gengishagnaði bankanna verði varið eins og segir í brtt. okkar. Þetta er að vísu hvergi fullnægjandi fyrir sjóðina, en þó mun þetta verða veruleg úrbót í bili.

Næsta brtt. okkar er við 11. gr. Það er smábreyting á 3. málsgr., og er brtt. um það, að framleiðslugjaldi af öðrum útflutningsvörum en síldarafurðum skuli fyrst og fremst varið til þess að veita lán til hraðfrystihúsa, sem byggð hafa verið á s. l. 5 árum og ekki fengu lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Víða um land eru hraðfrystihús, sem ekki hafa fengið föst lán, og eru eigendur þeirra í megnustu vandræðum, sem brýna nauðsyn ber til að leysa nú þegar. Þegar því er lokið, leggjum við til, að framleiðslugjaldinu verði varið eins og nú segir í greininni.

Næst er brtt. okkar við 12. gr. Leggjum við til, að gr. verði orðuð um, en hún er um sérstakan eignarskatt. Helztu brtt. okkar eru þær, að skatturinn skuli eingöngu lagður á einstaklinga, og skal miða við eignir þeirra samkv. eignauppgjöri við s. l. áramót, og skal skattleggja þá, sem eiga yfir 300 þús. kr. Skatturinn skal ekki lagður á félög, en hreinni eign félaganna skal skipt milli eigenda í réttu hlutfalli við hlutafjár- eða stofnfjáreign þeirra, og bætist hlutur þeirra í félaginu við privateign þeirra, áður en skatturinn er útreiknaður. Þetta er nýmæli í löggjöf og mjög athyglisvert. Nokkur brögð munu hafa verið að því, að vegna ákvæða skattal. hafi menn, sem eiga jafnmiklar eignir, orðið að borga misháan skatt eftir því, hvort eignir þeirra voru einkaeignir eða í ýmsum félögum. Hér er hins vegar lagt til, að eignir manna séu skattlagðar í einu lagi, svo að tveir menn jafnríkir borgi jafnháan skatt. Um mat á fasteignum skal fara skv. 1. tölul. brtt. okkar, þ. e. a. s. að margfalda fasteignamatsverðið með tölunum 3—6, eftir því, hvar er á landinu, því að gangverð fasteigna er mjög misjafnt eftir landshlutum. Við þessa brtt. flyt ég brtt. á þskj., sem ekki er búið að útbýta, og kem ég að henni síðar. Í 2. tölul. þessarar brtt. er rætt um mat skipa og skal það miðað við vátryggingarverð, nema sannað sé með mati, að eðlilegt söluverð þess sé annað, og er það óbreytt frá frv. 3. og 4. tölul. fjalla um eignahækkun af gengisgróða og gengistap vegna skulda í erlendum gjaldeyri, og skal heimilt að draga slíkt tap frá eignum. Sömuleiðis er ákvæði um það, að frá eign-

um megi draga þær fjárhæðir, sem lagðar hafa verið í nýbyggingarsjóði skv. l. nr. 20/1942, hvort sem búið er að verja þeim að öllu leyti til kaupa á framleiðslutækjum eða ekki. Þetta er í samræmi við hliðstætt ákvæði í skattalögunum. Næst eru ákvæði um skiptingu félagseigna, en þeim skal skipta niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkvæmt sérstökum lögum. Ekki eru þó þær eignir meðtaldar, sem óheimilt er að skipta samkv. landslögum milli félagsmanna við félagsslit, en eiga þá að afhendast því opinbera til varðveizlu. Enn fremur er undanþegið það fé, sem útgerðarfélög hafa lagt í nýbyggingarsjóði. Síðar í brtt. okkar er lagt til, að félögin skuli greiða þann hluta af skatti, er eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum. Næst er fjallað um útreikning skattsins, og eru þar nokkrar breytingar frá ákvæðum frv., m. a. þær, að skv. brtt. á skatturinn að leggjast á allar eignir og sömuleiðis er skattstiginn hækkaður verulega, eða í 10—25%. Um greiðslu skattsins eru þau ákvæði, að sé upphæðin ekki yfir 2000 kr., þá skal hann greiðast strax. Nú er skatturinn hærri en 2000 kr., og er gjaldanda þá heimilt að greiða í skuldabréfum, sem greiðast skulu á 20 árum með 4% vöxtum. Vextirnir voru áður 3.5%. Þá eru næst till. um ráðstafanir á skattinum, og leggjum við til, að 5 millj. verði varið í aflatryggingasjóð, og skal það vera af því fé, sem fyrst verður innheimt. Aflatryggingasjóður átti að fá þetta af eignaraukaskattinum, en þar sem við leggjum til, að hann verði felldur niður, þarf að láta aflatryggingasjóð hafa þetta fé í staðinn. Enn fremur leggjum við til, að 10 millj. skuli varið til uppbóta á sparifé. Að öðru leyti skal skattinum skipt í tvo jafna hluta. Öðrum hlutanum skal varið til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs, en hinum skipt til helminga milli byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsjóðs sveitanna. — Í samræmi við till. um ráðstöfunina á skattinum bætist ný gr. í frv., um uppbætur á sparifé, og er skilyrði, að spariféð hafi verið gefið upp til skatts. Gert er ráð fyrir, að bætur þessar megi greiða í ríkisskuldabréfum.

Síðasta brtt. okkar er um það að fella niður 2. kafla l. nr. 128/1947, sem fjallar um eignaraukaskatt. Eins og kunnugt er hefur sá skattur ekki verið lagður á enn. Hins vegar hefur nú verið ákveðið, að hann skyldi á lagður 1950. Það er augljóst mál, að ekki er heppilegt að innheimta tvo sams konar skatta á sama tíma. Þess vegna höfum við lagt til, að hann verði felldur niður, enda eru till. um þann skatt, sem hér hefur verið rætt um, gerðar með hliðsjón af því.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir brtt. á þskj. 431. Hins vegar veit ég ekki, hvort hæstv. forseti leyfir mér að skýra í fáum orðum frá efni brtt., sem ekki hefur verið útbýtt enn. Þessi till. er um ákvörðun á verði fasteigna til skatts eftir frv. því, er hér er til umræðu. Eins og málið liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að fasteignamat í Reykjavík verði margfaldað með tölunni 6 til að fá út hið skattskylda verðmæti. Með þessari væntanlegu brtt. er hins vegar lagt til, að þessi tala verði 7, þ. e. a. s. margfaldað með tölunni 7. Það er kunnugt, að fasteignaverð er svo hátt hér í Reykjavík, að það er ekkert samanberandi við fasteignaverð annars staðar, og tel ég því réttmætt, að fasteignamatið verði margfaldað með tölunni 7, miðað við verð það, sem reikna á með annars staðar á landinu. Um þetta gat ekki orðið samkomulag í fjhn., eins og sjá má á þskj. 431. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þessar brtt. fleiri orðum.

Um frv. í heild er ekki ástæða til að halda langa ræðu. Það er að sjálfsögðu ekkert ánægjuefni að þurfa nú að lögfesta lækkun á íslenzku krónunni, en undan því verður ekki komizt eins og fjárhagsástandið er nú. Og raunverulega má segja, að krónan sé fyrir nokkru fallin, þó að það hafi ekki verið viðurkennt með breytingu á skráðu gengi hennar. Það hefur hingað til verið valin sú leið að leggja á skatta og tolla og greiða með því útflutningsuppbætur til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun framleiðslunnar. Nú virðist sú leið ekki fær lengur, þar sem til þess yrði að hækka skattana enn gífurlega. Það má auðvitað til sanns vegar færa, að gengislækkunin leggur byrðar á almenning í landinu, en þær byrðar verða ekki léttari, þó að uppbótunum verði haldið áfram. Ég vil leggja áherzlu á það, að gengisbreytingin er aðeins einn liður til úrbóta og til þess að hún komi að haldi þarf margar fleiri aðgerðir í baráttunni við stöðvun atvinnuveganna og afleiðingu þess, atvinnuleysið. Af því má nefna umbætur í verzlunarmálum, húsnæðismálum o. fl., en til slíkra umbóta þarf ákveðnar stjórnarathafnir og nýja löggjöf. — Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa um málið fleiri orð að þessu sinni.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það er nú ekki enn búið að útbýta þeim brtt., sem ég flyt við þetta frv., og ætla ég því fyrst að víkja að brtt. á þskj. 431 frá þeim, sem mynda meiri hl. fjhn., en það eru þeir, sem styðja núverandi ríkisstjórn. Ég vil fyrst minnast á, að ég sakna þess í sambandi við brtt. við 3. gr., að ekki skuli lagt til, að neinu fé verði varið til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og þó eru til um það l. frá 1946, sem að vísu hefur verið þannig breytt, að þau koma ekki til framkvæmda. Ég held satt að segja, að þegar athugaður er sá góði tilgangur að leggja fé í byggingarsjóði verkamanna og bænda, þá megi ekki gleyma þessu máli. Það er líka staðreynd, að Alþingi sá ástæðu til að setja um þetta lög, þó að meiri hlutinn hafi síðar fallið frá þeirri ákvörðun vegna fjárskorts, eins og það var orðað. Nú er tækifæri til að hefjast handa í þessu nauðsynlega máli og verja nokkru af því fé, sem frv. gerir ráð fyrir að innheimt verði. Í sambandi við 11. gr. skil ég satt að segja ekki, hvernig fulltrúi Sjálfstfl.

getur fylgt slíkri brtt. Ég hélt, að fulltrúi útgerðarmanna í fjhn. hefði sýnt fram á með rökum, að ekki væri rétt að miða framleiðslugjald við £ 8500 sölu á ísfiski, því enda þótt togari hafi selt í 3 eða 4 söluferðum fyrir £ 8500, þá getur verið stórtap á öllum hinum söluferðunum. Sama er að segja um 10% gjaldið af öðrum sjávarafurðum togaranna. Það er heppilegra að leggja hærra gjald á þá, sem hafa grætt á útveginum, því að þessi gjöld koma harðast niður á bæjarfélögum, sem nýlega hafa hafið útgerð og misst af mesta gróðatímanum. Ég mun nú flytja brtt. um þetta og vænti, að hún fái góðar undirtektir. — Viðvíkjandi 12. gr. er það að segja, að þar endurtekur sig sama sagan og áður, þegar reikna á skatt á auðmennina og láta þá fórna hluta af þeim auði, sem þeir hafa safnað á undanförnum árum, principið er það sama, þótt breytt sé um reikningsaðferðir. Það vita nú allir, að eignakönnunarl. voru blekking, þó að það hafi aldrei komið eins greinilega í ljós og nú, þar sem fella á niður eignaraukaskattinn, sem þá var ákveðinn, um leið og þessi nýi skattur á stóreignamenn skal samþykktur. Þetta eru aðferðirnar, að láta almenning fyrst færa fórnir með skírskotun til þess, að nú skuli leggja stóran skatt á auðmennina, en þegar svo almenningur hefur innt sínar skyldur, þá er skatturinn á þá ríku felldur niður. Svo er nú um þennan nýja skatt, að það er gert ráð fyrir, að hann megi greiðast á 20 árum, eða 90% af honum. Það á sem sagt ekki að ganga of hart að þeim ríku, og kannske verður hann svo bara gefinn eftir eins og nú er lagt til um eignaraukaskattinn. Það er greinilegt, að með þessum till. á að binda alþýðuna og láta hana þegar taka á sig þungar byrðar, en auðmannastéttin skal fá pappírslög, sem enginn veit, hvort nokkurn tíma verða framkvæmd. Það er heldur ekki mikið hreyft við verzlunarauðvaldinu í þessum till. Hins vegar tók ég eftir því, að þm. V-Húnv. minntist á í ræðu sinni áðan, að þörf væri á umbótum í verzluninni og setja um hana nýja löggjöf til hagsbóta fyrir almenning, eftir því sem mér skildist. Ég mun nú bera fram brtt., sem bráðlega verður útbýtt, um þetta efni og freista með því að koma inn í þennan lagabálk ákvæði um rétt neytendanna til að velta af sér heildsalaálagningunni, og fer till. mín í sömu átt og þm. V-Húnv. hefur áður lagt til.

Þá vil ég ræða nokkuð um þá grein frv., er fjallar um uppbætur sparifjár. Ég sé, að fulltrúar stjórnarflokkanna hafa breytt henni þannig, að innstæðan á að hafa staðið á vöxtum frá 1941—49. Ég held, að þetta sé óréttlátt, og er ég hissa á þessu samkomulagi í fjhn. Það hafa verið færð eðlileg rök fyrir því að haga uppbótum sparifjárins á þann hátt, er Landsbankinn leggur til. Nú vita menn, að síðari hluta árs 1946 tók mikill hluti sparifjáreigenda út fé sitt til þess að kaupa bréf stofnlánadeildarinnar. Ríkissjóður og Landsbankinn höfðu þá í frammi mikinn áróður til þess að fá menn til að kaupa bréfin, og mönnum var sagt, að þetta væri heillavænlegt hvað snerti rekstur atvinnuveganna. Höfuðstóllinn, sem kom inn, mun hafa verið um 10 millj. kr. S. Í. S. fór líka á stúfana til að efla framkvæmdasjóð sinn, og það var sendur maður út um land til að safna í hann. Þannig var á margan hátt reynt að ná í fé sparifjáreigendanna. Auðvitað trúðu þeir hinum fögru loforðum ríkisvaldsins í þessu efni. En nú á beinlínis að refsa þessum mönnum fyrir að hafa lagt fé til rekstrar atvinnuveganna. Enn fremur er óeðlilegt, að ríkið geri svona hluti. Þegar ríkisvaldið hefur skorað á menn að leggja fé sitt fram, þarf það að hafa einhverja ábyrgðartilfinningu. Ríkisvaldið á ekki að ómerkja svona orð sín. Ég veit, að það hefur oft verið tekið of sterkt til orða, þegar verið var að gylla þetta fyrir sparifjáreigendum, hvað það væri hagkvæmt og traust að lána ríkinu fé sitt. Einu sinni sagði Tíminn t. d. um happdrættisbréfin, að með því að kaupa þau væri verið að hindra verðfall peninganna. — Ég held, að meiri hl. fjhn. ætti að athuga þessar till. sínar betur. Enn fremur vil ég fara nokkrum orðum um það, hvernig framkvæmd þessa atriðis er hugsuð. Eins og þetta er nú hugsað, má telja það óframkvæmanlegt eða setja verður á stofn eitthvert heljarmikið skrifstofubákn, sem kostar þá auðvitað ósköp. Ódýrasta framkvæmdin er vitanlega sú, að bönkum og öðrum slíkum stofnunum verði fyrirskipað að skrifa inn í reikninga sparifjáreigenda, t. d. þegar vextir eru innritaðir, ákveðna upphæð, sem reiknast þá sem uppbætur. Með þessu væri tryggt, að sparifjáreigendur fái sitt, sem til er ætlazt. Það ætti að vera auðvelt að láta bankana sjá um þetta, og ég trúi ekki, að þeir fari að hafa af fólki. Ríkisvaldið ætti að sjá um að auglýsa þetta fyrirkomulag, svo að sparifjáreigendur geti gengið eftir sínu. Þetta yrði áreiðanlega miklu ódýrari aðferð en hér er lagt til. Ég held, að menn ættu að athuga, hvort kostnaðurinn við hitt fyrirkomulagið geti ekki orðið eins mikill og uppbæturnar sjálfar.

Þá ætla ég að mæla fyrir þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 423. Ég legg til, að 4.—8. gr. frv. sé breytt, og fjallar brtt. um það, að starfslaun skuli greidd skv. vísitölu kauplagsnefndar um framfærslukostnað í Reykjavík. Það þýðir, að laun manna miðist við fulla verðlagsuppbót, eins og hún hefur verið 1949. Brtt. fer fram á það, að í stað nýju vísitölunnar verði sú gamla látin gilda. Þótt sú gamla sé óréttlát, er hún þó réttlátari en sú nýja. Enn fremur falli vísitölubindingin niður.

2. brtt. frá mér fjallar um breytingu á persónufrádrætti. Hann er nú 900 kr. í Rvík, 1800 hjá hjónum og 700 kr. fyrir hvert barn. Ég legg til, að þessi persónufrádráttur verði hækkaður nokkuð, eða tölurnar verði þessar (í sömu röð og áðan var sagt): 1200, 2400, 1000 kr. Raunverulega hækka skattarnir, ef frv. þetta verður að lögum, og því álít ég rétt að hækka persónufrádráttinn einnig. Það er meira en eðlilegt að gera ráðstafanir til að rýmka skattana, og það virðist vera í fullu samræmi við greinargerð þessa frv. að létta skattabyrð-

inni af þegnunum. En hið undarlega kemur þó í ljós, að skv. frv. á að þyngja tollana. Þannig stangast frv. og greinargerðin á.

Í 3. brtt. legg ég til, að 10. gr. frv. sé felld niður.

4. brtt. er við 15. gr. frv. Hún er allþýðingarmikil. Skv. minni brtt. er lagt til, að fiskábyrgðarlögin haldi gildi sínu árið út. Ég sýndi fram á það í gær í ræðu minni, að ef tryggja á, að bátaútvegurinn haldi áfram, þá þarf að tryggja honum sama verð fyrir fiskinn og nú. Öryggi bátaútvegsins hefur verið tryggt fram að þessu, og það verður að tryggja það áfram. Með gengislækkuninni lækkar fiskverðið úr 85 aurum kg niður í 75 aura, um leið og olía, salt, veiðarfæri og annað, sem útvegurinn þarf til rekstrar síns, hækkar. Þess vegna held ég að þessi brtt. eigi fullan rétt á sér. Hún tryggir líka, að bankarnir verði skyldaðir til að taka ekki meira en 4% vexti af því fé, sem þeir lána til útvegsins.

Brtt. á þskj. 437 fer fram á það að bæta við nýrri grein á eftir 9. gr. frv., um það að breyta fjárhagsráðsl. og því ákvæði, er segir, að menn þurfi fjárfestingarleyfi fyrir öllum byggingum. Það mætti auðvitað deila um það, hvernig framkvæmdin á fjárhagsráði hefur tekizt undanfarin ár. Það hefði verið hægt að hagnýta vinnuaflið betur, ef þessi l. hefðu verið nokkru frjálslegri en raun ber vitni. En almennt má þó segja það, að það hefur verið byggt of lítið, og því hefur húsnæðisekla skapazt. Nú á að tryggja, að meira fé renni til bygginga verkamannabústaða og bygginga í sveitum. Ég held, að það ætti líka að rýmka nokkuð til, þannig að menn megi byggja sjálfir. Oft hafa menn sótt um leyfi til að mega byggja lítil hús úti á landi, en fengið neitun; skriffinnskan og einokunarkerfið hefur eyðilagt allt fyrir þeim. — Atvinnuleysið er nú að halda innreið sína, og ég spyr: Er þá réttlætanlegt að banna mönnum að byggja, ef þeir geta útvegað efni til þess sjálfir? Nú er komið til sögunnar það afl, sem er enn þá alvarlegra en skriffinnskan, en það er fátæktin og peningaleysið, og ég held, að það sé nægilegur þröskuldur fyrir menn að yfirstíga, þótt ekki sé bætt þar ofan á skriffinnskufargani hér í Reykjavík. Ég held, að það sé fyllilega réttmætt að afnema, að það þurfi fjárfestingarleyfi til að byggja fyrir sjálfan sig eina íbúð, svo fremi sem viðkomandi eigi enga fyrir. Ég legg þessa till. fram beinlínis til þess að prófa, hvort það eigi að ríghinda menn við öll þessi höft, um leið og menn tala ósköpin öll um að losa um höftin. Er þá aðeins verið að draga menn á tálar? Ef ríkir menn eiga hér í hlut, kemur ekki til mála, að þeir fái að byggja án fjárfestingarleyfis, svo að hér er aðeins verið að létta undir með þeim fátækari. Sem sagt, ef menn vilja hjálpast að við að byggja, þá er þeim ekki bannað að gera það. Þess vegna vona ég, að þessi brtt. finni náð hjá hv. þingdeild frelsisins vegna. — Hv. 3. landsk. er því miður ekki staddur hér í þingdeildinni, og sleppi ég því að svara honum, þar til hann kemur.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér þykir hlýða að láta örstutta greinargerð fylgja brtt. minni á þskj. 424.

Þessari fámennu þjóð er enn þá mikils vant í skólamálum. Heima fyrir eiga þegnar hennar ekki innangengt til skólamenntunar nema að mjög takmörkuðu leyti. Þær eru enn þá tiltölulega fáar vísindagreinarnar, sem skólar landsins bjóða hinni ungu kynslóð til fullkomins náms. Hið sama er að segja um tungumál, tæknileg efni ýmiss konar o. fl. En það er hins vegar gæfa þessarar þjóðar, að hún er haldin sterkri þekkingarþrá. Og þrátt fyrir þröngar aðstæður heima fyrir hafa henni aldrei fallizt hendur um að leita svölunar þessari þrá. Það er íslenzk regla að sigla til útlanda og afla sér menntunar, þegar skólarnir heima fá ekki fullnægt óskum einstaklingsins í þessum efnum. Og þeirri reglu hefur ekki hvað sízt verið fylgt nú undanfarin ár, þegar hópar ungra Íslendinga hafa leitað til útlanda til að framast í einni eða annarri mennt. Af þessu hefur það leitt, að þessi litla þjóð, ein hin smæsta þjóð í heimi, sem ekki hefur á að skipa nema fáum og tiltölulega ófullkomnum skólum, getur samt farið í mannjöfnuð við hinar stærstu menningarþjóðir um andlegt atgervi og lærdóm. Þannig hefur það verið og þannig á það að vera, því að hér er um að ræða sjálfa lífæðina í sjálfstæði okkar, andlegu og efnalegu. Menntun ungu kynslóðarinnar er sá grundvöllur, sem tilvera okkar sem sjálfstæðrar þjóðar hlýtur alltaf að byggjast á. — En það er ekki ofmælt, að nú vofir yfir sú hætta, að þessi grundvöllur bresti og þar með verði stefnt í voða öllu því, sem á honum er byggt. Gengislækkunarfrv. það, sem hér er til umræðu, mun hafa hinar geigvænlegustu afleiðingar fyrir það íslenzka menntafólk, sem dvelst erlendis. Margt af þessu fólki er fátækt og auralítið, og við gengislækkunina mundi það komast í alger þrot með að standa straum af námskostnaðinum, mundi neyðast til að hverfa heim að óloknu löngu og dýru námi. Það liggja fyrir upplýsingar um meðalkostnað íslenzks námsfólks, og vil ég leyfa mér að lesa upp þær tölur ásamt heildartölum yfir kostnaðinn eins og hann yrði eftir gengislækkunina.

Í Noregi er námskostnaður nú 7200 kr., en verður 12500 eftir gengislækkun. Í Danmörku 8500, en verður 15000 eftir gengislækkun. Í Sviþjóð er námskostnaður nú 11500 kr., en yrði eftir gengislækkun þessa 20000 kr. Í Bretlandi nú 11500 kr., en eftir gengisbreyt. 20000 kr. Í Frakklandi nú 12000 kr., en eftir gengisbreyt. 21000 kr. Í Sviss nú 17000 kr., en eftir gengisbreyt. 30000 kr. Á Ítalíu nú 18000 kr., en yrði eftir gengisbreyt. 31500 kr. Í Kanada nú 21000 kr., en yrði eftir gengisbreyt. 36000 kr. Í Bandaríkjunum nú 23000 kr., en yrði eftir gengisbreyt. 40000 kr.

Það ætti að vera óþarfi að færa frekari rök að þessu máli. Hv. alþm. ættu öllum að vera ljós hin mikla alvara þess. Þeir hafa enda fengið um það ábendingar frá nokkrum aðstandendum hins unga námsfólks.

Um seinni hluta brtt. þarf ég ekki heldur að hafa mörg orð. Högum okkar í læknisfræðilegum efnum er, því miður, ekki svo vel komið, að sambærilegt sé við það, sem gerist með hinum stærri menningarþjóðum, þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja í rannsóknarstofum læknisfræðinnar og tæknileg geta og sérþekking um hinar ýmsu greinir hennar hafa ærið olnbogarúm til afreka. Í útlöndum má fá bata við mörgum þeim sjúkdómum, sem ólæknandi eru á Íslandi. Og þannig mun það verða enn um nokkurt skeið, ef að líkum lætur. Eflaust hefur því fólki, sem reynt hefur til að leita sjálfu sér eða aðstandendum sínum lækninga í öðrum löndum, verið það ærinn baggi að standa straum af slíku. En hvað mundi þá verða, ef gengislækkun sú, sem hér er lögð til, yrði látin leggjast með öllum sínum þunga ofan á þann kostnað? Það er ekki erfitt að svara þessu. Hv. alþm. ganga þess varla duldir, að hér er um það að ræða, hvort lækningin við alvarlegum sjúkdómum, sem hinar ónógu aðstæður hér heima fyrir ráða ekkert við, en sérþekking sú og tæknileg geta, sem erlend sjúkrahús hafa upp á að bjóða, mundu hins vegar megna að snúa á betra veg, hvort slík lækning skuli þeim einum veitast, sem auðs eiga not í ríkum mæli. Með brtt. þessari er leitazt við að skipa þann veg málinu, að svo verði ekki. Og er þess að vænta, að hv. alþm. móti afstöðu sína til hennar í ljósi þessarar mikilvægu röksemdar. — Skal ég svo ekki frekar fjölyrða um þessa brtt. Aðeins vil ég ítreka það, sem ég áður sagði um þá nauðsyn, að komið verði í veg fyrir það, að þeir ungu Íslendingar, sem nám stunda erlendis, þurfi að hrekjast frá því námi vegna einnar samþykktar, sem gerð er á Alþ. þeirra. Ég treysti því, að hv. alþm. gjaldi jáyrði við brtt. þessari, því að hvað sem líða kann skoðun þeirra hvers um sig varðandi þýðingu þess að lækka gengi krónunnar, þá hlýtur þeim öllum jafnt að vera ljós sá mikli háski, sem af því mundi stafa að lækka um leið, til ófyrirsjáanlegra afleiðinga, gengi hins andlega atgervis Íslendinga, gengi þekkingar þeirra og menningar, gengi getu þeirra og þreks til að vera sjálfstæð þjóð.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er aðeins smáaths. hér, sem ég vona, að saki ekki, þó að ég komi fram með nú. Að vísu er ekki búið að útbýta brtt., sem mig langar til að minnast á. En það er eitt atriði í brtt. okkar á þskj. 431, sem við vorum ekki alls kostar sammála um, þessir þrír þm., sem fluttum hana, þ. e. 1. undirliður í 3. tölulið brtt., þar sem um er að ræða, að fasteignir skuli metnar samkv. fasteignamati margfölduðu með tölunni 6, eins og við settum það þar. En hv. þm. V-Húnv. hefur nú flutt brtt., eins og hann gerði grein fyrir, á þskj. 434, um, að í staðinn fyrir „tölunni 6" komi „tölunni 7". En við hv. þm. Snæf. fluttum aðra brtt. um, að fasteignamatið verði í þessum tilfellum margfaldað með tölunni 5, í stað tölunnar 6, eins og segir í sameiginlegu brtt. okkar. Ég geri ráð fyrir, að þessari brtt. verði bráðum útbýtt. — Þá vil ég einnig gera grein fyrir því, að við hv. þm. Snæf. höfum í nál. okkar tekið fram, að við mundum flytja brtt. við 7. gr. frv., varðandi laun og hluti og aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla. Leggjum við til, að það komi sérstakt ákvæði um það, eins og ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni fyrir nál. Þessari brtt. hefur ekki verið útbýtt enn þá. En hún verður þá væntanlega flutt við 3. umr. og kemur ekki til atkv. við þessa umr. málsins. Ég held hins vegar, eftir því sem mér hefur skilizt, a. m. k. á fulltrúum flokkanna í fjhn., að um þetta ætti ekki að verða mikill ágreiningur innan hv. þd.

Það er svo lítið, sem ég vil segja á þessu stigi málsins, annað en um það, sem hv. 2. þm. Reykv. minntist á um sparifjárbæturnar, að Landsbankinn lagði til, að þær bætur, sem greiða á á sparifé manna, væru miðaðar við óbreyttar innstæður fram til miðs ársins 1946, og rökstuddi þá till. með ástæðum, sem hv. 2. þm. Reykv. vék einnig að. Um þetta er nokkurt álitamál. Í brtt. okkar á þskj. 431 er miðað við árið 1949. Það er æskilegt, ef hægt væri að taka tillit til þess, sem fram kemur í rökstuðningi Landsbankans viðkomandi því að miða þetta við, að innstæður hafi staðið til miðs ársins 1946. En um mitt árið 1946 hefur orðið töluverð hreyfing á sparifjárinneignum manna, er menn hafa tekið út innstæður sínar til þess að kaupa fyrir stofnlánadeildarbréf sjávarútvegsins, eins og fram hefur komið hér. Hins vegar er það líka svo, að úttekt á sparifjárinnstæðum eftir þennan tíma hefur farið fram í öðrum tilgangi en til þess að verja þeim til slíkra skuldabréfakaupa, sem örvað hefur verið til af hálfu þess opinbera. Og þessi úttekt hefur verið allt annars eðlis, þar sem innstæðunum hefur verið varið til þess að eyða í ýmsan óþarfa. Það er erfitt að segja um, hvar þarna eigi að setja mörkin, og það getur verið nokkurt álitamál. Og við, sem stöndum að brtt. á þskj. 431, ræddum allmikið um þetta atriði, og hin mismunandi sjónarmið komu þar til greina okkar á milli. Og ég vil segja, að það sé varla til fulls úr því skorið í mínum huga enn þá, hvort tímatakmarkið sé réttara í þessu efni, þó að ég standi að þessari brtt., þar sem miðað er við árið 1949. — Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að taka fleira fram.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm., sem er fulltrúi Alþfl. í fjhn. út af þessu máli, er því miður ekki enn þá kominn til þessa fundar, þar sem hann hefur áður lofað að tala á félagsfundi úti í bæ. En ég vænti þess, að hann komi brátt á fundinn. — Mér þykir því hlýða að minnast með örfáum orðum á brtt. þær, sem fyrir liggja á þskj. 431, sumpart að gera við þær nokkrar aths. og sumpart að gefnu tilefni að leita mér upplýsinga hjá hv. flm. brtt., sem þeir væntanlega geta gefið mér. En hv. 3. landsk. þm. tók það fram við umr. þessa máls nú í dag, að brtt. af hans hálfu eða Alþfl. varðandi skattamálin eða skattamálakaflann mundi þá fyrst koma fram, þegar séð-

ar væru og útbýtt hefði verið brtt. þeim, sem fluttar eru að tilhlutun hæstv. núverandi ríkisstj. og samkomulag hefur orðið um milli þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa, og eru grundvöllur undir myndun þessarar hæstv. ríkisstj. Það verður þess vegna ekki hægt nú á þessu stigi að bera fram brtt. af hálfu þriðja minni hl. fjhn. um þennan hluta frv., þó að þess verði e. t. v. kostur áður en þessari 2. umr. lýkur. — Ég vildi sumpart hreyfa hér nokkrum aths. og sumpart leita mér upplýsinga út af brtt., sem fyrir liggja.

Ég skal að vísu játa, að það er framför frá upphaflega frv., hvað snertir það atriði að leggja til, að bæði hluti af gengislækkunararði bankanna og einnig af stóreignaskattinum renni til bygginga í bæjum og sveitum, því þó að ég sé alveg því sammála, að of miklu hafi verið varið nú á undanförnum tímum til ekki alls kostar heppilegrar fjárfestingar í landinu og það hafi átt sinn þátt í því að skapa þá verðbólgu, sem við eigum við að búa í dag, þá er það samt engum vafa undirorpið, að það sé hægt án nokkurrar áhættu að verja verulegu fé til þess að reisa hagkvæmar og ódýrar íbúðir fyrir þá, sem búa við híbýlaskort, bæði í þorpum og eins í sveitum. Það ætti þess vegna ekki að raska því höfuðlögmáli, sem reyna ætti að fylgja í framtíðinni, að takmarka eftir vissum reglum fjárfestinguna, þó að farið væri inn á þær brautir að fara nú nokkru örar í byggingar fyrir alþýðu manna til sjávar og sveita, en í stað þess draga úr öðrum framkvæmdum og stórbyggingum, sem nokkuð mikið hefur kveðið að á undanförnum árum.

En eitt hef ég rekið mig sérstaklega á, þegar ég fór að athuga þessar brtt. frá hv. meiri hl. fjhn., um það, hvernig skiptingunni skuli vera háttað á þessari aðstoð til byggingarframkvæmda við sjávarsíðuna annars vegar og hins vegar í sveitum, og yfirleitt, hvernig fénu ætti að verja í landinu af þeim tekjum, sem aflast bæði vegna gengisgróða bankanna og einnig vegna stóreignaskattsins. Hvað stóreignaskattinn snertir, þá hygg ég, að það sé vitað mál, að meginhluti hans muni falla til úr kaupstöðunum eða við sjávarsíðuna yfirleitt. Maður skyldi því ætla, að honum yrði ekki að verulegu leyti dreift þaðan út í strjálbýlið út um landið, því að það teldi ég eftir atvikum ekki réttlátt. Það er fyrsta atriðið. Annað atriðið er hitt, að ef við athugum, hvernig högum er háttað um það, hvernig landsmenn um búsetu skiptast á kaupstaði og kauptún annars vegar og sveitir hins vegar, þá verður skiptingin enn þá athyglisverðari og ég vil segja óréttlátari. Eins og sakir standa nú, munu 5/7 hlutar þjóðarinnar búa í kaupstöðum og kauptúnum, en 2/7 hlutar í sveitum landsins. Hins vegar er ætlazt til þess, eftir þeim till., sem fyrir liggja, að það sé þannig skipt því fé, sem ég nefndi, til að styðja að byggingarframkvæmdum fyrir alþýðuna, að jafn hlutur komi í sveitir annars vegar og kaupstaði og kauptún hins vegar. Ég veit það að vísu, að víða skortir enn á það, að reistar hafi verið góðar og hentugar íbúðarhúsabyggingar úti um sveitir landsins og að þar er þörf á nýbyggingum. En hitt ætla ég þó að sé engu óvissari staðreynd eða þurfi enn þá síður að draga í efa, að í mörgum kaupstöðum og kauptúnum er byggingum þannig háttað, að fjöldi fólks býr þar við algerlega óviðunandi og heilsuspillandi húsnæði. Sanna skýrslur úr Reykjavík þetta svo óvefengjanlega, að ekki verður um villzt. Ég hef aftur ekki samanburð um það, hve margir, sem búa í sveitum, búa við óviðunandi og heilsuspillandi íbúðir. En ég hygg þó, að þar muni ekki vera um að ræða ólík hlutföll því, sem ég nefndi áðan á milli íbúanna, sem búa í kaupstöðum og kauptúnum annars vegar og sveitum hins vegar, sem eru fimm á móti tveimur. Mig undrar það dálítið, að tveir af hv. flm. þessarar brtt., hv. 5. þm. Reykv. og hv. þm. Snæf., sem býr í einu kauptúninu, skuli flytja þær brtt., sem hér liggja fyrir um þessa skiptingu, jafnmisskipt og þar er á milli sjávarsíðunnar annars vegar og sveitanna hins vegar. Með þessu er þó engan kala að finna í mínum orðum til sveitanna, og ekki mega mín orð skiljast þannig, að ég dragi í efa þörfina á nýbyggingum í sveitum landsins. En ef á að deila jafnt sól og regni milli landsbúa yfirleitt, þá verður að athuga allar aðstæður og skipta fjáraflanum til byggingarframkvæmdanna eftir þeim staðreyndum, sem fyrir liggja. En því fer víðs fjarri, að svo sé lagt til hér. — Ég vildi alveg sérstaklega benda á þetta atriði, og eins hitt, að bráðabirgðalánin, sem byggingarsjóður verkamanna og byggingarsjóður til byggingarframkvæmda í sveitum eiga að fá af gengishagnaði bankanna, á að veita með þeim kjörum, að það á að greiða 4% vexti af þeim, en af láninu, sem Ræktunarsjóður Íslands á að fá, á að greiða 2% í vexti. Löggjöfin um verkamannabústaði gerir ráð fyrir því, að það séu greidd aðeins 3% alls í vexti og afborganir af þeim lánum, sem veitt eru til byggingarframkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum. Finnst mér því engri átt ná, jafnvel þó að um stuttan lánstíma væri að ræða, að vextir séu reiknaðir 4% af þeim peningum, sem til bráðabirgða renna til þessara byggingarsjóða, eða mun hærri en það, sem eigendur verkamannabústaðanna eiga að greiða, þegar þeir fá lánin.

Þetta eru þær aths., sem ég vildi gera út af skiptingunni á peningunum til byggingarframkvæmdanna á milli sveita og sjávarsíðu. Og ég vildi mega treysta því, að Alþ. væri ekki þannig skipað, að það í þessum athöfnum sínum hefði í frammi slíkt óréttlæti, ég vil segja fullkomið óréttlæti, eins og hér er lagt til með þessum till.

Hitt atriðið, sem ég vildi minnast á, er að ég vildi fræðast hjá hv. flm. brtt. á þskj. 431 um stóreignaskattsákvæðið, þar sem lagt er til, að skipt verði niður eignum félaga á eigendur í hlutafélögum og samvinnufélögum í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og að þær eignir teljist með öðrum eignum þeirra einstaklinga við skattálagningu, sbr. og ákvæðin þar á eftir, að af eignum einstaklinga, reiknuðum samkvæmt framansögðu, skuli fyrstu 300000 kr. hjá hverjum skattaðila

vera skattfrjálsar. Og út af þessu vildi ég spyrja: Hafa hv. flm. þessarar brtt. gert sér grein fyrir því eftir upplýsingum, hvaða munur verður á því að skipta skattinum þannig á milli einstaklinga eða hins vegar láta félögin bera þetta sem skattþegn út af fyrir sig? Ég verð nú, því miður, að játa það, eftir að ég hef nú fyrir einum klukkutíma fengið þessar brtt. í hendur, að ég get ekki gert mér grein fyrir, hvernig þetta mundi verka. En hugboð mitt er það, að með þessu móti sé stórkostlega mikið verið að draga úr skattinum og raunverulega að lækka hann, svo að „progressjónin" og hækkunin, sem kemur hérna á eftir, sé meir til þess að sýnast. Það verður eftir þessari till. hv. meiri hl. fjhn. að sjálfsögðu þyngri skattur á eignum einstaklinga, sem ekki eru hluti í hlutafélögum, með þessari hækkuðu hundraðshlutatölu skattsins. En hitt vitum við, að það gildir t. d. um samvinnufélög, að eftir þessum breyt. verður stóreignaskatturinn af þeirra eignum lítill eða enginn. Samvinnufélögin eru mannmörg. Og þegar búið er að skipta upp eignum þeirra í sambandi við þessa skattálagningu í útreikningnum á skattinum, þá grunar mig, að það verði meginhlutinn af félögum í samvinnufélögum (þ. e. félagsmönnunum), sem ekki eiga yfir 300 þús. kr., þó að búið sé að leggja hlut þeirra í samvinnufélögunum við þeirra einkaeign aðra, og þar með muni skatturinn alveg niður falla. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mörg hlutafélögin eru einnig mannmörg og að margir hluthafarnir eru ekki stóreignamenn og í eign langt fyrir neðan 300000 kr. í einkaeign fyrir utan sín hlutabréf. Og mundi þessi skattur af hlutabréfunum, þannig skipt upp á milli þeirra, verða að engu. Við þekkjum svokölluð fjölskyldu-hlutafélög, þar sem hluthafarnir eru kannske hjón, nánustu ættingjar og börn, sem ekkert eiga annað en hlutabréf í hlutafélögum. Skatturinn af þeim hlutabréfum verður, eftir þessum brtt., vafalaust enginn. Þannig mundi þetta verða, að minni hyggju, þó að ég hafi ekki átt þess kost að rannsaka þetta atriði eða leita mér um það verulegra upplýsinga, að þessi ákvæði mundu draga mjög úr þessum skatti, frá því sem áður var hugsað í upprunalega frv. að láta gilda, sem var það að leggja skatt þennan á félög þessi sem sérstakan skattþegn út af fyrir sig. — Ég þykist nú vita, að þessar till. séu þaulhugsaðar af hálfu flm. og að þeir hafi gert sér grein fyrir, hvort fyrirkomulagið mundi nú gefa meiri arð og við skulum segja leggja meiri byrðar á herðar þeirra, sem burðarþol hafa, þessi tilhögun að skipta skattinum í þessum tilfellum upp á milli einstaklinga í félögum, eins og hér í brtt. er gert ráð fyrir, eða það að leggja skattinn á félögin sem „júridiska" persónu eða sérstakan skattþegn. Ég vildi þess vegna vænta upplýsinga um þetta atriði. En það er eins og það flögri að mér sú hugsun, þó að ég geti ekki rökstutt hana, að þessi ákvæði brtt. leiði til þess, að hækkunin á skattinum og „progressjónin", hvað snertir fjárhæðir, verði gerð að litlu, og að heildartekjurnar, sem frá þessum aðilum koma með þessum skatti, verði síst gerðar hærri við þetta en með því, sem áður var gert ráð fyrir í upprunalega frv.

Í öðru lagi vildi ég spyrja viðkomandi því, þar sem lagt er til í 5. tölul. brtt. á þskj. 431, að felldur sé niður eignaraukaskatturinn, sem ákveðinn var með l. nr. 128 frá 1947, hvort hv. flm. brtt. hafi gert sér grein fyrir því, hvað sá eignaraukaskattur mundi nema miklu. Það skortir nokkuð á, þegar gera á samanburð á þessum till., sem lagðar eru fram af hálfu meiri hl. hv. fjhn., annars vegar og hins vegar þeim ákvæðum, sem voru í upprunalega frv. óbreyttu, ef þetta er ekki upplýst. Mætti vel svo fara, að niðurfelling eignaraukaskattsins gerði það að verkum, að „skattaradikalismsinn" í till. meiri hl. væri meiri í orði en á borði. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um brtt., en vildi með þessari ræðu minni aðeins vekja athygli á því, að mér finnst gæta rangsleitni í skiptingu teknanna milli byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsjóðs bænda, og einnig vildi ég spyrja um skattinn. En fyrir þá, sem vildu nú vera róttækir í skattaálagningu, og það hefur manni heyrzt á sumum, sem gagnrýndu upphaflega frv., er nauðsynlegt að fá þetta upplýst.

Ég vildi að lokum minnast á eitt atriði, þ. e. a. s. margföldun fasteignamatsins, bæði í frv. og í brtt. á þskj. 431. Þótt ég nú játi, að mjög erfitt sé að finna réttláta svæðaskiptingu fyrir þessa margföldun á fasteignamatinu, þá er þessi mjög af handahófi gerð. Ég vil t. d. benda á, að í till. er gert ráð fyrir að margfalda fasteignamatið í Reykjavík með tölunni 6, að vísu gerir önnur till. ráð fyrir að margfalda það hér með 7 og enn önnur með 5, en ég held mig við brtt. á þskj. 431. Þar er gert ráð fyrir að margfalda með tölunni 3 þær fasteignir, sem hvorki eru í Reykjavík, Akureyri né Hafnarfirði, eða kaupstöðum með yfir 2000 íbúa. Við lestur þessarar till. koma upp í huga manns mjög undarlegar hugsanir. Hér fyrir sunnan, í Kópavoginum, eru þáttaskil milli Reykjavíkur og Kópavogshrepps, og þar fyrir sunnan kemur svo Hafnarfjörður. Nú á að margfalda fasteignamatið í Reykjavík með tölunni 6, í Kópavogi með 3 og í Hafnarfirði með 5. Nú er það vitað, að flestar byggingar í Kópavoginum eru líkar í verði og í Reykjavík, eða a. m. k. Hafnarfirði, og fasteignamatið því svipað. Þetta er því mjög einkennilegur hlutur. Það er líka vel ljóst, að byggingar t. d. á Kjalarnesi eru mun dýrari en á Ströndum norður, en það er sameiginlegt, að margfalda á fasteignamatið með 3 á báðum stöðunum. Ég held, að það hefði átt að athuga þetta betur, þótt það muni nú kannske reynast erfitt, úr því sem komið er, þegar knýja á frv. í krafti meirihlutavalds ríkisstj. í gegn á örstuttum tíma. En benda vildi ég á þetta atriði, því að það skapar rangsleitni eftir því, hvar menn eru á landinu.

Að lokum vildi ég segja það, að ég vænti upplýsinga hjá hv. flm. brtt. á þskj. 431, hvernig þeir hugsa sér, að skiptingin á skattinum á hlutafélögum og samvinnufélögum annars veg-

ar og einstaklingum hins vegar muni verka, og hvort þetta muni lenda meira á herðum þeirra, sem burðarþol hafa, þegar nú á að rýra svo mjög kaup og kjör launastéttanna, að þær eru að því komnar að kikna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 438 og 439, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Útbýtt hefur verið frá mér tveim brtt. á þskj. 433 og 435, og langar mig til þess að gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum. Í brtt. á þskj. 433 er lagt til að verja 2 millj. af gengishagnaðinum til þess að bæta hag námsmanna þeirra, sem stunda nám erlendis, vegna þess kostnaðarauka, sem þeir verða fyrir vegna 1. gr. frv. Þegar þeir menn, sem nú stunda nám erlendis, lögðu út á námsbraut sína, hafa þeir miðað allar áætlanir sínar við það gengi, sem á gjaldeyrinum var, er þeir hófu nám sitt. Þegar sú hækkun, sem hér er gert ráð fyrir, 74%, er komin til framkvæmda, þá hlýtur hún að hafa mikil áhrif á afkomu þessara manna og getu þeirra til þess að stunda nám sitt og ná settu marki. Það er því ekki nema eðlilegt, að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess að tryggja, að þessir menn verði ekki fyrir óeðlilegum erfiðleikum og að þeir geti lokið námi sínu á eðlilegum tíma, því að annars glatast mikið af dýrmætri orku, sem bæði getur orðið þeim og þjóðfélaginu til skaða. Hér er um að ræða raunhæft vandamál, sem leysa þarf með sanngirni og af réttlæti. Ég hef lagt hér til, að 2 millj. skuli fara í þennan sjóð og menntamálaráð skuli sjá um úthlutunina. Ég vil svo leyfa mér að vænta þess, að hv. d. sjái nauðsynina á þessu og samþ. till. mína.

Þá vil ég víkja að því fáum orðum, að útbýtt mun hafa verið frá hv. 10. landsk. till., sem gengur mjög í sömu átt og mín till., en þar er gert ráð fyrir tvöfaldri skráningu gjaldeyrisins eins og verið hefur, þannig, að sjúklingar og námsfólk fái hann á sama verði og áður. Reynslan, sem fengizt hefur af þessari tvöföldu skráningu, er alls ekki góð, og í kjölfar hennar hefur siglt alls konar misnotkun. Ég hygg, að allir, sem til þekkja, séu sammála um þetta. Þess vegna er það, að ég tel þá leið, sem mín till. fer fram á, mun heppilegri, en það er auðvitað matsatriði, hve stór upphæðin, sem til þessa á að ganga, skuli vera. Hér er lagt til, að hún verði ákveðin 2 millj. Mín till. gerir og ráð fyrir, að tekið sé tillit til efnahags viðkomandi, því að ekki er nauðsynlegt, að allir fái það bil brúað, sem af gengislækkuninni leiðir. Auk þess er mjög hæpið, að allir námsmenn eigi skilyrðislaust að fá þennan styrk, því að nám og nám getur verið sitt hvað, og rétt er að gera á því greinarmun, hvort það er gagnlegt og nauðsynlegt eða ekki, og skal menntamálaráð skera úr um það.

Hin brtt. mín, sem er á þskj. 435, er um breytta tilhögun á sparifjáruppbótunum. Það kom í ljós, er fjhn. þessarar hv. d. fór að kynna sér þetta mál, að það var ekki nægilega vel athugað. Uppbæturnar fyrir fyrra tímabilið áttu að nema 13%, en fyrir það seinna 2%, og er það auðvitað mjög mikill óþarfi að stofna til skrifstofubákns fyrir þessi 2%. Þess vegna sendi Landsbankinn fjhn. till. um nýja tilhögun á þessu, sem allir fjhn.-menn samþ., nema hv. þm. V-Húnv. Nú hefur hins vegar komið í ljós, á þskj. 431, að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. hafa samið um nýja skipan á greiðslu uppbótanna, og tel ég hana sízt til bóta. Ég hef því leyft mér að taka upp till. Landsbankans í höfuðatriðum, en þær tel ég mun heppilegri en bæði till., sem í frv. eru, og einnig þær, sem eru á þskj. 431. Í till. Landsbankans er gert ráð fyrir, að bótatímabilið sé aðeins eitt og að uppbætur séu ekki greiddar á minni upphæðir en 100 kr. Það er alveg nýmæli í till. meiri hl. fjhn. að ætla að greiða uppbætur á „inneignir einstaklinga í verzlunarreikningum, sem venjulegir innlánsvextir sparisjóða hafa verið greiddir af, enda liggi fyrir yfirlýsing skattanefnda um innstæðuna og skattgreiðslu af henni.“ Þetta er ekki skynsamlegt, ekki vegna þess, að það sé vanþörf á slíkum uppbótum, heldur vegna hins, að þetta krefst mikillar skrifinnsku og hér opnast leið til mikillar misnotkunar á sparifjáruppbótunum. Ég vil líka benda á, að hæpið er að stiga þetta spor, þegar þess er gætt, að uppbætur eru ekki greiddar t. d. á verðbréf og þess háttar, sem almenningur hefur þó af ríkisvaldinu verið hvattur mjög til að kaupa, t. d. verðbréf stofnlánadeildarinnar fyrir þrem árum, og ekki stóð á, að almenningur brygðist vel við þeirri þjóðarnauðsyn. Er vitað, að þá muni hafa verið tekið mjög mikið fé út úr lánsstofnunum til að kaupa þessi vaxtabréf, en það fé á ekki að bæta. Þetta er hið mesta ranglæti. En ef till. Landsbankans í þessu efni verða samþ., má segja, að nokkur bót sé á þessu ráðin, því að þar segir, að bæta skuli allt það fé, sem stóð inni til ávöxtunar frá árslokum 1940 til júníloka 1946, og koma þá uppbætur á það fé, sem notað var til kaupa á stofnlánadeildarbréfunum. Aftur á móti er það ekki eftir till. á þskj. 431, þar sem segir: „Skilyrði bóta er, að innstæðan hafi verið talin fram til skatts og staðið óslitið frá árslokum 1941 til ársloka 1949 til ávöxtunar í nefndum lánsstofnunum.“ Ég held því fast við till. Landsbankans, sem ég hef tekið upp og flyt á þskj. 435, því að ég tel hana mjög heilbrigða og sanngjarna. Þar að auki er það fyrirkomulag, sem hún gerir ráð fyrir, mun einfaldara í framkvæmd. Að vísu hefur till. á þskj. 431 það í för með sér, að uppbótafjárhæðin hækkar eitthvað, en ágallinn er áfram sá, og hann verulegur, að það fé, sem notað var til kaupa á stofnlánadeildarbréfunum, verður ekki bætt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi minnast á nú við þessa umr. í sambandi við þær brtt., sem nú eru komnar fram frá hv. þm. úr flokkum þeim, sem mynda hæstv. ríkisstj. Það hefur oft verið tekið fram, að þetta frv. sé flutt til þess að leysa vandræði sjávarútvegsins og þá sér-

staklega bátaútvegsins. En hafa menn nú gert sér ljóst, hvað við tekur fyrir bátaútveginn, eftir að þetta hefur verið samþ., hvernig aðstæður hans verða? Er því þannig háttað, að hagur bátaútvegsins verði eitthvað betri, eftir að þetta hefur verið samþ.? Í þessu sambandi vil ég rifja upp nokkrar staðreyndir. Bátaútveginum er nú tryggt, með ríkisábyrgð, ákveðið lágmark fyrir fiskinn, 75 aurar pr. kg, og auk þess hefur hann ákveðin fríðindi, sem metin eru af þeim hagfræðingum, sem samið hafa þetta frv., að þau jafngildi 10 aura hækkun á fiskkílói, þannig að bátaútvegurinn fær þá samtals 85 aura fyrir kg af fiskinum núna. En hvað tekur þá við, eftir að þetta frv. hefur verið samþ.? Það liggur fyrir hjá þeim aðilum, sem fiskinn kaupa, frystihúsum og öðrum, að ekki er hægt að greiða meira en 75 aura fyrir kg, og þó er það jafnframt tekið fram af flestum, að þeir geti ekki lofað þessu 75 aura verði, svo að tryggt sé. Það á m. ö. o. að lækka fiskverðið um 10 aura. En hagfræðingarnir, sem sömdu frv., hafa í áliti sínu gefið það út, að eftir gengislækkunina þurfi bátaútvegurinn ekki aðeins 85 aura, eins og hann fær í dag, heldur þurfi hann að fá verð, sem nemur 93 aurum, aðeins til þess að standa í stað við það verð, sem nú er greitt, miðað við það, að rekstrarkostnaður aukist sem afleiðing af gengisbreyt. M. ö. o. það, sem liggur fyrir í sambandi við bátaútveginn, er, að hann þyrfti að fá 93 aura, en fær ekki nema 75 aura og lægra þegar fram líða stundir. Í gildandi l. um ríkisábyrgð á bátafiski eru einnig ákvæði um það, að bátar, frystihús og aðrir þeir, sem hafa með rekstur bátaútvegsins að gera, að þeim séu tryggðir vextir frá bönkunum, sem nema 4%, en hinir almennu útlánsvextir bankanna eru annars 6%. Um leið og þetta frv. yrði samþykkt, þá er búið að hækka alla rekstrarvexti úr 4% í 6%, og ekki yrði það heldur til bóta fyrir bátaútveginn eða frystihúsin, þetta yrði til að auka útgjöldin. Hvernig eru svo líkurnar fyrir því, að frystihúsin, eins og nú standa sakir, og þeir, sem kaupa fiskinn af bátunum, fari ekki enn þá verr út úr því eftir en áður? Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur gefið umsögn um það hingað til Alþ., að eins og verðlagi sé háttað nú á hraðfrystum fiski, þá mundi þessi gengisbreyt. engan veginn nægja og á ýmsum mörkuðum verða undir ábyrgðarverði, og yfirleitt mundu frystihúsin fá lægra verð fyrir sína framleiðslu en þau fá nú með ríkisábyrgðinni. En rekstrarkostnaður frystihúsanna kæmi til með að hækka allverulega vegna gengisbreyt., og er þá alveg sýnilegt, að hagur frystihúsanna fer versnandi frá þeim l., sem nú eru í gildi, og möguleikar þeirra fara minnkandi fyrir því, að þau geti greitt það verð, sem þau hafa greitt, hvað þá meira, sem þau ættu að gera samkvæmt áliti hagfræðinganna. Um saltfiskverðið í dag er það að segja, að þótt á það verð, sem nú er upp gefið, leggist 74% verðhækkun á erlendum gjaldeyri, þá mundi það tæplega ná því ábyrgðarverði, sem nú er á saltfiski til bátaútvegsins, en þyrfti að verða allmiklu hærra, vegna þess að framleiðslukostnaður í sambandi við saltfiskframleiðsluna fer vaxandi eftir gengisbreyt., salt hækkar í verði og margt annað, sem lýtur að framleiðslu saltfisks. Það er því alveg vitanlegt, að afleiðingarnar af samþ. þessa frv. og niðurfellingu á ríkisábyrgðarl. hljóta að verða þær, að kjör bátanna fari versnandi, og það má búast við því, að mörg frystihús og þeir, sem kaupa fisk af bátunum, gefist upp, nema verðið lækki enn til bátanna. Svo er eitt atriði enn í þessu, sem hefur ekki verið athugað til fulls, það er þetta: Hvernig ætla bankarnir sér að bregðast við þessu nýja viðhorfi, hvað ætla þeir að lána frystihúsunum mikið, þegar ekkert ábyrgðarverð liggur fyrir á fiskinum, heldur aðeins breytilegt söluverð á ýmsum mörkuðum, fyrir fjölda frystihúsa? Hvað ætla bankarnir að lána þeim til rekstrarins? Ætla þeir að lækka lánin frá því, sem nú er? Ég býst við, að þeir mundu gera það, þar sem verðið fer lækkandi frá ábyrgðarverði, og þá yrði það eitt nóg til þess að stöðva rekstur frystihúsanna, eins og nú standa sakir.

Þegar vertíð hófst upp úr áramótum, þá var hér tekið í lög á Alþ. ákveðið ábyrgðarverð á lifur til bátaflotans. Ég var ekki staddur á þingi þá, en varð þó þess var, að um þetta urðu allmikil átök, en meiri hl. Alþ. ákvað að tryggja bátaflotanum ákveðið verð fyrir hvern lítra af lifur. Hvað svo um þessa tryggingu, hvað um þessa lagasetningu, sem svo mikil átök urðu um á þingi? Nú á að kippa þessu öllu til baka aftur, nú á að svipta burt og gera að engu það, sem þá var samþ., vegna þess að með því verði, sem nú mundi koma út, samkvæmt því verði sem fyrir liggur á lýsi með þeirri gengisbreyt., sem hér er reiknað með, þá er óhugsandi að borga það lifrarverð, sem Alþ. ákvað eftir áramótin að tryggja bátaflotanum. Það er alveg sama, hvar á þetta er litið, alls staðar kemur það sama út. Nefndarmenn segja, að þetta sé gert til þess að bæta afkomu bátanna og rekstur frystihúsanna. En þegar þetta er krufið til mergjar, þá kemur það út, að afkoma og rekstur þessara aðila verður verri en er samkvæmt gildandi lögum, og afsökun manna fyrir því, að það sé verið að gera þetta fyrir bátaútveginn, getur ekki verið önnur en sú, að menn hafi komizt að raun um, að ekki sé hægt að standa við þau ábyrgðarl., sem í gildi eru, og nú verði að gera á þessu breyt., sem þýðir versnandi afkomu fyrir þennan rekstur. Það þýðir þess vegna ekki að segja, að hér sé verið að gera ráðstafanir, sem þýði betri rekstrarafkomu, því að það er ósatt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því í 11. gr. að leggja allverulegan skatt, svonefnt framleiðslugjald, á nýju togarana, eins og það er orðað, og þetta er rökstutt með því, að nauðsynlegt sé að leggja þetta gjald á þann afla, sem nýju togararnir leggja á land, til þess að halda jafnvægi á milli rekstrarafkomu nýju togaranna og rekstrarafkomu annarra, sem að sjávarútvegi starfa. Rökin fyrir þessu eru ákaflega undarleg, og þessi skattur mun koma mjög skringilega út að verulegu leyti. Í fyrsta lagi

þessi röksemd, að ef nýju togararnir fái að njóta þess raunverulega verðs, sem fæst fyrir þeirra afla, þá muni þeir safna að sér vinnuaflinu, þeir muni taka vinnuaflið frá bátunum, eins og hagfræðingarnir segja í sínu áliti. Þetta skiljum við ekki, sem eitthvað höfum fengizt við rekstur þessara skipa, vegna þess að því er þannig háttað með rekstur þessara skipa, að þau hafa nú þegar þann mannafla, sem þau mundu hafa annars. Það dettur engum í hug að setja fleiri menn út á skipin, þó að meira hafist upp. Þau mundu því ekki taka meiri mannafla frá bátaflotanum en þau gera, ef þau eru í gangi á annað borð. Þetta er því ekkert annað en hugsanavilla hjá þessum hagfræðingum. Vitanlega er ekki um það að ræða, nema það sé meiningin, að það eigi að stöðva eitthvað af þessum skipum til þess að spara þar mannafla, sem eigi að fara yfir á bátana, en það er ekki viðurkennt, að það sé tilgangurinn. En þá kemur aftur hitt, að þessir togarar græða eftir gengisbreyt., og af því á að leggja þennan skatt á framleiðslu þeirra. Eins og nú háttar með rekstur þessara nýju togara og rekstur togaraflotans yfirleitt, þá ríkir óvissa um það, hvernig á að selja afla þessara skipa. Í fyrsta skipti nú um langan tíma eru engir fyrir fram samningar í gildi um það, hvernig skuli selja og á hvaða verði skuli selja afla þessara skipa. Um langan tíma hefur það verið svo, að skipin eru starfrækt þannig, að þau selja afla sinn fyrir brot úr eðlilegu verði, og hefur gífurlegt tjón hlotizt af. Sum skipin hafa legið vikum saman, af því að eigendur þeirra hafa ekki vitað, hvað átti að gera við aflann, ef einhver afli hefur fengizt. En það er svo, að þó að menn hafi rokið í það að breyta rekstri skipanna og hefja saltfiskútgerð, þá vita þeir ekki, hvaða verð þeir fá fyrir fiskinn eða hvenær hann selst, því að fyrir fram sala er engin á saltfiski, en því fylgir svo aftur mikil áhætta og kostnaður að liggja með hann yfir sumarmánuðina. Þetta getur því hæglega farið svo, eins og nú horfir, að þessi skip verði að liggja óstarfrækt yfir þann tíma ársins, sem yfirleitt er erfiðast um það að fá bezta fiskinn, yfir sumarmánuðina, og það er einmitt það, sem margir eigendur búast við að kunni að verða á þessu ári, og það er vegna þeirra upplýsinga, sem liggja fyrir um sölumöguleika og afla. Þá gæti svo farið, að þegar þessi skip ná sæmilegri ísfisksölu og þegar þau geta náð nokkrum túrum af saltfiski, þá yrði samkvæmt þessari 11. gr. lagður mjög verulegur skattur á rekstur skipanna, upp á nokkur hundruð þúsund króna, því að skatturinn er geysilega hár, en hins vegar sýndi rekstrarafkoma þessara skipa tap eftir allt árið. M. ö. o., hér er fundin leið til þess að skattleggja þessi skip mjög verulega, þótt sannanlegur taprekstur sé á þeim. Svona skattstofn er vitanlega heimskulegur og ósanngjarn. Hann er ekki síður ósanngjarn þegar það liggur fyrir, að þegar þessi skip voru keypt, þá var gert ákveðið samkomulag af kaupendum þessara skipa við ríkisstj. þá, sem þá fór með völd, um allvíðtækt skattfrelsi vegna þessara dýru skipa og þau skatthlunnindi eru bundin í l. En svo á að hlaupa fram hjá umsömdum skatthlunnindum, sem eru í gildandi l., áður en rekstrarafkoman er kunnug eða gerð upp, og leggja á skipin hundruð þúsunda króna í rekstrarskatt á ári. Það er óeðlilegt og brot á samþykkt, sem gerð hefur verið. Allmörg af þessum skipum eru í eigu bæjarfélaga, en bæjarútgerð er í l. skattfrjáls, en hér er farið fram hjá því atriði líka, og nú á að ná skatti af þessum skipum. Hvað svo, ef svo færi, að þessi skip fiskuðu sæmilega og sýndu rekstur óslitið allt árið, sölur með bezta móti og allt gengi vel? Þá höfum við skattal., sem taka fyllilega við þessu, og þessir aðilar verða skattlagðir samkvæmt þeim. Hér hafa menn, sem ekkert þekktu inn á það, sem þeir voru að semja ákvæði um, búið til þennan skatt. Þeir hafa ætlað mikið úr þessu að gera, en þekktu ekkert það, sem þeir voru að skattleggja, rekstur þessara skipa og samkomulag í gildandi l., sem gert hefur verið um rekstur þeirra, og svo er búið að kasta þessu hér fram á Alþ., og frá því má ekki snúa, þó að bent sé á rök fyrir því að hverfa frá þessu. Nú á að ná þarna í peninga til þess að leggja í alveg ákveðnar framkvæmdir aðrar.

Í þessari 11. gr. er gert ráð fyrir því, að skattur, sem leggst á ísfisksölur togaranna, verði lagður þannig á, að hann nemi 25% af því, sem umfram er 8500 sterlingspunda brúttósölu. Nú er vitanlegt, að þetta er í alla staði ákaflega ósanngjarnt og misjafnt, 8500 punda brúttósala t. d. í Englandi er gersamlega önnur sala heldur en 8500 punda sala í Þýzkalandi, svo að miðað sé við þau tvö lönd, þar sem skipin hafa selt að undanförnu. Á öðrum staðnum er tekinn 10% innflutningstollur, en ekki á hinum staðnum. Þessi 8500 pund í Englandi eru því raunverulega minna virði fyrir skipin heldur en er í hinu landinu, en eigi að síður á að beita þessum sama skattstiga í báðum tilfellum. Svo er gert ráð fyrir því í þessari gr., að aflahlut skipverja, sem nemur allhárri upphæð hjá yfirmönnum, skuli ekki reikna af þeim hlut, sem gengur beint í skattgreiðsluna. Þetta virðist út af fyrir sig ekki óeðlilegt. En svo er aftur einmitt í þessari gr. annað ákvæði um það að leggja samsvarandi skatt á saltfisk skipanna, og það þótt aflinn sé lagður upp hér heima. Þar má borga af einum saltfisktúr 50000 kr. skatt, eftir því verði, sem maður reiknar nú með á saltfiski, en þar er ekkert svona ákvæði um það, að það skuli ekki reikna aflahlut af þeim hluta, sem gengur beint í skattgreiðsluna. En þetta er eins og áður svo heilagt, að það má ekki leiðrétta það. Þetta hafa einhverjir vísir menn búið til, og það skal ekki settur blettur á þeirra vizku með því að breyta neinu, hversu vitlaust sem það er. Eins og greinin er orðuð, mundi svo fara, að 10% skattur mundi einnig koma á allt það lýsi, sem þessir nýju togarar seldu. Nú hefur lýsi lækkað svo í verði s. l. ár, að þrátt fyrir þessa miklu gengisbreyt., sem hér er gert ráð fyrir, mundi verð á lýsi ekki ná því verði, sem var 1948, eða sem svarar útborgun á s. l. ári,

en samt á að skattleggja það, svo að allur afli þessara nýju togara er skattlagður. Ef þeir leggja saltfisk í land, ef þeir leggja ísfisk í land, ef þeir leggja upp t. d. fiskúrgang í beinamjöl og ef þeir leggja upp lifur, þá er þetta allt skattlagt. En ef önnur skip, t. d. gömlu togararnir, bátar eða einhver önnur fiskiskip setja sams konar verðmæti á land, þá á ekki að skattleggja þau. Það mætti segja mér, að í ýmsum tilfellum mundi ekki ganga sem bezt að greiða úr þessu, því að þetta er ekki þægilegt í framkvæmd. Í þessari sömu gr. er að mínum dómi álíka fjarstætt ákvæði í sambandi við síldveiðarnar; þar er gert ráð fyrir að leggja 8% útflutningsgjald á allar síldarafurðir. Nú liggur það fyrir, eins og við vitum, að síldarútvegurinn hefur gengið heldur báglega undanfarin ár, og það sýnist vera svo, að síldarútveginum veiti ekki af því að fá að njóta þess verðs til fulls, sem fæst fyrir framleiðslu síldarskipanna. En nú er gert ráð fyrir því að leggja þarna á allverulegan skatt, sem renna á í ríkissjóð, í viðbót við alla skatta, sem á þessari framleiðslu eru. Það er tekið svo til orða, að allar síldarafurðir falli þarna undir. Við höfum í þessum efnum alveg skýrt dæmi fyrir okkur, þar sem er faxasíldarframleiðslan hér á s. l. vetri. Samkvæmt þessu orðalagi mundi t. d. faxasíld lenda undir þennan skatt. Þó er það vitað mál, að þrátt fyrir þá gengisbreyt., sem hér er gert ráð fyrir, mundi framleiðslukostnaður þessarar síldar verða meiri en útflutningsverðinu nemur, og þessi skattur mundi tryggja það, að faxasíld yrði ekki framleidd. Á s. l. ári tókst að framleiða þar verðmæti fyrir 10 millj. kr., vegna þess að gjaldeyrir, sem fékkst inn fyrir þessa framleiðslu, var gefinn frjáls og veitt alveg sérstök hlunnindi um álagningu á þær vörur, sem fluttar voru inn fyrir þennan gjaldeyri, og því tókst að bjarga verðmæti fyrir 10 millj. kr. En nú er gert ráð fyrir því, að öll svona hlunnindi falli niður, og tryggt, að þetta verði ekki framleitt, með því að leggja þarna á 8% útflutningsgjald til viðbótar því, sem fyrir er. Þetta ákvæði er afar ósanngjarnt og óeðlilegt og mundi beinlínis miða að því að torvelda að framleiða sumt af síldarafurðum, sem fullerfitt hefur verið að framleiða fram til þessa.

Ég ætlaði ekki að verða svona langorður, en það er þó eitt atriði enn, sem ég vil minnast á í frv., eins og það liggur fyrir. Í 12. gr. frv., í 2. tölul., stendur: „Verðmæti skips skal talið vátryggingarverð þess, nema sannað sé með mati, að söluverð þess sé annað.“ M. ö. o., þegar verið er að gera upp eignir manna í sambandi við skattlagningu þá, sem framkvæma á samkvæmt ákvæðum 12. gr., þá á að leggja vátryggingarverð skips til grundvallar við verðmætisákvörðun skipsins. Nú er það svo, að mikið af skipum, t. d. megnið af nýsköpunartogurunum, eru vátryggð í sterlingspundum, og hvernig ber þá að skilja þetta? Ýmsir halda því fram, að þetta mundi þýða, að hið nýja gengi á pundinu, sem samþ. er með þessum l., yrði látið gilda, og þá mundi verðmæti þessara skipa stórkostlega hækka og eigendur þeirra lenda í miklum skatti. Og á þann hátt gæti svo farið, að vátryggingarverð skipa yrði mjög misjafnt, því að sumir hafa vátryggt skipin í ísl. krónum, en aðrir í sterlingspundum. Ákvæðum þessa liðar þyrfti því virkilega að breyta og gera það ótvírætt, að þar sem talað er um vátryggingarverð skipa, þá sé miðað við þá gengisskráningu, sem var áður en frv. þetta varð að lögum.

Ég þykist nú hafa sýnt hér fram á nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem alveg ótvírætt sanni það, að tilgangi þessa frv., ef hann hefur virkilega verið sá, sem af hefur verið látið, verði ekki náð með því að samþ. þetta frv. Bátaútvegurinn verður ekki leystur úr þeim vandræðum, sem hann er í, með því að samþ. þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Og það eru mjög óréttlát ákvæði í frv. í sambandi við aðra þætti útgerðarinnar, bæði óeðlileg og ósanngjörn. — Og svo er það atriði líka, sem ég drap á við 1. umr. málsins, þar sem ég tel líka geysilegan galla á þessu máli, að það eru ekki gerðar neinar tilraunir í ákvæðum frv. til þess að koma í veg fyrir það mikla gróðabrall og spákaupmennsku, sem hlýtur að sigla í kjölfar svona mikillar gengisbreyt. sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er vitað, að það er til allmikið af vörum á lager. Þessar vörur, sem eru í eigu einstakra manna, munu koma út á markaðinn á næstu dögum og mánuðum, eftir að gengisbreyt. er gerð, þessar vörur, sem hafa horfið í vöruskemmur að undanförnu. Það á að blanda þeim vörum saman við nýrri vörur í verðlaginu, þannig að eftir nokkra daga frá því að gengisbreyt. er gerð fá nokkrir menn tækifæri til þess að fá stórhækkað verð á vörunum, sem þeir hafa geymt, og þar með gífurlegan gróða. Og ýmsir verða að horfa á það þessa daga, að þó að enn þá sé ekki búið að samþ. nýja skráningu á gengi krónunnar, þá eru menn farnir þegar að kaupa vörur á verði, sem miðað er við það gengi, sem á að verða á ísl. krónunni. Ýmsir verða að kaupa salt í fisk sinn á verðlagi, sem miðast við það gengi, sem á að verða samkv. þessu frv., þegar aðrir hafa hins vegar tryggt sér salt í sinn fisk út allt árið fyrir verð, sem samsvarar gamla genginu. Og þannig er þetta um fleiri vörur. Það er vitanlegt mál, að ýmsir menn græða á þessari gengissveiflu gífurlegar fjárfúlgur. Og menn eru að kasta því á milli sín, að þessi heildsalinn græði hálfa milljón kr. og þessi þrjá fjórðu millj. kr. bara á gengissveiflunni einni saman. En í þessu frv. eru ekki gerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að þessar vörur lendi á þennan hátt inni á vörumarkaðinum og verði vissum mönnum svo mikil gróðalind. Afleiðingarnar af þessu munu sýna sig á eftir. Þessir peningar munu eftir á koma til með að valda alveg sömu vandræðunum eins og hver annar stórgróði, sem mönnum fellur í hendur.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Umr. um þetta frv. eru í raun og veru með nokkuð einkennilegum hætti. Það er sjálfsagt einsdæmi í veraldarsögunni, að frv. um gengisbreyt., svo gífurlega eins og hér er lagt til, eigi nú þriggja

vikna afmæli á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Og vitanlega hefur sá dráttur, sem hefur orðið á afgreiðslu frv., valdið ákaflega mikilli truflun í viðskiptalífinu.

Ég vil ekki frekar heldur en aðrir þeir, sem rætt hafa um þetta frv., gera neina tilraun til þess að tefja afgreiðslu þess hér á Alþ. Það er auðvitað, að þessu frv. er tryggður framgangur. Og því mun rétt vera að gera ekkert til þess að draga afgreiðslu þess, af þeim ástæðum, að þeim mun meiri vandræði mun leiða af því sem lengur dregst, að það sé afgreitt. — Ég get þó ekki látið vera að benda á það, sem raunar áður hefur verið fram tekið hér í hv. d., að það er ákaflega hætt við því og raunar vissa fyrir því, eins og frv. liggur fyrir og eins og út lítur fyrir, að það verði samþ., að það nær ekki tilgangi sínum. Hv. 2. landsk. þm. hefur fært mjög mörg rök að því, að hvorki mun samþykkt þessa frv. verða til verulegra bóta fyrir sjávarútveginn í heild, eins og frv. liggur fyrir, né heldur fyrir bátaútveginn út af fyrir sig, og styðst hann þar við fskj., sem komið hafa fram í málinu, bæði frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og frá hraðfrystihúsunum. Þá er og vitað, að til stendur að boða aukafund í Landssambandi ísl. útvegsmanna, til þess að reyna að koma hv. þingmönnum í skilning um það, að þetta frv., ef að l. verður eins og það liggur fyrir, það mun heldur veikja hag bátaútvegsmanna heldur en styrkja hann. Ofan á þetta bætist svo, að hjá bátaútveginum er nú í raun og veru hallærisástand. Það er kvartað undan því hér á Suðurlandi, að afli sé ekki nema nokkur hluti þess, sem hann er í meðalvertíð. Og af Vesturlandi er það að segja, að þó að afli sé mjög lítill hér, þá er hann ekki þar nema einn þriðji hluti af því, sem hann er hér. Vélbátar, sem stundað hafa sjó frá Vestfjörðum frá 1. janúar, höfðu í byrjun marzmánaðar aflað um 50 tonn á bát, miðað við slægðan fisk upp úr sjó. Ef þessir bátar eiga að taka við verðlækkun eins og þeir eiga að gera, ef þetta frv. verður samþ., og þar á ofan 60—70% verðhækkun á salt og veiðarfæri og olíu, þá get ég ekki séð annað en þessi útgerð stöðvist jafnskjótt og búið er að afnema verðábyrgðina. Það er, í þessum landshluta a. m. k., hallærisástand hjá útgerðinni hvort sem er. Og frv., ef að l. verður, mundi gera það að verkum, að ég held, að þeir bátar, sem nú sækja þar sjó vestra, yrðu að hætta veiðum. Ég get ekki látið vera að benda á þetta. Ég tel, að eins og frv. liggur fyrir, þá muni það verða til þess að draga úr eða stöðva útgerð í landinu, en ekki að koma henni á réttan kjöl, eins og þeir, sem hafa undirbúið frv., segja, að gert verði með því. Ég vil koma svolítið að þessu aftur síðar. En ég vildi aðeins, fyrst hæstv. viðskmrh. er nú kominn hér inn í hv. d., ítreka það, sem bent hefur verið á um 2. gr. frv. Ég hygg, að eina vonin til þess, að samþykkt þessa frv. verði ekki til þess að koma öllu í bál og brand í landinu og spilla öllum vinnufriði, sé — og það sé fyrsta skilyrðið fyrir því, — að fella 2. gr. frv. alveg burt. Í 2. gr. frv. er, eins og allir hv. þdm. muna, svo kveðið á, að ríkisstjórninni sé á ráðherrafundi rétt, að fengnum till. bankaráðs og bankastjórnar Landsbanka Íslands, að ákveða gengi ísl. kr. Og þegar breyt. verður á kaupgjaldi, önnur en sú, sem ákveðin er í þessum l., er í þeirri gr. kveðið svo á, að bankarnir skuli þá, svo fljótt sem kostur er á, gera ríkisstj. grein fyrir niðurstöðum sínum um ráðstafanir til þess að halda jafnvægi í greiðslunum við útlönd. Nú hefur verið bent á það, að kaupgjald innanlands er í sjálfu sér ekki endilega ráðandi um verzlunarjöfnuðinn við útlönd, sem og mun koma í ljós nú á næstu mánuðum, því að hvað sem þessu gengisfrv. líður, þá er ekki annað sjáanlegt nú í dag en að á næstu mánuðum verði meiri gjaldeyrisvandræði hér í landinu en hafa verið nokkurn tíma áður í ég veit ekki hvað mörg ár. En eins og þetta frv. er lagt fram, þá er það í rauninni lagt í vald bankaráðs Landsbankans og ríkisstj. að ákveða kaupgjaldið í landinu. Ég hygg, að þarna yrði settur á gerðardómur, sem væri þannig skipaður, að launþegarnir í landinu sætti sig ekki við hann. Það er í raun og veru óhugsandi, eins og launþegarnir í landinu á sínum tíma tóku gerðardómsl. 1942, að þeir sætti sig við gerðardóm um kaupgjald, sem sé skipaður eins og gert er ráð fyrir í þessari frv-gr. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarna sjá það, að atvinnuvegirnir hér í landinu blómguðust. Og ég vildi umfram allt vita, að hér væri stöðug vinna fyrir alla og að vinnufriður væri í landi. Af þessum ástæðum vil ég — ekki sízt þar sem hæstv. forsrh. nú er kominn hér í sinn stól — beina því til hæstv. ríkisstj., að hún athugi það rækilega fyrir 3. umr. málsins, hvort hún ekki sér sér fært að afnema þessa gr. úr frv. eða ganga inn á þá till., sem liggur hér fyrir frá hv. 3. landsk. um að fella þessa gr. niður. Ég tel, að þótt ekki væri neitt annað en þetta að frv., þá séu þessi ákvæði slík ögrun við launþegana í landinu, að þeir muni ekki sætta sig við hana. Ef við tökum svo til athugunar að öðru leyti, að þessum sömu aðilum, sem eftir 2. gr. frv. eiga að ráða raunverulega kaupgjaldi til launþeganna, er ekki ætlað að ákveða um neitt annað verðlag í landinu, þá verður þetta enn óviðunanlegra. Þeir eiga t. d. ekki að ráða neinu um verðlag á iðnaði og þeir eiga ekki að ráða neitt verðlagi á landbúnaðarvörum, svo að við tökum dæmi. En þeim er ætlað að ráða verðlagi á kaupgjaldinu. — Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa gr. En ég hygg, að þeir, sem hafa henni ráðið, hafi sjálfsagt ætlað að gera gott með sínum till. En till. eru svo fjarstæðar, að þær eru ekki líklegar til þess að skapa frið um framkvæmd þessa máls, svo að ég ekki segi meira.

Ég vildi þá koma ofurlítið aftur að sjávarútvegsmálunum. Í raun og veru hefur hv. 2. landsk. þm. rakið mjög ýtarlega og bent á mörg atriði, sem hefðu verið þess verð — ef það hefði verið ætlunin að afgreiða þetta mál hér á Alþ. með viðtölum við þm. á opinberum vettvangi — að þau væru tekin til athugunar. Ég þykist vita það, að hæstv. ríkisstj. muni verða þess vör nú á allra næstu dögum, að

það, sem komið hefur fram frá samtökum útgerðarmanna af aths. við þetta frv., er ekki fleipur eitt og ekki fram sett að ástæðulausu. En í sambandi við svo nefnt framleiðslugjald vildi ég bæta því við, sem áður hefur verið um það sagt, að það er nærri hjákátlegt, að það skuli vera gert ráð fyrir framleiðslugjaldi af atvinnu, sem hefur verið í hallæri í fimm undanfarin ár, og það svo miklu, að bæði þeir útvegsmenn, sem hafa lagt út í að halda út skipunum, hafa þurft á stöðugri aðstoð að halda, og eins hafa þeir sjómenn, sem farið hafa á síld á hverju sumri, komið heim undanfarin ár svo að segja slyppir og snauðir og venjulega ekki fengið lágmarkskauptryggingar, sem þeir hafa átt að fá, fyrr en löngu eftir á, og nú fyrir síðasta sumar alls ekki, margir hverjir. Það má segja í raun og veru, að það sé seilzt um öxl til lokunnar að gera ráð fyrir fé í ríkissjóðinn frá slíkum atvinnuvegi. Mér er ljóst, að það er að sumu leyti ekkert slæmt útlit með sölu á síldarafurðum, sérstaklega síldarmjöli, og einnig hitt, að við gengisbreyt., sem hér er gert ráð fyrir, hækka síldarafurðirnar að sjálfsögðu afar mikið í verði. En það liggur við, að maður freistist til þess að halda, að þeir, sem flutt hafa þetta frv. inn á Alþ., hafi tekið gild ummæli hagfræðinganna, sem munu vera hér einhvers staðar í þessari grg., um, að almenn dýrtíð í landinu muni ekki vaxa nema um eitthvað 10 eða 20%, og þá líka heimfært þetta upp á útgerðarvörur. En nú er það svo um útgerðarvörurnar, að þær eru yfirleitt ákaflega lítið tollaðar. Og útgerðarvörur, eins og salt, síldartunnur, olía og veiðarfæri, þær hækka, vegna þess, hve lítið gætir tollanna í útsöluverði þeirra hér og innkaupsverð þeirra er mestur hlutinn af söluverðinu. Og af þessum sökum hljóta þessar vörur að hækka, margar hverjar, um a. m. k. 50—60% við gengisbreyt. Þetta gerir það að verkum, að gengisbreyt. — jafnframt því auðvitað að hækka söluverðið á vörum út úr landinu — hækkar allar vörur, sem útgerðin þarf að kaupa inn í landið, miklu meira heldur en yfirleitt gerist í sambandi við dýrtíðina almennt. Og ég er satt að segja alveg hissa á, að jafnágætlega skýr fjármálamaður og hæstv. viðskmrh. er skuli ekki hafa tekið þetta til sérstakrar athugunar við afgreiðslu þessa frv.

Nú er gert ráð fyrir því í frv., að gengishagnaður sá, sem fæst við það, að sá gjaldeyrir, sem bankarnir eiga umfram sínar skuldbindingar, verður seldur, renni til ríkisins og verði varið eins og segir í frv. En nú á þessum fundi hefur verið útbýtt alveg nýjum till. um þetta, hvernig eigi að úthluta þessum gengishagnaði. Eru þessar till. á þskj. 431. Mér er ekki alveg ljóst, hve mikill þessi gengishagnaður muni verða. En e. t. v. gæti hann orðið um 25 millj. kr., e. t. v. ekki svo mikill og e. t. v. meiri. Mér er það ekki alveg ljóst. En af hverju er þessi gengishagnaður fenginn? Hann er fenginn af vörum, sem þeir, sem flytja þetta frv., segja, að hafi verið borgaðar við of lágu verði. Þeir, sem hafa lagt þennan gjaldeyri til, er útgerðin. Og hvernig sem menn annars líta á gengislækkunina, hvort það eigi að hafa gengislækkun eða ekki, þá er varla hægt að segja annað en það, að frv. sé viðurkenning á, að gjaldeyrir sá, sem útvegurinn hefur skilað til bankanna undanfarið, hefur verið borgaður of lágu verði. Nú má vitanlega deila um það, hvernig eigi að verja þessum gjaldeyri. En hitt er ekki hægt að deila um, að mikill þorri útgerðarinnar er og verður þrátt fyrir framgang þessa frv. í mestu fjárhagsvandræðum. Og hefði þá ekki verið réttara, ef á að útdeila þessum arði á annað borð, að nota hann til þess að koma fótum undir þann illa stadda sjávarútveg, heldur en að fara að eins og gert er í samningunum á milli stjórnarflokkanna, að þriðjungurinn af honum skuli vera lánaður byggingarsjóði verkamanna, einn þriðji hluti skuli vera lánaður byggingarsjóði samkv. l. um byggingarframkvæmdir í sveitum og einn þriðji hluti skuli vera lánaður ræktunarsjóði Íslands? Nú er ákaflega fjarri því, að ég sé á móti því út af fyrir sig, að fé sé varið til alls þessa. Ég hef mikinn áhuga fyrir því að styðja ræktun í landinu og mikinn áhuga fyrir því að stuðla að því, að byggt verði upp í sveitum, og þó mestan áhuga fyrir því, að byggðir verði verkamannabústaðir samkvæmt verkamannabústaðalögunum. Þó dylst mér það ekki, að það er ákaflega hæpin leið að fara inn á að fara þannig með þetta fé, sem eftir viðurkenningu Alþ. er í raun og veru tekið af útgerðinni, og þegar útgerðin er svona stæð eins og hún er, að deila því þá á þennan veg eins og hv. stjórnarfl. hafa samið um, ekki sízt þegar þess er gætt, að Alþ. hefur alls ekki staðið við þær skuldbindingar, sem það hefur gefið útgerðinni. Það hefur ekki staðið við þær. Það hefur lofað að láta stórfé í aflatryggingasjóð, mig minnir 5 millj. kr. Þær eru ekki komnar enn. Það hefur verið talað um, að þær eigi að koma með eignaraukaskatti, sem er ekki búið enn þá að jafna niður. Nú er í þessum brtt. í raun og veru lofað sama skattinum. Það á að jafna honum niður, eftir að þetta frv. kemst í lög. En mundi það ekki taka langan tíma? Og hvenær mundi þá aflatryggingasjóður taka til starfa? Því var lofað af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og þeim flokkum, sem að henni stóðu, öllum í sameiningu, að aflatryggingasjóðurinn ætti að taka til starfa á árinu sem leið. Þetta var ekki efnt. Og enn mun eiga að draga það að gera aflatryggingasjóði mögulegt að taka til starfa. Við heyrum hér daglega fréttir af því hallærisástandi, sem ríkir í vélbátaútgerðinni. Og það verður óhjákvæmilegt, og það e. t. v. áður en þessu þingi lýkur, að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir út af því aflaleysi, sem er nú hér um allt land hjá vélbátaútveginum, ef ekki rætist verulega úr. Um togaraútgerðina er það vitað, að hún hefur svo til ekki skilað neinum gjaldeyri og að flestir togarar hafa verið reknir með tapi síðan snemma á síðasta hausti. — Ég vil þess vegna enn víkja að því, að ef það er ætlun Alþ. að skipta því fé, sem fæst vegna breyt. á genginu, því fé, sem Alþ. virðist nú vera að viðurkenna, að komið hafi inn, er borguð hafi ver-

ið of lágu verði framleiðsla útgerðarmanna, sem skiluðu því til bankanna, þá tel ég réttast, að útdeila eigi því til sjávarútvegsins, til þess að styrkja hann og koma fótum undir hann, en ekki til þess, sem gert er ráð fyrir í samningum þeim, sem gerðir hafa verið á milli stjórnarfl., hversu þarfar umbætur sem þar eru á ferðinni. Ég hefði talið, að það hefði átt fyrst og fremst að greiða nú inn í aflatryggingasjóðinn nokkurt fé og láta hann taka til starfa. Það er ekki gert. Ég vil ekki við þessa umr. flytja brtt. um þetta. En ég vil þó leyfa mér að flytja brtt. svolítið í þessa átt, til þess að freista þess, hvort Alþ. ekki vilji standa við skuldbindingar, sem það gaf hlutarsjómönnum um það að greiða fyrir því, að útgerðarmenn gætu fengið lán til þess að inna af hendi sjóveðskröfur frá síldveiðunum á s. l. sumri. Í l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörur bátaútvegsins nr. 1 frá 14. jan. 1950 er svo ákveðið, að ríkisstj. sé heimilað að taka að láni 1½ millj. kr. í þessu skyni. Mér er kunnugt um, að hæstv. fyrrv. ríkisstj. hafði fullan vilja á að koma þessu í kring. Þá er ógreitt til sjómanna mikið af sjóveðum frá því á síldveiðunum s. l. sumar, og hygg ég, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki fé til að greiða þetta, þó að hún vildi gera það. Það er víst, að þau skip, sem veð hvíla nú á, fara ekki á sjó, nema veðin séu greidd, því að sjómenn eru orðnir langþreyttir á að fá ekki kaup sitt greitt. Ég hygg því, að það minnsta, sem hægt sé að gera, sé að leyfa hæstv. ríkisstj. að taka hluta af gengishagnaðinum til að greiða þetta. Ég vil því fyrir 3. umr. láta athuga, hvort ekki sé hægt að láta aflatryggingasjóð fá von í þessu fé, en ekki í óálögðum eignarskatti, sem enginn veit hve mikill er eða hvort verði greiddur eða innheimtur. Ég mun nú freista að reyna réttsýni hv. þm. og leggja fram brtt. við 1. brtt. á þskj. 431, sem ég mun nú lesa, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir orðin „og varið til lánveitinga sem hér segir" kemur nýr málsliður: Þar af skal verja 1½ millj. kr. til lánveitinga samkv. 15. gr. laga nr. 1/1950, um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., en að öðru leyti skal gengishagnaðinum varið sem hér segir:" Ég vil sjá, hvort þessu verður nokkuð ágengt við þessa umr., en áskil mér rétt til að bera fram frekari brtt. við 3. umr.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hv. þm. Ísaf. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 441) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. lítur svo á, að till. hennar séu óverjandi, en það virðist svo, þar sem allmargar fsp. hafa verið bornar fram, og hún fæst ekki til að svara. Það er þó það minnsta, sem hæstv. ríkisstj. ætti að geta gert, að upplýsa, hvað felst í þeim till., sem hún flytur. Fyrst þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir, er hægt að dæma um frv., ef ekki er ætlazt til þess, að þm. hlýði í blindni fyrirmælum hæstv. stj. Ég vil þess vegna eindregið óska þess, að hæstv. ríkisstj. gefi þær upplýsingar, sem óskað hefur verið eftir. Það mundi flýta fyrir afgreiðslu málsins, nema svo færi, að þær yrðu til þess, að fylgjendur stj. snerust gegn frv. Í þessu sambandi vildi ég beina þeirri fsp. til einhvers ráðh., t. d. hæstv. viðskmrh., hvernig verður með þann gengishagnað, sem af þessu leiðir, og hvort ríkisstj. reiknar með því að þurfa að greiða hærra framlag til gjaldeyrissjóðsins en áður, ef frv. verður samþ. Enn fremur hvort það sé rétt, að gjaldeyrissjóðurinn hafi krafizt 800 þús. dollara, sem samkvæmt þessu frv. eigi að greiðast 7—8 kr. hærra fyrir hvern dollara, en það mundi þýða, að ríkissjóður yrði að borga 7—8 millj. kr. meira en annars. Það væri gott að fá þetta upplýst, það er eitt af þeim mörgu atriðum, sem upplýsingar vantar um. Eins er með skuldir erlendis, hvað mikið þær vaxa í íslenzkum kr. við gengislækkunina. Vitanlega er það meiningin að leggja það á fólkið með auknum tollum. Enn fremur vildi ég spyrja, hvort meiningin er, að í gildi verði áfram þau innflutningsleyfagjöld frá 75—100%, sem greidd eru fyrir leyfi vissrar tegundar, t. d. ferðalög, kvikmyndir o. fl. Þegar þau l. voru sett, var sagt, að um lækkun krónunnar væri að ræða og hækkun á verði erlends gjaldeyris. Ef sú gengislækkun helzt áfram og þetta frv. verður samþ., þýðir það 74% hækkun á verði erlends gjaldeyris ofan á 75% og sumpart 100% hækkun, sem áður var ákveðin. Samkvæmt l. nú gildir þetta til 1. apríl, og ef engin ákvæði eru um þetta sett í frv., gildir það því út þennan mánuð. Það væri æskilegt að fá nánari upplýsingar um þetta.

Þá vil ég drepa á það, sem ég hef áður sagt, og tveir aðrir hv. þm. hafa líka komið inn á, að í viðbót við það að vera árás á bátaútveginn er frv. einnig — það kemur betur og betur í ljós — hættulegt fyrir stóran hluta togaraútgerðarinnar. Ég vil vekja eftirtekt þeirra þm., sem hugsa um hagsmuni fólksins úti á landi, á ákvæðum 11. gr. frv. Ég vil vekja eftirtekt þeirra á því, að sá skattur, sem leggja á á togarana samkvæmt þessum ákvæðum, getur orðið frá 300—500 þús. kr. á togara á ári. Hafi togarinn kostað 3 millj. kr., nemur því þessi skattur 10% af verðmæti hans og getur jafnvel komizt upp í rúmlega 16%. Þennan skatt á að leggja á bæjarfélögin og einstaklinga úti á landi, sem ekki geta komið sér undan honum, eins og auðmennirnir í Reykjavík, með því að skipta sér upp. Þegar verið var að fá togarana út á land, kostaði það harða baráttu að fá lán gegn 2½% vöxtum í stað 7—8%, en ef þessar álögur verða samþ., nema þær 10—16% á ári af kaupverðinu. Með öðrum orðum, með þessu er að meira eða minna leyti verið að eyðileggja þá viðleitni að beina fjármagninu út á landsbyggðina og dreifa atvinnutækjunum. Það er beinlínis verið að reyna að eyðileggja togaraútgerðina úti á landi. Framsfl., sem þykist berjast fyrir því, að fjármagninu

sé veitt út á land, ætlar nú um leið og hann tekur sæti í stj. að níðast á bæjarfélögunum úti á landi á þennan hátt. Og þetta á að gera þegar gjaldþrot vofir yfir flestum þessum bæjarfélögum. Þau sex bæjarfélög, sem reka einn eða tvo togara, eiga að greiða 300—600 þús. kr. eða 600 þús. til 1 millj. kr. í skatt á ári, án þess að tillit sé tekið til þess, hvernig gengur. Með þessu móti á að draga fjármagnið til Reykjavíkur. Þegar ákveðið var, að 10 nýsköpunartogarar skyldu fara út á land, voru vissir menn, sem sögðu: „Þið skuluð sjá til, togararnir munu koma hingað til Reykjavíkur aftur.“ Með 11. gr. ætlar auðvaldið að eyðileggja bæjarútgerðina úti á landi. Bæjarfélögin urðu að fá 85—100% lán til togarakaupanna, því að þau áttu ekkert, og berjast nú í bökkum. Þar var ekki um auðfélög að ræða með stóra nýbyggingarsjóði, og þess vegna standa þau varnarlaus. Sjálfstfl. og Framsfl. taka nú höndum saman, til þess að beina fjármagninu aftur til Reykjavíkur og eyðileggja nýsköpunarstarfið. Öllum þm., sem kunnugir eru úti á landi, hlýtur að vera þetta ljóst. Togararnir hafa líka meira að segja verið auglýstir til sölu í Lögbirtingi. Þess vegna á að fella 11. gr., hún er að öllu leyti ranglát. — Það er hart, að það skuli eiga að leggja 12—16 millj. kr. skatt á nýsköpunartogarana á ári, samtímis því sem eignastéttinni er hlíft. Það er rétt að bera saman álögurnar á nýsköpunartogara úti á landi og fjölskylduhlutafélag hér í Reykjavík. Ef um fimm manna fjölskyldu er að ræða, mann, konu og þrjú börn, er henni gert leyfilegt að skipta eigninni á milli sín, svo að fjölskyldan verður fimm skattaðilar. Hver þeirra um sig fær að hafa 300 þús. kr. skattfrjálsar og fjölskyldan því alls 1½ millj. kr. skattfrjálsar. Komist hins vegar eignin upp í 2½ millj. kr. alls, þá nemur skatturinn 150 þús. kr. á ári. Með öðrum orðum, þó að eignir einnar fjölskyldu nemi 1½ millj. kr., þá á hún engu að fórna. En á nýsköpunartogara, t. d. Ísafjarðar eða Seyðisfjarðar, er lagður 300 þús. kr. skattur á ári, þótt þeir eigi ekki neitt. Og þetta er kallað að bjarga útgerðinni. — Þá er það auðséð, að hlífa á öllum ríkustu fyrirtækjum landsins. Og Landsbankann má ekki skattleggja, þótt eignir hans nemi 100 millj. kr. og hann græði 70 millj. kr. á ári. Eimskipafélagið, eitt ríkasta fyrirtæki á landinu, á að verða algerlega skattfrjálst; og auðmannafjölskyldurnar, sem skipta sér haganlega í hlutafélög, eiga að fá skattfrelsi fyrir eignir, sem nema 1½ millj. Það á að hlífa því, sem ríkast er, og níðast á því, sem fátækast er. Okri menn eða fyrirtæki á vöxtum eða taki ofsagróða af verzlun, skal þeim hlíft. — Fari þeir út í framleiðslu eða brjótist í útgerð af litlum efnum, eins og mörg bæjarfélögin, þá skal þeim hegnt. Ég leyfi mér að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. gefi deildinni upplýsingar um það, hvað hún gengur út frá, að auðmannastéttirnar samkvæmt 12. gr. frv. gefi miklar tekjur í ríkissjóð. — Ég skal minna á það í þessu sambandi, að það hafa áður verið samþykkt hér falleg lög um fórnir eignastéttarinnar, þar sem var II. kafli laganna frá 1947, um dýrtíðarráðstafanir, þar sem stighækkandi eignaraukaskatt átti að leggja á eign umfram 100 þús. kr., og allt upp í 30% á eign, sem færi yfir eina milljón króna. Þá var rætt með III. kafla sömu laga um 50 milljónum frá alþýðustéttum landsins, og þetta átti að vera fórn auðmannastéttarinnar, en það hefur bara ekki verið haft fyrir að rukka þetta inn enn þá, og núna á að gefa auðmannastéttinni þetta eftir — og leggja á hana nýjar fórnir. En hvað eru þær miklar? Fást hlutaðeigandi aðilar alls ekki til að gefa það upp? Eru þær máske ekki meiri en svo, að ekki þyki rétt að flagga þar mikið með ákveðnum tölum? Er það máske eins og mann gæti grunað, að höfuðatriðið í samkomulagi Framsóknar- og Sjálfstæðisfl. hafi verið það, að ríkustu fyrirtækin skuli sleppa við skattinn, og Framsókn hafi fengið því framgengt á hinn bóginn, að eitthvað af því fé, sem ríkissjóður fær samkvæmt þessu frv., færi þá til sveitanna? — Ef þetta skyldi nú vera inntakið í samkomulaginu, þá væri a. m. k. viðkunnanlegra að fá það upplýst, og eins hitt, hvað mikið fé er búizt við að komi inn samkvæmt 12. gr. Það vantar ekki, að þar sé gert ráð fyrir miklum útreikningum. En halda menn nú, að það borgi sig að vera nokkuð að reikna? Er ekki betra að segja bara hreint og beint, að S. Í. S., kaupfélögin og samvinnufélögin skuli vera skattfrjáls, heldur en að reikna og reikna eins og hér er gert ráð fyrir.

Í sambandi við ákvæði þessarar gr. um verðmæti skipanna vil ég itreka, hve óréttmætt það er að miða það við vátryggingarverðið. Ef um vélar er að ræða, sem fara í verksmiðjur á landi, þá er skattlagt eftir bókfærðu verði vélanna; skatturinn fer eftir því, hvernig vélarnar eru uppfærðar í bókhaldi viðkomandi fyrirtækis, og með það sleppa menn. En ef vélar eru keyptar í skip, þá á að borga skatt af þeim eftir vátryggingarverðinu, en það ætti að vera lögskylda, að vátryggingin væri í pundum eða dollurum, svo að stöðugt mætti endurnýja flotann, ef illa fer. Hér er um að ræða beina árás á sjávarútveginn, miðað við það, sem gildir um fyrirtæki á landi — t. d. vörulager, eftir því sem ég veit bezt, og er þetta mjög óréttmætt ákvæði.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem ég hef gert við þetta frv., og þá fyrst brtt. við 11. gr. á þskj. 436. Þar er um að ræða smábreytingu á lögunum um fjárhagsráð. Þarf ég ekki að fara um hana mörgum orðum. Hún er hv. deildarmönnum vel kunn, þar sem hún er tekin orðrétt upp úr frv. hv. þm. V-Húnv., er hann flutti í fyrra. E. t. v. hefur það aðeins gleymzt hjá Framsfl. að koma nokkuð inn á verzlunarmálin að þessu sinni, en honum var mikil alvara með þetta mál í fyrra, og þetta var þá eitt af því, sem olli stjórnarslitum. En ég þykist mega vænta fylgis Framsfl. við þessa till. Það má ekki minna vera en samvinnufélögin fái þennan snefil af verzlunarfrelsi, sem í þessari till. felst, úr því að rýmkun á verzlunarhöftunum á að vera einn aðaltilgangur þessa frv.

Þá ætla ég að leyfa mér að flytja brtt. við

brtt. meiri hl. n. á þskj. 431, og er hún við tillögulið um breyt. á 12. gr., um það, hvernig skatturinn skuli skiptast. Þar er lagt til, að skatturinn skiptist í tvennt, og fari annar helmingurinn til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs og hinn helmingurinn að jöfnu til byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsjóðs í sveitum. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa brtt. mína um þetta. Hún er við 3. tölulið. Síðasta málsgrein orðist svo:

„Að öðru leyti skal skattinum skipt í þrjá jafna hluta. Skal einn hlutinn renna til byggingarsjóðs samkvæmt lögum nr. 35/1946, annar renni til byggingarsjóðs samkv. 1. kafla laga nr. 44/1946, og þriðji skal renna til ríkissjóðs og varið til greiðslu á framlögum ríkissjóðs til íbúðarbygginga yfir fólk, sem býr í heilsuspillandi íbúðum, samkvæmt 3. kafla laga nr. 44/1946."

Þetta þýðir með öðrum orðum, að ⅓ fer í hvern stað og ⅓ fer til að styrkja bæina til þess að byggja yfir fólk, sem þar býr í heilsuspillandi íbúðum. Með þessu móti hygg ég að fé því, er hér ræðir um, sé betur varið. Með því er að vísu sleppt þeim pósti, sem á að fara til að greiða skuld ríkisins við Landsbankann, en honum ætti líka að vera óhætt að sleppa, og þar sem tilgangurinn á að vera sá, að tryggja íbúðarhúsabyggingar í landinu, þá vil ég leyfa mér að vænta, að samkomulag verði um að haga þessu eins og gert er ráð fyrir.

Þá hef ég enn lagt hér fram brtt., sem ég gekk að vísu út frá, að ekki kæmi til fyrr en við 3. umr., og mun ég taka hana aftur til 3., en hún hnigur annars að því að skapa einhvern ofurlitinn snefil af verzlunarfrelsi hér á Íslandi, og virðist það ekki vera út í hött, úr því það á að vera einn höfuðtilgangur þessa frv., eins og mjög er látið í veðri vaka.

Þá langaði mig til að beina nokkrum orðum til hv. 3. landsk. þm., en hann er nú líklega farinn burt aftur. En ég vildi þó a. m. k. skjóta því inn, að þegar hann sagði, að 100 millj. kr. hefðu runnið til verzlunarstéttarinnar með álösunarverðu móti, þá hefði hann mátt minnast þess, að það var hans samflokksmaður, sem þá fór með embætti viðskiptamálaráðherra. Annars var *gott að fá þetta staðfest, þótt seint sé.* — Um orsök erfiðleikanna get ég hins vegar ekki verið sammála hagfræðingunum, fremur en margt annað, en það yrði of langt mál að fara út í. Höfuðatriðið er, að það er reynt að fara með öllu móti fram hjá markaðsmálunum, en einblína sífellt á gengismálið sem leið út úr ógöngunum; en það er fullkomnari tækni, betri organisation og öflun nýrra markaða, sem mestu mundi valda til bóta.

Þá vil ég leyfa mér að leiðrétta það, sem hv. þm. sagði um það, að verkalýðsráðstefnan, sem nú situr, hefði gert samþykkt í anda þeirrar brtt., sem hann flytur um vísitöluákvæði frv. Ráðstefnan hefur enga slíka samþykkt gert. Hún samþ. þvert á móti að krefjast þess, að uppbót á laun yrði alveg í samræmi við dýrtíðina, og er það samkvæmt mínum höfuðtillögum, þar sem ég legg til, að 4.—8. gr. frv. séu felldar niður og gamla vísitalan sé látin gilda, — það er fyrsta brtt. mín á þskj. 423. En samþykkt verkalýðsráðstefnunnar um þetta efni, sem nú hefur verið birt í Alþýðublaðinu, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „... felur ráðstefnan sambandsstjórn að beita sér fyrir því ... að dýrtíðarvísitalan verði ákveðin mánaðarlega í réttu hlutfalli við dýrtíðarvísitöluna 100 1939, og að fullar launauppbætur verði greiddar mánaðarlega samkvæmt réttri vísitölu án tillits til grunnkaupsbreytinga."

Skýr samþykkt ráðstefnunnar stendur þannig á bak við mína tillögu. Vildi ég taka þetta fram, svo að það kæmi greinilega í ljós og Alþingi þyrfti ekki að efast um þetta. — Hv. þm. Ísaf. tók það greinilega fram áðan, að verkalýðurinn mundi ekki sætta sig við þessar ráðstafanir, sem nú ætti að gera, þar sem þær væru í senn ranglátar og ópraktískar gagnvart útveginum, sem þær ættu þó sérstaklega að styðja. Gagnvart launþegunum væru þær svo harðvítugar, að með þeim væri beinlínis verið að stofna til vandræða í okkar landi, ef þær verða samþ. óbreyttar. — Ég held ég hafi þá mælt fyrir mínum brtt. og læt að sinni máli mínu lokið.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. bar fram nokkrar fyrirspurnir til mín, sem ég tel rétt að svara. Hann spurði varðandi alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hvort ekki mundi koma þar til útgjalda fyrir ríkið í sambandi við gengislækkunina. Það er vitaskuld rétt, að sjóðurinn verður að færast í samræmi við gengisbreytinguna. Landsbankinn færir þennan sjóð í íslenzkum krónum. Enn hefur ekki komið til að nota hann neitt, og hefur verið litið á hann af okkur að mestu leyti sem formsatriði. — Þá spurði hv. þm., hvort erlendar skuldir mundu ekki hækka, og því er til að svara, að erlendar skuldir ríkisins hækka vitaskuld að sama skapi og gengið breytist þannig. — Enn fremur spurði hann, hvort leyfisgjöldin yrðu ekki afnumin. Þessi leyfisgjöld, sem gilda til 1. apríl, verða ekki afnumin með þessu frv. Sú ákvörðun, hvort þau beri að afnema, verður tekin eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt. Þá spurði hv. þm. þess í fjórða lagi, hvaða fórnir væri hér um að ræða í sambandi við skattinn. Getur hv. þm. sjálfur reiknað það út, hve mikið er tekið af eignum hvers einstaklings, en heildarupphæðina fær hann að vita, er skatturinn hefur verið reiknaður út.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er slæmt, að hv. 3. landsk. skuli ekki vera staddur hér í salnum, því að það er einmitt vegna ummæla hans, að ég kveð mér nú hljóðs. Hann vék að brtt. minni og sagði, að þar væri gert ráð fyrir tvöföldu gengi. Þetta er misskilningur. Þar er sagt, að ríkisstj. heimilist að láta ákveðnum aðilum í té gjaldeyri við því verði, sem gildir við gildistöku þessara laga, en alls ekki verið að leggja bönkunum á herðar að afhenda gjaldeyri við tvöföldu gengi. Hins vegar er ríkisstj. lagt á herðar að greiða úr ríkissjóði þann mismun, sem verður á verði gjaldeyrisins fyrir

og eftir gengisfallið. — Þeir ókostir, sem hv. 3. landsk. telur að séu á tvöföldu gengi, verða því varla fundnir til foráttu minni till. Hans till. gengur hins vegar allt of skammt. Þar er gert ráð fyrir, að varið verði 2 millj. á 3 árum til þess að styrkja þá, sem dvelja erlendis við nauðsynlegt nám. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið frá einum af meðlimum menntamálaráðs, eru nú um 200 Íslendingar erlendis við slíkt nám og teljast allir þurfandi styrks. Þegar tveim milljónum kr. er skipt niður á 3 ár í 200 staði, verður hlutur hvers 3 þús. kr. á ári. En 3 þús. kr. duga námsmanni skammt. Ég las áðan upp lista, þar sem gerð var grein fyrir námskostnaði í ýmsum löndum, og tilgreindi jafnframt heildartölur yfir þann kostnaðarauka, sem þessi gengisbreyting íslenzku krónunnar hefði í för með sér fyrir námsfólk. Í Noregi yrði kostnaðaraukinn minnstur, en þó næmi hann 5300 kr., og yrðu því 3 þús. kr. strax þar harla lítil hjálp í vandanum, sem af þessu leiðir fyrir námsfólkið. Í Sviss yrði kostnaðaraukinn um 13 þús. kr., en þar af eru 3 þús. kr. tæpur fjórði partur, en mestur yrði hann í Bandaríkjunum, líklega ekki undir 17 þús. kr., og má teljast líklegt, að 3 þús. kr. yrðu litlar sárabætur þeim, sem þar nema.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi málsins. En á það vil ég þó benda, að í brtt. hv. 3. landsk. þm. er hvergi gert ráð fyrir hjálp handa þeim, sem eru sjúkir erlendis eða hafa leitað þangað til lækninga; erfiðleikar þeirra eru að sönnu miklir, en verða nú sízt minni. Í brtt. minni er hins vegar, eins og ég áður sagði, leitazt við að skipa þann veg málum, að lækningin við hættulegum sjúkdómum, sem hinar ófullkomnu aðstæður hér heima fyrir fá ekkert við ráðið, en fullkomnari aðstæður á erlendum sjúkrahúsum gætu aftur á móti snúið til bata, skuli fleirum veitast en þeim einum, sem auðs eiga not í ríkustum mæli.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Fyrr á þessum fundi lét ég falla fáein orð út af skiptingu á því fé, sem fengist vegna ákvæðisins um eignarskattinn skv. frv. þessu, ef að l. verður, og rynni til byggingarsjóða, og eins skiptingu á gengishagnaðarsjóði Landsbankans. Hér hefur mér þótt gæta nokkurs misræmis á milli kaupstaðanna annars vegar og sveita hins vegar. Ég hef talið rétt, að þetta væri leiðrétt, og leyfi mér að leggja hér fram tvær skriflegar brtt., með leyfi hæstv. forseta. Þessar till. eru báðar brtt. við brtt. á þskj. 431 og eru svo hljóðandi:

„1. Við 1. brtt.

a. Í stað „Einn þriðji" í tölulið 1 komi: Helmingur.

b. Í stað „Einn þriðji" í tölul. 2 komi: Einn fjórði.

c. Í stað „Einn þriðji" í tölul. 3 komi: Einn fjórði.

d. Í stað „4%" í næstsíðustu málsgr. komi: 2%.

2. Við 3. brtt. Í stað „til helminga ... lögum nr. 44/1946" í síðustu málsgr. komi: á milli byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 35/1946 og byggingarsjóðs samkv. lögum nr. 44/1946 í sama hlutfalli og eignarskatturinn nemur á þeim svæðum, er lögin um byggingarsjóðina ná til."

Mér finnst rétt, að því fé, sem til fellur á þeim svæðum, sem lögin um verkamannabústaði ná til, verði skipt í sama hlutfalli og eignarskatturinn nemur á þeim svæðum. Þetta þarf ekki að skýra nánar, því að þessu vék ég ýtarlega í fyrri ræðu minni, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt. mínar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 440, sem of seint var útbýtt, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 442) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og ég tók fram í ræðu minni í dag, og eins þegar málið var til umr. hér í gær, þá var það ætlun mín að bera fram brtt. við skattákvæði frv., er flokki mínum hefði gefizt tóm til þess að kynna sér þær brtt., sem lagðar hafa verið fram við það. Nú er skammur tími liðinn síðan þær till. lágu fyrir, en það var ekki fyrr en fundur hófst kl. 8,30, og hefur mér enn ekki unnizt tími til þess að ljúka við þær brtt., sem ég hafði gert ráð fyrir að bera fram nú við þessa umr., en mun hafa þær tilbúnar við 3. umr. málsins og leggja þær þá fram.

ATKVGR.

Brtt. 424 felld með 27:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG, ÁkJ.

nei: BÁ, BÓ, EmJ, FJ, GG, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁB, SB.

2 þm. (EystJ, ÁÁ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Ég tel þetta mál betur leyst með brtt. hv. 3. landsk. þm. og segi því nei við þessari till.

Gunnar Thoroddsen: Þar sem hæstv. ríkisstj. hefur þetta mál til athugunar, á hvern hátt vandi námsfólksins verði vegna gengisbreytingarinnar bezt tryggður, tel ég ekki rétt að slá neinu föstu á þessu stigi málsins og segi því nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Ég flyt brtt. varðandi sama efni á þskj. 433, og mun greiða henni atkv., en segi nei við þessari.

Jóhann Hafstein: Með skírskotun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til þeirrar grg., sem hv. 7. þm. Reykv. flutti hér áðan, segi ég nei.

1. gr. samþ. með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, SB.
nei: LJós, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ.
2 þm. (ÁÁ, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 429,1 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ, LJós, SG, StJSt, ÁkJ.
nei: BÁ, BÓ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, SB.
2 þm. (EystJ, ÁÁ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 23:10 atkv.

Brtt. 441 felld með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ, LJós, SG, StJSt, ÁkJ.
nei: BÁ, BÓ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, SB.
ÁS greiddi ekki atkv.
2 þm. (EystJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 442,1 felld með 23:6 atkv.
— 431,1 (ný 3. gr.) samþ. með 29:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JÁ, JR, JörB, KS, LJós, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SG, SkG, StSt, StgrSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, BÓ, EOl, SB.
nei: FJ, GÞG, StJSt, EmJ.
2 þm. (EystJ, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 433 og 435 komu ekki til atkv.
— 423,1 felld með 27:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG, ÁkJ.
nei: BÁ, BÓ, EmJ, FJ, GG, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁB, SB.
2 þm. (EystJ, ÁÁ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Gylfi Þ. Gíslason: Ég hef flutt brtt. um sama efni á þskj. 429, og gengur sú till. lengra en þessi. Segi ég því nei á þessu stigi málsins.

Brtt. 429,2 felld með 23:10 atkv.
4. gr. samþ. með 23:9 atkv.
Brtt. 429,3 felld með 23:10 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 22:7 atkv.
Brtt. 429,4 felld með 23:10 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 22:10 atkv.
Brtt. 423,2 felld með 23:10 atkv.
9. gr. samþ. með 23:2 atkv.

Brtt. 437 felld með 27:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJós, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ.
nei: JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EmJ, FJ, GG, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, SB.
2 þm. (ÁÁ, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 436 felld með 24:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG, ÁkJ.
nei: ÁB, BÁ, BÓ, FJ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, SB.
EmJ, GÞG, StJSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÁÁ, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 423,3 felld með 23:6 atkv.
10. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 431,2 samþ. með 22:1 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BÁ, BÓ, GG, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, SB.
nei: ÁS, EOl, FJ, JÁ, LJós, SG, ÁkJ.
EmJ, GÞG, StJSt greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÁÁ, EystJ) fjarstaddir.

Brtt. 434 og 438 teknar aftur til 3. umr.
— 440 felld með 23:8 atkv.
— 442,2 felld með 23:7 atkv.
— 431,3 (ný 12. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 431,4 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

13.—14. gr. (verða 14.—15. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 439 tekin aftur til 3. umr.
— 423,4 felld með 23:8 atkv.
— 431,5 samþ. með 22:9 atkv.

15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 22:5 atkv.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:10 atkv.

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 443, 444, 445, 446, 447).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég hefði viljað óska, að einhver hæstv. ráðh. hefði verið viðstaddur þessa umr. Mér finnst satt að segja, að þessar umr. hafi að mörgu leyti farið þannig fram, að það sé varla sæmandi hæstv. ríkisstj. að láta hvorki sjá sig né heyra í þeim umr., sem hér hafa átt sér stað. Ég hef ekki orðið var við það, að einn eða neinn af andmælendum frv. hafi gert neina tilraun til þess að draga umr. úr hófi fram, heldur miklu frekar hefur afgreiðsla málsins tafizt við að bíða eftir till. frá stjórnarflokkunum og hæstv. ríkisstj. Nokkrum fyrirspurnum hefur verið beint til ríkisstj., og hún hefur verið beðin um ýmsar upplýsingar, en hefur alveg vikizt undan að svara. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að einhver hæstv. ráðh. yrði viðstaddur. Hefði ég einkum viljað tala við hæstv. sjútvmrh. Vildi ég því óska þess, að hæstv. forseti gæti haft áhrif á, að hér yrði einhver forsvarsmaður hæstv. stj. viðstaddur. Ég hefði þurft að fá nokkrar upplýsingar í sambandi við till., sem ég ber fram,

og kann illa við, ef enginn er hér, sem er líklegur til svara.

Forseti (SB): Út af þessum tilmælum vil ég geta þess, að ég hef gert ráðstafanir til, að hæstv. atvmrh. viti um þessa ósk hans. Hann mun vera hér í húsinu, að því er ég bezt veit. — — — Hæstv. atvmrh. mun vera eitthvað vant við látinn, en þar sem nú eru í d. tveir hæstv. ráðh., vil ég spyrja hv. þm., hvort hann geti nú ekki flutt ræðu sína.

Finnur Jónsson: Ef hæstv. atvmrh. ekki treystir sér til að vera viðstaddur vegna annarra anna, verð ég að sætta mig við að tala við þá tvo hæstv. ráðh., sem hér eru, þó að mér virðist, að það sé að tala fyrir daufum eyrum að tala við þá, því að hvað eftir annað var til þeirra beint nokkrum fyrirspurnum og tilmælum í gær, án þess að þeir gerðu nokkra tilraun til að svara þeim, og ég verð að segja, að mér þykir það nokkuð undarlegt, af þeirri ástæðu, sem ég tók fram áður og ítreka nú í áheyrn hæstv. ráðh., að ég hef ekki orðið var við, að nokkur andmælandi frv. hafi gert nokkra tilraun til málalenginga. Það hafa að sjálfsögðu komið fram mismunandi skoðanir, en hæstv. ríkisstj. hefur annaðhvort ekki viljað sýna þá kurteisi — eða ekki getað — að svara þeim fyrirspurnum, sem til hennar hefur verið beint.

Ég gerði við 2. umr. að umtalsefni hluta af skilmálum sjávarútvegsins, sem hæstv. ríkisstj. hefur algerlega vanrækt að taka til úrlausnar í sambandi við þetta mál, og þó er það svo, að sjávarútveginum verður ekki komið á þann kjöl, sem hæstv. ríkisstj. ætlast til með þessu frv., nema uppfylltir séu skilmálar sjávarútvegsins. Á ég þar sérstaklega við hin geysilega háu sjóveð frá síðustu síldarvertíð. Ég benti þá á það jafnframt, og ég flutti brtt., sem var felld, um það efni að taka greiðslur á sjóveðskröfunum frá síðustu síldarvertíð upp í ákvæði um væntanlegan gengishagnað, og jafnframt var eftir till. ríkisstj. farið nokkuð einkennilega með þann sjóð, sem ríkisstj. kallar í frv. aflatryggingasjóð. Það er að vísu svo, að slíkur sjóður er hvergi til í neinum l., heldur heitir hann hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Má það ef til vill til marks taka um vandvirknina við undirbúning þeirra till., sem hæstv. stj. hefur gert við frv., að þessi sjóður er í frv. kallaður aflatryggingasjóður, en ekki því rétta nafni, sem hann heitir í l.

Um aflatryggingasjóðinn, sem hæstv. ríkisstj. kallar svo, er það að segja, að í l. frá 1947 um dýrtíðarráðstafanir er svo kveðið á í 2. gr., að leggja skuli sérstakan skatt á eignarauka, sem orðið hafi frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1947, og sá skattur skuli renna í framkvæmdasjóð ríkisins, en ef stofnaður verði afla- eða hlutatryggingasjóður fyrir bátaútveginn með l., þá skuli skattinum jafnt skipt milli hans og framkvæmdasjóðs. Jafnframt var útgerðarmönnum lofað, að þessi sjóður skyldi taka til starfa árið 1948 eða í síðasta lagi í ársbyrjun 1949. Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins voru síðan sett, og eru þau frá 25. maí 1949. Þar er ákveðið í 8. gr., að í staðinn fyrir að sjóðnum sé ætlaður helmingur eignaraukaskattsins, sem innheimtur verði samkvæmt 2. kafla l. nr. 128 frá 1947, um dýrtíðarráðstafanir, skuli hann fá 5 millj. kr., og leggi ríkissjóður fram það, sem á vanti. — Nú mun það vera svo, að þessi eignaraukaskattur var alveg undirbúinn undir álagningu og henni því sem næst lokið. Mér hefur verið tjáð, að það sé byrjað að jafna skattinum niður og búið að jafna niður helmingnum hér í Reykjavík. Útlit ætti því að vera fyrir, að ef áframhald yrði á niðurjöfnun þessa skatts, að henni yrði lokið á síðari hluta þessa árs, og innheimtan á honum ætti því að komast í framkvæmd mjög snemma á næsta ári í síðasta lagi. Séu þessar upplýsingar réttar, þá ætti aflatryggingasjóðurinn að geta fengið það fé, sem honum ber, nú í byrjun næsta árs og uppfyllt þau loforð, sem gefin voru Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Nú sé ég, að í till. hæstv. stj. er gert ráð fyrir að afnema þennan eignaraukaskatt og gera þá erfiði þeirrar n., sem að þessu starfaði í þrjú ár, ónýtt. Jafnframt er skattstiginn lækkaður verulega, svo að nú er gert ráð fyrir, að ekki verði greiddur skattur af eign undir 300 þús. kr., en í l. um eignaraukaskatt átti hann að byrja á 100 þús. kr. Hér er því um verulega tekjurýrnun að ræða frá því, sem ætlazt var til í eignaraukaskattslögunum, þar sem vitað er, að meginþorri af eignum landsmanna er til orðinn á því tímabili, sem eignaraukaskattslögin ná yfir, og það því fremur, sem jafnframt því að tekið er neðan af skattstiganum, er hann verulega mikið lækkaður.

Mér skilst því, að með þeirri lagabreyt., sem flutt hefur verið af hæstv. ríkisstj., sé verið — ég vil ekki segja að svíkja bátaeigendur um þann hluta eignaraukaskattsins, sem þeim bar samkvæmt samningum við þrjá flokka á Alþingi, sem stóðu að fyrrverandi ríkisstj.

Ef svo skyldi vera, að hæstv. ríkisstj. hefði einhverjar upplýsingar að gefa í þessu efni, þá þætti mér mjög vænt um að fá þær við þessa umr. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskmrh., sem ég geri ráð fyrir að sé aðalforsvarsmaður þessa frv., ef hann er nokkur til á Alþingi, hvort hann hafi einhver gögn í höndum, sem sýni það, að eignaraukaskatturinn, sem átti að renna í hlutatryggingasjóð, hafi ekki orðið meiri en 5 millj., en ef svo væri, að hann hefði getað orðið meiri, hvernig ætlar hæstv. stj. þá að uppfylla þau loforð, sem Alþingi og stjórnmálaflokkarnir þrír á Alþ. hafa gefið útgerðarmönnum í þessu efni?

Í öðru lagi mætti ganga út frá, að hlutatryggingasjóður þyrfti ekki enn að bíða mörg ár eftir þessu framlagi, ef haldið hefði verið áfram með eignaraukaskattinn, svo sem l. stóðu til. En með þeirri breyt., sem samþ. var hér í þessari d. í gær, þá er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs komi ekki allt til innheimtu, eftir 12. gr. þessa frv. En skattinn skal greiða í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæðin var tilkynnt gjaldanda,

og ef skatturinn er hærri en 2000 kr., er gjaldanda heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, sem hann gefur út, en ríkisstj. ákveður form og texta fyrir, og andvirði bréfanna á svo að greiðast á 20 árum, og séu ársvextir af þeim 4%. — Mér skilst, að eftir þessu ákvæði geti farið svo, að hlutatryggingasjóður mundi geta þurft að bíða enn í ærið mörg ár eftir þessu loforði stjórnarflokkanna og Alþ., jafnvel þó að framlag til hans eigi að greiðast af því fyrsta fé, sem innheimt verður með þessu móti. Bæði mundi það nú taka verulegan tíma að fara nú að jafna niður skatti eftir nýjum reglum, leysa í útreikningnum öll hlutafélög, samvinnufélög og sameignarfélög upp í einstaklinga og jafna skattinum niður og innheimta hann. Og eins er ekki alveg víst, að það komi inn 5 millj. kr. í peningum af þessum skatti fyrstu mánuðina, heldur mundi eitthvað verða borgað í tuttugu ára skuldabréfum, sem þessi hlutatryggingasjóður þá ætti að fá. Ég tel, að hér sé ekki vel að farið og að ef þessar till. nái fram að ganga eins og þær liggja fyrir, þá verði nokkuð erfitt eftirleiðis að treysta loforðum hæstv. Alþ. og loforðum þessara þriggja stjórnmálaflokka. Ég veit ekki betur en að um þetta hafi verið gerður bindandi samningur, að vísu e. t. v. munnlegur, við Landssamband íslenzkra útvegsmanna. Þessi samningur var síðan staðfestur með l. Það er að vísu sjálfsagt á valdi Alþ. að breyta lögum. Hitt er dálítið vafasamara, hvort þrír flokkar, sem hér eiga hlut að máli, geta gengið á bak orða sinna, eins og til virðist stefnt með þeim till., sem hér liggja fyrir. Út af þeim upphæðum, sem gefin hafa verið loforð um viðkomandi hlutatryggingasjóðnum, skal ég ekki fjölyrða meira. Ég tel, að það sé í mesta lagi vafasamt af hæstv. Alþ. að slá því föstu, að þessi upphæð hefði ekki getað numið meiru en 5 millj. kr., og ég vil þess vegna ítreka það við hæstv. viðskmrh., hvort hann hafi einhver gögn um það eða vitneskju, er sýni, að skatturinn hefði ekki numið hærri upphæð.

Í öðru lagi vil ég freista þess að reyna að fá því komið til leiðar, að hlutatryggingasjóðurinn þurfi ekki að bíða enn í langan tíma eftir því, að þessi loforð verði framkvæmd, og hef í því skyni flutt brtt. á þskj. 447, þar sem farið er fram á, að framlagið til hlutatryggingasjóðs verði tekið af væntanlegum gengishagnaði, sem ætti að verða í handraða nú innan mjög skamms tíma — þó ekki til frambúðar, heldur aðeins sem lán, sem endurgreiðist þá af þeim skatti, sem ætlazt er til, að innheimtur verði samkv. till. hæstv. ríkisstjórnar. Mér finnst ekki, að það sé farið fram á mikið í þessum till. Það er aðeins verið að reyna að fá þessa þrjá stjórnmálaflokka, sem að þessum samningum stóðu, til þess að standa svolítið við orð sín. Það eru ekki gerðar tilraunir til þess að breyta úthlutun gengishagnaðarins, eins og hún er í frv. hæstv. ríkisstj., nema aðeins í bili, þangað til skatturinn innheimtist. — Nú má vel vera, að það séu svo fastir samningar á milli núverandi hv. stjórnarflokka um, að hér skuli ekki breyta neinum stafkrók. En þar sem nú er ekki um annað að ræða en að reyna að fá þessa flokka til þess að standa við loforð, sem lögfest hafa verið, þá vænti ég þess, að hæstv. ríkisstj. taki þessa brtt. til velviljaðrar athugunar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. þm. Ísaf. kvartaði undan því, að hann hefði fengið lítil svör við fyrirspurnum, sem hann hefði beint til ríkisstj. Ég verð að segja, að ég varð ekki mikið var við slíkar fyrirspurnir hér á þingfundi í gær. Það var að vísu rætt um það af hendi hv. andstæðinga frv., hvort hægt væri að fá upplýsingar um, hve miklu þessi skattur næmi, sem hér um ræðir. Ég skal fúslega viðurkenna, að það er ákaflega erfitt að gefa svar við því, eins og alltaf er, þegar slíkir skattar eru á lagðir. Það er yfirleitt ekki hægt að gefa nokkurn veginn réttar upplýsingar um það, fyrr en búið er að reikna skattinn út, því að það eru svo mörg atriði í því máli svo óviss, að það er ekki hægt með nokkurri vissu að telja þær ágizkanir, sem slíkar tölur hlytu að verða, réttar upplýsingar. Þess vegna hefur stj. leitt það hjá sér að vera að koma með slíkar ágizkanir.

Hins vegar skal ég koma að seinna atriðinu, sem hv. þm. talaði hér um, samanburðinum á milli þessara tveggja skatta. Hv. þm. Ísaf. sagði, að ríkisstj. hefði brugðizt skyldu sinni við það, að hún hefði ekki enn greitt 1½ millj. kr. vegna sjóveða, sem hvíldu á ýmsum bátum enn þá og heimild hafi verið gefin ríkisstj. til þess að greiða í sambandi við lög, sem sett voru um bráðabirgðaaðstoð til útvegsins. Þetta er alveg rétt. En það er ekki af neinni andúð í garð útvegsins, að þessi 1½ millj. hefur ekki verið greidd. Það er blátt áfram af því, að ríkissjóður hefur ekki getað greitt þetta fé. Þingið getur samþykkt útgjöld. En það hljóta að vera fjárráð ríkisins, sem ákveða það, hvort hægt er að standa við slík útgjöld. Í þessu tilfelli hefur það ekki verið hægt, þann tíma, sem liðinn er síðan þessi heimild var gefin. Og yfirdráttur ríkissjóðs hjá Landsbankanum hefur allan tímann verið í toppi, og ríkissjóður hefur ekki haft heimild fyrir meiru, og Landsbankinn hefði getað stöðvað það, ef ríkissjóður hefði ætlað að yfirdraga fram yfir þetta hámark og með því greiða þessa heimild, sem þarna er um að ræða. Hitt er og öllum hv. þm. kunnugt, að lánsmöguleikar ríkissjóðs eru þrotnir, bæði til þessa og annars. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að ég og aðrir, sem voru í fyrrv. ríkisstj., hefðum haft mesta ánægju af því að geta greitt þetta fé út og losað þessa báta undan sjóveðum, sem nú standa uppi í vanda af þeim sökum.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að það mundi fljótlega vera hægt að ljúka útreikningi eignaraukaskattsins. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef í því efni, er búið að reikna út tæplega helming einstaklinga. Öll félög eru óútreiknuð og engar upplýsingar liggja fyrir um þann hlutann. Hins vegar er vitað, að eignaraukaskatturinn kemur mjög lítið eða ekkert við útveg-

inn, vegna þeirra fríðinda, sem útveginum voru veitt í þessum l. Mér hefur verið skýrt svo frá, að eftir bráðabirgðaathugun á nokkrum greinum í sjávarútvegsstétt, þá mundi vera hægt að ganga út frá því, að ekki mundu miklar tekjur koma frá þeirri hlið, og að líkindum ekki heldur frá sambandsfélögum. Það er ákaflega erfitt að segja til um það, hversu miklu þessi skattur nemur. En það er öllum ljóst, þegar það er athugað, að þessi skattur kemur ekki á neinar eignir, sem til voru í landinu fyrir 1940. Hins vegar kemur sá nýi skattur á allar eignir í landinu. Þetta er sá reginmunur, að ég, fyrir mitt leyti persónulega, er alveg sannfærður um, að þessi nýi skattur er miklu hærri en eignaraukaskatturinn og kemur að mörgu leyti miklu þyngra niður. — Það er ekki rétt, sem hv. þm. Ísaf. vildi halda fram, að verk nefndarinnar væri ónýtt, þó að þessi skattur væri felldur niður. N. hefur haft margt annað að vinna en útreikning á þessum skatti. Og ég hygg, að mikið af hennar starfi hafi farið í önnur störf. Hins vegar er því ekki að neita, að náttúrlega fellur ónýtt að nokkru leyti það starf, sem n. hefur í þetta lagt.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um hlutatryggingasjóðinn, þá vildi ég benda á það, að það er gert ráð fyrir því, um það leyti sem þessi l. eru sett, að ég ætla, að honum séu tryggðar 5 millj. kr. Og það var á þeim forsendum, sem núverandi ríkisstj. taldi, að með því að tryggja honum 5 millj. kr. af þessum skatti, þá væri honum séð fyrir þeim tekjum, sem gert hafði verið ráð fyrir, að hann mundi fá eða honum mundu verða tryggðar. Með þeim ákvæðum, sem hér eru í frv., þá er gert ráð fyrir því, að hlutatryggingasjóður fái það fyrsta fé, sem inn kemur. Það má vel vera, að þessar 5 milljónir komi ekki inn alveg um leið og þessi skattur er útreiknaður. En það hlýtur öllum að vera ljóst, að jafnmikill skattur og hér er um að ræða, hann ætti að færa hlutatryggingasjóði þessar 5 millj. kr. á tiltölulega skömmum tíma, svo að ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég, sem tel mig persónulega mjög vinveittan sjávarútveginum, vildi helzt þess óska, að þessi sjóður gæti orðið sem mestur og gert sem mest gagn. Ég tel hans hlut ekki fyrir borð borinn með þeim ákvæðum, sem sett hafa verið í þetta frv.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil taka mjög eindregið undir þau ummæli hv. þm. Ísaf., að framkoma hæstv. ríkisstj. við meðferð þessa máls sé engan veginn eins og vera ber og í ýmsum atriðum beinlínis ámælisverð. Í gær urðu alllangar umr. við 2. umr. málsins. Til hæstv. ríkisstj. var beint ýmsum fyrirspurnum um það frv., sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. lagði fram og hæstv. núverandi ríkisstj. hefur gert að sínu máli. Við þetta frv. eru gerðar ýmsar mjög mikilvægar aths., en hæstv. ríkisstj. sér ekki ástæðu til annars en að láta þær sem vind um eyru þjóta og gerir ekki tilraun til þess að svara þeim eða hrekja þær í nokkru verulegu atriði. (*Viðskmrh.:* Er ekki bezt að hafa þær óhraktar?) Ef í þögninni felst viðurkenning hæstv. ríkisstj. á því, að það sé ekki hægt að hrekja aths. okkar við frv., þá tek ég henni með ánægju. En mig langar til að ganga úr skugga um, hvort svo sé. Á það má og benda, að það, sem hefur orðið til þess að tefja mál þetta, er, að staðið hefur á till. frá hæstv. ríkisstj. eða þeim minni hlutum í fjhn., sem hana styðja. Málið hefur hins vegar ekki verið tafið með málþófi eða neinu slíku.

Annars er ástæða til þess að vekja athygli á því, að frv. þetta hefur sízt batnað við þær breyt., sem gerðar hafa verið á því að undirlagi hæstv. ríkisstj. við 2. umr. Frv. hefur batnað í fáum atriðum, en versnað í mörgum. Það, sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni í þessu tilliti, eru ákvæði 3. gr., eins og hún er nú, um ráðstöfun á gengishagnaðinum. Ég vakti athygli á því í því nál., sem ég skrifaði um þetta mál, og líka í framsöguræðu minni, að gengishagnaðurinn, sem fram kemur við endurmat á erlendum inneignum bankanna, er alveg sérstaks eðlis. Hér er um að ræða reiknings legan hagnað einungis. Hér er alls ekki um að ræða greiðsluhæfar tekjur í neinum skilningi. Einmitt vegna þessa er það dálítið undarlegt, að þeir ágætu hagfræðingar, sem undirbjuggu þetta frv. upphaflega, skyldu leggja til að verja hluta af þessum gengishagnaði til þess að bæta upp sparifé landsmanna, m. ö. o. til þess að skapa nýjan kaupmátt í landinu. Hér er ekki um að ræða neinn raunverulegan kaupmátt. Jafnhliða gengisbreytingunni verða ekki til nein verðmæti, sem hægt sé að kaupa fyrir þennan gengishagnað. Ef þessum gengishagnaði er veitt út í hagkerfið, getur það ekki annað en aukið verðbólguna, sem fyrir er, en nauðsynlegt er að draga úr, enda þótt upphæðin, 10 millj. kr., sem á að ráðstafa til greiðslu sparifjáruppbóta, sé að vísu ekki svo há, að ástæða sé til þess að óttast mjög mikil verðbólguáhrif af henni. En meginreglan er jafnröng fyrir það. Hagfræðingarnir munu hafa talið, að ekki væri ástæða til að ætla, að þessar sparifjáruppbætur yrðu teknar út þegar í stað, og mundu því ekki koma fram sem aukning á kaupmætti þeim, sem fyrir væri, heldur mætti búast við, að þetta yrði líkt og vextir lagt við sparifjárinneignina í heild og væri þar óhreyft. Þetta munu hafa verið höfuðrök þeirra fyrir því að leggja til að taka sparifjáruppbótafé af gengishagnaðinum. — Nú hefur hér aftur á móti verið breytt um stefnu í þessu efni. Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt til, að gengishagnaðinum öllum skuli þegar í stað verða varið til útlána í ákveðnum hlutföllum samkv. 3. gr. Að vísu á hér að vera um bráðabirgðalán að ræða, sem eiga að endurgreiðast, eftir því sem stóreignaskatturinn innheimtist. En samkv. reynslu um álagningu eignarskatta hér á landi má búast við, að það taki ár eða skipti árum, þangað til þessi skattur verði lagður á. Svo líður enn tími, þangað til skatturinn innheimtist. Og þá er augljóst, að hér er verið að stofna til aukningar á verðbólgunni í landinu, með því að veita út í hagkerfið nýjum kaupmætti, sem engin raunveru-

leg verðmætissköpun samsvarar. Hér er verið að taka hreinan bókfærsluhagnað, sem e. t. v. nemur 15—20 millj. kr. og alls ekki verður talinn greiðsluhæfur og á ekkert erindi út í hagkerfið, nema til þess að auka verðbólgu, og nota hann til lánveitinga og skapa þannig með honum nýjan kaupmátt, sem aðeins getur haft verðbólguáhrif. Þessi upphæð, hver sem hún er, er ekki svo há að vísu, að ástæða sé til að óttast ringulreið af hennar völdum. En ég vek athygli á þessu af því, að hér virðist vera á ferðinni af hálfu hæstv. ríkisstj. algerður skilningsskortur á því, hvað hér er um að ræða, skilningsskortur á þýðingu mjög mikilvægrar meginreglu í fjármálastjórn.

Hæstv. fjmrh. (EystJ) flutti við 1. umr. þessa máls mjög athyglisverða ræðu og lagði þar mjög ríka áherzlu á, að ráðstöfun eins og sú, sem lögð væri til í þessu frv., mundi reynast alveg gagnslaus, ef ekki væri breytt alveg um stefnu í fjárfestingarmálum og fjármálum ríkisins frá því, sem verið hefur. Auðvitað átti hann við ekkert annað en það, að hætta þyrfti þeirri stefnu, sem framfylgt hefur verið mörg undanfarin ár, að halda uppi óeðlilegri kaupgetu í landinu með lánsfjárþenslu af hálfu bankanna. Við þessari stefnu varaði hæstv. fjmrh. einnig í sinni að mörgu leyti mjög glöggu ræðu. — En hvað er eitt fyrsta verk hæstv. ríkisstj., eftir að þessi hæstv. ráðh. hefur tekið við embætti fjmrh.? Það að stíga mjög mikilvægt spor á þeirri braut, sem hann varaði við, því að hér er um hreina lánsfjárþenslu að ræða af hálfu bankanna, að vísu ekki í mjög stórum stíl, þar sem ekki er um mjög háa upphæð að ræða. En þessi aðgerð ber engu að síður vott um skilningsskort á því, um hvað hér er raunverulega að ræða, eða viljaskort til þess að framkvæma góðan ásetning. Og þetta spáir illu um stefnu þeirrar hæstv. ríkisstj., sem nú hefur tekið við völdum. Ef áframhaldið hjá henni verður líkt þessu, er ekki við því að búast, að stefna hæstv. ríkisstj. muni geta leitt til góðs í fjármálum þjóðarinnar, og þá heldur ekki við því að búast, að þær ráðstafanir, sem hér er verið að knýja í gegn, muni geta komið að haldi. Þetta virtist hæstv. núverandi fjmrh. vera algerlega ljóst, meðan hann var aðeins hv. 1. þm. S-M. Hvort honum er þetta jafnljóst nú, eftir að hann er orðinn fjmrh., geri ég mér ekki fulla grein fyrir, og veit heldur ekki, hvort hann ber fulla ábyrgð á þessu eða það eru önnur öfl, sem að þessu standa. Mér er sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi fengið aðvörun varðandi þetta mál frá þjóðbankanum, en ekki séð ástæðu til að sinna því. Og mér er nær að halda, að annar flokkurinn, sem að ríkisstj. stendur, hafi fengið aðvörun um þetta frá hagfræðingi, sem hann metur mikils og hefur ástæðu til að meta mikils. Hann mun heldur ekki hafa séð ástæðu til að ljá þeim röddum eyru. Þetta virðist ekki spá góðu um framtíðina, þótt í litlu sé. En mjór kann að vera hér mikils vísir. Og hér hefur hæstv. ríkisstj. ekki tekizt að stíga sín fyrstu spor eftir þeim meginreglum, sem hæstv. núverandi fjmrh. taldi sig fylgjandi, áður en hann tók að sér þetta mikilvæga embætti.

Þá vildi ég fara nokkrum orðum um það, að mér finnst afstaða hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu þessa máls við 2. umr. að ýmsu leyti vera mótuð af mjög mikilli óbilgirni gagnvart sjónarmiðum, sem haldið hefur verið fram af Alþýðusambandi Íslands og launþegasamtökunum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til annars en að skella skolleyrum við mjög eindregnum óskum alþýðusamtakanna um það að fella niður 2. gr. frv. og gera nokkra breyt. á ákvæðunum um greiðslu vísitöluuppbótar. Þessi vilji alþýðusamtakanna er mjög eindreginn, og að baki honum liggur fyllsta alvara. Alþýðusamtökin hafa ekki sýnt neitt ábyrgðarleysi. Framkoma þeirra hefur alls ekki verið ögrandi í þessu máli fram til þessa. Og það hefði verið fyllsta ástæða fyrir hæstv. ríkisstj. að taka með meiri sanngirni og meiri velvilja þeim sjónarmiðum, sem fram hafa komið frá alþýðusamtökunum. Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar ekki gert það. Fyllsta ástæða er til að vara hæstv. ríkisstj. við afleiðingum þess, ef hún knýr málið gegnum þingið á sama veg eins og hún knúði það gegnum 2. umr. í þessari hv. d. Það er sem sagt mjög eindreginn vilji fyrir því hjá alþýðusamtökunum, að 2. gr. frv. falli niður. Það verður ekki um hana annað sagt en að í henni felist allt að því hótun í garð alþýðusamtakanna, ef þau haldi sér ekki á mottunni í kaupgjaldsmálunum. Þetta hefur óheppileg áhrif, og ef hæstv. ríkisstj. hefur vilja á, að þessar ráðstafanir beri árangur, þá ætti hún að taka meira tillit til samtaka launþeganna í landinu en hún nú gerir. Það er og mjög eindreginn vilji alþýðusamtakanna, að ákvæðum 4. og 7. gr. verði breytt þannig, að kaupgjaldsbreytingar verði mánaðarlega, eins og vísitala segir til hverju sinni, en ekki eins og nú mælir fyrir í frv. Þá er það krafa þeirra, að kaupgjald verði í samræmi við sem réttasta vísitölu. Enginn getur mótmælt því, að sé vísitala á annað borð reiknuð út, eigi hún að vera sem sönnust og réttust, en hæpið er, að vísitalan verði rétt samkvæmt frv. Þá verð ég að láta í ljós undrun yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til að taka tillit til þeirrar till. að láta uppbætur einnig ná til lífrarpeninga háseta á togurum, en þeir eru venjulegt kaupgjald, þó að hagfræðingarnir sæju það ekki og héldu, að þeir væru hliðstæðir aflahlut, það er misskilningur, og verða þeir því að breytast eins og annað kaup. Er það harla undarlegt, ef halda á niðri kaupi togarasjómanna, á sama tíma sem kaup yfirmanna á skipum þessum er hækkað. Ég vænti þess því eindregið, að hæstv. ríkisstj. fallist á þessa breytingu eða breyti þessu ákvæði sjálf, þannig að uppbót verði greidd á lífrarpeninga til undirmanna á togurum og að kaup yfirmanna hækki ekki eins gífurlega og frv., eins og það er nú, gerir ráð fyrir.

Þá finnst mér breytingin á ákvæðinu um uppbætur á sparifé ekki til bóta, hvorki leng-

ing bótatímans né ákvæðin um innstæður í verzlunum og samvinnufélögum og fleiri hálfopinberum stofnunum, enda er sennilega hægt að misnota þau. Ég hélt satt að segja, að það væri hlutverk hæstv. ríkisstj. að reyna að draga úr skriffinnskunni og öllum óþarfa kostnaði, eða svo heyrðist mér a. m. k. á hæstv. viðskmrh., en það er eins og ég sagði áðan, að ekki er lifað eftir því, sem prédikað er. Hér er að ástæðulausu stefnt út í aukna skriffinnsku og kostnað hjá hinu opinbera, auk þess sem ákvæðin eru næstum óframkvæmanleg. Bankarnir og þeir menn, sem bezt þekkja til þessara mála, hafa lagt til, að þessi háttur yrði ekki á hafður, en samt gerir hæstv. ríkisstj. þessa breyt. Nær hefði verið að breyta þessu þannig, að uppbætur hefðu verið greiddar á verðbréfaeign. Hér er raunverulega verið að mismuna sparifjáreigendum, þar sem sparifé í verðbréfum er ekkert bætt, en hins vegar tekið að bæta þýðingarlausa verzlunarinnstæður, sem aðeins hefur í för með sér skrifiri og umfangsmiklar rannsóknir á smámunum. Það er tekið fram, að uppbætur séu aðeins greiddar á það fé, sem talið hefur verið fram til skatts, en til þess að ganga úr skugga um, hvort það hafi verið gert, þarf yfirgripsmikla rannsókn, sem kostar sennilega meira en þeirri uppbót nemur, sem sparifjáreigandi fær.

Þá vil ég benda á það, að enn helzt það óeðlilega ósamræmi í eignamatinu, sem var í frv. í upphafi, að margfalda fasteignir með hæst 6 og niður í 3, en aftur á móti eru skip, sem eru áhættusöm eign, metin á tryggingarverði, og verður eigandi að fá sérstakt mat, ef hann vill fá lægra metið. Trygg eign er þarna metin langt undir söluverði, en jafnótrygg eign og skip jafnvel yfir söluverði. Ég furða mig satt að segja á því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa látið þetta ákvæði fara óbreytt í gegnum tvær umr. hér í þinginu, sérstaklega þegar þetta frv. á að vera kjarabót fyrir sjávarútveginn, en með þessu móti er hallað á hann.

Þá langar mig til að leggja hér 5 fyrirspurnir fyrir hæstv. ríkisstj. og óska eindregið eftir skýrum svörum, því að öll atriðin skipta miklu máli.

1. Telur ríkisstj., að fiskverð bátaútvegsins geti hækkað frá því, sem nú er, upp í 93 aura? Allir útreikningar hagfræðinganna byggjast á því, að það geti orðið 93 aurar, en nú er það 83 aurar. Nú er það vitað, að rekstrarkostnaður bátaútvegsins eykst við gengislækkunina vegna hækkaðs olíu- og veiðarfæraverðs o. fl. Nú hefur því verið lýst yfir af fulltrúum L. Í. Ú., er þeir ræddu við fjhn., að ólíklegt væri — og einn sagði útilokað, að hraðfrystihús og saltendur gætu nokkuð hækkað fiskverðið. Alþ. getur ekki afgreitt frv. án þess að heyra skoðun hæstv. ríkisstj. á þessu. Ég ætlast ekki til, að hún staðhæfi neitt um það, hvað hraðfrystihús og saltendur muni greiða, en hæstv. ríkisstj. hlýtur að hafa einhverja skoðun á því, hvað þessir aðilar geti greitt. Ef ríkisstj. er sammála fulltrúum L. Í. Ú., þá er hún skyldug til að láta það koma fram, svo að hv. þm. viti, hvað hér er að ske, því að þá tryggja þessar ráðstafanir ekki einu sinni bátaútveginn hvað þá heldur hraðfrystihúsin. Það er því nauðsynlegt að fá upplýsingar um, hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera, ef hraðfrystihúsin og saltendur vilja ekki greiða nema 83 aura.

2. Eins og kunnugt er, hefur krónan nú undanfarið verið verðfelld gagnvart líru, þannig að útflytjendur til Ítalíu hafa fengið 50% hærra verð fyrir vöru sína heldur en svaraði skráðu gengi. Ég hef skilið frv. svo, að þetta væri nú úr gildi numið og líran yrði skráð sem annar erlendur gjaldeyrir, en það hefur í för með sér, að líran hækkar nú mun minna en annar erlendur gjaldeyrir, eða um 16%, og hef ég heyrt því fleygt, að saltfiskútflytjendur telji, að þeim útflutningi sé stefnt í hættu, ef líran hækkar ekki meira. Það mun hafa komið til tals í hæstv. fyrrv. ríkisstj. að hækka gengi lírunnar svo, að þetta gotupeningafyrirkomulag héldist eftir sem áður. Ég tel því mjög mikils um vert að fá upplýsingar um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

3. Fyrirspurn varðandi 9. gr. frv., en það hefur komið fram, að ákvæði hennar eru skilin á tvennan hátt. Í upphafi 9. gr. segir svo: „Verð vöru, sem framleidd er og seld innanlands, má hækka sem nemur hærri erlendum kostnaðarliðum og sem nemur innlendum kostnaðarliðum, öðrum en launum.“ Ég og fleiri hafa skilið þetta svo, að hér væri einungis átt við innlendar iðnaðarvörur, því að í 2. mgr. segir, að gildandi ákvæði um verðlagningu landbúnaðarafurða skuli haldast, og þannig mun Stéttarsamband bænda einnig hafa skilið þetta, því að það skrifaði fjhn. og lagði til, að hækkun mætti verða á landbúnaðarvörum strax, á sama hátt og mælir fyrir í 1. mgr., eins og væri hjá iðnaðinum. En þó að þetta sé skilningur Stéttarsambands bænda, þá hef ég heyrt því fleygt, að sumir forvígismenn bænda telji, að skilja beri þetta á hinn veginn og að hækka megi verð á þessum vörum þegar í stað. Ef skilja ber þetta á þann veg, þá verður hækkun á framleiðslu og kaupgjaldi örar og fyrr en ella, og tel ég nauðsynlegt, að skilningur hæstv. ríkisstj. á þessu komi fram.

4. Þá vildi ég spyrja hæstv. ríkisstj., hvort það sé ætlun hennar að framlengja gildandi bráðabirgðaákvæði um söluskatt. Í frv. er gert ráð fyrir því, að söluskatturinn falli niður, en fjhn. fékk þær upplýsingar hjá hæstv. viðskmrh., að hann teldi ófært að fella skattinn niður. Ég óska eftir skýrum svörum frá hæstv. ríkisstj. um fyrirætlanir hennar í þessum efnum. Þá vil ég skjóta því fram, hvort hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir því, hvaða áhrif söluskatturinn hafi á framfærsluvísitöluna. Ég hef að vísu ekki athugað það nákvæmlega, en tel, að það muni nema um 3% breytingu á vísitölunni, hvort söluskatturinn er reiknaður með eða ekki.

5. Þá langar mig til að spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún sé öll sammála þeirri grundvallarkenningu hagfræðinganna, að kjararýrnun launþeganna verði mun minni en ella vegna

þess, að sá gróði, sem safnazt hefur til iðnaðar og verzlunar á undanförnum árum í skjóli haftanna, muni nú falla útflutningsatvinnuvegunum í skaut, er höftum verði af létt. En það er einn af hornsteinum kenninga þeirra, að við það, að losað sé á verzlunarhöftunum, þá muni gróðinn frá verzlun og iðnaði renna til útvegsins, þannig að hagnaður útvegsins muni ekki að öllu leyti tekinn frá launþegunum. Mig langar til að vita, hvort þessi grundvallarkenning hagfræðinganna sé í samræmi við skoðun allrar hæstv. ríkisstj.

Að síðustu vil ég fara örfáum orðum um brtt. þær, sem ég ber fram á þskj. 444. Í fyrsta lagi er lagt til, að Alþ. ráði áfram gengi íslenzkrar krónu. Þá tek ég enn fremur upp brtt. þá varðandi uppbætur til íslenzkra námsmanna erlendis vegna gengisbreytingarinnar, sem flutt var hér í gær, en gat ekki komið til atkvæða. Í þriðja lagi er lagt til, að 1. maí 1950 skuli kaup breytast í hlutfalli við þá breytingu, sem verður á vísitölu kauplagsnefndar frá 1. marz til 1. apríl 1950. Upp frá því skal kaup breytast hinn fyrsta hvers mánaðar í hlutfalli við þær breytingar, sem verða á vísitölunni. Þetta þýðir, að breytingar þær á vísitölugrundvellinum, sem gert er ráð fyrir í 4. gr., yrðu ekki framkvæmdar. Enn fremur er lagt til, að uppbót verði greidd á lífrarpeninga skipverja, þ. e. að 7. gr. falli niður. Þá flyt ég brtt. við 12. gr., að í stað talnanna „6", „5", „4" og „3" í 1. tölul. 2. mgr. komi: 7, 6, 5 og 4, og við skattaákvæði sömu greinar, að skattstiginn verði hækkaður og gerður meira stighækkandi en samþ. var við 2. umr. Ég tel, að byrði sú, sem lögð er á eignastéttina í frv., eins og það var samþ. hér í nótt, sé of lítil, miðað við það, sem lagt er á launastéttirnar. Þá er lagt til, að skipting skattfjárins sé önnur en gert er ráð fyrir í frv. eins og það er nú. Í till. minni er lagt til, að fénu verði skipt í tvennt, annar hlutinn fari til að greiða lausaskuldir ríkissjóðs, en hinum hlutanum verði skipt þannig, að ⅔ renni til byggingarsjóðs verkamanna, en ⅓ renni í byggingarsjóð sveitanna. Þetta er rökstutt þannig, að meira en ⅔ hlutar þjóðarinnar búa á því svæði, sem byggingarsjóður verkamanna nær til, og er því ósanngjarnt að hafa helmingaskipti. Þá er brtt. við ákvæðin um úthlutun sparifjárbóta, og er það sama tilhögun og Landsbankinn hefur lagt til. Ég ræddi þetta atriði við 2. umr. og þarf ekki að endurtaka það. Þá legg ég til, að persónufrádráttur verði hækkaður, því að nauðsynlegt er að gera tekjujöfnunarráðstafanir, og er þá einfaldast að hækka persónufrádráttinn. Það er bæði einfalt í framkvæmd og kemur réttlátast niður og kemur einkum að miklu haldi þar, sem um barnmargar fjölskyldur er að ræða.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. viðskmrh., og hefði ég viljað, að hæstv. ráðh. heyrði mál mitt. — Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. þær upplýsingar, sem hann gaf varðandi skattamálin. Mér skilst, að af þeim megi draga þá ályktun, að hvorki hæstv. ríkisstj. né aðrir hafi haft aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir, hvaða munur er á þessum skattatill. og þeim ákvæðum, sem eru í l. um eignaraukaskatt. Það er því aðeins ágizkun, að þessi skattur muni gefa meira fé en eignaraukaskatturinn. Hæstv. ráðh. upplýsti, að búið væri að reikna út tekjur af helming eignaaukans í Reykjavík, og upplýsti, að ekkert hefði komið frá útgerðinni. Það kemur ekki á óvart, því að vitað er, að það er ekki útgerðin, sem fyrst og fremst hefur hagnazt á veltuárum stríðsins, heldur fyrirtæki, sem ekki hafa stundað útgerð. Ég á þar við mörg afætufyrirtæki, sem étið hafa upp stríðsgróðann, með þeim afleiðingum, að aðalatvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, er á flæðiskeri staddur. Ég fann að því, að hæstv. stj. hefur ekki tekið skuldamál útgerðarinnar til úrlausnar í frv. Ég efa ekki vilja hæstv. ráðh. til að greiða sjóveðsskuldirnar frá sumrinu 1949, eins og lofað var, hitt vissi ég einnig, að getan var lítil, og er því undrandi yfir því, að ekki er reynt að fá fé til þessa, þar sem hæstv. ráðh. hefur lýst yfir því, að hann hafi áhuga á, að þetta verði greitt. Í stað þess leggur stj. til, að gengishagnaðinum verði varið til annarra hluta, útgerðinni óviðkomandi. Alls engin tilraun er gerð til þess að leysa skuldamál útgerðarinnar, heldur eru loforð um lausn þeirra mála svikin. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en víkja nokkuð að öðru atriði. Í l. frá 1947 og 1949 er hlutatryggingasjóði ætlaður helmingur af eignaraukaskattinum, lágmark 5 millj. kr. Nú leggur stj. til, að hámarkið verði 5 millj. kr. Ef hæstv. viðskmrh. vill slá upp í l. nr. 128/1947, 2. gr., og l. nr. 48/1949, 8. gr., mun hann sjá, að í báðum þessum l. er greinilega fram tekið, að hlutatryggingasjóður eigi að fá helming eignaraukaskattsins. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hann áliti, að ekki væri gengið á rétt hlutatryggingasjóðsins með þessum till. En þá verður hann að færa líkur fyrir því, að eignaraukaskatturinn hefði ekki orðið meiri en 10 millj. kr. Í öðru lagi verður hann að sýna fram á, að hlutatryggingasjóður fái þetta jafnsnemma og fé það, sem honum var ætlað af eignaraukaskattinum, en það er mjög vafasamt. Mín till. er aðeins um tilfærslu og breytir engu um úthlutunina. Ég hygg, að frv. sé nógu óvinsælt meðal þjóðarinnar, svo að ástæða sé til þess fyrir hæstv. stj. að sníða af því ágalla, sem ekki fara í bága við stefnu frv. Með það sjónarmið fyrir augum vildi ég beina því til stj., að hún athugaði, hvort ekki væri rétt að gera nýja samninga milli Framsfl. og Sjálfstfl. og hvort Framsfl. fæst ekki til að fallast á brtt. mína.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég vil víkja fáum orðum að aflatryggingasjóðnum. Í l. frá 1949, 8. gr., stendur: „Nú nær stofnfé ekki 5 millj. kr., og skal þá ríkissjóður leggja fram það, sem til vantar". Þetta bendir til þess, að þeir, sem sömdu l., hafa ekki verið fullvissir um, að aflatryggingasjóður mundi fá 5 millj. af eignaraukaskattinum. Þess vegna sagði ég,

að þessi skattur mundi færa hlutatryggingasjóðnum 5 millj., eða sem miðað hefði verið við. (*FJ:* Sem lágmark.) Það má segja það, en þeir, sem sömdu þetta, hafa ekki gert sér hár hugmyndir um tekjurnar af eignaraukaskattinum, fyrst ríkissjóður átti að bæta við því, sem á vantaði. Annars tel ég ekki, að neitt vinnist á því að karpa um þetta. Ég get ekki glatt hv. þm. með því, að ég verði með till. hans. Ég endurtek það, að ég tel, að vel verði fyrir sjóðnum séð með frv., þó að hann fái ekki þetta fé fyrr en eftir tvö eða þrjú ár. Læt ég svo útrætt um þetta.

Hv. 3. landsk. bar hér fram ýmsar fyrirspurnir og ávítaði stj. fyrir, að hún hefði ekki staðið fyrir svörum í gærkvöld. Það má æra óstöðugan, ef svara ætti öllu, sem þeir koma með, er vilja hindra framgang málsins og spilla fyrir því. Fyrirspurnirnar bera þess líka merki, að þær eru til þess gerðar að tefja umr. og gera málið tortryggilegt. Þó vil ég minnast á nokkur atriði. Hann spurði, hvort fiskverðið gæti hækkað upp í 93 aura. Reynslan verður að skera úr um það. Það er ekki mikið unnið við að deila um það, en stj. væntir þess, að þessar ráðstafanir nái því marki að koma útgerðinni á arðbæran grundvöll og út úr feni ríkisstyrkjanna, sem hún nú er komin í. Hann spurði líka, hvernig líran yrði skráð, en hún er nú skráð 50% yfir raunverulegt gengi. Ég er undrandi yfir því, að hv. þm. skuli vera að spyrja um þetta. Það leiðir af sjálfu sér, að líran verður skráð, eins og annar gjaldeyrir, og þar með losnum við við hið svo kallaða gotukerfi. Hann spurði líka, hvort ráðgert væri, að söluskatturinn félli niður. Það er ekki ákveðið, en málið er í athugun, og mun brátt verða gefið til kynna, hvað gert verður í þessu efni.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Hæstv. viðskmrh. sagði, að verið væri að reyna að gera þetta frv. tortryggilegt. Með frv., eins og það er nú, er kjararýrnun hjá launþegum 18—19%. Ef tekjur launþega eru áætlaðar 600 millj. kr. á ári, nemur því kjararýrnunin um 100 millj. kr. á ári, og samsvarar það þeirri tilfærslu, sem hagfræðingarnir reikna með. Hverju fórnar svo auðstéttin samkvæmt 12. gr.? Um það eru ekki upplýsingar fyrir hendi, en í hæsta lagi má ætla að skatturinn nemi 50—60 millj. kr., og ég geri ekki ráð fyrir, að það verði meira en 40 millj. kr. Þessar 40 millj. á svo auðstéttin að borga á 20 árum. Auðmannastéttin á því að borga 2 millj. kr. á ári, en frá launþegum eru teknar 100 millj. kr. á ári, og þó er það kunnugt, að bara samkvæmt skattskýrslum eiga 200 fjölskyldur 600—700 millj. kr. í skuldlausum eignum. Það er því augljóst mál, að frv. er vægðarlaus árás á launþega. Hv. 3. landsk. hefur reiknað út, og því hefur ekki verið mótmælt, að sá hagnaður, sem runnið hefur til verzlunar og iðnaðar, nemi 100 millj. kr. Við þeim gróða er ekki snert, en af eignum eru teknar 2 millj. kr. Þannig er hlutfallið milli fórna auðmannastéttarinnar og launastéttanna. Svo er sagt, að þetta sé gert fyrir fiskimenn, svo að þeir geti haft vinnu. En það er verið að lækka fiskverðið. Á þskj. 445 flyt ég brtt. um að heimila ríkisstj. að ákveða lágmarksverð á fiski til hraðfrystihúsa og til söltunar, lægst 93 aura fyrir kíló, og ábyrgjast bátaútveginum greiðslu þess verðs, ef þörf krefur. Þetta er í samræmi við álit hagfræðinganna á bls. 42. En það kemur í ljós, að stj. trúir því ekki, að útvegsmenn muni fá þetta verð, og þess vegna er hætt við, að till. mín verði felld. Það hefur líka komið í ljós, að eigendur hraðfrystihúsanna halda, að ekki verði einu sinni hægt að borga 75 aura fyrir kílóið. Það eru því teknar 100 millj. kr. af launþegum, til þess að níðast á þeim, sem framleiða fiskinn, og lækka fiskverðið. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þessar till. ættu að bjarga útgerðinni út úr feni ríkisstyrkjanna. En hingað til hefur útgerðin gengið með styrkjunum, og hæstv. viðskmrh. hefur ekki sýnt fram á, að svo verði, ef sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, verður farin. Það er eftir að sjá, hvort útgerðin ekki stöðvast, ef þessi leið er farin. Mér er nær að halda það. — Það hefur einnig komið í ljós, að því fer víðs fjarri, að lína eigi á höfttunum. Í gær flutti ég till. þess efnis, að þeim, sem ekki eiga íbúð, skyldi heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, ef íbúðin væri ekki stærri en ákveðið er um verkamannabústaði. Þessi till. mín var felld. Það er vitanlegt, að margir menn eru atvinnulausir úti á landi, en þessir menn mega ekki byggja yfir sig, þó að þeir séu atvinnulausir, og þó að þeir gætu fengið efni, ef þeir fá ekki fjárfestingarleyfi. Skrifstofuvaldið hér í Reykjavík á að fá að banna mönnum að bjarga sér, og þetta bann setja þeir, sem mest tala um hagsmuni hinna dreifðu byggða. Hálaunuð n. í Reykjavík á að hafa vald til þess að banna atvinnulausum mönnum að byggja yfir sig, þótt þeir annars hefðu tækifæri til þess. Ég þekki dæmi utan af landi um menn, sem hafa verið hindraðir í tvö til þrjú ár að byggja yfir sig. Og svo er verið að tala um frjálsa verzlun. Á meðan Danir réðu á Íslandi og einokuðu hér alla verzlun, var Íslendingum að minnsta kosti ekki bannað að byggja hús yfir sig, en nú taka Sjálfstfl. og Framsfl. höndum saman, til þess að hindra þetta. — Ég skal ekki frekar ræða 12. gr., en hún er tilkomin á þann hátt, að ríkustu félögin í Reykjavík, eins og Eimskipafélag Íslands og S. Í. S., hafa samið um að vera skattfrjáls. Og þeir, sem mest hafa misnotað hlutafélagslöggjöfina með stofnun fjölskylduhlutafélaga, sleppa billegast, en þeir verða harðast úti, sem ekki hafa breytt sér í hlutafélög til þess að svíkjast undan skatti. Ákvæði 12. gr. fela því ekki í sér neinar fórnir eða uppgjör, frekar en eignakönnunarsvindlið. Frv. er hrein kúgunarlög gegn launþegum og hjálpar ekki sjávarútveginum.

Svo vildi ég segja örfá orð um brtt. mína við 2. gr., um að síðari málsgr. falli niður. Samkvæmt því ákvæði, sem hér er um að ræða, á að nota gengislækkanir til þess að svipta launþegastéttirnar þeim árangri, sem þær kunna að ná í baráttu sinni fyrir bættum kjörum. Þetta nær ekki nokkurri átt. Það er

óframkvæmanlegt fyrir bankann og ógnun gegn launastéttunum. Svo ber ég fram brtt. við 5. gr., um að Hagstofa Íslands skuli einnig reikna vísitölu, sem sýni þá breyt., er orðið hefur á þjóðartekjunum frá því árið 1939. Þá er hægt að sjá, hvaða hlutfall er á milli kaupgjalds og þjóðartekna. Varðandi 7. gr. legg ég til í till. mínum á þskj. 445, að síðasta málsgr. falli niður. Annars flyt ég á öðru þskj. brtt. við þessa gr. Við 10. gr. hef ég gert þá brtt., að í stað 45% komi 25%, svo að verðtollurinn hækki ekki, heldur lækki. Með þessu er stefnt að því að draga úr dýrtíðinni í stað þess að auka hana. Varðandi 11. gr. legg ég til, að framleiðslugjald sé lagt á ísfisk nýju togaranna, 25% af aflaverðmæti því, sem er umfram £ 8500 brúttó af meðalsölu ársins, eftir að útflutningsgjald, tollur og löndunar- og sölukostnaður er frá dregið. Þá er till. um, að á eftir 11. gr. komi ný grein á þá leið, að ríkisstj. heimilist að ákveða lágmarksverð á fiski til hraðfrystihúsa og söltunar, 93 aura á kíló, og ábyrgjast bátaútveginum greiðslu þessa, ef þörf krefur. — Enn fremur er till. um það, að vextir bankanna af lánum til sjávarútvegsins, að meðtöldum hraðfrystihúsunum, skuli ekki vera hærri en 4%.

Þá er að síðustu brtt. á þskj. 439, sem ég tók aftur í gær til 3. umr. Hún er nokkuð annars eðlis en hinar. Þar er farið fram á það, að úr því að nú á að taka upp annað princip varðandi ábyrgð ríkisins gagnvart sölu íslenzkra afurða, þá verði þó farið ofurlítið inn á það að gefa verzlunina með þær vörur frjálsar. — Með því skipulagi, sem verið hefur undanfarið, hefur verið stefnt að því að skapa visst öryggi fyrir menn í atvinnugreinunum, en frelsi á hinn bóginn takmarkað. Nú er talað um, að menn vilji fórna þessu öryggi gegn meira frelsi, og einn höfuðtilgangur með þessu frv. á að vera frjáls verzlun, að því er látið er í veðri vaka. — Um það þarf nú vitaskuld ekki neinum blöðum að fletta, að það versta af öllu fyrirkomulagi, sem hugsanlegt er, er það, þar sem hvorki er öryggi né frelsi. Nú er það svo, að með afnámi fiskábyrgðarlaganna er kippt burtu öryggi því, sem sjávarútvegurinn hefur í krafti þeirra notið, og ættu þá þeir framleiðendur að njóta nokkurs frelsis í staðinn. Sú till. mín, sem hér um ræðir, er árangur af allmiklum heilabrotum um þetta efni, og þykist ég hafa hugsað þetta mál talsvert gaumgæfilega. Ég legg til, að numin verði úr gildi lögin frá 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum, en í þeirra stað séu sett ákvæði um það, að frjálst sé að selja vöru úr landi, með þeim takmörkunum einum, sem fyrir mælir í öðrum lögum og viðbótarákvæðum í minni tillgr. á þá lund, að ef ríkisstj. hefur gert sölusamninga við ákveðin ríki, þá geti hún sett bann við sölu þangað á þeim vörutegundum, er hún hefur sjálf samið um sölu á, eða sett um það þau skilyrði, er henni sýnist. Hefur hún þannig fullt „kontrol" með útflutningnum. — Hins vegar, ef útflytjandi selur ekki vöru sína gegn frjálsum gjaldeyri né upp í viðskiptasamninga almennt, þá sé honum heimilt að kaupa í skiptum vörur til innflutnings, eftir nánari ákvæðum; en þannig er nú ástatt í mörgum löndum, að ekki er þægilegt að selja þangað nema með því móti að taka vörur í staðinn. Fjárhagsráði er þá gert skylt að veita innflutningsleyfi fyrir þessum vörum, og verðleggur verðlagsstjóri þær eftir venjulegum reglum. Sá kostur, sem í þessu felst, er sá, að félögum og einstaklingum er gefið frelsi til að reyna að afla markaða og selja þá vöru, sem ríkinu hefur ekki tekizt að selja, og sú vara, sem þannig seldist, yrði hrein viðbót við framleiðslu þá í landinu, sem ella yrði flutt út. — T. d. er nú talað um, að sala muni stöðvast á hraðfrysta fiskinum við 15 þús. tonn, og þá þýðir þessi gr., að eigendur hraðfrystihúsanna gætu nú reynt að selja eitthvað af þeim fiski, sem þau liggja þá með, hvar sem þeir gætu aflað markaða fyrir hann, og aflað þannig nýrra tekna til þjóðarbúsins. Nú er hugsanlegt, að þeir, sem vöruna seldu, gætu keypt á móti óþarfavörur, en við þessu er séð með því að heimila ríkisstj. að banna innflutning á slíkum vörum, t. d. lúxusbílum. Hún gæfi út lista yfir slíkar bannvörur í byrjun hvers árs, er gilti allt árið, þannig að sá aðili, sem leitar fyrir sér um innflutning á vörum til landsins, hefur vissu fyrir því, hvaða vörur má flytja þannig inn og hverjar ekki. Þetta þýðir sem sagt, að öllum Íslendingum er heimilt að selja sínar vörur út úr landinu og kaupa ákveðnar vörur inn í staðinn. Og verði menn sviptir því öryggi, sem ábyrgðarlögin sköpuðu, verður þetta að koma í staðinn. Eitt af tvennu verður ríkisstj. að gera: að selja allt fyrir útflytjendurna og standa ábyrg fyrir þeirri sölu, eða þá að gefa þeim frelsi til að selja sína vöru sjálfir. Ég fer þó ekki einu sinni svo langt með till. minni, en með henni er þó a. m. k. stigið ákveðið spor í þá átt. En ríkisstj. getur ekki bæði kippt öryggginu undan sölu afurðanna og svipt menn jafnframt frelsi til að skapa sér það öryggi sjálfir. Og verði þetta gert, er verið að koma á einokun allrar framleiðslu landsins undir einni lítilli skrifstofu- og verzlunarklíku hér í Rvík. Ef menn meina nokkuð með talinu um frjálsa verzlun, þá geta menn ekki haft á móti því að gera í því efni þá litlu glufu, sem þessi till. gerir ráð fyrir. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að till. verði tekin til alvarlegrar athugunar, ekki sízt þar sem svo er ástatt, að ríkisstj. getur aðeins selt helminginn af þeim fiski, sem framleiddur er í landinu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 448, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. 4. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla hér að gera nokkra grein fyrir brtt., sem við 3 þm. erum flutningsmenn að á þskj. 448.

1. till. er þess efnis, að fé það, sem fara á til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum, skal skiptast þannig, að ⅓ af þessu fé megi verja skv. III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946, þ. e. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, en ⅔ hlutar renni

til verkamannabústaða. Það hefur verið að því fundið af ýmsum, að hætt hefur verið við að framkvæma III. kafla laganna, og þykir því rétt að leggja það til, að þetta sé gert.

Ég skal ekki gera að umtalsefni 2. brtt., því að ég geri ráð fyrir því, að hv. 5. þm. Reykv. muni gera það núna á eftir.

Þá er 3. till., sem er brtt. við 10 gr., um það, að við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Vörur, sem komnar eru til landsins við gildistöku laga þessara, skulu tollafgreiddar samkv. skráðu gengi bankanna, þegar tollafgreiðslan fer fram."

Nú er það svo, að samkv. gildandi lögum mun eiga að reikna tollgreiðslur miðað við það gengi, sem skráð var, þegar vörurnar komu til landsins. Hins vegar munu nú hafa safnazt fyrir vörur, sem ekki hefur verið hægt að tollafgreiða. Að óbreyttum lögum ætti því að miða tollafgreiðslu þeirra við núverandi gengi, og það væri náttúrlega gott, ef tryggt væri, að það kæmi almenningi til góða. En nú er það hins vegar vitað, að nú fara að koma til landsins sams konar vörur í alveg eins umbúðum á hærra verði vegna gengisbreytingarinnar, og væri þá erfitt að fylgjast með því, að þær vörur, sem fyrr hafa komið, verði ekki seldar á sama verði og þær, er síðar kæmu, svo að það er þá líklegt, að þessi mismunur lendi ekki hjá þeim, sem síðast kaupa og nota vöruna.

Ég sleppi svo að ræða um 4. brtt., af sömu ástæðu og 2. till.

5. brtt. er við 12. gr. frv., þar er þó ekki um verulegar efnisbreytingar að ræða. Í a-lið þessarar till. er nýtt ákvæði um það, að til tryggingar greiðslu skuldabréfanna fái ríkissjóður veð í hinum skattlögðu eignum, að svo miklu leyti, sem skatturinn er ekki greiddur. — Þá þótti rétt, að nefnd væri skipuð eftir tilnefningu hæstaréttar, sem hefur rétt til þess að ákveða, að niður falli kvöð gjaldanda um veðsetningu, ef hún telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda. — B-liðurinn er ekki efnisbreyting, aðeins orðalagsbreyting til frekari skýringar, svo að ákvæðin verði ekki misskilin. — C-liðurinn er beint framhald af 1. till. og í samræmi við hana.

6. brtt. okkar er við 13. gr., og er hún um það, að uppbætur á sparifé skuli greiddar, ef innstæðan hafi staðið óslitið frá árslokum 1941 til júníloka 1946, en ekki til ársloka 1949, eins og ákvæðið er núna. Þessi brtt. er lögð fram vegna ábendingar frá Landsbankanum um það, að frá júnílokum 1946 hafi fólk verið hvatt mjög til þess að kaupa stofnlánadeildarbréf, og þá hafi sparifé mjög mikið verið tekið út í því skyni að kaupa bréfin, og er það þá óeðlilegt, að það fé lendi utan bóta.

Þá er 7. brtt., við 14. gr. frv., svo hljóðandi: „Við greinina bætist ný mgr.: Eignarskattur skv. lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum til skatts." Að vísu liggur þetta alveg í augum uppi, en það þótti rétt að setja þetta, til þess að taka af allan vafa og koma í veg fyrir deilur um það atriði.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þeim brtt., sem mér var ætlað að hafa framsögu um, en ég geri ráð fyrir því, að hv. 5. þm. Reykv. komi á hverri stundu og minnist þá á 2. og 4. brtt.

Vegna þess að hv. meðflutningsmaður minn er ekki kominn, vil ég minnast nokkrum orðum á þær till., sem eftir eru og ég gerði ráð fyrir að hann talaði um.

2. brtt. er við 7. gr. frv., í fyrsta lagi um það, að 2. málsl. 1. mgr. falli niður, en þar stendur: „Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar og lífrarpeninga." En ákvæði um þetta er tekið inn í gr. á eftir 5. mgr. með svo hljóðandi nýrri mgr.: „Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar skv. lögum þessum." Okkur í fjhn. var á það bent, að ef slík breyting yrði ekki á gerð, þá mundu tekjur yfirmanna skipanna hækka óeðlilega mikið, miðað við tekjur annarra skipverja.

Þá er það 4. till., sem er í tveimur liðum. A-liðurinn er um framleiðslugjaldið af ísfiski togaranna. Í frv. er gert ráð fyrir því, að framleiðslugjald sé lagt á verðmæti þeirra sjávarafurða, sem nýsköpunartogararnir afla, hvort sem þeir leggja upp afla sinn hérlendis eða erlendis. Ef gjaldið er lagt á afla, sem togararnir selja erlendis, þ. e. a. s. ísfiskinn, þá er það lagt á það verðmæti sem er umfram £ 8500, en síðan segir í gr., að „ef sala í tveimur næstu söluferðum á undan hefur numið lægri fjárhæð en £ 8500 í söluferð að meðaltali, skal heimilt að draga það, sem á vantaði, frá gjaldskyldri fjárhæð", eins og segir orðrétt. Hér er lagt til, að í stað orðanna „tveimur næstu söluferðum" komi „fjórum næstu söluferðum", þannig að nú má jafna á milli 5 söluferða í stað 3 eins og áður var.

Þá er það b-liðurinn. Þess hefur verið óskað varðandi framleiðslugjaldið á síldarafurðum, að undanþiggja frá ákvæðinu þær síldarafurðir, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til sölu erlendis, þar sem talið er, að þær þoli ekki þetta gjald. Mun hér vera um að ræða niðursoðna síld.

Sé ég þá ekki ástæðu til að gera fleira að umtalsefni að svo stöddu.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Í framhaldi af því, sem ég sagði í ræðu minni í eftirmiðdag um eina af brtt. mínum á þskj. 444, 6. till. þar, sem varðar fyrirkomulag á bótagreiðslum til sparifjáreigenda, vildi ég aðeins bæta við nokkrum orðum. Mér var þá ekki kunnugt um, að hv. fjhn. hafði borizt bréf frá Landsbankanum varðandi þessar uppbótagreiðslur, en ég hygg, að það sé full ástæða til þess að kynna hv. þdm. það sjónarmið, sem

þar kemur fram, og með leyfi hæstv. forseta vildi ég leyfa mér að lesa upp þetta bréf, sem er svo hljóðandi:

„Reykjavík, 16. marz 1950.

Í framhaldi af bréfi voru 1. þ. m. til hv. fjárhagsnefndar Nd. Alþingis, þar sem meðal annars voru bornar fram og rökstuddar till. til breytinga á fyrirkomulagi og framkvæmd sparifjárbótanna skv. 3. gr. frv. um gengisskráningu o. fl., leyfum vér oss að taka þetta fram:

Vér hörmum það mjög, að fjárhagsnefnd Nd. hefur ekki tekið neitt tillit til tillagna vorra um breytingar á 3. gr. frv., sem voru fyrst og fremst miðaðar við það að gera framkvæmd bótagreiðslnanna viðráðanlega og ekki of kostnaðarsama.

Sérstök áherzla var á það lögð af vorri hálfu, að komizt yrði hjá því, að hver innstæðueigandi yrði að senda frá sér umsókn um bætur, og var í því sambandi vísað til hinna miklu framkvæmdarörðugleika og óhóflegs kostnaðar, sem leiða mundi af slíkri tilhögun bótagreiðslnanna. Skv. tillögu fjárhagsnefndar Nd., sem nú hefur verið samþ. við 2. umr. um frv. í deildinni, á það nú að vera skilyrði bóta, að innstæða hafi verið talin fram til skatts. Þó að vér út af fyrir sig teljum þetta ákvæði eðlilegt, fylgir því sá mikli annmarki, að hver innstæðueigandi mundi verða að leggja fram sérstaka umsókn um bætur, þannig að framkvæmd málsins verður lítt viðráðanleg og kostnaðurinn ekki í neinu samræmi við upphæð bótanna.

Vér viljum því taka það fram, að með þessari breytingu á tilhögun sparifjárbótanna teljum vér oss ekki hafa aðstöðu til að hafa á hendi framkvæmd þeirra. Lægi nær að vorum dómi að fela hana skattyfirvöldunum.

Virðingarfyllst
Landsbanki Íslands."
(Undirskrift bankastjórnar).

Allt það, sem fram kemur í þessu bréfi, er í samræmi við það, sem ég hélt fram í ræðu minni í dag, það er að segja, að breytingar nefndarinnar væru sízt til bóta og að brýna nauðsyn bæri til þess að samþ. 6. brtt. mína á þskj. 444. Það er dálítið spaugilegt, að andstæðingar ríkisstj. skuli þurfa að gera ítrekaðar tilraunir til þess að fá hana til að fallast á till. þjóðbankans um atriði eins og það, sem hér er um að ræða, þegar auk þess er hægt að leiða hin einföldustu rök að því, að till. eru miklu skynsamlegri og kostnaðarminni en leið sú, sem meiri hl. fjhn. leggur til að verði farin.

Fyrst ég er staðinn upp, þá ætla ég að bæta nokkrum orðum við í sambandi við svarræðu hæstv. viðskmrh.

Það vakti strax athygli mína, að hæstv. viðskmrh. andmælti ekki gagnrýni minni á ákvæðum frv. um að veita gengishagnaðinum til lánveitinga í sérstöku skyni, en ég hélt því fram, að með því væri verið að halda áfram þeirri stefnu, sem bæði núverandi fjmrh. og viðskmrh. hafa fordæmt. Ég leiddi að því ljós rök, að með þessu væri verið að halda áfram á braut dýrtíðar og verðbólgu. Ég lít svo á, að úr því að hæstv. viðskmrh. andmælti mér ekki, þá sé hann mér sammála og honum sé það ljóst, hver hætta stafar af óeðlilegri lánsfjárþenslu. Ýmis ummæli hans, bæði fyrr og síðar, hafa sýnt, að hann hefur skilning á þessum málum, og það væri eðlilegt, að hann væri ekki ánægður með þessa stefnu. En á hvers ábyrgð er þá þessi stefna tekin, ef það er hvorki á ábyrgð hæstv. viðskmrh. né hæstv. fjmrh.?

Ég beindi 5 spurningum til hæstv. viðskmrh., hann hefur nú svarað þremur þeirra. Hins vegar hefur hann ekki svarað því, hvern skilning hæstv. ríkisstj. leggur í ákvæði 9. gr. Hann hefur ekki svarað því, hvort sá skilningur sé réttur, að ákvæðið taki til landbúnaðarafurða, eins og sumir hv. þm. virðast gera, eða hvort skilningur minn sé réttur, að ákvæðið taki aðeins til innlendrar iðnaðarvöru og landbúnaðarafurðir megi ekki hækka fyrr en í september í haust.

Þá hefur hæstv. ráðh. ekki svarað þeirri spurningu, hvort ríkisstj. sé sammála þeirri kenningu hagfræðinganna, Benjamíns Eiríkssonar og Ólafs Björnssonar, að verzlunar- og iðnaðargróðinn hafi verið svo mikill, að það hafi veruleg áhrif á kjör launþega, ef hann fellur þeim í skaut vegna bættra verzlunarhátta. Ég vona, að ég geti skilið þögnina um þetta af hendi hæstv. ráðh. sem samþykki hans á þessum skoðunum.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hafði sannast að segja vonast eftir því, að hæstv. viðskmrh. mundi segja eitthvað viðvíkjandi till., sem miðar að rýmkun haftanna. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að þm. fái að vita, hvaða undirtektir till. á þskj. 439 fær hjá þeim mönnum, sem segjast vera sérstakir fulltrúar frjálsrar verzlunar og segja, að með þessu frv. sé stefnt að því að koma hugmyndinni um frjálsa verzlun til veruleika. Það er ekki mikið, sem farið er fram á í þessari brtt. En ofurlítið gæti það máske hjálpað, ekki sízt á ýmsum stöðum utan Reykjavíkur. Ég veit ekki, hvort hv. þm. og þá sérstaklega hæstv. ríkisstj. hafa gert sér það ljóst, hvernig aðstaðan er fyrir þá menn, sem eru að brjótast í því að reyna að stunda atvinnu úti á landi. — Ég ætla, til skýringar minni brtt., að segja frá því, að fyrir tveim til þremur árum síðan kom ég í lítið þorp á Austurlandi. Við höfðum haft með það að gera í nýbyggingarráði einu eða tveimur árum áður að aðstoða menn, sem bar búa, til þess að koma sér upp frystihúsi. Þeir höfðu sýnt fram úr skarandi dugnað í þessu máli og safnað í fátæku þorpi og í fátækri sveit tiltölulega miklu fé til þess. Og með hjálp stofnlánadeildarinnar tókst þeim að koma upp hraðfrystihúsinu. Þegar það var svo komið upp og fyrir viku búið að taka það í notkun, þá kom skeyti frá Sölumiðstöðinni hér í Reykjavík, sem var tilkynning um það frá Landsbankanum, að ekki yrði lánað út á hraðfrystan fisk, nema hann væri sérstaklega pakkaður. Þetta þýddi það, að allir bátar, sem voru þarna á staðnum, urðu að hætta veiðum.

Þannig er það, að ef einn bankastjóri hér í Reykjavík skrifar eitt bréf, þá leiðir af því, að framleiðendur úti á landi verða að hætta að framleiða vöru og frystihús þeirra verður að standa autt. — Nú veit ég hins vegar, að hægt var þarna að framleiða af fullum krafti og selja það, sem framleitt var þar, og kaupa vörur til landsins fyrir það. En þessir menn, sem ég minntist á, höfðu ekki leyfi til þess né peninga að ráðast í að framleiða á þennan hátt. Hefðu þessir menn haft möguleika til þess að geta selt vöru sína út úr landinu og keypt vörur í staðinn, þá hefðu þeir haldið áfram veiðum, en ekki hætt. Og ég veit, að sama mætti segja í aðalatriðum um fjölda staða úti á landi. En svo framarlega sem þeir sjá, að skrifstofuvaldið hér í Reykjavík er að takmarka möguleika þeirra til sjálfsbjargar, þá eru þeir ráðalausir. En ef þeir hefðu þó ekki væri nema þá gátt, sem þeim væri opnuð með samþykkt þessarar brtt., þá sæju þeir sér fært að framleiða útflutningsvöru, ef þeir mættu selja sína vöru úr landi og kaupa inn vörur í staðinn. Og í sumar verður það svo, ef ríkisstj. heldur áfram þeirri pólitík, sem stóð til, að Landsbankinn stoppaði útlán, þegar búið væri að hraðfrysta 15 þús. tonn — og það klárast hér á Suðurnesjum um 15. maí og kannske meira — það þýðir, að hraðfrystihúsin, sem starfa úti á landi síðari hluta ársins, hefðu ekki möguleika til að selja. Þau fengju ekki lán til þess, og það mundi stöðva reksturinn á hraðfrystihúsunum og bátunum. Hingað til hafa hraðfrystihúsin mátt vinna af fullum krafti og hafa mátt framleiða 30 þús. tonn. En nú mættu þau, samkv. því, sem ég sagði áðan, framleiða 15 þús. tonn. — Með samþykkt þessarar brtt. yrði hraðfrystihúsunum opnaður möguleiki til þess, ef þau gætu skapað sér viðskiptasambönd, utanlands og innan, að reyna að selja fisk sinn, sem þau alls ekki mundu framleiða annars, ef þau fengju ekki að flytja inn vörur fyrir gjaldeyrinn, sem þau fengju fyrir vöru sína. Menn þeir, sem á þau hafa treyst, yrðu að sitja atvinnulausir annars. Og er þetta nú virkilega til of mikils mælzt, að þeir menn, sem eru að vinna við þessa framleiðslu úti um allt land, fái möguleika til þess að vinna við þetta með því móti, að þeir megi sjálfir flytja inn vörur fyrir útflutningsvöru sína? Ef menn t. d. í einhverju þorpi tækju sig til með að framleiða fisk og flyttu út og keyptu inn timbur og sement í staðinn og reistu sér hús — er það til of mikils mælzt fyrir Íslendinga árið 1950, að þeir fái leyfi til þess? Er ástæða til þess að láta vera í þessu absolút ráðandi skrifstofuvald hér í Reykjavík fyrir Íslendinga nú eins og það var úti í kóngsins Kaupmannahöfn fyrir 200 árum síðan? Má ekki lina á þessu? Hvernig stendur á því, að það er staðið svona hatramlega á móti þessu? Heldur Hafnarstrætis-klíkan — ég á ekki við aumingja fólkið, sem er austan til í Hafnarstræti stundum, heldur það, sem heldur sig vestan til í því — halda heildsalarnir, sem þar eru, að þeir þurfi að vera einhver forsjá fyrir þetta land, þannig að enginn maður megi kaupa vörur inn í landið, án þess að þær gangi þar í gegn? Er ekki ástæða til þess fyrir þessa menn, sem tala mikið um frjálsa verzlun, að lina á tökum þessara einokunarkrumla, sem læsa allt landið í sínum greipum? Og það er það, sem ég fer fram á í minni brtt., að Hafnarstrætis-klíkan geri. Ég held því, að hæstv. viðskmrh. ætti að taka hér undir þessa brtt. Verkalýðurinn í Reykjavík vill hlynna að því, að fólk úti á landi, sem sérstaklega vill nota sér þetta, geti fengið þetta frelsi. Hann langar ekkert til þess, að hvert byggðarlagið eftir annað flosni upp, þannig að fólk, sem þar býr, verði að flytja á mölina hér í Reykjavík. Atvinnuleysi úti um allt land er svo gífurlegt nú, að fyrst það á engar ráðstafanir að gera af hálfu þess opinbera til þess að bæta þar úr, t. d. með því að stofna til atvinnu eða annars slíks, þá er ekki til of mikils mælzt, að þessir menn fái ofurlitið frelsi til þess að bjarga sér sjálfir. Þessir menn gætu sjálfsagt farið á hausinn, einhverjir þeirra, þó að þeir reyndu þessa leið. En það á ekki að banna þeim að reyna að bjarga sér á þann hátt, sem um er að ræða í minni brtt. Og ég hefði satt að segja búizt við því, að Sjálfstfl., með öllu hans tali um frjálsa verzlun, hefði verið með slíkri till. — Sannleikurinn er, að það er viss hópur ríkra manna hér í Reykjavík, sem gerir samkomulag við vissan hóp manna í Framsfl. um að halda áfram þessu verzlunarófrelsi, vegna þess að það er til gróða fyrir tíu til tuttugu menn hér í Reykjavík. Og það er bezt, ef Sjálfstfl. tekur nú þá afstöðu um þessa brtt. að drepa hana, að það gerist hér alveg ljóst, að alþýðan á Íslandi kemur til með að verða að taka upp baráttu á móti einokun hér heima.

Byrðarnar af gengislækkuninni munu lenda þannig á launþegastétt landsins, að hún mun þurfa að bera 100 millj. kr., sem þeirri stétt væri gert að minnka sínar tekjur um, frá því sem hún hefur nú. Er það um einn sjötti partur af því, sem ég gizka á að séu tekjur launþegastéttarinnar í landinu. Það þýðir, miðað við kaup launamanns, sem vinnur árið um kring, 4 þús. kr. af hans launum, sem hans launakjör rýrna með þessu. Og ég hef áður sýnt fram á, að þær fórnir, sem af auðmannastéttinni væru heimtaðar með þessum skatti, sem kallaður er stóreignaskattur hér, þær eru alveg hverfandi, borið saman við það, sem heimtað er af launþegastéttinni. Niðurstaðan af þeim samanburði varð sú, að auðmannastéttin, þeir 200 ríkustu hér í Reykjavík, mundi þurfa að borga 40 millj. kr. í stóreignaskatt, sem með því að skipta honum á 20 ár mundi þýða 2 millj. kr. skatt á ári. 2 millj. kr. í skatti af hreinum venjulegum tekjum 200 ríkustu einstaklinganna og félaganna í Reykjavík er hægt að taka, án þess að þá aðila muni verulega um það. Þetta er kallað eignarskattur hér. En allur gróði þessara aðila er verndaður. Eignir þeirra skerðast heldur ekkert sem heitir, þó að þessir aðilar verði að borga svona skatt á 20 árum. Auðmannastéttin í Reykjavík heldur sem sagt öllum sínum tekjum og auði, en launþegum er gert að tapa um 100 millj. kr. á ári. — Og svo á það að vera of mikið frelsi fyrir

fólkið úti á landi, að menn fái að selja út fisk, sem þeir framleiða, og kaupa fyrir hann nauðsynjar sér til handa, selja freðfisk og saltfisk og kaupa timbur og sement án þess að skrifa til Reykjavíkur og spyrja Magnús Jónsson og fá svar frá skriffinnskuvaldinu hér um það, hvort þeir megi byggja yfir sig íbúðir eins og verkamannabústaði. Ég vil aðeins vara þá yfirstétt, sem stendur að samningu frv. eins og þessa, við því að hreykja sér of hátt í þessum efnum. Það er alveg óhætt fyrir auðmannastéttina hér í Reykjavík að slaka á sinni einokun á Íslendingum. Það er praktiskt fyrir eina yfirstétt að sjá til þess í tíma að slaka á, heldur en að bíða þangað til fólkið þolir ekki við lengur. Atvinnuleysi er að vaxa um allt land. Það er ekki ástæða til að banna fjárfestingu í bráðnauðsynleg fyrirtæki. Það er að verða erfitt fyrir Íslendinga að útvega sér markaði, en það er ekki ástæða til að banna mönnum að finna þá. Það er skortur á nauðþurftum hér á landi. En það er ekki ástæða til að banna mönnum að flytja þær inn. — Það kemur nú úr hörðustu átt, að ég skuli þurfa að þylja yfir þessum herrum frumstæðustu kenningar um frjálsa verzlun, þegar þeir eru búnir að leggja fyrir hæstv. Alþ. heila, þykka bók um fjárhagsmálin. En það sýnir sig, að þeir trúa ekki því sjálfir, að því er virðist, sem fram kemur þar, eða þeir þora ekki að láta það koma undir próf reynslunnar, enda er það svo um hvert einasta orð, sem þar er sagt, ef það snertir hagsmuni auðfélaga eða slíkt, þá er hlaupið frá því. Á bls. 42 stendur um verðið á fiskinum til hraðfrystihúsanna, með leyfi hæstv. forseta: „Verð það, sem þeir mundu fá með þessari gengislækkun, mun vera kringum 93 aurar, miðað við 10 d. pundið af freðfiskinum.“ Og gengið er út frá því, að það sé alveg nauðsynlegt, að bátaútvegsmenn fái það fyrir fiskinn. Ég legg fram till. um, að ákveðið sé þetta 93 aura verð fyrir fiskinn. Hv. 3. landsk. þm. gerði fyrirspurn til hæstv. viðskmrh. í þessu sambandi. En hæstv. ráðh. svaraði því, að ríkisstj. hefði ekki verið með neinar fullyrðingar um þetta. En það er bara þannig, að undirstaðan í þessu plaggi ríkisstj. eru þessir 93 aurar. Hæstv. ráðh. segir, að reynslan verði að skera úr um þetta. En hvað segir reynslan? Hvað sýnir reynsla frystihúsanna? Það, að ekki verði borgað meira en um 75 aurar fyrir fiskinn, ef ekkert verður að gert. En ríkisstj. þegir yfir því. En ef hagfræðingunum, sem sömdu þetta plagg, einhvers staðar datt í hug, að einhvers staðar yrði að leggja eitthvað ofurlítið á eitthvert auðfélag, hvað er þá gert? — Á bls. 62 í hagfræðingaálitinu stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Af svipuðum orsökum teljum við, að sérstök skattfríðindi megi ekki koma til greina í sambandi við þennan skatt, t. d. undanþága fyrir Eimskipafélag Íslands.“ En við hvað er nú öll 12. gr. miðuð? Hún er miðuð við það m. a. að gera Eimskipafélag Íslands, ríkasta félagið í landinu, skattfrjálst. Svona er farið að viðvíkjandi þessu hagfræðingaáliti, sem á að vera svona afskaplega óvefengjanlegt. Það er hlaupið frá því í nær öllum atriðum. Og svo er sagt, að reynslan verði bara að skera úr um þetta.

Ég hef ekki ætlað mér að tefja málið með umr. um það, og hef ekki rætt hér mikið við þessa umr. En ég hefði satt að segja vonazt til þess, að þessar brtt., sem ég flyt þarna, ættu að geta fengið sæmilegar undirtektir. Ég held, að það væri betra, að hæstv. ríkisstj. tæki tillit til þessara brtt. nú, heldur en að þurfa að koma innan eins mánaðar aftur til þingsins og biðja það að samþ. ráðstafanir, sem greiði úr í þessum efnum, vegna þess að þessar ráðstafanir, sem hér á nú að samþ. fyrir bátaútveginn, hafi allar reynzt meira og minna vitlausar og skaðlegar og rangar.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að deila við hv. 2. þm. Reykv. nú um frjálsræði í þjóðfélaginu. Og það mun líklega fleirum fara svo en mér í þessari hv. d., að menn fái óbragð í munninn, þegar þessi hv. þm. talar um verzlunarfrelsi. Það kveður venjulega við annan tón hjá honum, þegar hann talar um, að það eigi allt að keyra í viðjar ríkisvaldsins og að það eigi enginn maður að hafa leyfi til að gera helzt neitt sjálfrátt, en einstaklingurinn eigi að vera þjónn ríkisvaldsins og ríkisvaldið eigi að hafa á hendi allar framkvæmdir og þar á meðal í verzluninni. Í þessu efni hefur þessi hv. þm. tvær tungur og talar sitt með hvorri, eftir því, hvað hentar honum, eftir því, hvaða stefnu hann óskar að taka í því og því máli, hvort sem það passar vel við hans grundvallarkenningar eða ekki. Hans þjóðfélagsfyrirmynd er, eins og allir vita, Rússland. Er þar frjáls verzlun? Nei. Þar fær enginn að hafa frjálsa verzlun með neitt, nema með gamlar bækur og eigin handavinnu. En það er þetta, sem hv. 2. þm. Reykv. kallar frjálsa verzlun. Það er þetta, sem hann álítur, að eigi að vera fyrirmynd í þjóðskipulaginu. En nú stendur hann upp, af því að það passar honum, og heldur hjartnæma ræðu yfir því, hversu Íslendingar séu fjötraðir í verzlunaránauð og að hann komi nú eins og frelsandi engill með sínar till. í sambandi við þetta frv., til þess að frelsa Íslendinga undan einokun. En samt mænir þessi hv. þm. til þess lands, sem ég áðan nefndi, þar sem enginn hefur verzlunarfrelsi, nema til þess að selja gamlar bækur og eigin handavinnu. — Hvernig á að taka slíkan mann alvarlega?

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Það hefði verið viðkunnanlegra fyrir hæstv. viðskmrh. að svara þessu ofurlítið fyrr og svara því alveg, sem ég beindi til hans um afstöðu til þeirra brtt., sem ég flyt hér fram. Ég gerði alveg greinilega grein fyrir því, hvernig á brtt. stendur. Það er nú búið að fella till. um að taka fiskábyrgðina inn. Það er búið að kippa burt því fyrirkomulagi í þessu efni, sem verið hefur hér undanfarin ár, sem hefur verið það að banna útgerðinni réttinn til þess að flytja út, en tryggja henni í staðinn öryggi um ákveðið verð fyrir sínar vörur. Ég sagði hæstv. viðskmrh., að fyrst sú stefna væri

fallin, fyrst það öryggi, sem fiskimönnum var gefið með fiskábyrgðarlöggjöfinni, væri afnumið, þá yrði að koma í staðinn frelsi þeim til handa. Og ég sagði við hann — og mér heyrðist hann vera sammála því — að það versta þjóðfélag, sem hægt væri að hugsa sér, væri þar, sem hvorki væri öryggi né frelsi. Menn velja venjulega milli þessa tvenns á verzlunarsviðinu og atvinnusviðinu. Og hæstv. ráðh. þarf ekki að snúa út úr því. Fyrst stefna hans hefur sigrað hvað það snertir að afnema öryggi íslenzkra fiskimanna, sem þeir hafa haft fram að þessu um verð fyrir sína vöru, þá verður hann að þora að framkvæma sína eigin stefnu, frjálsa verzlun. Ef hann þorir ekki, eftir að hafa drepið fiskábyrgðina, að framkvæma sína eigin stefnu, frjálsa verzlun, þá sýnir sig, að annað vakir fyrir honum en frjáls verzlun, sem sé það að koma hér á lögbundinni einokun tíu til tuttugu aðila á verzlun landsins. — Þessi hæstv. ráðh. talaði um það, að ég vildi, að ríkisvaldið keyrði allt í viðjar. Hvað er ríkisvaldið á Íslandi í verzlunarmálunum? Ég skal segja honum það. Það er klíka tíu til tuttugu manna hér í Reykjavík, sem skiptir á milli sín innflutnings- og gjaldeyrisleyfunum. Það eru menn, sem sumir eru úr Sjálfstfl., en aðrir úr Framsfl., sem semja sín á milli um skiptingu á gjaldeyris- og innflutningsleyfunum á Íslandi, og skipta þessu á milli sín eins og peningum, því að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi á vörum, sem fluttar eru til Íslands, eru sama sem peningar nú. Þegar Alþ., með því fyrirkomulagi, sem það hefur samþ., gefur þessum tíu til tuttugu aðilum, sem eru heildsalar og S. Í. S., þannig valdið yfir innflutningsverzluninni, en bannar öllum öðrum Íslendingum verzlunarfrelsi, þá virðist mega ályktа svo, að þessir aðilar taki sér til fyrirmyndar orð Lúðvíks XIV., sem sagði: „Ríkið, það er ég.“ — Framsfl. felldi, að neytendur fengju ofurlítið frelsi um innflutninginn til landsins. Sjálfstfl. ætlar auðsjáanlega að fella þessa brtt. um að lina eitthvað á verzlunarhöftunum. Hvorugur þessara flokka ætlar að standa við fyrri yfirlýsingar í þessum efnum. Það er ekki ég, sem snýst í þessum efnum. Ég vil aðeins láta flokka hæstv. ríkisstj. standa við orð sín. En það er ekki að sjá, að Sjálfstfl. ætli að þora að standa við sín orð fremur en Framsfl. Ég hefði nú heldur kosið, að það hefði verið samþ., sem ég kom með í gær um skömmtunarseðlana. Og þetta, sem ég kem með nú í brtt., að rýmkað verði ofurlítið á verzluninni, það er svo kölluð hugsjón Sjálfstfl., sem þeir sjálfir eru að drepa með því að fella þessa till. Það er fórn á altari heildsalanna, sem hér er um að ræða.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Áður en þetta merkilega og viðkvæma mál fer út úr þessari hv. d., vildi ég láta falla nokkur orð. Ég vil aðeins segja það um brtt. hv. meiri hl. fjhn. á þskj. 448, að mér dettur í hug hið fornkveðna: Fjallið tók jóðsótt og það fæddist mús. Ég hafði satt að segja búizt við því, að þegar stjórnarfl., eftir þá gagnrýni, sem fram hafði komið hér í hv. d., færu að athuga málið nánar, þá kæmust þeir að einhverri annarri og merkilegri niðurstöðu en kemur í ljós í brtt. á þskj. 448. Ég vil t. d. segja það um 1. tölul. brtt., varðandi lánin til byggingarsjóða, að þar er ekki verið að rétta hlut kaupstaða og kauptúna, heldur er verið að klípa í sundur þá hungurlús af láni, sem á að veita til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, á milli byggingarsjóða verkamanna og til bygginga sveitarfélaga. Ég tel mikils um vert að styðja byggingar sveitarfélaga til þess að útrýma heilsuspillandi íbúðum. En nú, þegar fjárskortur er og sízt er í ríkum mæli varið fé til bygginga hagkvæmra íbúða í kaupstöðum og kauptúnum, verð ég að segja, að þessu fé hefði verið betur varið til byggingarsjóða verkamanna, a. m. k. að fenginni þeirri reynslu, sem Reykvíkingar þekkja til. Annars vegar hafa verið byggðir verkamannabústaðir, sem hafa reynzt ódýrustu og hentugustu íbúðirnar fyrir alþýðu, og hins vegar hafa verið byggðar bæjarbyggingar, vandaðar og góðar, en dýrar úr hófi fram. Ég held því, að sízt sé til bóta sú breyt., sem þar er gerð.

En það, sem ég vildi hér að lokum segja, áður en mál þetta er afgr., og ég skal endurtaka það, að ég hafði búizt við öllu merkilegri og meiri brtt. frá meiri hl. fjhn., en sú hefur því miður ekki orðið raunin á. Það eina, sem kynni að bjarga þessu máli, svo að ekki væri stefnt til ófarnaðar, væri að samþ. a. m. k. 1. og 3. brtt. á þskj. 444. Í fullkominni einlægni aðvara ég hæstv. ríkisstj. Ég aðvara hana um það að beita ekki þröngsýni og allt að því ofbeldi með hinum mikla meiri hluta, sem hún hefur hér á þingi, og espa upp gegn sér verkalýðssamtökin í landinu. Þessir tveir flokkar hafa einu sinni áður tekið höndum saman, og árangurinn af því samstarfi voru gerðardómslögin frægu í ársbyrjun 1942. Ég aðvara nú hæstv. ríkisstj. um það að leggja nú ekki inn á sömu skammsýnis- og óheillabrautina eins og gert var í ársbyrjun 1942 gegn íslenzkum verkalýð. Íslenzk verkalýðssamtök langar sízt af öllu til að skapa glundroða í íslenzku atvinnulífi. En þau hafa sinn skilning og sínar réttlætisóskir fram að bera. Og ef það virðist, að slegið sé, við skulum segja, á útréttа hönd þeirra og ekki gert neitt til að verða við réttlætisóskum þeirra, má vel búast við, því miður, að fari öðruvísi en ætti að fara í þessu málefni. Ég verð að segja það, að ef 2. gr. frv. stendur óhögguð að öðru leyti en þessi ómerkilega brtt. verði samþ., sem gerð hefur verið og flutt er á þskj. 448, þá horfir málið til hreinna óheilla. Og ef það verður t. d. látið standa áfram í niðurlagi 7. gr., að skilyrði til launahækkunar samkvæmt þessari gr. sé, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. jan. 1950 o. s. frv., þá vita það allir, sem til þekkja, að úti um land er það þannig, að þar eru verkalýðsfélög, sem hafa orðið aftur úr og hafa tiltölulega lægri laun en flestir aðrir, og ef þau, vegna þess að þau freistuðu þess að rétta hlut sinn, fá þennan refsivönd

yfir sig, sem reiddur er til höggs í 7. gr., þá horfir ekki vel. Ég endurtek því það, að ég aðvara hæstv. ríkisstj. að beita af skynsemd sínum mikla meiri hluta hér á þingi og taka með gætni á viðkvæmum málefnum, en það er ekki gert í þessu máli.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég veit ekki, hvaðan þessum ræðumanni kemur vald til að tala af slíkum þjósti í þessari d. í nafni verkalýðsstéttarinnar. Hefur hans flokkur þá sögu að baki sér sem umboðsflokkur verkalýðsstéttarinnar, að hann hafi nokkra ástæðu til að tala með slíkum þjósti? Við höfum séð, hvernig verkalýðurinn hefur markað afstöðu til hv. 8. landsk. og flokks hans. Það hefur verið gert á þann veg, að engin ástæða er til fyrir þennan hv. þm. að belgja sig svo út sem hann hefur gert. Strax við 1. umr. fannst honum ástæða til að vera með aðvaranir, og ekki dró úr því nú hjá honum.

Það gengur sú saga um bæinn, að Alþfl. hafi ákveðið að draga sig út úr pólitík. Þetta er sagt í gamni, en ekki alvöru, en það er augljóslega orðinn mikill munur frá því, þegar Alþfl. var ábyrgur, og á því, sem nú er.

Hann segir, að fjöllin tóku jóðsótt, og fæddist lítil mús. Það hefur fæðzt lítil mús í bægslagangi Alþfl. á sínum tíma, af því að hv. þm. fannst sinn flokkur koma sem lítil mús út úr síðustu kosningum.

Ég segi þetta ekki sízt vegna orða hv. þm. um þær till., sem hér liggja fyrir um skiptingu á framlagi til byggingarframkvæmda. Í gærkvöld fannst honum mikils vert um byggingar í bæjunum annars vegar og hins vegar í sveitunum. Það getur vel verið, að svo sé. Hér er engin skipting eftir höfðatölu. En það er ekki eingöngu hagsmunamál kaupstaðarbúa, að þeir hafi fé til að byggja yfir sig. Það er einnig hagsmunamál þeirra, að hægt sé að byggja í sveitunum og stemma þar með stigu fyrir fólksstraumnum til kaupstaðanna. Af þeim sökum er það, að ekki er höfðatalan ein lögð til grundvallar við skiptingu þessa fjár til bygginga.

En vel á minnzt, þegar hv. 8. landsk. er að fjargviðrast yfir því nú, að illa sé farið með kaupstaðina og þeir séu afskiptir, þegar þessu fé er skipt, þá dettur mér í hug, að öðruvísi stæðu bæjarfélögin að vígi nú, ef ekki hefði skipazt þannig undir forsæti þessa hv. þm., að ástæða þótti til að fresta framkvæmd 3. kafla l. frá 1946, um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Ég veit, að það kunna að hafa rekið nauður til að fresta þessari framkvæmd. Þetta sá hv. 8. landsk., þegar hann var ábyrgur í ríkisstj., en hann sér það ekki nú, því að nú er hann kominn með kommúnistum í stjórnarandstöðu. Þá ris hann upp á afturfæturna yfir því, að ekki fáist nóg fé til að byggja í bæjunum. Vilji hann leggja fram till. og vinna aðra til fylgis, að tekinn verði aftur til framkvæmda 3. kafli l. um heilsuspillandi íbúðir frá 1946, sem hann beitti sér fyrir á sínum tíma, þá er ekki víst, að það standi á mér.

Hann sagði, að það væri sízt til bóta sú breyt. að skipta fénu milli byggingarsjóða í bæjarfélögunum og sveitarstjórna, sem vilja leggja í byggingar. Ég veit ekki, hversu mikið þessi staðhæfing styðst við raunhæfan kunnugleik. Ef við lítum á Reykjavík, þá held ég, að byggingarfélag verkamanna hafi smíðað 30 íbúðir, en bæjarfélagið 200, og er þó sízt til bóta að dómi hans, að ⅛ sé ákveðinn til bæjarfélaganna, en ekki allt til byggingarsjóða verkamanna.

Hann segir, að það sé ástæðulaust að fenginni reynslu að veita fé í þessar byggingarframkvæmdir bæjanna. Ég þykist vita, að hann eigi hér við ákveðna staðreynd úr Reykjavík, Skúlagötuhúsin, sem þóttu ef til vill nokkuð dýr, þó að þau standist samanburð við verkamannabústaðina um gæði og verðlag, ef hvort tveggja er tekið saman. Ég vil halda fram, að gefnu tilefni, að byggingarframkvæmdir hjá byggingarfélagi verkamanna séu að engu leyti fremri hvað gæði og verð snertir en byggingarframkvæmdir á vegum Reykjavíkurbæjar, t. d. byggingarnar við Bústaðaveg, sem hefur sýnt sig, að bæjarbúar hafa mikinn áhuga fyrir, og ég vil staðhæfa, að þær þola allan samanburð hvað gæði og verðlag snertir við þær íbúðir, sem byggðar eru af Byggingarfélagi verkamanna, án þess að ég vilji, nema síður sé, draga úr, hversu mjög hagnýtt og þjóðhollt starf það félag hefur unnið fyrir Reykjavík, enda hefur áhrifamiklum og þjóðhollum stjórnmálamönnum verið sýnd sérstök heiðursviðurkenning af þessu félagi, hv. 8. landsk. og tveim af forvígismönnum Reykjavíkurbæjar á þessu sviði og öðrum, þeim Bjarna Benediktssyni og Jakob Möller, sem fyrr og síðar hafa verið miklir áhuga- og styrktarmenn þessara framkvæmda. En ég vil ekki heldur láta undir höfuð leggjast að mótmæla því, að ástæðulaust sé, að fenginni reynslu, að veita fé til byggingarframkvæmda bæjarins.

Ég vil að lokum láta það koma fram, bæði í sambandi við þessar till. og margar aðrar, og ég veit, að hv. þm. skilja það, að þegar tveir flokkar eiga hlut að máli, þá verða menn að semja um sjónarmiðin. Ég er þeirrar skoðunar, að miklu ríflegri hluta hefði átt að ætla til byggingarframkvæmda eftir 3. kafla l. nr. 44 frá 1946 en hér er gert, en þar verður að halda sig við það, sem samkomulag næst um. Þetta veit ég að hv. 8. landsk. skilur og aðrir þeir, sem ekki skortir leikni hinna æfðu stjórnmálamanna.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í deilur við hv. 5. þm. Reykv. út af köpuryrðum hans í garð Alþfl., það gefst seinna tækifæri til þess að gera það nánar. En út af því, sem hann sagði um afstöðu Alþfl. til kommúnista nú í stjórnarandstöðunni, þá veit ég, að flokk hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki alltaf flökrað við samstöðu við þann flokk, þó að ég voni, að þar sé hjá mörgum í þeim flokki orðin hugarfarsbreyting.

En það, sem málefnalega skiptir máli hér og varð til þess, að ég fór að gera aths. við ræðu hv. 5. þm. Reykv., var út af þeim orðum,

sem féllu hjá mér í sambandi við skiptinguna úr gengisgróðasjóðnum, ef svo mætti kalla, og stóreignaskatti til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum. Það, sem ég gagnrýndi í gær og í dag, var heildarskiptingin, en það gefst tækifæri til að leiðrétta það með því að samþ. seinni lið 5. brtt. á þskj. 444.

En það, sem ég sagði aðallega í sambandi við brtt. meiri hl. fjhn. um að búta enn niður þennan ⅓ part, sem ætlaður var til bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, milli tveggja aðila, þá taldi ég það sízt til bóta. Ég hef ekki annað en gott að segja um tilgang 3. kafla l. nr. 44 1946, um byggingar sveitarfélaga til að útrýma heilsuspillandi íbúðum, en ég veit þó um leið, að sá samanburður, sem tiltækastur er í Reykjavík á byggingum, sem búið er að lána í úr ríkissjóði samkvæmt þeim l., og byggingum verkamannabústaða í Reykjavík, sýnir, að verkamannabústaðirnir eru miklu hagkvæmari að flestu leyti, það er óhætt að slá því föstu sem fullkominni staðreynd.

Mér skilst á hv. 5. þm. Reykv., að hann hafi nú nauðugur viljugur orðið að samþ. aðra skiptingu á þessu fé en hann hefði viljað sem þm. Reykv., bæjarfulltrúi og bæjarráðsmaður. Ég skil vel, að þar hefur hann orðið að semja við aðila, sem hefur orðið honum yfirsterkari eins og í sumu öðru. En út af því, sem hann sagði, að ef ég vildi leggja það til, að þingið felldi niður þau ákvæði, sem sett voru á sínum tíma um skyldu ríkissjóðs til 85% framlags til þeirra bygginga, sem sveitarfélögin reistu samkvæmt 3. kafla l. nr. 44 frá 1946, en framlagsskyldan aftur upp tekin, þá skyldi ekki standa á sér í því efni, þá vil ég segja það, að nú er hann stjórnarstuðningsmaður, en ég ekki. Mun hann þá vafalaust ræða við hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., hvort þeir vildu fallast á, að ríkið legði fram þessi 85% af andvirði bæjarbygginga, og ef þeir veittu því máli góð svör, skyldi sízt af öllu standa á mér að fylgja því máli. Ég hygg þó, að hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., sem er nýkominn úr starfi fjmrh., verði tregir til að taka á sig þessa skilyrðislausu skyldu, eins og fjárhag ríkissjóðs og tekjuöflun er nú varið. En við vitum það báðir jafnt, að það er engu bæjar- eða sveitarfélagi til góðs að hafa í gildi dauðan lagabókstaf um, að ríkissjóður skuli leggja þetta og hitt fram, ef ríkissjóður getur það ekki. Það var með tilliti til þess, að burt var numin hin skilyrðislausa skylda ríkissjóðs til fjárframlaga, en 3. kafla haldið þó í gildi og gefið þar með undir fótinn, að ef Alþingi veitti fé í þessu skyni, skyldi það verða gert samkvæmt 3. kafla. Ég vil gjarna eiga þátt í, að þetta sé tekið upp. En þó að ég sé í stjórnarandstöðu, sé ég mér ekki fært að leggja til, að þessi skilyrðislausa skylda verði tekin upp, eins og fjárhagsástæður ríkissjóðs eru nú. En það skyldi gleðja mig mjög mikið, ef þess væri kostur, og ég veit, að það eru hæg heimatökin hjá hv. 5. þm. Reykv. að ræða við hæstv. stj., hvort það sé ekki fært.

Út af þeim orðum mínum, sem mjög virtust fara í taugarnar á hv. þm. og hann taldi hótun, þá vil ég ekki kalla það hótun, heldur alvarleg varnaðarorð, sem eru alls ekki töluð út í loftið. Ég þekki vel hug fólksins til sumra þeirra ákvæða, sem felast í þessum l., og ég álít hægt að taka úr þeim, án þess að nokkur skaði sé skeður fyrir íslenzka ríkið og þjóðfélagið yfirleitt. Það er þessi tregða, þessi skilningsskortur, þetta viljaleysi, sem ég aðvara hæstv. ríkisstj. að beita ekki, þó að hún hafi sterkan þingmeirihluta í augnablikinu. Það var gert í einlægum hug, og ég geri það enn.

Forseti (SB): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., við 1. brtt. á þskj. 448, að í staðinn fyrir „4% ársvöxtum" komi „2% ársvöxtum." Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 451) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er sérstaklega út af niðurlagi ræðu síðasta ræðumanns. Hann ítrekaði sín alvarlegu varnaðarorð, sem ég með mínum fáu orðum sagði um: Hvaðan kemur þessum hv. þm. vald til þess að taka svo mikið upp í sig sem hann hefur gert í kvöld og við fyrri umr., til að vara þingið við þeim afleiðingum, sem lagasetning þessi kynni að hafa, ekki sízt vegna aðgerða launasamtakanna. — Ég sagði þetta ekki ófyrirsynju og meinti þetta ekki út í bláinn. Þegar fjhn. fékk þetta frv. til meðferðar, var óskað eftir að senda það til umsagnar nokkrum aðilum, m. a. fulltrúum Alþýðusambands Íslands. Þess var m. a. óskað af fulltrúa Alþfl. í fjhn. Ég hélt, að alþýðusambandsstjórnin mundi taka þetta mál til alvarlegrar meðferðar. Ég hafði samband við fulltrúa í alþýðusambandsstjórninni, sem tilheyrir að vísu ekki flokki hans. Við áttum viðræður um þetta mál. Hann hafði ekki fengið fundarboð um, að fundur yrði um þetta mál í alþýðusambandsstjórninni. Þetta var um 4-leytið. En þegar ég kem niður í þing til þess að mæta á fundi fjhn., þá bregður mér í brún, því að þá liggur þar fyrir svar frá stjórn Alþýðusambandsins. Svo þykist þessi hv. þm. þess umkominn að flytja varnaðarorð. Ég vil flytja hv. þm. varnaðarorð. Má þá ekki hlýða í stjórn Alþýðusambandsins á orð annarra en þeirra, sem eru Alþýðuflokksmenn? Mér brá kynlega við, þegar ég sá, að tekin hafði verið afstaða til málsins, án þess að nokkur væri við nema flokksmenn Alþfl. Fyrst hann finnur ástæðu til að margendurtaka sín varnaðarorð, vil ég flytja honum varnaðarorð, þegar hann telur sína flokksmenn lýðræðissinnaða menn í alþýðusamtökunum, að hugsa ekki eingöngu um sína flokksmenn, en taka einnig tillit til annarra, sem fylgja ekki sama flokki, en hafa fengið umboð í alþýðusamtökunum til að láta þar til sín taka. Ég vil með þessu láta frá mér fara varnaðarorð til þessa hv. þm. og biðja hann og hans flokksmenn í þessum samtökum að líta í sinn eigin barm.

Hv. þm. segir, að það sé sízt til bóta að búta niður það fé, sem ætlað er til byggingarframkvæmda samkvæmt 1. tölulið 3. gr. Ég verð að segja, að það hefur oft minni fjárhæð verið bútuð niður, því að mér skilst, að hún sé hæfilega áætluð 6—7 millj. kr., og ég er á þeirri skoðun, að það megi búta minni upphæð en þar er um að ræða.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að ég hef lagt áherzlu á, að tekin verði upp aftur framkvæmd 3. kafla l. nr. 44 1946, þótt í smáum stíl væri. Læt ég svo útrætt um þetta að sinni.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt brtt. við brtt. þær, sem fram hafa komið frá meiri hl. fjhn. þessarar d. á þskj. 448, við 8. lið þeirra, og hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við tölulið 2, b-lið. Á eftir orðunum „skipverja á togurum" komi: annarra en háseta, kyndara og matsveina." — Till. fer sem sé fram á það, að hásetar, kyndarar og matsveinar fái að njóta góðs af þeirri gengislækkun, sem meiri hl. Alþingis sameinast um að koma fram. Ég býst við, að eitt af þeim atriðum, sem sá meiri hl., sem virðist hafa myndazt um það að lækka gengið, hefur ekki kynnt sér til fulls, séu launakjör háseta á togurum. Hann gerir sér sennilega ekki ljóst, að hásetar á togurum eru dæmdir til þess að vinna 16 tíma á sólarhring mánuðinn út, að undanteknum kannske einum, tveimur eða þremur dögum, sem fara í löndun á fiskinum í Reykjavík, fyrir kaup, sem nemur tæpum 2 þús. kr. á mánuði, þannig að ef þetta kaup yrði reiknað út í klukkustundafjölda, kæmi í ljós, að þetta er langlægst launaða stéttin í landinu, þó að hér sé um að ræða vinnu, sem er mjög arðbær og sú erfiðasta vinna og hættulegasta, sem við þekkjum í okkar þjóðfélagi. Þessi gengislækkun, sem frv. snýst um, mundi veita hásetum, miðað við venjulega sölu, svona 500 kr. í kaupuppbót, þannig að þeir fengju 2300—3000 kr. á mánuði fyrir erfiði sitt. En það verður vafalaust með þetta eins og fleira, sem fram hefur komið af ábendingum, að þessir flokkar, sem að frv. standa og að núv. hæstv. ríkisstj. standa, vilja ekki hlusta á nein rök, heldur stinga hausnum í sandinn og bjóða byrginn alþýðusamtökunum og öðrum samtökum í landinu, en láta stjórnast af hagsmunum örfárra auðmanna í Rvík. Það verður fróðlegt fyrir þessa skipsmenn á togurunum, sem nú vinna fyrir innan við 2 þús. kr. á mánuði erfitt og arðbært starf fyrir þjóðfélagið, það verður fróðlegt fyrir þá að vita, sem standa svo framarlega í baráttunni fyrir því að halda uppi útflutningsframleiðslu okkar, hvaða kveðju þeir fá frá þeirri nýju ríkisstj., sem nú er setzt að völdum. Og ríkisstj. getur alveg bókað það hjá sér, að undirtektir hennar undir þetta og önnur réttlætismál, sem hafa verið fram borin, en felld hér með fyrirlitningu, munu verða til þess, að almenningur í þessu landi mun á skömmum tíma gera sér ljóst, í hvers umboði ríkisstj. starfar og hvað hún hyggst fyrir.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í stuttu máli kaupgjaldsmálafrv., sem nú er framkvæmt, ekki með því að skerða vísitöluna, það var búið að því áður, og þessum flokkum hefur ekki þótt ráðlegt að fara sömu leið, heldur er nú tekin upp ný aðferð. Nú er gengið lækkað og þannig um hnútana búið, að þessi gengislækkun verður eingöngu skerðing á lífskjörum almennings í landinu, sérstaklega launamanna. Þetta er gert á dálítið lævísan hátt og sniðugan, enda eru fylgismenn frv. mjög hreyknir yfir því, hvað þeir hafi verið sniðugir, og keppast um að hæla þeim hagfræðingum, sem hafa leitt inn slíkan rótarskap sem hér kemur fram í frv. gagnvart þjóðinni. En þeir geta verið vissir um það, að almenningur á eftir að reyna, hvernig þetta frv. verkar gagnvart honum, og margir þeirra, sem nú eru kallaðir á fund hjá Sjálfstfl. og Framsfl. og fræddir um, að hér sé verið að leysa öll vandamál þjóðfélagsins án þess að ráðast á launþega, munu eftir nokkurn tíma finna í eigin peningabuddu, að það hefur verið leikið illilega á þá.

Röksemdir hagfræðinganna fyrir þeim aðgerðum, sem hér er verið að lögfesta, eru mjög furðulegar, en auðséð á öllu, að vísindi þeirra, sem þeir bera mikið fyrir sig, eru sveigð fram og til baka eftir því, sem yfirmenn þeirra segja þeim fyrir verkum í hvert skipti, og fræðikenningarnar sveigðar þannig til, eftir því sem á þarf að halda. Þetta hagfræðingaglundur getur raunar blekkt nokkurn hóp manna í bili, en aðeins í bili, og verður ekki mikið úr aðgerðum núv. hæstv. ríkisstj., ef hún lætur stjórnast af þeim barnaskap, að hún geti með svona „fiffi", eins og hér er t. d. talað um í sambandi við launauppbætur til launamanna, komizt hjá því að verða stimpluð sem stjórn til þess að skipuleggja árásir á launamenn þessa lands. En allt er þetta nú gert í því skyni, eftir því sem fylgismenn frv. segja, að bjarga sjávarútveginum. Já, nú á að bjarga sjávarútveginum.

Í sambandi við þá till., sem ég flyt um það, að hásetar, kyndarar og matsveinar verði látnir njóta góðs af þeirri kauphækkun, sem kynni að verða vegna gengislækkunarinnar, vil ég benda ríkisstj. á það, að nýlega er búin að sitja hér sjómannaráðstefna, sem samþykkti einróma að segja upp samningum og fá betri kjör, og eru það sérstaklega saltfiskkjörin, sem gera þetta að verkum. Þeir geta ekki sætt sig við sín kjör. Og þrátt fyrir að það er vitanlegt, að sjómenn hafa á prjónunum að segja upp samningum, ætlar ríkisstj. enn einu sinni að veita þeim löðrung með því að sjá svo um, að þeir geti ekki fengið þá hækkun, sem þeir annars ættu að fá með þessu gengislækkunarfrv., þegar stjórnarflokkarnir eru búnir að koma því fram. Þannig er nærri því fyrirsjáanlegt, að beinlínis með aðgerðum sínum í þessu máli, sem eiga að vera bjargráð fyrir útveginn, sé ríkisstj. einmitt að stuðla að verkföllum. Við munum öll eftir verkfallinu, sem var háð hér í fyrra og stóð í röska tvo mánuði. Við eyddum bezta tíma vertíðarinnar, meðan sölur voru ágætar í Englandi, í verkfall. Það var raunar ekki verkfall, heldur verkbann, sem útgerðar-

menn lögðu út í, og það er engu líkara en að ríkisstj. vilji stefna að því sama nú. En hún getur verið viss um það, að ef hún ætlar að snúa sér þannig gagnvart öllum almenningi og veita þannig hverjum sinn löðrung, þá verður tekið á móti, þegar svona áþreifanlega er að mönnum veitzt. Hér hefur ekki verið unnið í samráði við togaraeigendur eða útgerðarmenn, heldur hafa nokkrir stjórnmálabraskarar lokað sig innan veggja með svo kallaða hagfræðinga til þess að semja þetta með tilliti til hagsmuna fámennrar auðmannaklíku hér í Rvík, sem starfar ekki að neinum framleiðslustörfum, en lifir á millilíðum og gjaldeyrisbraski.

Í brtt. þeim, sem lagðar hafa verið fram af meiri hl. fjhn., kemur fram, að taka á tillit til þess, áður en framleiðslugjald er tekið af sölu togaranna erlendis, að meðaltal fjögurra túra verði 8500 pund. Er það að því leyti leiðrétting frá því, sem áður var, að þá var miðað við tvo túra. Engu að síður er haldið áfram þeirri reglu að láta borga fast gjald af ísfiski, sem er lagður upp hér á landi, án tillits til afkomumöguleika og sölu á þeim fiski, sem þannig er unninn. Það er augljóst, að ef þetta er framkvæmt svona og eins og ríkisstj. hyggst að knýja það gegnum þingið, þá getur svo farið, að togarafélögin tapi hundruðum þúsunda, en þurfi kannske samtímis að borga hundruð þúsunda í opinbera skatta. Gæti þetta hæglega orðið rothögg á togarafélög þau, sem nýlega eru upp runnin úti á landsbyggðinni, og mun þetta vera beinlínis í því skyni gert að losna við þessi nýju félög og koma togurunum á hendur þeirra fáu auðmanna, sem standast þessar ráðstafanir.

Að því er snertir bátaútveginn, þá er frv. í raun og veru en hatrammara gagnvart honum en jafnvel gagnvart launamönnum. Með frv. er felldur niður hinn svo kallaði vátryggingastyrkur, sem útgerðarmenn hafa talið jafngilda 10 aurum á hvert kíló fisks. Þessi vátryggingastyrkur fellur niður, en auk þess hækkar olía og veiðarfæri við gengislækkunina, sem vafalaust er hægt að reikna 6—7 aura, þannig að lækkun fiskverðsins mun nema kringum 16—17 aurum frá þeim 85 aurum, sem útvegsmenn hafa reiknað sér. Verður þetta þannig til þess, að fiskverðið kemst niður í 68—69 aura. Nú eru ekki liðnar nema fáar vikur síðan við sátum hér á Alþingi við að semja l. um fiskábyrgðina, og þá lá fyrir till. um það að ákveða fiskverðið 75 aura, en hins vegar komu fram kröfur um það frá útvegsmönnum, að það yrði að vera yfir krónu. Ég held, að allir alþm. hafi verið sammála um það, að með 75 aura fiskverði væri farið í það ýtrasta lágmark, sem nokkur von væri um að bátaútvegurinn gæti flotið með. Og þó er nú aftur verið að flytja frv., sem leggur byrðar á launþega þessa lands, sem nema meira en hundrað milljónum, og er flutt í þeim fagra tilgangi að bjarga útveginum á Íslandi, sem hefur það í för með sér að lækka fiskverðið um 16—17 aura. Ofan á þetta bætist það, að að undantekinni einni einustu verstöð á landinu er fiskmagnið, það sem af er þessari vetrarvertíð, miklu minna en það hefur verið undanfarin ár. Það er aðeins við Hornafjörð og Austurland, sem fiskveiðin hefur verið meiri. Annars staðar hefur hún verið mjög miklu minni en undanfarin ár. Svo er Alþingi að samþykkja lækkun á fiskverðinu, sem útgerðarmenn og sjómenn héldu, að yrði látið haldast þessa vertíð, þar sem fiskábyrgðarfrv. gildir til 15. maí 1950. En hvað segja nú hagfræðingarnir, sem hafa undirbúið þetta frv.? Samkv. þeirra útreikningi eiga útvegsmenn að fá 93 aura, þegar búið er að fella gengið. En þetta er bara tala, sem á að flagga framan í þessa fávísu útgerðarmenn, sem taka þessa menn alvarlega. Það liggur þegar fyrir yfirlýsing um það, að hraðfrystihúsin muni alls ekki borga meira en 75 aura verð eftir gengislækkunina, og ég dreg meira að segja í efa, að hraðfrystihúsin geti það. Þau segja, að þegar búið sé að nema burt fiskábyrgðina, komi svo margar áhættur í sambandi við okkar fiskverkun og sölu á afurðum okkar, að þau geti ekki borgað svona hátt verð. Þessir menn segjast þurfa að hafa miklu meiri peninga upp á að hlaupa til þess að mæta þessari áhættu, og í því sambandi segjast þeir t. d. ekki vera vissir um, að þeir losni við fiskinn. Fiskábyrgðarl. eru trygging fyrir því, að þeir losni við fiskinn fyrir ákveðið verð. Nú er það öryggi tekið burt, og þá segja hraðfrystihúsin, að það verði að vera miklu meiri munur á hugsanlegu söluverði og hráefnaverði til þess að geta mætt þeirri áhættu. Það er nokkuð til í þessu, en þetta eru vandræðin, sem það veldur að afnema fiskábyrgðina, og 93 aura verðið hrekkur hvergi nærri til nema í heila hagfræðinganna, sem þannig blekkja menn með því að segja, að verið sé að bjarga með þessum lögum. Ég er sannfærður um það, að hefði þetta frv. verið samþ. áður en þessi vetrarvertíð hófst og ekki verið samþ. nein fiskábyrgðarl., þá hefði engin vetrarvertíð hafizt. Það eru tiltölulega fáir bátar, sem hafa farið á sjó. Nú er þetta frv. knúið fram í trausti þess, að menn geti ekki annað en farið á vertíðina. Mennirnir eru búnir að útbúa bátana, þannig að þeir verða að halda áfram, að það er það eina, sem tryggir áframhald rekstrarins, eftir að þetta frv. er orðið að l. Nú er það fullkomlega óvíst, hvað bankarnir segja um það að lána út á afurðir hraðfrystihúsanna. Það er t. d. þannig nú, að bankarnir eru öruggir með það, sem þeir lána út á fiskinn, vegna fiskábyrgðarinnar. Nú þegar ríkisábyrgðin er afnumin, þá fara bankarnir að meta það, hvaða möguleikar séu á því að selja fiskinn, og ef bankastjórar okkar, sem eru kunnir að því að vera varkárir og hafa ekki þjáðst af allt of mikilli bjartsýni, meta svo, að við getum ekki selt nema 15 þúsund tonn af hraðfrystum fiski í stað 30 þúsund tonna, sem verið hefur undanfarið, þá verða hraðfrystihúsin rekin aðeins hálfan tímann, miðað við það, sem undanfarið hefur verið, og það þýðir stóraukið atvinnuleysi. Sama er að segja um saltfiskframleiðsluna. Bankarnir mundu vega það og meta, hve mikið af henni væri hægt að selja, og mundu ekki lána út á

annað. Þetta gæti e. t. v. gengið á vertíðinni hér sunnanlands, en ekkert þar fram yfir, og austanlands, norðan og vestan, þar sem eru vor- og haustvertíðir, mundi fólk standa uppi allslaust. Frv. er því til þess að stöðva sjávarútveginn, því að ákvæði þess um að afnema fiskábyrgðina stöðva bæði hraðfrystihúsin og saltarana, af því að bankarnir draga að sér höndina með lán. Nei, það er ábyggilegt, að hæstv. ríkisstj. veður í villu og svíma, ef hún heldur, að hún komist upp með svona auvirðilegar loddarakúnstir eins og í þessu frv., og get ég tekið undir með hv. 8. landsk., að alþýðusamtökin munu svara þeirri ögrun, sem þetta frv. felur í sér, og þeirri ögrun, sem komið hefur fram við afgreiðslu hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar á till. þeim, sem fram hafa komið til leiðréttingar á frv. hér á hv. Alþingi. Ég veit, að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. munu reyna að beita áhrifum sínum innan launþegasamtakanna til þess að fyrirbyggja gagnráðstafanir af þeirra hálfu. Ég veit, að Sjálfstfl. kippir í spottann í þeim félögum, þar sem hann á formenn eða stjórnarmeðlimi, og ég býst við, að þeir hlýði flokknum, og minna má hv. Alþfl. á það, að sumir þeirra eru kosnir vegna stuðnings hans. En það hefur komið í ljós, að sjálfstæðismenn, sem eru í trúnaðarstöðum í launþegasamtökunum, hafa fengið um það fyrirskipun frá Holsteini að hindra allar aðgerðir launþeganna, og sams konar fyrirmæli hafa framsóknarmenn fengið, og máske fær þetta tafið fyrir í bili, en það verður þá til að sannfæra verkalýðssinna innan samtakanna um það, að þeim ber að snúa saman bökum og verjast innrás erindreka atvinnurekendavaldsins, og sú flugumennska, sem Sjálfstfl. ætlar að knýja sína menn til að reka innan verkalýðssamtakanna, verður nýr lærdómur fyrir verkalýðsfélögin um að tryggja sér örugga forustumenn. Sama er upp á teningnum hvað snertir útvegsmenn. Ég hef oft horft upp á, að fundir útvegsmanna sitja hér dögum og vikum saman og eru með alls konar kröfur, t. d. í vetur, er þeir kröfðust að fá meira en eina krónu fyrir kg af fiski og fluttu þá kröfu hingað í Alþingi. Alþingi samþykkti þó aðeins 75 aura ábyrgðarverð, og nú á fiskverðið að lækka ofan í 68 aura samkv. þessu frv., en nú er enginn fundur í L. Í. Ú. Nú heyrist ekkert frá því. Það er eins og það sé ekki til. Og hvers vegna? Jú, vegna þess, að Sjálfstfl. hefur kippt í spottann og sagt við sína menn í stjórninni: „Þið megið alls ekki mótmæla frv.“, og þótt þeir séu sannfærðir um, að með þessu frv. sé verið að gera árás á sjávarútveginn, þá eru þeir svo sauðtryggir Sjálfstfl., að þeir láta ekkert á sér bæra. — Það er mesti misskilningur, ef hæstv. ríkisstj. heldur sig vera að leysa vandann með þessu móti. En hver er þá tilgangurinn með þessu frv.? Ekki er til hagsbóta fyrir sjávarútveginn og ekki til hagnaðar fyrir launþegana, þótt fulltrúar Sjálfstfl. í verkalýðssamtökunum séu látnir segja á fundi, að skammarlega mikið tillit sé tekið til hagsmuna launþega í frv., samkv. blaðafrétt í Vísi. En af hverju er þá frv. flutt? Til þess, að hin fámenna klíka auðmanna hér í Reykjavík, sem sér fram á, að útflutningsframleiðslan er að skreppa saman, svo að bráðum hafi hún engan gjaldeyri til að skipta á milli sín, það er til þess, að hún fái verðmætari gjaldeyri til að græða á. Það er ekki verið að tala við þá, sem framleiða gjaldeyrinn, og ef þeir mögla, þá er ekkert tillit tekið til óska þeirra og þeim bannað að gera nokkrar kröfur. Þeir, sem réðu samningu þessa frv., eru þeir, sem skipta gjaldeyrinum á milli sín, og þegar þeir sáu fram á, að hann mundi minnka, þá var bara að ráða bót á því með gengislækkun, og svo mikið tillit er tekið til hagsmuna auðmannanna, að í frv. felst engin bót fyrir sjávarútveginn, heldur stórvandræði ofan á þær þrautir, sem frv. bakar launþegum og munu valda miklum óróa og truflun í atvinnulífi þjóðarinnar. Það fyrirkomulag, sem tryggir þeim, sem fá gjaldeyrinn til að verzla með, gróða, samtímis því sem atvinnuvegirnir, sem skapa gjaldeyrinn, tapa, það er þetta fyrirkomulag, sem veldur því öngþveiti, sem nú er í efnahagsmálum okkar, og enn fremur það að skipta þannig í sjávarútveginum, að þeir, sem hann reka, hafa engin umráð yfir aflanum eða þeim gjaldeyri, sem fæst fyrir hann, en heildsalarnir fá gjaldeyrinn gegnum pólitískar klíkur og áhættulaust. Og ekkert skal slaka til. Það hefur meira að segja heyrzt, að nú eigi að afnema frílistann, hvað þá annað, svo að sama óheillaþróunin á að halda hér áfram og verri en áður, eftir að frv. er orðið að lögum. Ég býst við, að hægt sé að reikna út með svipaðri þróun og verið hefur og hæstv. ríkisstj. stefnir að, — að þá sé hægt að reikna út, hvenær við verðum næst komnir í þrot aftur, og ég býst við, að raunar verði ekki nema fáir mánuðir þangað til, en þá er bara þessi einfalda lausn: að fella gengið aftur. Og verði ekki breytt um grundvallarstefnu þá, sem nú ríkir í fjármálalífinu, þá munu þeir skammsýnu fjáraflamenn, sem nú ráða þar öllu, brátt komast inn á hina húnversku aðferð til að leysa vandann, og þá mun þess ekki langt að bíða, að við kaupum eldspýtustokkinn á milljónir króna. „Tíminn“ sagði í fyrra eða hittiðfyrra, að gengislækkun væri auvirðilegasta leiðin, sem þeir skammsýnu gætu gripið til, og nú hafa þessi spádómsorð sannazt. Og það er skökk braut, sem með henni er farið inn á, en með aðgerðum fyrrv. ríkisstj. var það skref að hálfu leyti stigið, svo að erfitt er annað að gera, — en núv. ríkisstj. vill stíga það spor til fulls og með því fara út á mjög hálan ís, þar sem erfitt er að stöðva sig. Reynsla annarra þjóða sýnir, að á þeim ís hafa þær runnið lengra og lengra og sumar alveg eyðilagt sinn gjaldmiðil. Eðlileg lausn þeirra vandamála, sem nú blasa við okkur, er að leita samstarfs við samtök launþeganna og annarra vinnandi stétta og tryggja áframhaldandi atvinnurekstur, því að þar er fyrir hendi fullur vilji allra um að stilla svo í hóf kröfum, að hægt væri að reka atvinnuvegina áfram, en þótt hæstv. ríkisstj. viti um þennan velvilja og treysti honum, þá má hún ekki misbjóða honum. Þegar fólkið finnur á sig lagðar

auknar byrðar, til þess að örfáir einstaklingar geti velt sér í stórgróða, og ef gjaldeyrisfyrirkomulagið er óbreytt, þá mun almenningur bregða við hart og títt og svara fyrir sig, þegar ríkisstj. kastar þannig til hans hanzkanum og ætlar að leysa vandamálin eingöngu á kostnað hinna efnaminni í þjóðfélaginu, og ekki sízt af því, að flokkar hæstv. ríkisstj. skella alveg skolleyrunum við þeim leiðréttingum, sem flokkar launþeganna hafa reynt að fá fram. — Ég veit það einnig, að það verður reynt að sundra samtökum alþýðunnar, til þess að fyrirbyggja gagnráðstafanir af hennar hálfu, en það mun reynast haldlítið. Alþýðan mun sameinast, og fyrsta skrefið er þegar stigið með ráðstefnu Alþýðusambands Íslands, þar sem allir fulltrúar mótmæltu þessu frv. En það er aðeins upphafið. Verkalýðsfélögin munu taka upp virka baráttu til þess að stöðva það tilræði, sem nú er stofnað til gegn öllu vinnandi fólki í landinu. — Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta brtt. mína, sem ég lýsti í upphafi máls míns.

Forseti (SB): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. Siglf. Hún er bæði skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 452) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 434 og 438 teknar aftur.
— 444,1 felld með 22:10 atkv.
— 445,1 felld með 21:11 atkv.
— 447 felld með 21:10 atkv.
— 448,1.a samþ. með 21:6 atkv.
— 451 felld með 20:10 atkv.
— 448,1.b samþ. með 21:4 atkv.
— 444,2 felld með 22:11 atkv.
— 444,3 felld með 22:11 atkv.
— 445,2 felld með 22:10 atkv.
— 444,4 tekin aftur.
— 446 felld með 22:11 atkv.
— 448,2.a samþ. með 23 shlj. atkv.
— 452 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ, LJós, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ.

nei: BÁ, BÓ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, SB.

2 þm. (EystJ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 448,2.b samþ. með 25 shlj. atkv.
— 445,3 felld með 22:11 atkv.
— 445,4 felld með 21:10 atkv.
— 448,3 samþ. með 22:7 atkv.
— 445,5 felld með 21:7 atkv.
— 448,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
— 445,6 felld með 23:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, LJós, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG.

nei: JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÁ, BÓ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, SB.

2 þm. (EystJ, GTh) fjarstaddir.

Brtt. 444,5.a felld með 19:5 atkv.
— 444,5.b felld með 21:6 atkv.
— 448,5.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 444,5.c felld með 22:8 atkv.
— 448,5.c samþ. með 22:5 atkv.
— 445,7 felld með 22:9 atkv.
— 444,6 felld með 22:9 atkv.
— 448,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 448,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 444,7 felld með 22:10 atkv.
— 439 felld með 27:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG, ÁkJ.

nei: ÁÁ, ÁB, BÁ, BÓ, EmJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, SB.

2 þm. (EystJ, GTh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Ég tel margt í þessari till. stefna í rétta átt, en áður en þessu þingi lýkur, mun mál þetta tekið til afgreiðslu, því að ekki hefur enn náðst samkomulag um það. Því sé ég ekki ástæðu til að setja þessa grein inn í frv. og segi nei.

Sigurður Bjarnason: Ég skírskota til grg. hv. þm. A-Húnv. og segi nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 22:11 atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.453).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Frv. þetta, sem lagt var fyrir hæstv. Alþ. af fyrrv. ríkisstj., hefur sætt meðferð í hv. Nd. og verið þar allýtarlega rætt. Það væri að sjálfsögðu að fara að bera í bakkafullan lækinn, ef ég færi nú að ræða málið hér í þessari hv. þd. eins og hv. þdm. væri það með öllu ókunnugt. En samt sem áður þykir við eiga, að því sé fylgt úr hlaði hér með nokkrum orðum. — Það hefur orðið að samkomulagi, að ég gerði það að þessu sinni, og þá kannske ekki vegna þess embættis, sem ég nú hef, heldur sem forsrh. í þeirri ríkisstj., sem undirbjó málið.

Varðandi afstöðu fyrrv. ríkisstj. um þetta mál vil ég leyfa mér að vísa til hinnar ýtarlegu ræðu, sem hæstv. fyrrv. fjmrh., núverandi hæstv. viðskmrh., flutti við 1. umr. málsins í Nd. Og ég vil einnig leyfa mér að vísa í þessu sambandi til umsagnar um málið í ræðu þeirri, sem hæstv. utanrrh. flutti í sambandi við umr. um vantraust á fyrrv. ríkisstj. Báðar þessar ræður segja í veigamestu efnum það, sem vakti fyrir fyrrv. ríkisstj. með flutningi málsins.

Meginefni þessa frv. er, eins og öllum er kunnugt um, gengisfellingin. Það er áreiðanlega sameiginleg skoðun allra, sem sæti eiga í núverandi ríkisstj., að gengisfellingin sé út

af fyrir sig neyðarúrræði. Að samt sem áður er borin fram till. um, að gengi ísl. kr. verði fellt, og hún studd af miklum meiri hluta Alþ., stafar af því, að þessi meiri hluti þingsins er sammála um það, að það sé engu öðru fram að tefla, sem líklegra sé til þess að bægja frá dyrum þjóðarinnar þeim voða, sem ella eru taldar líkur til, að muni steðja að.

Það yrði of langt mál að rekja ræturnar, sem liggja að þessari till., sem hér er fram borin. Ég geri ráð fyrir því, að sanngjarnir menn nú, og þeir, sem síðar dæma um þetta, muni allir viðurkenna, að ræturnar sé fyrst og fremst að rekja til þess ölduróts í öllu atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar, sem skapaðist hér á öndverðu ófriðartímabili síðustu heimsstyrjaldar og stöðugt fór vaxandi, eftir því sem á ófriðinn leið. Á vegi okkar Íslendinga urðu þá mörg fjármálafyrirbrigði, sem ég hygg, að þeim, sem meira vit hafa og reynslu í þessum efnum heldur en við, hefði einnig orðið hált á. Afleiðingin varð þá líka sú, að um leið og þjóðin efnaðist mjög verulega, þá hefur hún að sama skapi meira og meira orðið að kenna á verðbólgunni, sem loks hefur færzt svo í aukana, að öllum hugsandi mönnum hrýs hugur við, enda er svo komið, að það er ekki lengur hægt að loka augunum fyrir því, að hættan, sem af verðbólgunni stafar, vofir alvarlega yfir okkur.

Þeir menn, sem fastast stóðu með þeirri ríkisstj., sem kölluð var nýsköpunarstjórnin, töldu hana hafa allt sér til ágætis unnið og ekkert til miska. Þeir aftur á móti, sem stóðu gegn henni, töldu, að hún hefði lítið sér til sóma gert, en því fleira til vansæmdar, og veittu henni oft allhart aðkast fyrir óvarfærni í fjármálum, sem þeir töldu hana seka um, og fyrir að hafa eytt fjármunum ríkisins án nægilegrar varfærni. — Ég er ekki rétti maðurinn til þess að skera úr málum í þeim deilum. En ég mundi segja það sama í dag eins og hreyfði sér í mínu hjarta oft og einatt, meðan sú ríkisstj. sat að völdum, að báðir þessir aðilar — þeir, sem segja, að hún hafi margt vel gert og forðað frá mörgum vanda með sínum framkvæmdum, og hinir, sem segja, að hún hafi ekki haft næga forsjálni í fjármálunum í öllum efnum — ég hygg, að báðir þessir aðilar hafi nokkuð til síns máls.

Það er eins um þá ríkisstj., sem tók við, þegar nýsköpunarstjórnin svokallaða lét af völdum, 1947. Á verk þeirrar stjórnar, eins og annarra ríkisstjórna, hefur verið bent, og sumir halda fram, að hún hafi náð miklum og góðum árangri og verði ekki um neitt sökuð, er miður fari. Aðrir segja, að þeirri stjórn hafi fatazt tökin í ýmsum og verulegum efnum, þannig að þær vonir, sem við hana voru tengdar, hafi ekki rætzt. — Ég hygg, að um þessa dóma megi segja hið sama og um hina fyrri, er ég nefndi, að báðir hafi nokkuð til síns máls.

En hvernig svo sem menn vilja um þetta deila, þá held ég, að allir — allir — séu sammála um það, að eins og nú er komið sökum, hverjum sem um er að kenna — og menn hafa að mínu viti varið allt of miklum tíma til vísindalegra rannsókna á því —, þá sé það höfuðmarkmiðið, sem keppa þurfi að, að finna hina farsællegustu lausn vandamálanna, sem að þjóðinni steðja. Ég tel, að allt of miklum tíma og erfiði hafi verið varið í það að reyna að finna út, hverjum sé um það að kenna, sem miður hefur farið, sem þeir, sem það hafa fundið, hafa svo neitað að viðurkenna opinberlega, heldur hafa menn sagt, að það væri þeim aðilanum að kenna, sem þeim hentaði pólitískt bezt. En ég tel, að allt of litlum tíma hafi verið í það varið að ná samkomulagi um farsællegustu lausn málanna á hverjum tíma. Ég vil að mínum hluta ekki færast undan minni ábyrgð í þessu efni. Og ég vil segja sem aðalatriði í þeim efnum, að ég tel, að það sé sameiginlegt mark á okkur, sem á Alþ. höfum verið síðasta áratuginn, að enginn okkar hafi séð og enn síður sagt, hvað væri hin eina rétta lausn í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að okkur hefur skort yfirsýn yfir málið. Við höfum ekki haft nægilega menntun og reynslu til þess að geta gert okkur glögga heildargrein fyrir allri aðstöðunni. Þetta er mín skoðun í málinu, og hygg ég, að hún sé ekki fjarri sanni.

Það varð hlutskipti ríkisstjórnar Sjálfstfl., sem sat að völdum í tæpa þrjá mánuði, að bera fram till. í þessum efnum. Og það eru þær till., sem fram eru bornar í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr. Þessar till. hafa sætt allmikilli gagnrýni. Ég held, að ég hafi lög að mæla, þegar ég staðhæfi, að sú gagnrýni á í meginatriðum ekki við rök að styðjast. Ríkisstj. hefur fremur litlu svarað til þessari gagnrýni. Það stafar fyrst og fremst af því, að málið er í aðalefnum ákveðið með samningum á milli stjórnarflokkanna. Það hefur verið sagt um þetta mál m. a., að það hafi verið illa undirbúið. Ég get með engu móti viðurkennt það, því að ég hygg, að fá mál hafi verið betur undirbúin á síðari árum en þetta mál. Ég get í þeim efnum sérstaklega vísað til þess, sem hæstv. utanrrh. sagði í ræðu þeirri, sem ég áður gat um, er hann flutti í sambandi við vantrauststill. Þar skýrði hann frá því, að stjórn lýðræðisflokkanna, sem sat að völdum 1947—1949, undirbjó þetta mál að því leyti, að samkv. upplýsingum hæstv. utanrrh., eftir að hann hafði átt viðræður við dr. Benjamín Eiríksson í Ameríku, þá var hann hingað kvaddur, þeirri ríkisstj. til ráðuneytis, og samdi hann um málið í heild mjög merkilegt álit, þar sem menn öðluðust miklu meiri yfirsýn yfir málið í heild en menn áður höfðu haft. Og ég hygg, að það sé ekki of mælt, að allir ráðherrarnir í fyrrv. ríkisstj. voru nær daglega að einhverjum störfum í sambandi við lausn þessa máls. Að því er mig snertir, held ég, að ég hafi varið í þessa þrjá mánuði, sem ég fór með stjórnarforustuna nú síðast, meiru en helmingi af mínum vinnudegi að jafnaði, annaðhvort með hagfræðingum, sem fjölluðu um málið, eða með hæstaréttardómurum, sem klæddu frv. í búning. Ég held þess vegna, að það sé ómaklegt að segja, að málið sé illa undirbúið. Og flokkur fyrrv. ríkisstj., Sjálfstfl., hefur eins gert sitt til þess að tryggja málinu framgang,

með því að taka höndum saman við þann flokk, sem vitað var, að stóð skoðanalega næst okkur í þessu máli. Og ég býst við, að það megi segja um báða núverandi stjórnarflokka, að þeir hafi viljað sýna og sanna hug sinn í þessum efnum, lýsa þeirri skoðun sinni, að það sé þörf róttækra aðgerða, og lýsa þeirri skoðun sinni, að engar róttækar aðgerðir komi að haldi aðrar en þær, sem bornar eru fram í frv. fyrrv. ríkisstj., — þetta hafi þeir viljað sýna og sanna með því að hefja stjórnarsamstarf, til þess að tryggja þessum till. framgang.

Um efni frv., gagnrýnina á því og breyt. að öðru leyti skal ég segja þetta: Það er af öllum viðurkennt, að hér er aðgerða þörf. Það er af öllum viðurkennt, að í raun og veru sé aðeins um þrjár leiðir að ræða. Það er í raun og veru af öllum viðurkennt, að af þessum þremur leiðum séu tvær orðnar lokaðar. Og þá er einungis sú þriðja eftir. Það er staðreynd, að hér á Alþ. er enginn, sem trúir á það, að lengur sé hægt að leggja á þegna þjóðfélagsins sívaxandi skatta, til þess með þeim að halda áfram útflutningsuppbótunum. Menn sannfærðust, þegar menn sáu framan í það, að nú þyrfti enn þá að leggja á margra milljónatuga skatta á þessu þingi, ef halda ætti þeirri leið áfram að bæta upp útflutningsvörurnar, — menn sannfærðust þá um það, ef menn gerðu það ekki fyrr, að slíkt var ekki hægt að halda áfram með. Það er einnig staðreynd, að við samanburð á hinum tveimur leiðunum, verðhjöðnunarleiðinni annars vegar og gengisbreytingarleiðinni hins vegar, þá kom í ljós, svo að ekki er hægt að bera brigður á, að verðhjöðnunarleiðin lagði miklu þyngri byrðar á almenning í landinu, sérstaklega launþega, heldur en gengisbreytingarleiðin. Þetta kom í ljós, svo að ekki varð um deilt, og enn fremur, að verðhjöðnunarleiðinni fylgdu aðrir slíkir annmarkar, að einir hefðu nægt til þess, að menn hefðu hikað við að velja þá leið. Og þá var ekki annað eftir en að hverfa að gengislækkunarleiðinni, með hennar göllum og kostum. — Ég hef ekki fengizt til að trúa því, að nokkur maður meinti það fjórða, sem hér hefur verið orðað, að það mætti taka verzlunargróðann og leiðrétta þær misfellur, sem hér hafa á orðið, með honum, eða leysa þann vanda, sem fyrir hendi er, með honum. Ég hygg, að það liggi fyrir hagfræðilegar skýrslur um það, að gróðinn í verzluninni hafi verið um 30 millj. kr. Það er deilt um það, hve mikið eigi að færast til útvegsins með ákvæðum þeim, sem þetta frv. hefur inni að halda, hvort það sé 80 millj. kr. eða hvort það nái jafnvel 140 millj. En hvort sem það eru 80 millj. eða 140 millj. eða eitthvað þar á milli, þá læknar enginn þann vanda, sem fyrir hendi er, með 30 millj. kr. á ári, þó að þær væru lagðar á borðið. En ég hygg, að enginn haldi því fram, að þó að ríkisverzlun yrði tekin upp, þá yrði hún rekin kostnaðarlaust. Við höfum Innkaupastofnun ríkisins, og hún sýnir, að það er ekki hægt að reka landsverzlun ríkinu að kostnaðarlausu. Og það mundi verða aðeins eitthvert brot af þessum 30 milljónum, sem talið er, að sé gróðinn af innflutningsverzluninni, sem kæmi inn sem hreinn ágóði af landsverzlun. Og ég ætla, að hagnaðurinn yrði svo sem enginn af landsverzlun, sem mundi skapast við það, að nokkrir menn með takmarkaða hæfileika og takmarkaða þekkingu ættu að inna af hendi þau verzlunarstörf í þessum efnum, sem nú gera margir menn, reyndir með mikla viðskiptaþekkingu, ýmist sem forstöðumenn samvinnuhreyfingarinnar eða forstöðumenn kaupmannaverzlana, þeirra er við innflutning fást.

Ég held þess vegna, að það sé satt, að í hjarta sínu greini menn í raun og veru ekki á um það, að það sé þessi leið, sem fyrir hendi sé, sem kemur fram í frv., og engin önnur. Ég held, að það sé staðreynd. Og mér er ekki kunnugt um, að neinir hagfræðingar haldi öðru fram, í hvaða flokki sem þeir eru. Og það, sem ágreiningur er um, viðkomandi þessari leið hér á hæstv. Alþ., held ég að sé út af mismunandi trú manna á haldgæði þeirra ráðstafana, sem um er að ræða, þó að menn hins vegar játi, að engin önnur leið sé til betri.

Og ég fyrir mitt leyti skal játa, að ég tel, að það geti mjög orkað tvímælis, hvort ekki er of langt gengið í 7. gr. til móts við kröfur launþega. Þetta atriði var mjög til umr. í viðræðum við hagfræðingana, sem undirbjuggu þetta frv. En ákvæði 7. gr. miðuðu öll að því að ganga eins langt og auðið er til móts við kröfur launþega í landinu. Ég játa, að það kom þá mjög fram, og þá fyrst og fremst af hálfu hagfræðinganna, að það mundi geta talizt nokkur hætta á því, að þar væri of langt gengið, þannig að það orkaði nokkuð tvímælis, hvort sjálfri höfuðhugmynd frv. væri ekki teflt í voða með þeim ákvæðum. Hins vegar var það einlægur vilji fyrrv. ríkisstj. að reyna á allan hátt að koma til móts við óskir og kröfur launþeganna, og þess vegna var að þessu ráði hnigið.

Í öðru lagi hygg ég, að ágreiningur sá, sem er um þetta mál innan veggja Alþ., stafi frá þeirri tilhneigingu þeirra manna, sem í sannleika trúa því, að ekki sé um aðra leið að ræða út úr ógöngunum en þá, sem fram kemur í frv. þessu, að þeir vilji nota málið, ef þess yrði kostur, sér til pólitísks ávinnings, og að mínu viti meira en hyggilegt er, og kannske líka meira en þorandi er. Það kunna líka að vera þeir menn til, sem ekki óski þess, að hægt verði að verjast þeim glundroða, sem fram undan er, ef ekki verður að gert. Og það er náttúrlega ekki eðlilegt, að þeir kæri sig um réttar ráðstafanir.

Að öðru leyti vil ég um allt þetta vísa til álits hagfræðinganna, sem fylgir frv., og svo til þeirra ræðna, sem ég hef nefnt og fluttar hafa verið af hendi Sjálfstfl.

Varðandi minni háttar gagnrýni um þetta mál vil ég fyrir mitt leyti fúslega viðurkenna, að mér finnst hún að sumu leyti rétt. Mér finnst nauðsynlegt að rétta hag námsfólks, sem stundar nám erlendis. Og mér finnst ekki sanngjarnt að láta hæst launuðu mennina í landinu, yfirmennina á togurunum, hljóta stórkostlegar launahækkanir, sem þeir fengju að frv. óbreyttu. Og ég get kannske nefnt ýmislegt

fleira, sem ég teldi, að vel mætti betur fara af minni háttar atriðum. Sumt af gagnrýni á frv. hefur verið tekið til greina. En ég veit það og allir hv. alþm., að þegar slíkt stórmál er á döfinni og þegar mynduð er ríkisstj., sem semur um slíkt mál í öllum höfuðatriðum, þá þýðir ekkert fyrir einn þm., eins og mig, að ætla að gera sig góðan og segja: Þetta vildi ég, en svo voru það hinir, sem vildu það bara ekki. — Og sama tel ég gilda um aðra hv. þm. Það þekkja allir þm., sem á þingi eru, að þetta er ekki hægt að gera. Og ef það væri svo, að einn þm. segðist vera með þessu og annar þm. með hinu o. s. frv., en hv. þm. vildu ekki semja sig að samkomulagi milli flokka, þá gæti það orðið til þess, að allt málið færi úr reipunum og allar tilraunir þeirra, sem að frv. standa, yrðu að engu gerðar.

Um breyt., sem hafa orðið á frv. í sumum efnum og gerðar eru að undirlagi og fyrir atbeina Sjálfstfl. og Framsfl., vil ég segja fyrir mitt leyti, að ég get í sjálfu sér kannske vel unað þeim öllum. En ég vil ekki fara dult með það, að ég er dálítið hræddur við afleiðingarnar af breyt. á 3. gr. Við viðurkennum allir, að það er svo sem ekki áhyggjuefni út af fyrir sig, að svona upphæð, gjaldeyrishagnaðurinn, fari til jafnþarfra ráðstafana eins og um ræðir í 1., 2. og 3. tölul. 3. gr. En hið eina í þessu, sem ég a. m. k. persónulega — og ég veit ekki, nema ég segi það fyrir hönd sjálfstæðismanna allra í ríkisstj. og flokksins kannske að verulegu leyti, þó að ég hafi ekki umboð til að segja það — ber nokkurn kvíðboga fyrir, er, að þessi ráðstöfun á gengishagnaðinum vinni á móti þeim megintilgangi, sem frv. byggist á, sem er, að fjárfesting verði á hverjum tíma jöfn sparifjármynduninni í þjóðfélaginu. Þetta er hyrningarsteinninn undir gildi þessara laga. Hér er kastað nokkurri fjárfúlgu umfram sparifjármyndunina til fjárfestingar. Því er ekki að leyna. En við höfum talið, að hér sé ekki um svo stóra fjárfúlgu að ræða, að af þessu þurfi að leiða hættu. Þeir, sem með þetta fé eiga að fara, eru kunnir að því að gæta varúðar í lánveitingum. Og að sjálfsögðu er sú hætta, sem kynni að vera færð yfir megintilgang þessara laga, sem frv. er um, með þessum ákvæðum, því minni því lengri tími sem líður, þar til lokið er ráðstöfun þessarar fjárfúlgu til þeirra framkvæmda, sem 3. gr. gerir ráð fyrir.

Hvað breyt. á 12. gr. viðkemur, vil ég segja það, að það er náttúrlega frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna þannig, að það má náttúrlega alltaf deila um það, hvað eðlilegt sé, að við viljum ganga langt í því að leggja stórfellda skatta á þær eignir, sem sleppa í gegnum hinn þröngva möskva skattalaganna, því að enginn neitar því, að skattalögin íslenzku — ef þau eru haldin og þar sem þau eru haldin — þau sleppa tiltölulega litlum hluta af gróða yfir í hendur einstaklinga. Það er náttúrlega alltaf álitamál, hvað á að höggva djúpt í þann gróða, sem mönnum kann í hendur að berast. En ég vil, að mönnum sé það ljóst, að sú er ekki hugsun okkar sjálfstæðismanna, að þó að ekki sé tekinn allur gróði af mönnum, heldur fái menn að halda honum að nokkru, þá viljum við það vegna þess, að við óskum, að maður, sem á eina milljón kr., geti grætt aðra milljón, það er ekki hlutskipti okkar sjálfstæðismanna í stjórnmálunum að hlynna að auðsöfnun út frá því sjónarmiði. En meðan við aðhyllumst einstaklingsrekstur, þ. e. að atvinnurekstur sé í höndum einstaklingsins, þá hljótum við að gjalda varhuga við ráðstöfunum, sem brjóta niður möguleikann fyrir einstaklinginn til að standa undir misæri og íslenzku hallærisárferði, og þá beinlínis í þeim megintilgangi að hindra það, að misærið skapi atvinnuleysi. Stjórnmálaflokkarnir í landinu kveðast berjast allir fyrir því að tryggja atvinnu fjöldans. Og ég vil ekki gera neinum getsakir um það, að við meinum það ekki allir jafneinlæglega. Við viljum gera þetta með ýmsum aðferðum. Sjálfstfl. byggir á einstaklingsframtakinu og segir: Ef við brjótum niður möguleika atvinnurekandans þegar illa árar til þess að halda uppi atvinnulífinu, þá erum við að brjóta niður atvinnu almennings í landinu. Og frá þessu sjónarmiði hljótum við eðlilega að skoða hug okkar, þegar þungur skattur skal lagður á þær eignir, sem sloppið hafa gegnum hinn þrönga möskva skattalaganna. — Ég held, að þetta, sem hér er farið fram á í 12. gr., ef það er gert í eitt skipti fyrir öll, þá sé það viðunandi. Framsfl. hefur þá líka jafnframt fallizt á, að niður falli eignaraukaskatturinn. Ég játa, að ég veit ekkert, hvað það gildir. Ég er ekki maður til að dæma um það. En ég er maður til að dæma um það, að flokkur, sem vill einstaklingsrekstur, getur ekki fallizt á, að rétt sé að leggja 25% eignarskatt ofan á 30% eignarskatt. Vegna einstaklingsins, sem á að borga þennan skatt, mundi þetta ekki valda mér neinum andvökum. En sjónarmið okkar sjálfstæðismanna hefur þá heldur ekki verið það, hvað einstaklinginn, sem greiðir skattinn, snertir fyrst og fremst, heldur hvað óhætt væri að gera vegna almennings, sem á atvinnu sína undir því, að einstaklingurinn guggni ekki. Ég geri ráð fyrir, að þessi skattur, sem nú er lagður á með 12. gr., sé nokkurt einsdæmi, þ. e. að svo þungur skattur sé lagður á eignir manna. En sem sagt, það voru ekki till. okkar. Okkar till. voru að fara í 12% mest með þennan skatt og að hann legðist á aðrar og minni eignir en nú er ákveðið. Framsfl. beitti sér fyrir hinu, sem hér er komið inn í frv. Og mér finnst, að hans ráð í því hafi ekki verið óaðgengilegra en svo, að vel mætti fallast á það til samkomulags, enda var hér að mínu viti miklu meira í húfi en það, hvort þessi skattur væri nokkrum hundraðshlutum hærri eða lægri, og það einfaldlega vegna þess, að mín skoðun er það, og okkar sjálfstæðismanna, og ég hygg framsóknarmanna einnig, að ef ekkert samkomulag hefði náðst milli þessara flokka, heldur ríkt óeining, sem orðið hefði til þess að tefla okkur alþm. eins og peðum í refskák, þá hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum, þá hefði ekki náðst eining um neitt afgerandi í málinu. Það, sem er frumskilyrði þess, að eining náist

um málið og að þetta frv. nái gildi, er, að hægt sé að semja um málsatriðin. En ef ekki hefði náðst samkomulag um málið, og þá að sjálfsögðu ekki heldur um annað mál þessu tengt, og á ég þar við fjárl., þá hefði hér ríkt glundroði, til bölvunar fyrir þjóðfélagið og einstaklinga þess. — Það er því minn dómur, að í aðalatriðum sé frv., með þeim breyt., sem Framsfl. hefur barizt fyrir, mjög vel aðgengilegt, þó að það sé ekki í einu og öllu eins og við sjálfstæðismenn hefðum kosið, enda býst enginn við því, sem þekkir til samninga milli flokka, að þegar tveir flokkar, sem lengi hafa deilt og hafa ólík sjónarmið í ýmsum efnum, semja um stjórnarmyndun, þá geti annar flokkurinn risið upp og sagt um það, sem samið er loks um: Þetta er einmitt allt, sem ég vildi; nú er frv. orðið eins og ég óskaði eftir. — Það ætlast enginn til þess. Skal ég svo ekki orðlengja um þetta frekar.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég lít enn svo á, að okkar þjóð sé betur fær um að mæta lífsbaráttunni nú en nokkur önnur kynslóð í þessu landi hefur verið, allt frá landnámstíð, og það svo ósambærilega miklu betur sett í því efni en nokkur önnur kynslóð allt frá landnámstíð, og að okkur stafi langmest hætta af sjálfskaparvítunum, enda þótt ég viðurkenni, að verðfallið á erlendum markaði geti valdið okkur margvíslegum örðugleikum. En það er ekki meira en svo, að okkur á að vera í lófa lagið að sigrast á þeim örðugleikum, ef við erum sammála og samtaka. Og þær eru áreiðanlega teljandi þær þjóðir í veröldinni, sem hafa átt við eins góðan kost að búa eins og Íslendingar á síðustu árunum, meðan aðrir fórnuðu lífi sínu og eignum. Við urðum að vísu af styrjaldarástæðum að sjá af lífi margra okkar vöskustu sjómanna. En við hinir — og það gildir ekki sérstaklega um mig og aðra slíka, sem græddum peninga á þeim tíma, þó að þeir séu mikið farnir aftur, það gildir almenning í landinu — við lifðum miklu betra lífi en nokkur önnur kynslóð hefur lifað í þessu landi áður. Og enn stendur þetta þannig, að með þeim miklu tækjum, sem við höfum í höndum til atvinnurekstrar og ef við forðumst sjálfskaparvítin, þá er okkur að minni hyggju í lófa lagið að hafa betri lífsafkomu en margar og kannske flestar nágrannaþjóðir okkar geta veitt sínum þegnum. En það er skoðun okkar, sem í ríkisstj. erum, að þessir möguleikar renni þó út í sandinn, ef ekki eru gerðar ráðstafanir nú til þess að hindra þá verðbólgu, sem ógnar þjóðinni. Og það er okkar skoðun, að frv. það, sem hér er borið fram, sé í raun og veru eina ráðið til þess að bægja frá dyrum íslenzks almennings hinum forna höfuðfjanda fólksins, atvinnuleysinu, ásamt því böli, er því fylgir. Ef okkur mistekst þetta, ef við missum tökin og út um þúfur fara þær ráðstafanir til öryggis, sem frv. er ætlað að veita þjóðinni, og ef okkur tekst ekki að tryggja það, sem tryggja þarf í sambandi við þetta frv., þá er að mínu viti ekkert fram undan nema rúst í atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar og almennt atvinnuleysi og eymd í landinu. — Mér er sagt, að hv. form. Alþfl. hafi aðvarað stjórnarfl. í gær með allskeleggum orðum. Ég skal nú líka ljúka þessum orðum mínum með því að aðvara hann og hans flokk um að taka ekki á sig þunga þeirrar ábyrgðar, sem leiðir af því, ef þessar tilraunir, sem hér er komið fram með, mistakast. Ég beini máli mínu sérstaklega til þeirra, vegna þess að ég veit, að þeir vilja af góðum hug standa að því að verja almenning í landinu fyrir atvinnuleysisbölinu og verja þetta þjóðfélag hruni. Ég beini mínum aðvörunum til hans með ekki minni þunga en hann beindi sínum aðvörunum til okkar í gær. Hann gerði það í nafni alþýðunnar. Ég beini mínum aðvörunarorðum í nafni íslenzkrar alþýðu til hans og hans flokks.

Ég vil svo leyfa mér að vona, að þetta frv. fái nú eins fljóta afgreiðslu og auðið er í þessari hv. d., vegna þess, hversu mjög það er rætt í hv. Nd. og hversu mjög það er rætt innbyrðis milli flokkanna, og ekki síst vegna þess, að það er nú svo komið í þjóðfélaginu, að margvíslegur vandi steðjar að daglega og bíður sinnar lausnar, þar til frv. hefur náð fram að ganga. Frv. er tryggt fylgi Alþ. Ég bið alla góða menn að reyna að tryggja því fylgi með þjóðinni og reyna að hindra, að almenningur af misskilningi rísi gegn ráðstöfunum þess, sem fyrst og fremst eru fyrirhugaðar og gerðar til þess að vernda hagsmuni almennings í landinu.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Við skulum fyrst athuga, hver eru aðalatriði þessa frv. Þau eru að því er mér virðist þessi:

1. Gengið skal lækka um 42,6%, þ. e. innkaupsverð erlendrar vöru skal þar með hækka um 74,3%. Hagfræðingar ríkisstj. fyrrverandi og væntanlega þessarar líka, sem nú situr, halda því fram, að þetta hafi í för með sér 11—13% verðhækkun, og þó að þetta væri rétt, sem hagfræðingarnir halda fram, þá er það engin smávegis kjararýrnun fyrir lágtekjumenn. Fyrir Dagsbrúnarverkamann þýðir 13% hækkun á verðlagi almenna kauplækkun, sem nemur kr. 1,06 um tímann, eða um kr. 8,50 á dag. En þessi útreikningur er í hæsta máta tortryggilegur, yfirborðslegur og fljótfærnislegur. Hagfræðingur Landsbankans, Klemenz Tryggvason, sem er miklu kunnugri íslenzkum efnahagsmálum en þessir menn (Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson), og þar að auki samvizkusamur, telur, að hækkunin geti orðið 15—18% og sennilega meiri, allt að 20%. Þegar við bætist verðhækkun sú, sem orðið hefur og verða mun vegna gengisfellingar dollarans í haust, þá held ég að það sé mjög varlega í sakirnar farið að áætla kjararýrnunina a. m. k. 20% eða ⅕. Það jafngildir kr. 1,85 kauplækkun um tímann fyrir Dagsbrúnarverkamann, eða kr. 14,80 á dag. Það hefur verið bent á það áður hér í þessari hv. d., að ef Dagsbrúnarverkamaður hefði fimm manns í heimili og vinnu allt árið, þá kemur minni upphæð á hvern einstakling, sem hann hefur á framfæri núna, en sem svarar fullum lífeyri til

gamalmenna og öryrkja. Það heldur víst enginn því fram, að menn séu of sælir með 1200 kr. lífeyri í grunn á ári, eins og öryrkjar og gamalmenni hafa eftir tryggingal., ef þeir hafa fullan lífeyri, ekki sízt ef verðlag hefur verið hækkað sem nemur ½. Hvað segja menn þá um afkomu Dagsbrúnarverkamanns, þegar búið er að lækka kaup hans um allt að 20%? Er það rétt, að íslenzka þjóðin sé svo illa á vegi stödd, að hún verði að búa þegnum sínum, sem vinna að framleiðslu verðmætanna, slík smánarkjör? Ég kem að því seinna að athuga það.

Sparifé rýrnar að sama skapi, þ. e. a. s. það rýrnar um 42,6% gagnvart erlendum gjaldeyri og um allt að 20% að því er snertir kaupmáttinn innanlands. Þetta er svo bætt upp aðeins með litlu broti af verðmætisrýrnuninni, — af sparifé, sem myndazt hefur fyrir 1941 og ekki hefur verið tekið út síðan, en það sparifé, sem síðan hefur myndazt, er ekki bætt. Sparifjármyndunin frá því fyrir 1941 er svo lítil, að ekki skiptir máli fyrir allan almenning.

2. Í orði kveðnu er gert ráð fyrir nokkrum kaupuppbótum til launþega til miðs ársins 1951, þó aðeins á 6 mánaða fresti eftir 1. júlí 1950, en minni verðhækkun en 5% ekki tekin til greina. Enn er fundin upp ný fölsun á vísitölunni til þess að gera þessar uppbætur að engu eða þá svo smáar, að ekki munar um þær að neinu ráði. Inn í vísitöluna á nú að taka hæstu húsaleigu, eða húsaleigu í húsum, sem byggð eru eftir 1945, og enn fremur verð á kjöti án frádráttar á kjötstyrk, sem bendir til þess, að í ráði muni vera að afnema hann. Þannig er vísitalan komin nokkuð hátt á fimmta hundrað stig, þegar hún er þannig „leiðrétt". En þetta eiga launþegar að fá í engu bætt, heldur á núgildandi kaup, sem er miðað við vísitöluna 300, að heita grunnkaup eftirleiðis, og eftir að búið er að ræna launþega þeirri kauphækkun, sem þeim ber vegna hækkandi húsaleigu undanfarin ár, þá á loks að taka það inn í vísitöluna, ekki til þess að launþegar njóti þess, sem hún hefur hækkað, heldur öfugt. Með þessu vinnst það, að hækkun á erlendri vöru vegur minna en ella. Hreyfing verðlagsins er enn á ný fölsuð með tilfæringum á vísitölunni, ekkert er svo auðveldara en að svipta launþega þessari uppbót með öllu með því að halda áfram hinni gamalreyndu aðferð að falsa vísitöluna með niðurgreiðslum, sem koma allt öðruvísi út í vísitöluútreikningnum en í hinum raunverulega framfærslukostnaði. Þegar þar að kemur, að launauppbætur verða aðeins greiddar á 6 mánaða fresti, þá þarf svona kerfi ekki að hafa mikinn kostnað í för með sér.

Við þetta bætist svo, að ef eitthvert verkalýðsfélag hækkar grunnkaup sitt, þótt ekki sé nema um nokkra aura, þá fyrirgerir það rétti sínum til þessara launauppbóta.

Í frv. er einnig ákveðið, að ef eitthvert verkalýðsfélag hækkar kaup sitt, a. m. k. ef um nokkra almenna kauphækkun er að ræða, þá skuli kauphækkanir jafnharðan gerðar að engu með nýrri gengislækkun, sem ríkisstj. er heimilað að framkvæma í samráði við Landsbankann, án þess að samþykki Alþ. komi til. M. ö. o., gengisskráningin er tekin úr höndum Alþ. og afhent ríkisstj. og Landsbankanum. Þetta er náttúrlega engin smáræðis breyt., þetta er stórviðburður og alger nýjung í íslenzkri löggjöf og íslenzku efnahagslífi. Og ekki nóg með það, að þetta vald sé í höndum ríkisstj. og Landsbankans, heldur er beinlínis skylda að beita þessu valdi til að gera allar kauphækkanir að engu. M. ö. o., það er viðurkennt opinberlega, að það skuli beita ríkisvaldinu og Landsbankanum sem tæki í stéttabaráttunni gegn verkalýðnum. Þetta hefur að vísu verið gert undanfarin ár, en þetta er viðurkenning, sem ekki hefur komið fram áður, heldur þvert á móti allt tal um það, að ríkisvaldinu væri beitt þannig í stéttabaráttunni, verið talinn rógur og óviðeigandi, en nú er það viðurkennt sem hlutverk ríkisvaldsins og Landsbankans.

3. Verðtollurinn er hækkaður mjög verulega, og veldur það verðhækkunum, sem bætast ofan á þær, sem verða af völdum gengisbreytingarinnar.

4. Ákvæði um eignarskatt, sem ekki skiptir máli um lausn vandamálsins, en á að sýnast sem lítils háttar tilburðir gagnvart þeim, sem mestan beinan gróða hafa af gengislækkun. Ákvæðunum um eignarskatt samkvæmt 12. gr. er þó svo haganlega fyrir komið, að mörgum stóreignamönnunum mun hægt um vik að sleppa við hann með öllu, enda er þess vandlega gætt að gera enga áætlun um skattinn. Það er ekki minnzt á það í grg., hverju skatturinn muni nema. Klemenz Tryggvason hagfræðingur hefur bent á, að jafnvel milljónarar geta komizt hjá að greiða eyri í skatt, samkv. frv. eins og það kom frá fyrrv. ríkisstj., ef þeir eiga nóga framtakssemi til þess að skipta eignum sínum á hlutafélög. Nafngiftirnar, sem hann valdi þessum skattafyrirmælum, voru „viðundur" og „skrípalæti".

Þessum ákvæðum var breytt nokkuð. Hundraðstala skattsins hefur verið hækkuð nokkuð á hæstu gjaldendum og nú skal hann lagður á einstaklinga en ekki félög. Þetta virðist vera eina tilslökunin, sem Framsókn hefur fengið við stjórnarmyndunina. En það er aðeins sýndartilslökun, því að samtímis er eignaraukaskatturinn frá 1947 felldur niður — fórnin mikla, sem eignamennirnir áttu þá að færa, þegar launþegarnir voru rændir verðlagsuppbótinni af því, sem vísitalan fór fram úr 300 stigum. Og nú geta stóreignamennirnir sloppið við skattinn, eða gert hann að smámunum einum, ef eignirnar skiptast á nógu marga einstaklinga, t. d. ef fjölskyldan er nógu stór, þegar um fjölskylduhlutafélög er að ræða. Það er að öllu samanlögðu vafamál, hvort meira fé fæst inn með þessum nýju ákvæðum en hinum fyrri.

Nú er spurningin: Hvaða vandamál eru það í íslenzku atvinnulífi, sem þarf að leysa? Verða þau leyst með slíkum ráðstöfunum? Er nauðsynlegt að rýra svo stórkostlega afkomu þeirra, sem vinna og framleiða í landinu, til að leysa þau?

Vandamálin, sem þarf að leysa, eru þessi: Það

er hallarekstur á allmiklum hluta útgerðarinnar og horfur á, að hún dragist mjög saman. Það þarf að tryggja rekstur hennar. Enn fremur: Það er gjaldeyrisskortur og þar af leiðandi vöruskortur í landinu og verðlag er mjög hátt, og fer hækkandi. Úr þessu þarf að bæta.

Til þess að hægt sé að finna lækningu, sem að gagni kemur við meinunum, þarf að finna orsakir þeirra. Hverjar eru þær?

Höfuðorsökin fyrir hallarekstri útgerðarinnar og vöruskortinum er hin sama: minnkandi markaðir. Hver er ástæðan fyrir því? Ástæðan er sú, að meginviðskipti Íslands eru við lönd, þar sem kreppa er í uppsiglingu og eru í sívaxandi mæli að verða sjálfum sér nóg að því er fiskveiðar snertir. Markaðsvandræðin eru ekki fyrst og fremst spurning um verð. Horfur eru á, að ekki verði hægt að selja neitt af frystum fiski til Englands og lítið eða ekkert til Vestur-Þýzkalands og sáralítið til annarra Marshalllanda. Það er talið af þeim, sem kunnugir eru, að alls getum við ekki gert okkur vonir um að selja meira en 15 þúsund tonn af frystum fiski í ár, eða rúml. helming eðlilegrar framleiðslu. Sölumöguleikarnir á ísfiski eru hinir iskyggilegustu. Um skeið hafa togararnir ekki komið með neinn gjaldeyri heim úr Englandsferðum. Undir slíkum kringumstæðum er bersýnilegt að gengislækkun kemur að engu haldi. Um sölu á saltfiski er allt í óvissu.

Höfuðvandamálið er því að afla nýrra markaða. Undir því er hagur útgerðarinnar kominn. En það verður ekki gert með gengislækkun.

Rekstrarkostnaður útflutningsatvinnuveganna er of hár og meginþátturinn í þessum háa rekstrarkostnaði er hin mikla dýrtíð í landinu. Hver er orsök hennar?

Hagfræðingar ríkisstj. hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að orsökin sé of háar tekjur hins vinnandi fólks í landinu bæði vegna of hás kaupgjalds og of mikillar fjárfestingar. Að þessari niðurstöðu hafa þeir komizt með eftirfarandi röksemdafærslu:

Fyrst ber okkur að meðtaka þann vísdóm, að heildarvöruverð þeirra vara, sem keyptar eru í landinu, er alltaf jafnhátt og þær tekjur, sem þær eru keyptar fyrir. M. ö. o.: ég hef tvær jafnar stærðir, og þær eru jafnar. Ef ég dreg einn frá einum, fæ ég núll. Hin almenna formúla „lögmálsins" virðist vera X—X=0.

Út frá þessu „vísindalögmáli", sem hagfræðingarnir hafa fundið af vísdómi sínum og speki, draga þeir mjög víðtækar ályktanir. Hin fyrsta er þessi: Það er alveg sama, hvort verkalaun eru há eða lág að krónutali. Útkoman verður sú, að það fæst jafnmikið fyrir þau. Það er ekki hægt að hækka hið raunverulega kaup verkalýðsins í heild. Ef einhver hópur launþega hækkar laun sín, þá er hann aðeins að taka það frá öðrum launþegum. Þetta er margendurtekið í áliti þeirra, sem fylgdi greinargerð frv. Á bls. 52 stendur: „Skyldi koma til almennra kauphækkana, þrátt fyrir þau rök, sem færð hafa verið í þessari greinargerð og víðar, sem sýna, að með almennum kauphækkunum eru launþegarnir fyrst og fremst að taka hver frá öðrum, þarf að vera búið svo um hnútana, að gengislækkunin komi samt að fullu gagni." Á bls. 55 stendur: „Launþegasamtökin geta ekki bætt afkomu allra launþega með almennum kauphækkunum, en þau geta bætt afkomu einstakra hópa launþeganna, á kostnað þeirra í heild sinni, þar með talið þeirra, sem vinna í útflutningsframleiðslunni." Og á bls. 57: „Kaupstreitan svokallaða er í rauninni innbyrðis barátta um skiptingu þjóðarteknanna milli launastéttanna, en hefur, þegar til lengdar lætur, lítil eða engin áhrif á skiptingu þjóðartekna milli launþega og atvinnurekenda, þótt svo kunni að virðast við fyrstu sýn", o. s. frv. sama tuggan, með lítið eitt breyttu orðalagi. Að vísu er gert ráð fyrir, að ofurlítið af slíkum launahækkunum kunni að vera tekið af útflutningsframleiðslunni. En í rauninni aðeins í fyrstu umferð, því að það leiðir til aukins hallarekstrar og þar af leiðandi aukinnar verðþenslu og hækkaðs verðlags.

Undir forustu Ólafs Björnssonar prófesssors hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja krafizt allt að 36% launahækkunar fyrir starfsmenn hins opinbera og sættir sig ekki við minna en 20% hækkun. Samkvæmt kenningu hins sama prófessors er allt þetta fé tekið af öðrum launþegum og styrkþegum, munaðarleysingjum og ekkjum, og rennur drjúgur hluti þess til manna með 40—60 þús. kr. árstekjur. Hitt er svo annað mál, hvort starfsmönnum hins opinbera finnst líklegt, að aðrir launþegar hefðu mikinn áhuga fyrir að styðja þá í kjarabaráttunni, ef þeir tryðu þessu, og hvort þeim finnst vænlegt til samstarfs við önnur launþegasamtök að velja mann til forustu, sem heldur slíkum kenningum fram.

Önnur ályktun hagfræðinganna er þessi: Aukin fjárfesting leiðir aðeins til aukinnar verðþenslu. Það skapast fölsk kaupgeta og þar af leiðandi lækkun raunverulegra launa. Sama gildir um mikinn hluta þeirrar fjárfestingar, sem undanfarið hefur átt sér stað og talin er nema meiru en sparifjármyndun, afskriftum og óúthlutuðum arði.

Ráðið við hallarekstri og dýrtíð er því ofur einfalt, samkvæmt kenningu hagfræðinganna: Lægri laun og minni fjárfesting. Þessu er hægt að ná bæði með verðhjöðnun, þ. e. beinni kauplækkun, og með gengislækkun samfara miklum niðurskurði verklegra framkvæmda. Hagfræðingarnir mæla með síðari leiðinni.

Nú er það alveg augljóst, að kenningin um óumbreytanleik launanna getur því aðeins verið rétt, að tvennum skilyrðum sé fullnægt. Í fyrsta lagi, að engin breyting á skiptingu þjóðarteknanna milli framleiðslustéttanna geti átt sér stað, enginn tilflutningur á tekjum til vinnandi stéttanna frá atvinnurekendum í verzlun og framleiðslu og öðrum þeim, sem ekki vinna þjóðfélagslega nytsama vinnu, sé mögulegur. Annaðhvort hlýtur því að vera, að verkamenn og bændur og annað vinnandi fólk fær í sinn hluta allan afrakstur framleiðslunnar, eða hlutur atvinnurekenda, heildsala o. s. frv. er föst og óumbreytanleg stærð, sem ekki verður raskað. Í öðru lagi, að engin aukning hinna raunverulegu þjóðartekna geti átt

sér stað, engin aukning á verðmætum framleiðslunnar.

Til þess að ályktunin um fjárfestinguna geti staðizt, verður hvort tveggja að vera: Því fé, sem veitt er í fjárfestingu, er ekki skilað aftur í auknum verðmætum fyrir aukin afköst framleiðsluaflanna, og ekki eru til fjármunir í þjóðfélaginu til að leggja í fjárfestingu nema með aukinni seðlaútgáfu, sem rýrir verðgildi peninganna.

Kenningin um óumbreytanleik raunverulegs kaupgjalds á ekki aðeins við Ísland, heldur virðast þeir líta á það sem almennt lögmál. Þeir vitna m. a. í England og önnur nágrannalönd. „Verkamannastjórnir" þessara landa eiga að hafa fundið það út af sinni óvefengjanlegu vizku og góðvild, að hækkað kaupgjald geri engum gagn, heldur aðeins tjón.

Á bls. 55 í áliti þeirra stendur:

„Með almennum kauphækkunum reyta launþegarnir fyrst og fremst hver af öðrum, og það, sem umfram er, er af útflutningsframleiðslunni tekið... Það, sem sagt hefur verið hér að framan um stefnu verkalýðsfélaganna í kaupgjaldsmálum, gildir um almenna kaupgjaldshækkun. Lagfæring á kaupi hjá einstökum hópum launþega er að sjálfsögðu annars eðlis, þar sem þá er um að ræða innbyrðis afstöðu milli hinna einstöku launþegahópa. En það er slík afkoma, sem verkalýðsfélögin geta í raun og veru ráðið, en ekki hinni almennu afkomu. Væri leið almennrar kauphækkunar fær til þess að bæta afkomuna, hefði mannkynið farið þá leið til Gósen fyrir löngu síðan." Því næst er þó viðurkennt, að aukin afköst framleiðslutækjanna og verðlag erlendis geti haft áhrif á afkomuna, en gengisbreyting breyti hvorugu.

Svo mörg eru þau orð. Það stendur svo sem ekki á, að atvinnurekendur séu allir af vilja gerðir til að hækka launin á sinn kostnað, eins og þeir mögulega geta. Það er heldur ekki verið að efast um, að nýting framleiðslutækjanna og allra möguleika tækninnar sé alfullkomin. Hver efast t. d. um, að þeim milljörðum, sem varið er til framleiðslu atómsprengna, vetnissprengna og annars slíks góðgætis, sé vel varið?

Í Englandi er talið að milljónir manna búi við næringarskort. Ef þessi staðreynd á að koma heim við kenninguna, vinnur brezka heimsveldið ekki fyrir mat sínum, ekki einu sinni fyrir brýnustu þörfum íbúa heimalandsins þrátt fyrir allan auðinn, sem streymir úr öðrum heimsálfum frá striti hinna mörgu millj. nýlenduþræla. Í brezka heimsveldinu er samkvæmt þessu enginn ónauðsynlegur gróði, allur afraksturinn rennur til hinna vinnandi stétta og skiptist í neyzlu og nauðsynlegt viðhald og aukningu framleiðslutækjanna, samkvæmt ákvörðun þeirra sjálfra.

Mikið var, að þeir vitnuðu ekki einnig í Ameríku. Þar eru nú allar vöruskemmur fullar og aðeins brot af framleiðslugetunni er þó nýtt til framleiðslu almenningsþarfa. Samt búa þar tugir milljóna við skort og 15 milljónir verkamanna eru ýmist atvinnulausir eða hafa ekki fulla atvinnu. Samkvæmt yfirlýsingu Trumans forseta býr sjöundi hver maður í borgum Bandaríkjanna við næringarskort. Samtímis er korninu brennt, kjötið eyðilagt og kartöflunum breytt í óæti. Það væri vissulega verkefni fyrir hagfræðingana að láta jöfnur sínar og „jafnvægislögmál" skýra þessar staðreyndir. Bandaríkin eru þó hið klassíska land kapítalismans og hinnar „frjálsu samkeppni" í skilningi hagfræðinganna.

Það væri líka verkefni fyrir hagfræðingana að skýra það út frá jöfnum sínum, hvernig á því stendur, að í Sovétríkjunum skuli raunverulega laun verkalýðsins í heild hafa hækkað þrisvar sinnum eftir stríð, hvernig stendur á því, að hægt skuli vera að hækka kaupmátt launa í Sovétríkjunum svo mjög, á sama tíma sem viðfangsefni allra auðvaldslanda er að lækka heildartekjur verkalýðsins.

Kenningin um, að verkamenn geti aldrei bætt kjör sín með almennum launahækkunum, heldur aðeins bakað sjálfum sér tjón, er ekki ný hér á landi. Það hefur verið eitt af meginverkefnum Morgunblaðsins undanfarna áratugi að sanna þessa kenningu. Í flestum meiri háttar kaupdeilum hafa sprenglærðir hagfræðingar verið fengnir til að útskýra þessi sannindi fyrir fáfróðum lýð. Hvernig hefur svo þessi vísdómur staðizt dóm reynslunnar? Í hagfræðilegri álitsgerð, sem sjálfur Ólafur Björnsson prófessor hefur samið ásamt öðrum hagfræðing, er sýnt fram á, að frá 1942—47 hefur kaupmáttur launanna farið síhækkandi vegna þeirra grunnkaupshækkana, sem orðið hafa á tímabilinu. 1947 voru hin raunverulegu laun orðin meira en 70% hærri en 1940. Væntanlega eiga Morgunblaðshagfræðingar eftir að fella marga slíka dóma yfir sjálfum sér.

Við skulum nú athuga, hvernig þessi hagspeki kemur heim við staðreyndirnar hér hjá okkur, eins og nú er ástatt. Árið 1948 höfðu þjóðartekjurnar meira en nífaldazt frá því 1938, en verkalaun Dagsbrúnarmanna höfðu tæplega sexfaldazt á sama tíma. Nú eru laun Dagsbrúnarverkamanna rúmlega 6,3-föld frá því fyrir stríð. Þetta hlutfall gefur mynd til samanburðar á því, hvernig þjóðartekjurnar skiptast, ef miðað er við jafnmargar vinnustundir. Það má benda á, að atvinna hafi verið minni 1938, þó að mjög halli nú undan fæti, og auk þess ber að taka tillit til fólksfjölgunar. En þar kemur á móti, að vinnutíminn var þá 10 stundir á dag í dagvinnu, en aðeins 8 stundir nú. Það lætur nærri, að þjóðartekjurnar á mann hafi a. m. k. áttfaldazt á tímabilinu, en dagkaup Dagsbrúnarverkamanna er nú rúmlega fimmfalt hærra en 1938. Raunveruleg laun eða kaupmáttur launa mun samkvæmt þeim útreikningi hagfræðinga, sem fyrir hendi er, hafa hækkað um ca. 40% á sama tíma. Hins vegar hefur verðmæti útflutningsframleiðslunnar hækkað um nálega 100%. Skattskýrslurnar gefa nokkra hugmynd um tekjuskiptinguna, en þó mjög ónákvæma, þar sem mikill hluti af tekjum stórgróðamanna er ekki talinn til skatts. 1946 gáfu 200 framteljendur í Reykjavík upp 103 milljónir í eignum. Það mun jafngilda að minnsta kosti 600 milljónum á gangverði.

Hvað sannar þetta? Það sannar, að hlutdeild verkalýðsins í þjóðartekjunum er mun minni en fyrir stríð. Það sannar, að með óbreyttum þjóðartekjum er hægt að hækka stórum raunveruleg vinnulaun á kostnað þeirra, sem vinna ekki eða miður þjóðfélagslega nytsama vinnu. Það sannar, að það er hægt að halda núverandi kaupgjaldi, þótt þjóðartekjurnar minnki mjög verulega vegna lækkaðs verðlags á útflutningsafurðum. Það geta orðið allmiklar breytingar verkalýðnum í hag á tekjuskiptingunni milli stéttanna, áður en komið er að því marki, að hlutföllin verði hin sömu og fyrir stríð. Það er hægt að verja miklu fé í fjárfestingu án skuldasöfnunar og án nýrrar seðlaútgáfu og án þess að heildartekjur verkalýðsins eða kaupmátturinn þurfi að lækka. Það sannar, að „umframtekjurnar" í krónutali eru ekki hjá verkalýðnum, heldur hjá öðrum. Það hefði verið verkefni hagfræðinga, sem vildu leiða sannleikann í ljós, að rannsaka, hvar þessar „umframtekjur" eru niður komnar, og það hefði varla þurft að leita lengi. Þær eru fyrst og fremst hjá þeim, sem hafa umráð yfir gjaldeyri og einokunaraðstöðu í innflutningsverzluninni, og hjá þeim fyrirtækjum, sem þróast í skjóli þessarar einokunar.

Öll röksemdafærsla hagfræðinganna, er þeir halda fram þeirri firru, að gengislækkunin hafi enga kjararýrnun í för með sér, byggist á þeirri fölsku forsendu, að hægt sé að gefa innflutningsverzlunina frjálsa, ef gengið er lækkað. Vitaskuld er það fjarstæða að tala um „frjálsa verzlun" á tímum einokunarauðvaldsins, þótt höftin væru afnumin. 1934 var verzlunin „frjáls" í skilningi hagfræðinganna. Samt var vöruskortur, og rannsókn leiddi í ljós, að á sama tíma sem tap sjávarútvegsins var 2 milljónir, var verzlunargróðinn 5 milljónir. Það bætir vitanlega ekki úr neinum vöruskorti út af fyrir sig, þótt höftin séu afnumin. Með óbreyttri gjaldeyrisupphæð til ráðstöfunar er hægt að kaupa nákvæmlega jafnmikið af erlendum vörum eftir sem áður. Í stað haftanna kæmu þá önnur takmörk, takmörk kaupgetunnar. Og það er einmitt þessi takmörkun, takmörkun, sem byggist á rýrnuðum lífskjörum, „jafnvægi" fátæktarinnar, sem hagfræðingarnir mæla með. Fullyrðingu þeirra um, að gjaldeyristekjurnar muni aukast vegna aukinnar útflutningsframleiðslu, er auðvelt að afsanna. Í fyrsta lagi fer afurðaverðið lækkandi og markaðirnir þrengjast. Þeir láta sem þeir viti það ekki. — Í öðru lagi er aðstaða bátaútvegsins mun verri, eftir að gengislækkunarlögin ganga í gildi og hin nýja skipan komin á. Hagfræðingarnir halda því fram, að verðið á nýja fiskinum verði 93 aurar fyrir kg. En frystihúsin fullyrða, að þau geti í hæsta lagi greitt 75 aura, eða sama verð og áður. Áður fengu útgerðarmenn sem svarar 85 aurum fyrir kg af nýjum fiski, þegar beini styrkurinn er reiknaður með. Þar við bættust „hrognapeningarnir", sem nú falla niður. M. ö. o., eftir að „bjargráðið" kemur til framkvæmda fá útgerðarmenn miklu lægra verð fyrir fiskinn, samtímis því sem allur tilkostnaður hækkar um rúmlega 74%. Kvótaverzlunin lækkar, og verð á fiskinum verður óvissara, þar sem ekkert ábyrgðarverð verður lengur, og við slíkar aðstæður mun þykja ærið áhættusamt að gera bátana út, og erfitt að fá menn á þá, nema um mikið og almennt atvinnuleysi verði að ræða. Það eru litlar líkur til, að hægt verði að gera báta á Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi út á sumarvertíð. Og ef ekki er markaður fyrir meira en 15 þús. tonn af hraðfrystum fiski, þá verður útgerð þeirra báta, sem veiða fyrir hraðfrystihúsin, stöðvuð, þegar þeir hafa veitt það magn. Ef togararnir verða að fara á saltfiskveiðar, þá er hæpið, að mikill markaður verði afgangs fyrir bátaflotann í þeirri framleiðslugrein.

Rök hafa verið færð fram af hagfræðingum fyrir því, að til þess að hægt verði að afnema höftin, þá verði gjaldeyrisframleiðslan að nema 700—800 millj. kr., miðað við breytt gengi og svipaðar þjóðartekjur, en fáir munu vera svo bjartsýnir, að þeir reikni með, að þær nemi nema ca. 500 millj. kr. Það er því alveg augljóst, að með sömu stefnu í utanríkisverzluninni verður stórkostlegur samdráttur í sjávarútveginum, eftir að bjargráðið er gengið í gildi. Það ætti engum að koma á óvart, þó að næsta haust sæjum við fram á hrun og öngþveiti miklu geigvænlegra en þá örðugleika, sem við eigum nú við að etja. Og er rétt að vara hæstv. atvmrh. við því, sem hann varar aðra við. Við tölum aftur saman næsta vetur og sjáum þá hvað setur.

Gjaldeyrisöflunin mun því dragast saman. Það þýðir meiri vöruskort, meiri eftirspurn í hlutfalli við framboð, jafnvel þótt við gerum ráð fyrir mikilli tekjurýrnun almennings. Fyrirheitið um afnám haftanna, sem öll bygging hagfræðinganna hvílir á, er því fjarstæða. Verzlunin verður ekki gefin „frjáls", heldur mun verða hert á einokunarhöftunum, enda er ekki hróflað við verzlunarfyrirkomulaginu í lögunum. Fyrirheitið um „frjálsa verzlun" í grg. er því vísvitandi blekking. Annar flokkurinn í ríkisstj., Framsfl., hefur líka staðfest þetta og lagt ríka áherzlu á, að allt tal um frjálsa verzlun væri firra. Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði við 1. umr. í Nd., að það væri sama og að stinga höfðinu í sandinn að detta í hug frjáls verzlun.

Hæstv. fyrrv. ríkisstj. undir forsæti Stefáns Jóh. Stefánssonar hóf feril sinn með því að lækka laun verkalýðsins með þvingunarlögum frá Alþingi. Hún fullyrti, að þetta væri gert til að bæta hag verkalýðsstéttarinnar og mundi koma fram í bættum kjörum, þegar fram liðu stundir. Þetta var stutt með hagfræðilegum rökum, sem borin voru fram af ekki minna steigurlæti en nú. Síðan gerði hún Ísland að aðila í Marshallsamningnum og lofaði, að árangur þess skyldi verða öryggi og velmegun, gull og grænir skógar. Hún lofaði atvinnu handa öllum, niðurfærslu dýrtíðarinnar, stórstígum atvinnuframkvæmdum og nýsköpun. Nú höfum við séð efndirnar. Nú koma þessir herrar til okkar og segja, að ekkert sé fram undan nema hrun og ríkisgjaldþrot, nema stórkost-

legar byrðar séu lagðar á vinnandi fólk í landinu. Og á ný fara þeir fram á margfalt stórkostlegri kjaraskerðingu, líka í þeim tilgangi að bæta hag þessa sama fólks, sem á að taka á sig byrðarnar. Enn lofa þeir öryggi og velmegun. Á sama tíma lýsa þeir því yfir í grg., að bjargráðið frá 1947 hafi aðeins leitt til ófarnaðar, hafi verið eintóm hringavitleysa, hafi verið byggt á röngum *forsendum*, einmitt frá sjónarmiði hagfræðinnar. Og nú ætlast þeir til þess, að við tökum þessa sömu „hagfræði" fyrir góða og gilda vöru. Við horfum nú ekki aðeins upp á efnahagslegt gjaldþrot, heldur líka andlegt gjaldþrot þeirra manna, sem hafa leitt okkur út í ófæruna. Þeir eiga ekkert annað eftir en steigurlætið.

Höfuðvandamálin, sem þarf að leysa, eru þessi: Það þarf að afla nýrra markaða. Það þarf að draga úr framleiðslukostnaði útgerðarinnar. Það þarf að efla útflutningsframleiðsluna og auka gjaldeyristekjurnar. Það þarf að stefna að því að koma upp stórvirkum framleiðslutækjum í nýjum framleiðslugreinum, til þess að firra þjóðina öryggisleysi hinnar einhæfu framleiðslu. Það þarf að breyta verzlunarfyrirkomulaginu til þess að lækka vöruverðið og hagnýta verzlunargróða til almenningsþarfa.

Ég hef nú sýnt fram á, að „bjargráð" ríkisstj. og hagfræðinga hennar leysir ekkert af þessum vandamálum, heldur gerir illt verra og torveldar lausn þeirra. Það útvegar enga nýja markaði. Það eykur framleiðslukostnað útgerðarinnar og gerir hag bátaútgerðarinnar verri. Það eykur ekki útflutningsframleiðsluna, heldur dregur úr henni. Það leiðir ekki til vaxandi, heldur minnkandi gjaldeyrisöflunar. Það leiðir ekki til aukinnar tækniþróunar og framfara í atvinnulífinu, heldur stöðvunar tækniþróunar og nýsköpunar. Hin stórkostlega verðhækkun á erlendum framleiðsluvörum hlýtur að gera landsmönnum illkleift að afla þeirra. Hagur bænda mun versna mjög vegna hinnar miklu verðhækkunar á erlendum vörum og endir bundinn á þær framfarir, sem undanfarið hafa orðið í landbúnaðinum. Vöruskorturinn mun aukast vegna minnkandi gjaldeyrisframleiðslu. Það verður hert á höftunum og verzlunarástandið mun enn versna.

Í stuttu máli: Árangurinn af „bjargráðunum" verður sá einn að rýra stórkostlega kjör hinna vinnandi stétta til þóknunar auðmannastéttinni, jafnframt því sem öll efnahagsleg vandamál eru sett í enn meiri hnút.

Sósfl. hefur bent á, hvernig leysa megi þessi vandamál á kostnað auðmannastéttarinnar, en þó fyrst og fremst á kostnað þeirrar helstefnu, sem fulltrúar auðmannastéttarinnar reka. — Það verður ekki gert með einu „pennastriki" eða einum „bjargráðalögum" frá Alþingi, heldur með algerri stefnubreytingu, margháttuðum ráðstöfunum og þrautseigu starfi.

1. Flokkurinn hefur sýnt fram á, hvernig afla má nýrra markaða. Til þess þarf að gera tvennt: breyta algerlega um stefnu í utanríkismálum og utanríkisviðskiptum og framleiða miklu fjölbreyttari og markaðshæfari vörur úr afurðum sjávarútvegsins. Til þess þarf áframhald nýsköpunarinnar. Norðmenn hafa selt allar sínar sjávarafurðir og segjast geta selt meira. Ástæðan er bæði sú, að þeir verzla við sósíalistisku löndin og framleiða fjölbreyttari vöru. Þeir munu heldur ekki hafa skrifstofubákn, sem bannar mönnum svo gersamlega allar bjargir til að koma vörum sínum í verð eins og við eigum að búa við hér.

2. Flokkurinn hefur sýnt fram á, hvernig má stórlækka rekstrarkostnað útgerðarinnar og lækka vöruverð í landinu. Það er hægt að gera með því að gerbreyta verzlunarfyrirkomulaginu, þjóðnýta verzlunargróðann og annan gróða, sem skapast í skjóli verzlunareinokunarinnar, með því að lækka tolla og afla ríkinu meiri tekna með sköttum á stóreignamönnunum, auk beinnar fjáröflunar með ríkisrekstri, með því að spara útgjöld til hins hóflausa skrifstofubákns hins opinbera, með því að lækka vexti, sem er auðvelt, þegar þess er gætt, að gróði bankanna er um 30 millj. kr. á ári, og með lækkun vátryggingargjalda. Það er einnig hægt að lækka mjög rekstrarkostnað með aukinni tækni, betri og hagkvæmari skipulagningu og minni sóun verðmæta. Að því verður umfram allt að beina athyglinni, þegar einhver framleiðslugrein ber sig ekki.

3. Flokkurinn hefur sýnt fram á nauðsyn þess að beina athyglinni að því verkefni að koma upp nýjum atvinnugreinum með stórvirkum framleiðslutækjum á grundvelli þeirra náttúruauðæfa, sem landið býr yfir, og stefna þannig markvisst að því að losa okkur við það öryggisleysi, sem fylgir einhæfri framleiðslu. Það hefur verið sýnt fram á, að það er engan veginn óleysanlegt verkefni, heldur ekki hin fjárhagslega hlið.

Okkur ríður á að auka tækniþróunina, í stað þess að stöðva hana samkvæmt kenningum „hagfræðinganna". Það er leiðin til að auka afköstin og bæta kjör almennings, í stað þess að rýra þau. Og það er sannanlegt mál, að slík tækniþróun er framkvæmanleg með viturlegri stjórn atvinnulífsins.

Til þess að framkvæma þessa stefnuskrá þarf vald. Til þess þarf Sósfl. að fá fulltingi fólksins.

Það er eitt sannleikskorn í áliti hagfræðinganna. Það er ekki nóg fyrir verkalýðsfélögin að hækka kaupgjaldið að krónutali. Það þarf að koma í veg fyrir, að kjarabæturnar séu að engu gerðar.

Til þess að tryggja það, sem ávinnst, og skapa atvinnuöryggi þarf hið vinnandi fólk að fá hið pólitíska vald í hendur. Forsenda þess er skilningur og þar með ónæmi gegn blekkingum, jafnvel þótt þær séu klæddar í hagfræðilegan búning.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. atvmrh. sagði í frumræðu sinni, að lítið þýddi að ræða hið liðna, því að allir hefðum við gert mistök, og þýddi ekki að sakast um slíkt, hitt væru allir sammála um, að nú væri allt komið í óefni.

Þessi yfirlýsing ein út af fyrir sig, að allt sé komið í fullt óefni, er harla athyglisverð.

Enginn neitar því, að undanfarin ár, allt til tveggja eða þriggja hinna síðustu, hafa verið fjárhagslega óvenjulega hagstæð fyrir okkur. Þjóðartekjurnar hafa aukizt gífurlega, svo að við söfnuðum árlega innstæðum erlendis og áttum um eitt skeið allt að 600 millj. kr. innstæður erlendis. Það eru nú rúmlega 10 ár síðan gengi íslenzku krónunnar var síðast breytt. Í heild sinni hefur þetta tímabil verið okkur mjög hagstætt, en samt er nú svo komið, samkvæmt því sem hæstv. atvmrh. sagði, að eina leiðin út úr ógöngunum er að fella gengið og það ekki um neitt smáræði, heldur um 42—43%. Ég held því, að það sé fullkomlega athugavert, hvort ekki sé ástæða til að gera aðrar og meira róttækar breytingar á þjóðarbúskap okkar en endurtaka gengislækkunina frá 1939 og nú í enn stærri stíl en þá var.

Hæstv. atvmrh. sagði, að það þýddi ekki að deila nú um, hverjir ættu sök á ástandinu. Ég skal taka undir það, að það er þýðingarlítið að hafa mörg orð um það. En ég vil þó benda á, að Alþfl. hefur sérstöðu í þessum efnum allt þetta tímabil, og hefði ráðum hans verið fylgt, þá væri nú ekki komið í slíkt óefni í þessum málum og raun ber vitni. Og ef von á að vera um, að vel fari, þá verður að fara þær leiðir, sem Alþfl. hefur bent á. Veröldin er nú svo breytt, að það er hreinn barnaskapur að halda, að hægt sé með einu frv. að færa allt í sama horfið og var fyrir styrjöldina.

Ég vil nú rifja upp stefnu og tillögur Alþfl. á þessu tímabili.

Strax haustið 1940, þegar ljóst var, að verð á ísfiski mundi hækka í Bretlandi, og verð á landbúnaðarvörum var hækkandi hér heima, lagði Alþfl. til, að skattur yrði lagður á útfluttan ísfisk til að greiða niður farmgjöld og landbúnaðarvörur, en þetta fékk engar undirtektir.

1941 og 1942 flutti Alþfl. ýtarlegt frv. um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, og var í því lagt til, að allt verðlagseftirlit væri á einum stað og næði til allrar vöru, bæði innlendrar og erlendrar, og álagning skyldi ekki vera miðuð við hundraðshluta verðsins, heldur einingu. Farmgjöld skyldu lækka, og tollar á nauðsynjavörum skyldu afnumdir, en söluskattur lagður á vörur, sem seldar væru til útlanda með stríðsgróða. Stofnaður skyldi sjóður, dýrtíðarsjóður, til að halda niðri verði innanlands. Ríkisstj. skyldi fá ótakmarkað leyfi til að kaupa birgðir af erlendum nauðsynjavörum, svo að ekki yrði skortur á þeim í landinu, og til að minnka dreifingarkostnað á vörum, sem til landsins væru fluttar. Ég er sannfærður um, að ef þetta hefði verið gert, væri ástandið allt annað og betra en nú er.

Sama ár, 1942, flutti Alþfl. einnig frv. um, að gengi krónunnar yrði hækkað, þannig að eitt sterlingspund jafngilti 22,50 kr. Slíkt hefði þá verið leikur einn. Og slík ráðstöfun hefði orðið til þess að hamla mjög á móti verðhækkun á þeim tíma og draga úr dýrtíð og verðbólgu síðar. Traust manna á gildi peninga hefði þá aukizt og minna hefði verið eytt í óþarfa, og gildi peninganna hefði vaxið í stað þess að minnka.

Fram að þessum tíma hafði kaup lítið hækkað, samanborið við innlendar afurðir, þannig að 1. okt. 1941 hafði kaup hækkað um rúmlega 60%, en innlend matvara hafði á sama tíma hækkað um ca. 125%, eða tvöfalt það, sem kaup hafði hækkað. Þannig var ástandið, þegar við lögðum fram dýrtíðartillögur okkar. En tillögur okkar voru að engu hafðar. Og um áramótin 1941 og 1942 komu Sjálfstfl. og Framsfl. sér saman um að setja gerðardómslögin, sem bönnuðu allar kauphækkanir með lögum, á sama tíma sem þjóðartekjurnar höfðu aukizt meira en dæmi voru til áður, en hlutur verkamanna í þeim hafði að sama skapi minnkað með ári hverju. En það reyndist að vonum ekki hægt að framkvæma lögin, og flokkarnir, sem að þeim stóðu, fóru í hár saman strax á eftir og skildu með heitingum, sem enn eru í minnum hafðar, og hefur eimt eftir af þessum viðskilnaði og torveldað samvinnu milli flokkanna allt til þessa dags. Afleiðingarnar voru svo þær, að alþýðusamtökin hófu sókn til að hrinda gerðardómslögunum og fá kauphækkanir með skæruhernaði. Og haustið 1942 varð svo hækkun á landbúnaðarvörum, Ingólfsstyttan svokallaða, sem var svo gegndarlaus, að jafnvel þeim, sem að hækkuninni stóðu, hnykkti við, en þetta leiddi svo aftur til hærra kaups, og þar með var skrúfan komin af stað.

Alþfl. varaði við þessu og sagði, að þetta stefndi að því að gera þá fátæku fátækari og þá ríku ríkari. Fasteignir söfnuðust saman hjá auðmönnunum, en sparifé og laun urðu verðminni með hverjum deginum sem leið.

Eftir að till. Alþfl. voru að engu hafðar, þá þótti mér sýnt, að hverju stefndi, eins og nú er komið á daginn. 1943 flutti Alþfl. frv. um uppbætur á sparifé og miðlunarsjóð húsaleigu, en þessu var heldur ekki sinnt, húsaleigan hækkaði óðfluga. Ekkert var gert í þessum efnum. Enginn skyldusparnaður og ekkert gert til að jafna húsaleiguna, svo að hún varð mjög mismunandi eftir því, hvort menn bjuggu í nýjum húsum eða gömlum. Húsaleigan í nýju húsunum óx með hverjum mánuðinum sem leið og um leið mismunurinn á kjörum manna.

Þegar sýnt þótti, að allar leiðir til að stöðva dýrtíðina væru lokaðar, þá átti verkalýðurinn ekki annars kost en reyna að hækka tekjur sínar svo sem unnt var, enda er sagt í áliti hagfræðinganna, að allt fram á s. l. vor hafi kauphækkanir almennings í landinu verið afleiðing dýrtíðarinnar, en ekki orsök. Ber jafnan að hafa þetta í huga, þegar rætt er um kaupgjald verkalýðsins.

Þegar nýsköpunarstjórnin var mynduð og Alþfl. fór í hana, setti hann sem skilyrði, að 300 millj. kr. að minnsta kosti af innstæðunum erlendis yrði varið til kaupa á framleiðslutækjum til að auka afkastamöguleikana, svo að kjör alþýðu bötnuðu. Alþfl. lagði aldrei til, að öllum innstæðunum yrði varið í þessu skyni. Honum var ljóst, að nokkur hluti þeirra væri nauðsynlegur í efni í byggingarframkvæmdir

og annað slíkt. En auk þess fjár, sem verja skyldi til efniskaupa í byggingarframkvæmdir og þess háttar, ætluðumst við til, að hluti af innstæðunum væri geymdur, 100—200 millj., til þess að jafna síðar hallann, meðan útflutningsframleiðslan nægði ekki til nauðsynlegra vörukaupa og jafnvægi væri að skapast. Ef þetta hefði verið gert, væri annað viðhorf nú. Með því hefði mátt koma í veg fyrir vöruskortinn og svarta markaðinn.

Þegar Alþfl. tók þátt í stjórnarsamstarfi 1947, var þegar uppi krafa um gengislækkun, en fyrir tilstilli flokksins tókst að koma í veg fyrir það, en þess í stað var valin sú leið, að uppbætur voru greiddar á bátafiskinn og atvinnuvegunum þannig haldið gangandi, án þess að gengið væri lækkað, að minnsta kosti fram á s. l. sumar. Það kann að vera, að sú leið sé torfær nú, enda allt rekið á reiðanum síðan stjórnarsamstarfið slitnaði, og þess vegna ekki verið gert neitt til, að sú leið yrði fær áfram. Raunverulega hefur verið verkfall á stjórnmálasviðinu frá því í sumar, því að enginn meiri hluti hefur verið til, sem komið gat í veg fyrir, að niðurgreiðsluleiðin stöðvaðist. Það hefur heldur ekki verið beðið eftir því að sjá, hvaða áhrif gengislækkun sú hefði, sem varð á íslenzku krónunni s. l. haust gagnvart dollar, en það er ekki komið í ljós enn.

Í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og undirbúning þess, sem hæstv. stjórn virðist mjög ánægð með, finnst mér vanta ýmis þýðingarmikil atriði og furðar satt að segja mjög á, að hagfræðingarnir skuli ekki hafa gert grein fyrir þeim.

Í hinni löngu greinargerð, sem fylgir frv., er ekki minnzt á tekjuskiptinguna í landinu, hvorki milli stétta né einstaklinga, en slíkt hlýtur þó að vera grundvallarsjónarmið, þegar gera á ráðstafanir eins og frv. miðar að. Það er heldur ekkert í greinargerðinni um, hvernig eignaskiptingin í landinu er, hvorki miðað við einstaklinga né stéttir. Tekjuskiptingin og eignaskiptingin hljóta þó að skipta höfuðmáli, þegar raska á þessu hlutfalli eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er að vísu viðurkennt í áliti hagfræðinganna, sem sömdu þetta frv., að hlutur verzlunarinnar og iðnaðarins hafi verið og sé óeðlilega mikill og meiri en hann þyrfti að vera, og látið skína í, að það stafi af innflutningshöftum, en hins vegar gert ráð fyrir, að það lagist af sjálfu sér, þegar verzlunin verði frjáls, án þess að nokkrar ráðstafanir í frv. leiðrétti þessa óeðlilegu skiptingu, sem viðurkennd er, og mun ég víkja að því síðar.

Í frv. er gert ráð fyrir skatti á stóreignamenn, án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um, hvað sá skattur verður mikill, og meira að segja hefur þessum skattaákvæðum nú verið gerbreytt, frá því að frv. var lagt fram, enda þótt ekkert sé vitað um, hvort sú breyting hefur í för með sér hækkun eða lækkun á skattinum, og er alveg undravert, að slík vinnubrögð skuli vera viðhöfð í svo stóru máli. Samkv. frv., eins og það var fyrst lagt fram, var gert ráð fyrir að leggja skatt á fasteignir, allt að 12%. Hjá hlutafélögum átti að leggja á allar fasteignir, en einstaklingar máttu draga 300 þús. kr. frá. En hins vegar var gert ráð fyrir, að eignaraukaskatturinn yrði látinn halda sér eins og hann var ákveðinn með eignakönnunarlögunum. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að eignaraukaskatturinn er alveg felldur niður, án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um, hversu hár hann mundi verða, og tel ég vafasamt, að hækkunin á stóreignaskatti frv. verði meiri en sem eignaraukaskattinum nemur, ef hann væri innheimtur. Hann átti, eftir því sem ég man, að nema upp í 30 af hundraði af eignarauka umfram 2 milljónir. Enn fremur hefur sú breyting verið gerð á skattaákvæðum þessa frv., að skatturinn verði ekki lagður á hlutafélög eða samvinnufélög, heldur verði eignum þessara félaga skipt á hluthafana og félagsmenn og þeir á þann hátt látnir greiða af þeim skatt. Það er eins með þessa breytingu, að það liggur ekkert fyrir um, hvort hún muni hafa í för með sér hækkun eða lækkun á skattinum. Það er augljóst, að af samvinnufélögunum verður skattur enginn eða mjög lítið tekið á þennan hátt, og sömuleiðis eru líkur til, að takmarkað náist af því fé, sem í hlutafélögum er bundið, þar sem auðvelt hefur verið að skipta þessu fé á marga aðila, kannske 7—8 í sömu fjölskyldunni. Hitt kann að vera, að meira náist af þeim, sem eiga í mörgum hlutafélögum, á þennan hátt. Annars liggur ekkert fyrir um, hvað þessi skattur muni nema miklum upphæðum, og verð ég að lýsa furðu minni yfir því, að ekki skuli svo mikið sem stafkrókur um það atriði fylgja þessu mikla frv. — Þá er ekki heldur neitt um það, hvaða áhrif gengisbreytingin hefur á tolltekjurnar, en verðtollurinn er áætlaður í fjárlagafrv. um 60 millj. Hækkun á honum ætti því að nema 30—40 millj., og yrði þá um verulega tollahækkun að ræða þrátt fyrir lækkun þá, sem gert er ráð fyrir í frv. Er þörf á slíkri hækkun á neyzluvörum landsmanna? Um það liggja engar upplýsingar fyrir, hvorki frá hæstv. ríkisstj. né þeim hagfræðingum, sem frv. sömdu.

Loks liggja engar upplýsingar fyrir um afkomuhorfur útgerðarinnar, sem þó er talað um að verið sé að bjarga með þessum aðgerðum. Það eina, sem er upplýst í sambandi við afkomu útvegsins, er það, að fyrir hraðfrysta fiskinn þurfi að fást 10 pence og þá geti hraðfrystihúsin greitt 93 aura, en það er líka upplýst, að þau geta ekki greitt þetta. Um söluhorfur er ekkert fjallað í sambandi við þetta mál. Það er t. d. ekkert um markaðsmöguleika í Bandaríkjunum fyrir hraðfrystan fisk og ekki vitað, að nokkuð hafi verið gert til að leita fyrir sér um það vandamál. Það er heldur ekkert getið um, hvort líkur séu til, að Rússar mundu kaupa af okkur fisk eftir gengislækkunina. Ef til vill er líka ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að byggja eingöngu á markaðinum í Bretlandi og Mið-Evrópu. Ég verð að segja, að það er hrein furða eftir allan þennan undirbúning, sem talað er um í sambandi við þetta frv., að hæstv. ríkisstj. skuli hafa látið sér sæma að veita engar upplýsingar um þessi

atriði; eða hefur kannske farizt fyrir að láta athuga þessar hliðar málsins?

Þá vil ég víkja að ræðu hæstv. atvmrh. Hann taldi, að Alþfl. hefði ekki bent á neina leið út úr þeim erfiðleikum, sem nú steðja að, aðra en þá að taka upp landsverzlun, og það væri þýðingarlaust mál, sem enginn tæki alvarlega. Ég get játað það, að vandinn er meiri nú en ef fyrr hefði verið móti honum snúizt, og það getur verið, að landsverzlun leysti hann ekki allan eins og nú er komið. Hins vegar vil ég benda hæstv. atvmrh. á, að ekki ómerkari þjóð en Bretar tóku það ráð, þegar efnahagsvandamál stríðsáranna steðjuðu að þeim, að þjóðnýta utanríkisverzlunina, taka upp ríkisinnkaup í svo stórum stíl, að allar brýnustu nauðsynjar voru keyptar af því opinbera, og má í því sambandi nefna t. d. olíu, kornvöru, feiti, kjöt, ull og fisk, nema þann, sem fluttur var á markaðinn til þeirra. Þannig var utanríkisverzlunin svo til öll í höndum ríkisins, en með því var allt verðlagseftirlit miklu auðveldara í framkvæmd og milliliðagróðinn stórkostlega lækkaður eða af tekinn.

Það er áreiðanlega enginn vafi á, að ef við hefðum verið svo hagsýnir að hafa slíkt fyrirkomulag á stríðsárunum, þá værum við betur á vegi staddir nú og hefðum sennilega losnað við þá erfiðleika að miklu leyti, sem nú á að leysa úr með gengislækkun. Nú segja menn, að Bretar séu að leysa upp landsverzlunina, og það er að verulegu leyti rétt, en þeir eru líka að losna úr sínum efnahagserfiðleikum, sem stríðið hafði í för með sér. Nú erum við aftur á móti í líkum vanda og Bretar voru, þegar þeir gripu til landsverzlunarinnar, og þar af leiðandi athugandi, hvort við eigum ekki að grípa til sömu ráða og þeir gerðu.

Fyrir tveimur árum var gerð athugun á verzluninni hér hjá okkur, bæði álagningu og hversu margir væru í þeirri atvinnugrein. Sú athugun leiddi í ljós, að á fjölmörgum vörutegundum var álagningin meiri en innkaupsverðið í erlendum gjaldeyri.

Ég benti áður á, að hagfræðingarnir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson birta í áliti sínu, að til verzlunarinnar og iðnaðarins hafi runnið óhóflegur gróði á undanförnum árum. Þó neitar enginn því, að fólkið, sem vinnur að verzlun, er margfalt fleira en þarf að vera. Það er því augljóst, þar sem hægt hefur verið að borga öllum þeim fjölda, sem unnið hefur við verzlun, gott kaup, en hafa auk þess óhóflegan gróða, þá mætti ná allmiklu fé með því að taka upp landsverzlun eða lækka verðið og spara þjóðinni fé. Ég fullyrði ekki, að hægt væri að ná í nægilegt fé til að rétta við sjávarútveginn með þessari leið, en fullvíst er, að verulega mætti létta á útveginum, ef þetta fé væri flutt til hans, og telja verður það eðlilegri lausn en láta launastéttir landsins bera þær byrðar. Auk þess hefði slíkt fyrirkomulag í för með sér, að auðvelt væri að leggja aukalega á vissa vöruflokka og veita því fé til útvegsins, þar sem öll verzlun væri í höndum ríkisins. Það kunna sumir að segja, að slíkt væri raunar ekki annað en gengislækkun, og má á vissan hátt segja, að svo sé. En með því móti væri einungis sú króna lækkuð, sem notuð væri til kaupa á sérstökum vörum og þá væntanlega ekki á brýnustu nauðsynjum. Krónan, sem notuð væri til kaupa á brauði og slíkum nauðsynjum, væri óskert, en hins vegar lækkuð krónan, sem varið væri til kaupa á sígarettum og bílum o. s. frv. Þetta væri auðvelt, ef fólkið vildi fara þessa leið.

Ég verð að segja, að jafnvel þótt þetta frv. verði samþ., sé nauðsynlegt að athuga þetta mál. Ég fæ ekki séð, að nein trygging sé fyrir því, að gengi það, sem gert er ráð fyrir í frv., haldist, enda eru beinlínis ákvæði í frv., sem ótvírætt gefa í skyn, að það geti þurft að breytast aftur og það án aðgerða Alþingis.

Um ummæli hæstv. atvmrh. í sambandi við eignaraukaskattinn ætla ég ekki að ræða nánar nú. Það gefst væntanlega tækifæri til að ræða það í sambandi við umræður um einstök ákvæði frv. Hæstv. ráðh. og aðrir, sem að frv. standa, draga ekki dul á það, að takmarkið með *því sé að gera verzlunina frjálsa*, en við það muni annað lagast af sjálfu sér, og það getur vel verið, að frjáls verzlun bætti úr einhverju, sem henni er ætlað. Hitt er bara lakara, að fátt bendir til, að þessu markmiði verði náð í náinni framtíð. Í sjálfu sér teljum við Alþýðuflokksmenn heldur ekki, að svokölluð frjáls verzlun sé neitt takmark út af fyrir sig. Höfuðmarkmiðið teljum við að sé að tryggja öllum atvinnu við arðbær og gagnleg störf, en það er undirstaða þess, að fólkinu líði vel. Hitt er miklu minna atriði, hvort verzlunin er frjáls eða ekki, aðeins ef hún er rekin með hag almennings fyrir augum.

Það er líka augljóst, að þetta frv., þótt samþ. verði, leysir ekki höftin, vöruskortinn eða svarta markaðinn af hólmi fyrst um sinn. Það, sem skeður, verður sennilega það, að þær vörur, sem nú liggja á hafnarbakkanum, koma í búðirnar *með háa verðinu, og hræddur er ég* um, að eitthvað kunni að hækka í verði af þeim vörum, sem nú eru í búðunum, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir það. En þrátt fyrir það helzt vöruskorturinn áfram og hætt er við, að bakdyr svarta markaðsins lokist heldur ekki alveg.

Það er nú augljóst, að þessi tímamót eru mjög óhagstæð fyrir gengislækkun. Hækkunin kemur alveg strax, eins og ég áður sagði.

Það er nú alveg fyrirsjáanlegt, hvernig þessu máli lýkur. Það eru 36 alþingismenn, sem standa saman um þá ríkisstj., sem nú situr, og þetta frv. verður *samþ. af þessum mikla og* öfluga meiri hluta.

Hæstv. atvmrh. sá ástæðu til þess að beina nokkrum leiðbeiningar- og varnaðarorðum til Alþfl. í sambandi við afgreiðslu þessa máls og tók sér tilefni af ummælum formanns Alþfl., sem hann hafði í neðri deild í nótt, en þar varaði hann ríkisstj. og flokka hennar við því að sýna fullkomna óbilgirni við afgreiðslu málsins. Ég er að sjálfsögðu mjög þakklátur hæstv. atvmrh. fyrir umhyggju hans nú og fyrr fyrir Alþfl., sem hann varaði nú við að taka á sig þunga þeirrar ábyrgðar að standa

gegn þessu frv. Mér skildist á honum, að hlutur Alþfl. mundi verða miklu betri og ábyrgðin minni, ef hann væri um þetta í öllu samþykkur hinum flokkunum. Ég þakka hæstv. ráðh. umhyggju hans og þykir skylt að gera grein fyrir því, hvers vegna Alþfl. getur ekki tekið afstöðu með þessu frv.

Það er þá í fyrsta lagi vegna þess, að þær ráðstafanir ýmsar, sem þar um ræðir, eru ekki réttlátar; þungi þeirra kemur ekki réttlátlega niður á þjóðfélagsþegnana. Þá telur Alþfl. í öðru lagi, að þetta frv. veiti ekki sjávarútveginum þá tryggingu, þó að samþ. yrði, sem til er ætlazt. Í þriðja lagi óttast Alþfl. það, af ástæðum, sem ég hef þegar tilgreint, að þetta verði til þess, að dýrtíðarhjólið snúist enn einn hring og haldi áfram að velta, jafnvel þótt verkalýðssamtökin hefji ekki kauphækkunarbaráttu nú þegar. Í fjórða lagi hefur Alþfl. haft þá reynslu af samstarfinu við þá flokka, sem nú ætla að knýja fram þetta mál, bæði í sambandi við gengislækkunina 1939 og enda síðar í samsteypustjórninni, að hann telur sig ekki geta búizt þar við góðu um framkvæmdir.

Þetta eru í stuttu máli þær ástæður, sem Alþfl. hefur til andstöðu gegn þessu frv. En í sambandi við varnaðarorð hæstv. ráðh. þykir mér rétt að rifja upp þau atriði, sem formaður Alþfl. drap á í neðri deild í nótt. Hann beindi því til stjórnarflokkanna og ríkisstj., hvort hún sæi ekki ástæðu til þess að ganga nokkuð til móts við óskir verkalýðsráðstefnunnar, sem hér hefur setið undanfarna daga. En höfuðatriði í þeim breytingum, sem hún bendir á í ályktun sinni, voru í fyrsta lagi, að felld yrði niður 2. gr. frv., þ. e. a. s. ákvæðin um að svipta Alþingi valdinu til þess að ákveða gengi íslenzku krónunnar og leggja það í vald Landsbankans; í öðru lagi, að kaupuppbætur yrðu ekki miðaðar við nýju vísitöluna, heldur þá gömlu, a. m. k. þangað til búið væri að reikna út rétta vísitölu; í þriðja lagi, að brúað yrði bilið, sem skapazt hefur við það, að kauphækkanir hafa gengið skemmra en vísitöluhækkuninni nemur á því tímabili, sem liðið er síðan hún var sett föst; og í fjórða lagi, að uppbætur yrðu greiddar mánaðarlega, eins og verið hefur, en ekki á 6 mánaða fresti, eins og ráðgert er í frv.

Um þessar ábendingar vil ég segja það, að þær eru að vísu fram komnar eftir að sýnt var, að meiri hluti Alþingis mundi knýja frv. fram; en eigi svo smávægilegar tilfærslur að sæta þannig meðferð af hálfu Alþingis, að þeim sé í engu sinnt, þá tel ég óviturlega haldið á almennri afgreiðslu þessa máls og ómaklega lítilsvirðingu sýnda fulltrúum þeirrar ráðstefnu, er tillögurnar hefur gert. Og það lofar ekki góðu um hug þessarar stjórnar til verkalýðsins, ef virða á tillögur þessar að vettugi. Ég vil því taka undir þau varnaðarorð, sem formaður Alþfl. hafði í sambandi við þessa hlið málsins.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa 1. umr. að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa stóra máls og benda á nokkur atriði í frv., eins og það hefur verið afgr. frá hv. Nd. Þó að ég viti, að samið hefur verið um framgang málsins milli stuðningsmanna ríkisstj., þá er það kunnugt, að ekki mun verða bægt frá neinni till., sem miðar að því að bæta frv. og tryggja framgang höfuðtilgangs þess. Mér þykir því vænt um, að hæstv. forseti, sem er form. hv. fjhn., hlusti á mál mitt, því að mér þykir rétt að lýsa afstöðu minni til málsins og koma fram með till. mínar, sem eru ekki nema munnlegar ábendingar, áður en málið fer til hv. fjhn.

En áður en ég fer nú að ræða þessar till., vil ég gera ofurlitla grein fyrir afstöðu minni til málsins í heild. Ég fagna því, að meiri hluti alþingismanna skuli nú loksins hafa haft kjark í sér til þess að skipa sér um nauðsyn þess að viðurkenna fall íslenzku krónunnar. Þegar fyrst var tekið í lög ákvæði um ríkisábyrgð á fiski bátaútvegsins, benti ég mönnum á það með skýrum rökum, hve hættuleg braut það væri að fara út á, að taka ábyrgð á útflutningsafurðum, og að sá vixill, sem ríkið væri með því að skrifa upp á, yrði ekki greiddur nema með gengislækkun. Ég hef síðan stöðugt bent á þetta, í hvert sinn sem l. hafa verið framlengd og einnig í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Nú er hins vegar svo komið, að meiri hl. alþingismanna hefur fallizt á aðvörun mína, og er það að vísu gleðiefni fyrir mig, en hitt er rétt, að mikið tjón hefur orðið af því að viðurkenna ekki þessar staðreyndir fyrr, en betra er seint en aldrei. Gengisbreytingin er nú orðið atriði, sem þm. geta ekki lengur deilt um, því að gengisfall er í raun og veru komið á. Það má segja, að gengisfelling hafi orðið, þegar ákveðið var tvöfalt gengi, annars vegar með því að selja hluta af innfluttum vörum með hærra gengi og hins vegar með því að skattleggja ferðalög. Með því má segja að viðurkennd hafi verið gengisbreyting. Það er því ekki aðalatriðið núna, að gengislækkun sé viðurkennd almennt, heldur það, að samfara því séu gerðar þær hliðarráðstafanir, sem mest veltur á, og að gengið verði svo frá frv., að það fái fylgi þjóðarinnar, því að það er einmitt það, sem allt veltur á, að hægt sé að skapa fylgi þjóðarinnar um þetta frv., eins og hæstv. atvmrh. var að biðja um í dag. En ef beðið er um fylgi þjóðarinnar, þá eiga alþm. heimtingu á því, að hv. fjhn. taki til athugunar þá agnúa, sem á frv. kunna að vera og hægt er að laga, ef það verður til þess að tryggja betur samhug fólksins með málinu. Þegar verkalýðsflokkarnir eru andvígir málinu, þá er það af því, að þeir hafa ekki fullan skilning á því, að atvinnuvegir landsins eru reknir með tapi. Fyrst hafa verið notaðir allir sjóðir góðæranna, og þegar þeir voru gengnir til þurrðar, þá var gripið til lánstrausts í bönkunum og að lokum til styrkja úr ríkissjóði, en nú er svo komið, að allt er að komast í þrot. En þetta vill ekki kaupstéttin viðurkenna og neitar að ræða þessa möguleika eða aðra, af því að hún vill ekki viðurkenna, að allt sé að komast í þrot. Meiri hl. alþm. hefur hins vegar orðið að viðurkenna þessa staðreynd, og að tilgangslaust sé að leggja

þunga og síþyngjandi skatta á þjóðina og á þann hátt verði ekki hægt að tryggja örugga atvinnu hennar öllu lengur, eins og hv. 4. þm. Reykv. benti réttilega á og sagði megintilganginn.

Frá mínu sjónarmiði séð hefur frv. spillzt frá því, að það fyrst var lagt fram, en ég skal ekki fara langt út í það, þó að mér þyki rétt að geta þess lítillega. Mér finnst því vera spillt með því að veita sköttunum til nýrrar fjárfestingar, en upphaflega átti að draga úr fjárfestingunni, sem að áliti hagfræðinganna hefur verið ein af aðalorsökum dýrtíðar og verðbólgu í landinu, því að það er vitað, að hún dregur úr gjaldeyri til annarra þarfa. Hversu mikil þörf er þá til þessa víxlspors, að festa þetta fé í nýrri fjárfestingu? Þá tel ég, að það sé breyting til hins lakara að láta einstaklingana greiða skatta í stað félaganna, eins og áður var, og ég tel einnig, að breytingin í sambandi við eignamatið sé lakari og ranglátari en það var fyrir, og undrar mig, að hér skuli sett slík ákvæði, sem vitað er, að á engan hátt geta staðið í framtíðinni og munu skapa andúð á frv. meira en nauðsynlegt er. Það er líka mikil spilling á frv. að leggja á eignir, sem rýrna við gengislækkunina, en samkomulag hefur ekki náðst með öðru móti.

Ég tel nauðsynlegt, að gerðar séu eftirfarandi breytingar á frv., og vil beina því til hæstv. forseta, að það verði tekið til athugunar af hv. fjhn.:

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að heimila endurgreiðslu á framleiðslugjöldum togaranna, ef það kemur fram, að um raunverulegt tap á rekstri þeirra sé að ræða. Þetta hefur þegar verið viðurkennt sem réttmætt með 11. gr. um síldarafla, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef sumarafli skipa, er veiða í snurpinót, er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstj. heimilt að lækka gjaldið. Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstj. heimilt að fella það niður.“ Ég tel, að það verði að gefa sams konar heimild til togaranna, sem eiga að greiða framleiðslugjöld, hvort heldur sem þeir stunda ísfiskveiðar eða saltfiskveiðar, ef um raunverulegt rekstrartap er að ræða. Ef þetta yrði ekki gert, mundi frv. ekki aðeins mæta meiri andúð, heldur gæti það beinlínis orðið til þess, að menn vildu ekki taka að sér þennan rekstur, sem er mjög áhættusamur, ef ekki er tekið tillit til þessa. Þessi heimild er því nauðsynleg. Enn fremur þarf að taka það skýrt fram í frv., að þetta ákvæði taki ekki til þeirra togara, sem enn eru ókomnir til landsins. Ég vil benda á það, að þessir nýju togarar koma til með að kosta um 8 millj. kr. Vaxtabyrðin og vátryggingabyrðin af þeim skipum verður ekki minni en ein millj. kr. á ári. Og það sýnir sig, að það er alveg útilokað, að hægt sé fyrir ríkissjóðinn að afsetja þessi skip til nokkurra aðila, ef á þeim á að hvíla sams konar kvöð eins og á togurunum, sem hér um ræðir. — Ég tel einnig, að nauðsynlegt sé, að tekið sé fram í frv., að reikna skuli vátryggingarverð skipa, sem tryggð eru í pundum, á núverandi gengi, þegar matið fer fram. Það er talað um, að vátryggingarverð skipa eigi að gilda um verðákvörðun skips til stóreignaskatts, nema sannað sé með mati, að söluverð þess sé annað. Ég tel alveg nauðsynlegt, að gengið sé tryggilega frá því viðkomandi þeim skipum, sem vátryggð eru í pundum — og langflest stærri skipin eru vátryggð í pundum —, að verð þeirra sé miðað við það, sem þau voru vátryggð fyrir um nýár s. l. í pundum, og sé þá miðað við gamla gengið á ísl. kr. Þetta tel ég að þurfi að athuga við afgreiðslu málsins. En ef þetta væri reiknað eftir nýja genginu, þá hækkaði það stórkostlega verð skipanna. — En ég tel, að það hefði í raun og veru aðeins átt að reikna verð skipanna eftir kaskótryggingu þeirra, vegna þess að í vátryggingu skipanna nú er venjulega innifalinn afli, veiðarfæri o. fl. En ég skal ekki gera það að neinu deiluatriði. Ég tel líka, að átt hefði að draga frá vátryggingariðgjöld eins árs, vegna þess að það er venjulega dregið frá, ef skip ferst. En ég ætla ekki að gera það að ágreiningsatriði. Ég tel einnig, að nauðsynlegt sé að setja inn í frv. ákvæði um, að þeir menn, sem á undanförnum árum, einkum síðustu árum, hafa selt fasteignir eða lánað fé og hafa sett það inn í sín skuldabréf, að skuldin samkv. þeim skuli hækka hlutfallslega á við það, sem gengi ísl. kr. félli, — ég tel nauðsynlegt að setja inn ákvæði um það, að þessir menn geti ekki innheimt skuldir sínar á þann veg, þó að þetta sé þannig tekið fram í skuldabréfunum, því að ef þeir mættu það, væri það til þess að gera þann sterka sterkari og þann veika veikari, ef t. d. maður, sem í dag lánar öðrum manni 100 kr., getur átt rétt á að krefja þennan skuldunaut sinn eftir nokkra daga um 174 eða 175 kr. sem greiðslu á þessari skuld. Mér hefur verið bent á, að e. t. v. stríði þetta gegn stjskr. En það er tekið upp í þetta frv., einnig eftir minni till., þó að það hafi ekki verið tekið upp í þessari hv. d., ákvæði í 7. gr.: „Þetta tekur þó ekki til launa, sem reiknuð eru á grundvelli verðmætis afurða, svo sem aflahlutar. Þó skulu laun, hluti launa eða aðrar greiðslur til skipverja á togurum og fiskflutningaskipum, sem miðaðar eru við hundraðshluta af afla, aðeins hækka í samræmi við hækkaða vísitölu samkv. þessari grein, en ekki hækka að öðru leyti að krónutali vegna gengisbreytingar samkvæmt lögum þessum.“ Það er sjáanlegt, að það er ekkert vit í því að láta hæstlaunuðu mennina næstum tvöfalda sínar tekjur, jafnvel þó að um það séu samningar. En um þetta standa samningar í dag á milli atvinnurekenda og atvinnuþiggjenda. Og þess vegna eru þeir upp hafnir með þessari gr. — En ég tel, að þetta, sem ég áður nefndi, séu svo mikil atriði, að frv. megi ekki fara út úr þinginu, nema þessi atriði séu lögfest. Ég vænti þess, að hæstv. forseti, sem er form. n., sem mun fá þetta frv. til athugunar, taki þetta til athugunar.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Alþfl. hefði 1944 lagt til að taka sérstakan toll af ísfiski, til þess að halda niðri framfærsluvísitölunni. Þetta var gert á annan hátt 1944. Ég veit ekki annað en að mestur hlutinn af stríðsgróða togaraflotans

hafi gengið í ríkissjóðinn beint, til þess að greiða niður bæði verðlag innanlands og til að halda niðri visitölunni. Þetta var að vísu ekki tekið á þann hátt að setja það í sérstakan sjóð. En það kemur eins út. Milljónir af þessu fé voru teknar af togurunum — nema hjá bæjarútgerðum. Það voru einu togararnir, sem gerðir voru skattfrjálsir á þessu sviði. Og þar getur hv. 4. þm. Reykv. kljáðst við sína eigin menn, því að það munaði 500 þús. kr. fyrir hvern togara, sem tilheyrði bæjarútgerð, að þeir ekki greiddu þetta fé í ríkissjóðinn. En allir aðrir togarar greiddu þennan skatt, sem Alþfl. lagði til að greiddur væri, en skaut bæjartogurunum undan.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að árið 1941 hefði Alþfl. lagt til að leggja á útflutningstoll og greiða niður vörur innanlands með honum. Þetta hefur líka verið gert, en í öðru formi. Það hefur verið tekinn allur þessi gróði, til þess að greiða niður vörur innanlands og til þess að standa undir verði á þeirri útflutningsvöru, sem aðrir aðilar en togaraeigendur öfluðu, og til þess að afla gjaldeyris inn í landið. — Hv. þm. sagði líka, að Alþfl. hefði lagt til 1942, að gengi kr. væri hækkað í kr. 22,15 sterlingspundið. Þetta hefur ekki verið gert. En er hv. 4. þm. Reykv. alveg viss um, að þetta hefði bætt úr? Hann segir: Þá hefðu menn ekki farið að kaupa allt mögulegt, nauðsynlegt og ónauðsynlegt, í landinu. Ég er ekki viss um, að þetta sé rökrétt hugsun í þessu máli. Ég skal ekki dæma um, hvernig þetta hefði verkað. En inn á þessa till. var ekki gengið. En hvaða trú hafði Alþfl. þá á sterlingspundinu? Hann hafði þá trú á því, að hann vildi láta lækka pundið, en hækka krónuna.

Gerðardómslögin segir hv. 4. þm. Reykv. að hafi verið sett á og framkvæmd hækkun landbúnaðarvara. En sannleikurinn er sá, að það voru ekki þessi mál, sem sprengdu langmest dýrtíðarhömlurnar á þeim árum, heldur var það hin gífurlega eftirspurn frá setuliðinu eftir vinnuaflinu. Það var ameríski dollarinn, sem velt var hér inn í stríðum straumum þá. Og það var eftirspurnin eftir vinnunni, sem greidd var í dollurum, sem var það, sem sprengdi dýrtíðarskorðurnar hér á landi, svo að þess vegna var ómögulegt að halda niðri dýrtíðinni, þannig að þó að gerðardómslögin væru sett og síðar upp hafin, þá voru þau ekki nein orsök dýrtíðarinnar hér hjá okkur.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að 1943 hefði hann lagt til, að bætt yrði upp sparifé og myndaður miðlunarsjóður húsaleigu. Ég viðurkenni, að sparifé var ekki bætt upp. En það var gert annað. Stríðsgróðanum, sem hefði kannske átt og a. m. k. að áliti sumra hefði átt að lenda hjá ríkissjóði, eða hjá einstökum aðilum og bindast þar, honum var dreift út á meðal alþýðunnar, vegna þess að það þótti ekki stætt á því að láta alþýðuna ekki geta bætt sín kjör, jafnléleg og þau voru fyrir stríð. Þess vegna var stríðsgróðanum dreift út á meðal almennings, en hann hlaut þá einnig að skapa þá dýrtíð, sem er í landinu.

Þá sagði hv. 4. þm. Reykv., að Bretar hefðu bjargað öllu við hjá sér með landsverzlun á stríðsárunum. Og það áttu að vera rök hjá hv. þm. fyrir því, að hér ætti að vera hægt að bjarga öllu við með landsverzlun og þess vegna þyrfti ekki þessar ráðstafanir, sem hér er verið að gera. En væri þá hv. 4. þm. Reykv. ánægður með þau lífskjör, sem brezkum verkamönnum voru sköpuð á þessu tímabili? Eða heldur hann, að einmitt þetta atriði hafi ekki haft nein áhrif á afkomu brezku þjóðarinnar, að verkamenn þar höfðu ekki meira að lifa af en svo sem hálf laun á móts við það, sem íslenzkir verkamenn höfðu? Þau kjör eru þannig, að enginn íslenzkur verkamaður í dag mundi líta við þeim. Og ég vil segja það, að ef landsverzlun Breta hefur orðið til þess að skapa slík lífskjör í Bretlandi, eins og þau eru í dag, þá er ekki æskilegt að fara inn á hana hér, til þess að koma hér á sömu lífskjörum eða lakari. Það ætti sízt að vera baráttumál alþýðunnar á Íslandi að berjast fyrir slíku máli. Og er hv. 4. þm. Reykv. alveg ókunnugt um, hvernig útkoman hefur verið á rekstri sérleyfisbifreiða undir stjórn Alþfl.-ráðh., eða iðnfyrirtækja þess opinbera í hans stjórnartíð? Og ef það ætti að vera sá mælikvarði, sem mætti áætla eftir, hvernig landsverzlun mundi fara úr hendi undir stjórn hinna sömu manna, þá mundi það áreiðanlega ekki geta verið til neinna úrbóta að setja hér upp landsverzlun. Á beztu sérleyfisleiðinni, þar sem flutt hefur verið ein millj. manna á ári, milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, eftir beztu vegum landsins, hefur reksturinn verið með hundraða þús. kr. tapi á ári. Þetta hefur verið undir stjórn Alþfl. Og það hefur gengið svo langt, að Alþfl. tók í leyfisleysi fé úr póstsjóði, orlofsfé verkamanna, til þess að standa undir þessum rekstrarhalla. Er það þetta, sem við að áliti sumra hv. þm. eigum að óska eftir að fá hér í sambandi við landsverzlun? Ég held, að verkalýðurinn mundi ekki þakka mikið fyrir slíkar gjafir, þó að þær kæmu frá hans eigin flokki. Og hvernig er það með Silfurtún og landssmiðjuna? Það er staðreynd, að á landssmiðjunni er ríkið búið að tapa stórfé. (*Forseti:* Það væri æskilegt, að hv. þm. talaði um frv.) Að sjálfsögðu, herra forseti. En ég hef tekið þetta fram í sambandi við það, sem komið hefur fram hér í umr. um frv. Það er höfuðtakmark Alþfl., eftir því sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að allir hafi nægilega og örugga atvinnu og sæmileg lífskjör, en ekki hitt, hvort verzlunin er frjáls í landinu. Það hefur verið höfuðtakmark allra ríkisstjórna undanfarið, eftir því sem þær sjálfar hafa skýrt frá, að ná þessu takmarki, að allir í landinu hefðu örugga atvinnu við sæmileg lífskjör. Og það er einmitt vegna þess, að það á að reyna að ná þessu takmarki og halda því við, sem þar með næst, að þetta frv. hefur verið borið hér fram. Hinu er svo ekki hægt að neita, að hversu góðar sem tekjur manna eru á hverjum tíma, þá mundu þær alveg gleypast af óhagstæðu gengi og ranglátri verzlun í landinu. — Svo mikið hafa Íslendingar fengið að reyna af einokun í þessu landi, að það verða víst ekki margir, fyrir utan for-

vígismenn Alþfl., sem óska eftir, að slík bönd verði reyrð að Íslendingum á ný. Og það er vitanlega eitt af aðalatriðunum, sem skapa velmegun í þjóðfélaginu, ekki aðeins að verzlunin sé frjáls, heldur að allt athafnalífið í landinu sé frjálst. Og að því miðar þetta frv., ekki aðeins að gera verzlunina frjálsa, heldur að hverfa frá styrkjaleiðinni og frá þeim böndum, sem lögð hafa verið á framtak einstaklinganna í landinu, og gera atvinnulífið allt frjálst aftur, til þess að reyna að koma nýju lífi í atvinnuvegina og finna nýja möguleika til öflunar gjaldeyris og tryggja sem öruggasta atvinnu sem flestra manna í landinu við sæmileg lífskjör.

Ég vil enn vænta þess, að hv. n. taki þetta, sem ég hef bent á, til athugunar, einmitt fyrir 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, JJós, KK, BSt.

nei: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.

4 þm. (LJóh, RÞ, VH, EE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 453, n. 455, 457 og 459, 458, 460).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram er tekið í nál. meiri hl., var það seint í dag eða kvöld, sem frv. var vísað til n., og hafði n. því, þar sem fundur var ákveðinn kl. 9, harla lítinn tíma til þess að athuga það gaumgæfilega. Hins er þó að geta, að málið hefur lengi verið til athugunar fyrir þm., svo að það út af fyrir sig, hvað höfuðatriði málsins snertir, kom ekki að sök. Hitt er annað mál, að fyrir n. lágu erindi og uppástungur um breyt. á fleiru en einu atriði, og vannst ekki tími til fyrir þessa umr. málsins að ganga í gegnum þær uppástungur svo gaumgæfilega, að hægt væri fyrir þessa umr. að segja af eða á um þær.

Eins og segir í nál. á þskj. 455, varð n. ekki sammála. Tveir hv. þm. í n. töldu sig ekki geta fylgt höfuðatriðum málsins, sem líka kemur fram í því, að þeir hafa gefið út sérstök nál.

Meiri hl. lítur svo á, að þótt þessi gengisbreyting, sem hér er um að ræða, sé neyðarúrræði, þá sé ekki annars kostur, eins og nú er komið málum, sérstaklega í útflutningsverzlun og afurðasölu, en að hallast að þeirri leið, sem farin er í frv. Leggur því meiri hl. til, að frv. verði samþ., en áskilur sér að sjálfsögðu rétt til þess að flytja brtt. við 3. umr., þó að þær liggi ekki fyrir nú.

Þau erindi, sem sérstaklega lágu fyrir n., var í fyrsta lagi símskeyti frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sem skorar á þingið að breyta 11. gr. frv., sem fjallar um framleiðslugjald af togurum o. fl., á þá leið, að sá skattur, sem þar er um að ræða, verði ekki innheimtur, ef um sannanlegan taprekstur er að ræða. Sams konar málaleitun hefur víst komið til ýmissa annarra hv. þdm. Hv. þm. Seyðf., sem er hér ekki mættur vegna lasleika, tilkynnti mér, að hann hefði fengið hraðskeyti frá umbjóðendum sínum á sömu leið. Sömu tilmæli hafa borizt frá mínu kjördæmi, og svo mun vera um fleiri. Nokkuð var rætt lauslega um þetta atriði á nefndarfundi, líka við þá nm., sem annars töldu sig ekki vera sammála meiri hl. n. í öðrum atriðum, og var það álit manna, að rétt væri að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar milli 2. og 3. umr.

Þá var enn fremur erindi Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur, sem lagði fyrir n. áskorun í fjórum liðum varðandi þetta mál, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að lögbjóða ekki eignartöku af einstaklingum til greiðslu á rekstrarhalla ríkisbúsins, fyrr en gerðar eru ráðstafanir til þess að draga úr nefnda- og skrifstofufargani ríkisins og öðrum fjáraustri þess.

2. Að leggja ekki nýjar, stórfelldar álögur á eigendur íbúða og húsa, án þess fyrst að afnema þau höft, sem núgildandi húsaleigulög leggja á umráðarétt þeirra yfir eignum sínum.

3. Að lögfesta ekki svo ranglátan mismun á mati fasteigna eftir staðsetningu þeirra sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og gengur svo langt, að í kaupstaðnum Reykjavík er fasteignamatið margfaldað með 6, en í kaupstöðunum Akranesi og Keflavík er fasteignamatið margfaldað með 3.

4. Að setja alla eigendur við sama borð við skattaálagninguna, hvort sem eigandinn er samvinnufélag, hlutafélag eða einstaklingur."

Fyrir utan þetta, sem ég hef nú lýst, hefur hv. þm. Barð. afhent form. n. minnisblað með ábendingu um það sama og félag botnvörpuskipaeigenda hafði þegar símað til Alþingis, og svo nokkrir aðrir fleiri, sem ég þarf ekki að lýsa hér, en n., eins og sakir stóðu, taldi ekki rétt að taka afstöðu til við þessa umr., þar sem tími var svo naumur sem ég hef áður lýst. Ég geri ráð fyrir, að ýmsar þessar ábendingar verði ræddar hér, samhliða því sem ræddar verða brtt. frá hv. þdm., hvar af sumar eru þegar fram lagðar, að mér virðist, nú við þessa 2. umr., því að vitaskuld er eðlilegt, að í svona stórmáli komi fram ýmsar till. til breyt., jafnvel frá þeim, sem eru annars samþykkir höfuðatriðum frv., og það hefur sýnt sig, að breyt. hafa verið gerðar í Nd. á frv., sem mér fyrir mitt leyti virðast sízt vera til bóta, heldur frekar stefna í öfuga átt, sumar hverjar.

Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða miklu meira um þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ., en mun bera saman bækur sínar fyrir 3. umr., og mun þá koma í ljós, að hve miklu leyti sá meiri hluti getur orðið samferða um till. til breyt. á frv. eða hversu mikið tillit verður unnt að taka til þeirra óska, sem nú hafa fram komið um breyt. á frv., en erfitt mun verða að ganga svo frá frv., að ekki verði neinir vankantar þar á, sem þá þarf að athuga síðar meir, þegar betur

sést, hvernig framkvæmdin fer úr hendi. Ég hef heyrt sagt, að það hafi raunar komið fram bréf frá stjórn Landsbankans, þar sem er gagnrýnt allmjög það tillitsleysi, sem till. bankans hafi orðið fyrir í Nd. varðandi framkvæmd á uppbótum sparifjár. Það má vel vera, að einnig á því sviði þurfi að gera einhverja breyt. á frv. við 3. umr.

Það er vitað mál, að sú tilraun, sem gerð er með þessu frv., getur því aðeins heppnazt, að fleira komi til en gengisbreyt. ein, og á það hefur verið bent rækilega við umr. málsins í Nd. og enda í þessari d. líka, og þarf ég ekki frekar að fara út í þá sálma hér. Þessar ráðstafanir þurfa sérstaklega að haldast í hendur við afgreiðslu fjárl. og stefna að því, að það veikti ekki þá aðstöðu, sem þetta frv. á að veita til að koma þjóðarbúskapnum á réttan kjöl.

Ég ætla, að það, sem ég hef nú sagt, sé nægilegt til að hefja þær umr., sem hér fara fram um hinar ýmsu gr. frv., og vísa enn til þess, sem n. tekur fram í álitsgerð sinni, að meiri hl. áskilur sér rétt til að koma á síðara stigi fram með þær brtt., sem honum þykir rétt að gera við þetta frv.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, þá hefur n., eins og vænta mátti, klofnað um þetta mál. Fulltrúar stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl., leggja til, að frv. verði samþ. Ég legg aftur á móti til, að frv. verði fellt, og sömuleiðis hv. 4. þm. Reykv. Ég gerði við 1. umr. nokkuð ýtarlega grein fyrir ástæðunum fyrir, að ég er andvígur frv. og tel það ekki eingöngu ranglátt, heldur beinlínis glapræði, og tel ég enga þörf að endurtaka það nú.

Í Nd. báru flokksmenn mínir fram mjög margar brtt. við frv., sem allar voru felldar. Í fjhn. þessarar d. kom í ljós, að flokkar þeir, sem standa að núv. ríkisstj., eru ráðnir í því að samþ. frv. án breytinga, eða samþykkja a. m. k. ekki neinar breyt., sem nokkru máli skipta. Mér skildist nú að vísu á hv. frsm. meiri hl., að komið gæti til mála, að meiri hl. gæti fallizt á einhverjar breyt. við 3. umr. málsins, en hins vegar snerta þær breyt. ekki meginatriði málsins og eru meira um framkvæmdaratriði. Meiri hl. n. var á þessu stigi málsins ófáanlegur til að ræða við minni hl. um nokkrar brtt. Hins vegar nefndi hv. frsm. a. m. k. eitt atriði, sem hann eða meiri hl. mundi vilja ræða við n. í heild. Það er þess vegna auðséð, bæði af því, sem gerzt hefur í hv. Nd., og afstöðu meiri hl. í fjhn. þessarar hv. d., að örlög frv. eru þegar ráðin af meiri hl., og það virðist hafa verið ákveðið að drepa hér allar brtt. minni hl. n. og að þm. stjórnarflokkanna séu bundnir í því efni. Ég tel þess vegna tilgangslaust að bera allar þessar brtt., sem flokksmenn mínir hafa borið fram í Nd., aftur fram í þessari deild. Ég hef þó ákveðið að bera fram till. um það atriði, sem skiptir meginmáli og sker úr um það, hvort byrðarnar af þessum ráðstöfunum skuli lagðar einhliða á verkalýðsstéttina, en það er spurningin um það, hvernig launin skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagi í landinu. Ég ber þess vegna fram brtt. á þskj. 458, þess efnis, að launin skuli breytast mánaðarlega samkv. vísitölu kauplagsnefndar og fullar uppbætur greiddar, eins og vísitalan segir til um, mánaðarlega. Þetta eru aðalkröfur verkalýðsráðstefnu Alþýðusambandsins, sem nýlega hefur verið haldin, kröfur, sem þar voru samþykktar einróma, og afstaða verkalýðshreyfingarinnar mun algerlega mótast af því, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki. Fulltrúi frá verkalýðsráðstefnunni, sem talaði í umboði ráðstefnunnar, hefur nú átt tal við ríkisstj. og flutt henni kröfur sínar. Þegar nú hv. alþm. greiða atkvæði um þessa till., sem skiptir meginmáli, þá kemur í ljós, hvort þeir vilja taka nokkurt tillit til verkalýðsráðstefnunnar og samþykkta hennar, sem í þessum efnum er fulltrúi allra launasamtaka í landinu. Það sker úr um það, hvort ríkisstj. og flokkar hennar eru ráðnir í að samþykkja þetta frv. í fullum fjandskap við verkalýðshreyfinguna. Fjhn., sem hefur fjallað um málið, hefur borizt nokkrar tillögur og athugasemdir við frv., eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá í ræðu sinni. Ein af þessum till. var tilkynning frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda og Bæjarútgerð Reykjavíkur, sem frsm. gat um, þar sem tilkynnt er, að þessir aðilar treysti sér ekki til að gera togarana út á saltfisk, ef 10% samkv. 11. gr. verði lögð á án tillits til þess, hvort reksturinn ber sig eða ekki. Þetta eru heldur kaldar viðtökur, sem bjargráðafrv. fær hjá þeim, sem það á að hjálpa, að því skuli vera haldið fram, að ákvæði þess verði til þess, að framleiðslutækin stöðvist. Ef Alþ. skellir skolleyrum við þeirri málaleitun, sem hér kemur fram, fer áhugi ríkisstj. fyrir framleiðslunni að verða harla torkennilegur. Ég geri ráð fyrir, að sams konar málaleitun hafi borizt frá öllum bæjarútgerðum á landinu og verið send þm. viðkomandi kjördæma. T. d. skýrði hv. frsm. meiri hl. frá því, að hann hefði fengið slíka málaleitun frá sínu kjördæmi, og hér er ég með símskeyti, sem hv. þm. Siglf. (ÁkJ) hefur borizt frá bæjarútgerðinni á Siglufirði og hljóðar svo:

„Skorum á yður, að þér beitið yður fyrir breytingum við 11. gr. frv. um gengisskráningu o. fl., þannig, að 10% tollurinn af sjávarafurðum nýsköpunartogaranna, öðrum en ísfiski, verði ekki innheimtur af taprekstri.“

Hv. þm. Siglf. óskaði, að þessari málaleitun yrði komið á framfæri við n.

Ég hef einnig freistað þess að bera fram þegar við þessa umr. brtt. þess efnis, að þessi skattur verði innheimtur árlega eftir á og því aðeins, að rekstur viðkomandi togara sýni, að hagnaður hafi verið af rekstrinum umfram löglegar afskriftir. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að n., eða meiri hl. hennar, vildi taka þetta mál til athugunar við 3. umr. En mér sýnist d. ekkert að vanbúnaði að taka afstöðu til þessa máls nú þegar, enda liggur þessi till. nú fyrir og kemur þá til atkvæða, og mér þykir fróðlegt að sjá afstöðu meiri hl. einmitt til þessarar till. En sé þess óskað, að till. verði tekin

aftur til 3. umr., mun ég að sjálfsögðu verða við því.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Því miður eru þær brtt., sem ég hef lagt fram við frv., ekki komnar enn þá, og er erfitt bæði fyrir mig að ræða þær og hv. d. að fylgjast með, meðan þær eru ókomnar. Mér er tjáð, að þær séu rétt að koma, og vildi ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði fundi þangað til brtt. eru komnar. — [Fundarhlé.]

Forseti (BSt): Þessar brtt. á þskj. 460, sem stóð á, eru nú komnar og hefur verið útbýtt. Hefur þeim áður verið lýst og afbrigði veitt fyrir þeim.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. skýrði frá, þá gat ég ekki átt samleið með meiri hl. og hef því gefið út sérstakt nál. Mér þykir þó rétt að geta þess, að ég leyfði mér að spyrjast fyrir um það í n., áður en ég ákvað að gefa út sérstakt nál., hvort nefndarmeirihl. væri tilleiðanlegur til þess að taka inn í frv. breyt. þess efnis, að launastéttunum yrði greidd kaupuppbót, sem nægði til þess að brúa það bil, sem er milli þeirra kauphækkana, sem orðið hafa síðan kauplagsvísitalan var fest í 300 stigum, og hinnar raunverulegu kauplagsvísitölu nú. Í öðru lagi spurðist ég fyrir um það, hvort n. vildi gera ráðstafanir til þess, að tekin yrðu upp í frv. ákvæði viðvíkjandi verzluninni, til þess að tryggja, að hún fengi ekki í sinn hluta meiri part af tekjum þjóðarinnar en nauðsynlegt væri til þess að standast eðlilegan kostnað af verzlunarstarfseminni, og átti ég þar við það, að tekin væri upp ríkisverzlun með mestan hluta af heildarinnflutningi til landsins og gjaldeyririnn bundinn við þá stofnun að verulegu leyti. Hv. meiri hl. gat ekki fallizt á að taka þessi atriði til athugunar í sambandi við afgreiðslu málsins, og hlutu því leiðir að skilja þá þegar. Að ég taldi ástæðu til að leita eftir þessu, stafar af því, að ég hygg, að allir séu sammála um það, að gengislækkun ein út af fyrir sig leysi engan veginn þann vanda, sem hér er fyrir höndum. Til þess að hann megi verða leystur, þurfi að gera aðrar samhliða margvíslegar ráðstafanir, fleiri en þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur nú fyrir. Þó að leiðir skildu þann veg, þykir mér þó rétt að freista enn, hvort ekki er unnt að fá þessa hv. d. til þess að fallast á að gera nokkrar lagfæringar á frv. frá því, sem nú er. Ég hef því ásamt hv. 6. landsk. leyft mér að flytja nokkrar brtt. á þskj. 460. Þær hafa allar nema ein verið fluttar áður í hv. Nd., en ekki náð samþykki þar. Ég vildi þó freista þess, hvort ekki mundi fallizt á eitthvað af þeim hér í þessari hv. deild.

1. brtt. er um það að fella niður 2. gr., og vísa ég um það efni til minnar fyrri ræðu, en samkv. frv. nú á að taka valdið til gengisskráningar af Alþingi og fá það í hendur ríkisstj. í samráði við Landsbankann. Með tilliti til þess, hversu lítil trygging er fyrir því, að það gengi krónunnar, sem ákveðið er með þessu frv., haldist óbreytt, er það alveg ógerlegt, að þetta vald sé hjá ríkisstj., en ekki hjá Alþingi, því að ríkisstj., jafnvel minnihlutastjórn, getur eftir þessu ákveðið gengið eins og henni þóknast. Ef hún metur svo, að kaupgjald í landinu hafi hækkað, þá getur hún t. d. notað það sem ástæðu til gengisfellingar, en það er alltaf álitamál, hvort kaupgjaldsbreytingar hafi áhrif á gengi. Þegar við réðumst í að kaupa nýsköpunartækin, var í þau kaup ráðizt til þess að við ættum framleiðslutæki, sem væru notadrýgri og hentugri en áður, en af því átti að leiða, að þeir, sem með þeim störfuðu, fengju hærri laun en áður. Endanlegt takmark nýsköpunarinnar hefur alls ekki náðst enn, og allir vonum við að fá enn ný og betri atvinnutæki, til þess að hlutur hinna vinnandi stétta batni, en slíkt er álitamál, og ef frv. er samþ. óbreytt, getur ríkisstj. skorið niður kaupgjald með gengislækkun skv. 2. gr. frv. Þessi grein hefur að vonum vakið tortryggni hjá öllum almenningi, og ég vil ekki trúa því, fyrr en ég tek á, þar sem niðurfelling 2. gr. mundi engin áhrif hafa á framkvæmd laganna, að hv. meiri hl. geti ekki fallizt á þetta. Ég hef heyrt, að hæstv. ríkisstj. hafi þetta atriði til athugunar, og ef óskað er, að ég taki þessa brtt. aftur til 3. umr., þá get ég vel fallizt á það.

Þá er brtt. við 3. gr., um það, hvernig ráðstafa skuli gengishagnaði bankanna. Því miður liggja ekki fyrir neinir útreikningar um það, hvað hann muni verða mikill, en gizkað hefur verið á, að hann komi til með að nema 20—35 millj. kr. Efni brtt. er það, að lánin skv. gr. skiptist eins og segir í brtt., þ. e. a. s., að helmingur fjárins sé lánaður til íbúðarhúsbygginga samkv. lögunum um byggingu verkamannabústaða, en hinn helmingurinn fari til byggingar- og ræktunarsjóða fyrir sveitirnar, en í frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir, að ⅓ fjárins sé lánaður til verkamannabústaða, en ⅔ til ræktunar- og byggingarframkvæmda í sveitum. Ég verð að segja, að með tilliti til íbúaskiptingar landsins, þá er það furðulegt, ef á að halda fast við þá skiptingu, sem nú er í frv. Í kauptúnum og kaupstöðum, sem lögin um byggingu verkamannabústaða taka til, búa 5/7 landsmanna, en aðeins 2/7 í öðrum landshlutum. Það er enginn vafi á því, að þörfin fyrir hina 5/7 hluta landsmanna til húsabóta er ekki síður brýn en hjá þeim 2/7 til þeirra framkvæmda, sem gr. ræðir um. Við höfum þó ekki ætlazt til að skipta upphæðinni í hlutfallinu 5:2, sem þó væri réttmætt, heldur höfum við lagt til, að hún skiptist til helminga milli þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, þannig að helmingurinn renni til verkamannabústaða og hinn helmingurinn til framkvæmda í sveitum. Um þetta fjalla liðirnir a, b og c í till., og vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessa hóflegu brtt. D-liðurinn í þessari brtt. á við næstsíðustu málsgr. 3. gr., en samkv. gr. nú á að lána til verkamannabústaðanna með 4% vöxtum, en lán, sem veita á til 20 ára til ræktunarfram-

kvæmda, eiga að ávaxtast með 2%. Ég vil á engan hátt gera lítið úr nauðsyn þess, að ræktunin í landinu fái ódýr lán, en það er alveg jafnbrýn nauðsyn fyrir verkamenn að fá ódýr lán til bygginga, ekki síst þegar byggingarefni stórhækkar í verði einmitt fyrir áhrif þessara laga, og það er ósanngirni, sem mest má verða, ef verkamenn eiga þarna að borga tvöfalt hærri vexti.

3. brtt. er við 4. gr., um það, að gr. falli niður, en efni gr. er, að inn í vísitöluna, sem nú er — en hana þyrfti mjög að lagfæra, en ekkert er um það í frv., heldur á að taka inn í hina nýju vísitölu húsaleigu í nýjum húsum, sem enginn veit, hvað er mikil, og enn fremur útsöluverð á kjöti. Þetta leiðir til þess, að sá hluti vísitölunnar, sem samsvarar innlendri verzlun og notaþörf, hækkar, en hinn hlutinn, sem byggist á verði innfluttrar vöru, lækkar. Breytingar á verði erlendrar vöru verka því minna til hækkunar á vísitölunni, eftir að þessi lög yrðu samþ., en ella mundi. Hvergi er hjá hagfræðingum ríkisstj. gerð grein fyrir því, hverju þetta nemi, enda veit enginn, hvernig húsaleiga í nýjum húsum verður metin, en með þessari aðferð við útreikning vísitölunnar gætir hækkunar af erlendu vöruverði minna en áður. Ég skal ekki gizka á, hversu miklu þetta munar, en það munar verulega.

Á sama hátt legg ég til í 4. brtt. minni, að 5. gr. verði felld niður. Ég skal þó geta þess, að ef ekki verður fallizt á mína till. og ef kaupgjaldsvísitalan verður útreiknuð samkv. 5. gr., þá er sjálfsagt, að samhliða verði gerður útreikningur fyrir þjóðartekjurnar í heild, svo að séð verði hlutfallið milli kaupgjaldsins og þjóðarteknanna. Annars er þessi vísitala einskis virði og segir nauðalítið.

7. gr. frv. fjallar um vísitölu framfærslukostnaðar og hvernig uppbætur skuli greiða samkv. henni. Hér er um stórfellda breytingu að ræða frá því, sem nú er. Það á að miða við þessa nýju kauplagsvísitölu og breytingar, sem hún kann að sýna frá 1. marz til 1. apríl. Síðan á að greiða uppbætur samkvæmt henni á kaup í maí, þó því aðeins, að hækkun framfærslukostnaðar nemi minnst 5%, en það svarar til 17—18 stiga í vísitölu. En mánaðarlega á aðeins að greiða uppbótina til 1. júní, en þá eiga 6 mánuðir að líða þar til kaup verður leiðrétt næst, og svo aftur 6 mánuðir, unz ákvæðin um uppbótargreiðslur falla úr gildi. Ég álít hér svo langt gengið og harkalega á hlut launþega, að ekki sé þess að vænta, að við verði unað. — Í brtt. okkar á þskj. 460 er gert ráð fyrir, að grundvallarvísitalan, sem miðuð sé við 1. september 1949, verði 330 stig, og er með því bætt fyrir vísitölubindinguna, sem sett var 1947. Síðan greiðist við hver mánaðamót uppbót samkv. hækkandi vísitölu, eins og var, áður en vísitalan var bundin. Því hefur mjög verið haldið á loft af forsvarsmönnum þessa frv., að með uppbótarákvæðum þess væri séð fyrir hag launþeganna, en ef frv. er óbreytt, þá er það alveg ófullnægjandi. En með því að samþ. brtt. okkar er aðeins verið að gera þau orð forsvarsmanna frv. að sannmæli, að launþegum sé bætt upp verðhækkunin, sem stafar af gengislækkuninni. Þá ætlumst við einnig til, að vísitalan verði endurskoðuð fyrir 1. júní, svo að hún fengist sem allra réttust, enda var þetta verk hafið fyrir forgöngu stjórnar þeirrar, er hv. núv. 8 landsk. veitti forstöðu.

Ég vil nú aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. meiri hl. á því, hvernig árangur þessarar löggjafar kemur fram í reynd, ef frv. verður samþ., án þess að tillit sé tekið til brtt. okkar á þskj. 460. Um leið og frv. hefur verið samþ. og gjaldeyrisverzlun hefst að nýju, þá fara vörurnar, sem legið hafa á hafnarbakkanum, í búðirnar, tollaðar samkv. þessum nýju lögum. Hver verðhækkunin rekur aðra. Matvörur, kol, fatnaður, allt, sem nöfnum tjáir að nefna, hækkar í verði út marz, út allan apríl, en á sama tíma verður engin breyting á kaupi. Heldur nú hv. meiri hl., að þetta sé leiðin til þess að fá launþegana til þess að láta vera að nota sinn viðurkennda rétt til kauphækkana? Ég held, að hv. meiri hl. ætti að athuga það, hvort hann getur ekki gengið eitthvað til móts við óskir launþeganna, þannig að kauphækkanir verði þegar í apríl og svo áfram mánaðarlega til að mæta þeim verðhækkunum á lífsnauðsynjum, sem koma munu daglega.

6. brtt. okkar er við 10. gr. og er þess efnis, að verðtollsviðaukinn, sem nú er 65%, en á samkv. frv. að verða 45%, hann verði 25%. Það er leitt að þurfa að segja frá því, að engar tölur eru í álitsgerð frv., sem sýni, hverju þessi verðtollsviðauki muni nema, enda forðast hæstv. ríkisstj. allar upplýsingar í tölum um atriði, sem máli skipta í sambandi við þetta frv. Verðtollurinn er raunverulega hækkaður um 70% frá því, sem nú er. Verðtollurinn í heild ásamt viðauka er nú áætlaður 66 millj. kr., og skilst mér, ef 70% hækkun kemur á þetta, að þá geti hann orðið allt að 100 millj. kr. Sé ég ekki þörf á því í sambandi við þetta frv. að auka svo mjög tolltekjur, og þó að brtt. okkar verði samþ., sýnist mér, að tolltekjurnar verði nær 70 millj. kr. en 66 millj. kr., sem þær eru áætlaðar nú. — Þá vil ég beina því til hæstv. ríkisstj., hvort hún ætlar ekki, þegar heimild til að innheimta söluskattinn rennur út, að fella þann skatt niður.

7. brtt. er við 11. gr., um framleiðslugjaldið, og er gr. þess efnis, að af afla þeim, sem nýju togararnir leggja hér upp, öðrum en síld, skuli taka 10% gjald samkv. ákvæðum gr., en í brtt. okkar er gert ráð fyrir, að þetta gjald verði því aðeins innheimt, ef viðkomandi togari hefur haft rekstrarhagnað. Mér skildist á hv. frsm. meiri hl. fjhn., að meiri hl. hefði til athugunar að mæta fram komnum óskum um þetta efni og mundi e. t. v. flytja um þetta brtt. við 3. umr. Sé svo, get ég tekið þessa brtt. aftur til. 3. umr.

8. brtt. er við 12. gr., þ. e. a. s. stóreignaskattinn, sem leggja skal á samkv. frv. 1. liður fjallar um það, hverjar reglur skuli hafa um mat fasteigna til skatts, en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að fasteignir í Reykjavík séu metnar með 6-földu fasteignamatsverði, fasteignir í

öðrum kaupstöðum með yfir 4000 íbúa með 5-földu fasteignamatsverði, fasteignir í bæjum með yfir 2000 íbúa með 4-földu fasteignamatsverði, enn annars staðar er reiknað með því 3-földu. Enginn vafi er á því, að með þessu móti yrði verðið að verulegu leyti undir sannvirði og sennilega langt undir því. Þá verður því ekki neitað, að þessi skipting eftir landshlutum er af handahófi. Ég sé ekki t. d., af hverju fasteign hér í Reykjavík á að margfaldast 6 sinnum, en aðeins 3 sinnum, ef hún er í Kópavogi eða úti á Seltjarnarnesi. Ég skal viðurkenna, að um þetta er erfitt að setja reglur, svo að vel fari, en ég tel, að miklu nær sönnu fari matsreglurnar í brtt. minni en þær reglur, sem eru í frv., eins og það er nú. — Í b-lið brtt. við 12. gr. er gert ráð fyrir, að eignaraukaskatturinn hækki nokkuð, eða verði 35% af eign, sem fer yfir 2 millj., í stað 25% eins og frv. gerir ráð fyrir. Sömuleiðis gerir brtt. ráð fyrir, að skattstiginn verði nokkur annar eða fari meira stighækkandi en áður var gert ráð fyrir. Ég held, ef ætlunin er, eins og látið hefur verið í veðri vaka, að þeir ættu að bera þyngstar byrðarnar, sem breiðust hefðu bökin, þá sé fjarri, að það markmið náist eins og ákvæði 12. gr. nú eru. Það má líka segja, að það markmið náist ekki heldur, þó að brtt. á þskj. 460 sé samþ., en það stendur þó sýnu nær. Ég vil benda á, að eftir þessum skattstiga á sá, sem er eigandi að 1 millj. kr. skattskyldri, að greiða 11% í skatt, og þessi skattur skiptist á 20 ár. Sé skattskylda eignin 1400 þúsund, þá á eigandinn að greiða 204 þús. kr. í skatt, eða 15%. Sé eignin 2 millj., á eigandinn að greiða 388 þús. kr., eða 19,4%, sem er tæpur fimmti hluti af eigninni. Ég hygg, að sé það alvara að leggja þyngstu byrðarnar á breiðustu bökin, þá sé ekki hægt að ganga skemmra en hér er lagt til. Þess ber líka að gæta, að verulegur hluti af þessum skatti kemur aftur til eigendanna vegna hækkunar, sem verður á fasteignum, þegar l. þessi taka gildi.

Í þessu sambandi vil ég drepa aftur á atriði, sem ég minntist á í dag, en það er, að eignaraukaskatturinn skyldi vera felldur niður í sambandi við þetta frv., og það án þess að nokkrar skýringar fengjust á því, hvort slík breyting hefði í för með sér hækkun eða lækkun á eignarskattinum. Ég er ekki fær um að gera mér grein fyrir, hvort hækkun sú, sem gerð var á eignarskattsákvæðum frv., nemur meiru til hækkunar en eignaraukaskatturinn hefði orðið. Hitt er þó vitað, að sá skattur átti að vera 25 þús. kr. af 400 þús. kr. eignarauka og 15% af afganginum. Að vísu var þessi skattur ekki af öllum eignum, heldur aðeins þeim, sem til hafa orðið eftir 1940. Af 1 millj. átti að greiða 145 þús. kr., eða nokkru hærra en skv. till. okkar á þskj. 460, og væri eignaraukinn meiri en 1 millj., átti að greiða af honum 30%, en samkv. frv. er hæsti skatturinn 25%, og það af upphæð, sem er yfir 1,5 millj. Ég get ekki sagt um, hvað mikill hluti af eignum manna mundi hafa fallið undir ákvæði eignaraukaskattsins, en hitt er víst, að á síðustu 10 árum hefur mikill auður dregizt til einstakra manna, og áreiðanlega er það stór hluti af eignum margra. Ég verð því enn að lýsa undrun minni á því, að svo veigamikil breyting skuli hafa verið gerð á frv. sem niðurfelling eignaraukaskattsins er, án þess að nokkrar skýringar, hvað þá tölfræðilegar niðurstöður, hafi verið gefnar um þá breytingu, sem þetta hefur í för með sér. Ég skal að vísu fúslega játa, að það er ekki skemmtilegt að innheimta tvenns konar eignarskatt í einu, en með því að miða við visst hámark, sem báðir skattarnir fylgdu, hefði mátt sníða mestu vankantana af þeirri innheimtu. Ég get ekki gefið upplýsingar, hvað þessi breyting á skattinum í Nd. hefur í för með sér, en þrátt fyrir það tel ég mikla ástæðu til að gagnrýna þá málsmeðferð, þar sem ekki hefur verið gerð nein tilraun til að skýra, hvað sú breyting þýddi.

C-liður 8. brtt. okkar er við síðustu mgr. 12. gr. og fjallar um, hvernig skipta skuli því fé, sem skatturinn nemur. Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að öðrum helmingnum verði varið til að greiða lausaskuldir ríkissjóðs, en hinum helmingnum til byggingarsjóðs verkamanna og byggingar- og landnámssjóðs, í sömu hlutföllum og bráðabirgðaákvæði um gengishagnaðinn gera ráð fyrir. Brtt. okkar fjallar um, að ⅔ af þessum helmingi renni til byggingarsjóðs verkamanna, en ⅓ til bygginga í sveitum. Það þarf ekki að endurtaka rökin fyrir þessari brtt. Þau eru hin sömu og um bráðabirgðaákvæðið um ráðstöfun á gengishagnaðinum. En til viðbótar má geta þess, að enda þótt ⅔ hlutar þessa fjár renni til kaupstaða og kauptúna, þá er samt betur séð fyrir hlut sveitanna, miðað við fólksfjölda.

9. brtt. á þskj. 460 er sú, að aftan við 14. gr. komi ný ákvæði um persónufrádrátt. Hér er lagt til, að í stað 900 kr. frádráttar frá tekjum, áður en skattur er lagður á, komi 1500 kr. fyrir einstakling. Í stað 1800 kr. fyrir hjón komi 3000 kr., og heimilað verði að draga 1200 kr. frá fyrir hvert barn. Þessi breyting svarar til, að frádrátturinn svari lágmarkslífeyri eftir almannatryggingal., eða því sem næst. Lífeyririnn er nú 1200 kr. á fyrsta verðlagssvæði, en verði heimild sú, sem nú hefur verið gert ráð fyrir að lögfesta, samþ., hækkar hann um 20%, eða upp í 1440 kr., en hér er gert ráð fyrir 1500 kr., og samsvarandi er um hjón og börn. — Ég skal svo láta máli mínu lokið, en vil leyfa mér að vona, að þessar brtt. verði samþ. og þannig gengið til móts við launþegasamtökin.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er vegna þess, að hæstv. forsrh. varð að víkja af fundi, að ég ber fram þá ósk fyrir hans hönd, að sumar og helzt allar brtt. á þskj. 460 verði teknar aftur til 3. umr. En fyrst ég stóð upp, ætla ég að segja nokkur orð um frv. það, sem hér liggur fyrir, og þær brtt., sem fram hafa komið.

Ég ætla þá fyrst að víkja að því, sem hæstv. atvmrh. sagði. Hann virtist hafa nokkurn beyg af þeim breytingum, sem þetta frv. hefur tekið frá því að það var lagt fram í upphafi, og einkum þó ákvæðunum um, hvernig ráðgert er að

verja gengishagnaðinum og hluta af eignarskattinum. Vitanlega má deila um þessi atriði og ef til vill vafasamt að halda áfram mikilli fjárfestingu. Hitt held ég að allir hljóti að vera sammála um, að ekki dugir að stöðva allar framkvæmdir, og ég álít, að þær framkvæmdir, sem verja á þessu fé til, séu svo brýnar, að ekki verði hjá þeim komizt, en auk þess í hóf stillt, eftir því sem hægt er. Það gefur að skilja, að ekki dugir að leggja árar í bát, þó að í óefni sé komið, og enda þótt margt sé hægt að spara, þá verður að halda áfram nauðsynlegum framkvæmdum. Ég ætla svo ekki að ræða þetta atriði frekar.

Út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. og þeim brtt., sem hann mælti fyrir, þá skal ég taka undir það atriði í ræðu hans, að nauðsyn sé á að gera ýmsar ráðstafanir í sambandi við þetta frv. Ég viðurkenni fúslega, að það þarf að styrkja verðlagseftirlitið, það þarf að bæta úr húsnæðisöngþveitinu, og það þarf að gera umbætur í verzlunarmálunum. Frv. hefur engin ákvæði um þessi mál, en Alþingi fær tækifæri til að taka ákvarðanir um þau, og ég verð að segja, að það skiptir jafnvel meginmáli, hvernig þessum málum verður ráðið til lykta.

Ég hef aldrei gert ráð fyrir, að ráðstafanir út úr því efnahagsöngþveiti, sem við erum nú í, verði gerðar án fórna. Þvert á móti hljóta allir landsmenn að verða að fórna einhverju. Það er vitanlega ekki hægt að taka fjármagn til útflutningsframleiðslunnar eða sjávarútvegsins, án þess að það sé tekið einhvers staðar. Hins vegar er aðalatriðið, að þessar fórnir eða byrðar verði ekki meiri en nauðsynlegt er. Spurningin er því raunverulega sú, hvað þessar fórnir geti verið minnstar, til þess að þær nái tilætluðum árangri, þ. e. a. s. til þess að þær komi framleiðslunni á réttan kjöl. Framleiðslunni verður að bjarga, því að ekki verða fórnirnar minni, ef hún stöðvast. Það hafa eldri og reyndari þjóðir en við orðið að grípa til þess úrræðis, sem hér er lagt til nú. Það er ekki langt síðan Bretar gripu til þess úrræðis að fella gengi sitt til bjargar atvinnuvegunum. Ég skal ekki segja um, hvernig ástandið hefur verið hjá þeim, og get því ekki borið það saman við það, sem hér ríkir nú, en tæplega hefur það verið eins slæmt. Það er vitað mál, að 19 nýsköpunartogarar hafa nú þegar nálgazt stöðvun og sumir þeirra verið auglýstir á nauðungaruppboðum, enda dráttarvextir af lánum, sem hvíla á þeim, komizt upp í 12%, en vextirnir hækka mánaðarlega um ½% að mig minnir. Sum bæjarfélögin eru alveg komin í þrot og riða á barmi gjaldþrots vegna útgerðar þessara skipa, enda dæmi um, að þau hafi neyðzt til að auglýsa skipin á nauðungaruppboði. Það er því ekkert nema biðin eftir þessu frv., sem hefur haldið skipunum úti eða komið í veg fyrir stöðvun þeirra. Þær eru því ekki að ástæðulausu, ráðstafanirnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég geng ekki fús til þess verks að þurfa að styðja að þeim fórnum, sem farið er fram á, en það verður ekki hjá því komizt, þegar blómlegustu og fullkomnustu tækin í íslenzku atvinnulífi, nýju togararnir, eru eins á vegi staddir og ég áður lýsti, enda geta menn af því leitt, hvernig önnur atvinnutæki munu á vegi stödd, eins og t. d. bátaútvegurinn. Og sannleikurinn um hann er sá, að það, sem komið hefur í veg fyrir, að flestir bátanna hafi verið seldir á nauðungaruppboði, er lögboðin frysting á skuldum þeirra.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta ástand, enda mun flestum um það kunnugt. Hitt vil ég drepa á, að sú leið út úr ógöngunum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er eftir áliti okkar bezt menntuðu manna í þessu efni sú heppilegasta, sem völ er á, eins og nú er komið. Niðurfærsluleiðin svonefnda kom líka til álita, en við athugun kom í ljós, að hún mundi hafa í för með sér meiri og erfiðari byrðar fyrir bændur og verkamenn, að minnsta kosti fyrst um sinn, auk þess sem hún var talin seinvirkari til úrbóta fyrir útveginn, nema mjög stór spor væru stigin. Um þá leið að þjóðnýta utanríkisverzlunina ætla ég ekki að ræða, enda ekki skilyrði fyrir, að hún yrði valin.

Um þær brtt., sem fram hafa komið, er það að segja, að flestar þeirra miða að því að gera þær fórnir, sem hér er um að ræða og ég kannast við, litlar og raunar engar, og þá um leið að ónýta þær aðgerðir, sem gert er ráð fyrir og nauðsynlegar eru. Ég tel því, að samþykkt þeirra flestra yrði til þess að skapa enn meira öngþveiti og færa okkur lengra niður í það fen, sem efnahagsmál okkar nú eru í, og þó getur það varla verra verið. Um 1. brtt. hv. 4. þm. Reykv., að 2. gr. falli niður, vil ég þó endurtaka óskir forsrh. um, að hún verði tekin aftur til 3. umr., þar sem það atriði mun vera í athugun hjá ríkisstj. og því óhentugt að láta fara fram atkvgr. um till. nú. — Í sambandi við brtt. um skiptinguna á gengishagnaðinum vil ég segja það, að ég er henni algerlega andvígur, en viðvíkjandi fyrirspurnum um, hvað sá hagnaður muni verða mikill, þá get ég upplýst, að það er gert ráð fyrir, að hann verði nálægt eða aðeins innan við 20 millj. Annars liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um þetta atriði enn. Hv. 4. þm. Reykv. taldi skiptinguna milli byggingarsjóðs verkamanna, byggingarsjóðs bænda og ræktunarsjóðs ósanngjarna eftir ákvæðum frv. og miðaði þar við fólksfjölda í bæjum og sveitum. Ég vil í þessu sambandi minna á, að lán úr ræktunarsjóði fara ef til vill að stærri hluta til kaupstaða en sveita, því að ræktunarsjóður var á sínum tíma skyldaður til að lána til frystihúsa, og er áreiðanlega ekki of sagt, að helmingur þess fjár, sem sjóðurinn hefur haft yfir að ráða, hafi farið til frystihúsanna. — Um 3. og 4. brtt., að niður falli vísitölubindingin, þarf ekki að fjölyrða. Þetta hefur verið þrautrætt í Nd. Hið sama er að segja um 5. brtt. — Það er rétt hjá hv. 4. þm. Reykv. að gera ráð fyrir þessari verðhækkun. Auðvitað verður hún tilfinnanleg, þegar þær vörur, sem nú eru á hafnarbakkanum, koma á næstu vikum í búðirnar, og það hefur verið rætt um fyrirkomulag greinarinnar og væri æskilegast að fresta þessari brtt. einnig þar til við 3. umr.

Viðvíkjandi 6. brtt., að í stað 45% komi 25%,

er það að segja, að eftir því sem nú horfir, er reyndin sú, að ríkissjóði veiti ekki af þessum peningum. Viðvíkjandi fyrirspurninni um það, hvort söluskatturinn verður felldur niður, er því til að svara, að hann verður felldur niður, þegar það er hægt, en fyrr ekki. — Nú vita menn, að tekjuþörf ríkissjóðs er mikil og það er grundvallaratriði, að fjárlög verði ekki afgreidd með tekjuhalla. Norðurlönd hafa a. m. k. 3 undanfarin ár afgr. fjárlög með stórkostlegum tekjuafgangi. Ef þetta frv. á að koma að einhverju gagni, er ekki hægt að afgreiða fjárlögin nema með jafnvægi milli tekna og gjalda.

Viðvíkjandi 7. brtt., við 11. gr. frv., um útflutningsgjald af saltfiski, óska ég, að sú brtt. verði dregin til baka þar til við 3. umr. Ég mun ekki ræða það atriði nánar, en benda má á, að í ljós hefur komið, að gömlu togararnir voru betur settir en bátar til að veiða fisk og salta hann. Gera má þó ráð fyrir, að nýsköpunartogararnir standi enn betur að vígi. Nú hefur verið gerð sú breyting á frv. í Nd., að togararnir þurfi að selja fyrir 8500 £ í 5 ferðum í röð, til að útflutningsgjalds sé krafizt. Ég er hræddur um, að ef þessi 10% verða felld niður, gæti orðið kapphlaup um að salta sem mest af fiski og það orðið til þess að skapa offramleiðslu. Þetta vil ég að menn athugi, og væri æskilegt að geyma þessa brtt. þar til við 3. umr. — Þá getur hér einnig verið álitamál, með hvaða tölu eigi að margfalda fasteignamatið. Það er vandasamt verk að ákveða þetta.

Viðvíkjandi 8. brtt., um það að fella niður eignaraukaskattinn, vil ég segja það, að ég var andvígur þeirri aðferð, en áleit réttara að leggja skattinn á eignir, sem til væru. Það er ekki nein ráðgáta, að margir þeirra manna, sem mest græddu í styrjöldinni og söfnuðu auði á því tímabili, sem eignaraukaskatturinn nær yfir, eiga nú lítið og sumir ekkert. Margir hafa tapað geysimiklu fé í útgerðinni á undanförnum árum. Hér má t. d. líta á bæjarútgerðir. Ein stór bæjarútgerð græddi t. d. svo mikið af peningum, að hún vissi ekki, hvað hún átti við þá að gera. En nú hefur þessi bæjarútgerð tapað mestu af sínu fé. Raunar þarf ekki að rekja dæmi um þetta, þau blasa alls staðar við. Þá má einnig deila um það, hver skattstiginn eigi að vera, og e. t. v. mætti leggja þessa skatta á samhliða, en er þó ekki viðfelldið. Hv. 4. þm. Reykv. viðurkenndi það líka, að skattarnir geta þannig í sumum tilfellum komið þungt niður, en í öðrum tilfellum létt. Annars ef eignaraukaskatturinn væri lagður á eignir, eins og þær voru þegar hann var ákveðinn, gæti svo farið, að maður, sem aukið hefur mjög mikið eignir sínar, væri eignalaus í dag. Ýmsir, sem rannsakað hafa þetta, lögðu til, að eignarskattstiginn væri hafður hærri, en álitu óframkvæmanlegt að hafa eignaraukaskattinn samhliða. Þeir, sem bezt hafa rannsakað þetta, hafa lagt til að leggja eignaraukaskattinn niður. Við skulum ekki vera blindir fyrir því, þótt fasteignir séu í háu verði í dag. Því miður er ég ekki viss um, hvort fasteignaverð muni haldast; sumir halda, að það muni hækka, en ég er ekki þeirrar skoðunar. Auðvitað má deila um skattstigann, en því verður ekki neitað, að það er orðin veruleg fórn fyrir þá menn, sem skatturinn er lagður á. En sannast að segja gengur mönnum treglega að skilja, hve eignir eru orðnar litlar, þótt þær nemi milljónum í íslenzkum krónum. 1½ millj. kr., sem menn eiga nú, mun jafngilda því, sem áður var 300—400 þús. kr. Maður er alltaf að reka sig á, hvað krónan er orðin verðlítil. Og þetta staðfestir gengislækkunina, því að það er ekki hægt að breyta genginu nema aðeins af því, að það hefur þegar orðið gengislækkun. Annars mundi hinn erlendi gjaldeyrir ekki seljast fyrir það verð, sem hann er skráður á. — Þessi 25%, sem maður á að borga af 1½ millj., verða þá ¼ af verðmæti eigna hans. Hugsum okkur t. d. mann, sem á 2,3 millj. kr. Hann borgar 400 þús. kr., en það jafngildir 20 þús. kr. á ári í 20 ár með 4% vöxtum. Þá má einnig líta á það, að sumir þessara manna eiga fasteignir og leigja þær út í gamalli leigu. Hugsum okkur t. d. eign upp á 2,3 millj. kr. og tekjur af henni 60—70 þús. kr. og skattar 25 þús. kr. Við þurfum ekki að fara í neinar grafgötur með það, að þetta eru verulegar fórnir. Ég hef allltaf gengið út frá því, að þetta yrðu einnig fórnir fyrir verkamenn og bændur til að létta byrðinni af sjávarútveginum. Ég held, að það sé ekki fjarri lagi, hvernig þessum fórnum hefur verið niður deilt. Þeir, sem farið hafa allra hæst, hafa sett fram 35% í stað 25%. Ef gerðar yrðu þær ráðstafanir, sem hv. 4. þm. Reykv. kom með, til að draga úr þessu að öðru leyti, og ef það á að flytja í útgerðina um 80 millj. kr. á ári, sem við eigum lífsafkomu okkar undir, efast ég um, að það sé hægt að gera og hafa einnig fulla vísitölu, eins og t. d. í till. hv. 4. þm. Reykv. Ég geng út frá því, að það verði að jafna á milli þessara stétta. Ég get ekki annað en sagt við verkamenn og bændur í Strandasýslu, að þeir fórni miklu. Ef skilja ætti l. svo, að bændur ættu enga verðhækkun á mjólk að fá fyrir fóðurbætinn, sem þeir keyptu í fyrra upp á 14 millj. kr., er það ekki rétt, því að það á að reikna fóðurbætinn út í mjólkurverðinu. — Viðvíkjandi síðustu brtt. hjá hv. 4. þm. Reykv. vil ég segja það, að það er verið að athuga hana, og forsrh. óskar, að henni sé frestað þar til við 3. umr.

Það hefur þá sérstaklega verið óskað eftir að draga eftirtaldar till. til baka, þar til við 3. umr.: 1. brtt., 5. brtt., 7. brtt. og 9. brtt. — Mun ég svo ekki fjölyrða frekar um þetta.

Hannibal Valdimarsson: Þegar hæstv. atvm.-rh. hélt framsöguræðu fyrir þessu frv. í dag, játaði hann, að það væri neyðarúrræði að gera þessar ráðstafanir, sem í frv. felast. Flestir, sem gert hafa frv. þetta að umræðu, hafa játað hið sama; hér í kvöld var hæstv. landbrh. að því síðast. Þetta er einnig tekið skýrt fram í nál. meiri hl. fjhn., að það verði með einhverju móti að ráða bót á þessu neyðarástandi. Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, taldi ekki rétt að vera að ræða um það, hverjum þetta væri að kenna. Ég tel það enga goðgá, þótt á það sé minnzt, að

þetta neyðarástand hefur einmitt skapazt á sama tíma sem Sjálfstfl. hefur farið með fjármálastjórn íslenzka ríkisins í samfleytt 11 undanfarin ár. Ég held, að rétt sé að játa, að þetta sé ekki neyðarúrræði, heldur óyndisúrræði — eða úrræði, sem ekkert úrræði er. Aðalúrræðið, sem um er að ræða, er gengislækkun. — Ég hef hér fyrir framan mig mikla bók, sem útbýtt var meðal þm., en þetta mikla verk er hagfræðiálit, sem dr. Benjamín Eiríksson hefur samið að ráði fyrrv. ríkisstj., en þangað eru sótt neyðarúrræði lagafrv. þessa, eða réttara sagt óyndisúrræði þess. Á bls. 45 ræðir hann um áhrif gengislækkunarleiðarinnar, og þar segir hann meðal annars um gengislækkun, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengislækkun án frekari ráðstafana mundi naumast leysa mörg vandamál, og mundi fljótt sækja í sama horfið og nú, þar sem þau öfl, sem skapað hafa núverandi ástand, héldu þá áfram að hafa þau áhrif, er menn nú þekkja, dýrtíð, hallarekstur og erfitt verzlunarástand. Gengislækkunin ein er í raun og veru engin lausn á aðalvandamálinu, sem er skortur á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hún mundi samræma innlent og erlent verðlag, en aðeins í bili. Gengislækkun bindur ekki endi á misvægið milli sparifjármyndunar og fjárfestingar. Gengislækkun, sem samfara er hækkun á öllum framleiðslukostnaði innanlands, bindur ekki endi á hallarekstur hjá útgerðinni. Gengislækkunin ein mundi ekki leiða til afnáms verzlunarhaftanna, og henni mundi ekki fylgja neinn sá ávinningur eða ábati, sem fylgir frjálsri innflutningsverzlun. Það mundi meira að segja ekki nægja, þótt betra ástand skapaðist í utanríkisverzluninni, ef það ástand hefði í för með sér aðeins rýmkun á höftunum."

Hér er dómur þess sérfræðings, sem hefur undirbúið þetta frv., sem í hálfgerðu gamni hefur verið nefnt pennastrikið, en í því á að felast eins konar lausnarorð, sem leysi allan vanda. Þó játar hagfræðingurinn, að hér sé um neyðarúrræði að ræða. Hann heldur því fram, og staðhæfir það, að gengislækkunarleiðin leysi engan þann vanda, sem þessu frv. er ætlað að leysa. En eru þá ekki einhverjar hliðarráðstafanir í frv. hæstv. ríkisstj., sem leysa vandann? Svo er víst, að í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta mál, hefur hæstv. ríkisstj. ekki staðnæmzt við neinar hliðarráðstafanir né flutt þau rök í þessu mikla máli, að líklegt sé, að samþykkt þess komi jöfnuði á fjárhag þjóðarinnar. Þau áhrif, sem samþykkt þessa frv. mun hafa í för með sér, munu koma strax í ljós. Áhrifin munu koma fram á næstu mánuðum og missirum, og ég er óttasleginn yfir því, að þau áhrif muni ekki verða eins glæst á fjárhagsmál þjóðarinnar og atvinnulíf og flm. þessa máls gera sér vonir um. Þetta mál varð banabiti hæstv. fyrrv. ríkisstj., og er ef til vill hætt við því líka gagnvart þessari ríkisstj., sem framkvæma á lögin. Ef frv. þetta á að ná tilgangi sínum, á það að ráða bót á dýrtíðarvandanum meira en til bráðabirgða, en reynsla fyrri ráðstafana hefur ekki náð tilgangi sínum. Þetta mál á því að vera framtíðarlausnin í fjárhagsmálum þjóðarinnar. En þó að þetta mál eigi að lækna dýrtíðina í landinu, þá er allur þorri manna sannfærður um það, að samþykkt þessa máls muni leiða holskeflu nýrrar dýrtíðar yfir landslýð allan. Það hefði e. t. v. mátt ætla, að dýrtíð af völdum gengisbreytingar kæmi ekki strax í ljós, eða ekki fyrr en vörur kæmu á markaðinn, sem keyptar hefðu verið eftir að gengislækkun hefði verið lögfest, en það er á annan veg. Dýrtíðin eykst í kjölfar þessa gengislækkunarfrv., og það sömu dagana og verið er að ræða málið hér á Alþingi. Það hringdi til mín skipstjóri í dag. Hann var staddur í dag á vörulager Landssambands íslenzkra útvegsmanna og ætlaði að festa kaup á bambusveiðarfæri. Hann hafði komið þar undanfarið og fest kaup á ýmsu, sem hann vanhagaði um. En nú vildi svo til, að bambusbúnt, sem kostaði fyrir nokkrum dögum 8 kr., var allt í einu stigið í verði. Sams konar búnt kostaði nú 12 kr. Ný vara, segja afgreiðslumennirnir, en skipstjórinn fullyrti við mig, að þarna hefði verið um sömu bambusbúntin að ræða. Þannig virðist gengislækkunin nú þegar vera komin í framkvæmd. Það mætti sjálfsagt tína til mörg dæmi, sem svipar til þess, sem skipstjórinn varð fyrir, en ég vil ekki leiða til frekari umr. um þetta atriði. En heimildirnar eru ekki langt undan. Í Morgunblaðinu í dag er auglýsing frá kolaverzlunum í Reykjavík. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð eldri kolabirgðir eru þrotnar, verða kolaverzlanir í Reykjavík að loka frá og með deginum í dag að telja, þar til verð fæst ákveðið á nýjum birgðum.

Kolaverzlanir í Reykjavík."

Svo heppnar eru kolaverzlanir í Reykjavík, að þær verða allar kolalausar á einum degi og verða að loka, þar til ákveðið hefur verið nýtt verð á nýjar birgðir. Hér virðist sýnilegt vera, að það hafi verið skyndilega tekið fyrir sölu, til þess að komast undir ný verðlagsákvæði. Eftir gengislækkunina er talið að kolatonnið komist upp í 500 kr., en það hefur verið 300 kr. fram til þessa. Þetta er skýr vísbending, hvernig horfir með verðbólguna í landinu. Verðhækkana verður ekki lengi að bíða, sbr. auglýsinguna í Morgunblaðinu, sem birtist á sama tíma og verið er að ræða frv. á Alþingi. Það er fleira, sem benda mætti á og virðist miða í svipaða átt hvað verðlagið snertir, og það áður en gengislækkunarfrv. er orðið að lögum. Slíkt ástand, sem nú hefur skapazt, er tiltækilegt til þess að skapa gróða, á sama tíma sem bændum, verkamönnum og öllum efnaminni mönnum er stórlega iþyngt. Það er engin furða, þótt verkamenn og aðrir launþegar eigi erfitt með að sætta sig við slíka kjaraskerðingu, þegar svo á þetta bætist, að aðrar stéttir þjóðfélagsins fá aukna aðstöðu til að auka og bæta fjárhag sinn. Verkamenn og launþegar eru fúsir til þess að taka á sig byrðarnar að sínum hluta, þegar þjóðin er í vanda, en þeir eiga erfitt með að sætta sig við, að þær komi óréttlátt niður á herðar landsmanna. Ég held, því miður, að með þessu frv. hafi ekki tekizt, eins og það er úr garði gert, að koma málum svo fyrir, að hver

stétt beri réttlátar byrðar. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar frestað var umr. áðan og fundarhlé gefið, var ég kominn þar í ræðu minni að ræða um ákvæði frv. um kaupuppbæturnar vegna hugsanlegrar dýrtíðar, sem stafaði af gengislækkuninni. Samkv. ákvæðum frv. á þá fyrst að koma til kauphækkana, að verðhækkunin verði 5% eða meira, og skal sú hækkun fyrst koma til framkvæmda í maí. 5% hækkun á framfærslukostnaði þýðir 17—18 vísitölustig, og þá fyrst, ef verðlagið hækkar það mikið, á verkafólk að fá bætt það tjón, sem orðið hefur af völdum gengislækkunarinnar. Ég get nú ekki ímyndað mér annað en það verði krafa alls verkalýðs, að hann fái uppbætur strax og verðhækkanirnar verða, mánaðarlega, og uppbæturnar verði miðaðar við réttan vísitöluútreikning. Það er öllum kunnugt, að verðlag úti um land er fyllilega eins hátt og hér í Reykjavík, og eftir að þetta frv. er orðið að lögum, mun dýrtíð ekki síður vaxa úti um landið. Nú er og vitað, að sum félög úti um land hafa ekki eins hátt kaupgjald og hið öfluga verkalýðsfélag Dagsbrún hér í Reykjavík, og mun fólkið þar ekki síður eiga erfitt með að standa undir dýrtíðinni. En í 7. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Skilyrði launahækkunar samkv. þessari grein er, að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. jan. 1950 eða samkv. síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag.“ M. ö. o., ef verkalýðsfélag úti á landi, sem hefði lægra kaupgjald en Dagsbrún hér í Reykjavík, reyndi að rétta hlut sinn með kauphækkunum, þá yrði fólkið í því félagi útilokað frá uppbótum, sem það annars mundi fá, ef dýrtíð vex. Ég tel þetta ranglátt ákvæði, og ætti hæstv. ríkisstj. að skoða hug sinn tvisvar, áður en hún lætur samþ. þetta. Réttast væri að fella alveg burt 7. gr. frv., eða a. m. k. síðasta málslið, eða leyfa verkalýðsfélögunum að lagfæra kaup sitt til samræmis við kaup Dagsbrúnar. Í till. okkar hv. 4. þm. Reykv. er gert ráð fyrir, að þetta sé heimilt. Ég tel og alveg víst, að það mundi stórum bæta sambúð hæstv. ríkisstj. og alþýðusamtakanna, ef slík jöfnun væri heimiluð. — Að vísu skiptir það þó mestu máli og mundi mest bæta sambúð hæstv. ríkisstj. og verkalýðssamtakanna, ef hæstv. ríkisstj. sæi sér fært að fella niður 2. gr. frv. Sú grein er eins og steyttur hnefi framan í alþýðusamtökin. Ég skil vel, að slík grein væri höfð í frv., ef hæstv. ríkisstj. ætlaði sér í vægðarlaust stríð við verkalýðssamtökin og væri þar örugg með sigur, en slíkt hygg ég að sé ekki ætlun hæstv. ríkisstj. og að hún muni ekki ætla sér að beita valdi nema til neydd. Gæti ég því ímyndað mér, að hún vildi heldur fella niður 2. gr. og leysa málið með samningum við alþýðusamtökin síðar, frekar en slíkt stríð. Þessi grein þýðir alveg ótvírætt, að ef verðhækkanir hafa orðið svo miklar, að verkalýðsfélögin teldu sig ekki geta við unað og hækkuðu sitt kaup, þá eigi stjórn Landsbankans að taka til sérstakrar athugunar gengisskráningu íslenzkrar krónu og þá vitanlega með það fyrir augum, að ríkisstj. framkvæmi þá nýja gengislækkun. M. ö. o., þarna er búin til kvörn, til þess að mala í smátt gengi íslenzkrar krónu. Ég get ekki séð neina ástæðu fyrir hæstv. ríkisstj. að eiga slíka kvörn og hygg, að það sé ekki þannig tæki, sem hæstv. stj. þarf að búa til. Ég hygg, að betra sé að eiga ekki slíkt tæki, svo að ekki sé til þess gripið. Ég sé og ekki, að ef verkalýðsfélögin grípa til þess að hækka sitt grunnkaup, þá sé ekki hægt að láta Alþingi lækka gengið aftur, og get ég ekki komið auga á nauðsyn þess að setja það í vald ríkisstj. einnar að lækka gengið á einum ráðherrafundi, að vísu að fengnum till. Landsbankans. Ég hygg, að þjóðargæfan sé alveg jafnmikil, þótt það sé áfram í valdi Alþingis að ákveða um gengi krónunnar. Þetta ákvæði virðist vera sett til þess, að ef ríkisstj. lenti í stríði við verkalýðssamtökin, þá gæti hún, í hvert skipti sem verkalýðsfélögin hækkuðu sitt kaup, lækkað gengið sem því svarar. En með þessu get ég ekki séð annað en stefnt sé í beinan voða. Með þessu væri þá komið út á hálan ís, sem ég hygg að sé langt frá upphaflegu marki frv. Það hafa margsinnis verið borin fram tilmæli af samflokksmönnum mínum um að verða við þeim óskum að fella 2. gr. í burtu, sem okkur sýnist vera til ögrunar, ef hún verður látin haldast. Mér er nú ekki örgrannt um, að slíkar óskir verði nú teknar til vinsamlegrar athugunar, þar sem hæstv. landbrh. hefur óskað þess, að teknar verði aftur til 3. umr. brtt., sem við þá grein voru. Geri ég mér því vonir um, að orðið verði við þeim óskum að fella þessa grein burt úr frv. Verkalýðsstéttirnar horfa með ugg til framtíðarinnar og sjá nú fram á vaxandi dýrtíð, kjaraskerðingu og jafnvel atvinnuleysi, og það er síður en svo, að það birti neitt yfir hjá þessum stéttum við þá tilhugsun, að þetta frv. verði að lögum. Það er látið í veðri vaka, að það sé sérstaklega gripið til þessarar lagasetningar til þess að rétta hlut sjómannastéttarinnar og útvegsins í heild, en jafnvel sjómenn hafa mótmælt þessu frv. og gera við það stórvægilegar aths., og frá útvegsmönnum koma líka háværar raddir um stórvægilegar breyt. á frv., og jafnvel láta þeir í ljós, að þeir geri sér litlar vonir um, að gengi útvegsins sé borgið við þessa lagasetningu. Iðnaðarmenn mótmæla þessu frv. og telja, að það verði ógerlegt að halda uppi ýmsum greinum iðnaðar, sem nú er í landinu, og sjá þannig ekki fram á, að þeirra hlutur verði réttur með frv., og ég hygg, að bændastéttin sjái fram á, að þessi löggjöf verði þung byrði á þeirra stétt, og virðist þá svo sem verzlunarstéttin sé eina stéttin í landinu, sem nokkurn veginn sé ánægð með þessa lausn á dýrtíðarmálinu. En ef það fer svo, að það verði verzlunarstéttin ein, sem hefur hag af því, að gengislækkun verði lögfest, og allar aðrar stéttir beri af því halla og verði að taka á sig þungar byrðar af því, þá skil ég ekki, hvernig það má verða, að þessi löggjöf leiði til aukins jafnvægis í þjóðfélaginu.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv., ég vil aðeins segja, að ég er andvígur gengislækkun sem frambúðarlausn í dýrtíðarmálun-

um og hefði miklu heldur kosið, að reyndar hefðu verið aðrar þær leiðir, sem þm. Alþfl. hafa bent á við þessar umr. og oft áður. Hv. 4. þm. Reykv. lýsti því rækilega hér í ræðu í dag, hvaða úrræði Alþfl. hefði borið fram á ýmsum tímum viðvíkjandi dýrtíðarmálunum; og meira að segja áður en dýrtíðarholskeflan skall yfir landið, þá bar Alþfl. fram frv. um það, hvernig ætti að koma í veg fyrir aukna verðbólgu og dýrtíð. Á árinu 1942 lagði Alþfl. til, að gengi íslenzkrar krónu væri hækkað, til þess að koma í veg fyrir, að stórkostleg vandkvæði sköpuðust af þeirri dýrtíð, sem þá var sýnilega í uppsiglingu. Í sambandi við þetta, sem hv. 4. þm. Reykv. ræddi hér um í dag, þegar hann vitnaði til þessa frv. Alþfl., þykir mér gaman að vitna aftur í hinn hálærða hagfræðing, Benjamín Eiríksson, og grípa þá niður í hið merka álit hans frá s. l. sumri, á blaðsíðu 8. Þar ræðir hann um dýrtíðina, hvernig hún hafi þróazt hér á landi á stríðsárunum, og segir um það m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefði átt að koma í veg fyrir hækkun verðlags, þá hefði þurft að hækka gengi krónunnar til mikilla muna. Þetta var í fyrstu gert og gengið hækkað smám saman í 20 kr. sterlingspundið. En síðan var frá þessu horfið og gengið lækkað að nýju í kr. 26,22. Hið lága gengi veitti svo hinu háa útflutningsverðlagi inn í landið í mynd hárra tekna og hinu háa innflutningsverðlagi sem háu útsöluverði innanlands. Það hefði ef til vill ekki verið æskilegt að koma í veg fyrir alla verðhækkun, en það hefði verið auðvelt að koma í veg fyrir hækkun á erlendu verðlagi umfram það, sem varð í Bretlandi. Hefði gengið verið hækkað smám saman um allt að 100%, mundi útflutningsverðlagið samt hafa hækkað um 50% í íslenzkum krónum og því valdið hækkun á kaupgjaldi og tekjum. Það er því lággengi krónunnar þessi ár, sem veitir erlendum verðhækkunum og áhrifum hærri farmgjalda inn í landið og getur því á vissan hátt talizt höfuðorsök dýrtíðar styrjaldaráranna."

Ég vil því segja eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði í dag, að mér er nær að halda, að ef farið hefði verið eftir till. Alþfl. á árunum 1941—42, þá væri ekki komið sem komið er. Það mætti ef til vill á þessari stundu gera sér vonir um það, ef svo hefði verið að farið, að það hefði nægt að lækka gengi íslenzkrar krónu niður í það, sem krónan er nú, en ekki þurft að lækka hana niður fyrir það.

Um till. okkar hv. 4. þm. Reykv. skal ég ekki orðlengja, hann gerði grein fyrir þeim svo ýtarlega sem unnt var, og hef ég þar engu við að bæta, en vil geta þess, að samkvæmt ósk hæstv. landbrh. munum við taka aftur nokkrar af þessum till. til 3. umr. og væntum þess, að hæstv. ríkisstj. taki þær till. til yfirvegunar, og taki þær helzt að öllu leyti til greina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar ábendingar til fjhn. í sambandi við frv. Hv. frsm. hefur nú lýst yfir, að þetta sé til athugunar, og ég mun því láta mér nægja við þessa umr. þá yfirlýsingu, sem hann hefur gefið í sambandi við þær ábendingar, og ekki bera fram neinar brtt. við frv. á þessu stigi málsins. Mér þykir hins vegar rétt að benda n. á, að á þskj. 405 er m. a. birt bréf frá Útvegsbanka Íslands, þar sem bent er á nokkrar breyt., sem séu æskilegar á frv., og þætti mér ekki ólíklegt, að n. þætti sumar af þeim vera til bóta og tæki þær upp í frv., eins og það liggur fyrir nú, því að ég sé, að hv. Nd. hefur ekkert sinnt þessu erindi. Mér virðist sumar þessar till. þannig, að þær geti engan veginn annað en bætt frv. og geti ekki á nokkurn hátt spillt, hvorki tilgangi frv. né því samkomulagi, sem gert hefur verið um það. Þetta þótti mér rétt að láta koma fram við þessa umr.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða frv. sjálft, en vildi aðeins svara nokkrum orðum því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði. Hann hóf ræðu sína með því að segja, að það ástand, sem hefði skapazt í fjárhagsmálum þjóðarinnar, hefði skapazt á þeim tíma, sem Sjálfstfl. hefði farið með fjármálin, síðustu 11 árin. Ég veit ekki, hvort þetta er ásökun til flokksins sérstaklega, en ef það hefur átt að skilja það svo, þá vil ég biðja hann að athuga það, að á þeim tíma hefur hans ágæti flokksformaður verið forsrh. og stjórnað framkvæmdum, sem áttu mestan þátt í að koma þessu af stað, og ef hans ágæti flokkur hefði ekki staðið gegn því að bæta úr þessu máli, eins og margsinnis hefur verið bent á, þá væri ekki komið í það ástand, sem nú er. Ég hirði ekki að svara þeim ónotum, sem hann kastaði hér einnig til Sjálfstfl., um það, að þetta frv. hefði verið banabiti flokksstjórnar Sjálfstfl. Hann vissi vel, að sú ríkisstj. hafði ekki meiri hl. Alþ. að baki sér, en Sjálfstfl. tók að sér að stjórna, þegar enginn annar flokkur fékkst til þess, og það var meiri sómi en hjá flokki hv. 6. landsk., sem nú rekur enga pólitík í landinu og treystir sér ekki einu sinni til að halda sinni eigin stefnu. Mér þætti hins vegar fróðlegt að heyra frá hv. þm., af því að hann hefur viðurkennt, að þær byrðar, sem verið er að leggja á þjóðina, ættu að leggjast á alla, eftir því sem þeir geta, hvaða till. hann hugsar sér þá að bera fram til viðbótar við þær till., sem hann hefur nú borið fram, til þess að láta launafólkið í landinu bera byrðarnar, því ef þær till., sem koma nú frá 6. landsk. þm. og 4. þm. Reykv., verða samþ., þá er ljóst, að engar byrðar eru lagðar á launafólkið. Launafólk er fleira í landinu en fátækir verkamenn, það eru einnig til hátt launaðir embættismenn í landinu, en það er alveg sjáanlegt, að ef þessar till. yrðu allar samþ., þá er ekkert af byrðunum lagt á neinn launamann, þar sem allar verðhækkanir á að bæta upp samkvæmt till., og hverjar eru þá fórnir launafólksins?

Ég skal ekki ræða mikið það kapp, sem lagt er á að afnema 2. gr. Ég get skilið það frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna, það er í rauninni sá réttur, sem þau hafa beitt þannig, að það hefur stefnt beint út í þetta fjárhagsástand, og þegar hv. þm. talar um að taka af þeim réttinn til að ná launahækkun með frjáls-

um samningum, þá er það alveg rangt komizt að orði. Það hafa ekki í mörg ár verið frjálsir samningar milli þessara aðila, það hefur einmitt frá annarri hliðinni verið settur hnefinn í borðið og venjulega kallað til sáttasemjara ríkisins til að koma á sættum eftir margar vikur, það hefur því ekki verið um neina frjálsa samninga að ræða. Þetta veit hv. þm. vel, en þetta er ástand, sem hann vill viðhalda í þessum málum. — Um aths. hans við álit Benjamíns Eiríkssonar vil ég segja það, að þær eru gripnar úr lausu lofti, þar er allt tekið úr samhengi. Hann gleymir meginatriðinu, sem er undirstaðan hjá Benjamín, að af öllum byrðum, sem verði að leggja á fólkið, þá sé þessi byrði þó léttust. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að af öllum leiðum, sem hægt sé að fara, þá sé þetta léttasta leiðin fyrir launafólkið. Því las ekki hv. þm. það? Af því að það var honum í óhag. — Að öðru leyti skal ég ekki ræða frv. á þessu stigi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 460,1 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 11:5 atkv.
Brtt. 460,2.a—c felld með 11:5 atkv.
— 460,2.d felld með 11:5 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 460,3 felld með 11:4 atkv.
— 458,1 felld með 11:4 atkv.
4. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Brtt. 460,4 felld með 11:5 atkv.
5. gr. samþ. með 11:5 atkv.
6. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 460,5 tekin aftur til 3. umr.
7.—9. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 460,6 felld með 11:5 atkv.
10. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Brtt. 460,7 og 458,2 teknar aftur til 3. umr.
11. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 460,8.a tekin aftur til 3. umr.
— 460,8.b felld með 11:5 atkv.
— 460,8.c felld með 11:5 atkv.
— 460,9 tekin aftur til 3. umr.
12.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:5 atkv.

Á 77. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 453, 458,2 460,1,5,7,8.a og 9, 461).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við þessa umr. hefur meiri hl. fjhn. fallizt á að flytja 3 brtt. við frv. það, sem nú liggur hér fyrir til umr. Tvær af þessum brtt. eru fluttar samkv. ósk hæstv. ríkisstj., og skilst mér, að tilgangurinn með þeim, þ. e. 1. og 2. brtt. á þskj. 461, sé að ganga til móts við óskir, sem hafa komið fram í umr. hér í þinginu, um þau atriði, sem þær fjalla um. Það má deila um það, hvort rétt sé að fella niður 2. gr. frv., og telur meiri hl. n. það álitamál, en vildi ekki færast undan að flytja þessa till., úr því að hæstv. ríkisstj. fór þess á leit, enda kemur það í hennar hlut að framkvæma lögin. Enn fremur flytur meiri hl. n. till. á sama þskj. undir tölul. 3, um nýja grein, sem hljóðar eins og þar segir. Þetta er til þess flutt, að í þeim tilfellum, er samningar kunna að hafa verið gerðir um kaup eða sölu innanlands, þannig, að skuld skyldi hækka, ef gengi krónunnar lækkar, þá skuli slíkt samningsatriði vera ógilt. Er þessi brtt. flutt í því skyni. Verði þessi till. samþ., losnar skuldunautur undan slíkri kvöð, þó að hann hafi orðið að gangast inn á slíkt út úr neyð á sínum tíma í sambandi við lántöku út af slíkum kaupum. Ég tel svo ekki þörf að skýra þetta frekar.

Meiri hl. n. bárust till. um fleiri breytingar, sem hún taldi sér ekki fært að taka upp. Hitt tel ég að liggi ljóst fyrir, að einstakir menn í meiri hlutanum geti greitt öðrum till. atkv. eða flutt þær, án þess að það geti talizt ásökunarvert. Þar sem brtt. þær, sem fram eru komnar, hafa áður verið ræddar og þar sem getur verið, að fleiri brtt. komi fram, sem ég þarf að ræða, hef ég ekki fleira að segja nú og læt þetta nægja að sinni.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál til þessa, en tel rétt að segja nokkur orð um frv., áður en það verður afgreitt að fullu hér í þinginu, en það mun fara nærri því, að komið sé til úrslita með það hér í Alþ. Ég skal taka það fram almennt um málið, að ég hef um langt skeið verið þeirrar trúar, að ekki væri um aðra leið út úr öngþveitinu að ræða en leiðrétta skráningu ísl. krónunnar, eins og gert er í þessu frv. Það þarf ekki frá því að segja, að varla muni nokkrum þm. eða þegni þjóðarinnar vera ljúft að fara þessa leið, en þetta er neyðarúrræði, sem ekki er farið inn á nema nauðsyn krefji. Ég hef sannfærzt um það í umr. í báðum d. þingsins, að allir þm. eru sammála um, að ekki sé um aðra leið að ræða. Og þó að brtt. hafi verið bornar fram við frv. og ágreiningur hafi orðið um það, hvað í frv. ætti að standa, þá hefur stjórnarandstaðan ekki getað bent á neina færa leið, ef skráningu gengisins yrði ekki breytt. Þó að stjórnarandstaðan tali um opnun nýrra markaða, þá hefði verið hægt að losna við þessa breytingu á skráningu gengisins, ef nógu hátt verð hefði fengizt, en slíkt er ekki hægt, eins og nú er ástatt. Það hefur verið bent á fleira, eins og t. d. landsverzlun af Alþýðuflokksmönnum. Það má auðvitað deila um fyrirkomulag á verzluninni, sumir vilja, að einstaklingar hafi hana með höndum, aðrir félög og enn aðrir að ríkið reki hana. Um þetta hafa oft orðið háværar deilur hér í Alþ., en það snertir ekki kjarna þessa máls, því að við björgum ekki útflutningsverzluninni með því eingöngu. Ég vildi aðeins taka þetta fram um málið almennt við þessa umr. En ég vildi einnig segja örfá orð af hálfu ríkisstj. um brtt. þær, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. hefur nú lýst.

Stjórn Alþýðusambands Íslands hefur rætt

þetta mál við ríkisstj. undanfarna þrjá daga í fullri vinsemd, þó að andstæðar skoðanir hafi komið fram og báðir aðilar hafi haldið á sínu máli af fullri festu. Það var tekið fram, þegar ríkisstj. tók við völdum, að hún vildi hafa sem bezt samkomulag við verkalýðssamtökin í landinu, og hefur ríkisstj. nú rætt þetta mál allýtarlega við Alþýðusambandið, til að kynna sér kröfur verkalýðsins í þessum efnum. En niðurstaðan varð sú, að ríkisstj. sá sér ekki fært að ganga til móts við kröfur A. S. Í., sem bar fram kröfur, sem höfðu verið samþ. á nýafstöðnum fundi þess, nema að nokkru leyti. En með 1. og 2. brtt. á þskj. 461 telur ríkisstj. sig ganga nokkuð til móts við þann vilja, sem kom fram hjá Alþýðusambandinu. Það kom í ljós, að það var allmikill þyrnir í augum verkamanna, ef 2. gr. frv. stæði svo áfram. Mörgum innan ríkisstj. var óljúft að breyta því ákvæði, sem í henni felst, svo sem nú er gert, en þó var það gert til samkomulags, en svo virtist sem A. S. Í. teldi, að í henni fælist kaupbinding.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þessar brtt. frekar, þar sem það hefur þegar verið gert, en vil geta þess, að stjórn A. S. Í. óskaði eindregið eftir því, að lækkaðir yrðu skattar á lægstu tekjunum, en ríkisstj. sá sér ekki fært að taka ákvæði um það inn í þetta frv. Hins vegar vil ég lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstj., að hún mun athuga þetta með velvilja, hvort ekki sé hægt að koma til móts við fulltrúa A. S. Í. í þessum efnum. Ég vil taka það fram, að hér er ekki um neitt loforð að ræða í þessum efnum frá minni hálfu eða ríkisstj., en það er vilji fyrir hendi til að athuga, hvað hægt er að gera í þessum efnum. Ég skal taka það fram, að ríkisstj. hefur gert þessar breyt. á frv., sem hér um ræðir, í því trausti, að þá verði sýnd meiri viðleitni af verkalýðnum til að gera ekki róttækar ráðstafanir fyrr en séð er, hvernig þessar ráðstafanir, sem hér eru gerðar, gefast.

Ríkisstj. vill hafa sem bezta samvinnu við launastéttirnar í landinu og fulltrúa þeirra, og ég er sannfærður um það, að það er heppilegast fyrir hvern þjóðfélagsborgara, að sem mest ró sé um þetta mál nú fyrst um sinn a. m. k., því að það er augljóst, að ef stöðvun verður í verzlunar- og atvinnumálum, þá orsakar það atvinnuleysi og minnkandi tekjur, sem kemur ekki hvað sízt hart niður á verkalýðnum. — Þá get ég tekið það fram út af kjörum námsmanna erlendis, að í Nd. a. m. k. hefur komið fram till. um að verja nokkru af gengishagnaðinum til að standa undir með þeim. Ríkisstj. taldi ekki rétt að setja ákvæði um þetta inn í frv., en ég get lýst því yfir fyrir hennar hönd, að það þarf að gera eitthvað fyrir þetta fólk, sem tekur á sig miklar byrðar með þessu. Ríkisstj. mun því gera eitthvað fyrir þetta fólk, þó að það sé ekki ákveðið í frv. Ég mun svo ekki ræða þetta frekar í bili.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég fékk rétt í þessu að sjá till. hv. meiri hl. n. og hef því haft nauman tíma til að undirbúa brtt., sem þarf að gera í sambandi við þetta nýja viðhorf, sem skapazt hefur. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. meiri hl. hefur fallizt á að fella niður 2. gr. Ég tel, að frv. hafi skánað verulega við þessa breytingu og að ekki felist nú í því sú ögrun, sem áður var, gagnvart alþýðusamtökunum. — Önnur brtt. hv. meiri hl. n. er við 7. gr. frv., sem ég hef einnig flutt brtt. við á þskj. 460, en tók aftur til 3. umr. Í brtt. hv. meiri hl. er gert ráð fyrir, að uppbót verði fyrst greidd fyrir apríl, en í frv. er gert ráð fyrir, að það verði fyrir maí, en það virðist erfiðleikum bundið, ef ekki eru gerðar aðrar breytingar en gert er í till. Vísitalan fyrir apríl er ekki kunn fyrr en um 20. apríl, ef að vanda lætur, og vísitöluuppbót yrði því að greiðast eftir á fyrir þann hluta mánaðarins, sem liðinn væri. Auk þess fer þetta í bága við 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að laun skuli hækka miðað við næsta mánuð á undan. Þetta virðist hv. meiri hl. ekki hafa athugað. Ég ber því fram skriflega brtt. þess efnis, að grundvallarvísitalan verði miðuð við 1. febr. í stað 1. marz. Ef sú breyt. er gerð, er auðvelt að framkvæma 7. gr. þannig breytta eins og hv. meiri hl. leggur til, annars er það nær ógerningur. Ég vil benda á þetta nú þegar, en ég mun hins vegar halda við brtt. mína við 7. gr., á þskj. 460, en orða hana við 4. gr. Mun ég afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. þess efnis. Ef sú till. verður ekki samþ., þá ber ég fram aðra till. til vara, um að kaupið nú skuli talið svara til vísitölunnar 1. jan. 1950, eða 342 stiga. Verði sú till. ekki heldur samþ., hef ég til þrautavara borið fram till. um, að í stað „marz" í 1. málsgr. 4. gr. komi „febrúar". Ég sé ekki, að hægt sé að samþ. brtt. hv. meiri hl. við 7. gr., nema 4. gr. verði breytt eins og þrautavaratill. mín gerir ráð fyrir. Ég leyfi mér að tilkynna hæstv. forseta, að 5. liður brtt. á þskj. 460 er tekinn aftur. Í stað þess flyt ég þrjár skriflegar brtt., sem ég mun afhenda hæstv. forseta á eftir. — Þegar ég kom inn í hv. d., heyrði ég hæstv. forsrh. segja, að stj. mundi gera ráðstafanir til þess að greiða götu námsmanna. Ég hafði skrifað brtt. við 3. gr. varðandi þetta atriði og tel rétt, að hún komi til atkv. Annars vænti ég þess, verði þessi till. mín ekki samþ., að stj. geri það, sem hún getur í þessum efnum, eins og hæstv. forsrh. gat um. — Á þskj. 460 á ég brtt. nr. 8 við 12. gr., a-lið, og 9. brtt. við 14. gr., hef ég gert grein fyrir þeim áður. Til viðbótar flyt ég svo skriflega brtt. við 5. gr., er fjallar um kaupgjaldsvísitöluna. Ég lagði til við 2. umr., að þessi gr. yrði felld úr frv., en svo varð ekki. Ég leyfi mér því að taka upp till., sem flutt var í Nd. þess efnis, að við gr. bætist, að Hagstofa Íslands skuli einnig reikna vísitölu, er sýni breyt. þá, sem orðið hefur á þjóðartekjum frá því árið 1939, og birta þessa vísitölu samtímis kaupgjaldsvísitölunni. Það er eðlilegt, að upplýsingar um þessi atriði fylgist að. Aðra þýðingu hefur þessi gr. ekki. — Á þskj. 460 hef ég og hv. 6. landsk. flutt brtt. við 11. gr., þess efnis, að aftan við 1. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: „Þó skal ekki innheimta gjald samkvæmt næstsíðasta málsl. hjá þeim togurum, sem verða fyrir rekstrartapi á gjaldárinu". Mér

urðu það vonbrigði, að hæstv. meiri hl. var ekki með þessari till. minni, en hún kemur hér til atkv. nú. Loks er síðasta skriflega brtt. mín við 13. gr., um það, hvernig haga skuli greiðslu bóta á sparifé, og er hún sama efnis og till., er flutt var af flokksbræðrum mínum í Nd. Landsbankinn átti tal við fjhn. eða einstaka nm. og lagði áherzlu á það, að eins og gr. væri nú, væri nær ógerningur að hafa framkvæmd hennar með höndum. Auk þess er hér um svo mikla útþynningu að ræða, að þetta verður næstum því einskis virði í raun. Þetta er hégómi, sem frekast villir sýn, verður nær ókleift í framkvæmd, að sögn Landsbankans, og kostar stórfé og langan tíma. — Ég hef svo ekki fleiri brtt. í þetta sinn. Ég mun afhenda hæstv. forseta þær skriflegu brtt., sem ég ber fram, um leið og ég tek aftur 5. brtt. á þskj. 460, eins og áður er sagt.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svo hljóðandi brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. (HG) og hv. 6. landsk. þm. (HV): [Sjá þskj. 463]. Þessar till. eru of seint fram komnar og auk þess skrifleglegar, og þarf því að veita tvöföld afbrigði frá þingsköpum, svo að þær geti komið til meðferðar.

ATKVGR.

Affbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að flytja eina skrifl. brtt. við 11. gr. frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 453. Hún er um það, að síðasta málsgr. gr. falli niður, en sú málsgr. gerir ráð fyrir því, að lagt sé framleiðslugjald á allar síldarafurðir, aðrar en þær, sem fluttar eru út fullverkaðar í smápökkum til manneldis, og á þetta gjald að nema 8% af útflutningsverðmæti afurðanna. Nú er látið í veðri vaka, að tilgangurinn með frv. þessu sé að reisa við hag útvegsins. Það skýtur því nokkuð skökku við, að sett skuli vera inn í það ákvæði, sem íþyngja síldarútveginum. Þetta er því meiri fjarstæða, þar sem vitað er, að síldveiðarnar hafa brugðizt í fimm undanfarin ár, og öllum er kunnugt, að síldveiðiflotinn og útgerðarmenn, sem eiga hag sinn undir honum, eru sokknir yfir höfuð í skuldir. Alþ. er þetta einnig fullkunnugt, þar sem þurft hefur ár eftir ár að gera sérstakar samþykktir á Alþ. um aðstoð við síldarútveginn. Það virðist því á misskilningi byggt að leggja álögur á þessa atvinnugrein, jafnvel þótt svo færi, að ekki yrði aflabrestur. Það væri sanngjarnara, ef góð vertíð kæmi og dálítill hagnaður yrði, að þeir útgerðarmenn, sem mest eru aðþrengdir, fengju tækifæri til þess að grynna á skuldunum og treysta grundvöll atvinnurekstrarins, áður en slík gjöld væru á þá lögð. Ég vil því vænta þess, að þessari till. minni verði vel tekið. Ég vil enn fremur benda á, að eins og gr. er orðuð, er stj. heimilt að lækka þetta gjald, ef aflinn er minni en 6000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, og fella það alveg niður, ef afli er minni en 4000 mál. En ég er hræddur um, að þessi ákvæði komi ekki útvegsmönnum að miklu gagni. Eins og kunnugt er, er síldarverðið ákveðið áður en vertíð hefst af stjórn síldarverksmiðjanna og síldarútvegsn. Það er ljóst, að þegar þessir aðilar ákveða verðið, þá reikna þeir með þessu gjaldi. Hvernig sem aflabrögð verða, kemur þetta því niður á þeim, sem síldina framleiða, en það eru fyrst og fremst þeir, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum s. l. ár. Það er því rangt að leggja þennan skatt á. Hvað togaraútgerðina snertir, hafa líka komið fram raddir um að fella niður framleiðslugjaldið, og var svo að heyra á ræðum manna í þessari hv. d. í gærkvöld, að tilhneiging væri til þess að verða við þeim óskum. Það hefur nú sýnt sig, að hv. meiri hl. n. hefur ekki getað fallizt á þetta, en það liggja fyrir till. í þessa átt, er ég tel réttmætar, og verði þær samþ., er því meiri ástæða til þess að létta þessu af síldarútveginum. Ég leyfi mér því að leggja fram skrifl. brtt. um, að síðasta málsgr. 11. gr. falli niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frv. almennt, um það hafa þegar verið miklar umr., sérstaklega í Nd., og Sósfl. hefur þar gert skýra grein fyrir afstöðu sinni. Þá hefur hv. 1. landsk. gert grein fyrir afstöðu flokksins í þessari hv. d., og þarf ég ekki við það að bæta. Þó er það eitt atriði, sem mér sýnist ástæða til að minnast á, þar sem ég hef ekki orðið var við, að það kæmi fram í umr., þótt það sé atriði, er trúlegt er, að vakið hefði athygli á hvaða löggjafarsamkomu sem væri, nema þá hér hjá okkur. Flytjendur þessa máls leitast mjög við að sannfæra launastéttirnar um það, að ekki sé hér um að ræða árás á lífskjör þeirra. Í því sambandi er lögð áherzla á það, að áhrif gengislækkunarinnar á verðlagið verði tiltölulega lítil miðað við gengislækkunina. Hagfræðingarnir leggja mikla áherzlu á það að færa fram það, sem þeir kalla rök fyrir því, að verðhækkunin verði lítil. Eitt af því, sem þeir segja, er, að verðlag á erlendum vörum sé hér miklu hærra en eðlilegt sé og þyrfti að vera. Á þetta leggja þeir mikla áherzlu í álitinu, sem stj. hefur gert að sínu. Á bls. 45 segja þeir, að verðlag á innfluttri vöru sé óeðlilega hátt innanlands, borið saman við innkaupsverð erlendis, og svo færa þeir ástæðurnar fyrir því, hvers vegna verðlagið sé svona óeðlilega hátt. Þeir slá þessu í raun og veru föstu, en orða það þó varlega. Það stendur svo hér, á bls. 44, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og málum er nú háttað, mundi borga sig fyrir innflytjendur, ef þeir gætu komið því við — þótt ólöglegt sé — að hafa eigin firmu erlendis, sem þeir svo keyptu af, firmu, sem legðu á vörurnar, áður en þau seldu þær hingað.“ — — Og svo áfram: „Ef svona verzlunarmáti á sér stað að nokkru ráði, mundi hann minnka við það, að rýmkaðist um verzlunina, og verða að hverfa, ef innflutningurinn yrði gefinn frjáls, þannig að ótakmarkað magn hverrar vöru mætti flytja inn.“

Þetta verða nú að teljast allmerkilegar hugleiðingar. Það hefur að vísu gengið almannarómur um það, að slíkir verzlunarhættir ættu

sér stað, en auðvitað hefur verið reynt að berja þann almannaróm niður. En nú bregður svo við, að sjálfur viðskiptamálaráðherrann hæstvirtur, sem ber fram þetta frv., lætur fylgja grg., þar sem því er slegið föstu af hagfræðingum, að þessi viðskiptaháttur hafi verið viðhafður að svo miklu leyti, að það hafi haft veruleg áhrif til verðhækkunar hér innanlands, og ef komið verði í veg fyrir hann með því að gefa verzlunina frjálsa, muni það hafa í för með sér vörulækkun, sem muni vega mikið á móti gengisfallinu. Það verður að teljast merkilegur hlutur, að slíkt plagg skuli vera borið fram hér á Alþingi af sjálfum viðskmrh., og í tilefni af þessu vil ég leyfa mér að leggja fyrir hann nokkrar spurningar, því að mér skilst, að Alþingi eigi heimtingu á því, að hæstv. ráðh. geri fyrir þessu nánari grein.

Ég vil því í fyrsta lagi spyrja hæstv. viðskmrh., hvort honum hafi verið kunnugt um, að slíkir viðskiptahættir ættu sér stað, að fyrirtæki hafi haft skrifstofur erlendis og lagt á vörurnar þar, og hvort það hafi átt sér stað í svo stórum stíl, að það hafi haft verulega hækkun í för með sér á vöruverði innanlands, því að ella stæðust ekki rök hagfræðinganna.

Þá vil ég spyrja hann í annan stað, í því tilfelli, að honum hafi verið ókunnugt um þetta áður en hagfræðingar nú gáfu skýrslu sína, hvort hann, eftir að hafa séð þennan almannaróm staðfestan af þeim, hafi gert tilraun að fá að vita hið sanna í þessu efni.

Þá óska ég eftir því í þriðja lagi, að hæstv. ráðh. upplýsi það, ef hann hefur ekki gert neinar ráðstafanir, eftir að hafa séð skoðun hagfræðinganna, hvort hann telji þetta fyrirbæri viðskiptalífsins svo saklaust og sjálfsagt, að hann af þeim sökum hafi ekki skipt sér neitt af þessu né séð ástæðu til að vekja eftirtekt Alþingis á því.

Og í fjórða lagi: Ef þessu er þann veg farið, hefur það þá kannske verið svo, að jafnvel hans eigið innflutningsfyrirtæki hafi notað þessa verzlunaraðferð að meira eða minna leyti?

Hagfræðingarnir virðast álíta, að þetta hafi átt sér stað í svo stórum stíl, að það hafi haft áhrif til verulegrar hækkunar á verðlagi innanlands; og ég tel þetta svo merkilegar upplýsingar, að Alþingi verði að fá að vita hið sanna, og vænti ég þess, að þótt hæstv. viðskmrh. hafi nú vikið af fundi um sinn, þá gefi hann við þessum spurningum skýlaus svör, og skal ég ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Um aðrar till., sem hér liggja fyrir, skal ég heldur ekki fara mörgum orðum, aðeins vil ég minnast á brtt., sem meiri hl. fjhn. hefur lagt fram. Þær voru túlkaðar svo af hæstv. forsrh., að með þeim væri verið að mæta kröfum verkalýðsfélaganna. Fyrri till. er um það, að 2. gr. frv. skuli falla niður og valdið til að skrá gengið vera áfram í höndum Alþingis. Skal ég fúslega viðurkenna, að það er til bóta, að Alþingi haldi valdi sínu í þessu efni, en þó skiptir það ekki neinu höfuðmáli um hag launþega, því að ef til þess hefði komið að stofna til kapphlaups milli verkalýðssamtakanna og þeirra aðila, sem fara með gengisskráningarvaldið, þá hefði slíkt bitnað harðast á þeim, sem fjármuna eiga að gæta, en ekki á launþegunum.

Hin till., um það, að kaupuppbót sú, sem frv. gerir ráð fyrir til launþega, skuli fyrst koma til framkvæmda í apríl í stað maí, virðist fremur vera til að sýnast. Það er svo gengið frá um útreikning þessarar vísitölu, að það mun verða séð um, að hækkunin samkvæmt henni fari ekki yfir 5% í apríl, og það eru litlar líkur til, að sú verðhækkun, sem verður afleiðing af gengisbreytingunni, skelli svo snöggt yfir, að þetta hafi mikla þýðingu. Enn fremur skil ég ekki, hvernig hægt verður að framkvæma þetta, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði — að reikna út vísitöluna, svo að hægt verði að miða við hana 1. apríl. Og aðalatriðið er, að með þeirri aðferð, sem á að nota við útreikning vísitölunnar, þá er verið að ráðast að launþegum og hindra það, að þeir fái réttmæta hækkun launa sinna.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en vænti svars hæstv. viðskmrh. við spurningum mínum.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 4. landsk., svo hljóðandi: „Við 11. gr.: Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.“ Till. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 464) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil láta þess getið að gefnu tilefni, að stjórnin lítur svo á, að hvalkjöt, sem liggur hér í landinu og aflað var á s. l. ári, komi ekki undir það framleiðslugjald, sem frv. gerir ráð fyrir. Reynzt hefur nær ógerlegt að selja kjötið, og hvalveiðifélagið hefur haft mjög óhagstæðan rekstur, og það er ekki tilgangur laganna að skattleggja taprekstur.

Út af fyrirspurnum frá hv. 4. landsk., sem hann beindi til mín, og tæpti jafnvel á, að mér kynni að vera kunnugt um það, að þeir verzlunarhættir, sem hann ræddi um, tíðkuðust í mínu eigin „firma“, þá vil ég taka fram, að mér er ókunnugt um það, sem hann fer með. (*StgrA:* Telur þá hæstv. ráðherra ekki ástæðu til að rannsaka, við hvað ummæli hagfræðinganna hafa að styðjast?) Ég tel ekki ástæðu til að svara því hér.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins minnast hér á brtt. á þskj. 461, frá meiri hl. fjhn. Fyrsta brtt. er um það, að 2. gr. falli niður. Hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, að um það hafi orðið samkomulag við forustumenn verkalýðssamtakanna. Ég lít því svo á, að þá hafi fundizt einhver vilyrði fyrir því, að sömu samtök taki ekki upp skefjalausa sókn til að eyðileggja það, sem vinnst með frv., að öðrum kosti hefði varla verið um þetta samið. Með þessu móti hefur þá gerzt tvennt. Í fyrsta lagi hafa forstöðumenn samtakanna tekið á sig meðábyrgð um að halda niðri kaupgjaldinu og

hefja ekki skefjalausa sókn til að eyðileggja þessa lagasetningu, og hins vegar að nokkru leyti lýst yfir fylgi við þetta frv. Með þessum skilningi er ég fylgjandi því, að þessi brtt. verði samþ., enda er þá alltaf hægt að breyta þessu aftur, ef í það fer, en ég geri ekki ráð fyrir, af framangreindum ástæðum, að til þess komi.

Við 2. brtt. hef ég ekkert að athuga.

Varðandi 3. brtt., þá er ég þakklátur n. fyrir að hafa borið hana fram. Hins vegar er ég undrandi yfir því, að hv. meiri hl. skuli ekki hafa tekið til greina ábendingar um skattinn á togarana, úr því að það er meiningin, að taprekstur skuli ekki vera skattlagður. Ég geri þó ekki ágreining út af þessu og greiði frv. atkv. í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. afli sér heimildar til að snúast við þessu máli eins og rétt er. En það er alveg vitanlegt, að ef togaraflotinn verður stöðvaður vegna skattlagningar, þá nær þetta frv. ekki tilgangi sínum. — Máske þarf að gera breytingar á frv. þegar á þessu þingi, og mér þykir ákaflega líklegt, að lífið muni opna augun á ríkisstj. fyrir ýmsu, sem þar horfir til bóta; en þetta er ein af þeim breytingum, sem nauðsynlegt verður að gera, ef það sýnir sig, að þessi atvinnurekstur getur ekki starfað, nema hann fái eftirgjöf á skattinum. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, en skal svo ekki orðlengja þetta frekar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður — né gefa tilefni til þess, að umræður spinnist út af því, sem ég segi.

Ég vil geta þess, auk þess sem við í meiri hl. n. höfum sagt um álit okkar á frv., að ég tel ákvæði 13. gr. einn af ljósu punktunum þar. En þar er sýndur litur á að bæta sparifjáreigendum tapið af gengisfallinu. Hversu miklar þær uppbætur verða, vitum við ekki, en það er þó nokkuð í húfi fyrir sparifjáreigendur, að vel takist til um að fylgja fram ákvæðum gr. Ég er þó ekki að öllu leyti ánægður með það fyrirkomulag, sem þar er gert ráð fyrir. Það er t. d. talað um yfirlýsingar skattanefnda, og á það við allar skattanefndir, en það mun koma til ríkisskattanefndar að gefa slíkar yfirlýsingar, þar eð allar skýrslur liggja í vörzlum hennar og þar þarf að fletta þeim og gefa vottorðin. — Ég verð þá einnig að segja, að mér þykja frestirnir of stuttir, sem ákveðnir eru um það, hvernig innstæðufé eigi að berast milli sjóða. — Innanbæjar eru það tveir dagar, og læt ég það vera, en svo er aðeins gefinn hálfs mánaðar frestur til flutnings á milli landshluta. Ég hef þó ekki ástæðu til að flytja um þetta brtt., en vona, að þessu verði ekki hart framfylgt; enn fremur, að gefin verði sem hagstæðust fyrirmæli um það, hvernig á að athuga innstæður og reikna út skattinn, því að við vitum, að af því verður geysimikill kostnaður ella. Verður að treysta á hæstv. ríkisstj. um það, að hún hafi reglugerðina þannig, að kostnaður verði sem minnstur, og tryggt sé þó, að hlutur hinna lítilsigldari og framkvæmdaminni verði ekki fyrir borð borinn og hver fái sitt.

Í 12. gr. þykir mér ekki nógu skýrt ákveðið um það, af hvaða eignum hátekjuskatturinn á að greiðast. En ég tel, að um leið og framtal er ákveðið um áramót, þá verði skattarnir taldir sem hver önnur skuld, þótt þeir séu ekki fallnir í gjalddaga, því að þeir eiga að greiðast á sama missiri.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en vona, að mér hafi tekizt að sneiða hjá því, sem kynni að vekja deilur.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að meiri hl. fjhn. sér sér ekki fært að mæla með öðrum brtt. en þeim, sem hann flytur á þskj. 461.

Vegna brtt. hv. þm. um önnur atriði sér meiri hl. ekki ástæðu til, að veittur sé frestur til að athuga þær, þar sem þegar hafði verið ráðgazt um það milli funda, hversu langt brtt. meiri hl. n. skyldu taka, og hún hafði ekki hug á öðrum breyt. En um atkvgr. um einstakar brtt. fer eftir því, sem hver hv. þm. álítur sér fært.

Vegna ummæla hv. þm. Barð. varðandi framleiðslugjöld af afla togaranna, sérstaklega af saltfiskinum, þar sem hann harmar það, að meiri hl. n. hafi ekki tekið til greina óskir hans um fasta reglu í því efni, m. ö. o., að slíkt gjald sé ekki heimt inn, nema sýnt sé, hvernig reksturinn muni fara, vil ég taka það fram, að þetta atriði var rætt við hæstv. ríkisstj., og var eigi sýnt, að hægt yrði að ná samkomulagi um þetta, nema um „ordru" væri þá að ræða í þessu, og meiri hl. n. taldi sér því eigi fært að leggja út í baráttu um það. En í ljós kom og hefur nú verið staðfest í hv. d. af hæstv. viðskmrh., að ætlunin með gjaldi því, sem um ræðir í 11. gr. frv., hefur aldrei verið sú, að það sé tekið af eða lagt á rekstur, sem tap er á. Ég get tekið undir með hv. þm. Barð. í þessu efni, þótt ég hafi ekki lagt neitt kapp á, að flutt væri brtt. um þetta, þá ósk hans, að viðtöl séu höfð við hæstv. ríkisstj., og það, sem hæstv. ráðh. lýsti yfir í d. í sambandi við eitt atriði í málinu, að við fylgjum þessu óbreyttu, eins og það er í frv., í fullu trausti þess, að framleiðslugjaldið sé eigi nokkru sinni heimt inn, þegar sýnilega verður um taprekstur að ræða.

Þá vil ég taka undir skilning hv. 11. landsk. varðandi ákvæði 12. gr. frv., þar sem greinir um mat á verðmætum eigna, og í sambandi við, að þar sé það talin hrein eign, sem í frv. er ákveðið. Legg ég þann skilning í, að tekið sé fullt tillit til skattakvaða, sem þá hvíla á slíkum eignum. Þar er ég sammála hv. þm.

Brtt. hv. 4. þm. Reykv. eru margar og að vísu mikilvægar, en meiri hl. fjhn. treystir sér ekki til að leggja til, að þær verði samþykktar. Hv. þm. taldi 2. lið brtt. meiri hl. n., þann sem er við 7. gr. og fjallar um, að í stað „maí 1950" í 2. málsl. l. málsgr. komi: „apríl 1950", ekki skýran og taldi þar breytinga þörf. Ég lít svo á, að það sé ekki nauðsynlegt. Raunar er dálítil fyrirhöfn að koma þessu þannig fyrir, að launin reiknist fyrsta skipti fyrir aprílmánuð, en það er engan veginn ókleift, og því hefur

ekki orðið samkomulag um að gera brtt. við þetta.

Ein er sú brtt., sem ég vil sérstaklega taka fram um, en það er brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., við 13. gr. frv. Þetta er brtt., sem Landsbanki Íslands hefur sótt mjög fast, að borin yrði fram. Þótt meiri hl. n. hafi eigi getað fallizt á að gera það, þá mun ég fylgja brtt. hv. 4. þm. Reykv., því að ég er sannfærður um, að sú meðferð á úthlutun bótanna er þægari í meðferð og nær betur takmarkinu, sem á að ná með 13. gr. frv., að menn fái peningana bætta, sem í frv. er gert ráð fyrir. Er höfuðgalli, að í þetta skuli vera blandað innstæðum í verzlunarreikningum.

Ég man svo ekki eftir fleiru, sem þarf að taka fram, hvorki frá meiri hl. fjhn. né frá eigin brjósti. Held ég, að ég hafi drepið á það, sem nauðsynlegt var að drepa á.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég þykist sjá fram á þær undirtektir hér í þessari hv. d. og sérstaklega hjá hv. meiri hl. fjhn., að engin von er til þess, að hann vilji hverfa frá að breyta grundvelli vísitölunnar, hann sé einráðinn í að taka með í hana húsaleigu í nýjum húsum og einnig hærra kjötverð, m. ö. o., auka hinn innlenda hluta vísitölunnar og draga þar með úr hækkun vísitölunnar vegna erlendra vörutegunda, lækka uppbæturnar frá því, sem orðið hefði, ef gamla vísitalan hefði verið látin haldast. Ég harma þetta. En staðreynd er það engu að síður. Ég hef því leyft mér að semja skriflega brtt. við 7. gr. frv., og vil ég biðja hæstv. forseta að bera hana upp að felldum brtt. okkar hv. 6. landsk. á þskj. 460. En hún hljóðar svo:

„Við 7. gr. Fyrir orðin „desembermánuð 1950", „janúar 1951", „janúar 1951", „júníloka 1951", „júní 1951", „júlí 1951" og „1. ágúst 1951" í 3.—5. málsgr. kemur í sömu röð: október 1950, nóvember 1950, nóvember 1950, aprílloka 1951, apríl 1951, maí 1951, 1. júní 1951."

Ég býst við, að hv. þdm. skilji þetta ekki. Skal ég geta þess, að efni gr. er, hve langur tími skuli líða frá 1. júlí þar til kaup hækkar næst samkv. vísitölu. Gert er ráð fyrir í frv., að það liði 6 mánuðir. Ekki er þó lengra gengið í brtt. minni en það, að launin séu greidd út fyrir nóvember 1950 í stað janúar 1951 skv. vísitölu fyrir októbermánuð 1950, en ekki desembermánuð. Breytast þá aðrar viðmiðanir skv. þessu. Ég hygg, að í ljós eigi að vera komið í júnímánuði, hver hækkunin verði á erlendum vörum. Fullvíst er, að í septembermánuði verði verðhækkun á innlendum varningi dunin yfir. Þá hækkun álít ég verða munu óbætta til janúarmánaðar 1951. En hér er gert ráð fyrir, að launabótin verði fyrst greidd fyrir nóvembermánuð þ. á. Verð ég að segja, ef hv. meiri hl. fjhn. sér sér ekki fært að mæla með þessu, þá sýni hann óbilgirni. Það hefur ævinlega komið verðhækkun í ljós í septembermánuði. Þykir mér þá býsna langt gengið, ef svipta á launastéttirnar öllum tilsvarandi launahækkunum. Mælist ég því til, að hv. þdm. sjái, hver ósanngirni sé að ætla mönnum að bíða lengur hærri launagreiðslna en til nóvembermánaðar sama haust. Ég geri því ráð fyrir, að hv. þdm. komi auga á, hvað hér er um að ræða. Till. er samin af skrifstofustjóra Alþ. Ég get fullvissað hv. þdm. um það, að meining till. er góð, en hún er sú, að hraða uppbótagreiðslunum um tvo mánuði.

Þras kom fram um það í umræðunum, og það var einnig rætt af fulltrúum verkalýðssamtakanna, að Dagsbrúnarkaupgjald, sem miðað er við í öllum till. og undirbúningi frv., gildir ekki alls staðar. Allvíða eru laun verkafólks talsvert lægri en hér í Reykjavík. Skv. 7. gr. frv. eru skilyrði launahækkunar skv. þeirri gr., „að launagreiðslur hækki ekki af öðrum ástæðum en lög þessi mæla, frá því sem þær voru 31. janúar 1950 eða samkvæmt síðasta gildum kjarasamningi fyrir þann dag." Ef því verkalýðsfélög knýja fram launahækkun eftir það, fellur niður sá réttur til uppbótargreiðslna, sem þeim er ákveðinn í frv., eins þótt í hlut eigi verkalýðsfélög, sem hafa lægra kaupgjald en í frv. er miðað við, og hækkunin næmi ekki svo miklu, að kaupgjaldið næði því, sem nú er hér í Reykjavík. Hef ég því leyft mér að semja brtt. við þetta ákvæði 7. gr. frv., og hljóðar hún svo: „Aftan við greinina [þ. e. þá, sem bannar þessar launahækkanir] bætist nýr málsliður, þannig: Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem ekki hækka grunnkaup sitt meira en svo, að það nemi kr. 3.08 fyrir karla og kr. 2.20 fyrir konur", m. ö. o.: kaupgjald þetta fer ekki fram úr því, sem nú er hér í Reykjavík og miðað hefur verið við í undirbúningi l. Færi svo, að hv. þdm. gætu ekki á þetta fallizt, hef ég leyft mér að setja upp til vara þessa till.: „Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem ekki hækka kaup sitt meir en svo, að það samsvari vegnu meðaltali af grunnkaupi allra félaga ófaglærðra verkamanna og verkakvenna í landinu." Það virðist svo ósanngjarnt, að svipta skuli félag uppbótum á laun af þeim sökum einum, að það hafi fengið kaupgjald sitt hækkað, þó að sú breyting á launum sé ef til vill aðeins gerð til að ná meðaltali af grunnkaupi verkalýðsfélaganna.

Vil ég þá leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt. báðar.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt svofelldar skriflegar brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. 6. landsk. þm.: [Sjá þskj. 465]. Brtt. eru skrifl. og of seint fram komnar, og þarf því tvöföld afbrigði um þær.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 465) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 461,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 463,1 felld með 12:5 atkv.

— 463,2 felld með 12:5 atkv.

— 463,2, varatill., felld með 12:5 atkv.

— 463,2, þrautavaratill., felld með 12:4 atkv.

— 463,3 felld með 12:5 atkv.

— 463,4 felld með 12:5 atkv.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil biðja hæstv. forseta afsökunar, en ætlunin var að taka aftur brtt. okkar við 7. gr., að fallinni brtt. okkar við 4. gr., þar sem sú brtt. var miðuð við hana. Ég efast um, að hægt sé að bera þessa till. upp, eftir að brtt. við 4. gr. hefur verið felld, og bið hæstv. forseta að gera svo vel að athuga það. Annars get ég náttúrlega fallizt á að taka hana aftur.

Brtt. 463,4.a, varatill., tekin aftur.
— 461,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 465,1 felld með 10:6 atkv.
— 465,2 felld með 11:5 atkv.
— 465,2, varatill., felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HG, StgrA, BrB, FRV.
nei: HermJ, JJós, KK, LJóh, SV, VH, ÞÞ, BBen, EE, GJ, BSt.
RÞ greiddi ekki atkv.
Brtt. 461,3 samþ. með 15:1 atkv.
— 458,2 felld með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HG, StgrA, BrB, FRV.
nei: GJ, HermJ, JJós, KK, LJóh, SV, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, EE, BSt.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Hæstv. viðskmrh. lýsti því yfir, að framleiðslugjald ætti ekki að taka þar, sem raunverulegur taprekstur er, og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. noti þá heimild, segi ég nei.

Jóhann Jósefsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Barð. segi ég nei.

Lárus Jóhannesson: Með tilvísun til grg. hv. þm. Barð. segi ég nei.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Að vísu benda ákvæði í frv. til þess, að framleiðslugjald gæti orðið tekið af taprekstri, en heimildin til að lækka það eða fella niður er ekki miðuð við einstakt tilfelli, heldur atvinnureksturinn í heild, og með hliðsjón af þessu segi ég nei.

Brtt. 460,5 tekin aftur.
— 460,7 felld með 10:5 atkv.
— 464 felld með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.
nei: JJós, KK, LJóh, SV, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, EE, GJ, HermJ, BSt.
Brtt. 460,8.a felld með 12:5 atkv.
— 463,5 felld með 10:6 atkv.
— 460,9 felld með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.
nei: JJós, KK, LJóh, SV, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, EE, GJ, HermJ, BSt.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég hef áður borið fram frv., sem stefnir í sömu átt og þetta, sem hér er um að ræða, og er um nokkurn veginn það sama. En með tilvísun til orða hæstv. ráðh. áðan og í trausti þess, að ríkisstj. sjái sér fært að leggja til breyt. í þessum efnum, segi ég nei.

Gísli Jónsson: Fyrir þessari hv. d. liggur nú frv. um sams konar efni og er í brtt. þeirri, sem hér er um að ræða. Og ég sé ekki annað en að hv. þm. geti komið að þessari breyt. þar, án þess að það sé gert út um það efni við atkvgr. þessa máls, sem hér liggur fyrir. Ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei, með tilvísun til grg. hv. 8. þm. Reykv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12:5 atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 466).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég sé, að málið hefur frekar litlum breyt. tekið til bóta í Ed. Þó hefur verið felld niður 2. gr., sem var svo vitlaus annars vegar, að varla hefði nokkur banki treyst sér til að framkvæma hana, og hins vegar óþarfa ógnun gagnvart verkalýðssamtökunum, sem hefði þurft óvenjulega vitlausa fjármálastjórn til að beita. Þetta frv. er þó eftir sem áður jafnharðvítug árás á verkalýðssamtökin og lífskjör allra vinnandi stétta í landinu. Það mál hefur verið rætt svo ýtarlega við þrjár umr. í hvorri d., að ekki þýðir að fara að bæta þar við. En á hinu vil ég vekja athygli, að mér virðist, að við þessar sex umr. hafi alltaf farið minna og minna fyrir því, að forsvarsmenn frv. hafi vitnað til hagfræðingagreinargerðarinnar fyrir þessu frv. Þvert á móti hefur nú ríkisstj. orðið að falla frá einni ályktuninni á fætur annarri, sem þessir svokölluðu hagfræðingar hafa sett sem undirstöðu undir þessu frv., þannig að það stendur nú varla steinn yfir steini í uppbyggingu þess. Af sjálfum hagfræðingunum er það að segja, að annar þeirra er stunginn af til Ameríku, en hinn sýndi sig á einum fundi í n. Þetta minnir mjög á ævintýri Andersens um nýju fötin keisarans, þegar tveir menn voru fengnir til að vefa ákaflega fínan vefnað, sem keisarinn átti að bera í mikilli skrúðgöngu. Þeir voru látnir fá dýrindis vefstóla og hátt kaup náttúrlega og dýrt efni. En eins og allir muna, lyktaði því svo, að vefararnir stungu af með allt kaupið og gull og silfur, en keisarinn gekk ber eftir götunni. Mér sýnist vera svipað komið með þennan vefnað hjá þessum tveimur hagfræðingum, sem áttu að vefa utan um sjávarútveginn klæði, sem hann gæti gengið í. Mér virðist það ætla að verða þannig eftir samþykkt þessa frv., að það, sem nú liggur fyrir, er, að togaraútgerðin og bátaútvegurinn eigi að stöðvast við framkvæmd þessa frv. Þannig

virðist meiri hl. Alþingis ætla að skilja við sjávarútveginn. Þegar hagfræðingarnir eru búnir að vefa þennan vef, eru þeir horfnir, annar til Ameríku, láta ekki sjá sig meir og standa ekki fyrir neinu, sem þeir hafa sagt. Þó er það því verra hjá þessum góðu hagfræðingum en hjá vefurunum, sem áttu að vefa handa keisaranum, að í ævintýrinu hafði enginn illt af því, þó að þeir styngju af, en hér verða hagfræðingarnir og þeirra till. til bölvunar öllum vinnandi stéttum í landinu. Það hefur verið reiknað út, að þessi aðferð sviptir verkalýðinn upp undir 100 millj. kr. í versnandi kjörum, enda fór að bera á því fljótt, að hin gífurlega verðhækkun kæmi í ljós. Það væri gaman að fá upplýsingar um, hvort það væri rétt, að kolin í Keflavík væru nú seld á 450 krónur tonnið, en voru áður 240 krónur.

Ég álít, að fyrst Ed. sýndi lit á því að taka sönsum um eina gr. í þessu máli, þá sé það fyrir neðan virðingu þessarar d. að skilja svo við þetta frv., að ekki sé reynt að bæta eitthvað ofurlítið úr þeim göllum, sem mundu verða til að stöðva útveginn. Ég ætla ekki að koma með neina brtt. um aðalatriði frv. Þar erum við búnir að bera fram svo margar brtt., Sósfl. og Alþfl., að það væri ekki nema orðaleikur að bera þær aftur fram nú, þannig að það teldust ekki sömu till. og gætu þannig komizt að samkv. þingsköpum. En ég ætla að freista, hvort hægt er að fá samþ. nú brtt., sem mundi að öllum líkindum valda því, að togaraútgerðin og bátaútvegurinn gætu haldið áfram. Það er í fyrsta lagi, að við 11. gr. í frv., eins og það er nú, bætist svo hljóðandi málsgr., með leyfi hæstv. forseta: „Framleiðslugjald skal innheimta árlega fyrir næsta skattár á undan, en þó því aðeins, að hagnaður hafi orðið á rekstri viðkomandi togara umfram lögleyfðar afskriftir.“

Þetta er í fyrsta lagi ákaflega sanngjarnt mál, sanngjarnt þegar það er flutt fram sem rök fyrir þessu frv., að það sé gert til að bjarga sjávarútveginum og hann gangi ekki með taprekstri, að það sé tryggt, að það gjald, sem lagt er á togaraútgerðina, sé ekki lagt á, nema þegar ekki er um taprekstur að ræða. Ég hef áður vakið eftirtekt á því, hvaða þýðingu það hefði fyrir bátaútgerðina í landinu, að þetta gjald sé ekki innheimt. Það er beinlínis árás á þær útgerðir, sem menn af litlum efnum hafa verið að koma sér upp út um land, að samþ. þetta 10% gjald, og einnig árás á bátaútgerðina og togaraútgerðina í Reykjavík. Ég veit, að bæjarútgerðin í Reykjavík hefur sent þm. Reykv. svo hljóðandi skeyti út af þessari gr., sem ég vil lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef 10% framleiðslutollurinn í 11. gr. frumvarpsins um gengisskráningu verður samþykktur þannig, að hann sé tekinn af taprekstri, þá álítum við, að slíkur tollur gæti stöðvað rekstur. Skorum því á yður sem þingmann Reykjavíkur, að þér sjáið um, að frumvarpinu verði breytt þannig, að ekki komi til innheimtu á honum, ef um taprekstur er að ræða.

Bæjarútgerð Reykjavíkur.“

Og svo framarlega sem bæjarútgerðin í Reykjavík kemur út með tapi, þá veit maður, hvernig bláfátæk bæjarfélög standa. Það er því bein árás á viðleitni fólksins að reyna að skapa góð atvinnutæki að samþ. þetta 10% gjald, svo framarlega sem það á að innheimtast af taprekstri, og það væri óréttmætt að gera það, þó að bæjarfélögin hefðu þessi 10% í ágóða. Bæjarfélögin úti um land standa ekki svo vel í þeirri kreppu og atvinnuleysi, sem yfirvöldin í Reykjavík eru að skipuleggja á fólkið, að þeim veiti af þessu. Ég vil vara Alþingi við því hvað snertir áhrifin út á við að samþ. svona gjald. Við vitum vel, að við höfum verið að berjast árum saman fyrir að fá afnuminn 10% toll, ranglátan, svívirðilegan toll, sem lagður hefur verið á fiskinn í Englandi. Hver eru okkar rök fyrir að flytja það fram við brezku ríkisstj. að létta þessum tolli af okkur, svo framarlega sem ríkið, sjálft íslenzka ríkið leggur 10% toll á fiskinn, sem hér er lagður á land? Þá erum við að gera það sama og við kvörtum yfir, að brezka stjórnin geri. Ef við samþ. þetta 10% gjald, þá er það uppörvun til fleiri þjóða að fara að dæmi Englendinga í þessu efni. Þess vegna væri sóknin erfiðari út á við um að fá slíkan toll afnuminn, ef við leggjum á það gjald, sem hér er um að ræða. En þar sem ég hef áður komið með brtt. um að afnema hann, þá treysti ég mér ekki til að flytja hana nú, svo að hún gæti skoðazt lögleg, og tek ég þess vegna þessa till. til að freista samkvæmt áskorun bæjarútgerðarinnar, sem ég þykist vita, að fleiri hv. þm. hafi fengið, hvort er hægt að fá hana fram.

Ég vil minna á, að við 3. umr. var fellt ákvæði um 93 aura lágmarksverð á fiski bátaútvegsins. Það er sama verð og hagfræðingarnir gengu út frá að bátaútvegurinn þyrfti að fá. Ég álít nauðsynlegt, að Alþingi gangi svo frá þessum málum og ríkisstj. á eftir, og henni ber skylda til þess, að setja lágmarksverð á fiskinn til hraðfrystihúsanna og til söltunar, til að bátaútvegurinn geti haldið áfram að ganga. Með þeirri samþykkt, sem meiri hl. Alþingis hefur gert, er fiskábyrgðinni kippt burt, og þar með er bátaútgerðinni kastað út í öryggisleysi og arðrán. Ríkisstj. verður að fá vald til að setja lágmarksverð á fiskinn. Þess vegna legg ég til, að eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi: „Eftir gildistöku þessara laga skal ríkisstjórnin ákveða með auglýsingu lágmarksverð á fiski bátaútvegsins.“ Það er það mikil hefð um, hvernig slíkt skuli framkvæmt, að það þarf ekki að taka það fram. Það er 3—4 ára hefð, hvernig það er gert, svo að það er ekki nauðsynlegt að taka það fram.

Þá vil ég flytja eina litla brtt., sem er nánast leiðrétting, að síðasta málsgr. 6. gr. breytist svo, að í stað orðanna „31. janúar 1950“ komi: 19. marz 1950. Ég hef áður lagt til, að þessi málsgr. félli niður, svo að ég ber hana ekki fram aftur. Ég vil, að í staðinn fyrir 31. jan. komi 17. marz, en samkv. frv., eins og það er nú, mundu engin verkalýðsfélög, sem hefðu samið eftir 31. jan. 1950, fá rétt til þeirrar uppbótar, sem um er rætt í þessum l. Verkalýðsfélögin hafa haldið áfram sinni venjulegu starfsemi, þó að búið sé að segja upp. Verka-

menn og atvinnurekendur hafa samið. Það verður að miða við, að þeir, sem hafa samið fyrir 17. marz eða 18. marz, skuli verða þessara hlunninda aðnjótandi, sem þar er um að ræða. Ég þykist vita, að Benjamín Eiríksson muni hafa gengið frá frv. 1. febrúar. Ég álít, að Alþingi þurfi ekki að vera svo svínbeygt undir skrifstofumenn ameríska banka, að það þurfi að teljast óhæfa, þó að þetta pennafeil sé leiðrétt. Ég held, að okkur sé alveg óhætt að leiðrétta þetta og setja þarna 17. eða 18. marz og láta þau verkalýðsfélög, sem hafa samið á þessum tíma, fá sama rétt og aðrir. Það er ómögulegt að straffa verkalýðsfélögum, þó að þau viti ekki, hvað Benjamín Eiríksson hugsaði 1. febrúar. Ég vona sem sagt, að d. vilji með góðu samþ. þessar brtt. Ég legg mest upp úr þeim, sem ég nefndi fyrst. Hins vegar skil ég ekki í öðru en d. vilji a. m. k. samþ. þá síðustu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 467) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. 3. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Þetta mál hefur verið þrautrætt svo, að ég sé ekki ástæðu til að ræða það almennt við þessa umr. Ég vil aðeins benda á, að meginrökin, sem flutt hafa verið af hálfu andstöðuflokkanna, standa að öllu leyti óhrakin. Það stendur óhaggað, sem hefur verið haldið fram, að frv. sé ranglát lausn á þeim vandamálum, sem að atvinnulífi landsmanna steðja. Það stendur óhrakið, að lagðar eru einhliða byrðar á launamenn landsins, þegar gera á tilraun til að rétta við hag útvegsins. Enn fremur stendur það óhrakið, að það er mjög hæpið, að frv. geti náð tilgangi sínum í þeirri mynd, sem það hefur nú. Það hefur komið fram, að það er ólíklegt, að bátaútvegurinn og hraðfrystihúsin geti starfað við þau skilyrði, sem þeim verða búin. Ég beindi til hæstv. stj. þeirri fyrirspurn við 3. umr., hvort stj. hefði trú á því, að hægt yrði að greiða 93 aura fyrir bátafiskinn, eins og gert væri ráð fyrir í frv. Hæstv. viðskmrh. svaraði því, að ríkisstj. gæti engan veginn ábyrgzt, að hægt yrði að greiða það verð. En sé svo, að þetta frv. tryggi ekki nokkurn veginn 93 aura verð, þá verður með engu móti séð, að frv. nái þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná, því að megintilgangurinn er að haga gengisskráningunni svo, að 93 aura verð yrði nokkurn veginn tryggt. Allir útreikningar hagfræðinganna miðuðu að því, að hægt væri að greiða þetta verð, og hafa þeir verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri fyrir bátaútveginn að fá það fyrir fiskinn. Fyrst því hefur verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að fyrir því sé engin trygging, að frv. geti fært bátaútveginum 93 aura verð, hefur það í rauninni verið játað af ríkisstj., að ekki sé víst, að frv. geti náð tilgangi sínum.

Af hálfu Alþfl. hafa í þessari hv. d. og í hv. Ed. verið fluttar brtt. við frv., þó að flokkurinn sé andvígur því í heild. Alþfl. hefur lagt til, að felld verði niður 2. gr. og gengisákvörðunarvaldið verði áfram í höndum Alþingis, stóreignaskattur verði verulega hækkaður og skattfénu skipt öðruvísi en lagt er til í frv. Alþfl. hefur lagt til, að tilhögun vísitöluuppbótagreiðslnanna verði öðruvísi en í frv., þannig, að frá 1. apríl 1950 skuli laun breytast mánaðarlega samkv. ákvæðum 7. gr. frv. og núgildandi kaup talið svara til vísitölu kauplagsnefndar eins og hún var 1. sept. s. l., og enn fremur, að verðuppbæturnar verði framvegis greiddar mánaðarlega. Einnig hefur flokkurinn lagt til, að persónufrádráttur verði stórlega hækkaður frá því, sem nú er, þar sem það miðar að því að létta þær byrðar, sem lagðar eru á launamenn með þessu frv. Þá höfum við einnig lagt til, að hlutatryggingasjóði verði tryggt það fé, sem honum raunverulega hefur verið lofað, og enn fremur, að létt verði af námsmönnum þeim byrðum, sem þeim eru lagðar á herðar með þessu frv. Þá hefur flokkurinn og lagt til betra og einfaldara fyrirkomulag á greiðslu sparifjáruppbótarinnar en frv. gerir ráð fyrir, og höfum við gert till. þjóðbankans í því máli að okkar till. Við höfum lagt til, að framleiðslugjöldin yrðu gerð léttari og réttlátari en frv. gerir ráð fyrir, og lagt til, að verðtollur yrði lækkaður. Það hefur aðeins verið gengið til móts við eina af þessum brtt. af hálfu ríkisstj., þ. e. að Alþingi á nú eins og áður að halda valdi yfir gengisskráningunni. Enn fremur verður lítils háttar breyt. á greiðslu kaupuppbótanna. Allar aðrar brtt. Alþfl. hafa verið felldar, og þó er það svo, að bak við hinar mikilvægustu þeirra hefur staðið mjög einróma vilji verkalýðssamtakanna í landinu, nýlega látinn í ljós á þýðingarmikilli ráðstefnu, þar sem mættir voru formenn allra verkalýðsfélaga í landinu. Þrátt fyrir allt þetta hefur ríkisstj. treyst sér til þess að fella allar þessar till. Þess vegna þarf auðvitað ekki að orðlengja það, að Alþfl. er andvígur frv., jafnandvígur því nú og þegar það var lagt fyrir þessa hv. d. í fyrstu. Ég mun að sjálfsögðu ekki endurflytja við þessa umr. neinar af þeim till., sem þegar hafa verið felldar. En við þrír af þm. Alþfl. viljum freista þess enn við þessa umr. að fá svolitla lagfæringu á frv. og berum fram till. við 6. gr., sem flutt var af þm. Alþfl. í Ed., en náði ekki fram að ganga þar. Brtt. er í tveimur liðum, og er sá fyrri svo hljóðandi:

„Við 6. gr. Fyrir orðin „desembermánuð 1950", „janúar 1951", „janúar 1951", „júníloka 1951", „júní 1951", „júlí 1951" og „1. ágúst 1951" í 3.—5. málsgr. kemur í sömu röð: október 1950, nóvember 1950, nóvember 1950, aprílloka 1951, apríl 1951, maí 1951, 1. júní 1951."

Tilgangurinn með þessari brtt. er sá, að launþegar fái kaupuppbót þegar í stað vegna þeirrar hækkunar, sem gera má ráð fyrir, að verði á vísitölunni í sept. n. k. vegna hækkaðs verðs landbúnaðarafurða. Eins og frv. er nú, er gert ráð fyrir, að kaup geti breytzt mánaðarlega 3 fyrstu mánuðina, en síðan ekki fyrr en 1. jan. 1951. Er þó vitað, að í sept. n. k. verða landbúnaðarafurðir verðlagðar, og augljóst, að á þeim verður allveruleg hækkun, sem mun hækka framfærsluvísitöluna talsvert. Gert er ráð fyrir í frv., að kaup launþega eigi að hald-

ast óbreytt til næstu áramóta. Þetta álítum við mjög óeðlilegt, sérstaklega með tilliti til þeirra byrða, sem að öðru leyti má gera ráð fyrir að falli á herðar launþega samkv. þessu frv., og þetta viljum við fá leiðrétt þannig, að kaup megi hækka þegar 1. nóv. 1950 vegna þeirrar hækkunar, sem verður á landbúnaðarafurðum í sept. þ. á., og breytast aðrar dagsetningar í frv. síðan samkvæmt því. Þessi brtt. þýðir því í rauninni ekkert annað en það, að launþegar eigi ekki að þurfa að bíða í þrjá mánuði eftir að fá kaupuppbót vegna þeirrar hækkunar, sem verður í sept., heldur geti fengið hana einum mánuði á eftir. Ég fæ ekki séð, að þetta verði talin ósanngjörn krafa. Sanngjarnir menn hljóta að játa, að þessi krafa er hófleg. Því hefur verið haldið fram af ríkisstj. og talsmönnum hennar, að það sé vilji hennar að bæta launþegum þá hækkun, sem raunverulega verður á framfærslukostnaði. En eins og tímatakmarkið fyrir kauphækkuninni hefur verið ákveðið, líður langur tími frá því verðlag hækkar og þangað til sú hækkun fæst bætt með hækkuðu kaupgjaldi. Ég veit ekki, hvort það hefur verið þrauthugsað af höfundum frv., að þetta skyldi vera svona. Mér er nær að halda, að svo hafi ekki verið, heldur hafi láðst að athuga þetta atriði málsins, og ég get með engu móti séð, að þetta breyti tilgangi frv. eða komi að nokkru leyti í bága við þá heildarstefnu, sem frv. að öðru leyti byggist á. Hér er aðeins verið að sníða galla af frv. Ég vil því leyfa mér að vonast til þess, að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessa till. Það mundi vafalaust milda eitthvað afstöðu launþegasamtakanna til málsins, ef þessi skilningur væri sýndur á málstað þeirra.

Síðari brtt., sem við þessir sömu þm. flytjum, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við greinina bætist nýr málsliður, þannig: Þetta ákvæði tekur þó ekki til verkalýðsfélaga, sem hækka ekki kaup sitt meira en svo, að það samsvari vegnu meðaltali af grunnkaupi allra félaga ófaglærðra verkamanna og verkakvenna í landinu."

Eins og síðasta málsgr. 6. gr. er nú, þýðir hún, að ekkert verkalýðsfélag getur notið hinnar lögleyfðu kaupuppbótar, ef það hækkar grunnkaup sitt frá því, sem það var við janúarlok 1950. Hér er enginn greinarmunur gerður á því, hvort kaup verkalýðsfélags hefur verið fyrir ofan eða neðan meðaltal kaupgjalds allra verkalýðsfélaga í landinu. Þar með er fyrir það tekið, að þau verkalýðsfélög, sem hafa orðið á eftir í kaupgjaldshækkunum á s. l. ári eða s. l. tveimur árum, geti fylgzt með hinum verkalýðsfélögunum og fært kaup sitt eingöngu til samræmis við kaup annarra verkalýðsfélaga, án þess að missa um leið rétt til þeirra lögheimiluðu verðlagsuppbóta, sem frv. gerir ráð fyrir. Sú hugsun, sem liggur til grundvallar í frv., er að sporna gegn því, að til almennra grunnkaupshækkana komi í landinu. Hugsunin er auðvitað sú, að láta ekki koma til framkvæmda hinar lögheimiluðu kaupuppbætur, ef grunnkaup verður almennt hækkað, og út af fyrir sig má segja, að í þessu sé samfelld hugsun. Hitt getur hins vegar ekki verið tilgangur frv., að koma í veg fyrir, að hægt verði að lagfæra ótvírætt ósamræmi, sem nú er ríkjandi í kaupgjaldi verkalýðsfélaganna í landinu, en eins og frá frv. er gengið, er ekki hægt að koma við lagfæringu. Það getur ekki verið tilgangurinn með þessu ákvæði að koma í veg fyrir samræmingu á kaupi, heldur hitt, að sporna við því, að almennar grunnkaupshækkanir eigi sér stað. Hins vegar hefur líklega ekki verið athugað, að kaupgjald í einstökum verkalýðsfélögum er mjög misjafnt, og sums staðar er munurinn svo mikill, að það yrði að teljast mjög ósanngjarnt, ef þetta kaupgjaldsákvæði yrði látið haldast. Tilgangurinn með þessari brtt. er sá, að ákvæðum frv. verði breytt þannig, að lagfæring á kaupgjaldi til samræmis við meðalkaupgjald verði ekki til þess að svipta hlutaðeigandi verkalýðsfélög rétti til lögheimilaðrar uppbótar, ef verkalýðsfélögin hækka kaupið ekki meira en svo, að það fari upp í meðalkaupgjald allra verkalýðsfélaga á landinu. Ég staðhæfi, að þessi brtt. fari ekki í bága við þann megintilgang, sem sjálfir flm. telja, að frv. hafi, og tel, að hægt sé að samþ. þessa till. einnig frá þeirra sjónarmiði séð. Þessi till. er mjög sanngjörn og eðlileg, og vænti ég þess því, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja hana.

Forseti (SB): Þm. hafa heyrt fram komnar brtt. frá hv. 3. landsk. (GÞG), hv. 8. landsk. (StJSt) og hv. þm. Ísaf. (FJ). — Brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því afbrigði til þess að þær megi koma fyrir, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 468) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi leyfa mér að mælast til þess — og tala þar í umboði allrar ríkisstj., að samþ. yrði 1. brtt. hv. 2. þm. Reykv. (EOl) á þskj. 467, þ. e. í stað orðanna „1. janúar 1950" komi: 17. marz 1950. Hann færði sjálfur réttar ástæður fyrir því, að þessi breyt. yrði gerð. Hann var með nokkurn smávægilegan skæting, en það var rétt hjá honum, að það kunna að vera félög, sem hafa samið um kauphækkun frá áramótum og til þess tíma, og náttúrlega væri ekki eðlilegt að svipta þau félög rétti til kauphækkunar, enda viðurkenni ég fúslega, að þetta var rætt í ríkisstj., og það var mín yfirsjón að hafa ekki sjálfur munað eftir þessu, því að ég man vel, að ég beitti mér gegn því, að ákvæðið yrði öðruvísi en það er í frv., og var ástæðan sú, að ég áleit, að strax og frv. væri lagt fram, gæfi það félögunum visst aðhald um að vera ekki að fara fram á kauphækkun, en ég gat þess við hagfræðingana, að ef engar kauphækkanir hefðu orðið, mætti á síðustu stundu breyta ákvæðunum þannig, að þau næðu fram á þennan dag.

Ég ætla ekki nú við þessa umr. frekar en áður að taka upp deilur við andstæðinga frv. um einstök atriði. Ég hef lagt mikla áherzlu á, að

þetta mál gæti haft sem skjótastan gang gegnum þingið. Við erum allir svo mælskir, að ef við förum að deila á annað borð um það, sem á milli ber, mætti það æra óstöðugan. Ég vil þó aðeins út af ræðu hv. 3. landsk. (GÞG) segja það, að það er ekki rétt hjá honum, ef hann hyggur, að fyrri brtt. hafi ekki verið hugsuð eða rædd af hagfræðingum ríkisstj. og henni sjálfri. En hagfræðingar okkar lögðu mjög mikla áherzlu á, að það yrði nokkurt tímabil þarna, sem þetta gæti leitað jafnvægis, eins og þeir komust að orði, og voru þess vegna á öðru máli en hv. þm. um áhrif slíkrar breyt., sem hann ber fram, á höfuðtilgang málsins. Ég tel mig ekki vera mann til þess að staðhæfa meira í þeim efnum en kom fram í umræðunum milli mín og annarra ráðh. og hagfræðinganna, en skýri aðeins frá þessu. Ég get vel játað, að ég og við allir höfðum vissa löngun til þess að aðhyllast brtt. eins og þessa, en höfum þó ekki þorað út á þá braut. Það væri að mörgu leyti sanngjarnt að gera þetta, að þau félög, sem hafa lægra kaup, fengju leyfi til að hækka eitthvað sitt kaup, án þess að þau misstu þau fríðindi, sem 7. gr. frv. mælir fyrir um. En ég veit líka, að hv. þm. skilur það, að ríkisstj., sem ber fram þetta frv. til þess að reyna að lagfæra það, sem úr skorðum hefur gengið vegna hins ógiftusamlega kapphlaups milli kaupgjalds og afurðaverðs í landinu, hún hikar við að bera sjálf fram framt að því fyrirmæli um kauphækkun, því að ef þessi till. væri samþ., — og ég viðurkenni, að ég hef vissa löngun til þess og við allir ráðh. að gera það, þó að við höfum ekki viljað fallast á það að athuguðu máli, — þýddi það í raun og veru sama og fyrirmæli um kauphækkun. Það kann að vera, að á einum af þessum stöðum, sem um er að ræða, *væru menn svo sanngjarnir, að þrátt fyrir* þessa bendingu frá löggjafarvaldinu um kauphækkun hækkuðu þeir samt sem áður ekki kaupið. En almenna reglan yrði sú, að öll þessi félög mundu neyta réttar síns, og ég mundi ekki þora að taka á mig ábyrgðina af því að gerast þess hvetjandi, að almenningur í landinu hækki sitt kaup vegna ákvæða þessa frv. Það er bjargföst sannfæring okkar í ríkisstj., að ef þetta frv. fær ekki að meginefni staðizt dóm reynslunnar, blasi hrein ógæfa við. Eina meginhættan, sem vofir yfir frv., er sú, að kauphækkanir í landinu stöðvist ekki. Og ég veit, að þeir, sem skoða þetta með sanngirni, skilja, að þrátt fyrir visst réttmæti þeirra óska, sem þarna eru fram bornar, er þess varla að vænta, að ríkisstj., sem tekur á sig þá ábyrgð að framkvæma þetta mál, þori að eiga nokkurn hlut í því að hrinda skriðunni á stað. Ég hef áður átt þátttöku í ríkisstj., sem leyfði kaupbreytingu til samræmingar. Það gekk mikið úr skorðum hjá þeirri ríkisstj. vegna kauphækkana til samræmingar og lagfæringar, og þeirri stjórn, sem tók við á eftir, mistókst kannske í enn ríkari mæli en minni stjórn að stöðva í þessum efnum. Mig brestur þess vegna kjark til þess að fylgja þessari till., því að ég tel, að með henni væri frv. stefnt í nokkurn vanda, svo að þótt ég, eins og ég áður sagði, hefði haft vissa löngun til að fylgja henni, sé ég mér ekki annað fært en að beita mér gegn henni.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég vildi bara leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. (GÞG), þar sem hann sagði, að ég hefði lýst yfir því, að ekki mundi vera hægt að greiða 93 aura fyrir fiskinn. Ég sagði þetta alls ekki. Ég sagði, að ríkisstj. hefði ekki gefið neina yfirlýsingu í þessum efnum og reynslan mundi skera úr því. Annað sagði ég ekki. Ég vildi bara leiðrétta þetta.

Finnur Jónsson: Ég held, að atvmrh. mikli fyrir sér þá áhættu um almenna kauphækkun í landinu, sem yrði því samfara að samþ. till. okkar þremenninganna. Hér er aðeins um að ræða kauphækkun til þess að ná meðaltali þess kaupgjalds, sem greitt er í öllum verkalýðsfélögum á landinu, og upp fyrir það gæti það ekki farið, nema viðkomandi félög misstu þá rétt til uppbóta. Þegar nýsköpunarstjórnin samþykkti kauphækkanir til lagfæringar og samræmingar, þá var um annað að ræða en í brtt. okkar. Í henni er þetta allt miklu bundnara. Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, út af því, að oft er talað um léleg störf og lítinn árangur af vinnu okkar þm., að ef borin eru saman frv. frá utanþingsmönnum, sem sérfræðingar eru kallaðir, og frv. samin af þm., þá held ég, að samanburðurinn verði þm. mjög í hag, því að t. d. eru á þessu frv. frá hagfræðingunum ýmsir gallar, sem hæpið er, að þingvanir menn létu frá sér, m. a. 2. gr., sem hæstv. ríkisstj. hefur nú fallizt á að nema burtu. Ég hygg, að engum þingvönum manni hefði dulizt það, að alþýða manna mundi aldrei sætta sig við það, að ríkisstj. og Landsbankinn yrðu einhvers konar gerðardómur í kaupgjaldsmálum, eins og til var stefnt með frv., og þar sem kunnugt er, hve verkalýðsfélögin veittu gerðardómslögunum harða mótspyrnu, þá er alveg furðulegt, að slík till. skuli nú koma fram á Alþingi. Á þetta var bent við 2. umr., og lögðu þm. Alþfl. fram brtt. um að fella 2. gr. niður. Hæstv. ríkisstj. hefur nú tekið þessa till. upp, og ber að fagna því. Eins og hv. 3. landsk. þm. gat um, hafa margar tilraunir verið gerðar til þess að reyna að bæta frv., eins og vel mætti gera, en í sambandi við það, sem rætt var hér, t. d. lágmarksverð á fiski til bátaútvegsins, bæði af hv. 2. þm. Reykv., hv. 3. landsk. og hæstv. viðskmrh., má benda á, að hæstv. ríkisstj. getur í þessu sýnt trú sína á mætti þessa frv. með því að ákveða lágmarksverð á fiski til bátaútvegsins skv. heimild í l. um útflutning á íslenzkum afurðum. Ég minnist þess ekki, að breytt hafi verið því ákvæði, sem sett var á stríðsárunum, að til þess að mega flytja út vöru þurfi leyfi ríkisstj. eða stofnana, sem starfa undir henni, og ríkisstj. getur sett hvaða skilyrði sem er fyrir því. Þessi heimild hefur oft verið notuð, svo að samkv. lögum og venju gæti hæstv. ríkisstj. sett það skilyrði fyrir útflutningi, að ákveðið lágmarksverð á fiski yrði til bátaútvegsins. Ef þetta ákvæði er enn í gildi, sem ég held áreiðanlega, þá er einfalt fyrir

hæstv. ríkisstj., ef hún fær þetta frv. samþ., að nota sér þessa heimild og setja lágmarksverð á bátafiski sem skilyrði fyrir útflutningsleyfi skv. þeim útreikningi, sem í frv. hæstv. ríkisstj. er. Geri hún þetta ekki, þá ber það ekki vott um, að hún trúi á það, að eftir að frv. verði samþ., þá verði hægt að fá 93 aura fyrir bátafiskinn. — Ég skal nú ekki vera langorður, en vildi með örfáum orðum gera grein fyrir brtt., sem ég ætla að flytja við 11. gr., sem síðustu tilraun til þess að sníða ágalla af frv. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá hefur verið alger aflabrestur á síldveiðum fyrir Norðurlandi í 5 vertíðir, svo að bátaflotinn hefur verið rekinn með miklum halla, en skipverjar á síld fyrir norðan varla verið matvinnungar og margir þeirra, er þar voru á síld s. l. sumar, ekki fengið greidda kauptryggingu fyrir vinnu sína. Í þessum rekstri hefur því verið um hreint hallærisástand að ræða í 5 ár, en þó á skv. frv. að taka 8% framleiðslugjald af síldarafurðum á næsta sumri. Af öllu því fáránlega í þessu frv. er þetta það fáránlegasta, að ætlast til, að síldarútvegurinn geti borgað 8% framleiðslugjald eftir 5 ára hallæri. Að vísu er gert ráð fyrir því, að ef sumaraflinn verði minni en 6000 mál að meðaltali, þá sé ríkisstj. heimilt að hækka gjaldið, en ef hann verður undir 4000 mál að meðaltali, þá að fella gjaldið niður. En með frv. er gert ráð fyrir því í öllum tilfellum að byrja að innheimta gjaldið. Það á að sýna sig, hvort ekki sé hægt að kroppa eitthvað af þeim atvinnuvegi, sem rekinn hefur verið með stórtapi í 5 sumur, svo að þar hefur verið beinlínis um hallæri að ræða. Það má segja, að ef einhverjir nýir aðilar fari á stað með síldveiðar, þá megi með nokkurri sanngirni taka eitthvert gjald af þeim, ef vel veiðist. Hitt nær engri átt, að taka 8% gjald af atvinnurekstri, sem er eins á vegi staddur og bátaútvegurinn, sem stundað hefur síldveiðar, er nú. Ég vil því freista þess á síðustu stundu að fá þessi óréttlátu ákvæði niður felld, með því að leggja til, að þeir, sem stundað hafa síldveiðar með tapi 3 ár eða lengur, þurfi ekki að greiða þetta gjald. Ég leyfi mér því að flytja svo hljóðandi brtt. við 11. gr., 4. málslið:

„Á eftir orðunum „Ef afli er minni en 4000 mál pr. skipshöfn að meðaltali, er ríkisstjórninni heimilt að fella það niður“ komi: Eigi skal framleiðslugjald innheimt af síldarafla veiðiskipa útgerðarmanna þeirra, er stundað hafa síldveiðar fyrir Norðurlandi s. l. þrjú ár eða lengur, né heldur af aflahlut skipverja þeirra, er ráðnir hafa verið á síldarskip sama tíma.“

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá hv. þm. Ísaf. Hún er skrifleg og of seint fram komin og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða frv. almennt, aðeins minnast á eitt atriði, en það er í 11. gr., að 10% gjald á að taka af afla þeim, sem nýsköpunartogararnir leggja upp hér, öðrum en ísfiski. Ýmis útgerðarfélög, bæði einstaklinga og bæjarfélaga úti á landi, eru ný af nálinni og hafa orðið að taka lán til togarakaupanna, og þetta gjald er því mjög varhugavert vegna fjárhags þeirra, og væri hyggilegra að taka prósentugjald upp í skuldir þessara félaga, því að það verður ekki tekið út úr rekstri þeirra, en kæmi þeim að gagni til að tryggja reksturinn í framtíðinni. Ég hef fengið skeyti frá útgerðarfélagi míns kjördæmis með eindregnum tilmælum um það, að þetta 10% gjald verði fellt niður, ef um taprekstur er að ræða, og slík tilmæli munu fleiri hv. þm. hafa fengið úr sínum kjördæmum. Nú hafa komið fram í hv. Ed. yfirlýsingar frá hæstv. viðskmrh. og hæstv. utanrrh. um það, hvernig ríkisstj. ætlaði sér að innheimta þetta gjald, og bar hæstv. ráðh. ekki saman. Hæstv. viðskmrh. mun hafa sagt, að ekki væri meiningin að innheimta gjaldið í því tilfelli, að um taprekstur væri að ræða, en hæstv. utanrrh. mun hins vegar hafa sagt, að fella ætti niður gjaldið, ef um almennan taprekstur væri að ræða, en ekkert tillit yrði tekið til einstakra togara. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hver sé skoðun hæstv. ríkisstj. á þessu, og óska ég þess, að skýrt liggi fyrir, hvort ríkisstj. ætlar að innheimta gjaldið skv. skýringu hæstv. viðskmrh. eða skv. skýringu hæstv. utanrrh. Þetta skiptir miklu máli að fá strax að vita. Hins vegar tekur brtt. hv. 2. þm. Reykv. af öll tvímæli um þetta, enda er eðlilegast, að ákvæðin séu svo skýr, að þau þurfi ekki skýringar við, heldur viti allir, að hverju sé verið að ganga. Vil ég sérstaklega beina þessu til hæstv. forsrh. og vænti skýrra svara.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hv. þm. Siglf. vil ég aðeins taka fram, að ég hlustaði ekki á yfirlýsingar þær, sem hann vitnaði í, og verða hæstv. ráðh. sjálfir að svara fyrir það, en um ákvæði 11. gr. gef ég engar yfirlýsingar, hvernig þau verða framkvæmd, ef frv. verður samþ. Það verður athugað innan ríkisstj. síðar. Sé ég mér ekki fært að svara fyrirspurn hv. þm. Siglf. öðruvísi.

ATKVGR.

Brtt. 468,1 felld með 19:8 atkv.
— 467,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 468,2 felld með 18:9 atkv.
— 467,2 felld með 20:8 atkv.
— 469 felld með 19:9 atkv.
— 467,3 felld með 20:8 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:9 atkvæðum og endursent Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 470).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en vil leyfa mér að leggja fram eina skriflega brtt. Því hefur verið haldið fram af flm. þessa frv., eða í áróðri fyrir því, að verkalýðsfélögin verði á engan hátt bundin, þó að það verði að lögum, og geti því notað sinn rétt til kauphækkana, ef nauðsyn krefur. Nú er í síðustu mgr. 6. gr. ákvæði, sem sviptir þau félög eða meðlimi þeirra félaga, sem nota sér þennan rétt, allri vísitöluuppbót. Í þessu tel ég að felist binding fyrir verkalýðsfélögin, en vegna þess að því hefur verið haldið fram, að þau væru frjáls, þá vil ég leyfa mér að leggja til, að þetta ákvæði falli niður úr 6. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 471) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég gæti vel sætt mig við, að brtt. sú frá 4. landsk., sem hér hefur verið leitað afbrigða fyrir, næði fram að ganga, og tel, að hún stefni í rétta átt. Hins vegar heyrði ég eftir hæstv. atvmrh., að stj. hefði ekki kjark til þess að verða við slíkum óskum, jafnvel þó að hann viðurkenndi, að þær gengju í réttlætisátt. Við 4. þm. Reykv. höfum flutt till. um, að verkalýðsfélögum væri heimilt að hækka kaup sitt upp í vegið meðaltal, eins og það er hjá Alþýðusambandinu. Þessi réttlætistill. var felld. Ef eins færi nú um till. 4. landsk., þá vil ég leyfa mér að bera upp aðra till., sem fjallar að vísu um sama efni, en er afmarkaðri, og í sambandi við hana held ég að það sé óþarfi hjá hæstv. ríkisstj. að vera hrædd við að gera það, sem rétt er, og að mínu áliti er ríkisstj. nauðulega stödd, ef hún treystir sér ekki til að samþ. slíkt réttlætismál. Þessi till. mín er á þá leið, að við 6. gr. bætist ný mgr., þess efnis, að ákvæði greinarinnar nái ekki til þeirra félaga innan Alþýðusambandsins, sem hafa ekki kr. 2,90 í grunn fyrir karla og kr. 2,10 fyrir konur, þ. e. a. s., að þessi félög megi hækka kaup sitt í þetta hámark án þess að missa vísitöluuppbót. Ég tel, að þessu sé svo í hóf stillt, að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að þurfa að hræðast þessa breytingu. Eins og kunnugt er, hafa nokkur félög innan Alþýðusambandsins ekki nema kr. 2,60 í grunn. Hins vegar er kaup Dagsbrúnarverkamanna nú kr. 3,08 í grunn, eða 9,24 kr. um klst., en aðeins 7,60 kr. hjá hinum. Þetta er allverulegur munur á kaupi, og hætt við, að þessu fólki gangi erfiðlega að bjargast, þegar verðhækkanir gengisbreytingarinnar skella á. Það eru heldur ekki nema tiltölulega fá félög, sem þannig stendur á um, og eru sennilega í þeim innan við 1000 félagar. Ef hæstv. ríkisstj. getur ekki fallizt á þessa sanngirnistill., þá finnst mér hún veita litla viðurkenningu því fólki, sem hefur sýnt atvinnulífinu þá hollustu að heimta ekki hærri laun. Eða á að launa slíka hollustu við atvinnulífið með því að banna þessu fólki með lögum að fá leiðréttingu, miðað við annað launafólk, og skammta því á þann hátt um 400 kr. minni mánaðarlaun en öllum öðrum launþegum, hvort sem mögulegt verður að lifa á slíkum launum eftir gengislækkunina eða ekki? Ég sé heldur ekki, að samþykkt þessarar till. þurfi að hafa í för með sér neinar frekari hækkanir, þar sem hún miðar aðeins við, að hækkunin megi nema því, að launin komist upp í 2,90 í grunn, á meðan t. d. Dagsbrún hefur 3,08 kr. í grunn. Það losar áreiðanlega ekki neinn stein í þeirri byggingu, sem heitir ríkissjóður.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 472) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það liggur hér fyrir brtt. frá hv. 6. landsk. þm. við 6. gr. frv., að aftan við hana bætist ný málsgr., svo hljóðandi: „Þetta nær þó ekki til þeirra stéttarfélaga, sem nú búa við svo lágt kaupgjald, að það sé fyrir neðan meðaltal kaups verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, þótt þau eftir gildistöku laganna hækki kaupgjald sitt upp í kr. 2,90 í almennri dagvinnu karla og í 2,10 í dagvinnu kvenna."

Þessi till. fjallar um atriði, sem mikið var rætt á milli stjórnar Alþýðusambands Íslands og ríkisstj., og var ríkisstj. treg til þess að ganga til samkomulags um þetta atriði. Er málið var til umr. í hv. Nd., var því m. a. áður lýst yfir í ræðu hæstv. atvmrh., að það væri viðurkennt, að hér væri um allmikið réttlætismál að ræða um að ganga lengra til móts við þau verkalýðsfélög, sem hefðu lægstu kaup- og kjarasamninga. En hins vegar hefur ríkisstj. verið það ljóst, að það gæti orðið hættulegt tilgangi frv. þessa að gera slíka hluti, því að það mætti segja, að verið væri að lögbjóða, að kaupgjald skuli hækka, en slík sérstök lögboðin leyfi, sem fólgin væru í slíkri aðstoð, gætu verið allbreytileg hvað þetta snertir. Ríkisstj. hefur nú í matarhléinu athugað brtt. hv. 6. landsk., og hef ég m. a. haft viðræður um hana við forseta Alþýðusambands Íslands, Helga Hannesson. Hélt hann því fast fram, að hann teldi hér engu réttlæti vera fullnægt, nema þessi verkalýðsfélög fengju hækkað kaup, sem væri miðað við kr. 3,08 í grunnkaup. Nú er ríkisstj. þeirrar skoðunar, að slíkt komi ekki til mála. Nú hefur forseti Alþýðusambands Íslands leyft að hafa það eftir sér, að ef útilokað sé, að þessi verkalýðsfélög fái hækkun í kr. 3,08, þá teldi hann það vera mikla leiðréttingu að samþykkja brtt. í svipaða átt og þessa, en lýsti því jafnframt yfir, að hann teldi það ekki vera fulla leiðréttingu. Ríkisstj. hefur í þeim viðræðum, sem hún hefur átt við stjórn Alþýðusambands Íslands, reynt til hins ýtrasta að ná samkomulagi við stjórn Alþýðusambandsins, án þess að raska grundvellinum, sem þetta frv. er byggt á. Nú er það ákveðinn vilji ríkisstj., að frv. verði afgreitt í kvöld eða nótt, en nú er svo ástatt, að allmargir þm. eru fjarstaddir, og ef frv. verður nú enn breytt, verður það að ganga til sameinaðs þings, en mjög er tvísýnt um, að það verði hægt í kvöld, sökum fjarvista þingmanna. Af þessum ástæðum vil ég lýsa því yfir

fyrir hönd ríkisstj., að við munum nú eftir helgina taka upp viðræður við stjórn Alþýðusambands Íslands um þessi atriði og leitast þá við að ná samkomulagi um leiðréttingu á þessu, sem hún gæti sætt sig við. En þó vil ég taka það fram, að það er ekki loforð á neinn hátt um það, að farið verði að neinu leyti lengra en þessi till. gefur tilefni til.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um þetta, en ég veit ekki, hvort hv. flm. þessarar skriflegu brtt. telur þetta fullnægjandi. Hefði ég talið bezt á því fara, að hann sæi sér fært, að draga till. alveg til baka og gæti sætt sig við þessi ummæli mín, sem ég hef sagt hér fyrir hönd ríkisstj. allrar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skil það, að heimilisástæður ríkisstj. hæstv. eru ekki vel góðar, þar sem hún er ekki við því búin að hafa fund í sameinuðu þingi, og vil ég því taka þetta fram:

Þessi skriflega brtt. mín var borin hér fram án nokkurs samráðs við stjórn Alþýðusambands Íslands, og hún er að efni til fyrir neðan það lágmark, sem Alþýðusambandið hafði fallizt á. Ég bar því fram þessa till. að föllnum þeim kröfum, ef með því móti fengist einhver leiðrétting handa þeim félögum, sem eiga við lægst kaup að búa. Ég vil því taka það fram, að ég lít svo á, að í loforðum hæstv. forsrh. felist ákveðið loforð um það, að stj. muni ekki fara skemur í leiðréttingu sinni en felst í till. minni. Hæstv. forsrh. sagði, að með þessu væri ekki verið að gefa nein loforð af sinni hálfu um meira en farið er fram á í þessum lágmarkskröfum. Ég vænti þess, að niðurstaðan verði sú, að leiðréttingin verði að minnsta kosti eins mikil og felst í þessari brtt., og að því leyti komið til móts við kröfur Alþýðusambands Íslands. Ef treysta má því, að í orðum hæstv. forsrh. felist loforð um leiðréttingu, er jafngildi því, sem í till. minni felst, get ég tekið brtt. mína aftur.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 6. landsk. vil ég aðeins taka þetta fram: Í orðum mínum áðan fólst ekki annað loforð en að taka málið upp við Alþýðusamband Íslands og reyna að ná samkomulagi við stjórn þess og ná þannig árangri í málinu. Hv. flm. má ekki leggja þann skilning í orð mín, að því hafi verið lofað, sem felst í till. hans, heldur loforð um að taka málið upp og reyna að ná samkomulagi um það.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég vil þá, ef ég hef misskilið orð hæstv. forsrh., lýsa því aftur yfir, að því aðeins sé ég mér fært að taka till. aftur, ef loforð fæst um að gera a. m. k. þá leiðréttingu, sem í till. minni felst. Að öðrum kosti er till. ekki tekin aftur.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að hvort sem hv. flm. tekur till. sína aftur eða ekki, þá mun málið verða tekið upp aftur við stjórn Alþýðusambands Íslands nú eftir helgina, og breytir það því engu um þá ákvörðun ríkisstj.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Mér er það ekki fyllilega ljóst, hvað í ádrætti hæstv. ríkisstj. felst, hvort nú eigi strax að brjóta lögin eftir helgina. En hvað snertir brtt. hv. 6. landsk., þá er mér ekki ljóst, hvort hann tekur till. sína aftur eða ekki, en sé svo, þá tek ég hana upp.

Forseti (BSt): Ber að skilja það svo, að hv. 6. landsk. taki till. sína aftur?

Hannibal Valdimarsson: Ég hef ekki fengið skýr loforð frá hæstv. ríkisstj., svo að ég verð að halda mig við hana, og till. er ekki tekin aftur.

ATKVGR.
Brtt. 471 felld með 11:5 atkv.
— 472 felld með 11:5 atkv.
Frv. samþ. með 11:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 473).

18. Eignakönnun.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun [53. mál] (stjfrv., A. 71).

Á 9. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það varð að samkomulagi við hæstv. núv. fjmrh., að ég mælti nokkur orð fyrir þessu frv. og þeim, sem á eftir fylgja, vegna þess að þau voru lögð fram meðan fyrra rn. var starfandi.

Um þetta sérstaka mál er það að segja, að það er samhljóða frv., sem ég bar fram á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga, en ástæðan fyrir því var mér sagt eftir á, að hefði verið sú, að ýmsir alþm. töldu sig ekki hafa fengið nægar skýringar á því, að réttlátt væri, að þessi breyt. á l. um eignakönnun væri staðfest eða samþ., en ástæðan fyrir því, að frv. um þetta efni hafi komið fram, var sú, að 17. gr. l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, kveður svo óljóst á um það, hvaða skatt eigi að leggja á þær fjárhæðir, sem ekki hafa verið taldar fram, þegar komið er yfir 45 þús. kr. L. eru alveg ljós að því er snertir upphæðir upp að 45 þús. kr., en framhaldið er ekki það ljóst ákveðið í l., að n. sú, sem hefur þessa framkvæmd með höndum, hefur ekki treyst sér til — og tjáði mér það strax á síðasta ári — að framkvæma þetta nema að fá úrskurð Alþingis, hvernig þessi gr. ætti að skiljast.

Í aths. við þetta frv., sem samið er af þessari n., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það kom strax í ljós, eftir að lög um eigna-

könnun voru samþykkt, að mismunandi sjónarmið voru uppi um það, hvernig skilja bæri 17. gr. laganna, þ. e. hvernig skattleggja bæri undandregnar eignir, sem væru fram yfir 45 þús. kr. Sumir hafa viljað halda því fram, að greiða bæri aðeins eignarskatt af því, sem umfram væri. Þetta getur varla hafa verið tilætlun löggjafans. Það er gagnstætt öllum reglum og venjum um skattlagningu, að skattstiginn lækki, þegar skattstofninn hækkar. Annað sjónarmið er það, að því, sem er umfram 45 þús. kr., verði bætt við tekjur ársins 1947, og skattar lagðir á samkvæmt því. Þetta hefði að vísu gefið ríkissjóði mestar tekjur, en varla gæti það talizt vera í anda laganna. Þriðja sjónarmiðið var að skipta umframeigninni jafnt niður á fimm ár, í líkingu við ákvæði 10. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, og bæta henni við skattskyldar tekjur og eignir áranna 1942—1946, að báðum árum meðtöldum. Þó þykir eðlilegt, að skattur af þeirri upphæð verði ekki undir 15% að meðaltali, þar sem greiða skal þann hundraðshluta af 35—45 þús. kr. undandreginni eign. Þessa síðastnefndu leið hefur framtalsnefndin valið með samþykki fjármálaráðuneytisins og úrskurðað skatt samkvæmt þeim skilningi, þar sem þessi tilvik hafa komið fyrir. En með því að þessi óvissa hefur verið um skilning á umræddri lagagrein og margs konar óþægindi, málaferli, kostnaður og tafir gætu hlotizt af, bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga, ef gleggri skýringarákvæði yrðu ekki sett, þykir rétt, að sá skilningur, sem framtalsnefndin hefur til þessa farið eftir, verði lögfestur."

Þetta eru aths. rn. við þetta frv., og með því er farið fram á, að fallizt sé á þennan skilning, sem framtalsnefnd hefur lagt í þessa gr. og ég verð að játa, að virðist liggja næst og vera í þeim anda, sem fram kemur í löggjöfinni sjálfri, sem er svo skýrt mörkuð upp að þessari tilgreindu upphæð, sem þar er nefnd, en þegar fram yfir hana kemur, er mörkuð svo óskýrt. En hvernig sem fer, er nauðsynlegt, að Alþingi geri hér bragarbót og marki a. m. k. skýra línu í þessu efni til þess að koma í veg fyrir, að sífellt standi yfir málaferli út af ágreiningi um skilning á þessu ákvæði.

Þetta frv. var borið fram á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga, nokkuð fyrir það, að ég var ekki eins vel vakandi með að vera viðstaddur eins og ég hefði þurft, ég var upptekinn við annað mál í þessari d., þegar þetta mál kom fyrir, og gat ekki gefið skýringu og hafði ekki haft þá fyrirhyggju að biðja um að láta mig vita, að það væri á dagskrá. En mér var sagt af þeim, sem á móti málinu voru, að hefðu þeir þá vitað þær skýringar, sem síðar komu fram, þá hefðu þeir fylgt málinu, en ekki lagzt á móti því.

Nú er frv. borið fram í annað sinn, og til viðbótar við þessar skýringar, sem ég hef nú lýst, þá á ég von á, að frá skattstjóra og framtalsnefnd komi útreikningar og dæmi, hvernig þessi framkvæmd kemur út eftir því, sem hér stendur, og ef til vill eftir fleiri leiðum. Þessir útreikningar og dæmi verða að sjálfsögðu látnir n. í té, sem fær þetta mál til meðferðar, og ætla ég ekki að þessu sinni, nema sérstakt tilefni gefist til, að fjölyrða frekar um þetta við þessa umr., en mun sjá til þess eða hæstv. fjmrh., að fjhn., sem að sjálfsögðu fær málið, fái í sínar hendur þau frekari skilríki, sem samin væru og útbúin yrðu, áður en fjhn. þarf að taka endanlega afstöðu til málsins.

Að svo mæltu vil ég mælast til þess, að hv. þd. að lokinni þessari umr. vildi fallast á að vísa málinu til 2. umr. og fjhn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get vel skilið það, að einhverjum mönnum, þó ekki hæstv. fjmrh. fyrrv., þyki sárt, að þeir, sem mest hafa svikið undan, skuli nú lenda í skattinum samkvæmt 17. gr., og vilji nú draga úr honum með því að túlka gr. eins og gert er með þessari lagabreyt. En hann gleymir því, að þessum mönnum var gefinn kostur á að fá ríkisskuldabréf og koma sér undan þessum skatti. Það gátu þeir gert, ef þeir hefðu viljað. Þeir gerðu það ekki allir, heldur vonuðu, að þeir gætu svindlað sér í gegn óðruvísi. Þess vegna skil ég ekki, eins og fjárhag ríkisins er komið, þó að menn vorkenni þessum mönnum, sem mest hafa svikið undan skatti, að greiða þennan skatt, sem þeir eiga nú að greiða, þegar farið er að framkvæma l., — þá skil ég ekki, þegar fjárhagsástæður ríkissjóðs eru eins og þær eru, að það skuli nú eiga að fara að vilna þessum mönnum í. Ég mun ekki vera með þessu frv. Og það er engin þörf að breyta þessari gr. til að gera ljóst, við hvaða skatt þar er átt. Það er verið að tala um tekjuskatt í gr., og það er augljóst, að það er átt við hann. En ef það þykir ekki nógu skýrt, þá er hægt að setja orðið „tekjuskatti" í stað orðsins „skatti" í gr. Þá er hún auðskilin. En eftir fyrri hluta 17. gr. liggur ljóst fyrir, að skatturinn er tekjuskattur, sem átt er við, en ekki eignarskattur. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að fjhn. þessarar d. og hv. þm. sjái ástæðu til þess, eins og málið horfir nú við, að gefa eftir verulegan hluta af þessum skatti, eins og ætlazt er til í þessum l. Þeir, sem ekki keyptu sér aflátsbréf, eru ekki of góðir til að borga, og þeir eiga að gera það.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég þakka hv. 1. þm. N-M. (PZ) fyrir þá kurteisi að undanskilja mig þeim, sem hann vændi um að vilja draga fjöður yfir skattsvik, enda hef ég ekkert gert, sem bendir á, að ég sé þess sinnis.

Það urðu allmiklar umr. um eignakönnunarlöggjöfina, þegar þau l. voru sett, og mér virðist, að það hafi orðið vart við tvær stefnur í því máli. Önnur var sú að ganga allhart fram og láta löggjöfina beinast a. m. k. ekki síst að því að hegna mönnum fyrir slík skattsvik. Hin leiðin var sú að taka heldur vægilega á því, sem má kalla skattsvik eða undandrátt, og beina meira athyglinni að hinu, að gefa mönnum tækifæri til að koma skattamálum sínum á hreinan grundvöll og þá með það fyrir augum, að þeir ættu hægara með framvegis að telja rétt fram en að liggja með eitthvað árum saman, sem væri þeim til trafala og gerði þeim ekki fært að hafa skattaframtöl sín í lagi.

Ég held, ef litið er hlutlaust á l., eins og þau eru, þó að ekki sé tekið tillit til umr., að þá komi í ljós, að löggjafinn hefur samið l. þannig, að það er ekki hægt að segja, að það sé hart fram gengið gagnvart þeim, sem hafa dregið undan. Þessi stig eru tilgreind þannig, að það er gert ráð fyrir, að menn borgi skatt, en þó ekki eiginlega refsiskatt. Andi löggjafans virtist mér vera sá að ganga meira í þá átt að fara ekki í of harðan reikning við menn fyrir smávægilegan undandrátt. Síðan l. hafa komið til framkvæmda, hefur því talsvert verið hreyft í ræðu og riti, og það hefur a. m. k. verið bent á það, að margir þeirra, sem hafa lagt til hliðar smávægilegar upphæðir, það hefur verið talað um gamalt fólk, sem hafi gleymt að telja fram lítils háttar upphæðir, þó að l. hafi verið mild, samanborið við þau skattalög, sem við eigum við að búa að öðru leyti og sérstaklega samanborið við vilja margra hv. þm., þegar þessi l. voru sett. Ég veit ekki, hve mikil brögð eru að því, að skattundandráttur minni en 45 þús. kr. hafi vitnazt, en þegar fram yfir það kemur, situr allt fast og skattanefndin veit ekki, í hvorn fótinn hún á að stíga, og vill hafa tryggan bókstaf um þetta. Skiptar skoðanir eru um það, hvort setja beri þetta allt á eitt ár, eins og hv. 1. þm. N-M. vill, eða jafna því á fleiri ár, eins og skattan. vill. Ég fyrir mitt leyti hallast að þeirri leiðinni, sem er öllu vægari í garð skattgreiðenda, þó að segja megi, að þetta sé þeirra eigin sök, og ekki vegna þess, að ég hafi tilhneigingu til að breiða yfir skattsvik, en ég veit, að ekki er síður ástæða til að mæla með þessu, þar sem aðalskattheimtumaður ríkisins hefur tjáð mér, að nú beri mjög á því, hve menn eigi erfiðara með að greiða gjöld sín en verið hefur undanfarið, og eru það sérstaklega atvinnurekendur, sem eiga nú erfiðara með slíkt en áður.

Það er ekki þörf langrar umr. um þetta mál, en ég hef nefnt ástæðuna fyrir því, að frv. er komið fram og að rn. hefur fallizt á það, og loks vil ég benda á það, að þrátt fyrir hörku hv. 1. þm. N-M. þá virðist innheimtuskoðun hans ekki falla saman við skoðun skattstjóra og framtalsnefndar. Ég mun kappkosta, að hv. n. fái í hendur frá rn. þau rök, sem ég minntist á áðan, frá skattstjóra, til þess að auðveldara verði að átta sig á málunum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara benda hv. n. á, að ef hún vill breyta eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er frv. ónóg og nær ekki því, sem til er ætlazt. Ef litið er á 17. gr., þá skilur hún skattsvikin í tvennt, þ. e. skattsvik sem framin eru fyrir 1. jan. 1940, og skattsvik, sem framin eru eftir 1. jan. 1940, og sektar hvora fyrir sig og eftir mismunandi reglum. En hvernig á að fara með það, að í niðurlagi 3. mgr. 17. gr. stendur: „Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar.“ Þetta er á tveim stöðum í gr., og er sama orðalag um það, sem undan er dregið bæði fyrir og eftir 1. jan. 1940 og nemur meiru en 45 þúsundum. Og ef ríkisstj. ætlar að breyta þessu á öðrum staðnum, þá verður hún einnig að breyta þessu á hinum staðnum. Ég vildi aðeins benda hv. n. á það, að ef hún ætlar að ganga inn á sjónarmið ríkisstj., verður hún að láta þetta ganga jafnt yfir alla, bæði þá, er sviku skatt fyrir 1. jan. 1940, og hina, sem gerðu það síðar, en við þá eina er brtt. frv. miðuð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 350).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ., þó þannig, að 1. gr. orðist um, eins og segir á þskj. 350.

Samkvæmt lögum um eignakönnun er ætlazt til, að eignaraukning umfram 45 þús. kr. skuli lögð við tekjur á því ári, sem hún myndaðist. Nú er í flestum tilfellum nær ókleift að komast að raun um, á hvaða ári tímabilsins undandregin eignaraukning hafi myndazt, og er því lagt til í frv., að henni sé skipt niður á 5 ár, 1942—1946. Skatturinn skal aðeins nema 15% af hinni undandregnu eign fyrir allt tímabilið.

N. hefur kynnt sér, að það muni vera rétt, að oft sé nær ómögulegt að ákveða, á hverju þessara fimm skattára undandregin eignaraukning hafi myndazt. Hún telur lágmarkið, 15%, sem er hið sama og í l. skal greiða af 35—45 þús. kr. undandreginni eign, hún telur það lágmark of lágt og aðeins hugsað sem ívilnun til þeirra, sem lítið hafa dregið undan. N. hefur því lagt til, að lágmarkið verði hækkað upp í 20%, ef undandreginn eignarauki er 45—60 þús. kr., og upp í 25% af því, sem þar er umfram.

Jafnframt vill n. breyta öðru, og það er, að ekki skuli ákveðin sú regla að jafna undandreginni eignaraukningu niður á 5 ár, nema ekki sé hægt að segja um það, á hvaða ári hún hefur myndazt.

N. er þá sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt með þeim brtt., sem hún ber fram á þskj. 350. Á þann hátt telur hún, að við megi una. Rétt þykir þó að taka fram, að búið mun að reikna út skattinn utan Reykjavíkur samkvæmt þeirri reglu, sem lagt er til í frv., að upp verði tekin. Mun henni hafa verið fylgt við álagningu skattsins, og má því búast við, að leggja þurfi á að nýju.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get eftir atvikum sætt mig við þær breyt., sem snerta 3. mgr. 17. gr. En hvað um undandrátt fyrir 1. jan. 1940, sem talað er um í 2. mgr. 17. gr.? Því hefur n. láðst að gera ráð fyrir. Það vantar aðra klásúlu á eftir 2. mgr. 17. gr., um eignaraukningu, sem hefur orðið til fyrir 1. jan. 1940. En þetta má laga milli 2. og 3. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. upplýsti, að búið væri að reikna með 15% skatti af undandregnum eignarauka fram yfir 45 þús. kr. í mörgum tilfellum, og vildi ég þá spyrja, hvort ekki væri nú rétt að láta það atriði haldast óbreytt í frv., þótt því sé á annan hátt breytt eftir því, sem n. leggur til. Það er leiðinlegt að koma hér með lög um breytingu á þessu enn þá, þegar búið er að skattleggja eftir fyrra ákvæðinu. Ég sé ekki, að ríkið muni svo um þessa hækkun, a. m. k. ekki af 45—60 þús. eignarauka. Ég mun þó ekki bera fram brtt. um þetta að svo stöddu.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. N-M. (PZ) vildi ég taka fram varðandi þau sérákvæði, sem í lögum gilda um eignaraukningu fyrir 1. jan. 1940, að þá hafa engin sérákvæði verið sett inn í þetta frv. um þetta. Það kann að vera rétt hjá þessum hv. þm., að þetta séu upphæðir, sem máli skipta, en ég held þó ekki. Það er framteljandans að sanna, að eignaraukningin hafi orðið til fyrir 1940, og ef það reynist, fer um hana eftir fyrri lögum.

Hvað snertir hér ræðu hv. þm. Barð. (GJ), þá er það að vísu rétt, að víða er búið að reikna út skattinn utan Reykjavíkur með 15%, og vissulega er heldur leiðinlegt að koma með eftirreikninga. Hins vegar er að áliti nm. andstætt tilgangi laganna að fella niður skatthækkun við 45 þús. kr. mark. Mismunandi skoðana gætti um það, hve hátt ætti að fara í þessu, en niðurstaðan var sú, sem þskj. 350 ber með sér. Og þegar litið er á, hve skattstigi okkar er hár, verð ég að segja, að þetta sé ívilnun til skattgreiðenda miðað við ákvæði tekjuskattslaganna, því að menn þurfa ekki að hafa háar tekjur til að komast upp í 15% skatt. Hér er um bein fríðindi til skattgreiðenda að ræða, er ég hræddur um, og það er þeirra að sanna, hvenær tekju- eða eignaraukningin hefur orðið til.

Ég tek því ekki undir orð hv. þm. Barð. um að láta 15% skattinn haldast og breyta ekki því ákvæði, en um það er þó hægt að flytja brtt. við 3. umr., ef svo vill verkast.

Forseti (BSt): Ég hafði vænzt þess, að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umr., en hann er ekki kominn enn þá. Auk þess vantar allmarga dm., og mun ég nú fresta umræðu þessa máls og tek það út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Ed., 25. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Forseti (BSt): Ég skal geta þess, að þetta mál var tekið út af dagskrá í gær vegna þess, að hæstv. fjmrh. var ekki viðstaddur. En þar sem hann getur ekki heldur verið hér viðstaddur núna, þar sem hann þarf að taka þátt í umr. í hv. Nd., átti ég tal við hann í dag, og skýrði hann mér þá frá því, að hann hefði ekki neitt að athuga við afgreiðslu fjhn. á frv. og hefði ekki á móti því, að það væri afgreitt án nærveru sinnar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins taka það fram út af því, sem hv. frsm. ræddi um í sambandi við till. mína í umr. í gær, að hún miðar ekki á neinn hátt að því að lækka byrðina hjá þeim, sem hafa dregið undan skatti, síður en svo. En ég vil aðeins láta það koma fram, að það er mjög óviðfelldið, þegar um svo fá tilfelli er að ræða sem hér er, að fara nú löngu síðar að raska því öllu, sem áður hefur verið samþ., og reikna með öðrum prósentum en upphaflega var ráð fyrir gert, og er till. mín byggð á þeirri skoðun. Þessi till. er um það, að í stað 20% á þskj. 350 komi 15% og í stað 25% komi 20%. (*ÞÞ:* Á hvaða þskj. er þessi till., eða er hún skrifleg?) Nei, till. er aðeins munnleg, ég beindi því til hv. frsm., að n. athugaði milli umr., hvort ekki væri rétt að breyta þessu þannig, að í stað 20% kæmi 15% og í stað 25% kæmi 20%, en annars er ég efnislega samþ. till. n. á þskj. 350 og að öðru leyti till. sjálfri. En mér finnst bara óviðfelldið að vera að setja núna aðra prósenttölu. — Hv. frsm. lagði á það megináherzlu, að með þessu væri verið að gera aðstæður skattþegnanna betri. En ég vil benda á það, að það var það, sem l. gerðu upphaflega. Það var þá viðurkennt, að skattalögin væru óviturleg, svo að menn neyddust til þess að gefa upp sóknina og fara inn á þá braut, sem þau gera ráð fyrir, og svo er þetta frv. aðeins áframhald á þeim. Það var sem sagt viðurkennt af löggjafanum, að það hefði verið farið svo langt í skattal., að það hefði orðið að viðurkenna það með því að fara inn á þessa braut, sem ég gat um, og ég sé ekki neina ástæðu fyrir frsm. fjhn. að fara að snúa af þeirri braut. Þetta er alls ekki sagt til þess að vernda þá, sem dregið hafa undan skatti, eins og hv. þm. geta sagt sér sjálfir. Ég get ekki sagt annað en kaldar staðreyndir. — Að endingu vil ég svo vænta þess, að hv. n. sjái sér fært að breyta þessum tölum, sem ég gat um áðan, 20% í 15% og 25% í 20%, í samræmi við það samkomulag, sem varð á milli ríkisstj. og framtalsnefndar.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. þm. Barð. (GJ), svo að ég get ekki svarað öðru en „konklusioninni", sem þar kom fram. Ég skal ekki fara að ræða það hér, að skattakúgunin hafi verið svo mikil, að hún hafi neytt menn til þess að draga undan skatti. Undandráttur er ekki nýtt fyrirbrigði. Það hefur átt sér stað frá því fyrsta, að farið var að leggja á menn beina skatta, og það meira að segja þegar skattar voru svo hverfandi litlir, að við getum varla annað en brosað að því. (*Forseti:* Það var talað um tíundarsvik.) Já, það er alveg rétt, ég þakka hæstv. forseta fyrir þessa athugasemd. Þetta fyrirbrigði hefur verið til hjá okkur lengi og er alls staðar. Og það er ekki hægt að ráða bót á og koma í veg fyrir skattsvik með því einu að lækka skattana, því að það hefur sýnt sig, að það er ekki síður

svikið undan, þó að skattarnir séu hafðir lágir. Hv. þm. Barð. sagði, að í till. n. væri verið að rjúfa það samkomulag, sem gert hafði verið um eignakönnunina, eða að till. væri ekki í samræmi við það samkomulag. En það samkomulag náði nú aldrei lengra en það, að af eignarauka upp að 45 þús. kr. átti að fara um hann skv. eignarskattsl., en ef hann væri meiri, þá átti að greiða skatt af því, sem umfram var, eftir ákvæðum eignakönnunarl. á því ári, sem eignaraukinn varð. Það liggur svo í augum uppi, að mest af því, sem undan er dregið, liggur ofan við 15% markið. Og ég hygg, að það sé þá ekki of langt, heldur er skemmra gengið í að taka skatt af þeim, sem undan draga, því að það er þá hægurinn hjá skattgreiðendum, eftir till. n., að færa sönnur á það, hvenær eignaraukningin átti sér stað, og fer þá um það eftir l. um tekju- og eignarskatt.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem eiga að vera eins konar greinargerð fyrir atkv. mínu í sambandi við atkvgr. um málið.

Ég tel það ágalla á breyt. og aths. n., að þegar búið er að heimta inn þennan skatt og gera upp utan Rvíkur, þá verði að nýju farið með kröfur á hendur mönnum, sem halda að þeir séu búnir að ljúka kvöðum sínum, en niðurstaðan verður þó sú í einstökum tilfellum. Eftir því, sem form. framtalsnefndar upplýsti fjhn., þá mun þessi hækkun ekki verða það mikil, að það muni verða þungur baggi á skattgreiðendum. En hitt er ekki óeðlilegt, að hækkað sé hjá þeim, sem dregið hafa mikið undan skatti, jafnvel svo að hundruðum þúsunda skiptir. En sem sagt, mér þótti ekki rétt að rjúfa samkomulagið í n., þó að mér finnist það ekki geðfellt að láta nú rukka inn hjá mönnum, sem álitu sig vera búna að greiða þetta að fullu. Ég segi bæði kosti og lesti, en mun fylgja brtt., eins og nál. ber með sér.

ATKVGR.
Brtt. 350 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 365, 369, 372).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 369 og 372. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður bent á orsakir fyrir brtt. minni á þskj. 372 og benti þá á, að eftir 17. gr. er gerður greinarmunur á því, hvort tekjuundandrátturinn hefur orsakað eignaraukningu fyrir eða eftir 1940. Eins og þetta frv. er nú á þskj. 365, gerir það ekki ráð fyrir, að þessi greinarmunur 17. gr. hafi nein áhrif á þá eignaraukningu, sem ekki hafa verið gerð full skil á, heldur verði þeirri aukningu skipt jafnt á skattárin 1942—46. Þetta tel ég, að ekki nái nokkurri átt, og þess vegna er brtt. á þskj. 372 fram komin, en þar er lagt til, að sá eignarauki, sem til hefur orðið fyrir 1. jan. 1940, skuli skiptast á árin 1936—40. Ég var í vafa um, hvort ég ætti að láta þessa till. koma fram sem nýja grein, en taldi þó við nánari athugun, að rétt væri að hnýta henni aftan við gr. Ég er nú ekki mikið fyrir að hlífa þeim, sem dregið hafa undan skatti, en hins vegar tel ég ekki ná nokkurri átt að bæta tekjuauka, sem til hefur orðið fyrir 1940 og valdið þá eignarauka, við tekjur áranna eftir 1942 og reikna eignarauka þann sem viðbótartekjur þau ár. Mér finnst eðlilegt, að sá eignarauki, sem til hefur orðið fyrir 1940 á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, verði skattlagður sem viðbótartekjur áranna 1936—40, og við það er brtt. mín miðuð.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. á þskj. 369 um breyt. á prósentupphæðinni frá því, sem reiknað er með í till. fjhn. Eins og frv. fyrst kom fram, var gert ráð fyrir 15% skatti af eignarauka fram yfir 45 þús. kr., en það er sú prósenttala, sem ég miða við í brtt. mínum. Í aths. við frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þriðja sjónarmiðið var að skipta umframeigninni jafnt niður á fimm ár, í líkingu við ákvæði 10. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, og bæta henni við skattskyldar tekjur og eignir áranna 1942—1946, að báðum árunum meðtöldum. Þó þykir eðlilegt, að skattur af þeirri upphæð verði ekki undir 15% að meðaltali, þar sem greiða skal þann hundraðshluta af 35—45 þús. kr. undandreginni eign. Þessa síðastnefndu leið hefur framtalsnefnd valið með samþykki fjmrn. og úrskurðað skatt samkvæmt þeim skilningi, þar sem þessi tilvik hafa komið fyrir. En með því að þessi óvissa hefur verið um skilning á umræddri lagagrein og margs konar óþægindi, málaferli, kostnaður og tafir gætu hlotizt af, bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga, ef gleggri skýringarákvæði yrðu ekki sett, þykir rétt, að sá skilningur, sem framtalsnefndin hefur til þessa farið eftir, verði lögfestur."

Hér er því um samkomulag að ræða milli framtalsnefndarinnar og fjmrn., sem n. hefur algerlega rofið. Nú er þetta frv. borið fram til að fá þennan skilning, sem ákveðinn er í frv., lögfestan, og því alveg furðulegt, að fjhn. skuli fara að bylta ákvæðum, sem samkomulag hefur náðst um. Ég hef ekki heldur heyrt nein rök, sem mæla með þessari breyt., og vil því leyfa mér að bera fram brtt. þá, sem birt er á þskj. 369, og halda með því áður gerðu samkomulagi í þessu máli. Ég vænti því, að alþm. styðji brtt. mína og málið fái með því þá lausn, sem gert var ráð fyrir í upphafi.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég tel rétt, að ég upplýsi það vegna brtt. hv. þm. Barð. (GJ), sem hann flytur við þetta frv., að frásögn hans um það, hvernig þetta mál hefði borið að í fjmrn. á meðan ég var þar, er rétt. Það var ekki heldur einungis vegna þess, að þetta frv. var borið fram nú, heldur var frv., sem var samhljóða þessu, borið fram á síðasta

þingi samkv. till. og með hliðsjón af till. eignakönnunarnefndarinnar, eða framtalsnefndarinnar, og tilgangurinn var sá, að fá Alþingi til þess að skera úr um framkvæmd 3. mgr. 17. gr. l. nr. 67 5. júní 1947. Þar er í l. ákvæði, sem óljóst er um, hvernig með skyldi fara, þegar upphæðin, sem undan væri dregin, næmi meir en 45 þús. kr. Ákvæðin eru skýr upp að því, en síðan eru þau óljós í l. Framtalsnefndin hélt þessu fram, en rn. féllst á þann skilning og lét framtalsnefndina framkvæma þetta í anda lagasetningarinnar, sem hér var um að ræða. Hins vegar mátti búast við því, að úrskurður rn. væri vefengdur og mál yrðu höfðuð út af honum, en þegar slík mál koma fyrir dómstólana, þá vill það oft verða tafsamt og kostnaðarsamt. Var því framkvæmdin á sandi byggð, nema úrskurðurinn yrði staðfestur með viðbótarlöggjöf, sem túlkaði þann skilning á ákvæðum l., en sá skilningur var eins og gr. er orðuð í stjfrv., þegar það var lagt fram. Þetta var gert á síðasta þingi, en málið fékk þá ekki betri hljómgrunn en svo, að það var fellt í hv. Nd., og einn helzti maður Framsfl. þar sagði eftir á, þegar honum var leitt fyrir sjónir, hvílíka skemmd þar var um að ræða, að hann hefði ekki fyllilega gert sér ljóst, hvað hér var um að ræða. Ég held, að svo hafi verið með fleiri, sem snerust andvígir gegn þessari breytingu, að þeir hafi ekki kynnt sér málið nógu ýtarlega til þess að geta fellt um það réttlátan úrskurð. Hefur því þetta mál orðið fórnardýr þessa misskilnings. Framtalsnefndin beið þar til Alþingi kæmi saman á ný, en vakti þá aftur máls á þessu og stuðlaði að því, að ég færi aftur með málið í þingið. Í þessu sambandi vil ég geta þess, er talað er um, að eignakönnunin hafi ekki komið neitt verr við þá ríku, sem svo eru kallaðir, en þá fátæku, að okkar hugmynd var, sem að þessari lagasetningu stóðum, eða fyrrv. ríkisstj., að hér væri ekki verið að refsa fólki, heldur að stuðla að því, að hægt væri að ná sanngirni í skattlagningu þess fjár, sem menn höfðu fellt undan af vangá eða ásetningi í framtölum sínum til skatts, og gera síðan fólki fært að standa á hreinu með skattauppgjör sín. Þetta var tekið fram um tilgang lagasetningarinnar, enda var það viðurkennd staðreynd, að ýmsir höfðu talið misjafnlega fram og oft dregið undan af athugaleysi. Þess vegna var hér verið að gefa mönnum tækifæri til leiðréttingar á villu sinni, án þess að þeir væru dæmdir sekir um skattsvik og straffað fyrir. Að vísu voru ekki allir með þessu, að þessi leið yrði valin, heldur héldu þeir menn í þann rauða þráð, að menn skyldu hýddir fyrir vanrækslu í framtali. Slíkur var ekki andi þessarar lagasetningar, heldur var það tekið sem aðalatriði þessa máls að gefa mönnum tækifæri til þess að leiðrétta mál sín og gefa þeim þannig tækifæri til þess að koma fram sem heiðarlegir menn í framtíðinni. En þegar til framkvæmda kom á málinu og síðustu kosningar nálguðust, þá kom það fram, að blöð sumra manna, sem höfðu viljað vera harðhentir, fóru að tala um málið í nýjum dúr. Þá voru það ofsóknirnar á gamla fólkið, sem gleymt hafði að gera grein fyrir sparifjárbókum sínum o. s. frv. En einmitt þetta fólk, gamla fólkið, ætlaði löggjafinn ekki að hirta. Á lögunum var þessi hængur, sem framtalsnefndin hafði rekið sig á og hafði leitt af sér deiluefni, málaferli og opinberan kostnað í sambandi við það. Hængurinn, sem hér er á, er sá, að ekki er greint frá með berum orðum, hvort sá, sem dregur undan yfir 45 þús. kr., fær sömu meðferð og sá, sem er á hámarkinu 45 þús. kr. Framtalsnefndin hafði tilhneigingu til þess að gera ekki stóran mun á þessu. — Ég vildi vegna ágreinings hv. nefndar og hv. þm. Barð. um hundraðstöluna gera grein fyrir tildrögum þessa máls og rifja upp aðdragandann til þess, að þetta mál var hér flutt. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en fullyrði það, að höfuðatriðið er, hvort till. framtalsnefndarinnar nái samþykki eða till. fjhn. Þau atriði, sem hér um ræðir, eru skýrt mörkuð, en ég vil undirstrika sérstaklega, að það, sem felst í brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 369, felur að öllu leyti í sér till. framtalsnefndarinnar og er að þessu leyti samhljóða þeim, þegar til framkvæmdanna kemur, og gerir að því leyti framtalsnefndinni fært að halda áfram störfum sínum. En af þessu leiðir, þar sem samkomulag er ekki fyrir hendi, að framkvæmdin heldur áfram í þeim farvegi. Leiðir það af sér, að ef breytt verður um hundraðstölu, eins og lagt er til í till. fjhn., þá búa þeir, sem eiga að búa við hækkandi skattprósentu, við annan og verri rétt en fjmrn. og framtalsnefndin höfðu fyrirhugað. Ég geri ráð fyrir, að með það fólk, sem rn. og n. eru þegar búin að afgreiða, þá hafi það verið gert í anda laganna sjálfra. Ég held, að fólk fari að verða leitt á rukkunarseðlum hins opinbera, ef því hefur verið gert að greiða með lægri hundraðstölu, en svo sé úrskurðað að nýju og komið með silkislæðu ofan á það fé, sem fólkinu var áður gert að greiða fyrir vanrækslusyndir sínar. Ég mun því, með tilvísun til framkvæmdar rn. í þessu máli, greiða atkv. með brtt. hv. þm. Barð., því að með till. hans er verið að vinna að sömu framkvæmd á þessum lögum og Alþingi ætlaðist til á sínum tíma, þegar við var brugðið og lögin sett. Og ef það er ekki samkvæmt bókstafnum, þá er það í þeim anda, sem yfir vötnunum sveif, er lögin voru meðhöndluð og afgreidd frá Alþingi. Ég endurtek: Þessi löggjöf var aldrei af þeim, sem hana settu, hugsuð sem refsilög, heldur sem leið til þess að koma skattaframtölunum í betra horf og miða að því að hjálpa borgurunum til þess með því að kippa í lag, en skattleggja um leið sanngjarnlega undandregið fé, sem svo er nefnt.

Að lokum skal ég svo bæta fáu einu við. Meðan ég var enn í fjmrn., sá ég nokkur bréf, sem borizt höfðu þangað frá fólki vegna þess, að skattkröfur höfðu borizt því. Margt af þessum bréfum var frá gömlu fólki, sem sýnilega hafði ekki áttað sig fyllilega eða gleymt að gefa rétt upp, þegar eignakönnunin fór fram. Margt af þessu fólki hafði sparað saman um tugi ára og eignazt þannig smám saman nokkrar upphæðir. Fólkið byrjaði sparnaðinn áður en Alþingi lagði á það hina gereyðandi skatta-

löggjöf, sem þjóðin hefur búið við á undanförnum árum. Ég segi og tek skýrt fram: gereyðandi skattalöggjöf, sem gereyðir sparnaðarvilja fólksins. Þessu fólki er vorkunn, þó að það hafi ekki talið allar þessar litlu reytur sínar fram, sem fólgnar voru í snjáðum og gömlum sparifjárbókum í kistuhandraðanum. Ég veit, að það eru ekki allir, sem geta fyllilega áttað sig á því, hvers lögin krefjast. Hér er alltaf verið að breyta lögum í mörgum efnum, og þó að það megi teljast viðkunnanlegra, að allt komi í dagsins ljós, þá er þessu fólki vorkunn, sem í hlut átti. Ég held því, að það sé fyllilega í anda l. og í anda almenns réttlætis yfirleitt og réttlætistilfinningar, að ekki séu þyngd skatt- eða refsiákvæðin frá því, sem upphaflega var sett í lögin um eignakönnun frá 5. júní 1947.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða brtt. fjhn. Hv. frsm. n. stendur fyrir því að svara þar til, og hv. þd. mun síðar skera úr um einstakar till. og málið yfirleitt, þegar atkvgr. fer fram um frv. Ég get þó ekki lengur orða bundizt yfir þeim mikla misskilningi, sem kom í ljós í ræðu hæstv. atvmrh. og hv. þm. Barð., því að svo verður á það að líta, að um misskilning sé að ræða, en ekki að þeir vildu segja vitandi vits, að svart sé hvítt eða hvítt svart. Það er svo að heyra á þeim, að hér sé verið með refsiaðgerðir á ferðinni gagnvart þeim mönnum, sem dregið hafa undan í skattaframtali við eignakönnun. Þetta er misskilningur. Hér er ekki um neinar refsiaðgerðir að ræða. Menn verða að muna, að áður en þetta lagafrv., sem hér er verið að ræða, kom fram og áður en till. komu frá framtalsnefndinni, þá eru lögin til um þessi efni. En hvað segja þau? Þau segja, að eign, sem kemur í ljós við eignakönnunarframtal, sleppi, sé hún 15 þús. kr., og af 15—45 þús. kr. eign sé greiddur ákveðinn skattur. Með öðrum orðum: Lögin segja, að ef eignin fari fram yfir 45 þús. kr., þá skuli það vera rannsakað og ákvarðað miðað við það ár, sem skattsvikin fóru fram, og heimilt sé að leggja á viðbótarskatt í þeim tilfellum samkvæmt skattalöggjöfinni. Ég held, að í flestum tilfellum mundu menn lenda í hærri skatti samkv. l. óbreyttum heldur en samkv. þessu frv. Á því held ég, að sé lítill vafi. Samkvæmt till. fjhn. og samkv. því, sem er í frv., þá er hverjum manni heimilt að láta hafa þær aðferðir áfram, ef hagsmunir eigandans eða eiganda hníga í þá átt á því ákveðna ári, sem skattálagningin átti að eiga sér stað. Getur hann því, ef honum sýnist svo, fengið skattinn reiknaðan samkvæmt því. Hér er aðeins um það að ræða, að þegar ekki liggur fyrir, á hvaða ári skattsvikin hafi farið fram, hvort sem það er afsakanlegt eða ekki, þá hefur n. fundizt eðlilegt að leggja hærri skatt á eign, sem er yfir 45 þús. kr., og ég held, að það sé jafnt því, sem gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Brtt. n. eru því í samræmi við frv. sjálft. En hvað gerir svo stjfrv. sjálft? Það ákveður að vísu jafna hundraðstölu af því fé, sem fer yfir 45 þús., en brtt. gera ráð fyrir stighækkandi skatti, sem er í fullu samræmi við lögin, og er því ekki farið harkalega í sakirnar, og eftir að eign hefur náð 60 þús., sem skotið hefur verið undan, kemur það ekki til greina. Ég mótmæli því algerlega þessum skilningi, að með frv. nú og till. fjhn. sé verið að refsa fólki. Þar er einmitt ekki um neinar skattsektir að ræða. Hv. þm. Barð. vék að því, að það samkomulag, sem orðið hefði á milli rn. og framtalsnefndarinnar í þessu máli, væri nú verið að rjúfa, en ég veit ekki til, að þessir aðilar hafi löggjafarvald. Ég veit ekki heldur annað en að ráðstafanir framtalsnefndar komi í bága við gildandi l., því að ef ekki fannst, á hvaða ári undandrátturinn átti sér stað, þá er rétti skilningurinn, að hann hafi komið á síðasta árinu. Það er því alveg fjarstæða að vera að tala um í sambandi við þetta frv., að með því sé verið að refsa skattþegnunum, því að ef svo væri, hefði það verið gert með upphaflegu lögunum.

Hæstv. ráðh. talar um, að sú stefna, sem Alþingi hefur fylgt í skattamálum, hafi verið gereyðandi, en ég hygg, að hann hafi átt sinn þátt í því, með því að leggja fram og fá samþykkt lög um eignaframtal, hver áhrif sem það kann að hafa á sparnaðarvilja fólks.

Ég skal svo ekki frekar blanda mér í þessar umr., og ætla mér ekki að ræða einstakar brtt. Ég ætlaði aðeins að mótmæla þeim sökum, sem bornar hafa verið á fjhn., að hún hafi ætlað að refsa skattþegnunum. Ég vil einnig árétta það, að það er ekki mikill munur á brtt. n. og frv. sjálfu, og jafnvel þótt frv. yrði samþ. óbreytt, felur það ekki í sér refsingu, heldur raunverulega uppgjöf saka, ef einhverjar eru.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Forseti. Hæstv. forseti, sem er form. fjhn., hefur nú drepið á nokkuð af því, sem ég vildi sagt hafa viðvíkjandi ræðu hæstv. ráðh., svo að ég get stytt mál mitt nokkuð.

Á þskj. 372 flytur hv. 1. þm. N-M. (PZ) brtt. um, að ákvæði frv. skuli einnig gilda um eignarauka, sem hefur orðið til fyrir 1. jan. 1940, en þó þannig, að sannist ekki, hvaða ár tekjuundandrátturinn, sem myndað hefur eignaraukann, hefur átt sér stað, skuli skipta honum á árin 1936—40. Ég hefði nú haldið, að slík brtt. væri ekki nauðsynleg, því að í fyrsta lagi eru litlar líkur til, að um slík tilfelli sé að ræða, og í öðru lagi vegna þess, að þótt um slíkt væri að ræða, mætti „analogisera" það undir tímabilið eftir 1940. Svo virðist og, að hæstv. ríkisstj. hafi verið sama sinnis og gert ráð fyrir þessu í upprunalega frv. En ég fæ ekki séð, að það breyti miklu, þótt þessi till. verði samþ., og get því vel greitt henni atkv.

Um brtt. hv. þm. Barð. (GJ) á þskj. 369, sem kveður á um að halda skattprósentunni hinni sömu, hefur verið nokkuð rætt, og get ég vísað í því efni til þess, sem ég sagði við 2. umr. málsins. Uppástungur hv. þm., sem fram koma í þessari brtt., eru á misskilningi byggðar, og vænti ég þess, að hann leiðrétti þetta, eftir að hafa hlýtt á ræðu hæstv. forseta áðan, sem sýndi, að hér er ekki um að ræða neina refs-

ingu. Hins vegar vil ég undirstrika það, sem kom fram í ræðu hæstv. forseta, að það er fjarri öllu lagi að telja hæstv. ráðh. og framtalsnefndina geta gert eitthvert samkomulag, sem Alþingi ætlaði nú að rjúfa. Gleggsta sönnun þess er ræða hæstv. atvmrh. áðan, en hann hefur sem kunnugt er lengst af verið fjmrh. Hann segist hafa lagt frv. fyrir hv. Nd. í fyrra, en hún hafi fellt það, og þess vegna sé það flutt nú. Þetta er viðurkenning hæstv. ráðh. á því, að hann getur ekki gert neitt bindandi samkomulag við framtalsnefnd, sem komi í stað laga eða breyti þeim. Það er því nauðsynlegt að hafa glöggt ákvæði um þetta í l., og er það reynt með þessu frv. Hv. Nd. er búin að fella þessi 15%, sem í frv. voru, og áleit markið of lágt, og það hefur þessi hv. d. einnig álitið með atkvgr. Mér virðist líka auðsætt, að þessi 15% séu hrein fjarstæða, því að með þeim er beinlínis verið að ívilna þeim, sem dregið hafa undan skatti. Samkv. skattal. frá 1942 skal hver maður, sem hefur yfir 14000 kr. árstekjur, greiða 15% í skatt. En ef brtt. hv. þm. Barð. yrðu samþ., þá þýddi það, að allir þeir, sem dregið hafa undan skatti 45000 kr. eða meira, ættu að fara í sama skattstiga og þeir, sem hafa 14000 kr. árstekjur. Hvaða vit halda menn svo, að sé í þessu? Nei, það væri miklu nær, að í till. okkar sé allt of skammt gengið. Þegar komið er yfir 45000 kr. tekjur, á maður eftir skattal. að greiða í tekjuskatt 21% og í stríðsgróðaskatt 3%, eða samtals 24%, en það er 9% hærra en þetta frv. fór fram á. Hér hefði því beinlínis verið um að ræða að verðlauna menn fyrir að draga undan skatti. Það furðar mig þvi stórlega, að hv. þm. skuli leyfa sér að bera fram slíkar till. og hér er gert. Ég hygg, að það, sem helzt mætti finna till. n. til foráttu, væri það, að þær gengju of skammt. Hæstv. ráðh. lýsti því alveg réttilega í sinni ræðu, að það væri ekki meiningin eftir eignakönnunarl. að refsa mönnum, svo framarlega sem þeir teldu rétt fram við eignakönnunina. En það var heldur aldrei meiningin hjá löggjafanum að verðlauna þá, sem svíkja undan skatti, því að þá gæti orðið erfitt að framkvæma skattalögin svo, að nokkurt vit væri í. — Hæstv. ráðh. talaði um það klökkur, að margt gamalt fólk hefði haft tilhneigingu til að fela gamlar og gulnaðar sparisjóðsbækur sínar, til þess kannske að komast undan því að greiða skattinn. Ég hygg nú, að þetta frv. sé sízt til þess fallið að níðast á gömlu fólki, og ég er ekki viss um, að það sé stærsti liðurinn í þeirra augum, sem hallmæla því í núverandi mynd sinni. Þetta frv. gerir ráð fyrir skattskyldum eignarauka, sem nemur um 225000 kr., og ég fæ ekki varizt þeirri hugsun, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert sér rétta grein fyrir hinum gulnuðu sparisjóðsbókum gamla fólksins, þegar hann talar um, að það sé það, sem safnað hafi svona miklu fé. Mig furðar stórlega á því, að talað sé í svona tóntegundum, er verið er að ræða um þá, sem stolið hafa 225000 kr. eða meiru undan skatti á fimm árum. Mér blöskrar, að málið skuli vera fært á þetta stig. Hæstv. ráðh. tók þannig til orða í ræðu sinni, að það virtist, að eignakönnunarlögin hefðu ekki komið verr við hina svonefndu ríku en hina fátæku. Þetta þykir mér hörmuleg yfirlýsing af hendi þess fjmrh., sem með framkvæmd l. hefur farið. Ég fullyrði, að þetta var alls ekki ætlun löggjafans. En hitt skal játað, að framkvæmd l., sem þetta frv. er bundið við, hefur verið þannig, að þeir, sem dregið hafa undan skatti 225000 kr. eða meira, hafa ekki orðið harðar úti en þeir, sem hafa 14000 kr. árstekjur, og er það mikil linkind við þá, sem sízt eiga hana skilið. Til þess að komast eftir þessu frv. í 20% skatt af eignaraukanum, þurfa menn að hafa safnað 225 þús. kr., og til þess að komast í 25% skattinn 300 þús., en þetta er 3% minna en menn með 60 þús. kr. árstekjur þurfa að greiða í skatta eftir réttum skattalögum. Hér er því ekki um að ræða refsingu, heldur ívilnun, sem í og með er gerð til þess að rétta grundvöllinn undir framkvæmd skattalöggjafarinnar í framtíðinni.

Hæstv. ráðh. er nú farinn úr d., en mig hefði langað til að spyrja hann, hvort ekki yrði bráðlega farið að birta yfirlit yfir eignakönnunina, sérstaklega hvernig hún skiptist niður, bæði eftir landshlutum og á annan hátt. Þetta skiptir miklu máli fyrir grundvöllinn að skattalöggjöf okkar í framtíðinni, því að nú þegar er orðið nauðsynlegt að endurskoða hann.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tók það skýrt fram við 2. umr., að ég mundi ekki ræða neitt verulega, hvort rétt væri að hækka skattinn vegna skattsvika eða l. sjálfra. Nú hefur hv. frsm. fjhn. farið inn á að ræða þetta atriði, og skal ekki standa á mér að ræða það, en ég vil taka það fram, að á bak við mínar till. lá allt annað en þetta. En það, sem kemur hv. þm. til að fara inn á þetta, er hans fyrri og auðheyranlega núverandi endemisstefna í skattamálum. Samkvæmt henni er það og víst, að skattalögin hefðu fengið annan og verri svip, ef hans stefna hefði fengið að ráða, er þau voru sett.

Hæstv. forseti sagðist ekki lengur geta orða bundizt yfir þeim misskilningi, sem fram hefði komið í sambandi við þetta mál. En ég vil lýsa því yfir, að hjá mér er ekki um neinn misskilning að ræða. Ég tók skýrt fram, að ég teldi óeðlilegt og óheppilegt að raska skattalögunum, eins og nú hefur verið samþ. í þessari hv. deild. Hæstv. forseti og hv. frsm. hafa báðir lagt á það ríka áherzlu, að ráðh. og framtalsn. hefðu ekki löggjafarvald, og er það auðvitað alveg rétt. En vita þeir ekki, að mjög oft fer einmitt löggjafarsamkoman eftir tillögum slíkra manna sem þessara, er hafa til að bera mikla þekkingu á þessum málum? Ég skal benda á eitt dæmi af mörgum. Um daginn var til umr. í Sþ. þáltill. um að yfirtaka læknisbústaðinn á Reykhólum. Það var þá talin goðgá að senda till. ekki til umsagnar landlæknis, og var það auðvitað gert. Er það þá nokkur goðgá að senda þetta frv. til umsagnar framtalsn. og fara síðan eftir till. hennar í þessu máli, en í henni eiga sæti menn, sem hafa kynnt sér málin til hlítar og þekkja þetta miklu

betur en báðir hv. síðustu ræðumenn til samans? Nei, sannleikurinn er sá, að ef ekki á að samþykkja frv. eins og það kom frá hæstv. ráðh., þá er miklu betra að fella það. Hv. frsm. talaði um, að Nd. hefði fellt málið í fyrra. Hæstv. ráðh. upplýsti nú, hvers vegna það hefði verið gert, eða vegna lítillar athugunar á málinu. Og nú verð ég að spyrja, hvort hv. fjhn. hefur rætt þessa hækkun við framtalsnefndarmennina og hvort þeir hafa þar verið hv. n. sammála. Ef svo hefur ekki verið, þá finnst mér það vera mjög undarlegt og vildi þá fara fram á það við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. og hv. fjhn. ræddi við framtalsnefndina um málið, því að með allri virðingu fyrir þekkingu þeirra tveggja hv. þm., sem töluðu hér næst á undan mér, á skattamálum, þá held ég, að framtalsnefndin hafi þar mun meiri þekkingu til að bera. Ég vænti því, að hæstv. forseti sjái sér fært að fresta umr. nú og hv. fjhn. ræði þetta mál við framtalsnefndina og athugi um leið, hvort framtalsn. þyki ekki mínar till. eðlilegar. Í sambandi við þetta þætti mér gaman að spyrja þessa tvo hv. þm., hvort þeim væri kunnugt um hið gífurlega misrétti, sem skattþegnarnir eru beittir, og þá baráttu, sem þeir þurfa að standa í til þess að fá rétt sinn. Það er alveg dæmalaust að hugsa sér það, að fyrir öll önnur mál fjárhagslegs eðlis en skattamál skuli vera tvö dómstig og þegnarnir hafa rétt til þess að verja sig með rökum og forsjá beztu manna bæði fyrir undirrétti og síðan hæstarétti. En þegar til skattamála tekur, er farið svo með hundruð þúsunda, að þegnarnir hafa þar engan rétt. Þar er það ríkisskattanefnd, sem er bæði undirréttur og hæstiréttur og hefur engar skyldur í þá átt að svara bréfum eða öðrum fyrirspurnum, sem til hennar berast viðvíkjandi hinum ýmsu málum, og svo þegar til úrskurðarins kemur, þá er hann látinn falla án nokkurra forsendna og án þess að menn hafi nokkurn rétt til að koma við vörnum. Ég þekki þetta sjálfur af eigin reynd, því að ég hef orðið að standa í málaferlum út af úrskurði ríkisskattan., en ómögulegt var að fá n. til að ræða málið né hlusta á rök, sem færð voru fram. Eftir að þetta hafði staðið yfir í fjögur ár, þá var með samþykki ríkisskattan. gengið inn á, að allt, sem hún hafði gert, hefði verið tóm vitleysa, svo að skakkaði um fleiri hundruð þúsund krónur á niðurstöðum. Það er sannarlega tímabært að lagfæra þessi mál, þannig að skattþegnarnir hafi einhvern rétt, svo að þeir geti varið sig, — rétt, sem ekki er til í dag. Það er engin furða, þó að menn kveinki sér, þegar verið er að setja taumlaus skattákvæði í skattal., þegar ástandið er þannig í skattamálunum. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að skattþegninn ætti rétt á að sanna eignaraukninguna. Hann á það eftir l. eins og þau eru. (*HG:* Ekki eins og frv. er lagt fram frá stj. í byrjun.) Það er alveg vafasamt, og það er þess vegna, sem þetta er gert, hv. frsm., að það þótti vafasamt og þurfti að leita úrskurðar dómstólanna um það, hvernig ætti að skilja l. Hv. fjhn. og hv. frsm. hefur fundizt þetta of lágt í l., eins og þau voru frá fyrstu hendi, og þess vegna kemur fram hjá hv. frsm. tilhneiging til að taka allt, af því að hann fékk ekki tækifæri til þess, þegar þetta var samþ. hér á Alþ. Hefði hann átt sæti á Alþ., þegar l. voru sett, þá hefði hann viljað fara dýpra í vasa þessara manna en gert var. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á það, að áður en eignakönnunarl. voru samþ., var barátta háð milli skattþegnanna annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Og hver varð undir í þeirri baráttu? Ríkissjóður varð undir í þeirri baráttu, þrátt fyrir það misrétti, sem skattþegnarnir eru beittir. Sannleikurinn er sá, að margir skattþegnar í þessu landi tóku sér rétt, sem þeir gátu ekki fengið öðruvísi. Þess vegna er gengið inn á það af meiri hl. Alþ. að gefa þessum mönnum tækifæri til að telja rétt fram. Það var viðurkenning þess, að skattal. væru röng og að leikurinn hafði tapazt, sem m. a. þessi hv. þm. hafði árum saman verið að gera sem hagkvæmastan fyrir ríkissjóð. Það er því ekki verið að verðlauna þessa menn hér né veikja skattal., eins og hv. þm. sagði. Það var gert þegar eignakönnunarl. voru samþ. Það var gert, svo að menn gætu staðið undir þeim byrðum, sem á þá voru lagðar, svo að t. d. tryggingarnar yrðu ekki að taka við fólkinu og til þess að ekki yrði atvinnuleysi í þessu landi. Þetta hefur hv. 4. þm. Reykv. ekki viljað skilja. En lífið kenndi þeim mönnum, sem hér áttu hlut að máli, að það var búið að ganga svo langt, að það voru orðin föðurlandssvik að svíkja ekki undan skatti í þessu landi, af því að ómögulegt var að búa undir skattal. eins og þau voru. Það hlaut að skapast stórkostlegt hrun og atvinnuleysi, ef menn áttu að búa undir skattal. eins og þau voru, og þetta var viðurkennt með eignakönnunarl. Þetta veit hv. 4. þm. Reykv. Það er því ekkert frekar verið að verðlauna þessa menn nú en var þá, nema síður sé. Hitt er annað mál, að þrátt fyrir þetta hafa engin l. á Íslandi gert þjóðinni eins mikið tjón og l. um eignakönnunina. Þau kipptu í burt öllu jafnvægi út úr fjárhagskerfi Íslendinga, kipptu því gersamlega í burt, og það var allt vegna þess, að m. a. þessi hv. þm. hafði gengið allt of langt í ákvæðum skattal. undanfarin ár. Ég hafði ekki óskað neitt eftir því að ræða þessa hlið málsins, því að till. mínar voru ekki byggðar upp á því að breyta prósentuppháðinni, heldur allt öðru. En fyrst hv. 4. þm. Reykv. lagði til að heyra sannleikann í þessu máli, má hann sannarlega fá að heyra hann.

Ég skal nú rétt aðeins minnast á það til að friða hv. frsm. fjhn., af því að hann var að tala um, að hér væri ekki um það að ræða að skapa gamla fólkinu nein friðindi né álögur, — getur hv. frsm. ekki hugsað sér það, að yfirlýsing hæstv. ráðh. muni vera eitthvað á rökum byggð, að framkvæmd eignakönnunarl. hafi snert meira þá fátæku en ríku, gæti hann ekki hugsað sér, að margir ríkir hefðu talið rétt fram og margir fátækir hefðu ekki talið rétt fram? Nei, hann getur ekki hugsað sér það, hann getur ekki hugsað sér, að efnaðir menn græði á neinu öðru en að svíkja undan skatti.

Ég skal segja hv. 4. þm. Reykv. frá einu dæmi í sambandi við framkvæmd eignakönnunarl. Fjögur gamalmenni höfðu sameiginlegt bú, hjón og tvö önnur gamalmenni. Hið yngsta þeirra var komið undir áttrætt, og þau höfðu búið saman í 20 ár. Þegar eignakönnunin kom til framkvæmda, var öll eign þessara gamalmenna á nafni bóndans. Hann fékk því eignakönnunarskatt, sem hann hafði aldrei búizt við að fá og skildi ekki neitt í, að hann ætti að borga. Ég skal viðurkenna það til lofs framtalsn., að þetta var síðar tekið til greina og leiðrétt, og var viðurkennt, að svona ætti ekki að framkvæma þetta, en samkv. l. átti að gera það. Ég hugsa, að það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að í mörgum tilfellum hafi þessi skattur lent á fólki, sem átti ekki miklar eignir. Hv. 4. þm. Reykv. spurði um það, hvaða vit væri í því að setja þessa menn í 14 þús. kr. skattstiga. Það er nákvæmlega sama vit í því og að gefa þessum mönnum fríðindi, þegar l. voru sett. Það var byggt á nákvæmlega sömu hugsun og þegar mönnum voru í eignakönnunarl. veitt fríðindi fyrir það að telja fram upp í 45 þús. kr., og þess vegna þarf enginn að furða sig á því, þó að þetta sé sett þannig fram nú. Ég sé svo ekki ástæðu til að halda frekar áfram þessum umr. nú, því að ég gaf engin tilefni til að ræða málið frá þessari hlið, en úr því að tveir hv. nm. óskuðu eftir því, vildi ég taka þetta fram.

Ég held till. minum fast fram, m. a. vegna þess, að ég sé engan veginn, að rétt sé eða skynsamlegt að raska þeim úrskurði, sem var gerður á sínum tíma með samþykki ráðuneytis, sem hafði hvorki meira né minna en yfir 40 þm. bak við sig í þessu, og þess utan var gerður eftir till. frá þeim mönnum, sem mesta þekkingu höfðu á þessu máli. Ég tel mjög óheppilegt að raska þeim úrskurði, en hins vegar er ég ekki að bera fyrir brjósti þá menn, sem eiga að greiða það, sem hér um ræðir. Mér er nákvæmlega sama um þá einstaklinga. En ég tel, að það að breyta þessu sé heldur til að veikja það traust, sem almenningur á að bera til ríkisstj. og þessara stofnana og ekki hvað sízt til Alþ. Ég legg því til, að till. minar verði samþ. Ég vænti þess, að hv. n. fallist á það og láti vikja til hliðar það sjónarmið að ná fé af þessum mönnum. Sú tilhneiging deyr ekki út hjá hv. 4. þm. Reykv. að ná inn sköttum af mönnum. Hún er honum í blóð borin og því útilokað að bólusetja gegn þeim sjúkdómi. Það en engin hætta á, að hann fái ekki tækifæri til að koma því annars staðar að en í þessu frv., síður en svo. En það er varla sæmandi hv. fjhn. eða Alþ. að gera þær breyt., sem hér er lagt til að gera í sambandi við þetta mál.

Forseti (BSt): Út af tilmælum hv. þm. Barð. (GJ) um að fresta málinu, til þess að fjhn. geti rætt við framtalsn., skal ég geta þess, að ég býst við, að þess sé tæplega þörf. Framtalsn. hefur tvisvar rætt við fjhn., og það, sem hún lagði áherzlu á, var að fá skýrari fyrirmæli. Hún taldi fyrirmælin í l. ekki nógu skýr. Aftur á móti lögðu þeir ekki mikla áherzlu á það, hvort upphæðin væri ákveðin eitt eða annað. Fjhn. vildi verða við þeim tilmælum framtalsn. að gera ákvæði l. skýrari og mælti þess vegna með frv., að vísu með eðlilegum breytingum, að henni virtist. En þó að ég sjái ekki ástæðu til að fresta umr. af þessum ástæðum, þá sýnast mér allar horfur á því, að umr. verði ekki lokið á þessum fundi. Af þeim ástæðum er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Ed., 1. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala meira í þessu máli, en umr. í gær voru svo sérstakar, að ég gat ekki látið vera að kveðja mér hljóðs, og sérstaklega voru það umr. þess ráðh., sem hefur verið fjmrh. og hafði með þessi mál að gera, og hv. þm. Barð., sem voru þess valdandi, að ég get ekki annað en sagt nokkur orð.

Fyrst vil ég leyfa mér að benda á, að orðin í 17. gr., sem verið er að breyta, hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Af því, sem umfram kann að vera, greiðist skattur samkvæmt gildandi lögum, án skattsektar.“ Þegar þetta var sett inn, þá var hverjum manni í þinginu ljóst, hvernig átti að gera þetta. Það átti að leggja það, sem umfram var, við tekjur þess árs, sem undandrátturinn hafði átt sér stað á, og reikna svo skattinn, og af þeim praxis skapaðist, að skattyfirvöldunum um landið var ljóst, hvernig átti að gera þetta, þegar ekki lá fyrir, hvaða ár var um að ræða. Þá átti að áætla sem viðbót það ár, sem víst var um undandráttinn, og skattleggja eftir því. Þess vegna þurfti engin ákvæði um það, hvernig átti að gera þetta, ef menn vilja framkvæma þetta eins og l. gera ráð fyrir. En það, sem átt hefur sér stað, er það, að þeir, sem með málið hafa að gera, og þar með hæstv. ráðh., þeim fannst þetta of há skattlagning, og þess vegna er ákvæðið um 15% komið fram. Það er auðvitað ekki annað en fjarstæða, þegar hæstv. ráðh. segir, að þetta hafi verið fellt í fyrra af því, að menn hafi ekki áttað sig á því, um hvað var að ræða. Þetta var fellt af því, að menn vildu ekki láta þá sleppa vægar en það að verða fyrir það án alls skatts í fleiri ár og borga svo af því venjulegan skatt. Þetta er þess vegna fjarstæða. Því meir undrar mig, þegar ég heyri annars vegar hv. þm. Barð. lýsa því yfir, að það séu föðurlandssvik að svíkja ekki skatt, og hins vegar hæstv. ráðh., að skattal. séu þannig, að það séu gereyðandi skattal., sem eru hér á landi. Þetta segir ráðh. þess flokks, sem búinn er að sjá um framkvæmd skattal. og fjárl. hér á landi milli 10 og 20 ár, hefur setið og haldið að sér höndum, sannfærður um, að hér á landi væru gereyðandi skattal., og ekki hreyft hönd eða fót til að breyta því, og samþm. hans, hv. þm. Barð., lýsir yfir, að það séu föðurlandssvik að svíkja ekki skatt, og hæstv. ráðh. hlustar á og kinkar kolli sammála þessu og situr í sínu sæti öll árin og gerir ekkert til að breyta þessu ástandi í landinu. Ekki er að marka, þó að áætla

þurfi skatta á þm. Barð. og fyrirtæki hans vegna ófullnægjandi framtala, fyrst hann álítur það vera föðurlandssvik að telja rétt fram. Þetta eru menn, sem hafa málefni, sem þeir vilja framkvæma og láta ganga vel hjá sinni þjóð. Þegar ég sagði, að ég gæti fallizt á þetta frv. eins og það væri, þá gerði ég það af því, að það er þó svolítið í áttina við það, sem hugsað var, þegar 17. gr. var sett inn í l. Það er eftirgjöf frá því, sem er í l., en það er þó í áttina, og þess vegna gat ég sætt mig við það sem sætt í málinu eða miðlun, þó að ég hefði helzt kosið, að frv. væri aftur fellt á Alþ. og aftur væri látið framkvæma þetta eins og á að gera eftir l., því að 17. gr. er ekkert óskýr um þetta. Það er bara af tilbúnum misskilningi, að menn hafa haldið að hún væri ekki skýr, og sá misskilningur hefur jafnvel verið notaður til að ívilna skattsvikurum.

Þó að eignakönnun sé búin að fara fram hér á landi, þá eru til skattsvik. Það hafa komið upp skattsvik hjá tveimur merkum mönnum, eftir að eignakönnunin fór fram. Annar sveik undan eignakönnuninni um 800000 kr., þegar hún fór fram, en hinn nokkur hundruð þúsund. Hvernig sem með það fer, þá er víst, að eignakönnunin hefur ekki megnað að koma öllu á réttan kjöl, svoleiðis að allir telji rétt fram hér eftir. Sannleikurinn er sá, að það er út af fyrir sig rétt, að skattar eru þungir á mönnum hér á landi. En að segja aðra eins fjarstæðu og það, að það séu föðurlandssvik, eins og hv. þm. Barð. segir, ef menn ekki svíki skatt, og að segja það, að skattaálögur séu gereyðandi fyrir allt athafnalíf manna, — að segja það af manni, sem hefur haft aðstöðu til að gera breyt. á þessu sem fjmrh., er svo dæmalaust, að mig undrar að heyra slíkt. Ég held nú, að þeir menn, sem komu undir eignakönnunina, hafi ekki verið svo ákaflega fátækir sem hæstv. ráðh. heldur fram. Þó skal það viðurkennt, að það eru nokkuð margir menn, sem koma undir eignakönnunina, sem ekki eru vel stæðir. Ákaflega margir af þeim sköttum, sem menn lenda í úti á landi vegna eignakönnunarl., komu fram af því, að menn höfðu byggt sér íbúðarhús, sem virt voru af þeim mönnum, sem voru í eignakönnunarnefnd, og metin eftir því, hvað kostnaðarverð húsa mundi vera með Reykjavíkurverði, sem reyndist vera annað og það hátt, að tekjur manna árin, sem þeir höfðu verið að byggja húsin, voru ekki nógar til að standa undir kostnaðarverðinu, eftir mati eignakönnunarnefndar. Sumir af þeim mönnum, sem á þennan hátt lentu í nokkur hundruð króna, upp í 2500 kr. skatti, voru í rauninni fátækir menn, enda var mikið af þeim skatti, sem svona var til kominn, leiðrétt, því að það byggðist á misskilningi á því, að þeir höfðu verið lengur með húsin í smíðum en eignakönnunarn. hafði gert ráð fyrir, og stundum af því, að hún hafði ekki tekið tillit til þeirra eigin vinnu í húsbyggingunni. Ég viðurkenni, að það eru til menn, sem fengu á sig einhvern skatt, þó að það væri ekki fyrir undandrátt, þó að þeir væru ekki vel stæðir menn. Annars held ég að þeir, sem eignakönnunarskatturinn lenti á, hafi yfirleitt verið vel stæðir menn. Ég skal viðurkenna, að það er óviðkunnanlegt að þurfa að senda mönnum, sem búnir eru að borga þennan skatt, reikning á ný, af því að Alþ. nú ákveður annað en ráðh. hafði ákveðið, ég vil segja í fullu heimildarleysi, þegar hann ákvað 15%. En með tilliti til þess, að þetta eru sárafáir menn, innan við 20, þá held ég, að það verði svo að vera, enda er það ekki neitt nýtt, þó að ríkisstjórn fái Alþ. til að koma aftan að mönnum. Það var gert, þegar samþ. var með brtt. á miðju ári að hækka skatt á benzíni frá áramótum, og það var gert þegar við ákváðum um miðjan janúar að láta skatta gilda frá 1. jan. Hér er aðeins leiðrétt skekkja, sem ráðh. hefur gert, og mönnum þó ívilnað frá l., því að ef l. hefði verið fylgt, hefðu allir lent hærra en 20—25%, sem nú er gert ráð fyrir. Það er hagur að samþykkja það, sem liggur fyrir frá n., miðað við fyrrv. l., þó að það sé ekki eins mikill hagur og ráðh. vildi vera láta með því að samþ. frv., sem hann lagði fyrir.

Hv. þm. Barð. sagði í gær þá fjarstæðu, að hann legði ákaflega mikið upp úr því, að framtalsnefndarmenn hefðu árum saman ekkert gert annað en að vinna að þessum málum og hugsa um þau. Ég fór að hugsa um, hverjir þetta væru. Ingimar Jónsson skólastjóri fannst mér hafa gert ýmislegt annað en vera í framtalsnefnd. Hörður Þórðarson er formaður Sparisjóðs Reykjavíkur, og Kristinn Guðmundsson er skattstjóri á Akureyri. Þessir menn hafa allir gert eitthvað annað en að vera í framtalsnefnd, svoleiðis að þótt það séu mætir menn, þá er fjarstæða að segja, að þeir hafi varið lífi sínu í það að rannsaka þessi mál og vinna að þeim. Ég held, að þeir menn, sem í þessum skatti lentu, megi vel við una, að Alþ. lækki hann með því að samþ. þetta frv., því að með því lækkar hann verulega frá því, sem ætlazt er til í 17. gr., og frá því, sem hefði orðið, ef þeir hefðu ekki verið þeir föðurlandsvinir að svíkja skatt og því greitt hann eins og aðrir um leið og tekjurnar urðu til.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt. 372. Mér virðist vera ósamræmi í þeirri brtt. eins og frv. liggur fyrir eftir 2. umr. á þskj. 365. Þar stendur í byrjun gr.: „Nú gerir skattgreiðandi ekki fulla grein fyrir“ o. s. frv., en í brtt.: „að sannist ekki ...“ Þetta er ekki fullkomið samræmi, og það sem verra er, að öll gr. er skemmd með þessu. Svo er það sérstaklega seinast í brtt. 372, þar sem stendur: „skal skipta honum á árin 1936—1940.“ Það er ekkert sagt, hvernig eigi að fara um þá skiptingu, en aftur er sagt hér í upphaflega frv.: „skal skipta jafnt á skattárin 1942—1946“. Þegar það stendur á öðrum staðnum, að það eigi að skipta jafnt milli áranna, en ekki sagt orð um það á hinum staðnum, þá má draga þá ályktun af því, að jafnvel framtalsnefnd hafi þarna minna bundnar hendur til þess að skipta eftir því sem henni sýnist. Hvað brtt. snertir, er ekki samræmi í þessu, og þegar af þeirri ástæðu mun ég ekki greiða atkv. með henni, en þar að auki tel ég

vafasamt, hvort eigi að ganga lengra en gert hefur verið í till. fjhn., sem samþ. hefur verið við 2. umr.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. (PZ) geystist mjög hér áðan í ræðu sinni í garð fjmrh., að mér skildist vegna þess, að hann hefði ekki reynt að lagfæra skattal. landsins, sem hann þó hefði farið um hörðum orðum. Ég tel mér skylt að svara hér til nokkru og vil benda þessum hv. þm. á það, að ég hafði greinilega prófun af því, hvaða þýðingu það hafði, meðan ég var fjmrh., að leitast við að koma á nokkru í umbótaátt í sambandi við mál, sem snerta fjármál ríkisins, í samvinnu við hv. 1. þm. N-M. og hans flokk. Og eftir afdrifum þeim, sem sú tilraun fékk, fyrir tilstilli hv. þm. N-M., má ráða nokkuð, hvað það hefði þýtt að fara að bera fram breyt. á skattal., þ. e. a. s. gerbreyt., sem þurfa að koma. Ég hélt, og þóttist vera í fullu samræmi við stefnu fjvn. eins og hún hefur legið fyrir á undanförnum árum, að það væri meining þingflokkanna yfirleitt að koma á eftirliti hjá hinum ýmsu ríkisstofnunum og í ráðun. sjálfum. Ég byrjaði undirbúning að þessu nokkru eftir að ég tók við því embætti, með því að fá helztu forstöðumenn ríkisráðun. til þess að setjast á rökstóla og gera tillögur í því efni. Þeir lögðu í þetta mjög mikla vinnu, og það var mjög ýtt á mig einmitt af ráðh. Framsfl. að taka líka þm. með í þetta starf, og ég lét til leiðast að gera það, illu heilli, og þar var hv. 1. þm. N-M. annar þeirra þingmanna, sem teknir voru inn í þetta starf. Jú, svo var unnið að þessum málum og samið frv. um ráðsmann ríkisins og lagt fram á Alþ., og fékk það þá heldur slæmar móttökur, og kvað svo rammt að því, að ég fékk skammir fyrir þessa viðleitni mína hjá form. Framsfl. og ýmsum öðrum flokksmönnum hv. 1. þm. N-M. Og þeir, sem fóru í n. til að útbúa þessar till., gengu fram fyrir skjöldu í því að eyðileggja þetta, og þeim tókst það líka. Það var þetta, sem þessir hv. þm. gerðu. Ég ætla, að hv. þm. skilji, að þegar svo fer um sjálfsagða hluti, þá er ekki von, að vel fari. Hverjir eru það, sem hafa komið skattal. í það gereyðingarform, sem þau nú eru í? Framkoma hv. 1. þm. N-M., sem ég var að lýsa áðan, er ljósast dæmi um það, hvað hann og hans flokkur vill gera í þessum málum. Honum er troðið inn í nefndarstarf, og þegar árangurinn af starfi n. er svo lagður fyrir Alþ., þá snýst þessi hv. þm. og flokksmenn hans andvígir gegn till. og atyrða ráðh. Nú hefur hæstv. fjmrh. gert ráðstafanir, sem stefna í sömu átt. Honum er ljóst, að þetta atriði er nauðsynlegt til að koma sæmilegu skipulagi á þessi mál, en það hefur sýnt sig, að það er erfitt að koma slíku fram hér í þinginu. Ég valdi þá beinustu leið, sem ég vissi, en þessi tilraun mín var gereyðilögð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er alveg hissa á því, sem hæstv. ráðh. var að segja. Hann var að tala um, að tveim mönnum hefði verið bætt við sparnaðarnefndina, og hann telur, að þessir tveir menn hafi hjálpazt að því að drepa till. þær, sem lagðar voru fram, eftir að n. hafði lokið störfum sínum. Hæstv. ráðh. sagði, að við hefðum drepið till. Ég vildi, að starfsmennirnir ynnu lengur en 35 tíma á viku, en hæstv. ráðh. kom því til leiðar, að það var drepið í d. En eins og allir vita, er starfsmannahaldið hjá ríkinu og í ríkisstofnunum óhófslegt. Annað atriði, sem ég vildi að yrði breytt, var það, að ráðsmaðurinn yrði aðeins settur í embættið til eins árs í fyrstu til reynslu, en ekki skipaður. Ég vissi, að menn reyndust misjafnlega, og þar sem mikil nauðsyn var í þessu tilfelli, að vel tækist til um val á manni í þetta ábyrgðarmikla starf, þá vildi ég ekki hrapa að neinu í þessu efni. Ég vildi því sjá, hvernig þessi maður reyndist í starfinu, og hafi það drepið frv., þá er bættur skaðinn. En séu skattalögin eins gereyðandi og hæstv. ráðh. hefur haldið fram, þá á hann og hans flokkur sökina, því að hann hefur stjórnað þessum málum í meira en áratug.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég mun ekki deila við hv. 1. þm. N-M. (PZ) um stærð okkar né afrek, en hitt mun sönnu næst, að eftir þann hv. þm. liggja verk, sem eru stærri en ég hef lagt út í. Og ef hann er stór af afskiptum sínum af sauðfjármálunum, þá kýs ég ekki slíka stærð eða frægð. Hitt veit hv. þm., að venjan er, að allir embættismenn í landinu eru skipaðir, svo að ekki hefði verið hægt að segja við þennan mann: Þú skalt vera tilraunadýr hérna hjá okkur í eitt ár, og svo skulum við sjá, hvað setur. Ég vildi, að starf þetta væri veitt á venjulegan hátt, en þessi hv. þm. spillti því, og svo komu aðrir í kjölfar hans, og það er gott, að hv. þm. hefur viðurkennt, að hann hafi spillt þessu máli.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Það eru ýmsar undarlegar yfirlýsingar, sem koma fram í þessum furðulegu orðaskiptum hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. N-M., sem mér skilst þó, að hafi verið eins konar trúnaðarmaður hans í skattamálum. Ég furðaði mig einnig á orðum jafnhógværs manns og hv. þm. Barð. (GJ), þegar hann sagði, að eignakönnunin hefði verið það mesta böl, sem yfir þjóðina hefði dunið á síðari árum, og að ekki einu sinni karakúl undanskildu. Ég mun ekki leggja út af þessum orðum nú. Efni frv. þessa virðist vera aukaatriði. Ég vil taka það fram, að skattstiginn lækkar í 15%, en ef framteljandi telur sig hafa orðið hart úti, þá getur hann fært sönnur á, að eignaraukningin hafi færzt á einstök ár. Þetta vildi ég, að kæmi fram, áður en gengið verður til atkv. Ég verð að segja, að rök hv. þm. Barð. um háskasemi l. eru ekki sannfærandi. Hann sagði, að fjögur gamalmenni hefðu lent í eignaraukaskatti af því, að þau hefðu gleymt að telja fram smáupphæðir. Ef ekki eru til þyngri rök gegn frv., sem mér þykir þó slæmt að skyldu koma fyrir, þá tel ég það ekki sannfærandi. Þá vil ég taka það fram, að ég vil láta leggja á stighækkandi skatt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram út af því, sem sagt hefur verið, að ég tel þá stefnu í skattal., sem liggur í eignakönnunarl., ranga, þó að það verði tekið sem föðurlandssvik að fylgja henni ekki. Og ég tel slík skattal. vera algerlega út í hött. Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á, að hann er ásamt hv. þm. Str. (HermJ) fyrsti höfundur að slíku. Og þegar svo langt var komið, að augljóst var, að sú stefna yrði ofan á, þá gekk hv. þm. Str. út og sagði, að hann hefði aldrei trúað því, að svona margir heimskingjar ættu sæti á Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 369 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, EE, GJ.
nei: HG, LJóh, PZ, RÞ, StgrA, VH, ÞÞ, BSt.
KK greiddi ekki atkv.
5 þm. (GÍG, HermJ, BBen, BrB, FRV) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Lárus Jóhannesson: Ég hefði óskað, að frv. færi út úr d. eins og það var, og segi því nei.

Brtt. 372 samþ. með 7:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 2. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 382).
Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., sem er komið frá hv. Ed. og hefur þar verið athugað í n. og lagfært þannig, að lögin verða framkvæmanleg fyrir nefndina, sem á að framkvæma þau, en samkv. orðanna hljóðan, eins og frv. var, gat n. ekki gert hinn nauðsynlega útreikning. Nú hefur orðið um það samkomulag í hv. Ed., hvernig skatturinn skuli reiknaður, og mun n. telja þá breyt. nægjanlega til þess, að hún geti lokið störfum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 523).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur 2. umr. málsins, en er form. þeirrar n., sem fjallaði um frv. þetta, þ. e. a. s. fjhn. Fjhn. telur, að það sé svo rækilega frá þessu máli gengið, að hún hefur ekkert við gr. frv. að athuga, og vildi ég aðeins, að það kæmi fram í þingtíðindunum.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

---

19. Fjáraukalög 1946.

Á deildafundum 17. jan. var útbýtt frá Sþ.: *Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1946* [97. mál] (stjfrv., A. 238).

Á 19. fundi í Sþ., 18. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Það liggur við, að ég taki mér bessaleyfi að standa upp fyrir hæstv. fjmrh., sem gat ekki mætt. Mér sýnist það vera afgreiðsluatriði að uppfylla það form að koma málinu á framfæri, til þess að það geti haldið áfram til 2. umr. og fjvn.
Eins og segir í aths. við frv., þá hefur í mörg ár verið lagt fram frv. til fjáraukalaga, byggt að öllu leyti á till. yfirskoðunarmanna og að efni til alveg samhljóða ríkisreikningnum, þannig að allar umframgreiðslur, sem óskað er aukafjárveitingar fyrir, eru þar greindar. Ríkisreikningurinn er lagður fram sem fylgiskjal með og grundvöllur undir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum. Alveg á sama hátt mætti hann vera grundvöllur undir frv. til fjáraukalaga, þegar till. vikja í engu frá honum, og í fjölda ára hefur Alþingi samþykkt frv. til fjáraukalaga óbreytt frá því, sem ríkisreikningurinn hefur talið umframgreiðslur. Þess vegna hefur ráðuneytið nú, til þess að spara fyrirhöfn og prentunarkostnað, ákveðið að leggja frv. til fjáraukal. fram á svipaðan hátt sem frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum, og er vísað í ríkisreikninginn um sundurliðun umframgreiðslnanna.
Ég vil vænta þess, að Alþingi vilji að lokinni umr. um þetta mál vísa því til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 238, n. 505).

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga er byggt upp nokkuð á annan veg en undanfarið. Áður hefur umframgreiðsla hverrar fjárveitingar verið sett sérstaklega inn á frv. Hér er breytt til og allar umframgreiðslur fyrir hverja grein fjárlaganna taldar saman. Þetta fyrirkomulag er auðveldara, en á móti því má segja, að það sé erfiðara að kynna sér, hvernig þessum greiðslum er háttað. Hins vegar er því til að svara, að sundurliðun allra slíkra greiðslna kemur fram á landsreikningnum og að honum geta allir haft aðgang. Þá ber að geta þess, að í athugasemdum hefur komið fram, að ríkisbúin séu ekki tekin með, nema þau, sem rekin eru með halla. Þetta er ekki rétt, því að tvö bú, sem eru á fjáraukal., hafa borið sig. Og skv. upplýsingum frá öðrum endurskoðanda reikninganna hefur þessu verið breytt hjá ráðuneytinu og öll búin tekin inn með sína rekstrarfjárhæð án sundurliðunar á því, hvort um taprekstur hafi verið að ræða. Ekki hefur þótt sérstök ástæða til að finna að þessu. Hitt er frekar til að finna að, hversu seint þetta frv. til fjáraukal. er á ferðinni. Það munu nú liðin þrjú ár frá því að umræddar umframgreiðslur fóru fram, þegar frv. er loks lagt fyrir Alþingi. Oft hefur verið kvartað hér á Alþingi undan því sleifarlagi, sem ríkt hefur í afgreiðslu ríkisreikninga og fjáraukalaga, en því miður virðast þær kvartanir lítinn árangur hafa borið. Það virðist ekki réttmæt ástæða fyrir því, að það skuli taka 3 ár að útbúa fjáraukalög til að leggja þau fyrir Alþingi, og eigi að vera hægt að halda uppi réttmætri „kritik" á þessar umframgreiðslur, þá verður þetta að breytast, því að eftir þrjú ár er alveg gagnslaust að ræða slík mál. Þess ber líka að gæta, að hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er hvorki upp á meira né minna en 95 millj. kr. Nú er það fjarri mér að halda fram, að umframgreiðslur séu ekki nauðsynlegar, og sýnu óhjákvæmilegri eru þær eftir að farið var að nota þál. sem greiðsluheimild úr ríkissjóði, eins og raun ber vitni. Hins vegar hafa þessar umframgreiðslur aukizt mikið ár frá ári, og er það að sumu leyti ekki óeðlilegt, en eigi sú aukning enn eftir að halda áfram, er útlitið iskyggilegt. Það má segja, að það hafi verið vítavert að fara 95 millj. kr. fram úr fjárlögum 1946, en þó er sýnu vítaverðara að fara langt fram úr fjárlögum, þegar greiðslumöguleikar ríkissjóðs eru jafnerfiðir og nú er. Að ég minnist á 1946 í þessu sambandi er ekki vegna þess, að ég sé að hallmæla þeim neitt frekar, sem þá fóru með fjármál, heldur einungis sem dæmi. Um leið og þetta fjáraukalagafrv. er afgreitt hér á Alþingi, vill fjvn. leggja áherzlu á, að breytt verði til batnaðar í fjáraukalagaafgreiðslu og ekki látin líða 3 ár frá því að fjárlagaárið er liðið, þar til fjáraukalagafrv. kemur fyrir Alþingi. Ég held, að eitt ár ætti alveg að nægja til að undirbúa þessi frv., og ætti því að vera vel viðráðanlegt að bæta um í þessu efni.

Um fjáraukalagafrv. sjálft er ekkert sérstakt að segja, utan það, sem stendur í nál. Á einum stað kom fram misræmi í tölum, en við nánari athugun reyndist það prentvilla, og verður hún leiðrétt. Niðurstaða fjvn. er því sú, að hún leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 238, 581).

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég leyfi mér ásamt deildarforsetum Alþingis að bera fram brtt. við þetta frv. á þskj. 581 og vil taka fram, að brtt. fjallar um að strika úr þessum fjáraukalögum umframgreiðslu á alþingiskostnaði, vegna þess að það á aldrei að leita aukafjárveitingar fyrir þessum kostnaði. Fjáraukalögin eru í þetta sinn ekki samin af okkur yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, heldur fjmrn., og eftir þeirra till. hefur fjárveitingin verið tekin upp í hverja gr. í heild sinni. Þetta hefur farið fram hjá okkur við 2. umr. og sömuleiðis fram hjá n., sem hafði þetta frv. til meðferðar. Til að sýna, hvernig þessu máli er varið, og jafnframt til gamans, skal ég lesa upp úr Alþt. frá 1917, hvernig litið var á þetta mál á þeim tíma, og svo hefur alltaf verið gert hingað til. Það er grg. frá þáverandi forsetum Alþingis, Kristni Daníelssyni, Guðmundi Björnssyni og Ólafi Briem. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Háttvirt fjárhagsnefnd Nd. hefur í dag leitað álits vors um það, hvort taka beri upp í fjáraukalög fyrir 1914 og 1915 kostnað við aukaþingið 1914.

Það er álit vort, að Alþingi beri aldrei að beiðast aukafjárveitingar fyrir aukaþingskostnaði eða yfirleitt neinum umframgreiðslum á alþingiskostnaði, enda hefur það ekki tíðkazt.

Er svo að sjá, sem yfirskoðunarmenn landsreikninganna 1914 hafi ekki gætt þess, að Alþingi er frjálst að verja svo miklu fé sem þörf krefur til þingkostnaðar; það er ekki háð neinu eftirliti af hálfu landsstjórnar; löggjafarvaldið lýtur ekki framkvæmdarvaldinu; ef þingkostnaður fer fram úr því, sem áætlað er í fjárlögum, þá leitar Alþingi aldrei samþykkis stjórnarinnar til umframgreiðslu, þarf þess ekki og á ekki að gera það. Þann umframkostnað ber að taka upp í lög um samþykkt á landsreikningnum, aldrei beiðast aukafjárveitingar; sjálft fjárveitingavaldið þarf ekki og á ekki að beiðast aukafjárveitingar til umframgreiðslu á starfskostnaði sínum.

Alþingi ber að vernda sjálfstæði sitt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Alþingi þarf ekki og á ekki að gera lands-

stjórninni nein reikningsskil á starfskostnaði sínum og hefur aldrei gert það.

Yfirskoðunarmenn landsreikninga verða að gera sér ljóst, að þeir eiga við tvo reikningsaðila, annars vegar landsstjórnina, sem afhendir þeim þá eiginlegu landsreikninga, og hins vegar Alþingi, sem sendir þeim þingkostnaðarreikningana til yfirlits, annars vegar ráðherrana og skrifstofustjóra stjórnarráðsins, hins vegar alþingisforsetana og skrifstofustjóra þingsins. Hvorir tveggja þessara aðila, ráðherrarnir og forsetarnir, bera ábyrgð gagnvart Alþingi á reikningsskilum sínum. En komi til umframgreiðslu, er munurinn sá, að þar er landsstjórnin undir þingið gefin, verður að beiðast aukafjárveitingar, en þingið sjálfstætt, þarf þess ekki.

Oss er ljóst, að það er einungis vegna athugasemdar yfirskoðunarmanna, að hv. fjárhagsnefnd hefur borið upp brtt. sína á þskj. 388 (2). Og vér erum þess fullvissir, að hv. fjárhagsnefndarmenn munu allir fallast á þessar röksemdir vorar, taka brtt. aftur og gera háttvirtri neðri deild, í eitt skipti fyrir öll, ljósa grein fyrir þessu fjárhagsmálefni.

Kristinn Daníelsson, G. Björnson,
Ólafur Briem."

Af þessu sjá hv. þm., hversu stranglega þáverandi forsetar þingsins litu á þetta mál, og þarf ég ekki að gera frekari grein fyrir þessari brtt., sem við forsetar þingsins höfum flutt við þetta fjáraukalagafrv., og vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á hana.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjvn. mun ekki vefengja þá viðteknu reglu, sem virðist vera ríkjandi í því efni, sem þessi brtt. frá hv. þm. A-Húnv. og fleiri fjallar um. Hún mun þess vegna fyrir sitt leyti fallast á, að þessi brtt. verði samþ.

En í sambandi við það, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, að þetta fjáraukalagafrv. hefði ekki verið samið af yfirskoðunarmönnum, heldur hlutaðeigandi rn., þá skiptir það ekki máli í þessu sambandi beinlínis, en ég vil samt benda á, að í aths. með frv. frá rn. er tekið fram, að þetta frv. sé byggt á till. endurskoðendanna. Ég vil aðeins geta þess vegna þess, að það má nærri geta, að hér er ekki um mikla endurskoðun að ræða hjá n. Hún hefur ekki tök á því. Hún bar frv. aðeins saman við niðurstöðutölurnar á landsreikningi, en hún hafði það í huga, að það væri öruggara fyrir það, að endurskoðendurnir, eftir því sem aths. við frv. báru með sér, virtust hafa lagt síðustu hönd á frv.

ATKVGR.

Brtt. 581 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 591).

20. Jarðræktarlög.

Á 7. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til jarðræktarlaga [43. mál] (stjfrv., A. 58).

Á 8. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hæstv. fyrrv. landbrh., og þar sem hann á sæti í þessari d., þykir mér eðlilegast, að hann mæli fyrir málinu, og vænti ég, að svo verði.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins með nokkrum orðum ræða þetta mál, þar sem hæstv. ráðh. þykir rétt, að svo sé.

Þegar fyrrv. stjórn var mynduð, var eitt atriðið í málefnasamningi þeim, er hún gerði, að lögin um jarðræktarstyrk yrðu endurskoðuð með það fyrir augum, að jarðræktarstyrkurinn yrði hækkaður hlutfallslega og samræmdur núgildandi vinnulaunum og breyttum vinnuaðferðum. Þá nokkru síðar var skipuð n. samkvæmt þessu til endurskoðunar á jarðræktarl. Í n. voru þessir menn skipaðir: Pálmi Einarsson landnámsstjóri, Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Gunnlaugur Kristmundsson fyrrverandi sandgræðslustjóri, Hafsteinn Pétursson bóndi og Ólafur Jónsson tilraunastjóri. Nefndin skilaði áliti og till. 11. des. 1947.

Nú var það ætlun ríkisstj. að taka þetta mál svo fljótt sem unnt væri til flutnings á Alþingi. En í n. höfðu komið fram nokkuð mismunandi sjónarmið, og m. a. höfðu komið fram till. frá öðrum fulltrúa búnaðarþings, að málið væri ekki afgr. fyrr en búnaðarþing væri búið að fara höndum um málið og gera sínar till. Til þess að verða við þessu, skipaði rn. n. búnaðarþingsfulltrúa, sem voru kunnugir þessu máli. Það voru þeir Einar Ólafsson bóndi Lækjarhvammi, Gunnar Þórðarson bóndi Grænumýrartungu, Hafsteinn Pétursson bóndi Gunnsteinsstöðum, Jón Sigurðsson bóndi Reynistað og Ólafur Jónsson tilraunastjóri. Skyldu þeir yfirfara þær till., er fram voru komnar, og freista, hvort þeir gætu ekki komið fram fyrir hönd búnaðarþings. Niðurstaða þessarar n. varð sú, að málið yrði látið bíða til næsta búnaðarþings, sem átti þá að koma saman í marz.

Mér þótti rétt, þegar svo ákveðnar till. komu fram um, að málið kæmi fyrir búnaðarþing á formlegan hátt, að verða við þeim óskum búnaðarþings og bíða með að bera fram málið, þar til sú athugun hefði farið fram. En þegar málið kom frá búnaðarþingi, var svo áliðið þings, að það var sýnilegt, að þessi stóri lagabálkur og þessi endurskoðun gæti ekki farið fram á því þingi. Varð því úr, að málinu var þá frestað, og af þeim ástæðum kemur það fram fyrst nú á þessu þingi.

Ég mun ekki fara langt út í einstakar breyt. á jarðræktarl., frá því þau voru samin og komu fram sem merk nýjung. Síðan hafa þau verið endurskoðuð og breytt, og er það ekki

nema eðlilegt á þeim miklu breytingatímum, sem verið hafa, að þörf væri á, að l. væri breytt eftir breyttum viðhorfum. Sama liggur til grundvallar fyrir þeim breyt., sem nú liggja hér fyrir. Aldrei hafa orðið jafnstórstígar breytingar vegna breyttrar tækni og nú. Er því eðlilegt, að breyta þurfi jarðræktarl. í samræmi við þær breyttu ástæður.

Aðalnefndin, sem fjallaði um málið, skilaði frv. með ýmsum breyt., bæði stórum og smávægilegum. Þær breyt., sem hún lagði til, var m. a. að gera ráð fyrir auknum leiðbeiningum í jarðrækt og bættu eftirliti með framkvæmd jarðabótanna og úttekt þeirra. Komið skal upp föstu kerfi í því skyni. Héraðsráðunautar skulu vera 10 á landinu, þeir skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og laun þeirra greidd að hálfu úr ríkissjóði.

Þá er gert ráð fyrir, að styrkjakerfið verði einfaldara en áður og megináherzla lögð á framræsluna, jarðvinnslu og byggingar fyrir áburð og vothey. Sé veittur styrkur á einfaldari hátt í stað þess að styrkja ræktunina mismunandi eftir ræktunaraðferðum. — Enn fremur leggur n. til, að felld verði niður öll ákvæði núgildandi jarðræktarlaga um hámark á styrk til jarðabóta og öll stigbreyting styrksins. — Enn fremur gerir n. ráð fyrir, að verkfærakaupasjóður verði lagður niður. Hlutverk hans var það, sem hann hefur gegnt, að styrkja bændur til smærri jarðyrkjuverkfæra- og vélakaupa, en með þeim breyt., sem ég minntist á áðan, að orðið hefðu tæknilega, þá hefur á síðari árum verið tekinn upp annar háttur við að styrkja jarðræktarmenn til vélakaupa, og hefur hlutverk verkfærakaupasjóðs þar með að nokkru leyti horfið úr sögunni, enda er hann orðinn langt á eftir tímanum með fjárframlög.

Búnaðarþing hefur aftur á móti gert nokkrar brtt. við þessar till. mþn. M. a. vill hún láta búnaðarþing ákveða tölu jarðræktarráðunauta, en vill ekki binda það í l., hve margir þeir verði. Þá vill það láta launa þessa ráðunauta samkvæmt 8. flokki launal. Má segja, að það sé afleiðing þess, að í l. um búfjárrækt, sem sett voru eftir að jarðræktarn. lauk störfum, er gert ráð fyrir, að héraðsráðunautar taki laun samkv. 8. flokki launalaga.

Búnaðarþing gerir nýjar till. um verkfæranefnd, skipan hennar og störf, þannig að n. sé enn meira á vegum Búnaðarfélags Íslands en verið hefur, svo og að innflytjendum búvéla sé skylt að afhenda n. búvélar til reynslu.

Enn fremur leggur búnaðarþing til, að tekið verði upp nýtt ákvæði um 300 kr. styrk á hektara fyrir þá, sem hafa ekki 10 ha ræktaðs lands, til að flýta fyrir því, að sem flestir geti orðið aðnjótandi þess hagræðis, sem í því felst að hafa sem mesta heyöflun á ræktuðu landi.

Ýmsar fleiri smábreytingar komu fram frá búnaðarþingi, og tel ég ekki ástæðu til að fara út í það.

Landbn. hefur verið send skýrsla frá mþn. Vænti ég, að hún hafi fengið hana og athugi þetta mál rækilega.

Ég tel nauðsynlegt, að n. geri sér nokkra grein fyrir þessu máli með því að athuga jarðræktarstyrkinn, eins og hann liggur fyrir, og hvaða áhrif þessi breyt. mundi hafa, sem hér liggur fyrir.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., 3. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 58, n. 360, 361, 389).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Þetta frv. til jarðræktarlaga á þskj. 58 er búið að vera lengi hjá landbn., og hefur n. starfað mikið að frv. og rætt það við sérfróða menn, bæði n. í heild og einstakir nm. Það liggur fyrir nál. á þskj. 360 og brtt. frá n. á þskj. 361. Ekki náðist alveg fullt samkomulag innan n., eins og brtt. hv. 5. landsk. bera með sér á þskj. 389, en um meginhlutann af brtt. á 361 er samkomulag, svo að segja má, að ekki sé ágreiningur um meginstefnu frv. Þetta vildi ég taka fram um störf n. almennt, en brtt. á þskj. 389 mun ég ekki ræða fyrr en hv. flm. hefur mælt fyrir þeim. Enda þótt málið sé nú hér til 2. umr., vona ég, að hæstv. forseti amist ekki við því, þótt ég leyfi mér að ræða nokkuð jarðræktarlögin almennt, enda var það ekki gert við 1. umr., en brtt. n. eru einmitt tengdar þróun þessara mála frá fyrstu tíð, og er því eðlilegt, að farið sé nokkrum orðum um lögin og áhrif þeirra frá upphafi.

Jarðræktarlögin voru sett árið 1923, og má segja, að með setningu þeirra hafi hafizt ræktunaröld á Íslandi. Fyrir þann tíma var enginn teljandi styrkur frá hinu opinbera veittur til jarðræktar og möguleikar bænda í þeim efnum ákaflega litlir allt fram til ársins 1923. Túnstærð á öllu landinu var þá talin 22 þús. ha, en aðeins ¼ þessa lands var véltækur; hitt var þýft tún og grýtt, svo að segja má, að raunar hafi ræktað land þá ekki verið meira en 5—6 þús. ha, eða minna en 1 ha á býli. Töðufallið var á árunum 1920—1924 talið um 600 þús. hestar, eða um 28 hestar af hverjum ha. Áburðargeymslur rúmuðu þá um 22 þús. teningsmetra, eða 8—10% af því áburðarmagni, sem kemur frá nautgripum. Þannig var sem sagt ástandið, áður en jarðræktarlögin voru sett. Nú er túnstærðin hins vegar talin, eða fyrir ári síðan, 42 þús. ha, en af gömlu túnunum hafði verið ræktað upp um 12 þús. ha, svo að segja má, að túnræktin frá 1923 sé um 56 þús. ha, því að það munar litlu að rækta upp gömul tún eða vinna nýrækt. Töðufallið er nú 1 milljón og 600 þús. hestar, eða 39 hestar af ha, en það er 11 hestum meira af ha en var á árunum eftir 1920. Það er þó ekki ástæða til þess að vera sérlega hreykinn af þessu magni,

því að við teljum ekki, að um góða ræktun sé að ræða fyrr en 40—50 hestar fást af hverjum ha, en töluvert hefur þetta þó lagazt. Um 1920 voru um 1100000 hestar af heyi sóttir á útengi, eða nær tvöfalt meira en töðumagnið. Nú er sá heyskapur kominn ofan í 500—600 þúsund hesta, og af því munu um 200 þús. hestar vera sóttir á áveituengjar eða aðrar véltækar engjar, svo að raunverulegur útheyskapur er kominn ofan í 300—400 þús. hesta. Það hefur því saxazt mjög á útengjaslægjurnar, sem vera ber, því að engjar, sem ekki eru véltækar, eru ekki þess virði að kaupa fólk til að nytja þær. — Um áburðargeymslurnar er það að segja, að síðan 1923 hafa verið byggðar áburðargeymslur, sem rúma 270 þús. teningsmetra og ættu því að taka á móti 70—75% af því áburðarmagni, sem kemur frá nautgripum. Þess ber þó að gæta, að eitthvað af þessu kann að vera úr sér gengið, en mikið hefur áunnizt í þessu efni.

Þær tölur, sem ég nú hef lesið, sýna bezt, hvers virði jarðræktarlögin hafa verið ræktuninni. Framsókn og dugnaður bænda á auðvitað sinn mikla þátt í þróuninni, en án aðstoðar ríkisvaldsins hefðu þeir aldrei náð eins langt og raun ber vitni, og hefðu þessar ráðstafanir ekki verið gerðar, þá er mér nær að halda, að allmargar sveitir væru farnar í eyði, þar sem nú er margt fólk við arðvænlegan búskap.

Þessu næst liggur fyrir að spyrja, hvað jarðræktarl. kosti ríkissjóð, og er því skjótt til að svara, að frá 1923 hefur ríkissjóður greitt 25,4 millj. kr. í jarðabótastyrk. Fram til 1940 var hann á ári hverju um ½ millj. kr., en síðan dróst hann saman, svo að 1941 var hann aðeins 186 þús. kr., en þá var farið að greiða á hann verðlagsuppbót. Nú á síðustu árum hefur hann aftur á móti verið um 4 millj. kr. á ári hverju. Þetta er framlag ríkisins í aldarfjórðung. Mér ógnar það ekki. Samt hefur það verið myndarlegur stuðningur við landbúnaðinn, og verður að telja, að mikið hafi líka áunnizt. Erfitt er að segja með vissu, hve mikið fé hefur farið til ræktunarinnar á þessum aldarfjórðungi, en það mun láta nærri, að 100 milljónir séu rétt tala og jarðræktarstyrkurinn ¼ af því og 75% kostnaðar lagt fram af bændunum sjálfum. — Skal ég svo ekki hafa þessi almennu orð fleiri, en snúa mér að frv. sjálfu.

Síðan jarðræktarlögin voru sett, hefur þeim oft verið breytt, víst einum 5 sinnum. Kom nauðsyn þess af sjálfu sér vegna þess, hve allar aðstæður breyttust óðfluga frá því, sem var við setningu l. Þá þekktust aðeins einföldustu og frumstæðustu jarðræktarverkfæri, eins og þúfnabaninn og hestarekan, og þær geysilegu byltingar, sem síðan hafa orðið á verkfærakostinum, leiddu til þess, að reglurnar um úttekt jarðabóta og styrki til þeirra hlutu að breytast.

Þetta frv. hefur fengið rækilegan undirbúning. Á árinu 1947 skipaði þáv. landbrh. 5 manna nefnd til að endurskoða jarðræktarlögin, og skilaði hún tillögum sínum í lok ársins. Síðan voru þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, og lagði það til, að búnaðarþing fjallaði um málið, og var mælt með því af landbrh. Var frv. lagt fyrir búnaðarþing 1949, sem gerði á því allmiklar breyt. og sendi landbrn. Þáverandi landbrh. lagði svo frv. fyrir Alþingi að mestu leyti í því formi, sem það hafði fengið á búnaðarþingi. Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að tillögur búnaðarþings ber að skoða sem fyllstu kröfur hvað snertir styrkveitingarnar til ræktunarinnar, fyllstu kröfur bændastéttarinnar, sem á sína fulltrúa á búnaðarþingi, til ríkisvaldsins.

Þá vil ég taka það fram, að helztu breyt. frá gildandi lögum, sem gert er ráð fyrir í frv., eru þessar:

Í fyrsta lagi er tekið upp ákvæðið um héraðsráðunautana, til aukins eftirlits með og leiðbeininga í jarðræktarframkvæmdum og aukins samstarfs með bændum og búnaðarsamböndunum. — Í öðru lagi eru í brott numin öll hámarksákvæði um styrk til jarðabóta, en þau voru áður tvö, og var annað árshámark. Enginn gat fengið meira en 600 kr. í grunnstyrk árlega til jarðabóta, eða með verðlagsuppbót á síðustu árum um 1800 kr. Það var áður enginn vinningur við að rífa niður stór svæði á ári, og því var þetta hámark sett, og gat ekki talizt óeðlilegt, að stutt væri að því, að jörðin væri unnin sem bezt, en minna tekið fyrir í einu, á meðan einkum var unnið með hestverkfærum. Auk þess setti svo Alþingi tiltölulega fljótt bremsu við háum styrkjum til einstakra manna. Nú hafa aðstæður allar gerbreytzt. Með þeim stórvirku tækjum, sem landbúnaðurinn ræður nú yfir, verður oft að taka fyrir stór svæði í einu, t. d. í sambandi við félagsbýli, og hefur orðið samkomulag um það alls staðar, þar sem þetta hefur verið rætt, að fella þetta hámark niður. — Hitt hámarkið er heildarhámark á hverja jörð, þannig, að þegar einhver jörð var búin að fá ákveðið hámark í styrk, þá átti að hætta að veita þar fé til ræktunarframkvæmda. Hins vegar var svo veittur aukastyrkur til þeirra býla, sem skemmst voru komin í ræktun. Þetta ákvæði er nú fellt niður, og varð samkomulag um það á búnaðarþingi.

Þá er þriðja meginbreytingin sú, að verkfærakaupasjóður hefur verið afnuminn. Hann hefur verið sérstakur kafli í l., og lengst af hafa verið greiddar 80 þús. kr. í sjóðinn úr ríkissjóði til að styrkja bændur til vélakaupa. En nú hefur ríkið ekki greitt neitt til sjóðsins í s. l. tvö ár. Hafa lögin þannig verið brotin. En þessi upphæð var aðeins orðin 2—3% af kostnaðarverði vélanna og dró engan, og Búnaðarfélagið gat því ekki verið að ganga hart eftir því, að ríkið uppfyllti þessa skyldu. Var nú gagnvart þessu um tvennt að ræða: Í fyrsta lagi að stórauka framlagið, eða í öðru lagi að fella það niður, eins og nú er lagt til, enda horfir þetta nú þannig við, að eftirsóknin eftir vélunum er svo mikil, að 10—20 manns eru um hverja, og virðist ekki eðlilegt að verðlauna þá sérstaklega, sem happið hljóta.

Þetta tel ég meginbreyt. frá því, sem er í gildandi l., og vil ég þá leyfa mér að taka hér til meðferðar brtt. landbn. á þskj. 361 og gera

grein fyrir þeim í eins stuttu máli og ég sé mér fært.

Fyrsta brtt. er við 3. gr., og er hún orðuð um og skýrar kveðið á um það, sem þar er átt við.

Næsta brtt. er við 4. gr. og hefur n. lagt til, að hún væri algerlega orðuð um og það ákveðið, að héraðsráðunautar í jarðrækt skuli vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda sé ráðning þeirra lögð undir úrskurð ráðherra í hvert sinn og þær starfsreglur, sem þeim eru settar. — Þá er enn fremur tekið upp það nýmæli í 2. málsgrein, að heimilt sé að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt. Samkvæmt búfjárræktarl. greiðir ríkið ⅔ af launum hans. Reynslan hefur orðið sú, að það hefur komið í ljós, að ýmis búnaðarsambönd vilja ráða til sín einn mann til hvors tveggja starfans og óska þess fremur að fá einn heilan starfsmann heldur en tvo hálfa af stærri svæðum. — Hv. 5. landsk. ber fram brtt. um skipun héraðsráðunautanna, en hinir nm. voru því samþykkir að hafa þetta þannig, og ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, að þetta fyrirkomulag er hentugra á meðan búnaðarsamböndin eru svona smá. Nú þegar hafa verið ráðnir 1—2 menn upp á þessi býti og hafa fengið dálitlar greiðslur frá Búnaðarfélagi Íslands, af því að þetta frv. er ekki orðið að lögum. — Þá er það einnig gert að skyldu, að héraðsráðunautarnir skuli vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna, en í frv. er það lagt á vald stjórna búnaðarsambandanna. Að öðru leyti er aðeins um umorðun að ræða á greininni.

Þá er 3. brtt. við 5. gr., en 1. málsgr. hennar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kostnaður Búnaðarfélags Íslands við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.“ Samkvæmt þessu virðist Búnaðarfélag Íslands geta sent reikninga til ráðuneytisins fyrir allt skrifstofuhald. Við töldum þetta ekki hafa verið tilgang þeirra, sem sömdu gr., heldur hitt, að kostnaður við framkvæmd þessara laga greiðist úr ríkissjóði, og lögðum við því til að fella niður orðin „Búnaðarfélags Íslands“. — Þá leggur n. einnig til, að laun héraðsráðunauta séu greidd að ⅘ hlutum úr ríkissjóði, en ⅕ af héraðssamböndunum, en í frv. er gert ráð fyrir, að launin greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi héraðssamböndum. Töldum við vonlitið að gera till. um hærri hlutfallslega greiðslu úr ríkissjóði; svo mikið var um þetta þráttað á sínum tíma á Alþingi, að okkur þótti tilgangslaust að taka þá deilu upp aftur. Enn fremur fellum við niður ákvæði um greiðslu úr ríkissjóði á ferðakostnaði ráðunautanna af sömu ástæðum. Ég skal geta þess, að kostnaður ríkisins af ráðunautum héraðssambandanna getur orðið nokkuð mikill, en með því að fella niður það, sem ríkið greiddi áður í verkfærakaupasjóð, er svo hamlað þar á móti, að um langt árabil munu greiðslurnar til ráðunautanna ekki fara fram úr því gjaldi.

4. brtt. n. er við 6. gr. Lagt er til, að orðið „aðeins“ í 1. málsgr. falli niður, og fannst n. það eðlilegra.

5. brtt. er við 10. gr. og mjög smávægileg. Í 2. tölulið 10. gr. stendur innan sviga, þar sem ræðir um vegakostnað vegna jarðræktarframkvæmda, „ríki eða sýslu“, og leggjum við til, að þar standi: ríki, sýslu eða hreppi, — því að til eru þó líka hreppavegir hér á landi.

Er þá lokið að skýra frá brtt. við I. kafla l., og kem ég þá að II. kaflanum, en þungamiðja hans er að ákveða um styrki til jarðræktar og húsabóta. Við þennan lið hefur n. gert allmiklar breyt., sumar lítilvægar, aðrar meiri háttar, og skal ég nú rekja þær nokkuð. — Fyrsti kafli þessa bálks er um styrki til áburðargeymslna, og hefur verið lagt til hjá okkur að lækka styrk til safnþróa úr kr. 10.00 í kr. 9.00 pr. rúmmetra og til áburðarhúsa úr kr. 7.00 í kr. 5.00, en styrkur til haugstæða haldist óbreyttur. Á þetta er lögð, samkvæmt till. búnaðarþings, byggingarvísitala, og mun hún vera um 470. Það þykir kannske ekki skörulegt af landbn. að lækka þetta frá því, sem gert var ráð fyrir í till. búnaðarþings. En við gerðum þetta vegna þess, að við lögðum meira kapp á að fá styrki til annarra framkvæmda. Þó er sá styrkur, sem við lögðum til, svipaður og sá, sem áður var. Talsverð lækkun er þó á styrknum til áburðarhúsa, og er það af þeim sökum, að sú stefna fær æ meira fylgi, að óskynsamlegt sé að reisa steinsteyptar hvelfingar fyrir saurinn, heldur sé meginatriði að hafa steyptar þrær fyrir þvagið og sérstök haugstæði. Við leggjum til, að sama visitala sé lögð á áburðargeymslur og aðrar jarðræktarframkvæmdir, og er þá styrkurinn lítt breyttur.

Við næsta tölulið höfum við gert ýmsar miklar breyt., en þar ræðir um framræslu á landi, og viljum við orða upphaf liðsins svo: „Framræsla vegna túna-, akur- eða engjaræktar (handgröftur)....“ Ræðir þá eingöngu um handgrafna skurði í II. lið, þannig að liðurinn verður aðeins um handgrafna skurði eða þá framræslu, sem ein hefur tíðkazt hér um langt árabil. Hér er því um að ræða mikla hækkun til þessarar framræslu, sem sést bezt, ef athuguð eru gildandi jarðræktarlög, sem gera ráð fyrir, að styrkur vegna skurða, sem eru einn metri að dýpt og grynnri, skuli nema kr. 1.50 pr. rúmmetra, en hér er gert ráð fyrir styrkjum vegna skurða handgrafinna, sem nema einni krónu pr. rúmmetra. Hér er því um allt að tífalda hækkun að ræða. En að n. leggur þetta til, á sínar orsakir, eins og allt annað. Nú hafa skurðgröfurnar komið til sögunnar og gerbreyta öllum aðstæðum til þurrkunar landsins. Þetta gerir það að verkum, að þeir bændur, sem ekki geta fengið þessi mikilvirku tæki — og þeir eru því miður nokkuð margir —, verða að fá miklu hærri styrki vegna framræslu á sínu landi, því að ef þeir fengju það ekki, væri dæmd til dauða öll framræsla, nema með skurðgröfum. Okkur telst svo til, að þessir styrkir muni nema allt að ⅓ af kostnaði við skurðlagninguna. Það er af þessum ástæðum, sem við teljum, að þessi hækkun sé réttmæt, sem og áður hefur verið gert bæði af

mþn. í þessum málum og síðar af búnaðarþingi.

Þá er það í sambandi við II. c-lið, um hnausræsi. Framræsla með hnausræsum er lítið notuð nú orðið, og teljum við, að styrkur til slíkra framkvæmda sé nægilega hátt ákveðinn kr. 0.75 pr. rúmmetra. Hér er því um að ræða lækkun frá því, sem er í frv. — Eins höfum við gert till. um að lækka ýmsa aðra liði, sem ég sé ekki ástæðu til að nefna.

Þá er ég kominn að kílræsunum. Í frv. er gert ráð fyrir styrkveitingum til hinna svonefndu kílræsa, en það eru skurðir, sem myndast, eins og hv. þm. vita, en þó kannske ekki allir, þegar þungur kíll er dreginn eftir jörðinni. Samkv. brtt. n. er ætlunin að leggja styrkveitingar til slíkra skurða alveg niður, en ég get sagt það sem mína skoðun, að ég held, að þessi liður ætti að haldast, en á þá skoðun gat meiri hl. n. ekki fallizt. Þetta er og raunar ekki stórt atriði.

Þá er það h-liðurinn í brtt. n. Þar er ráðgert, að á eftir II. e. komi nýr liður, sem orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir skurðir): Helmingur rekstrarkostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi:

Leiga greidd vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður (sem ekki er innifalinn í leigunni), vírar, hlerar og olíur, og mannahald, eftir því sem það er ákveðið eða samþ. af stjórnendum vélasjóðs."

Árið 1942 var gerð breyting á jarðræktarl. og þá einungis í sambandi við vélasjóð. Um það leyti voru skurðgröfur fyrst að þekkjast hjá okkur, og gera þau l. ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ⅓ af rekstrarkostnaði skurðgrafanna. Hér er aftur á móti lagt til, að ríkissjóður greiði helming rekstrarkostnaðarins, og er það í samræmi við till. mþn. og síðar búnaðarþings. Sem rökstuðning fyrir þessari hækkun mætti benda á, hve mikið nauðsynjamál það er að þurrka landið sem bezt, því að það gerbreytir því til hins betra og búskaparskilyrði verða allt önnur og betri. Það er með þetta höfuðnauðsynjamál í huga, sem n. hefur lagt til, að ýmsir aðrir liðir verði lækkaðir frá því, sem er í till. búnaðarþings, og gerir þá jafnframt ráð fyrir, að þetta nái fram að ganga. Þó er því ekki að neita, að nokkur kostnaðarauki verður af þessu fyrir ríkissjóð. Ef miðað er við síðastliðið ár, þá varð þessi kostnaðarliður um það bil ½ millj. eða vel það. Ég skal taka það fram, að ekki er því lýst í frv., hvað skuli teljast rekstrarkostnaður, en við töldum rétt að taka það skýrt fram.

Þá er það i-liðurinn í 6. brtt. okkar, sem á við V. í frv., en sá liður er þar í tveim hlutum. Eftir brtt. okkar verður þetta nú VI, og höfum við orðað þennan lið um og gerum ráð fyrir, að hann verði óskiptur. Í þessari brtt. okkar leggjum við til, að girðingar verði teknar út í einu lagi og verði styrkur veittur til þeirra kr. 0.30 pr. m.

Þá er ég nú kominn að VI, sem er um heyhlöður. Þar höfum við ekki gert neinar brtt. við a-liðinn, en aftur á móti leggur n. til, að b-liðurinn, um súgþurrkunarkerfi í hlöður, steyptar með járnþaki, falli burt. Þetta finnst mönnum nú kannske einkennilegt, því að súgþurrkun hefur nokkuð verið reynd hér á landi og gefizt vel. En n. fannst, að sá styrkur, sem í frv. er ætlað að veita til þessara framkvæmda, væri svo lítill miðað við kostnaðinn af þessum framkvæmdum, að ekki tæki því að hafa hann. Einnig var n. á þeirri skoðun, að með þessum l. ætti fyrst og fremst að veita styrki til undirstöðuatriða búskaparins, en ekki vera að skipta styrkveitingunum niður til sem flestra framkvæmda. Ég veit svo ekki, hvað súgþurrkunartækin muni reynast vel, er til lengdar lætur, og endast í hlöðum landsins.

Þá er það c-liðurinn. Þann lið höfum við orðað um, en höfum styrkveitinguna þá sömu. Aftur á móti höfum við tekið undir þennan lið fleiri byggingarefnistegundir en áður voru. Hins vegar hefur n. orðið sammála um að fella burt d-liðinn, „Þurrheyshlöður úr öðru efni", því að það eru jú aðeins torfhlöður, en þær eru nú orðið ekki byggðar nema sem viðgerð á eldri hlöðum. Um þetta var n., eins og áður er sagt, alveg sammála.

Síðan eru það votheyshlöðurnar. Í frv. er gert ráð fyrir tveim tegundum af votheyshlöðum, votheyshlöðum með járnþaki, hringlaga, og af annarri lögun með járnþaki, og er mismunandi styrkur til þessara tegunda. Í frv. er gert ráð fyrir hærri styrk til hinna hringlöguðu, en n. gat eigi fallizt á þetta og leggur til, að styrkurinn sé ákveðinn kr. 4.50 pr. rúmmetra. Hér er því um að ræða hækkun frá því, sem er í frv., ef tekið er meðaltal af styrkveitingunum, sem þar eru ákveðnar, en þessa upphæð ákváðum við með hliðsjón af hinni miklu þörf íslenzks landbúnaðar á að koma upp votheyshlöðum.

Þá er ég kominn að VII. í frv., sem er um búvélageymslur og grænmetisgeymslur. Leggjum við til, að þessi liður falli burt, og er nú rétt að gera nokkra grein fyrir ástæðunum til þess. Þetta er nýr liður, sem ekki hefur verið áður í jarðræktarlögum, og út frá þeirri grundvallarreglu, sem ég nefndi áðan, að vera ekki að teygja styrkina út til of margra og mismunandi framkvæmda, þá vildum við ekki fallast á þessa styrki. Þar að auki töldum við, að hér væri um að ræða svo mikinn kostnaðarauka, kannske yfir ½ millj. kr.

Ég hef nú hér að framan skýrt frá þeim brtt., sem n. hefur gert um styrkveitingar til hinna einstöku framkvæmda. Nú mun eðlilega verða spurt, hver áhrif þær muni hafa, ef samþ. verða, á greiðslur ríkissjóðs til þessara mála. N. hefur að nokkru reynt að gera sér þetta ljóst, þótt mjög erfitt hafi verið. Jarðræktarstyrkurinn 1948, sem greiddur var út 1949, nam um það bil 4½ milljón kr. Samkvæmt frv., eins og það var lagt fyrir Alþingi, þá er reiknað með, að styrkurinn verði eitthvað í kringum 5½ millj. kr., en þó kannske tæplega, en í þá tölu er ekki tekið með, hver áhrif það muni hafa að afnema árshámarkið. Ef nú brtt. n. verða samþ., þá munu þessar greiðslur nema

eitthvað í kringum 4.9 millj. kr. Þetta eru nú þær upplýsingar, sem við getum gefið varðandi upphæðir styrkjanna, og hefur n. lagt í það mikla vinnu að fá þetta sem nákvæmast.

Síðan er það þá 7. brtt., sem er við 12. gr. og er í rauninni aðeins afleiðing af þeim brtt., sem búið er að lýsa hér að framan. Hér er þess vegna því til samræmis lagt til, að greidd verði vísitala framfærslukostnaðar, en ekki byggingarkostnaðar.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þeim brtt., sem n. leggur til, að gerðar verði við II. kafla laganna. Er ég nú kominn að vélasjóðnum. Þykir mér rétt að gera fyrst almennt dálitla grein fyrir honum. Vélasjóður hefur verið efldur til kaupa á skurðgröfum og leigt þær síðan út um sveitir landsins. Þessi breyt. var gerð á l. 1942, en þá var til n., sem stofnuð hafði verið með l. frá 1940 og átti að hafa með höndum athugun á vélum og verkfærum, svonefnd verkfæranefnd. Slík stöðug athugun hefur að sjálfsögðu mikið að segja fyrir okkur. En með breyt., sem gerð var á l. 1942, var verkfæranefndinni falið að fara einnig með stjórn vélasjóðs. Verkfæranefnd hefur sérstaka skrifstofu fyrir sína starfsemi og hefur ekki neitt samráð við Búnaðarfélag Íslands. Segi ég þetta henni síður en svo til lasts. En af þessu hefur leitt tviskiptingu, því að Búnaðarfélagið hefur með höndum mælingu og fleira í sambandi við skurðina, en verkfæranefndin leigir skurðgröfurnar út. Þessi tviskipting hefur ýmsar óheppilegar hliðar. Við skulum t. d. segja, að mælingamaður frá Búnaðarfélaginu fari út á land til þess að mæla fyrir skurðunum, en hefur svo ekki nein áhrif á það, hvort skurðgröfurnar koma nokkurn tíma á suma þessara staða. Þetta getur því hæglega orðið til þess að sóa stórkostlegum verðmætum. Að verkfæranefndinni var falið að hafa með höndum stjórn vélasjóðs, hefur svo einnig það í för með sér, að hún getur ekki sinnt sínu eiginlega starfi, þ. e. að hafa eftirlit með verkfærunum, því að hún hefur nóg að hugsa um skurðgröfurnar. Það hefur því lengi verið mín skoðun, að hér eigi ekki að skera í milli og Búnaðarfélag Íslands eigi að hafa með skurðgröfurnar að gera eins og annað það, sem tilgreint er í jarðræktarl. En um þetta atriði varð ekki samkomulag í n., eins og sést á brtt. hv. 5. landsk., en hann leggur þar til aðra skipan þessara mála. Það, sem við hinir nm. leggjum til í samræmi við þetta mál, felst í 9. brtt. við 17. gr. og að vísu einnig í brtt. við 16. gr. Ég ætla þó sérstaklega að minnast á 9. brtt. við 17. gr. Samkv. henni á landbrh. að skipa þriggja manna nefnd, sem nefnist vélanefnd ríkisins. Nefndin á að vera skipuð verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands og einum manni tilnefndum af búnaðarþingi. Með þessari skipan vildum við tengja þetta starfi búræktarráðunauta Búnaðarfélagsins. Um það var nokkur meiningarmunur, hvort skipa ætti þessa nefnd eða leggja hana beint undir Búnaðarfélag Íslands. En þetta varð nú samt niðurstaðan, og hefur landbrh. eftir henni nokkru frjálsari hendur en ella. Og hinar breyt. við þennan kafla eru í raun og veru afleiðing af þessu. Ég fyrir mitt leyti álít, að með þessari skipan sé komið fastara formi á framkvæmdir þessara mála, og það hljóti frekar að verða til góðs fyrir alla, og svo í sambandi við það þurfum við að byggja upp þannig starfsskilyrði fyrir verkfæranefndina, að hún geti hér eftir sérstaklega einbeitt sér að því verkefni að annast prófun véla og verkfæra. Og landbn. þessarar hv. d., eða a. m. k. meiri hl. hennar, mun síðar, ef þessar brtt. við III. kafla frv. verða samþ., bera fram frv. til l. um breyt. á l. um tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins, er leggi til, að breyt. verði á starfstilhögun n. Í þeim l. eiga ákvæði um þá n. heima, og er eðlilegt að marka henni starfsskilyrði í þeim l. En þetta vildum við ekki gera, fyrr en við sæjum, hvernig þessu máli reiddi af hér í þessari hv. deild.

Við höfum breytt 16. gr., en þar er ekki um verulega efnisbreyt. að ræða. Við leggjum til, að 4. liðurinn í 16. gr. verði felldur niður. Okkur þykir ekki nauðsynlegt að hafa ákvæði þess liðar í þessum l., því að landnám ríkisins hefur í raun og veru þetta hlutverk með höndum að annast slíkar framkvæmdir fyrir ríkið. Þess vegna fannst okkur óeðlilegt að hafa þetta á þennan hátt í l.

Ég skal reyna að fara að stytta mál mitt. En þetta er nú það mikið mál, að það er ekki þægilegt að komast frá því í mjög stuttu máli.

IV. kaflinn er um búferlaflutning. — V. kafli er um erfðaleigulönd, og við þann kafla hefur n. engar breyt. gert, heldur bara leiðréttingu á 29. gr., en ekki efnisbreyt.

Þá kem ég að bráðabirgðaákvæðum frv. Við höfum gert þar tvær brtt. Við 1. málsgr., þar sem gert er ráð fyrir, að ef ekki sé völ á nægilega mörgum búfræðingum með sömu eða meiri menntun en gert er ráð fyrir í framhaldsdeild bændaskólans á Hvanneyri til að gegna héraðsráðunautsstörfum, þá megi til bráðabirgða og með samþykki Búnaðarfélags Íslands ráða til þessa starfa búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, þar komi á eftir orðunum „til bráðabirgða“ orðin „til eins árs í senn“ inn í ákvæðið. Við vildum takmarka þetta meir en gert er ráð fyrir í frv. N. telur, að stefna eigi að því, að þessir menn hafi góða undirbúningsmenntun, og við viljum alls ekki, að þetta sé gert, sem í ákvæðinu er til tekið, nema út úr ýtrustu neyð og þá aðeins um eitt ár í senn, ef þannig eru ráðnir menn til þessara hluta. — Svo er það hér síðasta málsgr. í ákvæðunum til bráðabirgða, um að til ársloka 1959 skuli þau býli, er eigi hafa 10 ha tún, njóta 300 kr. styrks á ha til jarðræktar að viðbættri verðlagsuppbót. Þetta er 100 kr. meira að grunnstyrk á hvern ha en ákveðið er í 11. gr. og á að koma í staðinn fyrir uppbót, sem veitt var með 30% uppbót samkv. gildandi l. Þetta er að mínum dómi mjög nauðsynlegt ákvæði. Styrkurinn á jarðræktina, eftir frv. eins og það liggur fyrir, er dálítið lækkaður frá því, sem er í gildandi l., og það hafa allir aðilar og búnaðarþing líka álitið, að væri sjálfsagt, enda verður sú tækni, sem fram hefur komið í ræktunarmálum á síð-

ustu árum, að sýna sig í því, að hægt sé að lækka ræktunarkostnaðinn að einhverju leyti. En svo er ástatt, að það eru sorglega mörg býli, þar sem segja má, að ekkert sé byrjað á ræktunarmálum enn, og þeim verður þungur fjötur um fót með að koma ár sinni svo vel fyrir borð, að vel megi við una. Þeim héruðum, þar sem svo er ástatt um jarðir, er mest hætta búin af fólksstraumi til kaupstaðanna, og þar sem svo er ástatt, tel ég ekkert vit í öðru en að veita þeim aðilum einhver fríðindi fram yfir það venjulega. Og þetta eru þau býli, sem oft er erfiðast að fá stórvirkar vélar til þess að koma við á, svo sem dráttarvélar. Ég tel því, að ekkert vit sé í öðru en að veita þeim býlum meiri styrk til framkvæmdanna. Einn hængur er á þessu. Við vitum ekki um stærð túnanna. Það þyrfti að mæla upp öll tún landsins, og um þetta er ekki hægt að ákveða, nema með því að fá skyndimat á túnunum, um það, hver þeirra og hvenær þau séu orðin 10 ha. En vonandi verður að þessu unnið á næstu árum, að þetta verði gert. Með fleiri héraðsráðunautum og slíku skapast meiri möguleikar til þess að mæla upp túnin, og þess vegna er mér held ég óhætt að segja, að n. öll sé sammála um að leggja áherzlu á það, að einmitt þetta ákvæði í l. til bráðabirgða verði lögfest og með því rýmkað nokkuð um, til hagnaðar fyrir þessi verr settu býli. — Þá höfum við breytt ártalinu í þessu síðasta ákvæði til bráðabirgða. Í frv. stendur 1959, og er þetta hugsað sem tíu ára ákvæði, þar sem frv. var borið fram 1949. Við viljum hér tiltaka árið 1960, ef frv. skyldi verða lögfest á þessu ári.

Ég held, að ég hafi þá gert grein fyrir brtt. landbn. Eins og ég tók fram í upphafi, er n. sammála um flestar þessar brtt., sem hér liggja fyrir. En hv. 5. landsk. þm. hefur sérstöðu um nokkrar þeirra og hefur borið hér fram sérstakar brtt. varðandi þau atriði.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. hefur tekið fram, að ég hef sérstöðu um nokkrar brtt. á þskj. 361. Ég flyt brtt. á þskj. 389. Þarf ég ekki langt mál til þess að mæla fyrir þeim. — 1. brtt., sem ég flyt, er um að setja í fastara form þá leiðbeiningarstarfsemi, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur en bæði í frv. er tiltekið og aðrir hv. nm. í landbn. leggja til. Í sambandi við það vil ég byrja á að geta þess, að þegar þessi breyt. á l. var undirbúin í fyrstu, þá var það gert af fimm manna nefnd, sem skipuð var af landbrh. 11. júní 1947 og í voru þeir Pálmi Einarsson landnámsstjóri, form., Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Gunnlaugur Kristmundsson fyrrv. sandgræðslustjóri, Hafsteinn Pétursson bóndi og Ólafur Jónsson tilraunastjóri. Þessir menn allir voru kunnugir landbúnaði, og fjórir þeirra höfðu beinlínis verið leiðbeinandi starfsmenn sem ráðunautar fyrir landbúnaðinn um fjölda ára.

Þessi n. lagði einróma til, að leiðbeiningarstarfsemin yrði sett í það form að skipta landinu niður í ákveðin svæði, þar sem gert var ráð fyrir, að héraðsráðunautar í jarðrækt skyldu vera 10 á landinu, og n. lagði til ákveðna skiptingu í þessu efni, og það er sú skipting, sem ég hef leyft mér að taka hér upp í brtt. mína. — Ein af þeim röksemdum, sem færðar hafa verið fram gegn því að fara þessa leið, en með því að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í frv., er sú, að í búfjárræktarl., sem samþ. voru hér fyrir ég held tveimur árum, þá er gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi eins og í þessu frv. hvað snertir héraðsráðunauta í búfjárrækt. Ég hygg, að megi fullyrða, að það hafi komið í ljós, að það fyrirkomulag sé ekki heppilegt. Fyrst vil ég benda á, að það virðist nokkuð óeðlilegt að hafa slík ákvæði í l., sérstaklega eins og það er í frv. sjálfu, þar sem gert er ráð fyrir, að það sé á valdi búnaðarþings að segja til um það, hve margir starfsmenn séu settir í þessa grein, þar sem þeim þó eru greidd laun úr ríkissjóði að hálfu leyti. Að vísu er lagt til, að þessu verði breytt í brtt. þeirra 4 nm., hv. meiri hl. n., sem stendur að brtt. á þskj. 361, þar sem gert er ráð fyrir, að landbrh. skuli þó þurfa að samþykkja tölu þessara manna. En það eru einnig fleiri atriði í sambandi við þetta. Mér virðist mjög mikið ósamræmi vera í því að gera ráð fyrir, að næstum því hvað lítið svæði sem vera skal, aðeins ef það nær samþykki búnaðarþings og landbrh., geti ákveðið að hafa þarna starfsmann, jafnvel þó að gengið sé inn á þá braut, að sami starfsmaður hafi báðar þessar greinar leiðbeiningarstarfseminnar með höndum, búfjárræktina og jarðræktina. Það hefur komið mjög fram í okkar landbúnaðarfélagsskap á síðari árum, að það hefur verið á það sótt að skipta landinu í mjög smá og mörg búnaðarsambandssvæði. Það virðist t. d. furðu lítil ástæða til að skipta Húnavatnssýslu í tvö búnaðarsambandssvæði, og þar er ekki um neinar sérstakar landfræðilegar ástæður að ræða, sem geri slíka skiptingu nauðsynlega. Og ég hygg, að samkv. þessu, eins og gert er ráð fyrir því í till. hv. meiri hl. n., sé hætta á, að það skapist ósamræmi, hvað þessa starfsemi snertir. Samkv. þeim getur farið svo, að sums staðar verði einn ráðunautur fyrir tiltölulega lítið svæði, en annars staðar getur farið svo, að ráðunautur geti haft allmiklu stærra svæði til að gegna leiðbeiningarstörfum á, þannig að þarna skapist mikið misræmi. Þess vegna tel ég heppilegra, að með l. sé landinu skipt í slík svæði, og hef ég þess vegna haldið mér við þá till. í þessu efni, sem hin stjórnskipaða nefnd, er ég gat um, setti fram í þessu efni og rökstuddi í sínu nál.

Hv. frsm. meiri hl. landbn. vildi telja óruggt, að í sambandi við þessi ákvæði frv. væri engin aukaútgjöld um að ræða fyrir ríkissjóð. Ég tel nokkuð hæpið að fullyrða það, þar sem hér er alls ekki neitt ákvæði sett fram um það, hversu margir þessir starfsmenn skuli vera.

Þá vil ég enn fremur minnast ofurlítið á stærð sambandssvæðanna, og vil ég í sambandi við það gefa upplýsingar um það, hversu mörg býli muni liggja á hverju sambandssvæðanna eftir þeirri skiptingu, sem ég legg til. Búnað-

arsamband Kjalarnesþings hefur innan sinna vébanda 448 jarðir, samkv. skýrslum, sem að vísu eru birtar í öðru sambandi, þ. e. í grg. fyrir frv., sem hin stjórnskipaða n. sendi frá sér á sínum tíma. Búnaðarsamband Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur 424 býli, Búnaðarsamband Dala- og Snæfellsnessýslu 480 býli. Það er fullt samræmi í stærð þessara þriggja búnaðarsambanda, hvað býlatöluna snertir. Búnaðarsamband Vestfjarða og Strandasýslu, sem er um það bil tvöfalt býlafleira en hvert hinna þriggja nefndu búnaðarsambanda fyrir sig, það hefur 884 býli. Og svo eru tvö önnur búnaðarsambönd með svipaða býlatölu og hin fyrst nefndu sambönd, Búnaðarsamband Húnavatnssýslu með 440 býli og Búnaðarsamband Skagafjarðarsýslu með 490 býli. Þá kemur Búnaðarsamband Eyjafjarðarsýslu ásamt Siglufirði með 523 býli, Búnaðarsamband Þingeyjarsýslu með 708 býli, Búnaðarsamband Austurlands með 908 býli og Búnaðarsamband Suðurlands, sem er langstærst, því að innan þess eru 1511 býli. Það liggur ljóst fyrir, að hér er um að ræða þrjú búnaðarsambönd, sem eru sérstaklega stór, og þess vegna mætti telja, að þeim væri ekki gert eins hátt undir höfði með þessum till. eins og öðrum búnaðarsamböndum. Það eru Búnaðarsamband Austurlands, Suðurlands og Þingeyjarsýslu. En í till. hinnar stjórnskipuðu n. í upphafi og í till. hv. meiri hl. landbn. er gert ráð fyrir því, að þau búnaðarsambönd, sem ná yfir meira en tvö sýslufélög, skuli hafa sérstakan mælingamann til aðstoðar auk héraðsráðunautanna, þar sem gert er ráð fyrir, að starf þeirra sé svo mikið, að einn ráðunautur geti ekki annað því. Það eru þrjú sambönd, sem koma undir þau ákvæði, og tel ég, að þar með sé skapað nokkurt samræmi í þessu. En hvað snertir Vestfjarðasambandið, þá munu þar vera örðugastar samgöngur á landinu. Hins vegar verður Búnaðarsamband Suðurlands vitanlega með mestan fjölda býla á hvern starfsmann, ráðunaut og aðstoðarmann hans. En þar er þess að gæta, að þar eru samgöngur beztar og þess vegna öll leiðbeiningarstarfsemi auðveldust að því leyti.

2. brtt. á þskj. 389 var nokkuð rædd í n., og gátu hv. meðnm. mínir ekki fallizt á að taka það atriði inn í frv. Hv. 1. þm. Skagf., frsm. n., gat einmitt í framsöguræðu sinni um þá breyt., sem gert er ráð fyrir í frv. og líka í till. þeirra 4 hv. nm. um að fella niður það hámark á styrk til einstakra býla, sem gert er ráð fyrir í jarðræktarl., eins og þau eru í gildi nú. Og þar er að ræða um tvenns konar hámark. Í fyrsta lagi árshámark, sem ákveður, að hvert býli megi ekki fá nema 600 kr. á ári, sem er 1800 kr. með vísitöluuppbót, og svo er í öðru lagi í 13. gr. ákveðið, að hámarksstyrkur til hvers býlis megi nema: a. Til byggingar safngryfja og haughúsa samtals kr. 1500,00, b. Til byggingar þurrheyshlaða kr. 500,00, c. Til byggingar votheyshlaða kr. 350,00 og d. Til jarðræktar á ári kr. 600,00. Hér er um að ræða atriði, sem mjög mikið var um deilt á sínum tíma. Og ég vildi taka fram, að þó að ég sé út af fyrir sig fylgjandi hámarksstyrk á býli, þá tel ég, að eins og þessu er nú fyrir komið í núgildandi jarðræktarl., þá séu þetta ákvæði, sem ekki geti staðizt. Í fyrsta lagi er það svo, að þegar gert er ráð fyrir hámarksupphæð á býli sem styrk í þessum efnum, þá er verið að gefa mönnum misjafna aðstöðu. Hér er í nál. stjórnskipuðu n., sem undirbjó í fyrstu þessar breyt., skýrsla, sem sýnir, hversu mikill hluti af býlum landsins hefur verið búinn að fá ákveðnar upphæðir á árabilinu 1925 til 1946, og sýnir hún, að í árslok 1946 hafa um 53% af öllum býlum á landinu verið með innan við eitt þús. kr. grunnstyrk. En þetta sýnir, að á þessum um það bil helming af öllum býlum á landinu er tiltölulega mjög stutt komið á þeirri braut að færa búskapinn í viðunandi horf. Ég tel, að þessi mikli munur stafi mjög mikið af því, hversu aðstaðan er mismunandi á einstökum býlum í þessum efnum. Og að mjög verulegu leyti mun þetta vera vegna þess, að þar, sem ekki er nema mýrlendi til ræktunar, sem þarf að kosta miklu til, áður en hægt er að rækta það, hafa framkvæmdirnar orðið minni en þar, sem ekki þarf slíks við. Það er ekki hvað sízt það, sem ég tel rétt að leggja sérstaka áherzlu á, að gera mönnum hægara fyrir í framkvæmdum þessara nauðsynlegustu ræktunarframkvæmda, framræslunnar. Einmitt þetta atriði, aðstöðumunurinn til ræktunar vegna þess, að sums staðar þarf miklu meir að ræsa fram en annars staðar fyrir ræktunina, gerir það að verkum, að það virðist vera mjög óeðlilegt ákvæði að miða hámarksstyrk á býli við krónufjölda, en ekki flatarmál eða stærð ræktaðs lands og stærð þeirra bygginga, sem ætla má, að þurfi fyrir bæði áburð og fóður og gripi.

En þessi skýrsla sýnir okkur annað og þessar tölur, sem hún hefur inni að halda, sem sé það, að við þurfum að leggja hina mestu áherzlu á að fá þessar jarðir, sem gert er ráð fyrir, að verði framtíðarbýli, þannig bættar með ræktun, að með ræktuninni komist stærðin á búum á þeim upp í það, sem viðunandi megi teljast fyrir meðalbú, eins og við þurfum að hugsa okkur það í framtíðinni. Meðalbú á Íslandi er svo ákaflega lítið, að það er ekki hægt að telja viðunandi til lengdar. Út frá þessu virðist mér líka vera rétt að halda hámarki á styrkveitingu til hvers býlis og miða það við það, að lögð sé fyrst og fremst áherzla á að koma búskapnum í það horf, er telja megi viðunandi búskap á býli, svo að búið sé orðið það stórt, að það megi teljast nægilegt verkefni fyrir eina fjölskyldu, með þeim vélakosti, sem eðlilegt er, að sé í vinnu við búskapinn. Í samræmi við þá hugmynd hef ég lagt til, að hækkað verði það hámark framkvæmdanna, sem styrkja beri. Það er mjög athyglisvert við okkar búskap, að hann er nú fyrst á síðustu áratugum að færast úr því að vera rekinn í miðaldaformi, og alls staðar, hvar sem er, þykir sú þensla sjálfsögð, að búskapurinn komist upp úr því. Það eru tiltölulega fá bú hér á landi, sem ekki þykir sjálfsagt að þenja út. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hvaða bústærð sé heppilegust, til þess að búin skili fullum arði, miðað við fjármagnið,

sem í þeim er, og það erfiði, sem við þau er haft. Og mér finnst, að það ætti að vera um tvenns konar búskap að ræða, sérstaklega þar sem mjólkurframleiðsla er mest stunduð og eingöngu rekin með ræktunarbúskap, þannig að í fyrsta lagi sé miðað við það um stærð ræktunarlands og bústærðina, að þar sé hæfilegt verkefni um að ræða fyrir eina fjölskyldu, og hins vegar sé annað fyrirkomulag búanna, þar sem búin eru rekin að verulegu leyti með aðkeyptu verkafólki, og þá þarf búskapurinn að vera miklum mun stærri.

Ég hef lagt til í minni brtt., að þegar rúmmál áburðar- og heygeymslna svo og flatarmál ræktaðs lands á býli hefur náð vissu hámarki, þá skuli styrkveitingar til býlisins falla niður, þ. e. þegar áburðarhús og safnþrær ná 250 rúmmetrum, þurrheys- og votheyshlöður 1000 rúmmetrum og flatarmál ræktaðs lands 20 ha. Ég hygg, að það megi með nokkrum rökum fullyrða, að hér sé um að ræða aðstöðu til að reka það bú, sem sé einni fjölskyldu nokkurn veginn hæfilegt verkefni, með viðunandi tækni, sem þar til heyrir, og það muni einnig vera nægilega stórt til þess að bera þann vélakost, sem nauðsynlegur er hverju sinni. En það, sem þjáir okkar smábúskap, er, að hann ber ekki þann vélakost, sem hann þarf að gera, þannig að það fjármagn, sem í vélunum er fólgið, verður svo mikið, að það ber smábúskap ofurliði. Þetta ræktaða land, sem hér um ræðir, getur gefið af sér um eitt þúsund hesta heys, og það verður nægilega mikið fóðurmagn til þess að fóðra 20 kýr og auk þess nokkur hross. Ég álít, að það beri að stefna að því að koma búunum upp í þessa stærð, en hins vegar álít ég, að það sé ekki ástæða til að styrkja menn til þess að hafa búskapinn meiri en þetta. Það eru röksemdir þeirra manna, sem vilja fella niður hámarksákvæðið úr l. í þessum efnum, að ef það er ekki fellt niður, muni það draga úr því, að menn vildu rækta jarðir sínar meir og skipta þeim milli barna þeirra. Ég vil síður en svo koma í veg fyrir þá þróun, ég tel hana æskilega. Þó tel ég eðlilegra, að jörðunum sé ekki skipt, heldur sé aukinn búskapur á jörðunum á þann hátt í fyrsta lagi, að samvinnubúskapur sé rekinn á þeim, þar sem fleiri heimili stæðu að og hefðu tekjur sínar af. Þess vegna hef ég gert ráð fyrir í minni brtt., að þær jarðir, sem hafa náð fyrrnefndu hámarki, skuli verða styrktar áfram í hlutfalli við þau býli, sem jörðinni er skipt í, eða hvern meðeiganda í búrekstrinum, ef um samvinnubúrekstur er að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till.

Þá er 3. brtt., sem ég flyt á þskj. 389, sem hv. 1. þm. Skagf. minntist á og getið er um í nál. Ég gat ekki orðið sammála hv. meðnm. mínum um stjórn vélasjóðs.

Þess var getið af hv. frsm., að samkvæmt l. frá 1942 þá var, þegar vélasjóður var stofnaður, stjórn hans falin verkfæranefnd ríkisins. Rökin, sem eru sérstaklega færð nú fram fyrir því, að rétt sé að kljúfa þessa starfsemi sundur, eru í fyrsta lagi þau, að stjórn þessara mála hafi verið þannig, að það hafi verið stofnuð sérstök skrifstofa utan Búnaðarfélagsins, skrifstofa vélasjóðs, sem hafi haft þessa starfsemi með höndum, en þessi starfsemi hafi verið tvískipt, því að Búnaðarfélagið eigi að sjá um undirbúning þessara framkvæmda allra, en vélasjóður um framkvæmdirnar sjálfar, og þá geti orðið ósamræmi í því. Mælingamenn Búnaðarfélagsins eigi að mæla fyrir þessum framkvæmdum, en síðan sé það stjórn vélasjóðs, sem eigi að hafa framkvæmdirnar með höndum. Ég vil leyfa mér að benda á, að sú till., sem ég flyt hér í sambandi við þetta, er sú sama og hún miðar að því að taka upp sama fyrirkomulag og það, sem hin upprunalega stjórnskipaða n. lagði til, að yrði viðhaft. Og ég verð að segja, að þau rök, sem ég hef heyrt á móti þessu fyrirkomulagi, hafa ekki sannfært mig um, að það sé svo nauðsynlegt að breyta hér um eða trygging sé fyrir, að það yrði breytt um til batnaðar.

Í fyrsta lagi þá vil ég benda á, að samkvæmt minni till. vil ég, að hér sé málum skipað í samræmi við till. hinnar stjórnskipuðu n., sem saman var sett af leiðandi mönnum, sem árum saman hafa starfað í þjónustu landbúnaðarins. Þar er gert ráð fyrir, að verkfæranefnd ríkisins sé skipuð þannig, að í henni sé verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, ella kjósi stjórn félagsins í n. einn af jarðræktarráðunautunum. M. ö. o., einn af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands er sjálfkjörinn í n. Annar maður er líka sjálfkjörinn í n. eftir minni till., en hann er kosinn af búnaðarþingi, og er þá sýnilegt, að það er raunverulega Búnaðarfélag Íslands, sem hefur meiri hl. í verkfæranefnd, og það er aðeins formaðurinn, sem ég geri ráð fyrir, að skipaður sé af landbrh. Ég fæ ekki skilið annað en n., þegar svona er undirbúið, að 2 af 3 í verkfæranefnd skuli skipaðir á vegum Búnaðarfélagsins, annar af stjórn félagsins eða sjálfkjörinn ráðunautur, en hinn af búnaðarþingi, þá sé ég ekki annað en þar eigi að verða ágæt samvinna á milli. Enn fremur veit ég ekki betur en svo sé háttað yfirleitt í flestum tilfellum með undirbúning þessara framkvæmda, að þær séu undirbúnar, mælingarnar séu framkvæmdar yfirleitt sumri eða ári áður en sjálf framkvæmd verksins er unnin. Ég veit ekki betur en það sé svo í flestum tilfellum, og þá sýnist mér enn fremur fallin burt sú ástæða, að það skapist ósamræmi milli aðgerða verkfæranefndar, sem stjórnar vélasjóði, og undirbúnings Búnaðarfélags Íslands.

Annað atriði, sem mjög er um rætt sem rök fyrir réttinum til að kljúfa hér í sundur, er það, að verkfæranefnd hafi ekki sinnt sínu starfi nægilega mikið. Ég skal ekki um það dæma, en ég hygg, að ef sú ástæða er á fullum rökum reist, sem ég skal ekki fyllilega neita, þá sé það fyrir það, að verkfæranefnd hafi máske ekki átt nógu hægt með að halda sína fundi. Ég get búizt við, að það sé óheppilegt fyrirkomulag, að formaður verkfæranefndar er jafnframt skólastjóri við annan bændaskóla landsins. Ég efast ekki um, að hann

sé prýðilegur maður, en hann á engan veginn hægt með að sinna þessu starfi þess vegna. En það ætti að vera hægt að koma því svo fyrir, að bæði sá maður, sem landbrh. skipar, og sá, sem kosinn er af búnaðarþingi, ættu heima í Reykjavík eða það nærri Reykjavík, að verkfæranefnd ætti hægt með að reka sína starfsemi fullkomlega. Ég sé því ekki ástæðu til að kljúfa þetta í sundur og hygg, að það geti orðið allmikill aukakostnaður við að kljúfa hér í sundur, eins og gert er ráð fyrir í till. hv. meðnm. minna í landbn., sem vilja breyta þessu í annað form.

Ég mun svo ekki að svo stöddu segja fleira um þetta, nema ég vil geta aðeins um eitt atriði, að ég hef áskilið mér rétt til að flytja brtt. við 3. umr., brtt. við 11. gr. II b, sem er viðvíkjandi styrkveitingu á vélgrafna skurði, en ég mun láta það bíða þar til við 3. umr.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka landbn. fyrir þá nánu athugun, sem hún hefur gert á þessu merkilega frv., sem hér liggur fyrir. Það er auðséð, að n. hefur lagt mikla vinnu í að athuga frv., og það var líka nauðsynlegt, *og fyrir það er ég henni þakklátur.*

Hv. frsm. sagði eitthvað á þá leið, að það mundi kannske ekki þykja skörulegt af n. að leggja til að lækka þann styrk, sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. Ég er á annarri skoðun, ég álít það einmitt skörulegt. Hluturinn er að vísu sá, að landbúnaðarmenn þurfa á miklu fé að halda til jarðræktar og annarra landbúnaðarframkvæmda, en ég get látið það í ljós, að ég var ekki alveg laus við ótta, að hér yrði skotið yfir markið og of langt gengið í kröfum. Ég get því verið sammála n. varðandi þetta atriði. Ég hef þó ekki athugað nákvæmlega, hvort einhver atriði kunni að vera þar athugaverð. Ég hef þó athugað þessar till. varðandi styrkinn, og eftir því sem mér virðist fljótt á litið, þá er ég þeim samþykkur.

En það eru hér tvö atriði í brtt. n., sem mér virðast *nokkuð orka tvímælis og n.* ekki heldur vera algerlega sammála um. Annað er 3. brtt. n., varðandi héraðsráðunautana. Samkv. till. undirbúningsn. er gert ráð fyrir því, að það væri hámark á tölu héraðsráðunauta, að þeir væru 10. Mér finnst fyrir mitt leyti, að það ætti að vera nægilegt að hafa svo marga ráðunauta eins og n. lagði til, en hafa það ekki alveg óbundið á valdi Búnaðarfélagsins og samþykki landbrh. að fjölga þessum ráðunautum meira. Að öðru leyti vil ég svo segja það, að mér finnst það ætti ekki einasta að vera heimilt, heldur sjálfsagt, að héraðsráðunautarnir hefðu með höndum eftirlit og yfirstjórn bæði með jarðrækt, búfjárrækt og mælingum í viðkomandi héruðum.

Þá er annað atriði, sem er miklu stærra, en það er 9. brtt. n. og afleiðingar af henni, 10., 11., 12. og 13. brtt., en aðalbrtt. er 9. brtt., og það er um verkfæranefnd. Eins og nú er, þá er framkvæmdastjóri og skrifstofa, sem annast um undirbúning eða hefur með að gera kaup á vinnuvélum og hefur yfirstjórn yfir rekstri jarðyrkjuverkfæra, ekki aðeins á skurðgröfum, heldur allra stórra jarðyrkjuverkfæra og hefur samband við þau viðgerðarverkstæði, sem eru í landinu, en samningar heyra undir Búnaðarfélag Íslands. Nú er hér gert ráð fyrir, að skipaður sé nýr starfsmaður, sem er verkfæraráðunautur Búnaðarfélagsins, en mér vitanlega er hann enginn til síðan Árni Eylands var það og jafnframt starfsmaður S. Í. S., sem er stærsti verkfærainnflytjandinn. En ef verkfærin eru lögð þannig undir vélanefnd, eins og mér finnst eðlilegt, þá þarf engan verkfæraráðunaut hjá Búnaðarfélaginu, því að þá er þessi framkvæmd hjá stjórn vélanefndar.

N. leggur til, að þessi n. verði skipuð þannig, að þar skuli vera verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands, jarðræktarráðunautur Búnarfélagsins, og einn tilnefndur af búnaðarþingi. Landbrh. skal skipa formann n. Nú er búnaðarþing í raun og veru ekkert annað en aðalfundur Búnaðarfélagsins. Hér eru því allir mennirnir nema einn skipaðir af Búnaðarfélagi Íslands. Nú hefur það verið svo undanfarin ár, að einn maður hefur verið beint skipaður af landbrh., og má segja, að það hafi verið of *rausnarlegt eins og það var, þegar ráðh. sjálf*ur var í verkfæranefnd og enn fremur formaður Búnaðarfélagsins. Mér finnst það eðlilegt, að ef við höfum n. eins og verkfæranefnd og ef hún hefur eins mikið starfssvið og hún hefur haft og ef hún á að yfirtaka og hafa með höndum stjórn jarðræktarverkfæra, þá skipi landbrh. formann, hver sem hann er, svo sé landnámsstjóri í n. og einn kosinn af búnaðarþingi eða stjórn Búnaðarfélagsins. Ég vildi gera þessa aths. og fara fram á það við n. að geyma afgreiðslu á þessum till., 2. og 9.—13. brtt., til 3. umr., og við gætum þá haft samræður um það, hvort við gætum ekki náð samkomulagi um það, hvernig þessum málum yrði skipað.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Nd., 6. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það voru örfá atriði í ræðu þeirra hv. þm., sem hér töluðu um frv. fyrir helgina, sem ég vildi gera athugasemdir við. Hv. 5. landsk. þm. hefur borið fram á þskj. 389 nokkrar brtt., og mælti hann fyrir þeim. Það var vitað, að ekki var fullt samkomulag innan n. og voru öll þessi atriði rædd þar, en ég skal nú snúa mér að brtt., og er þá fyrst brtt. við 4. gr., sem er um starfssvæði og skipan héraðsráðunauta. Hv. þm. vill þar binda sig að öllu leyti við brtt. hinnar stjórnskipuðu mþn., sem lagði til, að öllu landinu skyldi skipt í ákveðin svæði, og hvika þar hvergi til, þannig að ráðunautarnir verði 10 og þar verði engu um breytt. Þetta var ýtarlega rætt á búnaðarþingi, sem komst að þeirri niðurstöðu, að þetta fyrirkomulag væri ekki heppilegt, og skal ég færa nokkur rök fyrir þeirri niðurstöðu. Búnaðarfélagsskapur okkar er byggður þannig upp, að innan Búnaðarfélags Íslands starfa búnaðarsambönd, sem

eru geysimisjafnlega stór. Þessi þróun hefur orðið vegna þess, að látið hefur verið að óskum manna heima fyrir, þeirra, sem samböndin hafa myndað á hverjum stað. Nú er það nauðsynlegt fyrir samböndin að hafa einhvern opinberan starfsmann, sem helzt sé bæði faglegur ráðunautur og sömuleiðis framkvæmdastjóri, sérstaklega hvað snertir jarðræktarframkvæmdir, og það er af þessu, að við, sem höfum áratuga reynslu í þessum efnum, teljum óheppilegt að fara inn á þá braut, sem mörkuð er í brtt. á þskj. 389. Við í Búnaðarfél. Íslands höfum raunar reynt að stemma stigu fyrir því, að samböndin skipti sér mikið, því að við teljum, að mjög lítil sambönd hafi ekki fjárhagslega nógu sterkan grundvöll, en við höfum þó ekki séð okkur fært að hindra slíkt með valdi, þar sem einlægur vilji hefur verið heima fyrir til að skipta samböndunum, því að búnaðarfélagsskapurinn er byggður upp á frjálsum grundvelli, og það frelsi höfum við ekki viljað skerða, en þannig hafa nú á síðustu árum klofnað bæði Búnaðarsamband Þingeyinga og Búnaðarsamband Dala- og Snæfellsnessýslu. Við teljum, að ekki sé bundið í lögum, hvert starfssvið ráðunautanna sé. T. d. teljum við heppilegt, að sami maður geti bæði verið jarðræktar- og búfjárræktarráðunautur, þótt gert sé ráð fyrir, að almennt séu þeir annaðhvort, en nú hefur hið háa ráðuneyti fallizt á að skipa mann, sem fær hálf laun samkv. búfjárræktarl. og mundi fá hálf laun eftir þessum lögum, ef frv. verður samþ. Ég tel miklu heppilegra að geta hreyft þetta til í vissum tilfellum, og því legg ég til, að þetta verði ekki bundið, eins og hv. 5. landsk. þm. leggur til. Hann taldi, að samkv. okkar till. væri of lítil bremsa sett á það, að jarðræktarráðunautarnir yrðu of margir. En ég held, að það sé engin hætta á því, því að í smærri samböndunum mundi ráðinn hálfur maður til hvors um sig, jarðræktar og búfjárræktar, og lækkar þetta tölu ráðunautanna, og ef starfssvæði ráðunauts er minna en meðalsýslufélag, þá fær hann ekki full laun. Það getur verið, að samböndin stækki aftur, og þá gæti skipulag hv. 5. landsk. passað í meginatriðum, en það er þó ekkert samræmi í því, að Búnaðarsamband Suðurlands, sem nær yfir hér um bil heilan landsfjórðung, skuli skv. till. hans fá aðeins einn ráðunaut, eins og t. d. Búnaðarsamband Kjalarnesþings eða Skagafjarðar, svo að einhver dæmi séu tekin. Það er ekkert samræmi í þessu, en hv. 5. landsk. taldi, að þetta yrði stóru samböndunum bætt upp með því að láta þau hafa mælingamenn, en ég býst við, að t. d. Búnaðarsamband Suðurlands mundi gjarnan vilja fá tvo héraðsráðunauta, og mundi ég ekki standa gegn því, þegar um svo stórt samband er að ræða. Það er þessi ósveigjanleiki í brtt. hv. 5. landsk., sem ég get ekki fellt mig við og tel, að samrýmist ekki því frjálsræði, sem einkennir uppbyggingu búnaðarfélagsskaparins í landinu. Ég gat þess áðan, að Búnaðarsamband Þingeyinga hefði klofnað, en þar er svo háttað, að héraðið skiptist um Reykjaheiði, og eru lítil samskipti, hvað atvinnu snertir, á milli sýslu-hlutanna. Þar óskar hvort samband eftir einum manni, sem væri bæði jarðræktar- og búfjárræktarráðunautur, en samkv. till. hv. 5. landsk. yrðu þau að fá tvo hálfa menn. Það er og erfitt að sitja í einu sambandi og eiga að hafa á hendi framkvæmdastjórn í héraði, þar sem maður er ekki búsettur. — Hv. þm. talaði um það, að till. okkar eða skipulag það, sem búnaðarþing samþykkti, skapaði ósamræmi. Það má kannske segja, að ekki fáist með því fullt samræmi, en ekki fæst meira samræmi með brtt. hv. þm., og hann vill hafa kerfið ósveigjanlegt, en við teljum nægilegt, að landbrh. geti tekið í taumana, ef tala ráðunautanna ætlar að fara fram úr því, sem góðu hófi gegnir og svo að ofbjóði greiðslugetu ríkissjóðs. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa brtt. að svo stöddu, ég kem kannske að henni síðar í sambandi við annað, en þá kem ég að 2. brtt. á þskj. 389, sem er við 11. gr. og er um það, að á eftir 11. gr. komi ný gr. og þar sé tekið upp hámark á styrk, þannig að styrkurinn falli niður, þegar vissu flatarmáli ræktaðs lands og tilteknu rúmmáli hlaða og áburðarhúsa hefur verið náð. Þetta er í öðru formi en það hámarksákvæði, sem sett var áður, þar sem miðað var við krónutölu, en ekki stærð ræktaðs lands. Ég gat þess í minni framsöguræðu, að samkomulag hefði orðið um það á búnaðarþingi að fella niður þetta hámarksákvæði, bæði árshámarkið frá 1928 og eins heildarhámarkið, sem síðar var sett. Ég tel mig bundinn af þessu samkomulagi, en viðurkenni, að það getur verið réttmætt, að nokkurt hámark sé sett, en tel það óhugsandi eins og lagt er til í brtt. hv. 5. landsk. Fyrst var hámarksákvæðið sett til að tryggja það, að styrkurinn yrði ekki ákveðinn hærri en ríkissjóði væri fært að greiða, og ég er sammála hv. þm. um það, að svo er ástatt um fjölda býla, að þar þarf að lyfta undir ræktunina fremur en hjá þeim, sem lengra eru komnir, og ef það sýndi sig, að ríkisstjórn og Alþingi teldu nauðsynlegt að takmarka greiðslurnar, þá yrði að bremsa styrkinn til þeirra, sem lengst eru komnir, en ýta undir hina. Mundi ég þá leggja til, að farin yrði sú leið, að þeir, sem hafa tún, sem er minna en 10 ha, fái ⅓ hærri styrk á hvern ha, sem ræktaður er, og á þetta að koma í staðinn fyrir 30% hækkunina til þeirra, sem ekki höfðu fengið ákveðna krónutölu í styrk samkv. núgildandi lögum.

3. brtt. hv. 5. landsk. þm. er við 17. gr. Hv. þm. leggur þar til, að það sé að öllu leyti farið eftir till. hinnar stjórnskipuðu n., en till. hennar voru þess efnis, að verkfæranefndin skyldi áfram gegna hinu tvíþætta verkefni og starfa á sama grundvelli og áður. Hv. þm. talaði um það eins og það væri einhver goðgá að hvika nokkuð frá till. mþn., og vil ég segja, að mér finnst það nokkuð mikil undirgefni undir þá n., og þótt hún hafi unnið gott starf og ágætt, þá sé ég ekki minni ástæðu til að taka tillit til óska búnaðarþings og till. starfsmanna Búnaðarfélags Íslands, sem hafa haft betri ástæður til að dæma um, hvað hentar í þessum efnum, en þeir, sem sátu í mþn., því að það eru

einmitt verkefni síðustu ára, sem verður að taka til athugunar í þessu sambandi.

Hv. 5. landsk. gekk fram hjá því atriði, sem ég lagði áherzlu á í sambandi við nauðsyn þess að kljúfa starfsemi verkfæranefndar, en það var, að annar hluti hennar hefði með höndum prófun á öllum þeim vélategundum, sem til landsins eru fluttar, til leiðbeiningar fyrir bændur og innflytjendur, þannig að ekki verði fluttar inn aðrar vélar en þær, sem góðar eru og heppilegar fyrir íslenzka staðhætti. Þetta er svo mikilvægt verkefni, að ég tel, að sú nefnd, sem hefði það með höndum, ætti ekki að hafa önnur störf. Það má líka segja, að sú verkfæranefnd, sem nú starfar, sé óeðlilega skipuð til að hafa slíka prófun, þar sem stærsti innflytjandinn á fulltrúa í þeirri nefnd, það er að segja S. Í. S. Enda þótt ég vilji gengi S. Í. S. sem mest, tel ég ekki rétt, að innflytjandi eigi fulltrúa í þeirri nefnd, heldur eigi hún að vera algerlega óháð og skipuð af viðkomandi ríkisstj., svo að engum þurfi að vantreysta. Auk þess tel ég ekki sjálfsagt, að B. F. Í. hafi eins mikil ítök í þessari nefnd og ráð er fyrir gert. Öðru máli gegnir um framkvæmd vélasjóðs, því að þótt segja megi, að bæði verkefnin snerti jarðrækt, þá eru þau algerlega óskyld. Rekstur skurðgrafna og slíkra véla er allt annað starf en prófun á nýjum tækjum, sem flutt kunna að vera inn í landið, og athugun á hæfni eða kostum þeirra fyrir íslenzkan landbúnað. Hv. 5. landsk. hélt því fram, að skipting þessara verkefna mundi hafa í för með sér aukinn kostnað. Það held ég, að sé alger misskilningur. Eins og þessu er nú háttað, hefur vélanefnd sérstaka skrifstofu, enda þótt hún hafi í rauninni ekki annað verkefni en sjá um rekstur skurðgrafna. Að mínum dómi mætti leggja þetta starf undir B. F. Í., þannig að ekki þyrfti um það sérstaka skrifstofu. Hins vegar þyrfti n. sú, sem hefði með að gera prófun á vélum, að hafa sérstaka skrifstofu og aðstöðu til tilrauna í því sambandi. En ég geri ráð fyrir, að sá kostnaður fengist endurgreiddur, að minnsta kosti nokkur hluti hans, frá viðkomandi innflytjendum, og væri auðvelt að haga því þannig, að sérstakt gjald væri krafið, um leið og ný vél væri prófuð. Með þessu móti væri n. algerlega óháð, og ætti það að hafa vissa kosti í för með sér. Sú skipan mun vera á höfð í nágrannalöndum vorum, að minnsta kosti hinu mikla landbúnaðarlandi Danmörku, og þó að allt sé í smærri stíl hjá okkur, þá ætti þessi leið að vera fær. Þessar till. mínar miða ekki á nokkurn hátt að núverandi verkfæran. og mega því ekki skoðast sem hnútur til hennar, nema síður sé, því að hún hefur leyst starf sitt vel af hendi, svo langt sem það nær.

Hæstv. landbrh. fór viðurkenningarorðum um afgreiðslu n. í ræðu sinni um þetta mál, en þó virtist hann vera sammála 5. landsk., eða að minnsta kosti 1. og 3. brtt. hans. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri þýðingarlaust að setja nýja nefnd, því að annaðhvort ættu þessi mál öll að heyra undir B. F. Í. eða ekki. Ég er þessu sammála, en tel það hins vegar ekki gefa neinn úrskurð um það, hvort þessum störfum skuli skipt milli tveggja nefnda. Þó svo að B. F. Í. hafi þetta hvort tveggja innan sinna vébanda, þá taldi n. heppilegra, að ráðh. tilnefndi menn til þessara starfa, og vegna þess, hvernig þessum störfum er háttað, einkum þó prófuninni á nýjum vélum, gerðum við í meiri hl. n. ráð fyrir, að bezta lausnin á því máli væri sú, að til þess væru kvaddir sérstakir kunnáttumenn af ráðh., til að komizt yrði hjá öllum deilum um hlutdrægni, og þótt þessir menn væru trúnaðarmenn ríkisstj., þá gætu þeir eins fyrir það verið starfsmenn B. F. Í. Hins vegar skildist mér á hæstv. ráðh., að hann vildi láta verkfæran. taka við verkfæraráðunautsstarfi, en því fyrirkomulagi er ég algerlega andvígur og teldi þá betra að taka hreinlega alla ráðunauta í jarðrækt út úr B. F. Í. Ég tel alveg ófært, að allar leiðbeiningar í jarðrækt séu ekki undir sömu stofnun, og þar af leiðandi ekki fært að skilja í sundur leiðbeiningarnar um jarðræktina sjálfa og leiðbeiningar um vélanotkunina, enda gæti slíkt valdið erfiðleikum og glundroða, ef þessum aðilum bæri t. d. ekki saman. Þess vegna er ég á þeirri skoðun, að þetta verði allt að heyra undir B. F. Í. eða þá, að jarðræktin öll yrði sett undir verkfæran., en ekki geri ég ráð fyrir, að neinn sparnaður yrði að slíkri breytingu.

Eitt atriði, sem hv. 5. landsk. minntist á, var það, að ekki ættu að vera nein óþægindi að því, þó að aðrir aðilar hefðu með mælingar að gera en þeir, sem annast rekstur skurðgrafnanna, þar sem mælingarnar væru framkvæmdar sumrinu áður. Svo þyrfti þetta að vera, en því miður þá er nú framkvæmdin ekki sú. Mælingamennirnir eru ekki fleiri en það, að þeir verða að vera á spreng á undan skurðgröfunum, en það stafar líka af því, að þegar mælingamennirnir eru ef til vill búnir að mæla út það, sem þeir álíta að minnsta kosti tveggja mánaða verk fyrir gröfurnar, þá er allt í einu breytt um stað og ákveðið að grafa annars staðar og úr þessu verður svo oft flækja, sem erfitt er að greiða úr með þeim fáu mælingamönnum, sem B. F. Í. hefur á að skipa, en þannig vill það fara, þegar tveir tígulkóngar eru í sömu spilunum. Meðal annars af þessum ástæðum tel ég nauðsynlegt, að þessi mál séu hjá einum aðila, svo að hægt sé að skipuleggja starfið.

Ég held ég hafi nú minnzt á flest af því, sem máli skiptir, og fjölyrði því ekki frekar um málið við þessa umr., nema tilefni gefist. Hæstv. landbrh. óskaði eftir því, að n. athugaði tvær till. nánar, en önnur er um skipan héraðsráðunauta og hin um vélanefndina. Ég er fús að verða við óskum ráðh. í þessu efni og vil gjarnan, að n. fái tækifæri til að ræða við hann um þessar till. Hins vegar tel ég ekki ástæðu til að taka þessar till. aftur til 3. umr. og held, að heppilegra sé að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti atkvgr. um málið, unz n. hefur rætt þessar till. nánar og þá væntanlega við hæstv. landbrh.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að minnast hér í örfáum orðum á þann ágreining, sem komið hefur fram í sam-

bandi við þetta mál. Það er rétt, að ég er í aðalatriðum sammála 1. og 3. brtt. hv. 5. landsk., en hins vegar er ég 2. brtt. hans algerlega andvígur. Um ráðunautana hef ég það að segja, að ég tel bæði eðlilegt og rétt, að þeir hafi leiðbeiningar fyrir búnaðarsamböndin að öllu leyti, og séu þau ekki mjög stór, þá geti viðkomandi ráðunautur verið framkvæmdastjóri sambandsins um leið. Ég álít, að 10 ráðunautar muni nægja fyrir allt landið, og kæmi í því sambandi til greina, að færa þyrfti á milli sambandsfélaga, eftir því sem skiptingin nú er. Hitt atriðið tel ég þó meira um vert, en það er verkfæranefndin. Meiri hl. landbn. vill kljúfa þau störf, sem hér er um að ræða, og láta sérstaka nefnd annast prófun á nýjum verkfærum og gefa leiðbeiningar um þau, en að hinu leytinu hafa sérstaka ráðunauta eða nefnd til þess að sjá um rekstur vélasjóðs og þá aðallega þeirra véla, sem hann á. Þessu er ég mótfallinn og tel, að þetta eigi hvort tveggja að vera á einni hendi. Hv. frsm. sagði, að núverandi n. væri óeðlilega skipuð, þar sem eitt stærsta innflutningsfirma, sem annast innflutning landbúnaðarvéla, ætti þar fulltrúa, það er að segja S. Í. S. Þetta kannast ég nú ekki við. Í þessari nefnd eiga sæti, eftir því sem ég veit bezt, landnámsstjóri, skólastjórinn á Hvanneyri og fyrrv. landbrh. (BÁ). (*StgrSt:* Hann er skipaður eftir tilnefningu S. Í. S.) Nú jæja, ég hélt að hann væri skipaður samkv. tilnefningu B. F. Í. Annars skiptir það ekki meginmáli, hvaða stofnanir hafa tilnefnt menn í þessa nefnd. Hitt er aðalatriðið, að í n. séu menn með *tæknilega* þekkingu á vélum og notkun þeirra.

Þá heldur hv. frsm. því fram, að öll leiðbeiningarstarfsemi varðandi jarðrækt eigi að vera undir einni stofnun og þá jafnvel undir verkfæran., ef fallizt verður á okkar sjónarmið í málinu. Þetta fæ ég ekki skilið, enda verður manni á að spyrja, hvernig standi þá á því, að B. F. Í. hefur ekki haft verkfæraráðunaut í sinni þjónustu í langan tíma. Ég sé ekki annað en það sé alveg óskylt að mæla fyrir jarðrækt og hitt, að sjá um, að verkfærin séu í lagi. Um verkfærin tel ég, að vélanefnd eigi að sjá, bæði að leiðbeina um, hvaða verkfæri séu bezt og heppilegust, og líka aðstoða búnaðarsamböndin við, að verkfærin séu í lagi og gangi. Þetta er tæknilegt starf og alveg óskylt mælingum þeim, sem ráðunautar B. F. Í. hafa haft með höndum.

Annars væri ég þakklátur frsm., ef hann vildi hlutast til um, að afgreiðslu málsins verði frestað, en með því ætti að gefast tækifæri til að ræða sérstaklega þau ágreiningsatriði, sem fram hafa komið milli mín og nefndarinnar.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu 1. þm. Skagf. (StgrSt). Hv. 1. þm. Skagf. taldi það ókost á minni brtt., hvernig sambandssvæðin ættu að ákveðast. Þetta tel ég á misskilningi byggt. Að vísu geri ég ráð fyrir, að sambandssvæðin verði misstór, en til jöfnunar á því er lagt til, að stærri samböndin hafi auk ráðunauts mælingamann. Þá má segja, að Búnaðarsamband Suðurlands hafi nokkra sérstöðu vegna þess, hversu það er langstærst, en hitt má líka benda á um leið, að þar er leiðbeiningarstarfið miklu auðveldara en annars staðar. Annars getur það orkað tvímælis, hvort stóru samböndin eigi ekki að hafa tvo ráðunauta. Ég benti á það í n., en þá var því ekki gaumur gefinn. Hafi hins vegar vaknað áhugi fyrir því, þá er ég fús að ræða það mál nánar. Ég tel þetta samt ekkert aðalatriði. Það, sem ég á við, er, að hér er raunverulega ekki eingöngu um frjálsan félagsskap að ræða, heldur verða ráðunautarnir starfsmenn ríkisins. Hv. frsm. sagði, að í brtt. minni væri ruglað saman störfum jarðræktarráðunauts og framkvæmdastjórn búnaðarsambandanna, en það væri ekki hægt að fallast á vegna þess, að meiri hl. n. vildi halda sig við till. búnaðarþings. Ég veit, að það þyrfti að breyta búfjárræktarl., til þess að sum samböndin gætu fengið tvo ráðunauta, en væri horfið að því, þá tel ég heppilegast að skipa verkefnum þeirra þannig, að annar hefði t. d. jarðrækt og væri þá sérfróður í þeirri grein En stærsta atriðið í þessari skipan held ég að sé skiptingin og nauðsyn þess, að samböndin verði ekki klofin án þess að landfræðilegar ástæður liggi til þess. Ég tel t. d. fjarstæðu að hafa Húnavatnssýslu í tveimur samböndum og má líkja því við, að Skagafjarðarsýslu væri skipt í tvö sambönd, t. d. um Héraðsvötn. Ég geri ráð fyrir, að 1. þm. Skagf. dytti það ekki í hug, enda er það fjarstæða, og eins er með skiptingu Húnavatnssýslu. Þar á að vera eitt samband með tvo sérfræðinga, annan í búfjárrækt, en hinn í jarðrækt. Hins vegar geta verið landfræðilegar ástæður til nauðsynjar á skiptingu, t. d. þar sem samgöngur eru mjög erfiðar.

Þá fór hv. frsm. þeim orðum um 2. brtt. mína, að ég sé ekki ástæðu til að svara, því að hann gat þess til, að till. búnaðarþings réðu þeirri afstöðu. Um þriðju brtt. talaði frsm. lengst mál. Röksemdir hans varðandi þá till. eru ekki á rökum byggðar. Fyrst vil ég benda á, að skv. minni brtt. er verkfæranefnd þannig skipuð, að hún hefur samvinnu við Búnaðarfélag Íslands. Í öðru lagi tel ég hæpið, að það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það þyrfti ekkert sérstakt skrifstofuhald vegna þessa, það mætti annast það á skrifstofu Búnaðarfélags Íslands, — ég skal játa, að ef þetta væri hægt, þá væri því vel farið, en ætli reyndin verði ekki önnur? Vil ég benda á, að í 9. brtt., sem 4 landbn.-menn standa að um vélanefnd ríkisins, er gert ráð fyrir þriggja manna nefnd, er landbrh. skipar. Síðan er sagt í 11. brtt., að til þess að annast þessi störf, skuli vélanefnd fá sér aðstoðarmenn og verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdastjóri hennar. En nú hefur Búnaðarfélag Íslands engan verkfæraráðunaut. Kostnaður við framkvæmdastjórnina greiðist úr ríkissjóði. — Hv. 1. þm. Skagf. leggur mikið upp úr því, að það séu óskyld verkefni framkvæmdastjórn vélasjóðsins og verkfæratilraunirnar. Ég fæ ekki betur séð en sú nefnd, sem hefur það með höndum að kaupa inn tæki, svo sem skurð-

gröfur o. fl., og á að vinna að jarðræktartilraunum, hafi allskyld störf og framkvæmd vélasjóðsins. — Enn fremur um skipun n. er ég sammála hv. 1. þm. Skagf., að eitt verzlunarfyrirtæki eigi ekki að eiga neinn verzlunarfulltrúa í n. Ég legg til í minum brtt., að þetta sé fellt burt og verkfæran. sé skipuð þannig, að Búnaðarfélag Íslands skipi eða kjósi einn mann, búnaðarþing kjósi einn og ráðherra skipi einn mann.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira, sem ég þarf sérstaklega að taka fram nú.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mig langar til að leita örfárra upplýsinga hjá hv. frsm. í sambandi við frv. þetta. Þá vil ég nota tækifærið til að þakka honum fyrir, hversu ýtarlega hann hefur reifað málið hér. Ég hafði búizt við, að þessa máls yrði getið í dagblöðum bæjarins, en það hefur ekki orðið, og má það merkilegt heita.

Ég hef sannfærzt um það, að jarðræktarl. hafa haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, og sennilega miklu meiri en menn gera sér almennt ljóst. Nú er vitað, að jarðræktarl. kosta ríkissjóð mikil útgjöld, en þau hafa haft góð áhrif fyrir landið og þjóðina í heild.

Ég heyrði ekki á ræðu hv. frsm., hvað lög þessi mundu geta komið til með að kosta ríkissjóð, t. d. um fjárframlög til framræslu, sé sá styrkur hækkaður geysilega, eins og frv. leggur til. Enn fremur gerði hv. frsm. ráð fyrir því, að kostnaður af framkvæmd nokkurs hluta II. kafla l. mundi verða um ½ millj. kr. á ári. Það væri gott, ef hv. frsm. gæti upplýst, hvað afnám hámarksákvæðisins mundi hafa í för með sér. Þá væri og gott að vita, hvaða kostnað mundi leiða af ákvæðinu til bráðabirgða.

En nú langar mig til að spyrja hv. frsm. að eftirfarandi: Liggur fyrir nokkur áætlun um heildarkostnað þessara l., eins og frv. er nú? Þá langar mig og til að vita, hvort hv. frsm. telji öruggt, að útgjöldin til landbúnaðarins, sem varið er á þennan hátt, komi að beztum notum og hvort ekki sé til nein önnur leið, þar sem meira gagn sé að sömu útgjöldum. Væri t. d. ekki hugsanlegt að styrkja fyrirmyndarbúrekstur, annaðhvort ríkisbúrekstur eða bú einstaklinga? Hér á ég við, að nokkur hluti jarðræktarstyrksins yrði notaður sem verðlaun.

Ég er sammála þeim, er halda því fram, að það beri að auka landbúnaðinn og reynt verði að koma honum í það horf, að menn geti framleitt sem allra mest með sem minnstum tilkostnaði. Það hlýtur að verða hagur bæði neytenda og framleiðenda.

Ég veit varla, hvort mér hefur tekizt að orða fyrirspurnir mínar svo ljóslega, að hv. 1. þm. Skagf. hafi skilizt, við hvað ég á, en ég vona nú þó, að svo sé.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Fyrst vil ég snúa máli minu til hv. þm. Ísaf. (FJ). Hann spurði, hvort ekki mundi hægt að gefa ákveðnar upplýsingar um þann heildarkostnað, er framkvæmd þessara l. bakaði ríkinu. Ég gat þess hér í fyrstu ræðu minni, að sá heildarstyrkur, er ríkissjóður galt til jarðabóta yfir s. l. ár, muni hafa numið um 4½ millj. kr., en frv. þetta gerir ráð fyrir 5½ millj. kr., miðað við sams konar framkvæmdir. Hér ber og að geta þess, að ef brtt. landbn. verða samþ., lækka útgjöld ríkisins og verða þá 4.8 eða 4.9 millj. kr., miðað við sömu forsendur og ég hef áður sagt. Nú má búast við, að hækkun á framræslustyrk verði um 600—700 þús., en þar á móti kemur lækkun á sjálfum ræktunarstyrknum, og er sú lækkun réttlætt með því, að nú eru notuð miklu stórvirkari áhöld við allar ræktunarframkvæmdir. Því hefur framræslustyrkurinn verið aukinn, en dregið úr styrkjum til annarra framkvæmda jarðræktar. Við vitum, að byggingarkostnaður er orðinn mikill, svo að raunverulega hefur styrkur til þessara framkvæmda lækkað. En ég tel styrk varðandi ræktun vera grundvallarstyrk landbúnaðarins.

Ég treysti mér ekki til að svara hér fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um það, hvaða áhrif afnám hámarksákvæðisins hefur. Ég hygg þó, að þau muni ekki verða eins mikil og menn almennt halda, því að áreiðanlega hefur verið farið í kringum þetta ákvæði. Ef bændur hafa t. d. sléttað svo mikið á einu ári, að það færi yfir hámarkið, hafa þeir ekki látið mæla það allt upp þá, heldur geymt eitthvað af því til næsta árs, því að einstakir bændur hafa auðvitað ekki náð hámarkinu árlega. Því býst ég við, að afnám hámarksins varði minna en áður. En hitt er vitanlegt, að ef eitt félag hefði rifið niður t. d. 100—200 ha lands, þá hefðu það orðið geysilegar upphæðir fyrir ríkið. Þetta mun hafa gert það að verkum, að hámarksákvæðið var sett. Því mun líka ekki hægt að gefa neinar upplýsingar um, hvaða áhrif afnám hámarksins hefur.

Þá kem ég að öðru atriðinu hjá hv. þm. Ísaf., um það, hvort ég teldi öruggt, að fé úr ríkissjóði, sem varið er á þann hátt, sem þetta frv. leggur til, væri bezt komið á þennan hátt og ekki önnur betri leið til. Ég verð að segja það, að mér finnst erfitt að vera öruggur um nokkurn hlut í þessum heimi. En þó verð ég að láta það álit mitt í ljós, að ég tel öruggt, að við getum ekki varið því fé, sem við leggjum til landbúnaðarins, betur en að þurrka landið. Þannig getum við fengið nýtt land með því að þurrka mýrarnar, og þegar búið væri að þurrka allar mýrar í byggð, mundi það hafa áhrif á loftslagið, gera það þurrara og betra. Þetta getur komizt í framkvæmd, þegar nægar skurðgröfur eru komnar. Nú höfum við um 30 skurðgröfur. Ekki er nú sýnilegt, að hægt sé að fjölga þeim, og þó fara þær gömlu að ganga úr sér, en við þyrftum að eiga um 40. Ef við getum fjölgað þeim svo, mundum við geta komizt býsna langt með að þurrka mýrarnar á næstu 10—15 árum. Ég tel þetta hið mikilsverðasta í ræktunarmálum landsins.

Um það atriðið, er vék að verðlaunum fyrirmyndarbúa, þá tel ég, að það eigi að koma í annarri röð. Ég tel, að það eigi að beina þeirri fjárveitingu, sem ríkið leggur til landbúnaðar-

ins, fyrst og fremst til þess að þurrka landið, og að þessu á þjóðfélagið að styðja. Það mun verða afkomendum okkar til mikils gagns.

Ég ætla ekki að þreyta kappræður við hv. 5. landsk. (ÁS). Ég vil geta þess vegna till. okkar um jarðræktarráðunautana, að þeir geti komizt upp í 20. Ég get fallizt á, að útgjöldin vegna héraðsráðunautanna séu bundin við 10 heila héraðsráðunauta. Væri þá hægt að hagræða þessu þannig, án þess að binda það við ósveigjanleg takmörk. Þetta gæti ég fallizt á, ef d. mundi óska eftir því.

Hv. 5. landsk. hélt því fram, að óhugsandi væri, að útgjöldin minnkuðu við það, að Búnaðarfélagið tæki vélasjóðinn í sínar hendur. Auðvitað eykst skrifstofukostnaður, en ég átti við það, að með hinu sameiginlega skrifstofuhaldi við Búnaðarfélagið væri hægt að spara mikið, og er ég fullviss um það — heldur en ef hafa ætti sérstakt skrifstofuhald fyrir vélasjóðinn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Nd., 7. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 361,1 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 361,2 og 389,1 teknar aftur til 3. umr.

4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 361,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 361,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 361,5 samþ. með 24 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 361,6 samþ. með 22 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 389,2 felld með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁS, EOl, FJ, JÁ, LJós, SG.

nei: ÁB, BÁ, EystJ, GG, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt, SB.

EmJ, GÞG, HelgJ, JóhH greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁkJ, ÁÁ, BÓ, GTh, KS, ÓTh, SÁ, StJSt) fjarstaddir.

Brtt. 361,7 samþ. með 17:3 atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

13.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 361,8 samþ. með 24 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 361,9 (ný 17. gr.) samþ. með 19:5 atkv.
— 389,3 kom ekki til atkv.
— 361,10 samþ. með 20 shlj. atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 361,11 (ný 19. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
— 361,12 samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 361,13 samþ. með 22 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 361,14 samþ. án atkvgr.

22. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

24.—27. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 361,15 samþ. án atkvgr.

29.—37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

38.—40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 361,16 samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 62. og 69. fundi í Nd., 10. og 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 20. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 401, 361,2, 389,1, 406, 413, 414, 449).

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd landbn. að minnast hér á brtt., sem landbn. flutti við frv., þegar hún hafði það til meðferðar við 2. umr. Þá varð það að samkomulagi að taka aftur eina till. n., brtt. við 4. gr. Það var gert með það fyrir augum, að líklegt þótti, að samkomulag næðist um breytingu á þessu með því að breyta till. nokkuð. Nú hefur n. tekið þetta atriði til athugunar á fundi sínum og gert þá breytingu á, sem var nokkurt ágreiningsefni, það að binda framlag ríkissjóðs þannig, að það yrði þó aldrei krafizt meira en að ríkið greiddi sinn hluta af fullum launum 10 ráðunauta. Áður var það nokkuð óbundið á valdi stjórnar Búnaðarfélagsins og ráðh., hvað þeir samþykktu í þessu efni hverju sinni. N. væntir þess, að hv. d. geti á þetta fallizt og að samkomulag megi um þetta verða. Jafnframt notaði n. tækifærið til að skjóta þarna inn einu atriði eða ábendingu, sem er um það, að eitt af hlutverkum héraðsráðunautanna sé að veita bændum aðstoð við að gera ræktunaráætlanir viðkomandi bújörðum sínum. Eins og kunnugt er, leggja margir bændur árlega fram stórfé á okkar mælikvarða í ræktunarframkvæmdir. Það er þess vegna full nauðsyn á því, að unnið sé að þessu með nokkurri fyrirhyggju. Nú orðið dettur engum í hug að byggja íbúðarhús, nema teikning sé gerð og áætlun um verkið. Jarðræktarframkvæmdir, eins og þær nú eru orðnar, krefjast mikils fjármagns, og þess vegna er það eitt af því, sem þarf að stefna að og verður að stefna að, að athuga gaumgæfilega, hvernig ræktun verður bezt komið fyrir á hverri jörð, og helzt áður en ráðizt er í stórfelldar framkvæmdir. Reynslan hefur stundum sýnt, að byrjað hefur verið á þeim, að kalla, á öfugum enda, sem hefur haft kostnað og óþægindi í för með sér. Þetta er sem sagt ábending um það, að hverju skuli stefnt í þessu sambandi. Ég vænti þess, að allir geti verið sammála um það, að ekki sé óhyggilegt, að á þetta sé bent í l.

Önnur brtt., sem n. flytur, er viðvíkjandi gaddavírsgirðingum, að við verði bætt, að þær skuli vera úr nýju og óskemmdu efni, og er þetta gert til þess að fyrirbyggja, að styrkur

verði veittur út á girðingarefni, sem hefur verið tekið upp og flutt og sett niður á öðrum stað. Þó að þess megi vænta, að þetta yrði aðeins framkvæmt á þann hátt, að girðingar yrðu aðeins gerðar úr nýju og óskemmdu efni, þá taldi n. rétt að taka af öll tvímæli með því að taka þetta fram.

Ég hef svo ekkert frekar um þessar till. að segja fyrir n. hönd, og ég vænti þess, að um þær geti orðið samkomulag, en mun síðar ef til vill segja fáein orð um þær brtt. aðrar, sem hér liggja fyrir.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. N-M. (HÁ) og hv. þm. V-SK. (JG) leyft mér að flytja 3 brtt. við þetta frv. og liggja þær fyrir á þskj. 413. Fyrsta brtt. er við 11. gr. frv. Hún er um það, að styrkurinn, sem veittur er á votheyshlöður samkv. frv., verði hækkaður úr kr. 4.50 og upp í kr. 6.00 á teningsmetra. Ég held, að það geti ekki verið skiptar skoðanir um það, að eitt af því, sem mestu varðar í landbúnaðinum og ríkust þörf er á að kippa í lag, ef verða mætti, er það, hvernig möguleikar séu til að verka hey. Það er gott að hafa stór, slétt og véltæk ræktunarlönd, en það getur verið, að það komi að minna gagni en til er stofnað, þegar miklir óþurrkar ganga, eins og oft er í stórum hlutum landsins, og heyfengur hrekst að meira eða minna leyti og missir meira og minna af fóðurgildi, áður en hann kemst í hús. Ég held líka, að ekki verði um það deilt, að af þeim aðferðum, sem notaðar hafa verið og flutzt hafa inn til þess að tryggja sæmilega heyverkun, sé votheysgerðin sú aðferð, sem enn sem komið er hefur gefið beztan árangur með viðráðanlegum kostnaði. Hins vegar fer enn fjarri því, að votheysgerð sé orðin svo almenn í sveitum sem æskilegt væri, og ég held, að full ástæða sé til þess af hálfu löggjafans, um leið og þessi nýju l. eru sett, að láta það koma greinilega fram, að af hálfu þess opinbera væri lögð sérstök áherzla á þessar framkvæmdir, og vildi ég þá mega vænta þess, að það bæri þann árangur, að nokkru almennar væri hafizt handa um það en hingað til hefur verið. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að fyrir 10 árum eða rúmlega það fór Alþ. inn á þá braut að veita nokkur verðlaun fyrir kartöflurækt-un. Sú löggjöf vakti töluvert almenna athygli, og hún bar strax á 1. eða 2. ári, að ég ætla, þann árangur, að í landinu var ræktað meira af kartöflum en þá þurfti á að halda, þannig að þjóðin framleiddi á því ári nægilega mikið af þessari vöru, sem ekki hafði verið áður. Ég vil minna á, að það er talið, að hér á landi hafi heyjazt undanfarin ár sem næst 2 millj. hestburða á ári, og er þá talið bæði töðufengur og úthey. Þó að ekki sé gert ráð fyrir, að ónýtt verði af fóðurgildi heyjanna nema sem svarar kr. 5.00 á hvern hestburð — og það er ekki mjög í lagt að gera ráð fyrir, að slíkt fóðurgildi ónýtist vegna hraknings á heyjum —, þá er um að ræða hvorki meira né minna en 10 millj. kr. af þessum 2 millj. hestburðum. Það er því ekki lítið verðmæti, sem gera má ráð fyrir, að jafnan fari í súginn, meðan ekki er tryggð sæmilega örugg heyverkunaraðferð. Ég held þess vegna, að þeirri tiltölulega litlu upphæð, sem fara mundi í að hækka styrkinn, mundi áreiðanlega vera vel varið, ef hún yrði til þess, að framkvæmdir í þessu efni yrðu til muna meiri á næstu árum en hefur verið.

Önnur brtt. okkar er við 12. gr. frv. Hún er þess efnis, að á jarðabætur þær, sem taldar eru í 11. og 15. gr., að undanteknum vélgröfnum skurðum, greiðist verðlagsuppbætur þannig, að á jarðabætur, sem taldar eru í I. og VII. lið, greiðist uppbótin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum, en á aðrar jarðabætur samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Eins og frv. hljóðar nú, er gert ráð fyrir, að uppbótin á jarðabótastyrkinn greiðist öll samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta virðist ekki alls kostar eðlilegt. Það hefur verið reiknuð út sérstök vísitala byggingarkostnaðar í sveitum, þannig að hún er fyrir hendi, og það virðist miklu eðlilegra að reikna uppbótina eftir henni, þar sem það á við, og það á við um framkvæmdir, sem heyra undir byggingar, eins og t. d. um hvers konar hlöður og um áburðargeymslur, og þær eru samkvæmt okkar brtt. bættar upp samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum. Ég sé enga ástæðu til þess, að þetta sé á annan veg, úr því að þessi byggingarkostnaður hefur verið reiknaður út, og í till. frá búnaðarþinginu ætla ég, að ráð hafi verið fyrir gert, að þessi hluti framkvæmdanna yrði bættur upp samkvæmt þessari vísitölu, en aðrar framkvæmdir, sem uppbætur eru greiddar á, samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar, því að þar verður ekki nánar komizt en sú vísitala segir til um.

Þriðja brtt. okkar er um það, að á eftir 12. gr. frv. komi ný gr., sem þá verður 13. gr., og er hún um það að greiða ekki hærri styrk en sem svarar tilteknu hámarki á hvert býli; í brtt. er gert ráð fyrir 30 þús. kr. Í þeim jarðræktarl., sem nú eru í gildi, eru hámarksákvæði, og skal ég að vísu játa, að þau eru ekki heppileg, eins og nú standa sakir. Sérstaklega eru óheppileg ákvæðin um það, að ekki megi greiða nema tiltekna upphæð á ári út á jarðræktarframkvæmdir, því að síðan farið var að nota stórvirkar vélar til jarðabóta, er miklu hentugra og ódýrara að geta látið vinna sem mest á hverjum stað, og þess vegna á þetta hámarksákvæði ekki rétt á sér lengur. Mér virtist og okkur flm. þessarar brtt., að nokkuð hæpið sé að fella með öllu niður hámarkið á greiðslum, og þess vegna höfum við lagt til, að hámark það, sem nú er í l., verði þrefaldað. Það virðist ekki óeðlilegt, að einhver takmörk séu sett, þannig að ekki sé hægt að nota þennan styrk ríkissjóðs alveg án takmörkunar, hvernig sem á stendur. Hins vegar virðist okkur eðlilegt, að hámarkið sé sett það hátt, að það komi ekki við mjög marga, og við höfum valið þá aðferð að þrefalda upphæðina. Í till. höfum við tekið sams konar ákvæði og áður var í jarðræktarl. um það, að hámarksákvæðið nái ekki til þeirra búa, sem bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja

nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég nokkrum ágreiningi við meiri hl. hv. landbn. út af einu þýðingarmiklu atriði í þessum l., sem er um það að skipa verkfæran. og starfsmenn, sem í sambandi við það eru. Það fór svo við þá umr., að till. meiri hl. n. voru samþ. og eru í frv., eins og það liggur nú fyrir. En um það bil leyfði ég mér sem þáv. landbrh. að flytja brtt., sem er að finna á þskj. 406. Þessar brtt. byggjast á þeirri skoðun, sem ég lýsti við 2. umr., að ég tel enga ástæðu til að fara að breyta til í þessu efni á þá leið, sem hér er gert með frv., milli verkfæran. og Búnaðarfélags Íslands. Ég veit ekki til, að nokkur árekstur hafi um þetta orðið þar á milli, og ég álít miklu hyggilegra og betra að hafa eina verkfæran. en tvær. Að öðru leyti er það ákaflega undarleg aðferð, eins og er ráð fyrir gert í þessu frv., að sett sé vélan., sem skipuð á að vera af landbrh., en allir menn irnir eru frá Búnaðarfélagi Íslands. Það á að vera verkfæraráðunautur og jarðræktarráðunautur og svo þriðji maðurinn, sem kostaður er af búnaðarþinginu, sem í raun og veru er ekki nema aðalfundur Búnaðarfélags Íslands. Ekki einu sinni landbrh. má skipa einn manninn. Og auk þess er gert ráð fyrir, að sett sé ný verkfæran., sem á að annast verkfæratilraunir. Ég sé ekki, að þetta séu framfarir, heldur sýnist mér það vera afturför, en heppilegast sé að hafa þetta eins og það hefur verið, að það verði verkfæran. með framkvæmdastjórn og starfsmannalið, sem hafi það þýðingarmikla verkefni með höndum að annast útvegun á varahlutum í hinar mörgu og þýðingarmiklu jarðræktarvélar, sem til eru í landinu, og það mun ekki að neinu leyti bæta úr að breyta til í þessu efni. Auk þess er það svo, að eins og stendur og eins og hefur verið er enginn verkfæraráðunautur til hjá Búnaðarfélagi Íslands, svo að það er nýtt embætti, sem ætlazt er til, að stofnað verði samkvæmt lögum þessum.

Nú vildi ég vona, að hv. þm. athugi það, sem hér er ágreiningur um, því að þetta er ekki veigalítið atriði. Og ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann láti ekki greiða atkv. um þessar till., nema d. sé fullskipuð. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu, nema sérstakt tilefni gefist, að fjölyrða meira um þetta mál.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta. Ég hef fylgzt með umr. um málið, og því hefur verið lýst, að frv. um þetta, sem flutt var af hæstv. ríkisstj., hafi verið óskalisti frá búnaðarþingi. Því var lýst yfir, að það væri flutt eftir kröfum, sem gerðar hefðu verið af búnaðarþingi hvað jarðrækt í landinu snertir.

Þetta frv. var samið á síðasta ári, áður en dýrtíðin hækkaði svo sem hún hefur gert síðan, og sýnist hún ætla að gera það í enn ríkara mæli. Þegar búnaðarþing gerði till. sínar á síðasta ári, gerði sú n., sem samdi frv., áætlun um það, hver kostnaður væri við það að rækta hvern hektara lands, hvað það kostaði á hvern teningsmetra að grafa skurði, og gerði einnig áætlun um, hvað kostaði að byggja þurrheyshlöður og votheysgryfjur og safngryfjur og hvað það kostaði að girða tún með girðingum, sem styrktar eru samkv. l. En nú hefur þetta allt breytzt og kemur til með að breytast meira frá því sem var, þegar búnaðarþing gerði sínar till. Samt sem áður hefur hv. landbn. breytt frv. búnaðarþings til muna og lækkað styrkinn, sem þar var farið fram á. Það er því sýnilegt, að það frv., sem nú liggur fyrir, í þeirri mynd sem það hefur nú, eftir 2. umr. hér í hv. d., er langt fyrir neðan það að vera fyllstu kröfur fyrir hönd bændastéttarinnar frá hendi ríkisvaldsins viðkomandi ræktunarmálunum. Og þegar á þetta allt er litið, er vitanlega stigið aftur á bak, frá því sem áður var, vegna þess að styrkurinn til framkvæmdanna beinlínis minnkar eftir frv. hlutfallslega, miðað við aðstæður, frá því sem hann var eftir gömlu l., þegar miðað er við allar slíkar framkvæmdir, sem styrktar hafa verið af ríkinu. Við getum ímyndað okkur, hversu miklu meira það muni kosta nú, eftir að gengisbreyt. er komin í gegn, að rækta en áður var, hve áburðurinn verður miklu dýrari en hann var t. d. í fyrra, og hve grasfræ og aðrar sáðvörur, sem nauðsynlegar eru til þessara framkvæmda, verða dýrari, hve olía og benzín, sem notað er á dráttarvélar, verður einnig miklu dýrara. Sama máli gegnir vitanlega um byggingarnar. Þær verða miklu dýrari en þær áður voru. Og það er hætt við, að það verði að mun að draga úr þeim, ekki aðeins vegna þess, að byggingarefni verði takmarkað, heldur einnig vegna þess, að bændur hafa ekki fjármagn til þess að ráðast í þessar framkvæmdir.

Ég bendi á þetta hér, til þess að menn geri sér grein fyrir því yfirleitt, hvernig sakir standa í þessum efnum, og til þess að þeir, sem talið hafa jarðræktarstyrkinn eftir og styrkinn til húsabóta í sveitum, geri það jafnvel síður nú en áður, eftir að þeir hafa gert sér grein fyrir því, að styrkurinn er raunverulega stórlækkaður.

Ég hef ekki flutt hér brtt. til hækkunar á jarðræktarstyrknum eða húsabótastyrknum, vegna þess að ég hef talið, að þeir hafi rétt fyrir sér, sem sagt hafa hér í hv. d. og víðar, að ríkissjóður hafi yfir mjög takmörkuðu fé að ráða og hafi í mörg horn að líta. Hef ég því ekki séð mér fært að flytja hækkunartill. í þessu efni, þó að ég telji á því vera mikla nauðsyn.

Þegar á allt þetta er litið, aðstöðu bændastéttarinnar til byggingarmála og ræktunarmála, og þegar litið er á það, hve skammt við erum á veg komnir í þessum efnum, þá finnst mér vera fjarstæða að vera að viðhalda þessu gamla hámarksákvæði í l. viðkomandi styrknum. Að vísu er þessu ekki við haldið í þeirri mynd sem áður var, að takmarka hámarkið árlega, heldur er hér komin fram till. á þskj. 413, þar sem til er tekið, að hámarkið skuli

ekki fara fram úr 30 þús. kr. á býli. Ég held nú, satt að segja, eins og ástandið er, þá sé alveg ástæðulaust að vera að flytja svona brtt. nú. Ég held því miður, að þeir bændur verði fáir, sem hafa efni á því að ráðast í það miklar framkvæmdir á jörðum sínum, að styrkurinn fari fram úr 30 þús. kr. í heild á býli, með þeim styrkstiga, sem ætlað er að láta verða í þessum l. Ég held, að það væri þakkarvert, ef einhverjir bændur gætu sýnt svo mikinn dugnað og hefðu efni á að fórna svo miklum fjármunum í ræktunar- og byggingarframkvæmdir, þannig að það ætti ekki að refsa þeim mönnum með því að taka af þeim styrkinn. Þetta land er í dag lítt numið land, og það, sem okkur fyrst og fremst vantar, er að geta ræktað landið í stórauknum mæli. Og ef menn rækta vel jörðina, þó að í stórum stíl sé, kemur það til hagnaðar ekki aðeins þeim, sem það gera, heldur komandi kynslóðum. Það er því nokkuð hart, þegar menn koma með till. um það beinlínis að refsa þessum mönnum. Og eftir því sem meira er lagt í ræktun á einni jörð, eftir því kemur þar betri aðstaða til þess að skipta þeirri jörð í fleiri býli. Og þannig er ástatt víða hér á landi, að þegar börnin eldast, þá vilja foreldrarnir skipta jörðum sínum milli þeirra. En það er því aðeins hægt, ef bóndinn fær tækifæri til þess að bæta jörð sína í tæka tíð, sem venjulega er framkvæmanlegast meðan börnin eru að alast upp heima. Ef nú styrkurinn er tekinn af slíkum bónda, sem hefur kraft til þess að rækta mikið meðan börnin eru að alast upp, þá má gera ráð fyrir, að ræktunin stöðvist og aðstaða verði ekki til þess að skipta jörðinni niður í tvö eða þrjú býli á milli systkinanna, ef þau vilja og ætla að hafa þarna búskap.

Ég held, að það sé nauðsynlegt að hafa það alveg opið, að þeir menn, sem hafa yfir miklu fjármagni að ráða og vilja leggja það í ræktunarframkvæmdir, geti gert það og notið áfram þess styrks, sem lög heimila, án hámarkstakmarkana, því að, eins og ég áðan lýsti, með þeim mikla aukna kostnaði við ræktun, sem aukizt hefur vegna aukinnar dýrtíðar, þá er styrkurinn ekki nema lítið brot af öllum ræktunarkostnaðinum. Það er dugnaður mannsins, sem verður að koma til greina, ef hann ætlar að rækta í stórum stíl, og ræktunin kemur ekki aðeins honum sjálfum að notum, heldur þeim, sem eftir hann koma á jörðina. Og það kemur þjóðinni allri til nota, ef landið er ræktað, og því betur sem það er gert meira.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það eru nú ekki nema fáein orð, sem ég ætla mér að segja út af þessu. Ég vil þá fyrst snúa mér að hv. þm. A-Húnv. (JPálm). Hann flutti hér sitt mál eins og þegar þetta mál var hér til 2. umræðu. Þeir ræddust þá nokkuð við hann og núv. forsrh. um þessi atriði. Það hefur ekkert nýtt komið fram síðan í málinu. Og hann flytur hér aftur þær sömu till. og felldar voru við 2. umr.

Ég vil þá leiðrétta það, sem hann sagði. Hann sagði, að ætlazt væri hér til þess að skapa nýtt embætti með þessari löggjöf. Fyrst er því til að svara, að á síðasta búnaðarþingi var ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands — og hefði átt að vera fyrir löngu — réði til sín hæfan mann sem verkfræraráðunaut. Þetta er að vísu ekki komið til framkvæmda, en mun hafa verið ákveðið í haust, að yrði gert næsta vor. Auk þess er það starf, sem er greitt að öllu leyti af Búnaðarfélagi Íslands og Alþ. þess vegna óviðkomandi. Það er þess vegna ekki um neitt nýtt embætti þarna að ræða, sem kosti ríkissjóð aukin útgjöld, en ætlun okkar með þessari breyt. er sú að spara nokkurt fé fyrir ríkissjóð, eins og frá frv. er gengið nú. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta atriði frekar. Ég tel, að það sé fullrætt og að hv. þdm. muni vera það nokkurn veginn ljóst.

Öðru máli gegnir um brtt. á þskj. 413. Ég skal taka það fram, að eins og hv. frsm. gerði svo rækilega grein fyrir við 2. umr., þá vakti það fyrir n., þegar hún færði niður ýmsa liði eða lækkaði styrkinn til ýmissa liða, að tryggja um leið það, sem n. taldi mestu máli skipta og að bæri að leggja höfuðáherzluna á í ræktunarmálunum, en það er framræslan. Í því trausti, að það yrði gert, þá lagði n. til, að það yrði veittur nokkru ríflegri styrkur til þeirra framkvæmda en verið hefur, sem og þá kostar ríkissjóð allmikið fé. Til þess að mæta þessu lagði n. til, eins og ég sagði áðan, að færa niður ýmsa liði eða jafnvel fella alveg niður nokkra liði, sem hún taldi ekki eins nauðsynlega, og var það gert með það fyrir augum, sem hv. 2. þm. Rang. (IngJ) kom að í sinni ræðu, að fjárhagsástæður ríkisins væru þannig, að á byrðar ríkissjóðs mundi ekki vera bætandi, og að það yrði að taka fullt tillit til þeirra ástæðna. Það var með þetta fyrir augum, sem styrkurinn á votheyshlöður var lækkaður og sömuleiðis, að fellt var niður það ákvæði, sem búnaðarþing hafði sett inn, að styrkur til ýmissa húsabóta, sem styrktar eru, skyldi reiknaður með byggingarvísitölu. Og n. var sammála um þessi atriði og gekk að þessu vitandi vits, hvað hér var verið að gera. — Að því er snertir votheyshlöður vil ég benda á, að styrkur, sem nú eru ákvæði um í frv. og n. lagði til, er nokkru hærri en í gildandi l., þrátt fyrir það að n. lækkaði hann nokkuð frá því, sem var í frv. Í gildandi l. er styrkurinn á votheystóttir kr. 3.50 til 4.00, en er hér kr. 4.50 í frv., sem fyrir liggur. — N. heldur að sjálfsögðu fast við sínar till.

Þá er síðari liðurinn um að nota byggingarvísitölu við útreikning á styrknum til húsabóta, bæði súrheystótta og annarra. Ef sú leið yrði valin, þá mundi það kosta ríkissjóð allmikið fé. Ég get búizt við, að það mundi skipta hundruðum þúsunda, með því að byggingarvísitalan er 450, en almenna vísitalan 300, þannig að þarna munar mjög verulegu. Ég skal þó taka fram, að því er votheyshlöður snertir, að ég er þar alveg sammála hv. þm. N-Þ. (GG) um nauðsyn þeirra framkvæmda. Hins vegar hef ég ekki sannfæringu fyrir því, að þessi kr. 1.50, sem hér er deilt um, skipti nokkru

máli í þessu sambandi. En ef það yrði lyftistöng í þessu tilliti, eins og sá hv. þm. virtist álita, til þess að kippa því máli áleiðis, þá mundi ekki standa á mínu fylgi við þessa hærri upphæð styrksins, en ég hef ekki trú á, að þessi mismunur breyti mjög miklu, þessum framkvæmdum viðkomandi, því að þessar byggingar eru tiltölulega ódýrar og oft hægt að gera þær með litlum kostnaði, t. d. með því að setja skilrúmsvegg í hlöðu eða þess háttar. Það hefur ekki hingað til strandað á þessu, það veit ég með vissu, heldur eru önnur atriði, sem torvelda þetta, sem nauðsynlega þarf að leysa, til þess að þessar framkvæmdir gætu orðið miklu almennari en nú er.

Meiri hl. n. var sammála um það, að undanteknum hv. 5. landsk., að fella niður hámarkið, a. m. k. fyrst um sinn, og ég geri ráð fyrir, að n. muni halda sér við það. Ræði ég svo ekki um það meira.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Af því að ég var frsm. landbn. við 2. umr., langar mig til að segja örfá orð um þetta mál, áður en frv. fer út úr hv. d. Ég þarf í raun og veru engu við það að bæta, sem hv. 2. þm. Skagf., sem nú hefur mælt fyrir hönd landbn., hefur að segja um þessar till. En þó eru það viss atriði í þeim ummælum, sem hér hafa fallið, sem mér virðist ástæða til að nefna. — Hv. 2. þm. Rang. (IngJ) talaði hér nokkur orð um þetta mál. Mér fannst blærinn á ræðu hans vera sá, að hann teldi, að hér væri verið að stíga spor aftur á bak með þeim breyt. á jarðræktarl., sem hér eru gerðar, þannig að í raun og veru væri aðstaða ræktunarmanna, hvort sem væri bænda eða annarra, jafnvel verri, ef frv. væri samþ., heldur en með því að búa við núgildandi lög í þessu efni. Ég veit, að það er nokkuð til í því, sem hv. þm. sagði um það, að það eru miklar hækkanir á ýmsu verði framundan og ekki sízt í sambandi við byggingar, og má segja með sanni að nokkru leyti, að þar geti verið um afturför að ræða. En það er alls ekki rétt, að styrkurinn sé stórkostlega lækkaður, og í ýmsum mjög veigamiklum atriðum er styrkurinn stórhækkaður, og því megum við ekki gleyma. Með þessari breyt. á jarðræktarl. verður allveruleg stefnubreyt. frá því, sem áður hefur verið. Það hefur áður verið tíðkað að greiða styrk á sem flestar húsaumbætur á jörðum. Þetta hefur verið teygt út á allmikið af húsabótum, sem geta orkað tvímælis. Hins vegar var það megingallinn á jarðræktarl. frá upphafi, sem stafaði af því, að við vorum eiginlega börn í þessum efnum og höfðum ekki nóga yfirsýn yfir þessi mál til að ákveða á æskilegasta hátt styrkina, — megingallinn á þeim frá upphafi var sá, að við höfðum ekki hugmynd um, hvað það kostaði að ræsa fram jörð. Þess vegna varð styrkurinn fyrir framræslu hlægilega lítill. T. d. má taka, að einn bóndi hefur gnægð af þurrlendum þúfum og valllendismóum til ræktunar, en annar bóndi aðeins mýrlendi, og þá er auðvelt fyrir þann bóndann, sem valllendismóana á, að koma upp stóru túnflæmi á stuttum tíma með styrk jarðræktarl. En það væri fyrir hinn, sem aðeins hefur mýrlendið, verri aðstaða til ræktunar, vegna þess, hve styrkurinn til framræslu er lítill, eftir núgildandi l. Þessu hefur verið breytt til bóta gagnvart þeim, sem hafa þurft að ræsa fram mýrar, í öllum þeim breyt., sem gerðar hafa verið á jarðræktarl. til þessa. En nú á að taka stórt stökk í þessa sömu átt, og breytt hefur verið ákvæðum l. í þessu tilliti þannig, að hægt sé á tiltölulega stuttum tíma að ræsa fram meginhlutann af öllu mýrlendi landsins í helztu byggðum þess. Það hafa ekki verið möguleikar til þess fyrr en við fengum þær hraðvirku vélar, sem við nú loks höfum, en með þeim eygjum við það, að þetta sé mögulegt, og þess vegna tel ég þá breyt. mikilvægasta, að nú er þessu breytt. Og það er mikið gleðiefni, að þeir fulltrúar hér í hv. þd., sem eru ekki fyrst og fremst tengdir landbúnaðinum, hafa sýnt fullan skilning á því að samþ. þessa hækkun til framræslunnar, þar sem nú er gert ráð fyrir, að helmingur verði greiddur af kostnaði skurðagerðar vélgrafinna skurða Þetta er vissulega réttarbót, ekki aðeins fyrir bændur, heldur og þjóðina alla, ef hægt er að halda þessu, því að þegar búið er að þurrka upp mikið af mýrlendinu í helztu byggðum landsins, þá er land okkar orðið allt annað til nota en það nú er. Og ég varð glaður yfir þeim góða skilningi, sem mér fannst við 2. umr. málsins sjást hér í hv. d. á því, að þetta væri rétt stefna. — Um leið hefur verið hækkaður mikið styrkur til handgrafinna skurða, og það var afleiðing af hinni till. um hækkun styrksins til vélgrafinna skurða, því að þau byggðarlög, sem ekki geta fengið til sín skurðgröfur, verða þá með ófullkomnum tækjum að vinna að framræslu fyrst um sinn og verða að geta fengið nokkurn styrk til þess.

Það skal viðurkennt, að n. slakaði á ýmsu öðru aftur á móti, af því að hún telur minni ástæðu til þess t. d. að byggja heyhlöður og safnþrær o. s. frv. í stórum stíl, þó að nauðsyn sé á þessum framkvæmdum. Hitt virtist okkur líka liggja í hlutarins eðli, að ekki væri óeðlilegt, þó að einhver ofurlítil lækkun væri á ræktunarstyrknum í sumum greinum, þar sem lækkun hefur orðið á ræktunarkostnaðinum vegna hinna hraðvirku véla, sem menn hafa notað nú á síðustu árum og væntanlega verða notaðar framvegis.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að áburðurinn verður dýrari en hann hefur verið. Og hugmyndin með þeim lögum um gengisskráningu, sem samþ. hafa verið hér, er sú, að það fáist að einhverju leyti upp borið eftir á, eins og frá þeim l. er gengið. En hitt er rétt, að þarna koma kostnaðarliðir. — En mig langaði til þess að taka þessi atriði fram, áður en málið færi út úr hv. d. Mér finnst, að hv. alþm. megi ekki segja, að hér sé verið með þessum nýju jarðræktarl. að ganga aftur á bak, hvað þetta snertir. En það er um stefnubreyt. að ræða í frv. frá því, sem verið hefur. Styrkur er aukinn til stórra muna til vissra framkvæmda, og aftur á móti er dregið úr styrk á öðrum

sviðum, vegna þess að við treystum okkur ekki til að leggja ríkissjóði það þungar byrðar á herðar, sem verða mundi, ef ekki væri þar dregið nokkuð úr.

Ég ætla ekki að tala hér um brtt. á þskj. 406. Við hv. þm. A-Húnv. og ég, meðan hann var landbrh., ræddum svolítið skipun verkfæranefndar við 2. umr. málsins. Ekkert nýtt hefur komið fram í því efni síðan, og hver verður að halda sinni skoðun í því efni. Skal ég ekkert inn á það koma nú. Hinu vil ég víkja til hæstv. forseta, að það virðist vera dálítið einkennilegt að bera fram brtt. við 3. umr. máls um að fella burt það úr frv., sem inn hefur verið sett í það við 2. umr. málsins. En hér er það gert. Þá var samþ. að setja upp þessa vélanefnd, og nú er lagt til við þessa 3. umr. málsins að fella þetta burt. Mér finnst dálítið hæpið, að hægt sé að samrýma þetta þingsköpum. Og sama verð ég að segja um brtt. á þskj. 413, sérstaklega um það, sem þar er lagt til, að á jarðabætur þær, sem taldar eru í I. og VII. lið 11. gr., skuli greiða styrk samkv. vísitölu byggingarkostnaðar í sveitum, — vegna þess að einmitt þetta var fellt út úr frv. við 2. umr. málsins. Ég tel því a. m. k. mikið vafamál, að hægt sé að bera fram þessar brtt., eins og á stendur. Ég geri þetta ekki að neinu sérstöku atriði, en vil benda á þetta, því að vitanlega dettur engum í hug, að hv. þd. breyti afstöðu sinni, sem hún er búin að taka ákvörðun um í þessu efni við 2. umr., þó að till. um sömu efnisatriði komi fram við 3. umr., svo að ég ætla að biðja hæstv. forseta og hv. þdm. að taka þetta ekki svo, að ég geri þetta að einhverju atriði. Ég get verið samþykkur hv. flm. till. á þskj. 413 um það, að mikil nauðsyn sé á aukinni votheysgerð, eins og líka kom fram hjá hv. 2. þm. Skagf. Hins vegar tel ég mig bundinn við samkomulag það, er varð í landbn. um þetta atriði, um að grunnstyrkurinn væri kr. 4.50, og sé ég mér því ekki fært að hverfa frá því. — Um 3. brtt. á þskj. 413 er það að segja, að ég er að nokkru sammála hv. 2. þm. Rang. um það, að hún sé tiltölulega meinlaus. Tilfellin eru svo fá, að fáir mundu reka sig upp undir. Hins vegar vil ég taka það fram, að samkomulag varð um það á búnaðarþingi, að þetta væri fellt niður. Ég var með í því samkomulagi og mun því greiða atkv. á móti till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af andmælum þeim, er komið hafa fram gegn brtt. á þskj. 406, sé ég ástæðu til að segja fáein orð. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að það væru sömu till. og felldar hefðu verið við 2. umr. Ég undrast stórlega þessi ummæli hv. þm., því að þetta er rangt. Í fyrsta lagi flutti ég engar brtt. við 2. umr. Ef við eitthvað er miðað í þessu sambandi, er það því till. hv. 5. landsk., en sú till. er gagnólík till. á þskj. 406. Hann lagði til, að n. yrði skipuð þannig, að í henni ættu sæti verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands eða einn af jarðræktarráðunautum þess, einn maður kosinn af búnaðarþingi og einn tilnefndur af landbrh. Samkvæmt till. á þskj. 406 eiga hins vegar að eiga sæti í n. einn maður tilnefndur af búnaðarþingi, einn maður tilnefndur af nýbýlastjórn ríkisins og einn maður skipaður af landbrh. án tilnefningar. Það er því rangt, að till. hafi verið felld við 2. umr., nema átt sé við heitið á n., en það er í sjálfu sér þýðingarlítið atriði, hvort n. er kölluð vélanefnd eða verkfæranefnd. — Það er líka rangt hjá hv. 2. þm. Skagf., að með till. hv. landbn. sé ekki verið að stofna nýtt embætti, sem á að heita verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands. Því að þótt þetta hafi verið samþ. á búnaðarþingi, hefur sú samþykkt ekki verið framkvæmd og starfið því ekki verið til. Eins og kunnugt er, var Árni Eylands áður fyrr verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands, en síðan hann fór, hefur félagið ekki haft neinn verkfæraráðunaut, enda ekki verið ástæða til þess, þar sem verkfæran. hefur haft með þessi mál að gera. Það hafa því margir menn farið með þetta starf, sem einn maður hafði áður með höndum, og ég hygg, að því verði ekki breytt samkvæmt frv., eins og það er nú. Ég legg því áherzlu á, að þessu verði haldið í svipuðu horfi og áður, og ég sé ekki, að till. landbn. gangi í betri átt. Það liggur við, að þær séu fáránlegar, þar sem verið er með n., sem landbrh. á að skipa, en er þó eingöngu skipuð af Búnaðarfélagi Íslands. Það eru starfsmenn félagsins, en það verður að engu leyti gert ráð fyrir, að þeir geti unnið betur en sú verkfæran., sem verið hefur undanfarið.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það hefur komið fram hér í umr., að vafasamt gæti verið, hvort 2. brtt. á þskj. 413 væri rétt fram borin. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, að ákvæðin um greiðslu vísitöluuppbótar áttu áður við 11. gr., eins og hún var þá, en við 2. umr. var 11. gr. breytt allverulega, og þess vegna eiga ákvæði þau, er felast í 2. brtt. okkar, við 11. gr., sem er á annan veg en sú, sem áður var. Það er því ekki svo, að vafi geti á því leikið, að þessi brtt. sé rétt fram borin. — Ég skal að öðru leyti ekki hafa mörg orð um þessa brtt. Flm. töldu sér skylt að gera tilraun til þess að koma brtt. fram, og vil ég vænta þess, að hún reynist ekki árangurslaus, Það er áreiðanlega ekki of í lagt, er ég sagði áður um mikilvægi votheysverkunar fyrir landbúnaðinn, og sú tiltölulega litla upphæð, sem lagt er til, að styrkirnir hækki um, er aðeins lítið brot af því verðmæti, sem þessi ráðstöfun mundi varðveita fyrir þjóðina.

Fyrir nokkrum dögum var hér til umr. mál um hagnýtingu á síldarsoði. Menn hafa uppgötvað, að verðmæti hafa þar farið til ónýtis, og eru að fá augun opin fyrir því, að nauðsynlegt sé að stemma stigu við slíkri eyðileggingu verðmæta. Þetta er sjálfsagt rétt. En í sambandi við verkun fóðurs í sveitum landsins fer mikið verðmæti forgörðum. Með bættum og öruggari heyverkunaraðferðum er verið að gera hið sama og fyrirhugað er með síldarsoðið. Það er verið að koma í veg fyrir, til hagsmuna fyrir bændastéttina og alla þjóðina, að næringarefni rigni niður í jörðina aftur.

Viðvikjandi hámarkinu, sem sett er í 3. brtt., hefur því verið haldið fram, að það gæti verið vafasamt. Ég held þó, að það séu ekki margir bændur, sem eru á móti því að hafa þetta hámark. Hitt er óvarlegt, að hafa þessar greiðslur óbundnar. Ýmislegt getur komið fyrir, sem rétt er að gera ráð fyrir.

Forseti (FJ): Það hafa komið fram tilmæli í þá átt að fresta atkvgr., þangað til d. væri fullskipuð. Ég óttast, að það geti dregizt um of, en mun fresta atkvgr. til næsta fundar, í þeirri von, að fleiri hv. þm. geti þá verið við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 389,1 felld með 19:3 atkv.
— 449,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 361,2 og 414,1—2 teknar aftur.
— 449,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 413,1 felld með 18:9 atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hreyfði því við 3. umr., hvort brtt. 413,2 ætti að koma til atkv., þar sem sams konar till. var felld við 2. umr. Sama er að segja um brtt. á þskj. 406, þar sem samþ. voru inn í frv. við 2. umr. þær breyt., sem nú er lagt til að fella út. Leyfi ég mér að óska eftir úrskurði hæstv. forseta.

Forseti (SB): Því hefur verið hreyft af hæstv. forsrh., að brtt. á þskj. 406 og á 413, 2. liður, brytu í bága við þingsköp og ættu því ekki að berast upp. Árið 1917 féll úrskurður forseta Nd. um svipað efni, og verður þeim úrskurði fylgt hér. Í 32. gr. þingskapa stendur: „Brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi." Hér er þessu ekki til að dreifa. Brtt. hafa ekki áður verið felldar í hv. d. Úrskurðast því þegar, að brtt. 406 og brtt. 413,2 komi til atkv.

Brtt. 413,2 felld með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, HÁ, IngJ, JG, JPálm, JörB, SkG.
nei: ÁÁ, ÁB, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GTh, GÞG, JóhH, JS, PO, SÁ, SG, StJSt, StgrSt.
BÁ, HelgJ, KS, PÞ, SB greiddu ekki atkv.
8 þm. (BÓ, EystJ, JÁ, JR, LJós, ÓTh, StSt, ÁkJ) fjarstaddir.

Brtt. 413,3 felld með 19:7 atkv.
— 406,1 felld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngJ, JóhH, JPálm, JR, KS, SG, ÁS, EOl.
nei: EmJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JS, JörB, PÞ, PO, SkG, StJSt, StgrSt, ÁB, BÁ.
GTh, SÁ, ÁÁ, SB greiddu ekki atkv.
7 þm. (EystJ, JÁ, LJós, ÓTh, StSt, ÁkJ, BÓ) fjarstaddir.

Brtt. 406,2—5 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., 24. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 482).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Mér finnst rétt nú við 1. umr. þessa máls að fylgja því úr hlaði með fáeinum orðum, en geri þó ráð fyrir, að umr. fari ekki fram um það fyrr en við 2. umr. þess. Þetta frv. hefur verið undirbúið af sérstakri n., sem til þess var kjörin. Eftir að hún hafði gengið frá frv., var það tekið til meðferðar af búnaðarþingi, sem lagði á það síðustu hönd. Eins og gefur að skilja, var brýn nauðsyn til þess, að jarðræktarl. væri breytt vegna breyttra viðhorfa til jarðræktar síðan hin stórvirku vélatæki fluttust til landsins og voru tekin til notkunar við jarðræktarframkvæmdir. Jarðræktarstyrkurinn hefur verið miðaður við aðrar vinnuaðferðir og eru þau ákvæði nú úrelt orðin, og því er nú talið nauðsynlegt að setja í lögin ný ákvæði í samræmi við ný vinnubrögð. Þetta sjónarmið var lagt til grundvallar, þegar till. voru gerðar um breyt. á lögunum. Hins vegar orkar það ekki tvímælis, að um þessi ákvæði mætti lengi deila, því að erfitt er um vik að ákveða, hvar skuli draga markalínuna um styrki til hverrar framkvæmdar fyrir sig. Þó hefur þetta mál gengið í gegnum slíkan hreinsunareld, að reikna má með því, að ákvæði þess séu yfirleitt í samræmi við það, sem eðlilegt má teljast.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta á þessu stigi, og eins og ég sagði áðan, býst ég við, að umr. fari fram um málið við 2. umr. þess. Að lokum vil ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn., en það mun hafa verið í þeirri n. í hv. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 482, n. 569, 570).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða löngum tíma í þessa framsögu, enda skilst mér, að ekki sé ætlazt til, að þetta þing standi lengi úr þessu. Ég skal þess vegna ekkert rekja gang þessa máls og undirbúning þann, sem það hefur fengið, en vil geta þess, að þeir aðilar, sem um málið hafa fjallað, hafa verið sammála um að hækka framlag til framræslu og lækka yfirleitt allt annað framlag frá ríkinu til jarðabóta, en neðri deild sá ekki fært annað en lækka þetta þó nokkuð

frá því, sem búnaðarþing hafði lagt til, og hingað til d. kom frv. þess vegna með miklu lægri framlögum, bæði að því er snertir einstaka liði og eins í heild, en það var lagt fram á Alþ., því fyrir þingið kom það mjög líkt því sem búnaðarþing hafði frá því gengið eða mþn. þess. Landbn. þessarar d. hefur yfirfarið frv. og rætt það allýtarlega á nokkuð mörgum fundum og leggur til, að gerðar verði á því breyt., sem allflestar eru smávægilegar.

Fyrsta brtt. á þskj. 569 er við 2. gr. og er nánast orðalagsbreyt. til þess að fyrirbyggja misskilning. Tvær síðustu mgr. gr. gætu orsakað misskilning eins og þær eru í frv., og er þessi breyt. gerð til þess að fyrirbyggja, að slíkur misskilningur geti átt sér stað. Það er engin breyting að efni til, en aðeins gert til þess að fyrirbyggja misskilning, sem okkur a. m. k. fannst, að gæti skotið upp kollinum, ef gr. væri orðið eins og hún er nú. Nánar skal ég ekki út í það fara.

Við 4. gr. eru smábreyt., sem allt eru líka ákaflega litlar efnisbreyt. Í gr. er talað um, að héraðsráðunautar veiti bændum aðstoð við að gera ræktunaráætlanir, en auðvitað ber einnig að veita þeim mönnum, sem eru í búnaðarfélögum, jafna aðstoð, þó að þeir hafi ekki þá aðstöðu að geta kallazt bændur, og þess vegna er lagt til, að á eftir orðunum „að veita bændum" bætist: og öðrum. — Með því er átt við þá, sem ekki búa á jörðum í þeirri lagalegu merkingu orðsins, heldur búa á minni býlum, og auðvitað þurfa þeir á sömu aðstoð að halda. Og eins er hugsanlegt, að menn vilji fá umbætur á jarðeignum, sem þeir eiga, en hafa af einhverjum ástæðum leigt og ábúendurnir kæra sig ekki um að bæta. Þess vegna hefur n. á eftir orðunum „fyrir ábúðarjarðir" bætt inn: eða eignarjarðir. — Enn fremur bætist þarna inn, að ef héraðsráðunautur hefur hér fleiri sýslur, nái þau ákvæði til ákveðins starfssvæðis hans. Er þetta nánast til skýringar.

Þá er brtt. við 6. gr. Hún er smávægileg, það er bara gengið út frá því sem gefnu, að Búnaðarfélag Íslands fái skýrslur frá samböndunum um allar mælingar og vinni úr þeim, en það hefur láðst að geta þess í frv., og þess vegna höfum við tekið það upp. Það er sjálfsagður hlutur.

Þá er brtt. við 8. gr. Það gengur eins og rauður þráður gegnum jarðræktarl., að ekki sé ætlazt til að ráðast í ræktunarframkvæmdir á lóðum, sem ákveðið er að nota sem byggingarlóðir, en það getur ekki átt sér stað, að innan skipulagsuppdrátta kaupstaða, sem búið er að gera, sé ætlazt til, að séu býli, og þótti því rétt að setja þarna inn í stað orðanna „skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna og sjávar- og sveitarþorpa": skipulagssvæða bygginga-rlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitarþorpum. — Það er þá mögulegt að styrkja býli, þó að þau séu innan skipulagsins, ef ætlazt er til, að það séu áframhaldandi býli, og þess vegna hefur n. skotið þessu inn með brtt., sem er sjálfsagt.

Þá er hér brtt. við 11. gr., um að hækka styrkinn, því við teljum allir í landbn., að það sé alveg nauðsynlegt að ýta sérstaklega undir það, að menn verki sem mestan hluta af heyfeng sínum sem vothey.

Þá er brtt. við 16. gr. Nefndin var ekki sammála um það til að byrja með, en ég held, að við stöndum allir saman um það eins og það er nú. Í frv., eins og það kom til þessarar d., var 1. tölul. 16. gr. orðaður dálítið öðruvísi en við gerum, og það orðalag hefur farið fram hjá n. í Nd., án þess að þeir hafi veitt því almennilega athygli. Það hefur aldrei verið meiningin að fara að kaupa þarna jarðræktarvélar, aðrar en skurðgröfur, og því síður að gera tilraunir með þær, því að það er annarri nefnd með ákveðnum lögum ætlað að gera, sem heitir verkfærakaupanefnd. Hins vegar hafa slæðzt inn í ræktunarvélar líka, og þá kom fram það sjónarmið hjá einstöku mönnum, að ástæða gæti verið til þess, að vélasjóður ætti ræktunarvélarnar og ræki þær, þar sem viðkomandi búnaðarsambönd ættu miklu óhægra með að gera það, og þess vegna er orðaður þannig hjá okkur fyrsti liðurinn, að þetta væri ekki útilokað, „ef nauðsyn þykir." Ég hef enga trú á því, að vélasjóður fari að taka þetta starf af ræktunarsamböndunum. Ræktunarsambönd eru alls staðar komin upp. Og ég hef ekki heldur trú á, að ræktunarsamböndin kæri sig nokkuð um að láta sjá um reksturinn fyrir sig. Hins vegar gerir brtt. við 16. gr., b-liður, það auðvelt, enda þótt viðkomandi aðilar eigi vélarnar, ef slíkt þykir í einhverjum tilfellum betur henta.

Þá er brtt. n. við 17. gr., og er með henni lagt til, að breytt verði um skipun vélanefndar þannig, að landbrh. skipi einn mann í n. án tilnefningar, sem skal vera formaður hennar, annan á að skipa eftir tilnefningu B. F. Í., og sá þriðji skal vera verkfæraráðunautur B. F. Í., en hafi það engan slíkan í þjónustu sinni, skal skipa einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess. Það þótti eðlilegt eftir atvikum, að ráðh. hefði nokkru meiri íhlutunarrétt í þessari n. en frv. gerir ráð fyrir, þar sem vélasjóðurinn er eign ríkisins og rekstur hans styrktur af opinberu fé. Það þótti líka rétt að slá varnagla í sambandi við skipun verkfæraráðunautar B. F. Í. í n., þar sem hann er enginn eins og stendur, enda þótt samþykkt hafi verið á síðasta búnaðarþingi að ráða slíkan ráðunaut. Það má að vísu gera ráð fyrir, að fljótlega verði ráðinn maður í þetta starf, en varla verður það búið, þegar þetta frv. verður að l. Það var því valin sú leið að láta ráðh. skipa einn jarðræktarráðunaut félagsins eftir tilnefningu þess, meðan málum væri svona háttað sem ég hef nú lýst.

Þá er brtt. við 33. gr. og lagt til, að 36. gr. falli niður. Breyt. er fólgin í því að heimila ekki sölu þeirra réttinda, sem um er að ræða, heldur skuli gilda um þau sömu ákvæði og jarðir í erfðafestu, og er þetta lagt til með hliðsjón af þeim viðskiptum, sem átt hafa sér stað í sambandi við þessi lönd, þar sem dagsláttan hefur verið leigð kannske fyrir 5 kr., en seld svo á allt að því 10 þús. kr., þveröfugt

við tilgang þess ákvæðis, sem um þetta hefur gilt. Það kom til mála í n. að gera um þetta fleiri ráðstafanir, t. d. láta sveitirnar hafa forkaupsrétt að þessum leigulöndum, en frá því var þó horfið að svo stöddu.

Ég vil svo að lokum geta þess, að við afgreiðslu málsins í n. náðist ekki í einn nm., 2. þm. Árn. (EE), en eftir viðræðum við hann um þessar breyt. held ég, að ekki sé um neinn ágreining að ræða, enda þótt ég kynni ekki við að setja nafn hans undir nál. Annars kemur það fram nú við þessa umr., ef um skoðanamun er að ræða, þar sem þessi hv. þm. er nú staddur hér í d. — Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en vil leyfa mér að óska eftir, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu. Það er mikið talað um, að bráðlega verði farið að slíta þessu þingi, og þess vegna vil ég leyfa mér að biðja hæstv. forseta að koma í veg fyrir, að þetta mál dagi uppi.

Forseti (BSt): Út af beiðni hv. 1. þm. N-M. vil ég segja það, að mikil vandkvæði eru á að flýta fyrir málum, og þó að ég vilji gera það, sem í mínu valdi er, þá verð ég að taka málið út af dagskránni nú, þar sem Sjálfstfl. hefur boðað flokksfund eftir 2—3 mínútur.

Umr. frestað.

Á 93. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 570, og er hún í nokkuð mörgum tölul., en þó í rauninni ein till. og ákaflega auðveld í afgreiðslu. Þetta er aðeins till. um breyt. á einu orði, það er orðinu styrkur. En hvers vegna er ástæða til þess að fara að breyta einu orði? Sókrates sagði: „Röng orð skapa rangar hugmyndir.“ Þetta er sígildur sannleikur. Röng orð gefa rangar hugmyndir og rangan skilning og af því leiðir oft og tíðum rangar ályktanir og ranga afstöðu. Hvað ætli sé þá sérstaklega að orðinu styrkur? Orðið styrkur hefur jafnan verið óviðeigandi í þessari löggjöf. Orðið styrkur, eftir málvenju, felur í sér þágu eða hjálp þess, sem vanmáttugur er, og verður þess vegna of mikil ölmusa, þegar um er að ræða framlag til þess að byggja landið, og orðið styrkur hefur magnazt í þessu tilfelli, vegna þess að löggjöfin hefur verið tekin út úr í ýmsum tilfellum meir og meir, þegar skilningur hefur vaxið á því, að meira er um skyldutillög að ræða en ölmusu. Ef maður rennir augunum yfir tryggingalöggjöfina, þá er eftirtektarvert, að búið er að nema svo að segja alveg burt orðið styrkur. Áður var ellistyrkur, nú er ellilífeyrir, áður var örorkustyrkur, nú er örorkulífeyrir og örorkubætur, áður var sjúkrastyrkur, nú eru sjúkrabætur, og ég tel, að þetta sé vel til fallið. Þó er það svo, að enn þá fráleitara er að hafa orðið styrkur um þau tillög, sem þjóðfélagið greiðir vegna þess, að verið er að nema landið, heldur en þegar verið er að veita þeim aðstöðu, sem gamlir eru orðnir og sjúkir. Sá, sem ræktar jörðina og byggir upp landið í sambandi við þá ræktun, hann er ekki eingöngu að vinna fyrir sjálfan sig, heldur fyrir komandi kynslóðir. Þess vegna er það, að þjóðfélagið tekur þátt í hans starfi með fjárframlögum. Ég vonast því eftir því, að þessar brtt. nái fram að ganga, og ég vona, að þær geti átt sinn þátt í því að eyða þeim misskilningi, sem hið ranga orð styrkur hefur valdið í hugum ýmissa manna. Þess verður oft vart í þéttbýlinu, að fólk þar telur, að verið sé að gefa sveitamönnum, sem eru í rauninni að nema landið, gjafir með þeim framlögum, sem ríkið veitir til ræktunar og uppbyggingar í sveitunum. Þessi hugsunarháttur hefur komið fram vegna þess, að ekki hefur verið valið rétt orð. Það gat verið um ýmis orð að ræða í staðinn fyrir orðið styrkur, menn töluðu um framkvæmdaverðlaun. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé of yfirlætislegt orð, a. m. k. í ýmsum tilfellum. Ég tel, að orðið framlag sé mjög hæfilegt, það er yfirlætislaust og gefur rétta merkingu og hefur á ýmsan hátt verið tekið í lög, svo sem í hafnarbótalöggjöfinni. Þá hef ég lagt til, að sums staðar komi ríkisframlag, þar sem nauðsynlegt er að hafa fullt heiti, en annars staðar komi orðið framlag, þar sem betur fer í máli. Vænti ég, að brtt. mínum verði vel tekið.

Hvað snertir brtt. hv. landbn., þá virðast mér þær yfirleitt til bóta, en ég mun taka nánari afstöðu til þeirra, þegar til atkvgr. kemur.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Ég var nú ekki á nefndarfundi, þegar lokið var við afgreiðslu á máli þessu, og hef því ekki skrifað undir nál. Ég vildi aðeins láta þess getið, að í öllum meginatriðum er ég því samþykkur og álít það í verulegum atriðum standa til bóta. Um brtt. get ég verið fáorður, þar sem um þær var rætt, þegar ég var á nefndarfundi. Af brtt. n. tel ég eina skipta verulegu máli, og er það till. um hækkun á framlaginu til súrheysgryfjanna. Þetta er ákaflega þýðingarmikið, því að í mörgum tilfellum stendur og fellur slátturinn með því, að til séu slík hús. Því er mjög mikilsvert, að menn séu hvattir til að auka þessar byggingar. Þessari till. er ég því algerlega samþykkur.

Ég skal ekki eyða orðum að fleiri brtt. Ég er með sumum, en móti öðrum, sem fram hafa verið bornar. Mér finnst satt að segja sumar till. bera allt of mikinn keim af vísindum. En um afstöðu mína til till. læt ég atkv. mitt skera úr, þegar þar að kemur. Ég vildi sem sagt aðeins láta þess getið, að ég er í höfuðatriðum frv. samþykkur. Get ég svo látið máli mínu þar með lokið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 569,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

— 570,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 569,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 569,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 570,2 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 570,3 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 569,4 samþ. með 9 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 570,4—5 samþ. án atkvgr.
— 569,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 570,6—9 samþ. án atkvgr.
12.—15. gr., svo breyttar, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 569,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 569,7 (ný 17. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 570,10 samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
24.—25. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 570,11—12 samþ. án atkvgr.
26.—27. gr., svo breyttar, samþ. með 9 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 570,13 samþ. án atkvgr.
29. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 569,8 (ný 33. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
34.—35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 569,9 (36. gr. falli burt) samþ. með 9 shlj. atkv.
37. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 570,14 samþ. án atkvgr.
38. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
39.—40. gr. (verða 38.—39. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 570,15 samþ. án atkvgr.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 598).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 95. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Það fer að nálgast þinglausnir og því nauðsyn að hraða þeim málum, sem afgreiðslu eiga að hljóta. Það mál, sem hér um ræðir, er að dómi landbn. þýðingarmikið, og þó að hún mundi ef til vill óska eftir að gera á því breyt., þá vill hún ekki stofna afgreiðslu þess í hættu með slíkum brtt. og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

---

21. Sauðfjársjúkdómar.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu nœmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra* [46. mál] (stjfrv., A. 62).

Á 8. fundi í Nd., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það stendur eins á um þetta mál og það, sem var á dagskrá næst hér á undan (frv. til jarðræktarlaga), að það er undirbúið og lagt fyrir þingið af hæstv. fyrrv. stj. Þykir mér því réttast, að fyrrv. hæstv. landbrh. geri grein fyrir því, þar sem hann á sæti í þessari deild.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Það er eins og hæstv. ráðh. segir, að það stendur svipað á um þetta frv. og það, sem var hér á undan, að það er flutt af fyrrv. ríkisstjórn.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, að mikil þörf þykir á að ganga þannig frá þessum málum, að á þeim sé fullur hraði, þannig að bæði bændur og ríkisstj. geti unnið að því hvor á sínu sviði, að þessar framkvæmdir gangi með þeim hraða, sem nauðsynlegur þykir. Undanfarin ár hefur komizt allgóður rekspölur á skipti á sjúku fé og heilbrigðu, og verður ekki annað séð en sú reynsla, sem þegar er orðin, gefi góða von um áframhaldið. Það má segja, að til þessa hafi tekizt ágallalaust fjárskiptin á þeim svæðum, sem hafa verið tekin, og lofar sú byrjun góðu um, að það takist á ekki mjög löngum tíma að losa landið aftur við þær illræmdu sauðfjárpestir, sem hafa herjað fjárstofninn um hálfan annan áratug.

Eins og flestum er kunnugt, eru fjárskiptin það langt komin með þeim niðurskurði, sem fór fram í haust milli Héraðsvatna og Eyjafjarðar, að nú er röðin komin að Borgarfirði, og telja margir, að það sé nauðsyn að hraða sem mest niðurskurði og fjárskiptum í Borgarfirði, vegna þess að sú markalína, sem nú er milli þess sýkta svæðis og þess, sem ósjúkt er talið, er svo erfið viðfangs til varnar, að talin er stór hætta á að hafa sýkt og ósýkt fé sitt hvorum megin við hana. Og eftir því sem þeim svæðum fjölgar, sem heilbrigðan stofn hafa fengið, eru meiri líkur fyrir því, að hægt sé að fá nægilega mörg lömb til lífs, sem geri kleift að skipta á

hinum sjúku svæðum, sem enn eru eftir, á mjög stuttum tíma, jafnvel 4—5 árum. En til þess að unnt sé að koma því fram, verður að skjóta einhverju af þeim byrðum, sem af því stafa yfir á næstu ár á eftir.

Heildarkostnaður, sem orðið hefur við þessi mál frá upphafi fram að árslokum 1947, er um 22 millj. kr. Miklu af þeim kostnaði var varið á fyrstu árunum í bætur til bænda. Ég veit ekki, hvað mikill hluti það er, en ég hygg, að þriðjungurinn af þessum 22 millj. hafi farið í þau fjárskipti, sem þá voru komin á. Árið 1948 hefur þessi kostnaður numið 5 milljónum, en 1949 nokkuð á 6. milljón. Talað er um, að það muni vera um 30 millj., sem það kosti ríkissjóð að ljúka þessum fjárskiptum. Það er gert ráð fyrir, að það verði unnt að koma þessu verki fram þannig, að fjárskiptunum sé lokið á árinu 1955, og ekki ólíklegt, að þeim yrði lokið 1954. Er þó ljóst, að ef sá hraði verður hafður á þessum málum, sem full nauðsyn er á, yrði erfitt fyrir ríkið að leggja þá upphæð fram á svo fáum árum.

Til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig er fjárhagslega haganlegast að koma þessum málum fyrir, varð samkomulag um, að atvmrn. og fjmrh. skipaði þriggja manna n. til að endurskoða l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma. Formaður n. var framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarnanna, Sæmundur Friðriksson. Með honum var skipaður maður úr Borgarfirði, Guðmundur Jónsson bóndi á Hvítárbakka, sem nú er formaður væntanlegrar fjárskiptanefndar í Borgarfirði. Hefur hann síðan mjög ráðfært sig við bændur innan þess svæðis, sem á næsta ári á að búa við þessi lög. Þriðji maðurinn var Einar Bjarnason, fulltrúi í fjmrn. N. var einhuga um till. sínar um að breyta þessum l. og hefur gert grein fyrir þeim breyt. í aths. þeim, er fylgdu frv. frá n.

Aðalbreyt. á 9. gr. er sú, að þar er nú svo fyrir mælt, að varnargirðingum skuli haldið við um óákveðinn tíma, en n. leggur til, að þeim verði haldið við á kostnað ríkissjóðs í næstu fjögur ár eftir að fjárskipti hafa farið fram, en þegar þau eru liðin og fram hefur komið, að engin veiki eigi sér þar stað, þá eigi viðkomandi hérað kost á að kaupa girðingarnar, ef það vill láta þær standa áfram.

Þá er ákvæði um breytingar á banni við að flytja fé yfir varnarlínur nema með leyfi n. Það hefur verið gerð sú breyt. að binda það við 4—6 ár eða þann tíma, sem skyldugt er að halda við varnargirðingum.

Þá er lagt til að breyta 1. málsgr. 37. gr. á þá leið að miða bótaskylda fjártölu við framtal tæpum tveimur árum áður en fjárskipti fara fram, í stað tæpra þriggja ára, eins og áður var. Telur n. það hagkvæmara vegna framkvæmdar l.

Þá gera þeir þá breyt. við 38. gr. að miða bætur við vænleik lamba, þar sem fjárskipti fara fram, en ekki kaup líflamba. Byggja þeir það á því, að það er afurðatapið, sem verið er að bæta, en ekki verið að greiða þau líflömb, sem keypt eru.

Þá er ein aðalbreyt., sem n. leggur til, að gera megi ráð fyrir, að bætur megi greiða að verulegu leyti með ríkisskuldabréfum, þ. e. venjulegar fjárskiptabætur með 20% og sauðleysisbætur með allt að 60% í ríkisskuldabréfum. Töldu þeir, að meðal bænda væri það svo, að þeir vildu leggja svo mikið á sig til að koma þessum fjárskiptum fram, að þeir vildu taka á sig þetta form til þess að hraða málinu, en það væri hægara fyrir ríkissjóð, ef þessar breyt. fengjust á greiðslufyrirkomulaginu.

Þá leggur n. til, að bætur séu miðaðar við sem hámark 75 kr. á kind. Það er það hæsta, sem verið hefur hingað til. Er þetta gert til þess að ríkið viti nokkurn veginn fyrir fram, hvar það stendur um þessar bætur, þegar fjárskipti standa fyrir dyrum.

Ég mun ekki rekja frekar þessar breyt. nú, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. landbn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 122).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Þegar frv. þetta var lagt fyrir hv. d., fylgdi hæstv. fyrrv. landbrh. því úr hlaði með rækilegri ræðu, svo að ég sé ekki ástæðu til að gera þetta mál að sérstöku umræðuefni nú. N. getur fallizt á það í höfuðdráttum, en þó flytur hún tvær brtt. við það. Hin fyrri er um það, að réttur þeirra manna, sem heimild höfðu til bóta samkv. ákvæðum eldri l., verði ekki rýrður. Síðari liðurinn er aðeins nokkurs konar öryggisráðstöfun, ef einhverjar óeðlilegar verðsveiflur eiga sér stað. N. er sammála um þessar brtt. og væntir þess, að hv. d. geti orðið henni sammála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 122,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 122,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

5.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 25. og 30. fundi í Nd., 10. og 16. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 175, 528, 529).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Þetta mál er búið að vera lengi á leiðinni hér í Nd., enda er bæði um viðkvæmt og vandasamt mál að ræða. Landbn. hefur fengið sendinefndir frá bændum á sinn fund, sem borið hafa fram ýmsar óskir. N. hefur rætt við þessar

sendinefndir og gengið til móts við óskir þeirra, eftir því sem kleift hefur þótt. Þá hefur n. haft fund með landbn. Ed. til þess að leita að lausn, sem báðar d. gætu sætt sig við og tryggt með því framgang málsins. Nefndir beggja d. náðu samkomulagi með þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 528, og skal ég fara um þær nokkrum orðum.

Fyrsta brtt. er við 4. gr., a-liður þeirrar brtt., og er hann um það, að bætur skuli miðaðar við niðurlagsverð næstu tveggja ára á undan því, er bæturnar eru greiddar, en í frv. er gert ráð fyrir meðalverði næsta árs á undan. Þessi breyt. er eðlileg vegna þess, að miklar sveiflur eru á þessum árum bæði á vænleik og verði niðurlagsfjár, og má vænta, að með þessu ákvæði verði bæturnar réttlátari. Þá er lagt til, að hámarksákvæði um bætur fyrir bótaskylda kind, sem í frv. er 75.00 kr., falli niður og um það fjallar b-liður brtt. við 4. gr. Eins og kunnugt er, hefur þetta ákvæði verið mjög óvinsælt og þótt óréttlátt og hefur n. fallizt á að fella það niður, einkum með hliðsjón af því, að hún leggur til, að bætur verði miðaðar við meðalverð tveggja síðustu ára.

Þá vil ég víkja að c-lið 1. brtt. n. við 4. gr., en hún fjallar um að láta bændur, er hafa litla eða enga aðstöðu til mjólkursölu eða annarrar framleiðslu, sitja fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar. Þessi till. er eðlileg afleiðing af því, að aðstaða bænda á því svæði, þar sem fjárskipti standa fyrir dyrum, er allmisjöfn. Margir hafa mikla mjólkurframleiðslu, og hafa þeir miklu betri aðstöðu en hinir, sem stunda sauðfjárrækt, og eingöngu þess vegna þykir n. rétt, að þeir verði látnir ganga fyrir um líflambakaup, ef ekki fæst áskilin fjártala til úthlutunar.

Nokkrar breyt. vill n. gera á 6. gr., en a-liður þeirra breyt. er, að fyrir orðið „vaxtalausu" komi: 4%. — Þetta ákvæði í frv. er mjög óvinsælt, enda munu margir bændur þurfa á þessum bréfum að halda til nauðsynlegra greiðslna í sambandi við búreksturinn, en með því, að þau séu vaxtalaus, yrði sú notkun erfið, og sömuleiðis yrðu þau ekki eftirsótt veð. Á þessar röksemdir hefur n. fallizt og leggur því til, að þessi breyt. verði gerð, það er að segja, að greiddir skuli vera 4% vextir af bréfunum. — Þá hefur n. gert nokkra breytingu á hlutfallinu milli þeirrar upphæðar, sem greiðast skuli í þessum skuldabréfum, og um það fjallar b-liður brtt. við 6. gr. Þar er gert ráð fyrir, að upphæð sú, sem bændum er skylt að taka í skuldabréfum af bótagreiðslunni, verði nokkuð hækkuð, eða úr ⅛ og ⅜ í ⅖ og ⅘. Með þessu er þó ekki gert ráð fyrir, að skuldabréfaupphæðin verði aukin verulega í heild, heldur er gert ráð fyrir, að heimilt verði að greiða þeim, sem búa við örðugan fjárhag, hærra hlutfall í peningum og leysa þá með því undan þeirri fjárbindingu, sem í skuldabréfunum felst, og má gera ráð fyrir, að þetta geti orðið til verulegra hagsbóta fyrir þá, sem illa eru stæðir, en ætti hins vegar ekki að vera þungbært fyrir hina, enda þótt þeir þurfi að taka við nokkru hærri upphæð í skuldabréfum en áður var gert ráð fyrir. Þá hefur náðst samkomulag við Búnaðarbankann, að hann tæki þessi skuldabréf á fullu nafnverði, sem vaxta- og afborgunargreiðslur af fasteignalánum, sem bankinn hefur veitt, og er mikil bót að slíku samkomulagi, enda þótt bankinn taki bréfin ekki sem almennan gjaldmiðil, þar sem samkomulagið er bundið við vexti og afborganir af fasteignalánum frá bankanum. Eins og þm. mun vera ljóst, er þessi breyt. á l. flutt til þess að unnt verði að halda áfram fjárskiptunum með sem mestum hraða, svo að þeir, sem lengst hafa búið við þennan vágest og lamazt fjárhagslega, verði leystir eins fljótt og mögulegt er undan þeirri möru. En auk þess eru þeir, sem þegar hafa skipt um fjárstofn, í stöðugri hættu meðan ekki er lokið öllum fjárskiptum, og enda þótt allt sé gert til að verja samgang fjár á milli þessara staða, þá er alltaf hætta fyrir hendi. Af þessum ástæðum er líka mikil nauðsyn að hraða fjárskiptunum eins og mögulegt er. En vegna þess að fjárhagur ríkissjóðs er ekki góður, getur ríkið ekki borið allan þann kostnað, sem af fjárskiptunum leiðir, nema á löngum tíma, enda er sá kostnaður áætlaður allt að 20—25 millj. kr. Þetta vandamál þarf að leysa, og hefur því verið gripið til þess ráðs að greiða bæturnar að nokkrum hluta í umræddum bréfum, og þó að þessi leið verði erfið fyrir marga bændur, þá vilja þeir vinna það til, ef það getur tryggt lausn málsins og fjárskiptunum verður haldið áfram með þeim hraða, sem nauðsynlegur er. Ég vil geta þess, að verði till. um að fella niður hámarksbæturnar fyrir hverja kind felld, þá vill n. leyfa sér að flytja skriflega brtt., sem þó kemur því aðeins til atkv., að hún verði felld.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 529, sem var of seint fram komin, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 542) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það sé brýn nauðsyn, að fjárskiptunum sé hraðað sem mest. Þess vegna get ég fallizt á það ákvæði, sem er í frv., að ríkissjóði sé heimilt að greiða hluta af fénu með ríkisskuldabréfum. Hins vegar er það ofætlun að ætlast til þess, að bændur láni ríkinu fé fyrir ekki hærri vexti en felst í brtt. landbn. Þar er gert ráð fyrir, að vextir af þessum bréfum verði 4%. Að vísu er það framför frá því, sem fyrst var gert ráð fyrir í frv., því að þá var lagt til, að bréfin yrðu vaxtalaus. Síðan fjárskipti hófust, hafa bændur fengið greiðslur sínar í peningum, en bændur á Suðurlandi og allt vestur í Dali eiga að taka á sig að lána ríkissjóði bæturnar og með lægri vöxtum en ríkissjóður hefur orðið að greiða annars staðar af lánum, og eins og vitað er, hefur hann orðið að greiða þjóðbankanum allt að 7% vexti. Ef þjóðbankinn getur ekki lánað ríkinu með lægri vaxtafæti, er ofætlun að ætla, að bændur geti lánað ríkinu með 4% vaxtafæti. Það er ekki heldur sanngjarnt eftir því, sem á undan er gengið.

Þeir, sem eftir eru með niðurskurð, verða verr úti en þeir, sem þegar hafa framkvæmt fjárskipti. Niðurskurðurinn er í þágu allra bænda og það verður að flýta honum, til þess að þau héruð verði ekki fyrir hættu, þar sem niðurskurður hefur farið fram. Ég held, að flestir geti orðið sammála um það, að fjárhagur bænda yfirleitt er orðinn það þröngur, að þeir verði undir flestum kringumstæðum að taka lán út á bréfin, en þá verða þeir að gefa með þeim allt að 3% vaxtamismun. Það er ekki óeðlilegt að ganga inn á það, að ríkisstj. borgi bæturnar með skuldabréfum, en það á ekki að vera á þann veg, að bændur þurfi að gefa með þeim 3% vaxtamismun, ef þeir taka lán út á þau. Þetta vil ég biðja hv. þm. að athuga, og ég veit, að hv. landbn. mun sjá, að ekki er sanngjarnt, að bændur láni ríkissjóði fé með þessum vöxtum, því að sýnilegt er, að margir munu þurfa að taka lán út á bréfin á þessu 5 ára tímabili, sem gert er ráð fyrir, að lánin vari. Af þessum sökum leyfi ég mér að flytja skriflega brtt. við brtt. landbn. á þskj. 528, tölul. 2, a, við 6. gr. frv., að í stað 4% komi 6%. Ég vænti þess, að hv. þm. taki þessari brtt. með velvild og samþykki hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 543) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru örfá orð út af þeim brtt., sem fyrir liggja. Ég tek undir ummæli hv. frsm. landbn., að nauðsyn beri til þess, að fjárskiptum verði hraðað til þess að fyrirbyggja hættu á þeim stöðum, þar sem fjárskipti eru þegar komin á. Þess vegna er mikils til að vinna að greiða fyrir því, að þau verði sem hröðust. En þótt þessu sé nú þannig farið, þá held ég, að það geti orðið mörgum bændum óþægilegt, ef þeir eiga að taka miklar fúlgur í ríkisskuldabréfum, því að þau ganga ekki sem greiðslueyrir til fjárkaupa eða annarra nauðsynja. Það hefði því mátt vænta, að ekki yrðu gerðar ráðstafanir til þess að skylda bændur til að taka á móti fleiri bréfum en gert er ráð fyrir í frv. nú á þskj. 175. En samkv. brtt. landbn. á þskj. 528 er bætt allmiklu við fyrri ákvörðun þingsins. Nú er bændum gert skylt að taka meiri hluta uppbótanna í skuldabréfum en ákveðið var í frv. Þetta held ég, að geti valdið bændum miklu óhagræði. Hins vegar get ég viðurkennt, að ef um eitt af tvennu er að ræða, ef miklu munar á hraðanum, sem hægt er að framkvæma fjárskiptin með, ef bændur taka við skuldabréfum á þessa leið, kysu þeir það heldur en að tafir yrðu á fjárskiptunum, þótt ég gangi þess ekki dulinn, að bændum muni veitast erfiðar að komast yfir fjárskiptin. Þetta held ég, að liggi ljóst fyrir, og þó hlýtur vaxtafóturinn að hafa hér nokkuð að segja. Hvort vextir eru 4% eða 6%, skiptir ekki ýkja miklu máli, því að fæstir bænda munu geta legið lengi með bréfin og notið vaxtanna. Hér er um tvær leiðir að ræða, annars vegar peningagreiðslur eða greiðslur í ríkisskuldabréfum. Fyrri leiðin er notadrýgri, ef nota skal peningana strax, en ég mæli ekki á móti brtt. á þskj. 529, og ég sé, að þm. hafa fest augun á þessum mikla mun. Hins vegar hefði ég vænzt þess, að bændur yrðu ekki skyldaðir til þess að taka meira af skuldabréfum en felst í frv. á þskj. 175.

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 175, 528, 529, 542, 543).

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Við þm. Skagf. og hv. 2. þm. Eyf. flytjum brtt. við frv. á þskj. 529, sem mér þykir hlýða að gera grein fyrir. Hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir málinu í heild, og mun ég ekki víkja mikið að því, enda er ég till. n. yfirleitt samþykkur. En í sambandi við till. okkar verð ég að gera nokkra grein fyrir aðdraganda þessa máls.

Lögunum var breytt árið 1947, og síðan hefur verið unnið að fjárskiptum og fé lógað árlega samkvæmt l. Það var svo komið haustið 1948, að farið höfðu fram fjárskipti í Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu og í Skagafirði að Héraðsvötnum. Sömuleiðis hafa fjárskipti farið fram austan frá, svo að búið er að lóga fé alla leið að Eyjafjarðargirðingu. Svæðið milli Eyjafjarðargirðingar og Héraðsvatna er hins vegar eftir. Á þessu svæði er margt fé, og er uggur í mönnum, að óhöpp kunni að leiða af þessu sýkta svæði, þar sem hætta er á því, að sýkt fé brjótist yfir varnarlínurnar og sýki fjárstofninn á hinum heilbrigðu svæðum. Það var því mikið kapp lagt á það að fá bændur á þessu svæði til að samþykkja fjárskipti, svo að svæðið allt yrði hreinsað. Það fór fram atkvgr. um þetta, en sá meiri hl., sem tilskilinn er, náðist ekki. Þetta þóttu ill tíðindi, og var hafin mikil „agitation" fyrir því, að atkvgr. færi fram aftur, til þess að reyna að fá lögmætan meiri hluta. Það fór líka svo við seinni atkvgr., að næg þátttaka varð til þess, að þetta mætti verða. Þetta var gert fyrir eindregin tilmæli hins opinbera og gengið var út frá því, að þessir menn, sem lóguðu fé sínu, fengju sömu bætur og þá voru ákveðnar í l. og greiddar höfðu verið undanfarin ár. Það þarf ekki að orðlengja um þetta. Þessir bændur lóguðu fé sínu samkvæmt löglega gerðum samþykktum, staðfestum af stjórnarráðinu, og það er því raunverulega samningur milli stjórnarráðsins og bænda, að þeir fái þessar bætur. Nú, er bændur þessir hafa fargað fé sínu, kemur hér fram frv. á Alþ. um, að gerðar verði ráðstafanir í þessum efnum, sem hafa það í för með sér, að þessir menn sitja við önnur og lakari kjör en áður. T. d. er ráðgert, að þeim verði greitt með skuldabréfum, en ekki peningum. Þessir menn hafa ekki alls kostar getað unað við þetta. Þeim finnst, að með þessu séu gerðir samningar brotnir og að hið opinbera gangi með þessu á gefin heit. Mér dettur ekki í hug að neita því, að með þessu frv. sé stefnt að auknu öryggi í þessum efnum, með því að flýta fyrir fjárskurði. Þetta viðurkenni ég og flestir menn, sem hugsa rólega um málið, og till.

okkar er sniðin með það fyrir augum. Ég viðurkenni líka, að breyt., sem gerðar hafa verið, miða að því að greiða úr og gera málið aðgengilegra en það var í upphafi. En ég vil spyrja hv. þm., hvað þeir hefðu gert, ef þeir hefðu samið við mann um ákveðinn verknað á sömu lund og gegn sömu greiðslu og venja hefði verið undanfarið, en það hefði að vísu ekki verið beint tekið fram, að greiðsla skyldi fara fram í peningum, en svo hefði ætíð verið. Hvað yrði sagt, ef ég eða einhver annar í stað þess að greiða í peningum, eins og venja hefði verið, innti greiðsluna af hendi í skuldabréfum, sem ekki ætti að borga fyrr en eftir fimm ár? Mér þykir ekki trúlegt, að verkamenn mundu fallast á slíkt, og ég tel það efasamt, að nokkur okkar vildi fremja slíkan verknað, við mundum ekki telja það sæmandi. Og ef það er ekki sæmandi privatmönnum, er hæpið að það sé Alþ. sæmandi. Ég viðurkenni tilgang frv., og mér er það persónulegt áhugamál, að fjárskurður dragist ekki úr hömlu. Með frv. er stefnt að auknu öryggi fyrir málið í heild, en við flm. þessarar till. leggjum áherzlu á, að þeir, sem lógað hafa fé sínu samkvæmt ákvæðum eldri l., verði ekki skyldaðir til að taka við greiðslu í skuldabréfum. Í stað þess viljum við, að leitað verði frjálsra samninga um það, að þessir menn taki bréfin upp í þær greiðslur, sem þeim ber að fá vegna fjárskiptanna, og að búnaðarsamböndin vinni að því, að svo mætti verða. Ég teldi það skyldu mína að vinna að því, og þannig mun vera um fleiri.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja. Ég hef gert nokkra grein fyrir till. okkar þrímenninganna og vænti þess, að menn hafi áttað sig á, hvað fyrir okkur vakir.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum víkja að þeim ræðum, sem haldnar hafa verið síðan ég flutti framsöguræðu mína, og þeim brtt., sem fram hafa komið.

Fyrst vil ég minnast á brtt. hv. 2. þm. Rang. (IngJ) um, að vextir af bréfunum verði 6% í stað 4%. Það má auðvitað halda um það hjartnæmar ræður, að það sé ósanngjarnt, að bændur fái ekki nema 4% í vexti af bréfunum. Ég mundi líka geta gert það, ef ég vildi fara í föt hv. 2. þm. Rang. Hv. þm. þarf ekki að halda, að ég eða aðrir, sem vitum, að þessi þungi kemur fyrst og fremst niður á umbjóðendum okkar, séum að skera niður okkur til gamans. Við værum ánægðir, ef við gætum lagt til, að vextirnir skyldu vera 6 eða 8%. En við höfum séð okkur tilneydda, til þess að sjá heildarmálinu farborða, að binda þá við 4%. Ef málið strandar, þá verður það erfiðara fyrir bændur en að taka við bréfum, sem gefa 4% vexti. Hv. þm. sagði, að bændur væru með þessu að lána ríkinu gegn lægri vöxtum en það gæti fengið annars staðar. Þetta er orðaleikur hjá hv. þm. Hér er um frest á greiðslu að ræða, og vextirnir eru nærri sparisjóðsvöxtum. Við töldum þetta bót frá því, sem áður var, er gert var ráð fyrir því, að bréfin yrðu vaxtalaus. Ég mundi glaður greiða atkv. með till. hv. þm., ef ég teldi, að ríkið hefði fullar hendur fjár til framkvæmda, en við höfum litið svo á, að ástandið væri þannig, að ekki væri fært að íþyngja því fram yfir það, sem nauðsynlegt væri.

Þá minntist hv. 1. þm. Árn. (JörB) á brtt. n. um að hækka hlutfall bréfanna frá því, sem upphaflega var ákveðið, og taldi, að með þessu væri þyngt á bændum fram yfir það, sem vert væri og æskilegt. Ég get sagt það sama við hann og hv. 2. þm. Rang. Það mundi gleðja mig, ef þess væri kostur að greiða allt í peningum, en eins og ég sagði áðan, verður að taka tillit til fjárhagsgetu ríkissjóðs, og það er hætta á því, að þessar framkvæmdir stöðvist, ef ekki er komið til móts við ríkið, og þess vegna höfum við mælt með skuldabréfunum. Ég vil ekki heldur viðurkenna, að till. n. feli í sér hækkun á bréfunum frá því, sem áður var. Við tókum allstóran hóp manna, sem fella má alveg frá skuldabréfaskyldunni. En til þess að mæta því, er lagt til, að bréfamóttakan verði þyngd á öðrum, sem betur eru færir um að taka á móti. Við vitum, að aðstaða manna er misjöfn á þessu svæði. Þetta er mjólkursvæði með stórum kúabúum og mjólkurframleiðslu, og margir búa mest að henni, þótt þeir eigi sauðfé. Það er enginn efi á því, að fjöldi manna á þessu svæði er fær um að taka allt í skuldabréfum, þó að þau verði ekki greidd fyrr en eftir fimm ár. En þarna eru líka menn, sem aðeins hafa stundað sauðfjárrækt og hafa ekki neina möguleika á þessu. Það er því rétt að þoka til byrðunum, svo að þeir, sem bezt eru staddir, beri meira, en létt sé á þeim, sem erfiðara eiga. Ef litið er á heildina, verður þetta ekki hærra samkvæmt till. n., heldur er því skipt niður á annan hátt.

Þá vil ég minnast á brtt. á þskj. 529, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefur gert grein fyrir. Hann flutti mál sitt einvörðungu á grundvelli laga og réttar og taldi, að samningur sá, sem ríkið hefði gert við viðkomandi aðila, væri svo heilagur, að honum mætti ekki hagga. Það væri ekki sæmandi að fara að baki mönnum á þennan hátt, að skylda þá til að taka á móti skuldabréfum í stað peninga. Ég skal eigi fara út í lagahliðina á þessu máli. Er ég ekki lögfræðingur og skal ekkert segja um, hvort hægt er að hnekkja þessum ákvæðum með málaferlum. En þó vil ég benda á, að til er nokkuð, sem heitir neyðarréttur, þar sem annar réttur er stundum látinn víkja. Það má deila um, hvort sá réttur sé hér fyrir hendi, en ég hygg svo vera. Ódæðið við að skylda menn til að taka við greiðslum í skuldabréfum er það, að margir mundu fyrr hafa þakkað fyrir að fá 4% skuldabréf upp í greiðslur, og ég held, að bæði bændur og aðrir mættu oft þakka fyrir að fá 5 ára ríkisskuldabréf upp í kröfur sínar. En mér er sama, þó að bændur þeir, sem hér eiga hlut að máli, gætu sótt meira og minna vafasaman rétt sinn í hendur ríkisins með málaferlum. Vil ég það heldur en þeir séu settir skör hærra en hinir, sem hafa enga fortíðarsamninga. Hér er einmitt

um þau svæði að ræða, þar sem fara eiga nú fram fjárskipti, bændur hafa lógað fé sínu og leggja á á þá þessar kvaðir, þ. e. Mýrasýsla, Borgarfjarðarsýsla og Suðurland, sem lengst hafa stunið undir pestinni og legið undir þessari möru í 15 ár, hálfan annan áratug. Ég verð að segja, að ég tók mér nærri, þegar ég sat í sæti landbrh., að þurfa að samþykkja, að fjárskipti færu fram milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, þar sem meginhluti fjárstofnsins var heilbrigt fé, á undan skiptum í eigin héraði mínu, þar sem veikin var mest og lengst. En það var af öryggisástæðum fyrir heildina, að sérfróðum mönnum fannst nauðsynlegt að taka þetta svæði fyrst. Beygði ég mig fyrir því, að skiptin færu þarna fram einu ári á undan. En nú eiga þeir, sem þar búa, að fá bæturnar á undan þeim, sem hafa orðið að bíða fyrir þjóðarheildina. Það eru þeir, sem hinar auknu byrðar eiga að lenda á. Ég get eigi þolað slíkt óréttlæti og vil heldur eiga undir því, að norðlenzkir bændur sæki ríkið með l. til að fá þennan ímyndaða rétt sinn. Ég vil benda á, að þessir bændur hafa nær engan þunga borið af fjárskiptum. Það var bara af öryggisástæðum, að féð var skorið niður. Þeir hafa haft fullar nytjar fjár síns. Og svo á að fara að gera þeim hærra undir höfði sökum einhvers lagakróks.

Ég mæli því á móti þessari brtt. og tel, að bændur þessir geri sjálfum sér engan sóma með henni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla eigi að gera að umtalsefni nema orð hv. síðasta ræðumanns. Það var eins og ríkissjóður stæði eða félli með því, hvort 6% vextir verða greiddir af bréfunum. Ég get eigi orðið sammála því, að ríkissjóður, þótt fjárhagur hans sé þröngur, standi eða falli með þessu. En bændur skiptir þetta miklu. Þessi hv. þm. var landbrh., þegar frv. var samið, og þá voru engir vextir af bréfunum. En nú getur hann í hv. landbn. fallizt á að hafa 4% vexti. Ég held, að þessi hv. þm. hefði átt að stíga sporið til fulls og leggja til, að greiddir verði fullir vextir. Svo mikið verður greitt í skuldabréfum, að víst má telja, að bændur verði að nota bréfin sem rekstrarfé og veðsetja þau fyrir lánum. Er þá eigi um annað að ræða en taka víxillán, er kosta 7% vexti, auk framlengingargjalds. Þótt einstaka maður finnist, sem eigi þyrfti að taka lán, þá eru hinir miklu fleiri, sem svo er ástatt um, að þess verður að gæta.

Hv. þm. sagði, að á svæði, þar sem niðurskurður ætti að verða, hefðu bændur mjólkurframleiðslu sem aðalatvinnu og gætu þeir því fremur tekið þar við skuldabréfum. Kynni það svo að vera, skoðað í daufu ljósi og frá einni hlið. En þá er rétt að upplýsa, að bændur þeir, sem breytt hafa aðalatvinnurekstri sínum úr sauðfjárrækt í nautgriparækt, hafa orðið að leggja í meiri kostnað en þeir, sem eigi hafa breytt um. Þeir hafa orðið að byggja ný fjós, utan aukinnar ræktunar og meiri töðuframleiðslu en hjá hinum, sem enn búa aðallega við engjabúskap. Allt hefur orðið til þess, að þessir bændur hafa safnað skuldum vegna breyttra búnaðarhátta. Hinir, sem eiga það eftir að breyta um, og þeir eru e. t. v. fleiri, munu eiga erfiðara um þetta nú en áður, þótt breytingin sé nauðsynleg. Mun það verða erfiðara vegna þess, að byggingarefni fer hækkandi og annar kostnaður við byggingar, áburðarverð og kostnaðurinn við að vinna landið. Allt þetta hlýtur að kalla á aukið rekstrarfé. Því er það, að bændur þeir á mjólkursölusvæðunum, sem eru að breyta um, þurfa að nota skuldabréfin til rekstrarfjár á næstu 5 árum, og standa þeir því eigi undir því að lána ríkinu með svo lágum vöxtum sem í brtt. greinir.

Hv. þm. sagði, að það væri orðaleikur, að bændur væru að lána ríkinu. Það er bara enginn orðaleikur, því að skv. l. um niðurskurð og fjárskipti er ríkissjóður skyldur að greiða bændum bætur í peningum og hefur gert það. Hefur ekkert staðið á ríkissjóði í því efni. Nú, þegar breyta á um í 5 ára skuldabréf, þá eru bændur að lána ríkinu féð, til þess að hægt verði að halda framkvæmdum áfram með sama hraða. Breytir það engu, þótt bændur geri sjálfir sín vegna ráðstafanir til að skapa öryggi í framleiðslunni. Þetta breytir eigi því, að skv. gildandi l. er ríkissjóður skyldur til að greiða bætur í peningum, þær er þar um ræðir. Annars eru þessi 2% eigi sú fjárhæð, sem getur komið ríkissjóði á hné. Ég veit eigi, hverju það kemur til með að nema á ári. Við getum hugsað okkur 3—5 millj. kr., og 2% af því vita allir, hvað er, 60—100 þús. kr. Bændur munar um það, hvort þeir þurfa að borga þennan vaxtamismun, þegar þeir fara í banka. Nú er hækkað hlutfall í bréfunum, en eigi hefur neitt verið séð að athuga við það, þótt horfið væri að því að greiða með ríkisskuldabréfum. Það er ill nauðsyn, því að ríkið þarf á þessu að halda. En það er deilt um hitt, hvort bændur skuli lána féð með betri kjörum en þeir eiga kost á að fá annars staðar. Ég held, að séu vextirnir sæmilegir, 6%, þá muni bændur geta notfært sér þessi bréf, því að þau verða tekin gild. Mun þá eigi koma að sök, ef bændur verða eigi að gefa stóra fjárhæð með þeim í vaxtamismun.

Þá var minnzt á till. þremenninganna, bæði af hv. 1. flm. og hv. frsm. landbn., og er ég mikið sammála hv. frsm. Ég hlustaði á ræðu hv. 2. þm. Skagf. (JS), það sem hann sagði um till., og verð ég að segja, að ég tel þann málflutning mjög vafasaman og þau rök hans, að vegna þess, að Skagfirðingar og aðrir norðanlands hafi samþykkt niðurskurð áður en þessi till. kom fram um breyt. á gildandi l., þá eigi þeir rétt á því að gera kröfur á ríkissjóð eftir gömlu l., eða m. ö. o. geti þeir krafizt að fá peningagreiðslur eingöngu. Það er vitað mál, að gengið var, um leið og byrjað var á niðurskurðinum, út frá því, að hann yrði framkvæmdur alls staðar þar, sem pestin hefði gert vart við sig, og ég get sagt, þótt atkvgr. hafi farið fram um það, að skorið yrði niður, að þá sé það aðeins pro forma, þ. e. fyrir siðasakir. Niðurskurðurinn var alls staðar samþykktur, því að bændur eiga eigi annars völ. Bændur vilja eigi ala þennan orm við brjóst

sér. Þegar þeir svo missa þriðju hverja kind og niður í aðra hverja kind á ári úr pestinni, þá hljóta þeir að samþykkja niðurskurð. Þótt atkvgr. hafi eigi enn farið fram um niðurskurð í Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og e. t. v. Vestur-Skaftafellssýslu, þá hlýtur það að verða gert, til þess líka að tryggja þau héruð, sem þegar hefur verið skorið niður í. Þegar málið er skoðað í réttu ljósi, kemur á daginn, að réttur þeirra, sem skáru niður á s. l. hausti, kröfur þeirra um greiðslur úr ríkissjóði geta eigi orðið hærri. Þessi till. á því engan rétt á sér, og er hún sprottin rétt af áhuga á velferð kjósenda, en er menn fara að athuga hana, þá hljóta þeir að sannfærast um, að hún er ekki réttlætismál. Tek ég undir með hv. þm. Mýr., að það getur eigi orðið hv. flm. hennar til sæmdar að halda henni fram til streitu.

Ég get þá lokið máli mínu, en vil enn fara þess á leit við hið háa Alþ., að það sýni þá sanngirni að samþykkja brtt. mína á þskj. 543.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að svara nokkrum orðum og leiðrétta misskilning. Byrja ég þá á hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann leggur mér þau orð í munn, að höfuðástæða okkar flm. þessarar brtt. væri sú, að fjárskipti hefðu verið framkvæmd áður en þetta frv. kom fram. En hún er eigi sú, heldur önnur. Ástæðan til, að ég tel, að þessum mönnum beri annar réttur en þeim, er síðar hafa samþykkt, er sú, að þeir hafa fengið samþykktir sínar staðfestar af stjórnarráðinu varðandi þær bætur, sem hafa gilt, og hljóta þeir að ganga út frá því, að þeir fái þær bætur, sem hafa gilt undanfarið. Þetta er ástæðan, nefnilega, að allt annað hefur gilt um þetta, þótt nú komi til með að gilda annað og allt aðrir aðilar komi til. Það er þetta, sem ég tel, að sé þungamiðjan í málinu og geri það vafasamt vegna samþykkta frá hinu opinbera, að l. eigi að verka aftur fyrir sig.

Þá vil ég víkja að hv. þm. Mýr. (BÁ). Hann sagði, að þessir bændur, sem við sæktum þetta fyrir, væru settir skör hærra en hinir. En þetta er misskilningur. Fjöldi bænda er búinn að lóga fé sínu undanfarið. Allir hafa þeir fengið þær bætur, sem við förum fram á, að þeim verði ekki afsalað, og aðeins fram á það, er þeir eiga rétt á. Þeir hafa því sömu aðstöðu og Vestur-Húnvetningar, Dalamenn, Strandamenn og Þingeyingar og Eyfirðingar austan Eyjafjarðar. Þetta vildi ég leiðrétta. En svo vil ég bæta við. Allir, sem fjárskipti hafa farið fram hjá og sætt hafa þessum kjörum, hafa fengið fé sama haustið. En þar, sem nú á að taka þetta fé, sem við teljum, að sömu bætur eigi að koma fyrir, er mönnum gert að skyldu að vera sauðlausir í eitt ár. Það er munur, hvort menn eru framleiðslulausir í eitt ár eða þeir fá lömb sama haustið. Ég tel því ólíku hér saman að jafna, þegar borinn er saman hlutur þessara manna, Skagfirðinga og Eyfirðinga, sem eiga að fá skuldabréfin, og bænda, er fengið hafa þessar bætur og lömbin og allt í peningum. Ég er hræddur um, að þeim þyki þeir eigi hafa verið settir við háborðið, heldur hafi hér verið misskipt gæðum. Þá sagði hv. ræðumaður, að þessir menn hefðu engan þunga borið af veikinni. Ég tel sveitir, sem eigi hafa fengið veikina, en líka þær, þar sem búið er að skera niður tvisvar til þrisvar sinnum. Og hvernig mun búskapurinn vera orðinn þá? Þetta er staðreynd, sem fyrir liggur.

Að lokum sagði hv. ræðumaður, að bændur mættu þakka fyrir að fá 5 ára 4% skuldabréf. Já, það getur verið, að svo sé, en ég hygg þó, að hafi privatmaður gert samning, þá yrði honum haldið að honum og gert að skyldu að uppfylla hann. Hitt er annað mál, að sé um hálfgert gjaldþrot að ræða, þá neyðast menn til að gera ýmislegt, þ. á m. að taka við skuldabréfum. En annars skal ég ekki ræða það mál frekar.

M. ö. o.: Það er svo langt frá því, að það sé einhver fjarstæða, er við flytjum, að þetta er sanngirnismál. Og ég endurtek, að ég efast um, að hv. þm., hefðu þeir gert slíkan samning, mundu telja sér sæmandi að færast undan að uppfylla hann.

Pétur Ottesen: Ég þarf ekki að fjölyrða mikið um þetta mál. Ég er í hópi þeirra bænda, sem undanfarna tvo áratugi hafa átt við fjárpestina að búa. Er eðlilegt, að þeir, sem á þeim svæðum búa, eigi um sárt að binda, og hefði verið eðlilegt, þegar snúið var að því að stofna til fjárskipta, sem hér er um að ræða, að byrjað hefði verið á þeim svæðum, sem lengst hafa búið við veikina. Þetta hefur nú ekki verið þannig. Það var hafizt handa á Norðurlandi um þessi fjárskipti og þeim haldið áfram suður á bóginn, og niðurstaðan af því verður sú, að síðast verður skorið niður hjá þeim, sem lengst hafa búið við veikina. Þess vegna er ákaflega einkennilegt, að till. skuli koma fram á Alþ. um að gera hlut þeirra manna í sambandi við fjárskiptin verri en nokkurra annarra. Og ég verð að segja, að þessi till., sem þessir þremenningar standa að hér, kom mér ákaflega á óvart, frá þessu sjónarmiði séð, og þá ekki síður út frá sjónarmiði þess, sem á undan er gengið í meðferð þessa máls, því að ég hef haft aðstöðu til þess að fylgjast með gangi þessa máls frá því að það var borið fram í þinginu fyrst og til þessa tíma og þar með meðferð málsins í landbn., meðan ég átti þar sæti. Það var nú svo þar litið á þetta frv., sem hér liggur fyrir, eins og af hæstv. ríkisstj., sem bar þetta fram; og að frv. var borið fram af ríkisstj., var nokkurn veginn trygging fyrir því, að ekki væri verið að stofna til lögbrota með flutningi frv., eins og mér virðist þó vera haldið fram af þessum þremenningum, sem að brtt. á þskj. 529 standa, a. m. k. eins og hv. 2. þm. Skagf. hefur haldið fram hér, að mér virðist. Að þetta er stjfrv., ætti nokkurn veginn að öryggja það, að með flutningi þess væri ekki brotið í bága við stjórnarskrá landsins eða aðrar lagasamþykktir. Það er því óþarfi að ræða málið út frá því sjónarmiði. En hv. 2. þm. Skagf. heldur því fram, að eiginlega byggist þessi till. þeirra þremenning-

anna á því, að hér sé í frv. um eitthvert samningsbrot, ef ekki lögbrot að ræða gagnvart þeim mönnum, sem þeir vilja undanþiggja þeim ákvæðum, sem stofnað er til með frv. að taka í lög um greiðslu á þessum bótum. Hv. 2. þm. Skagf. sagði, að hér gegndi allt öðru máli um þá menn. Að hverju leyti gegnir hér allt öðru máli? Það gegnir þannig öðru máli í þessu, að nokkur hluti þeirra manna, sem þeir hv. flm. brtt. vilja, að bæturnar verði greiddar af hendi strax til, þeir hafa aldrei búið við neinar fjárpestir. Aðrir þeirra manna hafa gert það um skemmri tíma en Sunnlendingar, og af því stafar vitanlega sú tregða, sem varð á því að koma á niðurskurði í t. d. nokkrum hluta Eyjafjarðarsýslu, að þeir, sem þar bjuggu, höfðu svo að segja ekkert af fjárpestum haft að segja. Þeir höfðu notið þess hagnaðar óskerts, sem af því var hægt að hafa að reka sauðfjárbúskap á stríðsárunum, meðan hinir, sem þrátt fyrir það að þeir settu á allan gimbrastofninn, höfðu ekki getað haldið fjárstofninum við, heldur urðu að horfa upp á, að alltaf hrakaði möguleikunum til sauðfjárbúskapar í þeirra byggðarlagi, sem hefur orðið til þess, að margir þeirra hafa orðið sauðlausir og búa ekki við sauðfjárbúskap og hafa ekki gert það um nokkur ár. Þarna koma fram mjög mismunandi aðstæður hjá þessum mönnum, sem ég talaði um nú síðast, og hjá hinum, sem hv. 2. þm. Skagf. ber fyrir brjósti og hans meðflm. að brtt. En þessari mismunandi aðstöðu vill hv. 2. þm. Skagf. mæta með því að gera, viðkomandi bótagreiðslum í sambandi við fjárskiptin, hlut Sunnlendinga lakari en þeirra manna, sem sumir hafa aldrei borið neinn halla af fjárpestunum og aðrir um tiltölulega skamman tíma. Það felst því að þessu leyti til ranglæti í till. þeirra þremenninganna. — Og að hér sé um samningsbrot að ræða, því vil ég gersamlega mótmæla. Þessi lög eru þannig byggð upp, að það var ekki tilætlunin að þvinga menn með l. til þess að framkvæma hjá þeim niðurskurð á fé. Þess vegna felur löggjöfin í sér heimild til handa þessum mönnum um það, að þeir geri hjá sér samþykktir um það, hvort niðurskurður fari fram hjá þeim eða ekki. Nú hefur þetta gengið þannig til á öllum öðrum svæðum en í Eyjafirði — því að þar hafa fjárpestir lítinn usla gert —, þar sem brtt. tekur til, að þar hafa menn menn sótt um að fá fjárskipti, af því að það hefur verið grundvöllur þess, að nokkur tök væru á því að reka sauðfjárbúskap á þessum svæðum. Og ásóknin hefur verið svo mikil um að fá fjárskiptin, að fjárframlög þau, sem ríkinu er ætlað að greiða í þessu sambandi, hafa verið það mikil með svo örum fjárskiptum, að eins og komið var þegar fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, var samið, þótti ekki tiltækilegt að ætla svo stóra fjárfúlgu á fjárl. eins og verið hefur á undanförnum árum, nema með því að breyta löggjöfinni í það form, að greiðslufrestur alllangur yrði á þessum fjárframlögum ríkisins. Og landbn. fékk þetta mál til meðferðar og var sammála ríkisstj. um, að þessu yrði að mæta, það yrði að halda áfram fjárskiptunum, því að það er prinsípmál, ekki aðeins fyrir þá, sem fjárskipti eiga eftir að fara fram hjá, heldur líka fyrir hina, sem búnir eru að skipta um sauðfjárstofn hjá sér, til þess að öryggja það, að veikin berist ekki aftur inn á fjárskiptasvæði, þar sem búið er að skipta um fjárstofninn. Það eru sameiginlegir hagsmunir þessara manna, sem þarna er um að ræða. Og landbn. féllst einróma á að leggja til, að frv. þetta, eins og það er flutt af ríkisstj., yrði samþ., og afgreiddi málið þannig til hv. þd., að gert var ráð fyrir, að þessar bætur væru borgaðar í skuldabréfum, eins og í frv. er gert ráð fyrir, og að þessi bréf yrðu vaxtalaus. Og að málinu stóðu í landbn. einmitt tveir af þessum hv. þm., sem flytja þessa brtt. Það bar aðeins á góma í n., sem í þeirra till. felst. En það kom fullkomin viðurkenning fram í n. af hálfu beggja þessara manna á því, að það væri ekki sanngjarnt að gera þennan mun. (*Forsrh.:* Þetta er ekki rétt.) Þetta kom fram í landbúnaðarn. Hitt er fyrir sinnaskipti, sem hafa orðið síðan málið var til umr. í n. og samkomulag fékkst um málið í landbn. um þær breyt., sem till. liggur hér fyrir um frá n. í heild.

Ég vil fara nokkrum orðum um það, hvort hér sé um samningsbrot að ræða, ef frv. þetta yrði samþ. Ég get ekki litið þannig á, að svo sé. Lögin um fjárskipti eru byggð þannig upp, að frjálst val er um það, hvort menn láti fara fram fjárskipti hjá sér á ákveðnum svæðum, og þegar það er samþ. á vissu svæði, að svo skuli gert, tekur sauðfjársjúkdómanefnd málið til meðferðar og hefur um það atkvæðisrétt að staðfesta slíka samþykkt. En nú skulum við bara athuga það, hve algengt það er hér á Alþ. að gera lagabreyt., sem hafa margvísleg áhrif á efnahagsafkomu landsmanna og á þær fyrirætlanir, sem landsmenn eru búnir að gera, þegar þeir verða svo að mæta þessum lagabreyt. Slíkt er blátt áfram daglegt brauð hér á Alþ., að lögum sé breytt, þannig að lagabreytingarnar hafi nákvæmlega sams konar afleiðingar og þær, sem hér er um að ræða. Þess vegna er hér ekki um neitt samningsrof að ræða. Það er ekki um neina samninga að ræða og ekki heldur um brot á samningum að ræða í sambandi við samþykktir, sem gerðar hafa verið hér að lútandi. Og hver er aðstaða þeirra, sem eiga eftir, að fjárskipti fari fram hjá þeim, og lengst hafa búið við fjárpestirnar og beðið mest afhroð vegna þeirra? Eiga þeir eitthvert frjálst val í þessu efni? Hvað er fyrir þá annað að gera en að hlíta hverju því, sem sett er í lög í sambandi við þetta? Þó að löggjöfin væri svo sett þannig, að kippt væri í burt ákvæðunum um bætur, þannig að ekki væri um neinn stuðning að ræða frá því opinbera, þá verða þeir að framkvæma fjárskipti fyrir því, af því að óverjandi er að hafa það ástand, sem nú er í þessu efni. Sumir á þessum fjárpestarsvæðum hafa bjargað við hag sínum með því að auka kúabúin og hafa bjargað afkomu sinni með því. En á þessum svæðum, engu síður en á Norðurlandi, eru víða mjög góð skilyrði til sauðfjár-

ræktar. Og þrátt fyrir það að kúabúin hafa verið aukin þar á undanförnum árum, er þar víða svo háttað um jarðir, að þar mundi sauðfjárrækt með heilbrigðum fjárstofni verða arðsamari atvinnurekstur en það að reka kúabú, og reynslan hefur sýnt, að með þeim hætti mundi sauðfjárrækt gefa mun betri arð en mjólkurframleiðsla. Og þess vegna er það svo á þessum svæðum, þar sem eftir er að skipta um fjárstofn, að ef ekki er hægt að reisa þar upp sauðfjárbúskap aftur, þá munu mjög grisjast fylkingar bænda, sem búa á þessum svæðum. Þess vegna eiga þeir menn, sem þarna vilja vera, einskis úrkostar annars en að hafa fjárskipti, hvort sem þeir fá stuðning til þess eða ekki. Og hvaða sanngirni er það þá, þegar hag ríkissjóðs er þannig háttað, að það verður að gera ráðstafanir til þess að dreifa á fleiri ár en verið hefur kostnaðinum við fjárskiptin, — er það þá sanngjarnt, að þessi dreifing á kostnaðinum til 8—10 ára eigi aðeins að bitna á þeim, sem eftir eru með fjárskipti, en ekki þeim, sem þegar hafa verið ákveðin fjárskipti hjá? Nei, þetta væri sú fyllsta ósanngirni, sem felst í till., og mig furðar á, að hún skuli koma fram, og því meir á því, frá hverjum hún kemur fram, því að fullkomin viðurkenning var á því komin fram hjá þeim, sem ræddu um þetta mál í n. og þegar rætt var við sendimenn frá Norðurlandi og líka þegar stjórnin ræddi við n. beggja d. um málið, að sanngjarnt væri, að það gengi það sama yfir þá, sem um er að ræða í þessari brtt., eins og hina, sem eiga alveg eftir að framkvæma fjárskipti hjá sér. Enda geri ég ráð fyrir því, að þessi brtt. þeirra hv. þremenninganna sé helzt borin fram sem einhver sýndartill., en að það sé ekki þannig, að hv. flm. detti í hug, að þessi till. verði samþ. á Alþ., því að ég legg ekkert upp úr því, sem í till. er og hv. 2. þm. Skagf. talaði um, að það ætti svo að vinna að því á bak við tjöldin eða eftir á, að þessir menn, sem ekki væru skyldaðir til þess að taka við bréfum frá ríkissjóði sem greiðslu á bótunum, tækju við þessum bréfum sem slíkum greiðslum, með því að fara að þeim bónarveginn, svo að þeir fengju sams konar greiðslur og þeir munu eiga að fá, sem búa á þeim svæðum, þar sem eftir er með öllu að gera ráðstafanir til þess, að fjárskipti fari þar fram, enda eru kröfurnar frá þeim mönnum, sem um ræðir í brtt., þannig, að þeir vilja fá þetta bótafé án tafar. Hv. 2. þm. Skagf. hneykslaðist á því, að hv. þm. Mýr. sagði, að þessir menn, sem um er að ræða í brtt., væru hærra settir, ef brtt. væri samþ., heldur en aðrir, og tók hv. 2. þm. Skagf. í því sambandi til þá menn, sem hafa framkvæmt fjárskipti hjá sér. Það var ekki heldur meiningin, að þeir væru neitt hærra settir en þeir menn, sem fjárskipti hafa ekki farið fram hjá. Og hv. 2. þm. Skagf. minntist í því sambandi á Dalasýslu. Það er búið að skipta í öllum hreppum þeirrar sýslu nema þremur. Og er það þá sanngjarnt, að þeir, sem búið er að framkvæma fjárskiptin hjá, eigi að fá allt bótafé greitt undireins og hinir, sem eftir eiga að hafa fjárskipti hjá sér, að fá þetta á tíu árum? Er aðstaða þeirra, sem eru í þessum þremur hreppum, svo miklu betri, að rétt sé að gera þennan mun á þeim? Það var ágætt, að minnzt var á þetta, því að þarna er um aðstöðumun að ræða innan einnar ákveðinnar sýslu.

Það er rétt að geta þess, að hv. 2. þm. Skagf. sagði, að ýmsir menn á þessum fjárskiptasvæðum yrðu að vera eitt ár sauðlausir og fengju ekki fé sama haustið sem niðurskurður færi fram. Þetta hefur nú víða verið svo. En þá fá menn bætur það árið, sem þeir hafa ekki sauðfjárafurðaframleiðslu. En þetta léttir ekki heldur samanburðinn fyrir hv. 2. þm. Skagf. viðkomandi þeim, sem eiga eftir að framkvæma niðurskurð og fjárskipti hjá sér. Því að ef svo fer sem nú er ráðgert, að fjárskipti fari fram í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum og þremur hreppum í Dalasýslu og þremur hreppum í Snæfellsnessýslu á næsta hausti, þá er vitað, að það verður svo eða svo mikill hluti bænda á þessum svæðum að vera sauðlaus í heilt ár, svo að í því efni hallast ekkert á gagnvart því, sem framkvæmt hefur verið í sambandi við fjárskipti á undanförnum árum. Og svo gæti einnig farið á þeim svæðum, þar sem fjárskipti fara fram eftirleiðis, t. d. í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem yrðu þá sennilega sameiginlegt svæði í sambandi við fjárskiptin, þó að hins vegar vaxi líkurnar fyrir því, að hægt sé að fá ósjúkt fé inn á fjárskiptasvæði, eftir því sem fjárskipti fara fram á stærri svæðum á landinu. En það er vitað, að á næsta hausti er ekki hægt að fá á þetta fyrirhugaða fjárskiptasvæði nema nokkurn hluta þess lambastofns, sem lög gera ráð fyrir, að bændur fái stuðning til þess að kaupa. Það er vitað mál, og þeir, sem á þessum svæðum eru, ganga ekki að því gruflandi. Sauðfjársjúkdómanefnd, sem hefur alla þræði þessara mála í sínum höndum, hefur upplýst, að það er ekki hægt að láta í té á þessi svæði nema hluta af þessum fjárstofni, sem annars mundi koma styrkur á á þessum svæðum, ef fyrir hendi væri til kaups. Svo að það er ekki neinn munur í þessu sambandi, sem hægt er að benda á til stuðnings frekari kröfum til handa þessum mönnum, sem í till. er um að ræða, heldur en viðkomandi bótakröfum til hinna, sem eftir eiga að hefja framkvæmdir um fjárskipti hjá sér. — Annars er í frv. ekki gerður neinn munur á fríðindum til þeirra, sem hafa fjárskipti hjá sér. Þau eiga að falla jafnt í skaut þeirra manna, sem eiga eftir að framkvæma fjárskipti hjá sér, eins og hinna, sem búnir eru að því. Að þessu leyti eru till. í frv. byggðar á jafnréttisgrundvelli, eins og frv. ber með sér og hv. þm. Mýr. hefur þegar gert skýra grein fyrir.

Ég vildi nú láta koma hér fram mitt álit um þessa brtt., þó að ég félli upphaflega frá orðinu, eftir að hv. þm. Mýr. hafði gert þessari till. góð skil. En mér fannst rétt, þegar gerð var tilraun til þess að hnekkja því, sem hv. þm. Mýr. sagði, á nýjan leik, að segja það, sem mér býr í brjósti um þessa brtt., og það hef ég gert hér með.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað verið við þessar umr. og hef því ekki hlýtt á annað í þeim en síðari hluta ræðu hv. þm. Borgf. (PO). En málið er þess eðlis, að það snertir mjög það kjördæmi, sem ég á að gæta réttar fyrir hér á Alþ. bæði fjárhagslega og ég vil segja réttarfarslega líka — og ég legg enn meiri áherzlu á það síðar talda —, og þess vegna er mér ómögulegt annað en að fara um það nokkrum orðum.

Ég verð að segja það, að mig undraði allmjög sumt af því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Borgf., eins og ég skal koma að síðar. Annars vil ég leyfa mér að segja það almennt um málið, að frv., eins og það kom fyrst fram, var virðingarverð tilraun til þess að leysa stórt vandamál, og ég er sammála hv. þm. Borgf. og þeim, sem hér hafa aðrir talað, um nauðsynina á þessu. Það er nauðsyn á að hraða fjárskiptunum, eftir því sem unnt er. Og það getur verið nauðsyn á að gera breyt. á núgildandi l., til þess að flýta þeim fjárskiptum, eftir því sem ástæður eru fyrir hendi og unnt er að gera. En þetta getur hæstv. Alþ. aldrei gert með því að brjóta á móti rétti manna, með því að svikja gerða samninga og koma aftan að mönnum, sem búið er að semja við, sem sagt, með því að svikja gerða samninga við þá. Alþ. getur aldrei leyft sér að gera slíka hluti, þó að hægt væri að spara nokkurt fé með því. Þetta vil ég leyfa mér að taka fram almennt um þetta atriði, en mun koma að sérstökum atriðum málsins síðar.

Ég vil þá fyrst fara nokkrum orðum um það, sem hv. þm. sagði um afskipti landbn. af málinu. Mér virtist, að hv. þm. Borgf. gerði hvað eftir annað tilraun til þess að gera afstöðu okkar þm. Skagf. tortryggilega gagnvart meðferð málsins í n. og gagnvart því, hvaða afstöðu við hefðum tekið til málsins þar. Þetta undrar mig, að hv. þm. skuli gera. Hann vissi, að samkomulag var um það að sleppa frv. í gegnum 2. umr. málsins með mjög litlum breyt., og það samkomulag gerði ég og hv. 2. þm. Skagf. með það fyrir augum að vera ekki að óþörfu að tefja málið. Hins vegar gerðum við það, sem þm. Skagf. bar að gera í þessu máli, því að Skagfirðingar eiga svo mikið undir því, hvernig málið verður afgreitt, og það var, að við gerðum heima fyrir í héraðinu ljóst, hvað hér var á ferðinni. Hefði fjárskiptafélagið fyrir norðan getað fallizt á frv. eins og það var og viljað sjálfviljuglega taka á sig þær byrðar, sem þar átti að leggja á þá, eða svipta þá þeim rétti, sem þar var um að ræða að svipta þá, þá ætluðum við þm. Skagf. ekki að vera Þrándur í Götu fyrir sliku. En það var þannig tekið á þessu máli um allt fjárskiptasvæðið fyrir norðan, að það var algerlega óstætt á þessu fyrir okkur sem þm. þess kjördæmis, sem hvað mest átti þarna í hlut. Og sama hygg ég, að hv. þm. Eyf. segi um þann hluta fjárskiptasvæðisins, sem liggur innan þeirra kjördæmis. Mér var ljóst frá því fyrsta, að hér var miðað að því að ganga á gerða samninga með frv., og að það var því raunverulega ekki nema ein leið til í málinu til þess að fá fram efnislega ákvæði frv., sem sé samkomulagsleiðin, þ. e. að ná samkomulagi við þessa menn, sem þarna er um að ræða og búið er að gera samninga við um fjárskipti hjá, og að þar var ekki um aðra leið að ræða. Það var á þennan hátt, sem málið lá fyrir landbn., en ekki annan. Ég var þá form. í landbn., og gerði ég það af ásettu ráði að draga málið, til þess að sjá, hvernig afstaða Skagfirðinga yrði gagnvart málinu. Og mér hefði aldrei dottið í hug að láta málið fara í gegnum d. án þess að vita áður vilja umbjóðenda minna. Og ég hefði talið, að ég hefði svikið mína umbjóðendur í fjárhagsmáli og viðkvæmu réttarmáli, ef ég hefði gengið inn á, að Alþ. sjálft bryti samning á þessum mönnum, á þann hátt, sem hér er lagt til nú í frv. En mér finnst það vera mjög óheppilegt af hv. þm. Borgf. að vera að bera okkur þm. Skagf. það á brýn, að við höfum verið með einhver sérstök óheilindi í þessu máli og ekki viljað starfa að því af fullum heilindum. Við höfum viljað ganga eins langt og mögulegt væri eftir því, að samkomulag næðist við fjárskiptasvæðin um lausn þessa máls, en ekki heldur feti lengra, því að það er ekki hægt að breyta gerðum samningum, eins og hér er um að ræða. Og það er ekkert annað en það, sem gert væri með því að samþ. frv., að ganga á gerða samninga. Hv. þm. Borgf. var að reyna að færa rök að því — en þau voru mjög veik, eins og málstaðurinn —, að hér væri ekki um samningsbrot að ræða með því að samþ. ákvæði frv. Segjum, að hér hafi verið um frjálst val að ræða. En hverju breytir það í þessu máli? Ef þm. kemur með samning til mín og spyr mig, hvort ég vilji ganga að honum, — samningurinn hljóðar um ákveðin atriði, það er sama, hvað það er —, jú, það er frjálst val, hvort ég undirskrifa samninginn eða ekki, það er rétt. En þegar búið er að undirskrifa samninginn, er ekki hægt að breyta honum, nema með því móti að fremja samningsbrot, og það hefur ríkið gert með því að viðurkenna samþykktir fjárskiptasvæðanna eins og hér er gert, því að það er ekkert annað en samningsbrot. Ég veit, að hv. þm. Borgf. (PO) mælir það af ókunnugleika, en ekki af því, að hann ætli sér að fara með rangt mál, þegar hann heldur því fram, að Skagfirðingar hafi ekki orðið fyrir barðinu á þessari veiki, heldur hafi yfirleitt haft hraustan fjárstofn og ekki orðið að gjalda afhroð vegna veikinnar. Mig undrar það, að þm., sem ætti að vera kunnugur svona hlutum, skuli láta sér svona ummæli um munn fara. Nei, þessar sveitir hafa goldið mikið afhroð af þessum ráðstöfunum og jafnvel nokkrir bændur, sem hefur verið drepið þrisvar sinnum niður fyrir, og ekki von, að þeir taki því vel, ef á að brjóta á þeim þá samninga, sem nú hafa verið við þá gerðir af hálfu ríkisins, þegar þessi síðasti niðurskurður fór fram. Hitt er rétt, að það eru vissar sveitir á þessu svæði, þar sem engin fjárpest hefur verið, en sem sagt aðrar, sem hafa goldið mjög mikið afhroð. Við þm. Skagf. gerum ekki að gamni okkar að halda á rétti þessara manna,

en gerum það vegna þess, að við erum vissir um, að við stöndum hér föstum fótum og þörfin er mikil. Mér er ljós aðstaða þeirra, sem vilja flýta fjárskiptum, en get sagt hv. þm. Borgf., að það er sízt minni hætta með fátæka bændur norður í Skagafirði og Eyjafirði, sem ekkert hafa annað en sauðfjárrækt til að styðjast við, ef þeir eiga aðeins að fá bréf, sem óvíst er, hvort hægt sé að selja. Þá getur svo farið, að þeir kasti frá sér verkfærunum og gangi frá jörðunum, þegar þeir hafa ekki möguleika til þess að nota þessi bréf til kaupa á bústofni aftur.

Já, hv. þm. Borgf. ætlaði að gera grín að okkur þm. Skagf. og sagði, að við kæmum fram með sýndartill. og sér dytti ekki í hug, að Alþ. samþykkti aðra eins fjarstæðu og þar væri um að ræða, að hans dómi. En fjarstæðan í þessari till. er þá ekki önnur en sú, að við ætlumst til þess, að Alþingi og ríkisstjórn standi við þá samninga, sem hún á sínum tíma gerði við fjárskiptafélögin þarna í Skagafirði og Eyjafirði.

Hv. þm. Borgf. talaði töluvert um það, að engin sanngirni væri í því, að þessi — ja, við skulum segja kjaraskerðing, sem hér væri farið fram á að leggja á þau svæði, sem eftir er að hafa fjárskipti á, með því að greiða þeim að einhverju leyti lægri bætur, — það væri engin meining, að þetta bitnaði eingöngu á þeim, sem nú ættu eftir að gera fjárskiptasamþykktir, því að það væri algerlega ranglátt, og virtist þm. þá vera hægt að ná fullu réttlæti með því einu að taka þessi fjárskiptasvæði, sem ekki hafa fengið fullar bætur, inn í þetta. En hví þá ekki að láta lögin ná aftur fyrir sig til allra, þar sem fjárskipti hafa farið fram? Ef á að ná þessu fulla réttlæti, á að gera það á þann hátt, og mig undrar, að þessi maður skuli þá ekki hafa komið fram með till. í þá átt. Þetta eru því engin rök í málinu. Ég sé ekki annað en það verði að skipta þessu í tvennt. Annars vegar þau fjárskiptasvæði, þar sem búið er að gera löglegar fjárskiptasamþykktir, og það skiptir engu máli, hvort búið er að greiða bæturnar að fullu. Ríkissjóður er búinn að gangast undir ákveðna kvöð í þessum efnum, en hitt er aukaatriði, hvort búið er að greiða það að fullu. Hins vegar eru svo þau svæði, sem eiga eftir að gera sínar samþykktir. Hitt er rangt, að ætla að flokka þetta á þann hátt, sem meiri hl. landbn. vill vera láta.

Ég hef með þessum fáu orðum viljað leyfa mér að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur, að við þm. Skagf. og hv. 2. þm. Eyf. (StSt) berum fram þessa brtt. á þskj. 529. Ég skal enn taka það fram, að það er á engan hátt af því, að ég skilji ekki mikilvægi þess, að fjárskiptum þessum sé flýtt, og afstöðu þeirra hv. þm., sem telja ríka nauðsyn fyrir því. En eins og ég tók fram í upphafi máls míns, álít ég, að Alþingi geti aldrei keypt það svo dýru verði, að það raunverulega brjóti gerða samninga á mönnum. Mér er ómögulegt að fylgja því. Ég er sannfærður um, að það, sem hv. þm. Borgf. sagði, að enginn þm. mundi fást til að fylgja till. okkar þremenninganna, mun ekki reynast svo. Þegar þm. hafa kynnt sér málið ofan í kjölinn og sjá, hvernig það liggur, finnst mér óhugsandi annað en þeir fallist á þessa till. Ég skal svo bjóða fram aðstoð mína, og um hv. samþm. minn veit ég, að hann mun beita sér í þessu máli, hann er ekki gjarn á að bera fram meiri kröfur en réttmætt er, hvorki í þessum efnum né öðrum —, til þess að hægt sé a. m. k. að ná nokkru samkomulagi um það, að fjárskiptasvæðin þarna taki eitthvað af bréfum.

Ég skal nú ekki tefja þetta frekar og læt máli mínu lokið.

Pétur Ottesen: Það er mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh., að hér sé um nokkurt samningsbrot að ræða gagnvart þessum mönnum, frekar en þeim, sem fjárskipti hafa ekki farið fram hjá enn þá. Á þessu er enginn minnsti munur. Hæstv. forsrh. líkti þessu við kaupsamning og tók ákveðið dæmi. Ef hann keypti af mér mína jörð, væri þarna um að ræða frjálsa samninga, og það er rétt, en þetta nær ekki til þessa. Hvar er þetta frjálsa val, sem við höfum, sem búum á þeim svæðum, þar sem fjárskipti hafa ekki farið fram? Nei, sannleikurinn er sá, að aðstaða okkar og þeirra fyrir norðan er alveg sú sama. Við verðum eins og þeir að beygja okkur undir þær kringumstæður, að hér verði að gera afbrigði frá löggjöfinni, og er því enginn fótur fyrir því hjá hæstv. forsrh., að hér sé nokkur munur á. Ég þarf svo ekki frekar um þetta að ræða. Slíkt hið sama tók hv. þm. Mýr. (BÁ) einnig mjög greinilega fram, og það er um þetta, sem atkvgr. snýst, hvort alþm. vilja gera þessum mönnum hærra undir höfði en hinum, sem fjárskipti eiga eftir að fara fram hjá.

Hæstv. forsrh. hélt því fram, að ég hefði sagt, að Skagfirðingar hefðu ekki neitt orðið fyrir barðinu á þessari fjárpest. Ég sagði, að Skagfirðingar hefðu búið allskemmri tíma við þessa fjárpest en Sunnlendingar og það skipti mörgum árum frá því að fjárpestin kom á Suðurland og þar til hún barst til Norðurlands, og á þessum samanburði byggði ég þau ummæli mín, að hjá þeim á Suðurlandi, sem hefðu búið við þetta lengst allra manna, færu skiptin fram síðast. Hitt voru svo undantekningar, með ýmsa í Borgarfirði, sem höfðu ekkert af fjárpestinni að segja, enda hafa þeir kannske verið allra manna kröfuharðastir um það, að þeir þyrftu ekki að líða ríkissjóð um neitt af þessum greiðslum, og það voru þeir, sem voru búnir að standa á móti þeirri nauðsynlegu ráðstöfun allt árið eða lengur, að fjárskipti færu fram á þessu svæði. Þetta vildi ég hér með leiðrétta, því að hæstv. forsrh. lagði allt aðra meiningu í ummæli mín í þessum efnum en í þeim fólst.

Það getur engan veginn talizt sanngjarnt að fara að gera upp á milli manna í þessum efnum, hvort sem búið er að gera samþykktir og fá þær staðfestar eða eftir er að gera þessar samþykktir og fá þær staðfestar, af því að aðstöðumunur fyrir þessa aðila er enginn að þessu leyti. En ástæðurnar eru að því leyti

erfiðari hjá þeim, sem búa á svæðum, þar sem fjárskipti hafa ekki farið fram, að þeir eru lengur þjakaðir af því að búa við veikan fjárstofn og sumir um nokkur ár við engan fjárstofn eða gersamlega fjárlausir, af því að það var ekki vinnandi vegur fyrir þá, eins og veikinni var háttað, að reka með þessu bústofn áfram. Og það er þess að vænta, að hv. d. standi við atkvgr. þessa máls á þessum réttlætisgrundvelli, jafnframt því sem hún ljær þeim till. lið, sem miða að því að létta aðstöðuna fyrir þá óhamingjusömu bændur, sem hafa orðið fyrir barðinu á fjárpestinni, og samþykki hinar sameiginlegu brtt. n., sem gera ekkert upp á milli manna í þessum efnum eða upp á milli þeirra, sem eiga eftir að fá greiddar bætur úr öryggissjóði.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég bjóst varla við að þurfa að taka aftur til máls, en ég verð að svara hv. þm. Borgf. nokkrum orðum. Ég verð að segja, að honum hefur oft tekizt betur að sannfæra menn með sinni kröftugu rödd, svo óhöndulega tókst honum það nú. Hann var að tala um, að ég hefði ásakað hæstv. fyrrv. landbrh. fyrir að koma með frv., sem ekki gæti staðizt samkvæmt landslögum, en ég hygg, að slíkt hafi oft komið fyrir og er það Alþingis að ráða fram úr slíku, en það var ekki hæstv. síðasti landbrh., sem ég var að tala um, heldur sá næstsíðasti, en hæstv. fyrrv. landbrh. lýsti því yfir í n., að þetta gæti varla staðizt, og hefði hv. þm. Borgf. getað lært af því og verið með í því að fella þetta úr frv., svo að ég hef þar ekki sagt meira en ég get staðið við.

Að áliti okkar, sem stöndum að till. á þskj. 529, er ekki hægt að skylda þessa menn til að taka við bréfum, heldur verður að semja við þá um það atriði, og þetta reyndi ekki hv. þm. Borgf. að afsanna, enda ekki hægt. Hann reyndi að slá þessu öllu upp í grín og taldi mig vilja skattleggja þá, sem áður væru búnir að skipta, og vildi gera mig að einhverjum innheimtumanni á því fé, en ég hygg, að ég mundi verða slæmur innheimtumaður og mundi ná litlu, en við eigum kerfi, sem séð gæti um það, og mundi vera hægt að ná því frá bændunum, ef Alþ. vildi, en það eina, sem ég benti á, er, að aðstaða þeirra er hin sama og þeirra, sem ekkert hafa fengið borgað. Réttarstaða þessara manna er hin sama og þeirra manna, sem búnir eru að skera niður hjá sér, en hafa enga borgun fengið, og ég veit, að hv. þm. Borgf. veit þetta og skilur, þó að hann vilji ekki viðurkenna það. Og það er ekki hægt að hafa annað sjónarmið í þessu máli.

Ég vil geta þess út af því, sem sagt hefur verið um útbreiðslu veikinnar í Skagafirði, að garnaveikin kom líklega fyrr upp í Hjaltadal en Deildartunguveikin í Borgarfirði, eða 1932 eða '33. Veikin hagar sér öðruvísi en mæðiveikin og margir telja hana verri. Sums staðar í Skagafirði hefur verið skorið niður við henni tvisvar og á sumum bæjum jafnvel þrisvar, svo að allir geta séð, hvaða þýðingu það hefur fyrir þá, sem þurfa að búa við slíkt. Hvað því viðvíkur, sem hv. þm. var að tala um, að veikin væri verri hér en fyrir norðan, þá sýnir það aðeins það, að hann er ekki nægilega kunnugur fyrir norðan til að geta dæmt um það, en í þessu sambandi má geta þess, að flestir Borgfirðingar hafa aðstöðu til beinnar mjólkursölu, en þessi héruð eru þannig sett, að þau geta ekkert haft nema sauðfé, og sést þar hinn geysilegi aðstöðumunur þeirra og bænda í Borgarfirði. Og ef ríkið hefði ætlað að koma fram á sama hátt við hann og umbjóðendur hans eins og það ætlar að gera við Skagfirðinga og Eyfirðinga, þá er ég sannfærður um, að þessi hv. þm. hefði kallað það, að verið væri að svíkja gerða samninga, eins og líka er verið að gera hér.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vildi gera nokkrar aths. við það, sem fram hefur komið síðan ég talaði áðan. Ég ætla fyrst að víkja að hv. 2. þm. Rang. (IngJ). Hann ræddi og vildi telja mér til miska, að ég hefði lagt fram þetta frv. og viljað láta bréfin vera vaxtalaus. Frv. þetta var útbúið af þremur ágætum mönnum og var einn þeirra formaður fjárskiptafélags Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og þótti mér sjálfsagt, að hann færi sjálfur í málið. Maður þessi lagði til, að málinu væri hraðað sem mest og að bréfin, sem bændur fengju, yrðu vaxtalaus. Ég skal ekki segja um það, hvort slíkt er rétt eða heppilegt, en ég vil taka þetta fram, til að hv. þm. sjái þegnskap og fórnfýsi þessara manna og áhuga á því, að fjárskiptin verði framkvæmd. Krafan um vextina kemur svo fyrst fram frá öðrum. Ég verð því að telja, að framkoma þessara bænda sé þeim til álíka mikils lofs og framkoma annarra bænda er þeim til lítils lofs í þessu máli.

Þá talaði hv. þm. um ógurlega erfiðleika og kostnað hjá mjólkurframleiðendum á þessu svæði, og allur var málflutningur hans á þá leið, að mér skildist helzt, að hann vildi ívilna þeim, sem hafa mjólkurbú, og sleppa þeim við að taka við bréfum, en hrúga þeim í þá, sem enn hanga á rolluskjátunum. En ég legg ekki að jöfnu, hve aðstaða þeirra, sem búa hér í nágrenninu og aðstöðu hafa til mjólkurframleiðslu, er betri en hinna, sem aðeins geta haft sauðfé.

Þá var hv. þm. að tala um, að það væri nánasarháttur af ríkinu að sýta í það að hafa vextina 2% hærri af bréfunum, og hélt, að ríkissjóður mundi standa jafnréttur eftir sem áður, en sannleikurinn er sá, að hlutir þeir, sem bændur eiga að fá í bréfum, munu nema 7—10 millj. kr., og 2% af því yfir allan tímann munu nema ¾—1 millj. kr., og ég hélt satt að segja, að maður í fjvn., eins og hv. 2. þm. Rang., mundi sjá minni upphæð en þetta, og mundi ég þó ekki telja þetta eftir, ef það væri hægt.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) hefur misskilið orð mín eða snúið viljandi út úr þeim, þegar ég var að bera saman þá, sem eiga að falla undir ákvæði þessara laga, og hina, sem á eftir

koma, en ég held, að allur þorri þessara bænda búi við betri kjör en þeir, sem á eftir koma. Sama breytingin átti eingöngu við þessa aðila, sem hér um ræðir, og þá, sem eiga eftir að skipta um fé, og meginhlutinn af þeim bændum, sem till. fjallar um, hafa ekki sambærilega afkomu miðað við hina, sem eiga eftir að skipta. Það var hárrétt hjá hv. þm. Borgf. um mismunandi afstöðu manna í Dalasýslu, þar sem sumir voru svo lánsamir, að fjárskipti fóru fram hjá þeim á meðan ástandið hjá ríkissjóði var betra, en hinir, sem eftir eru, verða allir að sitja við sama borð og verða að taka á sig kvaðir, hvort sem gengið hefur verið frá skiptunum áður en þessi l. voru sett eða ekki.

Hæstv. forsrh. sagði, að meginatriðið í þessu væri það, að hér væri verið að ganga á gerða samninga. En ég get ekki séð, að hér sé verið að ganga á neina samninga, og get ekki séð, að hér sé annað að gerast en það, að Alþ. setur l. og þegnarnir fara eftir þeim, en síðan koma lagabreyt., sem geta raskað ýmsu, sem gert var eða átti að gera eftir l., og er enginn munur á þessu og öðrum lögum. Hér var ekki um neina ákveðna samninga að ræða. Það eina, sem orkað getur tvímælis, er bótahámarkið, sem hér er numið úr gildi. Hitt er hvergi tekið fram í l., hvernig greiðslan fari fram, heldur aðeins, að hún fari fram, en ekkert um það, hvort það sé í peningum, skuldabréfum eða fárra ára ríkisláni. Þeir, sem eru með kröfur um sérréttindi á þessu sviði, styðjast því hvorki við siðferðislegan né lagalegan rétt, og sé ég svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Borgf. (PO) talaði um, að ég hefði breytt um skoðun frá því, er ég var með fulltrúunum á fundi, því að þá hefði ég komið ákveðið fram, en nú kvæði við annan tón. Ég hef alltaf sagt, að norðanmenn teldu fjárskiptin nauðsyn, og ég taldi það skyldu mína að koma mönnum til að líta á þá hlið málsins, að hér væri um framkvæmdir að ræða, sem þyrfti að flýta, og taldi skyldu mína að draga þessa hlið fram og eigi ástæðu til að ýta undir menn um að koma með frekari kröfur en þetta, og það réð afstöðu minni. Ég tel fulla þörf á að hraða þessum aðgerðum og vil leggja minn skerf til að það geti orðið, þó að ég vilji ekki láta bregða gerðum samningum. Hv. þm. Mýr. (BÁ) sagðist ekki geta borið þá, sem búnir eru að lóga fé sínu og fá fullar bætur, saman við hina, en ég vil benda honum á hina, sem eru búnir að lóga og eiga ekki að fá fulla greiðslu, en geta borið sig saman við nágranna sína, sem hafa sömu aðstöðu, en hafa fengið fullar bætur. Það, sem aðaltogstreitan stendur um, er það, hvort undirskrift ráðh., sem gerð er eftir gildandi l., hafi gildi eða ekki. Ég fyrir mitt leyti er ekki í vafa um, að hún hefur gildi. Hitt er annað mál, að verið getur, að aðrir komi á eftir og heimti hið sama, en mér finnst það engin ástæða til að rifta gerðum samningum, og tel ég það óeðlilegt og okkur algerlega ósæmandi.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að blanda mér í þau lögfræðilegu atriði, sem hér er deilt um. En ég vil taka það fram, sem ég sagði í vetur, að það má ekki eyðileggja þetta verk, sem búið er að verja tugum milljóna í, vegna þess, að ekki er hægt að halda áfram á núverandi braut, eins og allir eru sammála um. Það hefði verið bezt, ef ekki hefði þurft að breyta l., en öllum er ljóst, að ekki verður hjá því komizt. Þegar fjárskipti fóru fram í Dalasýslu 1947 og 48, var ekki hægt að standa við greiðslurnar fyrr en 1949, og það er ekki verra að greiða með skuldabréfum eftir nokkur ár en að hafa hitt í l. og geta svo ekki staðið við það. Mér finnst mjög áríðandi, að þetta mál sé tekið þeim tökum, að aðgerðir þessar komi að fullu gagni. Ég gef lítið fyrir bændastéttina, ef þessi tilraun mistekst, og væri þá til lítils unnið. Ég vil því styðja brtt. n., ekki vegna þess, að ég telji þær ákjósanlegar, heldur vegna þess, að ég tel ekki á öðru betra völ, og þá tel ég, að frekast verði hægt að standa við það, sem gera þarf og lofað er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 528,1.a samþ. með 21 shlj. atkv.
— 528,1.b samþ. með 19:4 atkv.
— 542 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 528,1.c samþ. með 24 shlj. atkv.
— 543 felld með 18:1 atkv.
— 528,2.a samþ. með 20 shlj. atkv.
— 528,2.b samþ. með 20:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JÁ, JR, KS, PÞ, PO, SG, SkG, StJSt, ÁÁ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ, SB.

nei: IngJ, JS, JörB, SÁ, StSt, StgrSt, HelgJ.

MK greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (JóhH, JG, ÓTh, ÁkJ, BÓ, GG, GTh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkvæði sínu:

Ásgeir Bjarnason: Ég fylgi þessari breytingu, vegna þess að það er ekki um gott að velja, og tel, að ákvæðin í tveimur síðustu málsgr. 6. gr. frv. bæti mjög hlut þeirra, sem hafa einhæfa framleiðslu, og segi því já.

Brtt. 529 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, SÁ, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, ÁÁ, EystJ, FJ, GÞG, HÁ.

nei: KS, PO, SG, ÁB, BÁ, EOl, EmJ, GG, HelgJ, IngJ, JPálm, SB.

JÁ, JR, JörB, MK, PÞ greiddu ekki atkvæði.

6 þm. (ÓTh, ÁkJ, BÓ, GTh, JóhH, JG) fjarstaddir.
Brtt. 528,2.c samþ. með 23 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 576).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Form. landbn. er ekki viðstaddur, en ég býst við, að þetta mál fari til landbn. — Ég hef sjaldan tafið þingið á því að tala við 1. umr. í máli, sem ég er ekki flm. að, en ég vil beina athygli hv. þd. að einu atriði í þessu máli. Það er nauðsynlegt, að þetta frv. gangi fram með hraða, ef það á að verða að l., en það er eitt atriði í 6. gr., sem ég vil sérstaklega benda á, og það er næstsíðasta málsgr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:
„Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana af fasteignaveðslánum þeirra aðila einna, sem hafa tekið þau upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum."
Ég er hræddur um, að hér sé ákvæði, sem brýtur í bága við stjskr. okkar, og vil ég biðja hv. n. að athuga það. — Ég sé, að form. n. er kominn, og getur hann þá tekið til máls um önnur atriði, en ég vil strax beina því til n., að hún leiti álits kunnra lögfræðinga um þetta atriði, hvort það fer ekki í bága við stjskr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða tíma í að ræða frv. nú. Það kemur til n., sem ég á sæti í. Þó vil ég benda á, að það eru fleiri ákvæði, sem eru dálítið hæpin frá sjónarmiði almennings í landinu og þeirra þm., sem eru sæmilega sómakærir. Þar á ég við það, að samkv. eldri l. hafa verið samþykkt fjárskipti og framkvæmd fjárskipti, og eftir þeim l. áttu menn rétt á alveg ákveðnum bótum, en svo hefur verið komið aftan að mönnum og nú á að svipta þá bótum eftir l., semja ný l. og bæta eftir þeim. Þetta tel ég ekki vera hægt að samþykkja. Ef Alþ. er búið að lofa einhverju, á það að standa við það. Ég tel hæpið, að ég geti orðið með því að samþ. þetta ákvæði frv., þó að það sé réttmætt, því að ég tel ekki hægt að koma svona á bak við menn.

Gísli Jónsson: Ég vil beina því til hv. form. landbn., hvort hann vildi ekki lofa mér að fylgjast með þeim breyt., sem kynnu að verða gerðar í n. á frv. Það kemur til af því, að nýlega var framkvæmdastjóri sauðfjárveikivarnanna hjá fjvn., og afgreiðsla þessa máls byggist afar mikið á því, hversu mikil fjárhæð yrði tekin upp á fjárl. í þessu skyni. Það er rætt um það, að ef frv. verður að l. á því stigi, sem það er nú, þá sé hægt að lækka um 850 þús. kr. þá upphæð, sem sett var inn á fjárlfrv. í haust, það sé hægt að lækka þá upphæð úr 6 millj. í 5 millj., en hins vegar sé nauðsynlegt að taka upp 150 þús. kr. uppeldisstyrk, sem ekki er settur inn, svoleiðis að upphæðin mundi breytast um 850 þús. kr. til lækkunar, ef ekki verða gerðar neinar breyt. á frv. eins og það liggur fyrir nú. Hins vegar hefur framkvæmdastjórinn bent á, að það hljóti að valda töluverðum fjárgreiðslum, m. a. á þessu ári, að fellt hefur verið burt hámarkið, og hann óskar eftir, þó að það sé ekki tekið inn sama hámark aftur, að þá sé tekið upp hámark, en sé ekki neitt hámark í l., þá er ekki heldur hægt að ákveða, hvað þarf að taka inn í fjárl. Þess vegna vildi ég minnast á það við n., hvort hún sæi ekki fært að taka inn aftur hámarkið eins og það var í frv. eða setja eitthvert hámark og léti mig vita um það eins fljótt og unnt væri vegna afgreiðslu fjárl.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara lýsa því yfir, að n. mun að sjálfsögðu tala ýtarlega við Sæmund Friðriksson, og mér er ánægja að láta hv. form. fjvn. vita, þegar séð er, hver útkoman verður í nefndinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 576, n. 602, 603, 612).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þetta mál eða efni þess hefur áður verið á ferðinni, um sjúkdómana, og oft hafa orðið langar umræður um það. Hefur fé verið lagt fram undanfarin ár, og l. 1947 voru meginátökin hjá bændum að hreinsa svæði sín að sóttveiku fé og fá heilbrigðan stofn í staðinn. Þetta virðist hafa tekizt, og við þökkum Vestfirðingum fyrir að hafa verið á undan. Þeim hafa heppnazt framkvæmdirnar, og því hafa hugir annarra hneigzt að því að feta í fótspor þeirra og fá heilbrigðan stofn. Er það meira vert, þótt fé sé sums staðar lélegt af Vestfjörðum, að bændum hefur tekizt ræktun þess vel og fjölgað því. Hefur það orðið að allgóðu fé. Er fjárkyn á Rauðasandi og víðar heldur lélegt, en bændum hefur tekizt þetta vel. Nú hefur verið áhugi meðal manna um að hrinda þessari veiki, og var skipuð nefnd af hæstv. ríkisstj. í sumar til þess að gera tillögur um breytingar á fjárskiptunum, svo að þau gætu gengið hraðar, og kom þar mikið til greina, að kostnaðurinn yrði minni við girðingar, þannig, að tekin væru stærri svæði, sérstaklega, að girðing kæmi úr botni Hvalfjarðar fram til jökla. Yrði það margra hundraða þúsunda króna sparnaður að geta tekið fyrir slíkar girðingar, um leið og flýtt væri fyrir bændum að fá ósýkt fé. Nú er svo háttað á miklu svæði í Borgarfirði og á Mýrunum, að þar eru

mjólkursvæði og bændur hafa aðallega kúabú, svo að þeir þurfa ekki að reiða sig á fjárframleiðsluna eina. Nú má láta bændur, sem hafa næga mjólk, bíða og fái þeir litinn stuðning í ár, og á þann hátt virðist mönnum, að takast megi að ljúka þessu á næsta hausti. En peningavandamálið er oft þrándur í Götu, og svo er hér. Um það er alkunnugt. Virðist ríkissjóður eigi fær um að greiða í sumar það er þarf í bætur og skuldir, og er því létt undir með ríkissjóði hér í frv., þannig að hann megi greiða í skuldabréfum, svo að þetta skiptist niður á mörg ár.

Yfirleitt eru breyt. í frv. fyrst og fremst fólgnar í ákvæðum um það, hvernig fara skuli um girðingar, hverjir skuli eiga þær o. s. frv. (1. gr.). 2. gr. talar um það skýrar og hitt, hvernig hagkvæmast sé, að fari um fjárfærslu milli hólfanna. Hafa menn þar reynslu fyrir sér, hvernig því yrði hagkvæmlega komið fyrir, en öryggið er látið standa framar en þægindin fyrir bændurna.

Þá eru ákvæðin í 3. gr. um það, hversu langt skuli farið aftur í tímann í bótagreiðslum, og var horfið að því í hv. Nd. að láta þau standa svipuð og áður, þannig, að bæturnar séu látnar ná aftur á þriðja ár áður en fjárskipti hefjast, þegar svo stendur á sem þar segir. Þetta virðist ruglingslegra, en n. telur rétt að hafa það svo, og má ýmislegt finna því til stuðnings. Var því eigi ástæða til að breyta þessu.

Þá er það 4. gr. Þar fer kostnaðarhliðin að koma. Fyrst og fremst var áður í frv. ákveðið hámarksverð á lömbum, er bótaskyld eru, en þá um leið eru ákvæði um það, að þetta breytist, ef sveiflur verði á peningaverði. Við töldum eigi rétt að hafa hámark, en ákváðum, að meðalverð skyldi ákveða eftir því, hvert niðurlagsverðið hefði reynzt vera tvö árin næstu á undan, þannig, að þeirri tölu sé deilt með tveim og þannig fengið meðalverð á lambi. Var álitið, að hitt væri dragbítur á framkvæmdunum. — Svo hafa verið sett skýrari ákvæði um flutning fjár inn á niðurskurðarsvæði. Þarna hefur verið prentvilla, í 4. efnismgr. 4. gr., og stendur „fjártöku", en á að vera: fjártölu. Ég hef þó eigi séð ástæðu til að flytja brtt. við þetta.

Þá eru ákvæði í 5. gr. um fyrirkomulag á bótaskyldu, þar sem svæðum hefur verið skipt í hólf og sum sauðlaus.

Þá kemur 6. gr. frv., en hún er meginmergurinn málsins, og höfum við nm. talið nauðsynlegt að breyta henni að töluverðu leyti, og sé hún borin saman við brtt. okkar, þá er, svo að við byrjum aftan frá, aðeins um breytt orðalag að ræða. Sauðfjársjúkdómanefnd taldi, að auðveldara yrði fyrir sig að ákveða undanþágur frá því, að bændur tækju við greiðslum í skuldabréfum. Orðalagið var þannig, að það misskildist af sumum, en nú held ég, að það sé ótvírætt. — Þá er það 2. mgr., þar sem breytt er töluverðu. Við töldum eigi fært að skipa einstaklingum að taka við bréfunum á nafnverði upp í skuldir annarra, þótt þeir yrðu að taka við þeim upp í bæturnar. Það mundi kosta málaferli, og mun víst vera, að eigi ber þeim skylda til þessa. En hins vegar eru bankarnir. Þeir eru skyldir til að taka við bréfunum. Útvegsbankann snertir þetta þó eigi. Landsbankanum getum við boðið að gera þetta, hann er svo undir áhrifum þingsins, og meir að segja Útvegsbankanum einnig, en í Landsbankanum kváðu eigi vera önnur af fasteignaveðum um landið en gömul veðdeildarlán, og er vafasamt, að bankinn hefði hag af þessu. Þá er Búnaðarbankinn. Formaður bankaráðs, hæstv. landbrh., er nú eigi viðstaddur, en bankaráðið og bankastjórinn eru sammála um að láta við þetta sitja, þannig, að byggingarsjóðslán og ræktunarsjóðslán mætti greiða með skuldabréfunum, en það nær eigi lengra en til afborgana og vaxta á þennan hátt. Hitt yrði skaði fyrir bankann, t. d. að greiða út 200 þús. kr. árlega. En við töldum rétt að ganga að þessu og taka á móti því, að þar yrði eigi lengri lánstími en 5 ár. En til þess að regla verði höfð á þessu og keðjusala eigi sér ekki stað, en frv. segir, að þeir einir megi borga, sem tekið hafi við bréfunum upp í bótagreiðslur til sjálfra sín, þá verður að setja reglugerð. Verður að tölusetja hvert skuldabréf og láta bankana fá lista yfir það, hvert númer hver maður hefur fengið á skuldabréf sín, því að þannig er hægt að stjórna því, að þeir borgi einir með skuldabréfum, sem sjálfir hafa fengið þau upp í bótagreiðslur. Það er eigi sagt í brtt., en bent er á það að vissu leyti, að reglugerð eigi að setja. — Þá er breyt. á 4. stafl. 6. gr., þeim er áður var og kvað á um, að skyldan næði aðeins til þess, að skuldabréfin skyldi greiða á árinu. Þessu er breytt svo, að ríkissjóði beri að greiða skuldabréfin að fullu, er 5 ár séu liðin frá útgáfudegi þeirra. Höfum við í huga og teljum rétt, að bætur hafi verið greiddar til héraða jafnvel fyrr en ráð hafi verið fyrir gert, að nokkru leyti verið greiddar á fyrrverandi ári, t. d. í Húnavatnssýslu, þar sem búið er að greiða 60 kr. á kind, en 20 kr. eru eftir. Við höfum gert ráð fyrir, að einmitt það sé eftir, sem mundi verða greitt í ríkisskuldabréfum, þ. e. þessar ca. 20 kr. En þó sleppa þeir betur en aðrir, sem verða að taka upphæðirnar að ⅔ og ⅓ í skuldabréfum.

Þetta er þá mergurinn málsins, þess er í frv. finnst. Við viljum þó að sumu leyti fara lengra, en vildum eigi hætta því, að því yrði þá breytt aftur í hv. Nd., því að hér er nokkur hluti landsins, austan frá Skeiðarársandi vestur að Breiðafirði, sem á afkomu sína undir því, að þetta mál geti greiðzt sem fyrst og vel úr hendi. E. t. v. höfum við eigi rætt þetta mál nægilega, en ég hygg, að þetta sé aðalstefna okkar. Sumum er óljúfara, að greitt sé með skuldabréfum, en allir erum við sammála um, að mikil þörf sé á að fá þetta leyst af höndum. Er velferð landsins okkar í húfi, a. m. k. varðandi framleiðslu sauðfjárins hér á landi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 612, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs af því, að ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 612. Ég geri nú ráð fyrir, að frv. þetta sé að ýmsu leyti til bóta, en því er eigi að leyna, að mér finnst ákvæði 6. gr. mjög vafasöm, og einkum var það þó eins og frv. var borið fram fyrst, því að þau ákvæði hafa tekið bótum frá því, sem þau voru. Ég á við það, að breytt er til um greiðslumáta bóta vegna fjárskipta, þannig, að menn verða hér eftir að taka bæturnar í skuldabréfum, sem að vísu á að greiða vexti af, en áður áttu þau að vera vaxtalaus. Í eldri l. var aðeins ákvæði um það, hvaða bætur menn skyldu fá, og ég hygg, að ævinlega sé litið svo á, ef maður á fjárkröfu á hendur öðrum manni og ekkert sérstaklega samið um, í hverju skuli greitt, að þá sé átt við peninga. Þess vegna hlýtur að hafa verið átt við peninga í eldri l., ákvæðunum um bætur fyrir fjárskipti. En nú er þessu breytt í þessu frv. og á þann veg, að menn verða að taka bæturnar í skuldabréfum, einnig fyrir þau fjárskipti, sem búið er að framkvæma, ef bæturnar hafa eigi þegar verið greiddar. Í 4. efnismgr. 6. gr. stendur: „Ákvæði þessi skulu ná til bóta, sem greiða á á yfirstandandi ári og framvegis.“ Það á að greiða á þessu ári bætur fyrir fjárskipti, sem þegar hafa verið framkvæmd. Meðan frv. var á þann veg, að eigi átti einu sinni að greiða vexti af bréfunum, þá hygg ég jafnvel, að þetta hafi stappað nærri því að koma í bága við stjskr., um friðhelgi eignarréttarins, því að réttmæt fjárkrafa er eign, og það að skerða hana mun a. m. k. standa mjög nærri því að koma í bága við stjskr. Nú skal ég játa, að töluverð umbót hefur orðið á þessu í síðustu mgr. 6. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að heimilt sé að leysa þá bændur, er verða að vera sauðlausir í eitt ár, undan skyldu til að taka á móti greiðslum í skuldabréfum. En það er þó alltaf töluverður munur á heimild og rétti, þ. e. heimild annars aðila og rétti þeirra, er taka eiga við skuldabréfum. Ég verð að líta svo á, að þar sem fjárskipti hafa verið samþykkt með almennri atkvgr. og staðfest af ríkisstj., þá megi líta á það sem samning milli héraðsbúa í því héraði, sem fjárskiptin eiga að fara fram í, annars vegar og ríkisstj. hins vegar. Og mér er ómögulegt að líta öðruvísi á það en að með þessum ákvæðum í frv. um skuldabréfin rjúfi ríkisvaldið samninga, að því er snertir þá menn, sem þegar hafa framkvæmt fjárskipti eða lógað fé sínu vegna fjárskipta. Þess vegna er það, að ég hef borið fram brtt. á þskj. nr. 612 um það að breyta 4. efnismálsgr. 6. gr. á þá leið, að ákvæðin um skuldabréfin nái aðeins til bóta vegna þeirra fjárskipta, sem samþ. verða eftir að lög þessi öðlast gildi, því að það er alveg tvímælalaust heimilt að ákveða það. Ríkið getur hætt við það að láta menn hafa nokkrar bætur vegna fjárskipta, ef því svo sýnist, þ. e. þá menn, sem ekki hafa þegar eignazt kröfu á ríkið. Og úr því að það getur hætt að láta menn hafa nokkrar bætur vegna fjárskipta, þá getur það vitanlega breytt eðli bótanna, að því er þessa menn snertir. — Nú hef ég heyrt því haldið fram, sérstaklega af hv. flm. frv., sem það flutti í hv. Nd., hv. þm. Mýr., að hér sé ekkert svikið með ákvæðum frv., því að þessi skuldabréf séu full greiðsla. En mér þykir það nýstárleg kenning. Ég, sem fæst lítillega við banka, mundi ekki vilja telja það fulla greiðslu á víxli, sem ég hefði keypt t. d. af hv. þm. Mýr., að hann kastaði í bankann einhverjum skuldabréfum til greiðslu á víxlinum, og ég hygg, að það mundu ekki aðrir bankar gera heldur og að hægt væri að gera aðrar ráðstafanir til innheimtu víxilsins en það að taka slík bréf sem fulla greiðslu. — Einkennilegt þykir mér það í næstsíðustu málsgr. líka, að það er ekki aðeins, að það eigi að leggja þá skyldu á vissar lánsstofnanir að taka þessi bréf upp í greiðslur afborgana, heldur líka vaxta. Það finnst mér, satt að segja, nokkuð langt gengið að leggja þá skyldu á þessar stofnanir að taka skuldabréfin upp í greiðslu vaxtanna. En ég hef nú ekki gert neina brtt. við það.

Ég hef borið mína brtt. fram sökum þess, að ég álít, að Alþ. Íslendinga geti ekki gert svona breytingar, sóma síns vegna. Hins vegar skal ég fúslega játa, að hagur ríkissjóðs krefst þess, að til þess sé tekið fullt tillit, hvernig hann er. Og þó að ég vilji ekki ganga með því að samþ. það, að þessi réttur til bótanna í peningum, eins og auðvitað var átt við áður, sé af mönnum tekinn með valdi, þá vil ég gjarnan stuðla að því, að menn taki með frjálsu samkomulagi sem mest af þessum skuldabréfum upp í þessar greiðslur, og þess vegna er annar málsl. brtt. minnar um það, að sauðfjársjúkdómanefnd skuli beinlínis vinna að því að fá menn, sem hafa þegar öðlazt rétt til bóta, til að taka bæturnar í skuldabréfum. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það mundi mjög mikið verða að því gert, vegna þess að bændum þeim, sem fjárskipti hafa framkvæmt nú þegar, er það ljóst, að úr því sem komið er er nú aðalatriðið, að fjárskiptin verði framkvæmd alls staðar þar, sem þessir sjúkdómar geisa í sauðfénu, til þess að smithættan vofi ekki alltaf yfir. Þess vegna er ég ekki í nokkrum vafa um það, að til þess að greiða fyrir þessu og til þess að létta undir með ríkissjóði, mætti koma á öflugum samtökum um það, að menn tækju greiðslurnar í skuldabréfum. Og þess vegna álít ég nú, að raunverulegur munur í framkvæmd yrði ekki mjög mikill, hvort heldur sem frv. er samþ. eins og það liggur fyrir, með breyt. hv. n., eða þótt hins vegar mín brtt. yrði samþ. En það er bara annar munur, sem mundi verða með því að samþ. mína brtt., því að þá gengi ríkisvaldið ekki á rétt neins manns, en það leitar samkomulags við hann um breytta tilhögun, en með hinu mótinu gengi það á rétt manna, sem þeir nú eiga. Og það eru a. m. k. margir svo skapi farnir, að fyrir þeim er allt annað að sýna þann þegnskap að slá sjálfráðir að einhverju leyti af kröfum sínum eða hins vegar að láta taka réttinn af sér með valdboði.

Ég geri nú varla ráð fyrir, að hv. n. vilji mæla með þessari brtt. minni, því að þetta at-

riði kom svo mikið til greina í hv. Nd., og hv. n. hlýtur að vera kunnugt um þann ágreining, sem út af þessu varð, og þess vegna hlýtur hún að hafa rætt þetta atriði málsins. Ég ætla ekki að fara í neinar þrætur hér um þetta, en geri aðeins grein fyrir minni brtt. Svo verða atkv. úr að skera. En mér hefur fundizt það vera skylda mín að benda á þetta, hvað vafasamt þetta er gagnvart hreint og beint eignarrétti manna, sem í frv. stendur að þessu leyti, eins og það nú er.

Haraldur Guðmundsson: Forseti. Í prentun hefur það fallið niður, að ég ritaði undir nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari gildir sérstaklega, auk þeirra aths., sem ég hef um málið í heild að gera, ákvæði 6. gr. frv. og brtt. þá, sem n. gerir við hana á þskj. 603, þó að ég viðurkenni, að sú breyt., sem n. leggur þar til, að gerð verði á þessari gr., sé fremur til bóta en hitt. En ég tel, að það væri ákaflega misráðið, ef farið yrði inn á þá braut að gefa út ríkisskuldabréf til lúkningar á þeim greiðslum, sem hér er um að ræða. — Ég ætla, að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir því, að þessi bréf ættu að vera vaxtalaus, og þá var nokkur ástæða sérstök til þess að hallast að því að hafa þetta fyrirkomulag, þó að ég fyrir mitt leyti ekki fallist á það. En því hefur verið breytt þannig, að þessi skuldabréf eiga að vera með 4% vöxtum, eins og frv. kom frá hv. Nd.

Í þessu sambandi get ég ekki látið hjá líða að taka fram, að mér finnst varla afsakanlegt, hversu grg., sem fylgir þessu frv., og upplýsingar þær, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið í té í sambandi við frv., hafa verið snubbóttar, ef svo mætti segja. Í grg. frv. er ekki einu orði minnzt á neitt um það, hvaða fjárhæðir hér sé um að ræða, og í þeim viðræðum, sem verið hafa um þetta mál, hafa engar upplýsingar komið fram um það. Hitt hygg ég, að ekki orki tvímælis, að hér veltur á milljónum kr. Mig furðar á því, að það skuli hvað eftir annað koma fyrir í þessu máli og skyldum málum, að frv. séu borin fram um jafnstórkostleg fjárhagsatriði, án þess að gerð sé grein fyrir því, hve miklar fjárhæðir sé um að ræða í sambandi við ákvæði þeirra frv. eða hve mikill kostnaður fylgi því, sem frv. eru um. Og því fráleitara er að veita slíkan skuldabréfaútgáfurétt, þar sem engar upplýsingar eru, að mér virðist, fyrir um það, hve miklar upphæðir hér sé um að ræða. Það er gert ráð fyrir því hér í 6. gr. frv., að skuldabréfin megi nema tveim fimmtu hlutum af bótum samkv. 38. gr. l., en fjórum fimmtu hlutum samkv. 39. gr. l. Ég hef heyrt, án þess að ég geti um það dæmt, hvað rétt er, að ætla megi, að við þau fjárskipti, sem hér eru ráðgerð á næstu árum, muni kostnaðurinn nema um 25 millj. kr., og ættu þá þessi skuldabréf að geta numið 15—20 millj. eða meiru jafnvel en 20 millj. kr. Að leggja slíka till. fram, eins og hér er gert, án þess að leggja fram glöggar og greinargóðar áætlanir um kostnað við þessar ráðstafanir, sem fjárskiptin eru, virðist mér mjög misráðið.

Að því er sjálfa skuldabréfaútgáfuna snertir, vildi ég mjög vara við því, að farið verði inn á þá braut svo sem hér er gert ráð fyrir. Við vitum allir þm. þessarar d., hvernig háttað hefur verið um sölu á ýmsum þeim bréfum, sem gefin hafa verið út samkv. sérstökum l., sem Alþ. hefur sett, eins og kreppulánabréfunum og öðru slíku. Þau hafa yfirleitt verið seld mjög breytilegu verði, en í flestum tilfellum langt undir nafnverði, þannig að það hefur verið stórkostleg tekjulind fyrir fjármálamenn að kaupa þessi bréf undir nafnverði. Alveg eins yrði þetta um þessi bréf, ef þau yrðu gefin út upp á 15 eða 20 millj. kr. Og það yrði ekki nema sáralítill hluti af þeim, sem gengi til greiðslna á fasteignaveðslánum. Meiri hluti þeirra yrði hjá ýmsum einstökum mönnum, og mundi eitthvað af þeim ganga kaupum og sölum með því gengi, sem fáanlegt er, sem mótast eingöngu af því, hve mikið er af lausum peningum í umferð. — Auk þess, sem ég nú hef nefnt og að minni hyggju er mjög varhugavert, er þess að gæta, að greiðslur ríkissjóðs til byggingar skólahúsa og hafnargerða eru í vanskilum svo að tugum milljóna kr. nemur. Ég fæ ekki séð, ef horfið verður að því ráði, að ríkissjóður nú inni af hendi greiðslur, sem á ríkissjóði hvíla samkv. l., með skuldabréfum, að nokkur ástæða sé til að greiða þessi framlög vegna fjárskiptanna með skuldabréfum, heldur en framlög til skólabygginga og hafnargerða, sem hvor tveggja eru í vanskilum. Og eigi þannig að greiða þetta, sem ríkissjóður skuldar nú þegar, eins og ég hef sagt, og eigi að koma með þessi bréf vegna fjárskiptanna þar í viðbót inn á markaðinn, hlýtur það að skapa ringulreið og stórkostlegt verðfall á þessum bréfum. Ég hygg því, að sjálfsagt sé fyrir stjórnarflokkana að reyna að finna aðrar leiðir til þess að inna þessar greiðslur af höndum heldur en þær, sem hér er um að ræða. Samtök bændanna sjálfra gætu án efa að einhverju leyti risið undir því í bili að létta þeim fjárhaginn, meðan þeir biðu eftir þeim greiðslum, sem þeim ber úr ríkissjóði, ef um það eru settar reglur í samráði við þá aðila. Og það væri að minni hyggju stórum réttara og hyggilegra en það, sem hér er um að ræða. Ég skal geta þess, að í frv. um notendasíma í sveitum, sem er til meðferðar hér í hv. d., þá er talað um skuldabréf, sem engu síður er ástæða til að vara við en því, sem hér í þessu frv. er gert ráð fyrir um skuldabréfaútgáfu. Ég drap á, hversu ég teldi frv. því um uppsetningu málsins stórlega áfátt, með því að ekki skyldi þar fylgja kostnaðaráætlun eða að þeir, sem um það mál fjölluðu, skyldu ekki gefa glöggar upplýsingar um það efni. Eftir því sem ég bezt veit, mun vera búið að verja í pestarvarnir í allt um 35 millj. kr. frá upphafi og til þessa dags. Ég vil á engan hátt draga úr því, að nauðsyn bænda til styrks í sambandi við sauðfjárpestirnar og þá sérstaklega mæðiveikina hafi verið mikil og að óhjákvæmilegt hafi verið, að það opinbera réðist í sérstakar framkvæmdir til varnar útbreiðslu veikinnar. En hinu get ég ekki neitað, að mér

finnst, að framkvæmdir í þessum efnum hafi verið mjög á reiki, að ég ekki segi fálmkenndar, og að ástæða sé til að ætla, að ekki hafi þetta fé notazt svo vel sem skyldi. Sé það nú rétt, sem ég hef ekki fengið glögga grein fyrir, að enn þurfi að verja til þessara mála samkvæmt þessu frv., miðað við það, að niðurskurður sé framkvæmdur á þeim svæðum, sem í hættu eru, um 25 millj. kr., þá er ekki vafi á því, að það ríður á, að meiri festa sé í framkvæmdum þessara mála en hefur verið fram til þessa. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu nú. Ég mun ekki greiða atkv. gegn þessu frv. Hins vegar mun ég greiða atkv. gegn ákvæðum 6. gr. frv. um skuldabréfin, og það eins, þótt brtt. hv. landbn. eða brtt. hv. 1. þm. Eyf. yrðu samþ. Ég tel, að ef farið er inn á þá braut nú, þá væri þar rangt stefnt.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú svo, að hv. 4. þm. Reykv. (HG) fékk lánað hjá mér frv. sjálft, svo að ég hafði það ekki fyrir framan mig og gat ekki fylgzt með, hvað hann sagði, hvort hann fór rétt með það, sem hann las úr grg. þess. Býst ég ekki við, að hann hafi farið rangt með það. En út af því, hver kostnaðurinn muni verða í sambandi við sauðfjárskiptin á því svæði, sem eftir er að framkvæma þau á, þá hygg ég, að hv. 4. þm. Reykv. hafi tekið munninn nokkuð fullan. En eftir því sem mér skilst, að muni verða, ef tekið er svæðið alla leið suður til Hvalfjarðar og ef gert er ráð fyrir, að sauðfé verði látið inn á svæðið sama ár sem gamla fjárstofninum er lógað þar, þá mun það vera nálægt 4 millj. kr., sem það mundi kosta ríkið að hafa fjárskipti á svæðinu, en ef gert er ráð fyrir, að svæðið sé sauðlaust eitt ár, þá hygg ég, að megi bæta 1½ millj. kr. við þá upphæð frá ríkissjóði. En eins og við vitum, hvernig hag ríkissjóðs er nú komið, þá sjáum við það, að honum er um megn að bæta því á sig, ásamt öðrum greiðslum, sem hann hefur skuldbundið sig til að greiða út af þessu máli, og þess vegna verður að grípa til þess ráðs, sem gert er ráð fyrir í frv., og það var talið eina ráðið, sem og hv. 4. þm. Reykv. ætti að vera kunnugt um, hafi hann mætt á sameiginlegum fundum nefndanna í hv. Ed. og hv. Nd. Og við sáum engin ráð til þess að taka svo stórt svæði fyrir með því að ætla peningagreiðslur úr ríkissjóði til þess, og þess vegna var álitið, að það yrði að grípa til skuldabréfafyrirkomulagsins, sem ég þó játa, að er að mörgu leyti hvimleitt. Við erum ekki að leika okkur að því að gera þetta, en þegar þarf að framkvæma þessi fjárskipti og það ber bráðan að með það, verður að gera fleira en það, sem maður telur það heppilegasta og maður er ánægðastur með. Og ég veit, eins tillögugóður og hv. 4. þm. Reykv. er að mörgu leyti, þá mun hann, þegar á reynir, vilja gera eitt af tvennu, annaðhvort að vera með þessu skuldabréfafyrirkomulagi eða þá hjálpa ríkinu um lán úr þeim digra og mikla sjóði, sem hann hefur til umráða, með kannske 4% vöxtum. Og ef þetta fé fengist þannig úr sjóði hjá Tryggingastofnun ríkisins, þá væri það eins gott og betra en að vera með skuldabréfafyrirkomulagið. Og þá losnuðum við líka við öll ónot frá hv. 1. þm. Eyf. og öll vandamál þeirra Norðlendinganna út af þessum málum. Ég hef ekki athugað þetta atriði, en ég vænti, að hv. form. n. haldi fund um það milli 2. og 3. umr., og þá mætti einnig taka fyrir þar, hverju hægt væri að koma til leiðar í þessa átt.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, er það að segja, að það var margt rétt athugað hjá honum um þetta mál. Og ég mundi treysta honum til alls skörungsskapar um að koma á samstarfi meðal bænda um að taka við skuldabréfum sem greiðslu á þessu fé frá ríkissjóði, sem hér er um rætt, sérstaklega ef þeir hafa ekki fengið loforð fyrir greiðslunni. En það mun nú vera svo, bæði í Eyjafirði og víðar, að þegar menn eru búnir að koma sæmilega ár sinni fyrir borð og búnir að losa sig við fjárpestirnar, en ekki búnir að fá fullar greiðslur sem bætur vegna fjárskipta, að þá verði þeim kannske eitthvað áfátt um náunganskærleikann til hinna, sem eiga það eftir, svo að þeir vilji ekki taka við neinum bréfum sem greiðslum, ef þeir treysta sér til að ná peningum í greiðslurnar. Og jafnvel þó að veikin væri kennd við Borgarfjörð um eitt skeið, má ekki refsa Borgfirðingum eða bændum á Suðvestur- eða Suðurlandi fyrir það, því að enginn gerir það að gamni sínu að breiða slíkar pestir út um landið.

Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. En ég talaði um það við hæstv. landbrh., að við tækjum einmitt till. hv. 1. þm. Eyf. til athugunar. Sá hv. þm. er tillögugóður, þegar hann vill það við hafa, að manni virðist, — og kannske alltaf, ég skal ekki þræta um það, — og vorum við að tala um það, hvort hv. 1. þm. Eyf. mundi ekki vilja sýna þá tilhliðrun í þessu máli, að hann tæki till. aftur til 3. umr., svo að n. gæti athugað hana og borið sig saman við hæstv. landbrh. um málið og um það, hvernig þetta yrði leyst. Mætti þá vel vera, að þetta félli allt í ljúfa löð hjá okkur. Ég minntist á það við hv. þm. Mýr., að hann ætti tal við stjórnendur sparisjóðs Mýrasýslu, að hann tæki á móti þessum bréfum, til þess að gera þeim greiðara fyrir, sem fátækir eru, um að geta keypt sér fé í staðinn fyrir gamla stofninn. Sama hef ég minnzt á við hv. þm. Borgf. viðkomandi sparisjóðnum á Akranesi. Ég er við riðinn sparisjóð í Dalasýslu, og við mundum gera þetta eins og hægt væri. Og ef nokkur bréf bærust í Eyjafjarðarsýslu af þeim, sem í frv. er gert ráð fyrir, þá hygg ég, að það stæði ekki á hv. þm. héraðsins með að sýna velvilja í því að taka við bréfunum og leysa þau út, eftir því sem mögulegt væri fyrir hann, sér að skaðlitlu.

Þetta var nokkuð fljótlega mælt, sem ég sagði við hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við kostnaðinn. Ég vil athuga þetta með kostnaðinn dálítið betur milli umr., en ég hygg, að hann sé mjög nærri þessu. Sömuleiðis mælist ég til þess við hv. þm. Eyf., að hann taki brtt. sína aftur, svo að n. geti athugað þetta betur.

Ég tel víst, að formaður vilji kalla saman fund, svo að hægt verði að athuga þetta betur.

Eiríkur Einarsson: Ég hef skrifað undir álit n. án nokkurra athugasemda og af ráðnum hug, því að ég mun í aðalatriðum fallast á þær brtt., sem liggja hér fyrir frá n., en þó er það eitt atriði, sem er vandasamt til ákvörðunar og ég vildi sérstaklega leiða tal að, en það er síðasta málsgr. í brtt. frá n. á þskj. 603. Það er það vald, sem sauðfjársjúkdómanefnd er þar fengið og mikill vandi er að leysa af hendi og lýtur að því, hvað taka skuli til greina, þegar bændur eru að nokkru leyti leystir undan því að taka á móti greiðslum í verðbréfum. Það segir raunar, að n. sé heimilt að leysa þá að nokkru leyti undan þeirri skyldu að taka á móti greiðslu í skuldabréfum, sem búa við sérstaklega mikla örðugleika og erfiðar fjárhagsástæður, að dómi nefndarinnar. Ég fellst á það, að tekið verði tillit til erfiðleika þessara manna, þegar hið vandasama mat fer fram af hálfu n., því að það er vitanlega góðra gjalda vert. En það, sem vakti fyrir mér umfram þetta, er það, að enn fremur menn á fjárpestarsvæðinu verðskulduðu, að tekið væri með í reikninginn, þegar þessar ákvarðanir verða gerðar, að sauðfjárpestin hefur allra mest mætt á þeim og valdið þeim miklum skaða. Ég vildi fyrir mitt leyti, að þetta yrði tekið með í reikninginn. Þessir menn, sem hafa orðið fyrir þessum þungu búsifjum, hafa borið harm sinn í hljóði, og það er ekki ytri aðstæðum, heldur dugnaði þeirra og þreki að þakka, að þeir hafa ekki fyrir löngu hrökklazt burt af búum sínum af þessum ástæðum. Með tilliti til þess, sem ég hef sagt, vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt., sem hnígur að þessu, sem ég nefndi, að á eftir orðunum „að dómi nefndarinnar" í síðustu málsgr. brtt., sem ég talaði um, komi: „og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða." Formaður n. er hér staddur, og ef hv. n. vildi taka þetta til athugunar, er ég fús til að taka þessa till. aftur til 3. umr., ef orðið gæti samkomulag um þetta atriði, sem ég nú nefndi. — Mun ég nú afhenda hæstv. forseta þessa brtt.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Árn. (EE), sem hann hefur nú lýst. Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf því afbrigði til þess, að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 619) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Það er ekki aðeins út af orðum hv. frsm., hv. 11. landsk. (ÞÞ), viðvíkjandi kostnaðarhlið þessa máls, að mér fannst ég þurfa að segja nokkur orð viðvíkjandi því, hvort ég skildi rétt, að kostnaðurinn yfir landið allt mundi nema 6—7 millj. kr. *(ÞÞ:* Suður til Hvalfjarðar.) En hverju mundi hann þá annars staðar nema? *(ÞÞ:* Tæplega tvöföldu á við það.) Ástæðan fyrir því, að ég nefndi þessa upphæð, sem ég nefndi, er sú, að í grg. fyrir þáltill., sem flutt er af þm. úr Nd., þar af tveim, sem eiga sæti í landbn. þeirrar d., hv. 2. þm. Skagf. (JS) og hv. þm. Dal. (ÁB), þar er tekið svo til orða: „Enn eru fyrirhuguð fjárskipti og varnir á sýktu svæðunum, sem áætlað er, að kosti ríkissjóð 25 millj. kr. á næstu 5 árum." Ég hef ekki átt aðgang að glöggum upplýsingum um þetta, en ég hygg, að þessir menn hafi ekki sett þessa áætlun út í loftið. Ég sé því ekki, að þær upplýsingar, sem hv. 11. landsk. hefur hér gefið, breyti þessu neitt.

Ég skal ekki ræða um þetta yfirleitt, enda er ég ekki nægilega kunnugur, en vil taka fram, að mér finnst óheppilegt að greiða styrk til fjárskipta í þeim héruðum landsins, sem eru eftir öllum landsháttum og aðstöðu til markaða bezt sett til þess að framleiða mjólk, sem vantar í landið. Í þessum héruðum á vitanlega að leggja langmesta áherzlu á það að koma á ódýrri framleiðslu, sem hæfir þessum sveitum. Í þessum héruðum væri miklu skynsamlegra að leggja þennan styrk til nautgriparæktar og annars slíks, og furða ég mig á, að slíkt skuli ekki hafa komið fram og beinlínis verið gert að skilyrði fyrir fjárskurði í slíkum tilfellum. — Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lengja hér umræður mjög um þetta mál. Því miður gat ég ekki verið viðstaddur ræðu hv. 2. þm. Árn. (EE), en hann mun hafa borið hér fram skriflega brtt. í málinu, og ég vildi beina þeirri áskorun til hans, þar sem hann líka er einn af nm., að hann vildi taka þá brtt. aftur til 3. umr., svo að n. — hann er þar einn fimmti partur — gæti athugað báðar þessar brtt. og borið sig saman við hæstv. landbrh. um þetta mál, hvernig bezt væri hægt að koma þeim fyrir. Hv. form. landbn. hefur tjáð mér, að tilefni væri til þess að halda fund um þessi atriði og þá fleiri.

Forseti (BSt): Ég vil tilkynna hv. þdm. það, að brtt. á þskj. 612 er tekin aftur til 3. umr. og enn fremur skriflega brtt. frá hv. 2. þm. Árn.

Umr. frestað um stund, en var fram haldið síðar á fundinum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég er ekki andvígur því að slíta hér fundi, ef menn æskja, en mér virðist, að nógu margir séu hér komnir, svo að hægt sé að halda hér fundi áfram að nýju.

Eins og þetta mál liggur hér fyrir, þá hafa tveir hv. þm. tekið aftur brtt. sínar, þar til við 3. umr. þessa máls, svo að n. gefist kostur á að athuga þetta mál betur. Mér virðist óráðlegt að halda ekki áfram umræðum um þetta mál, þótt einn hv. þm. sé á mælendaskrá, en er nú hér ekki viðstaddur. Ég get lofað því, að ef þessi maður talar ekki hér við þessa umr., verður honum gefinn kostur á að koma á nefndarfund og skýra þar mál sitt. Þessi þm.

getur þá einnig talað við 3. umr. málsins tvisvar til þrisvar sinnum. Sé ég ekki, að það þurfi að draga þetta mál á langinn.

Forseti (BSt): Þar sem hv. 11. landsk. (ÞÞ) tekur ábyrgð á hv. þm. Barð. (GJ), að hann verði ánægður, þótt hann tali ekki við þessa umræðu.... En hér kemur nú inn í salinn hv. þm. Barð., og gef ég honum orðið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað komið fyrr á fund, þar sem ég var önnum kafinn. — Ég hef hlustað á hv. frsm. n., þar sem hann lýsti því yfir, að n. hafi rætt við forstjóra sauðfjárveikivarnanna, og hefði hann verið í öllum aðalatriðum sammála n. um afgreiðslu málsins. Þetta kom mér ókunnuglega fyrir sjónir, því að sami maður var á allt öðru máli, er fjvn. átti tal við hann. Hann taldi þá varhugavert að hafa ekkert hámark og taldi mikilsvert, að í frv. væri sett a. m. k. eitthvert hámark um bætur. Ég vildi gjarnan heyra hjá frsm., hvort þetta sé gegn vilja forstjórans eða honum hafi snúizt hugur og n. tekizt að sannfæra hann. Ég mælist til, að n. athugi þetta mál, og mér skildist, að þessi uppbótaupphæð gæti hlaupið á milljónum króna. Það var verið að ræða um að lækka þessa upphæð, en sumum finnst það hæpið. Það hefði þurft að brjóta þetta mál betur til mergjar, áður en það var flutt. *(ÞÞ:* Ég vil benda hv. þm. á, að ég hef óskað eftir því, að n. fái hv. þm. Barð. á sinn fund, svo að hann geti skýrt þar sitt sjónarmið.) Um það vissi ég ekki, þar sem ég var hér ekki viðstaddur, en mér er það ánægja að koma á fund. Ég skal verða við ósk hv. frsm. að fella niður frekari gagnrýni á frv. og ræða við n. um málið, áður en það fer út úr þessari hv. deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Brtt. á þskj. 612 og skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. Árn. (sjá þskj. 619), báðar við 6. gr. frv., eru teknar aftur til 3. umr. Kemur þá næst til atkv. brtt. á þskj. 603, frá hv. landbn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar hv. frsm. óskaði eftir, að ég stytti mál mitt, skildi ég það svo, að það mætti þá ræða um brtt. hv. landbn. síðar. Ég hefði rætt hana, ef ég hefði vitað, að bera ætti hana undir atkv.

Forseti (BSt): Ég get ekki kúgað n. Þótt till. verði samþykkt nú, þá má breyta þessu við 3. umr. Eins má fella till., ef d. ákveður svo. Þar sem hv. n. tekur till. ekki aftur, verður hún að berast upp til atkv.

Brtt. 603 samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, EE, FRV, KK, BSt.
nei: GJ, JJós.
LJóh, StgrA, BrB, HV, HG greiddu ekki atkv.
2 þm. (BBen, HermJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Já til 3. umr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 624, 612, 619).

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. hér í hv. d., féll ég frá að ræða það að ráði, vegna þess að hv. frsm. landbn. lýsti yfir því, að málið yrði nánar rætt í n., og lofaði að ræða við mig atriði, sem ég taldi þurfa að breyta. Nú hefur n. haldið fund um málið, og þar fékk ég tækifæri til að mæta, og er ég þakklátur hv. n. fyrir það, en ekkert samkomulag varð um það, að hún tæki upp brtt. mínar, svo að ég mun flytja þær síðar, og væri rétt að fresta umr. þar til þær eru prentaðar, en ég skal þó fara nokkuð inn á efni þeirra nú þegar.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það út af 3. gr., að ég tel, að það sé ekki sanngjarnt að ákveða, að bæturnar miðist við fjártölu viðkomandi bænda skv. skattaframtali tveim árum áður en fjárskipti fara fram. Ég tel eðlilegast að miða við fjártöluna árið áður en fjárskipti fara fram, því að þá sést það tjón, sem bændur verða raunverulega fyrir. Skv. 2. tölul. er svo talað um, að bætur til þeirra, sem lógað hafa fé sínu 1947 og 1948, skuli miðaðar við skattaframtöl þrjú síðustu árin á undan. Ég mun bera fram brtt. við 3. gr. þannig, að 1. málsl. verði á þá leið, að bætur skuli miðaðar við fjártölu árið áður en fjárskipti fara fram, en 2. málsl. falli niður. — Út af 4. gr. ber ég einnig fram brtt. þess efnis, að í stað tveggja ára á undan komi: þess árs, sem fjárskipti fara fram, — því að það verður að miða við það tjón, sem bændur verða raunverulega fyrir. Einnig legg ég til, að aftan við gr. komi ný málsgr.: þó ekki yfir 85 kr. á bótaskylda kind, — því að nauðsynlegt er að hafa þarna eitthvert hámark.

Framkvæmdastj. sauðfjárveikivarnanna lýsti því yfir við fjvn., að hann væri því hlynntur að hafa þetta hámark. Hann vildi hafa 75 kr. hámark, og hann taldi, að betra væri en ekki að hafa 85 kr. hámarkið. Ég hef því leyft mér að bera fram brtt. um það, að 85 kr. hámarkið verði sett inn í l. og að aftan við 2. málslið 1. málsgr. bætist: „Þó ekki yfir 85 kr. á bótaskylda kind.“ Þá legg ég einnig til, að þar bætist við nýr málsliður: „Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis.“

Þá finnst mér einnig nauðsynlegt að gera allvíðtækar breyt. á 6. gr., enda hefur hún þvælzt hvað mest fyrir, en ég vil þó ræða nokkuð um 4. gr., áður en ég kem að henni,

næstsíðasta málsliðinn, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Séu nægjanleg líflömb fáanleg, skal fjáreigendum gefinn kostur á að fá allt að því 20% til viðbótar. Sé ekki unnt að útvega þessi 50% lambanna svo fljótt, ber að greiða afurðatjónsbætur vegna þeirra, er á vantar, á sama hátt og fyrir er mælt í 39. gr.“

Þessi ákvæði verð ég að segja, að eru gersamlega óviðeigandi og ekki rétt að leggja þessa byrði á herðar ríkissjóði, þótt af einhverjum ástæðum yrði ekki unnt að fá nægilega mörg líflömb — ja, við skulum bara segja vegna þess, að bændur vildu ekki láta lömbin af hendi. Ég vildi því breyta 2. málsl. 5. mgr. þannig:

„Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir.“

Mér finnst sjálfsagt að gera slíkar ráðstafanir til þess að tryggja það, að líflömbin séu fyrir hendi, þegar um er að ræða milljóna og máske tugmilljóna spursmál fyrir ríkissjóð. Ég sé ekki annað en þetta sé nauðsynlegur réttur og að engan veginn sé traðkað á þeim, sem hér eru aðilar að, fremur en öðrum, sem verða að beygja sig undir eignarnám.

Þessar brtt. vildi ég því leyfa mér að gera og svo að lokum við 6. gr., en ég vil leyfa mér að benda hæstv. forseta á það, að vegna þess, hve þetta er margþætt, hafði ég ekki lokið að fullu við brtt. Ég skal því gera nokkra grein fyrir því, sem ég hafði hugsað mér.

Það er sýnilegt á þskj. 624, að það hefur orðið samkomulag um það í n., að skuldabréf þau, sem hér um ræðir, skuli vera fullgild til greiðslu vaxta og afborgana fasteignaveðslána við banka, „þó aðeins þeirra aðila, er tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.“ Þannig er ákveðið, að bankarnir skuli taka bréfin á nafnverði. En í þessu ætti að fara lengra. Ég vil benda á, að það var ákveðið um önnur skuldabréf á þessu þingi, að þau skuli vera lögmæt greiðsla upp í lausaskuldir við Landsbanka Íslands. Og þessi bréf ættu að vera það einnig, og ég tel að það eigi að setja það inn í frv., að þau skuli vera löggeng til greiðslu á öllum skuldum, sköttum og skyldum og á lausaskuldum við Landsbankann. Ég hafði hugsað mér — en mér hefur ekki unnizt tími til þess enn — að orða þetta svo, að bréfin skyldu vera fullgild til greiðslu á eftirfarandi skuldum og teknar síðan upp í flokka þær skuldir, sem um væri að ræða. Skal ég telja upp helztu skuldaflokkana. Voru þá í fyrsta lagi skuldir vegna vaxta og afborgana á fasteignalánum og alveg sama, hvort þar væri um að ræða skuldir við banka eða einstaklinga. Get ég ekki séð neitt athugavert við það, þótt einstaklingar verði að taka við þeim, ef þau eru gjaldgeng upp í skatta og skyldur, en það ættu þau að vera í öðru lagi, og í þriðja lagi á svo ríkissjóður að geta greitt með þeim lausaskuldir sínar við Landsbanka Íslands og hann yrði sá aðili, sem síðast yrði kaupandi. Og í fjórða lagi væru svo skuldir við verzlanir, hvort heldur kaupfélög eða einkafyrirtæki. Hvað Landsbankann snertir, þá getur þetta ekki verið nein stórkostleg fórn fyrir hann, úr því að vextir eru 4% og bréfin eiga að greiðast á næstu 5 árum, og þess er að vænta, að bankinn sendi ekki nein mótmæli gegn því og skjóti sér ekki undan að bera að einhverju leyti þær byrðar, sem hér er verið að létta af öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Þessar brtt. vil ég bera fram, en þar sem þær liggja hér ekki enn fyrir og ég tel ekki rétt að láta þær koma undir atkvæði áður en hv. alþm. hafa kynnt sér þær, þá leyfi ég mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti umr., og skal ég ekki orðlengja um málið meira að svo komnu, en lofa því að hafa gengið svo snemma frá till. mínum, að þeim verði útbýtt á næsta þingfundi.

Forseti (BSt): Áður en ég fresta efnislegum umr. um málið, vil ég spyrja hv. landbn., hvort hún hafi nokkuð á móti þeirri frestun.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég læt það liggja í hlut forseta, hvort ég á að hafa lengri ræðu eða skemmri. En ég hygg, að landbn. muni telja það heppilegt að fresta umr. og athuga að nokkru brtt. hv. þm. Barð., þar sem sumar þeirra eru þannig vaxnar, að það þarf að leita umsagnar t. d. Landsbankans, ef það á að fara að greiða skuldir við hann með þessum bréfum. Ég vil svo spyrja hæstv. forseta, hvort ég eigi nú að halda áfram ræðu minni um þetta efni eða hvort honum þyki réttara, að ég láti máli mínu lokið.

Forseti (BSt): Ef umr. á að fresta, þá er æskilegast, að efnislegar umræður um málið hætti nú.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 624, 612, 619, 647).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er spursmál, hvort ég var á mælendaskrá, þegar fundi var frestað hér síðast, af því að ég gaf þá forseta í vald, hvort hann vildi fresta umræðum þá í minni ræðu. Ég hafði tekið þann kostinn að fara ekki efnislega út í málið, því að þá voru komnar fram skriflegar brtt., ekki allfáar, frá hv. þm. Barð. (GJ), sem þó voru hálfkaraðar að sumu leyti, og þess vegna taldi ég rétt, til þess að allt færi sæmilega úr hendi, að doka dálítið við, og tel ég, að forseti vor hafi gert alveg rétt í því máli. N. hefur síðan athugað þessar brtt., þar sem við áttum kost á því meira að segja strax og þær voru lagðar fram hreinskrifaðar til skjalavarðar, því að flm. létu okkur hafa eintak af þeim, svo að við gætum athugað málið. Þessar till. eru kannske ekki eins miklar breyt. frá okkar till. eins og frá frv. eins og það er.

Ég vil segja það í sambandi við 1. brtt., að okkur í n. virtist í fljótu bragði, að þetta væri

það sama að efni til og er í frv. sjálfu. Nú hefur flm. brtt. talað við mig um þetta atriði, og skal ég játa það og hygg, að n. sé á þeirri skoðun, að megi túlka það þannig, — og ég held það sé jafnvel réttast að túlka það þannig, að það breyti ekki neinu að efni til, — sé það a. m. k. hæpið að greiða a-lið brtt. atkvæði, með það fyrir augum, að það raski ekki því, sem stendur í sjálfu frv. Því tel ég miklu varlegra fyrir þá, sem vilja halda þeirri stefnu, sem er í frv. um fjárskiptatímann, að halda sig við frv. eins og það er. — Um 2. málsl. er það að segja, að eftir því, sem áður hefur orðið ofan á í þessu máli, finnst mér ekki ástæða til að fara að hvarfla frá því, frekar en frá fyrra atriðinu. Þá ætti bótaskyldan ekki að ná lengra aftur en til ársins 1948, en hv. flm. vill, að mér skilst, að það verði aðeins fyrir árið 1949, en það finnst mér of langt gengið. Ég hugsa samt, að ýmsir okkar nm. yrðu með þessu, ef hann felldi ekki liðinn alveg niður, en breytti því í þá átt, að bótaskyldan næði aðeins til niðurskurðar tveggja ára áður, en alls ekki til þriggja ára.

Þá er það 2. till., og er 1. liður hennar við 4. gr., að í stað orðanna „tveggja næstu ára á undan" komi: þess árs, er niðurskurðurinn fer fram. — Þetta hefur alltaf verið áður, og því viljum við halda, og get ég ekki mælt með því, að sú till. verði samþykkt.

Þá er það b-liður till., um hámarkið, og ég verð að segja frá mínu sjónarmiði, að mér fannst sú till. að mörgu leyti mjög góð. N. velti því fyrir sér að hafa einmitt þetta hámark, sem þarna er talað um, og virtist vera að mestu sammála um það, og sauðfjárveikivarnanefnd var ekki því mótfallin. En þá var það form. landbn. Nd., sem gerði ráð fyrir því, að væri farið að setja ákveðið hámark hér í þetta frv., þá mundi það verða til þess að splundra því samkomulagi, sem þó náðist í Nd., og jafnvel verða til þess að eyðileggja framgang frv., og á það vildu menn ekki hætta, eftir það átak, sem nú er búið að gera í mæðiveikivörnunum, því að það væri ógurlegt fyrir landið að verða að hætta núna í miðjum klíðum vegna ósamkomulags hér á Alþingi og ekkert verði úr framhaldi.

Þá er það c-liður 2. brtt., sem ég verð að telja, að engin ástæða sé til að fráfælast, og mun ég greiða atkv. með þeirri brtt.

Þá er það 3. brtt. frá hv. þm. Verð ég að lýsa því yfir, að bæði ég og þeir nm., sem þá voru á fundi, voru sammála um að greiða henni atkvæði, því að ég sé ekki annað en það geti verið öllu hagkvæmara fyrir mann en peningabætur að koma fótum undir hann með því að styrkja hann þá í annan atvinnuveg, sem honum væri betri í framtíðinni.

Þá er það 4. brtt. Um hana er það að segja, að ég held, að við séum allir sammála um það, að henni getum við ekki fylgt, því að liðir hennar eru þannig, sumir hverjir, að ég tel, að ekki sé skylt að hlýða þeim, t. d. 1. og 3. liðnum. Það tel ég, að við höfum ekki vald til að skipa hér fyrir um, og getum við ekki greitt þessu atkv. þegar af þeim ástæðum. — Í 2. lið brtt. felst, að þessi skuldabréf gildi sem greiðsla á öllum opinberum gjöldum til ríkissjóðs. Það er nú að vísu hægt fyrir Alþ. að valdbjóða það, en skringilegt er það fyrirkomulag, að ríkissjóður gefi út skuldabréf, sem hann eftir mánaðartíma tekur aftur af einstaklingnum upp í gjöld hans í staðinn fyrir peninga, og væri þá brotaminna að ganga hreint að verki og borga strax í peningum.

Um 4. lið brtt. er það að segja, að það fer eftir því, hvað þingið vill ganga fast að Landsbankanum með að kaupa bréf, ýmist með ríkissjóðsábyrgð eða ríkissjóðsskuldabréf. Þetta getur maður gert ráð fyrir að verði, þegar búið er að hreinsa sig af pestinni, svona 15—20 millj. króna lágmark, og ég þekki ekki svo greiðslugetu þessa banka, að ég geti dæmt um það. En mér finnst þetta viðsjárvert, og eftir því, sem mér hafa borizt fregnir frá bankastjóra þar í banka, sem form. n. hefur átt tal við og borið í eyru okkar, virðist bankastjórinn ekki vera allfús á að taka þessi bréf og spyrnir fast fótum við. En um þetta getur form. n. vitnað hér, þar sem hann hefur betri aðstöðu til þess en ég. Af þessum ástæðum tel ég ekki rétt að samþykkja 4. lið þessarar brtt. hv. þm.

Að því er snertir brtt. hv. 2. þm. Árn. (EE), höfum við athugað hana. Ég skal ekki segja, hvað mikið gagn er að henni, en hún a. m. k. spillir ekki, og sauðfjársjúkdómanefnd telur hana ekki til neins skaða og hefur ekki á móti því, að hún verði samþ., svo að ég tel rétt að bæta henni við, því að ég sé ekki annað en það sé a. m. k. alveg skaðlaust og kannske frekar til bóta að samþykkja hana.

Þá er það brtt. 1. þm. Eyf. (BSt). Svipað þessu var verið að elta ólar við í Nd., og náttúrlega er það frá sjónarmiði þeirra, sem vilja vernda ríkissjóð fyrir of miklum greiðslum, engin ástæða til að samþykkja þessa brtt., en mikil ástæða til að hafna henni, því að gert er ráð fyrir svona á aðra milljón króna tjóni fyrir ríkissjóð, ef hún verður samþykkt. Virðist mér enn síður ástæða til að samþykkja hana, þegar tekið er tillit til þess, að margir fyrir norðan hafa sloppið langbezt úr pestinni og sérstaklega eitt kjördæmi, hv. þm., þar sem pestar hefur ekki orðið vart. Og yfirleitt má segja, að þessi héruð hafi sloppið vel út úr fjárpestinni, a. m. k. samanborið við aðrar sveitir, þar sem hún hefur gengið yfir í tugi ára eða lengur.

Ég hef gert grein fyrir þessu að nokkru leyti fyrir hönd n. Ég tala náttúrlega ekki fyrir munn hv. 4. landsk. (HG), sem hefur heldur haldið sig utan við n. og jafnvel er frekar lítið um frv. gefið, en afgreiðslan var á sömu lund og ég hef nú lýst.

Eiríkur Einarsson: Ég átti hér brtt. við frv., á þskj. 619, sem hefur nú verið minnzt á af hv. frsm. og þó að öðru leyti rædd hér áður. Ég sé, að hún má ekki standa alveg óröskuð, eins og hún er hér prentuð á þskj., því að þar er hún stíluð sem brtt. við brtt. á þskj. 603, sem nú er gengin inn í frv. Ég hef því kosið að

breyta yfirskriftinni og bera þessa brtt. fram sem brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 frá 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra. Á eftir orðunum „að dómi nefndarinnar" í síðustu málsgr. 6. gr. bætist: og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða. — Það er eingöngu leiðrétting. Ég leyfi mér að bera hér fram þessa brtt. skriflega, í von um, að hún verði samþykkt.

Forseti (BSt): Það er vitað mál, að brtt. á þskj. 619 getur ekki orðið borin hér upp, því að hún er stíluð við brtt., sem ekki liggur hér fyrir. En flm. till. hefur nú borið fram brtt. við sjálft frv., þess efnis, að á eftir orðunum „að dómi nefndarinnar" í síðustu málsgrein 6. gr. bætist: og sauðfjárpestirnar hafa lengi mætt á og valdið miklum skaða.

Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigðin um brtt. (sjá þskj. 665) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú fyrst leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa frestað hér umr. um daginn og gefið mér tækifæri til að ganga að fullu frá brtt. mínum og tekið til greina þær ástæður, sem lágu til þess við 2. umr., en eðlilegast hefði verið, að þessar brtt. hefðu þá allar komið fram. Ég sé einnig ástæðu til að þakka hv. landbn. þann tíma, sem hún hefur varið til þess að ræða um þessar till., þó að hún hafi ekki orðið mér að öllu leyti sammála. Skal ég nú gera nokkru nánari grein fyrir þessum till., sumpart vegna þess, að ég hef nú að fullu gengið frá þeim, og sumpart vegna þess, að þær liggja nú fyrir þm. til athugunar.

Ég hef á þskj. 647 borið fram nokkrar brtt. við þetta frv. Fyrsta brtt. er við 3. gr. og er í tveim liðum, a og b. Um a-liðinn er það að segja, að hv. frsm. landbn. hélt því fram, að það mundi bera að sama brunni, hvort heldur þessi till. væri samþ. eða ekki. En þetta er hreinasti misskilningur. Ef till. er lesin, en hún hljóðar svo: „Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt skattaframtali fyrir árið áður en fjárskipti hefjast á þeim svæðum, sem bótaskyld eru á hverjum tíma," þá er það sýnilegt, að ef fjárskipti eiga að fara fram á árinu 1950, þá á að miða við skattaframtalið 1949, þ. e. a. s. það, sem gert er í ársbyrjun 1950 og gildir fyrir árið 1949. Hér styttist því tímabilið um eitt ár, og vil ég, að hv. þm. geri sér það vel ljóst. Það getur ekki gilt fyrir 1948. Skattaframtal, sem gert er á árinu 1950, getur ekki gilt fyrir annað en árið 1949, og þykir mér það alleinkennilegt af hv. 1. þm. N-M. (PZ), ef hann heldur öðru fram, þar sem hann hefur nú átt sæti í ríkisskattanefnd um nokkurt skeið.

B-liður till. er um það, að 2. málsl. 3. gr. falli niður, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustin 1947 og 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða fjártöluna við skattaframtal þeirra tæpum þremur árum áður en fjárskipti hefjast, enda haldi þeir áfram búskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði." Hér er þetta tímabil talið ná yfir 3 ár, sem ég tel hvorki rétt né eðlilegt, að þannig sé skipt. Nú hefur hv. frsm. n. lýst því yfir, að n. geti ekki fallizt á þessa till., en hefði ef til vill getað fallizt á hana, ef tímabilið hefði verið stytt um eitt ár. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt., sem verður varatill., ef þessi verður ekki samþ. eins og hún liggur fyrir. Till. er svohljóðandi: „Hjá þeim fjáreigendum, sem lógað hafa öllu fé sínu haustið 1948 vegna fyrirhugaðra fjárskipta 1950 og 1951, skal þó miða við skattaframtal þeirra 1948", — það er að segja, það er fellt úr þriðja árið, — og svo áfram: „enda haldi þeir áfram sauðfjárbúskap á hlutaðeigandi fjárskiptasvæði." Enda finnst mér það líka sanngjarnt skilyrði, að þeir haldi áfram sauðfjárbúskap, en ekki aðeins búskap í einhverri mynd, t. d. ekki kúabúi eða hænsnabúi. Ég mun því bera þessa till. fram sem varatill. við hina.

Þá eru brtt. við 4. gr. frv., og er a-liður till. svona: „Í stað orðanna „tveggja ára á undan" í 2. málsl. 1. mgr. komi: þess árs, er niðurskurðurinn fer fram." — Ég lýsti þessu nokkuð við umr. um daginn, og sé því ekki ástæðu til þess að fara að ræða það atriði efnislega að svo stöddu. Það styttir um eitt ár það tímabil, sem bæturnar eru miðaðar við. Enn fremur er tekin upp í b-liðinn till., sem framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar hefur gert um hámarksbótaskyldu, þó með þeirri breyt., að hér er gert ráð fyrir 10 króna hærri bótaskyldu fyrir hverja kind. Hann fullyrti það við fjvn., að það væri óhjákvæmilegt að setja eitthvert hámark um bótaskyldu, og lagði til, að það væri 75 kr., en það væri betra að hafa 85 kr. hámark en ekki, og þess vegna flyt ég þessa till. En nú hefur mér verið tjáð það, að þetta ákvæði eigi að taka út úr, eftir að hv. landbn. hefur fengið um það umsögn lögfræðinga, sem segja, að þetta ákvæði geti ekki staðizt, og skal ég ekkert um það segja að svo stöddu. Hæstv. landbrh. er nú sjálfur lögfræðingur, og það væri því gott að fá að heyra álit hans. Ég skal ekki segja um, hvort ugglaust er að þetta fái staðizt, en eftir er að fá úrskurð um þetta. Ég taldi samt rétt að taka þetta ákvæði upp, vegna áhuga framkvæmdastjóra sauðfjársjúkdóman. á þessu atriði. Verði 1. tölul. þessarar till. felldur, er 2. tölul. tekinn aftur sem afleiðing af því.

Þá hef ég enn borið fram eina brtt. við þessa gr., c-lið, sem er svo hljóðandi: „2. málsl. 5. mgr. orðist svo: Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir." Ég tel sjálfsagt að setja þetta ákvæði inn í frv., því að ég tel það

óverjandi, ef hægt á að vera að krefja ríkissjóð um sérstakt gjald, ef bændur geta ekki keypt líflömb. Það er nauðsynlegt, að til sé heimild til eignarnáms á þeim, ef þau eru á annað borð til í landinu. Það er því nauðsynlegt að samþ. þessa gr., og ég fæ ekki séð, að með henni sé gengið á rétt nokkurs manns, nema síður sé, því að með því er það tryggt, að þeir, sem eignarnámið er gert fyrir, fái líflömb, ef þau eru á annað borð til í landinu. Réttur þeirra, sem eignarnámið er gert hjá, er tryggður með því, að fullt verð á að koma fyrir, og í þriðja lagi er réttur ríkissjóðs með því tryggður, að ríkissjóður er ekki krafinn, nema bændur hafi fengið þessi líflömb, enda sagði líka hv. frsm. landbn., að hann væri því fylgjandi, að þessi liður yrði samþ.

Enn fremur er 3. brtt. við 5. gr. um það, að við 1. málsl. bætist: „eða styrkja þá til að breyta yfir í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar.“ Ég vil leyfa mér að þakka hv. landbn. fyrir það að vilja fylgja þessari till., því að ég tel það sjálfsagt, og auk þess kann það að kosta ríkissjóð minna fé. Ef það hefur farið saman kúa- og sauðfjárbúskapur, þá kann það að vera svo, að það verði álitið hagkvæmara að breyta þessu yfir í kúabúskap eingöngu, og þyrfti þá kannske ekki að bæta við nema einni til tveimur kúm, til þess að reksturinn verði eins arðbær og áður. En með því að hv. landbn. hefur fallizt á þessa till. mína, gerist ekki þörf að ræða hana nánar.

Þá er að síðustu sú till., sem mest hefur verið deilt um. Ekki af því, að þeir hv. þm., sem mest hafa um þetta rætt, séu ekki sammála mér, heldur er það af því, að það þykir ef til vill erfitt eða ósanngjarnt að ákveða, að skuldabréfin skuli gilda sem svo víðtækur gjaldmiðill. Ég hef lagt það til, að skuldabréf þessi skuli gilda sem fullgild greiðsla fyrir, í fyrsta lagi: „Á skuldum vegna vaxta og afborgana fasteignalána, er þeir aðilar skulda, sem tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.“ Þetta er raunverulega sama og er í till. hv. n., en þó hefur hv. frsm. n. sagt, að þessi liður geti ekki verið samþ. (*ÞÞ:* Í till. n. er aðeins átt við fasteignalán í bönkum.) Yfirleitt er það líka svo, að fasteignalán eru ekki tekin nema í bönkum, og ef það er hægt að bjóða það í lögum, að þetta skuli vera fullgildur gjaldmiðill til banka, þá er það líka hægt um sparisjóði, því að það er enginn eðlismunur á því. Þegar þetta er orðinn fullgildur gjaldmiðill í öllum bönkum, og sérstaklega ef 4. liður verður einnig samþ., þá gerbreytist málið allt. Ég vil í því sambandi benda á það, að á þessu þingi hafa verið samþykkt lög um, að önnur skuldabréf skuli vera fullgildur gjaldmiðill og tekin af Landsbankanum sem greiðsla á lausaskuldum ríkissjóðs, og fæ ég ekki séð, að neinn eðlismunur sé á þessu tvennu. Lagalega hlýtur annaðhvort hvort tveggja að vera rétt eða hvort tveggja rangt. Þá er og rétt að athuga það, að hér er um mjög mikið fjárhagslegt atriði að ræða fyrir Landsbankann, því að hér er um að ræða 3 millj. kr. árlega, svo að mismunurinn á vöxtum, sem Landsbankinn fengi árlega frá ríkissjóði, sem er 2%, mundi gera 60 þús. kr. á ári, svo að mér finnst það síður en svo, að verið sé að leggja neinar byrðar á Landsbankann. Landsbankinn er betur settur, þó að hann þurfi að eyða 200 þús. kr. í þennan atvinnuveg til þess að styrkja hann. (*ÞÞ:* Er þetta þá einhvers konar hjálparstarfsemi við Landsbankann?) Landsbankinn er ekki rekinn bara sem gróðafyrirtæki, heldur til þess að styrkja atvinnuvegina. Ég tel þá skoðun vera mjög einkennilega hjá hv. nm. og þm., ef þeir álíta, að þetta komi til með að vera einhver stórkostleg byrði fyrir Landsbankann. Sannleikurinn er sá, að það er mjög vafasamt, hvort Landsbankinn eigi að reikna ríkissjóði 6% í vexti af lausaskuldum hans, og úr því að teknir eru 4% vextir af þessum bréfum, þá er ekki nema sjálfsagt að samþ. þessa till., því að með þeim er ekkert verið að ganga á rétt Landsbankans. Þá fellur líka fullyrðing hv. frsm. um, að bréfin séu gefin út í dag og leyst inn á morgun, um sjálfa sig.

Þá hef ég einnig lagt það til, að þetta verði gjaldgengur miðill til allra opinberra stofnana og sjóða, og er ég tilbúinn að ræða það atriði nánar við hv. n., til þess að tryggja þetta nánar.

Einnig legg ég það til, að þessi bréf skuli vera fullgild til greiðslu á skuldum við verzlanir þær, sem viðkomandi aðilar skipta við. Mér er kunnugt um það, að margir af þessum mönnum hafa haft viðskipti undanfarið við verzlun sína eða kaupfélag, en mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi fengið meira en 4% í vexti af því að hafa fé sitt í veltunni, ef þeir hafa þá fengið nokkuð, svo að það er engin goðgá, þó að þessar verzlanir yrðu að taka þessi bréf upp í skuldir, auk þess sem þær geta greitt með þeim opinber gjöld. Það er ljóst, að þessi bréf koma ekki fram núna fyrstu vikurnar eða mánuðina.

Ég mælist til þess, að atkvgr. um þetta verði nú frestað og d. taki þetta til gaumgæfilegrar athugunar og það verði rætt af flokkunum á meðan, því að hér er um mjög stórt mál að ræða, svo stórt, að allir verða að taka höndum saman um að leysa það, og ég trúi ekki, að þjóðbankinn skorist undan því að taka á sig sína byrði.

Ég átti nýlega tal við hv. þm. Mýr. (BÁ), og hann sagði, að hann teldi margt rétt í þessum till., en það kæmi bara svo seint fram. En það er ekki ástæða til þess að drepa það vegna þess, og af því starfi, sem ég hef haft í fjvn., er mér kunnugt, að það eru miklir erfiðleikar, sem þetta mál kann að valda, en það er óráð að fara ekki þá leið, sem í till. er, ef það er talin bezta leiðin, af því, að svo langt er liðið á þingið. Þetta starf, sem hér þarf að gera, tekur 5—6 ár, og það er reynsla mín, að ekki sé betra að fresta erfiðleikunum, en ég get fullvissað menn um það, að erfiðleikarnir verða ekki minni, ef þessi till., sem hér um ræðir, verður ekki samþ.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð. (GJ), sem hann hefur nú lýst. Þar sem þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi takast fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 666) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Ég þarf nú ekki margt fram að taka, því að aths. hv. frsm. n. út af till. minni á þskj. 612 voru þess eðlis, að þær þurfa ekki mikilla svara við, það á við um annað atriðið sérstaklega. — Hv. frsm. sagði, að það mundi skaða ríkissjóð um milljónir, ef þessi till. yrði samþ. Ég get ekki skilið, að það þurfi að skaða ríkissjóð neitt, nema ef vera skyldi meiningin að svíkjast um að innleysa skuldabréfin og þau verði verðlaus, því að mér skilst, að það sé sama upphæðin, sem ríkissjóður á að greiða, hvort heldur sem till. mín er samþ. eða ekki, en það virðist hv. þm. ekki geta skilizt. Hér er aðeins verið að fara fram á greiðslufrest. En ef till. mín verður samþ., þá getur það ekki skaðað ríkissjóð neitt nema um vaxtamismuninn, ef það þarf að taka lán til þess að standa við bótaskuldbindingarnar. Hitt er annað mál, að með því móti að mín till. verði samþ., þá þarf ríkisstj. að ráða fram úr vandanum um fjárútvegun, sem að hinu leytinu er slegið á frest, ef hún er ekki samþ. og þeirri ríkisstj., sem þá situr, ætlað að ráða fram úr vandanum. Þessi ástæða hv. frsm. er því hrein fjarstæða, og þykist ég hafa gert henni full skil. En hvað það snertir, að það geti verið til þæginda fyrir ríkissjóð, að skuldabréfin séu tekin til viðtækari bóta en ég legg til, skal ég koma að síðar í sambandi við till. hv. þm. Barð.

Þá var það önnur ástæða hv. frsm., að sumir af þeim mönnum, sem hér er um að ræða, hafi raunverulega beðið lítið tjón af sauðfjárveikinni. Það kann að vera rétt og eiga við um ýmis svæði, en þó er það ekki svo alls staðar. Mér dettur t. d. í hug hluti af Skagafirði, þar sem fjárskipti hafa farið tvisvar sinnum fram, í Viðvíkursveitinni, og hygg ég, að bændur þar hafi beðið allmikið tjón af því. En hér er ekki aðeins um það að ræða, heldur tel ég, að þeir bændur, sem eru búnir að lóga fé sínu samkv. samþykktum þar um, staðfestum af landbrh., meðan eldri lög voru í gildi, eigi kröfurétt á þessari greiðslu eins og hverri annarri fjárkröfu, og ég sé ekki meiri ástæðu til þess að synja þessum mönnum um greiðslu á kröfum sínum en öðrum um t. d. laun. Ég fæ ekki séð það, að þessi krafa sé ekki eins rétthá og hver önnur. Um hitt efast ég ekki, að ef till. mín verður samþ., þá verður hægt að fá marga af þessum mönnum til þess að taka við bréfunum upp í greiðslu skv. till. minni. En ef 4. till. hv. þm. Barð. verður samþ., þá skal ég játa það, að mín till. hefur litla þýðingu, því að þá er svo komið, að þessi skuldabréf væru orðin eins og peningar. En ég held nú bara, að annað væri einfaldara en að samþ. till. hv. þm. Barð. við 6. gr., en mundi að flestu leyti koma í sama stað niður. Það væri að skylda Landsbankann til að lána ríkissjóði ákveðna fjárhæð til að greiða bæturnar. En ég geri tæplega ráð fyrir, að það þyrfti að setja um það l. Ég hygg, að það yrði hægt að gera um það samning við Landsbankann. Það fyndist mér leið, úr því að ríkissjóður þarf að skulda þetta hvort sem er, og miklu beinni leið, áður en farið er að lögákveða það, að allir bændur, sem bætur eiga að fá, skuli skyldaðir að eiga þær hjá ríkissjóði.

Ég er hv. frsm. sammála um það, að sumir liðir í 4. brtt. hv. þm. Barð. geti varla staðizt, jafnvel samkv. stjskr. Mundi það þó sérstaklega vera 3. liður. Ég held, að það sé tæplega hægt að skylda einstaklinga til að taka þessi bréf upp í skuldir. Ríkið getur ákveðið, að þau skuli mega láta í opinber gjöld, og sennilega líka, að þau skuli gilda sem greiðsla í lausaskuldir Landsbankans. En hvað einstaklingana snertir þá sýnist mér það tæplega vera hægt. En hvað sem um það er, held ég, að hv. þm. Barð. hljóti að sjá, að eins og hann hefur útbúið þessa till., þá kemur í sama stað niður, en væri miklu einfaldara, að Landsbankinn væri skyldaður til að lána ríkissjóði fyrir bótunum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en þó langar mig til að minnast á nokkur atriði.

Það, sem hefur komið þessu máli nú af stað í þinginu, er það, að nauðsyn er að láta fjárskiptin ganga sem hraðast. Sú nauðsyn stafar sérstaklega af því, að því lengur sem þau standa yfir, því meiri hætta er á, að veikin komist aftur fyrir þær varðlínur, sem gerðar eru, svo að stofninn sýkist aftur.

Það var sérstaklega brtt. á þskj. 647,4, sem gaf mér tilefni til að segja nokkur orð, því að mér virtist hv. þm. Barð. ekki gera sér alveg ljóst, hvernig þetta verður samkv. hans till. Hann talaði um, að þetta verkaði sérstaklega á Landsbankann. Það má segja það að nokkru leyti, en þó er það ekki fyrst og fremst þar. Það, sem um er að ræða, ef till. 647,4 er samþ., er það, að þá eru þessi bréf sett á frjálsan markað. Þá getur hver keypt þau sem vill. Nú eru ástæður þeirra manna, sem fá þessi bréf, þannig, að þótt nokkrir þeirra geti geymt þau, þá er flestum þeirra það ómögulegt, heldur verða flestir þeirra að fá peninga. Þeir þurfa að losa sig við bréfin. Þau mundu því lenda hjá peningamönnum, með 5—10% afföllum. Þessir menn þurfa að greiða ríkissjóði gjöld, og þeir mundu láta þessi bréf í þau. Ríkissjóður gæti að vísu borgað lausaskuldir hjá Landsbankanum með þessum bréfum, en ef greiðsluhalli væri á fjárl., þá mundi hann verða að stofna til annarra lausaskulda í staðinn. Það er því ríkissjóður, sem þetta bitnaði á, bændurnir mundu verða að selja bréfin með afslætti, en peningamenn, sem hefðu einhver auraráð, hvort sem það væri hv. þm. Barð. eða einhver annar, mundu græða á að kaupa þau og láta þau síðan í gjöld til ríkissjóðs. Þannig mundi þetta verða,

ef þessi brtt. hv. þm. yrði samþ. Ég vil með hvorugu þessu verða. Ég vil hvorki, að ríkissjóður lendi í fjárþröng af þessum sökum, né heldur að peningamenn geti grætt á þessum bréfum. Ég er því af hjartans grunni á móti þessari brtt.

Að öðru leyti skal ég ekki láta málið til mín taka. Hv. frsm. hefur gert grein fyrir málinu. Ég legg í hans vald, hvort atkvgr. er frestað, til þess að málið verði rætt í flokkunum, hvort menn vilja vera með því að láta þessi bréf ganga upp í lausaskuldir á þann hátt, sem hv. þm. Barð. leggur til. Ég er alveg viss um, að ef þetta mál er krufið, þá verða svo að segja engir þm. með því og ég hugsa hv. þm. Barð. ekki heldur, ef hann athugar málið vel.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég er í vafa um, hvort ég er ekki í andarslitrunum. Ég mun vera búinn að tala þrisvar og verð því að vera stuttorður. (*Forseti:* Hv. þm. er frsm. og hefur talað tvisvar.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir, en ég skal samt stytta mál mitt.

Ég verð að byrja á því að svara hv. 1. þm. Eyf. (BSt). Það er alveg rétt, sem hann sagði, að það er ekki 1 millj. kr. skaði hjá ríkissjóði, þó að hans till. yrði samþ., en ég meinti, að till. hans mundi verða til að auka útgjöld ríkissjóðs um 1 millj. kr. á þessu ári, því að þá er ekki hægt að koma við þeirri skuldabréfagreiðslu, sem hér er gert ráð fyrir. Afleiðingin verður þá sú, að annaðhvort verður að hækka útgjöld fjárl. um 1½ millj. kr. til útrýmingar sauðfjársjúkdómanna eða þá, að það verða takmarkaðir möguleikar til útrýmingar sauðfjársjúkdóma á því svæði, sem hagkvæmast og kostnaðarminnst þótti að taka fyrir að þessu sinni. En ég er hræddur um, að það verði dálitið erfiður baggi fyrir ríkissjóð að bæta þessu á fjárl. og að það verði kannske þyngri skattur fyrir landsmenn yfirleitt, sérstaklega þau svæði, sem eru enn þá ekki búin að reka fjanda þennan af höndum sér og verða að búa við hann ári lengur eða meira vegna þess. Það hefði því verið manndómur af Eyfirðingum, sem hafa þó haft minnst af þessum vágesti að segja, ef þeir hefðu viljað gera hér sitt til, að unnt hefði verið að hraða þessu sem mest, og slakað hér til, en það verður mörgum að hugsa mest um eigin hag og kæra sig þá síður um, hvernig fer og gengur fyrir hinum. Ef Eyfirðingar vilja ekki taka við bréfunum, þá held ég, að sé ekki heldur hægt að gera ráð fyrir, að stofnanir þar verði fúsar til að taka þau eða það megi koma á frjálsum samtökum um að taka þessi bréf. Og hví má ekki ákveða beinlínis, að þeir taki við þessum bréfum, ef hv. þm. treystir sér til að koma á frjálsum samtökum um að koma bréfunum þar út? Ef þetta ákvæði hverfur, en brtt. hv. þm. verður samþ., þá hygg ég, að ekki verði gott að koma á frjálsum samtökum um að koma þar út bréfum frá Borgfirðingum eða Mýramönnum. Ég held því, að öllum væri fyrir bezta, að till. hv. þm. yrði felld.

Ég þarf ekki að taka það aftur upp, sem ég hef svarað hv. þm. Barð., en ég vil segja nokkur orð út af hinni skriflegu brtt. hans. Frá mínum bæjardyrum séð virðist mér ekki neitt til fyrirstöðu að samþ. hana, því að hún raskar ekki því, sem áður var. Ég hef þó ekki kannað, hvað mikinn kostnað gæti af þessari till. leitt, en því aðeins mun hún borin fram, að einhverjir munu nota sér hana, og getur verið, að þeir séu ekki mjög fáir. En það hygg ég, að 1947 hafi ekki verið gert ráð fyrir, að fjárskipti yrðu sunnan Hvítár á árinu 1950. Þess vegna hygg ég, að ekki hafi margir farið í niðurskurð í því trausti, að það mundi verða, og þess vegna er síður ástæða til að koma þessu að.

Ég held, að það sé búið að tala svo mikið um þetta mál, að við munum hvorugur sannfæra annan, en hvað mig snertir þá get ég vel fallizt á, að atkvgr. um málið sé nú frestað, þangað til síðar. Það tefur ekki málið mjög mikið, enda er það nú til síðustu umr. hér, og vona ég, að það þyrfti þá ekki nema eina umr. í Nd., og a. m. k. yrði það þá ekki nema ein atkvgr. hér, ef það kæmi aftur til einnar umr., því að ég trúi ekki, að það verði farið að hrekja það í Sþ. Ég get því fallizt á, að atkvgr. verði látin bíða til næsta fundar.

Gísli Jónsson: Ég þakka hv. frsm. fyrir að taka undir að fresta atkvgr. Það er ekki til að tefja málið á neinn hátt, heldur til að reyna að fá samkomulag, hvernig málið verði bezt afgr. út úr þinginu, svo að ekki þurfi að senda það milli deilda eftir að samkomulag væri fengið um það, einnig við Nd. Ég sé ekki ástæðu til að ljúka ekki umr., því að þótt það kæmi hingað til umr. til að samþ. það, sem breytt kynni að vera í Nd., þá breytir það ekki neinu, því að ég geri ráð fyrir, að ekki verði hægt að komast að samkomulagi, nema einhverju verði breytt. Ég óska því ekki eftir, að umr. verði frestað, en þetta er svo mikið mál, að ég álít rétt, að reynt verði að ná samkomulagi, áður en atkvgr. fer fram.

Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, þá er ég ekki sammála honum, að menn eigi lagalega heimtingu á að fá fullar bætur eftir þeim l., sem giltu þá. Mér sýnist ýmislegt annað hafa verið gert hér á undanförnum árum, sem taki eins mikinn rétt af mönnum og þessi ákvæði, ekki sízt það, sem gert hefur verið á þessu þingi. Sama er að segja um aths. hans um gjaldmiðilinn. Ég sé ekki meiri goðgá að ætla mönnum að taka bætur í þessum gjaldmiðli en að fella gjaldmiðilinn um svo og svo mörg prósent sem gert hefur verið á þessu þingi með okkar beggja samþykki, og ég sé ekki annað en þjóðin hafi orðið að sætta sig við það. Mér skilst, að Alþingi leyfi sér að gera ýmsar slíkar ráðstafanir, þegar það er nauðsyn fyrir almannaheill. Hér er um stórkostlegt nauðsynjamál að ræða fyrir landsmenn. Hér er eitt af allra alvarlegustu málum annars aðalatvinnuvegar þjóðarinnar. Ég álít, að það sé því ekki nein goðgá að gera sérstök fyrirmæli, sem miða að því að tryggja framtíð þessa atvinnuvegar og framtíð landsins. Ég tel það ákaflega mikla þröngsýni, ef menn halda, að það sé ekki hægt að ákveða það vegna stjórn-

arskrárinnar. Það hefur verið gengið nær henni áður á Alþingi með öðrum ráðstöfunum og till.

Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði, þá er ég fús til viðræðna um að tryggja á allan hátt, hvort sem það væri með brtt. í Nd. eða með reglugerð, ef það nægði til að tryggja, að þessi bréf færu ekki á opinn markað. Ég hef enga löngun til, að peningamenn, hvorki hv. þm. Barð. eða aðrir auðmenn landsins, auðgist á þennan hátt. Ef ég get ekki haft ofan í mig að éta nema með því að auðgast á fjársjúkdómum, þá tel ég mig of illa farinn. Till. er ekki borin fram af þeirri ástæðu. Ég tel, að það hafi áður verið gengið inn á þessa braut í tveimur stórmálum, annars vegar í sambandi við gengisfellinguna. Þá var ákveðið í l., að Landsbankinn tæki upp í lausaskuldir bréf, sem ekki voru eins vel tryggð. Með öðrum l. var Landsbankinn skyldaður til að lána 100 milljónir kr. með 2½% vöxtum. Það hefði eins mátt segja, að honum væri fyrirskipað að lána allt, sem ríkissjóður þyrfti með, svo að ekki þyrfti að leita með það í aðra staði. Ég tel því sjálfsagðan hlut að bæta úr þessu eða gera þessa erfiðleika minni með því að ákveða með l. eða reglugerð, að greiða megi lausaskuldir í Landsbankanum með þessum gjaldmiðli með einhverjum fyrirvara, sem hægt er að setja með reglugerð eða l., — lausaskuldir, sem bankinn er alltaf að kvarta undan, að hann fái ekki greiddar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 647,1.a felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, BBen, GJ, HV, JJós.

nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BrB, FRV, HermJ, BSt. EE, HG greiddu ekki atkv.

2 þm. (LJóh, KK) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Það var fyrir nokkuð löngu síðan búið að athuga þetta mál í n., og kom þá ekki fram neitt, sem í þessa átt stefndi hjá henni, hvort sem það hefur verið af því, að henni hefur þarna sézt yfir. En síðan koma fram gagngerar brtt., og þegar svo stendur á, að þær brtt. koma eftir aðgerðir n., þá ætla ég að láta mig litlu skipta þessar till. á þskj. 647 og greiði ekki atkv.

Brtt. 647,1.b felld með 8:4 atkv.
— 666 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 647,2.a felld með 8:2 atkv.
— 647,2.b felld með 8:2 atkv.
— 647,2.c samþ. með 11 shlj. atkv.
— 647,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 612 felld með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt.

nei: PZ, StgrA, ÞÞ, EE, FRV, GJ, HV, HG, HermJ, JJós.

LJóh, RÞ, VH, BrB greiddu ekki atkv.

2 þm. (KK, BBen) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt ég telji, að hálfgert samningsrof sé gert á þeim aðilum, sem fjárskipti hafa farið fram hjá áður en þessi lög eru sett, þá er þó þess að gæta, að þessi till., ef hún verður samþ., kemur til með að kosta ríkissjóð hálfa aðra milljón króna. Og þó að ástæða megi vera til þess að ætla, að menn geti verið samþykkir því, að þessi ákvæði um skuldabréf komi í stað fjárgreiðslu, þá get ég þó ekki verið með þessari till. og segi því nei.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í trausti þess, að 4. brtt. mín verði samþ., segi ég nei.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það væri æskilegt að geta samþ. þessa till. og hafa von um að geta staðið við þær skuldbindingar, sem hún hefur að geyma. En það eru æðimargar skuldbindingar, sem hvíla á ríkissjóði, sem fyrr falla í gjalddaga, og ég geri mér ekki vonir um, þó að till. verði samþ., að hægt sé að fullnægja þeim skuldbindingum, sem af henni leiðir, og segi ég því nei.

Bernharð Stefánsson: Það er vitanlega hreinasta fjarstæða, að þessi till. muni kosta ríkissjóð 1½ millj. kr., því að mér skilst, að það sé meiningin, að ríkissjóður greiði skuldbindingar sínar á sínum tíma, svo að þessi till. kostar ríkissjóð ekki nema vexti af lánum, sem hann þyrfti að greiða til þess að standa við skuldbindingarnar, og ég sé ekki, að ríkissjóður eigi neitt hægara með að greiða þær skuldir, sem á annan hátt eru stofnaðar en þessar, og segi ég því já.

Brtt. 647,4.1 felld með 9:1 atkv.
— 647,4.2 felld með 8:3 atkv.
— 647,4.3 felld með 11:1 atkv.
— 647,4.4 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, StgrA, BrB, FRV, GJ, HV.

nei: HermJ, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, EE, BSt.

3 þm. (KK, LJóh, HG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Þessi stefna var tekin upp í löggjöf, þegar samþ. voru l. um fellingu íslenzku krónunnar. Sé ég ekki annað en þetta sé áframhald af því og segi því já.

Brtt. 619 tekin aftur.
— 665 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt frá

Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 687).

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Landbn. hefur athugað þetta frv. eftir þær breyt., sem urðu á því í Ed. Einstakir nm. höfðu ýmislegt við það að athuga, en þó var samþ. af meiri hl. n. að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt. Hv. þm. Dal. (ÁB) hafði við orð, að hann mundi bera fram brtt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég er að mestu leyti fylgjandi þessu frv., en hef þó ákveðið að bera fram þá brtt., að í síðustu málsgr. 6. gr. bætist við á eftir orðunum „að nokkru“: eða öllu. — Þarna getur aldrei verið nema um örlitla fjárupphæð að ræða. Bæði fyrir hið opinbera og einstaklinga hygg ég að þetta verði hagkvæmara.

Ég vona svo, að hæstv. forseti sjái sér fært að leita afbrigða fyrir þessari brtt., svo að hún geti komið til umræðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 718) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil geta þess, að öll landbn. er efnislega fylgjandi þessari brtt. hv. þm. Dal., en þó leggjum við til, að hún verði felld. Skal sú ástæða skýrð nánar. Við teljum hættu á, ef þessu máli verður enn vísað til Ed., að því ljúki ekki á þessu þingi. Ég vil taka það fram sem okkar skilning, að sauðfjársjúkdómanefnd beri og að hún hafi rétt til að framfylgja þeirri meginhugsun raunverulega, sem í brtt. felst, þótt hún geti það ekki bókstaflega, án þess að samþykki þessarar brtt. komi til. — Samkv. ákvæðum frv., er sett voru inn í Ed., er aldrei hægt að greiða styrkinn eingöngu í peningum. Auðvitað er hægt að framkvæma þetta þannig, að hafa ofurlítinn hluta í bréfum til að fullnægja forminu, en efnislega að veita meginhlutann í peningum. Við leggjum áherzlu á, að þessi brtt. verði felld í trausti þess, að sauðfjársjúkdómanefnd framkvæmi lögin með þeim skilningi, sem ég hef hér lýst.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég var fyrst að sjá þetta frv. nú eftir að það kom úr Ed., og ég get ekki séð, að það hafi tekið breyt. til bóta í hv. d. Ég tel ekki sæmandi fyrir hæstv. Alþ. að samþykkja þetta frv., vegna þess að hér er verið að rifta samningum, sem búið er að gera við ýmsa aðila. Hér í d. voru sett inn ákvæði, sem áttu að tryggja rétt þessara aðila, en þeim hefur verið raskað að nokkru leyti í Ed. Það var heimilað, þegar frv. þetta var rætt hér, að þeir bændur, sem aðeins hafa sauðfé og eru því þannig settir, að þeir geta ekkert framleitt, meðan þeir eru sauðlausir, slyppu við að taka við greiðslu í skuldabréfum. Þessu hefur verið breytt nokkuð í Ed., en ég vænti þess, að þeir séu þó ekki skyldugir að taka við skuldabréfum.

Ég tek það fram, að ég greiði atkv. á móti frv. eins og það liggur fyrir, og ég get ekki fylgt því eins og það var, þegar það fór héðan. Nú er það enn ósanngjarnara í garð þeirra manna, sem búið var að gera samninga við. Ég greiði atkv. með brtt. hv. þm. Dal. Hún er til bóta eins og frv. er nú. — Ég vil ekki vera að þreyta kappræður um þetta mál. Örlög þess munu ráðin. Ég hygg, að hv. Alþingi sé að gera hér hlut, sem það má ekki gera. Það mun leiða til þess, að þjóðin hefur enn minni trú á ákvörðunum Alþingis en annars.

Jón Sigurðsson: Þegar þetta mál var rætt í morgun á nefndarfundi, lýsti ég því yfir, að ég mundi fylgja brtt. hv. þm. Dal., þótt ég gerðist ekki flm. hennar. Ég tel, að það mundi veikja málið, ef þessi till. yrði felld, og mun ég greiða atkvæði með henni.

ATKVGR.

Brtt. 718 felld með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, FJ, HÁ.

nei: JPálm, JR, KS, ÓTh, PO, SG, ÁÁ, ÁS, BÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG.

JÁ, PÞ, StJSt, ÁkJ, BÓ, GG, ÓB, GÞG, SB greiddu ekki atkv.

5 þm. (JörB, MK, EOl, EmJ, EystJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jón Pálmason: Eins og frsm. hefur lýst, vildi n. ekki eiga á hættu að senda málið aftur til Ed. og telur þessa brtt. svo lítils virði og óskar, að hún sé felld, og því segi ég nei.

Ásmundur Sigurðsson: Þetta skiptir ekki svo miklu, að það borgi sig þess vegna að senda frv. aftur til Ed., og því segi ég nei.

Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 719).

22. Ríkisreikningurinn 1946.

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946 [96. mál] (stjfrv., A. 237).

Á 32. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 237, n. 530).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. hefur rætt þennan ríkisreikning nokkuð, og veitti n. því athygli, að eigi er fullt samræmi í uppgjöri einstakra sjóða ríkisins við uppgjör ríkissjóðsins. Það voru því gerðar fyrirspurnir til ríkisbókhaldsins, og barst n. svar frá því, sem prentað er á þskj. 530 ásamt fyrirspurnunum sjálfum. Þar hefur ríkisbókhaldið gert grein fyrir, hvernig á þessu stendur. En ég tel ástæðu til að taka það fram, að nauðsynlegt er að gæta þess framvegis, að fullt samræmi sé í uppgjöri hinna einstöku sjóða og sjálfs ríkisreikningsins. Í vissum tilfellum hefur það nú verið svo, eða var árið 1946, að þessu ber ekki saman, eins og fram kemur í fskj. við frv. á þskj. 237, og eign ríkissjóðs því talin ýmist hærri eða lægri á efnahagsreikningnum en vera ber. Er æskilegt, að þetta verði athugað framvegis. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa nú gert aths. sínar og fengið svör frá ráðuneytinu. Hafa þeir síðan gert tillögur til Alþ., sem birtar eru aftast í ríkisreikningnum. Þar er aths. vísað til aðgerða Alþ., t. d. 17. og 18. aths. Hin fyrri varðar Landssmiðjuna og hin síðari skipasmíðastöðina við Elliðaárvog. Hafa þeir séð ástæðu til að vísa þeim til aðgerða Alþ., sömuleiðis 20. aths., sem snertir ábyrgð fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, þ. e. nýju verksmiðjurnar, sem byggðar hafa verið á Skagaströnd og Siglufirði, en reikningar þessara verksmiðja munu hafa verið endurskoðaðir af tveim nefndum, sem til þess hafa verið kjörnar. Hafa yfirskoðunarmennirnir tekið fram, að fengnum upplýsingum, að síðustu rannsókn hafi eigi verið lokið, þegar gengið var frá ríkisreikningnum. Vísa þeir þessu því til aðgerða Alþ. — Þá er 25. og 26. aths. Hin fyrri er um leigu á færeyskum fiskiskipum á árinu 1946, þegar þau voru tekin á leigu til fiskflutninga. Mun tap hafa orðið á þeim rekstri. Síðari aths. snertir lán til fiskibátasmíða í Svíþjóð, og segja yfirskoðunarmennirnir, að þeim virðist af svari því, sem þeir hafa fengið, sem lítil fyrirhyggja hafi verið höfð um þetta. Nú er það svo, að eftir svo langan tíma sem hér um ræðir er erfitt fyrir Alþ. að gera nokkuð til úrbóta, að svo miklu leyti sem hér er aðfinnsluvert, og hefur n. því engar sérstakar till. gert um þessi atriði. Leggur n. síðan til, að ríkisreikningurinn verði samþykktur eins og hann liggur fyrir, eða frv. á þskj. 237.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð út af nokkrum ummælum hv. frsm. fjhn., hv. þm. V-Húnv., viðvíkjandi sjóðauppgjörinu og því, sem á milli ber. En það er rétt, að þetta hefur verið viðvarandi og komið fyrir nokkrum sinnum, að einstakir sjóðir telji sig eiga nokkru meira hjá ríkissjóði en ríkissjóður hefur viljað viðurkenna og ríkisreikningurinn borið með sér. Stundum stafar þessi mismunur af því, að þegar ríkissjóður eða ríkisbókhaldið hefur lokað reikningnum, þá hafa eigi verið komnar skilagreinir frá einstökum sjóðum, og ríkisbókhaldið hefur því eigi vitað, hvað leið uppgerð þessara sjóða, og þess vegna eigi getað borið saman. Í öðrum tilfellum stafar það aftur af því, að ríkissjóður hefur eigi viljað viðurkenna kröfur einstakra sjóða til ríkissjóðs um greiðslur, og þess konar atriði hafa svo stundum verið óútkljáð alllengi, jafnvel svo að árum hefur skipt, og þess vegna hefur þessi mismunur komið fram á ríkisreikningnum. Nú má náttúrlega segja, að sjálfsagt sé að taka upp þá reglu, að uppgjör fari mjög fljótlega fram milli ríkissjóðs og einstakra sjóða, svo að ríkisreikningurinn beri réttar niðurstöðutölur með sér. En viðvíkjandi einstökum reikningum í uppgjöri ríkissjóðs og einstakra sjóða ber þess að gæta, að eigi skilagreinir að koma frá einstökum sjóðum til ríkisbókhaldsins áður, þá getur það eigi lokað reikningunum fyrr en seint og síðar meir, því að einstakir sjóðir, sem ríkissjóður á að vísu, geta eigi gert upp fyrr en löngu eftir áramót, af því að skilagreinirnar þurfa að koma frá embættismönnum, sem sjá um sömu sjóði. Er því eigi hægt að loka reikningunum, fyrr en þær koma til ríkisbókhaldsins. — Ég hef drepið á þetta til að gera grein fyrir, hvernig á þessu stendur.

Nú er talað um, að flýta beri fyrir uppgjöri reikninganna, svo að endanlegar niðurstöðutölur geti legið fyrir Alþ. Það er síður en svo, að ég vilji vera á móti því. En þá ber þess að gæta, að ég hygg það munu vera torvelt vegna þess, hversu á milli ber fyrir sakir uppgjörs einstakra sjóða. Yfirskoðunarmennirnir gætu bent á mismuninn. Hafa þeir þó eigi gert það, því að á næsta ári fer fram greiðslujöfnuður milli hinna einstöku sjóða. Munu þá koma fram hinar réttu tölur. Þó ber þess að gæta, að sé samkomulag milli embættismannanna og ríkissjóðs um uppgjör sjóðanna, þá getur það komið fram á næsta ári. Greini þá og hann hins vegar á, getur þetta dregizt. Ég ætla, að ég muni það rétt, að fiskveiðasjóð... (*Rödd:* Fiskimálasjóð.) Já, ég þakka fyrir leiðréttinguna. Fiskimálasjóður telur til eignar hjá ríkissjóði, en þar greinir á um réttmæti þeirrar kröfu hans til ríkissjóðs. Að sjálfsögðu ber að flýta fyrir uppgjörinu, en það verður þá að gerast þannig, að ríkisreikningurinn sé endanlega réttur. Ég vil í þessu sambandi minna á annan sjóð, sem nú um hríð hefur verið ágreiningur um, þ. e. rafmagnsmálasjóð. (*Rödd:* Raforkusjóð.) Já. Hann telur sig eiga hjá ríkissjóði 1½ millj. kr. meira en ríkissjóður hefur viljað viðurkenna. Yfirskoðunarmenn eru þeirrar skoðunar, að raforkumálastjóri hafi rétt fyrir sér og raforkusjóður eigi þetta fé inni hjá ríkissjóði. Á fjárl. fyrir árið 1946 var áætluð ½ millj. kr. til raforkusjóðs, en þau l. voru samþ. á því þ. og öðluðust gildi í aprílmánuði það ár og gera ráð fyrir 2 millj. kr. til hans, en ríkissjóður hefur eigi greitt nema ½ millj. kr. og bundið sig við það. Þótt yfirskoðunarmennirnir í hvert

sinn bentu á mismuninn í uppgjöri reikninganna og ríkissjóðs, hefur það eigi mikið gildi fyrir sakir þessa ágreinings, fyrr en þau mál eru endanlega útkljáð. Nú bentum við á þetta í athugasemdum okkar um árið 1947 og óskuðum eftir, að þessu yrði komið á hreint.

Ég vildi aðeins upplýsa þetta, en hér er sem um önnur atriði, að það ber að sjálfsögðu að gera það unnt að flýta uppgjörinu og afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara benda á það, að þótt sú sé venjan, að ríkisreikningurinn fari nálega umræðulaust gegnum Alþingi, þá liggja alltaf fyrir aths. endurskoðenda, þar sem segir: Skotið til aðgerða Alþingis. — Ég vænti, að hv. n. athugi, hvaða liðir það eru, sem er skotið til aðgerða Alþingis, svo að aths. endurskoðenda verði ekki aðeins dauður bókstafur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 237, n. 661).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1946 hefur sætt meðferð hv. fjhn., og leggur hún til, að frv. verði samþ. Nefndin hafði ríkisreikninginn, sem hér um ræðir, við höndina og bar saman höfuðniðurstöðutölur, sem ekki sýndist neitt vera að athuga við og ekki í neinni mótsetningu við frv. sjálft. Þá leit n. yfir aths. endurskoðendanna, þ. e. a. s. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, og tók eftir því, að þeir höfðu gert aths. við vissar greinar, þ. e. a. s. 17., 18., 20., 25. og 26. aths., þar sem þeir láta í ljós, að aðgerða Alþingis sé óskað, en það þýðir, að yfirskoðunarmennirnir hafa ekki fengið eða talið sig fá fullkomlega skýr svör hjá hæstv. ráðh. viðvíkjandi þessum greinum. Það, sem hér er um að ræða, er í fyrsta lagi afkoma Landssmiðjunnar og skipabyggingar hennar. Var m. a. spurt um það af yfirskoðunarmönnunum, hvort það hefði verið öll ríkisstj., sem stóð að þessum framkvæmdum. — Þá er 20. aths. yfirskoðunarmanna um lán til síldarverksmiðjanna, og spyrjast þeir fyrir um, hvað líði rannsóknum í sambandi við þau. 25. aths. er í sambandi við fiskflutninga á færeyskum skipum, hvernig standi á hinu mikla tapi, sem varð á þessum flutningum. Og svo er 26. aths., sem er um fyrirgreiðslu ríkisstj. á láni til fiskibáta, sem smíðaðir voru í Svíþjóð. Sem sagt, þessum hlutum hafa yfirskoðunarmennirnir talið rétt að vísa til aðgerða Alþingis. — N. ræddi nokkuð þessar aðgerðir Alþingis, sem hér um ræðir, en þær verða, samkv. skilningi n. á stjórnarskránni, að fara fram í Sþ. Það er vitaskuld í valdi hvers og eins hv. þm. eða ríkisstj. að hefja máls á því á réttum vettvangi, sem yfirskoðunarmennirnir hafa bent á. En það mundi ekki hlýða að taka þetta til aðgerða í hvorri hv. þd. fyrir sig, heldur mundi það, samkv. skilningi okkar á stjskr., verða gert í Sþ. N. leggur þann skilning í stjskr., eins og áður er sagt, að þar sem talað er um Alþingi í stjskr., þar sé átt við Sþ. Af þessum ástæðum taldi n. sig ekki geta haft í frammi neinar till. í þessari hv. d., sem byggðar væru á áliti yfirskoðunarmannanna.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hreyfði þessu máli við 1. umr. og þakka n. fyrir að hafa tekið tillit til þess, sem ég sagði þá, hvað það væri óviðkunnanlegt, að á öllum þingum lægju fyrir ríkisreikningar til samþykktar, að vísu eldgamlir, og þá væru alltaf aths. frá yfirskoðunarmönnum, þar sem þeir vísuðu til aðgerða Alþingis, en hv. þm. létu sem þeir sæju það ekki, og það hefur aldrei verið tekið til greina, þótt ég hafi verið með ábendingar þessu viðvíkjandi, fyrr en nú. Það hefur alltaf verið skotið sér bak við það, að fjárlög eru afgreidd í Sþ., en deildirnar samþykkja ríkisreikninginn, svo að það er ekki sami aðili, sem getur fundið að og fyrirskipað. Nú þykir mér vænt um, að hv. n. hefur litið á þetta og viðurkennt, að þetta er ekki heppilegt og það því síður, þar sem dómurinn — landsdómurinn — sem ætlaður var til þess að dæma ráðh., er raunverulega ekki til nema á pappírnum. Þær hæstv. þrjár eða fjórar undanfarnar ríkisstj., sem setið hafa að völdum, hafa ekki rækt þá skyldu sína að sjá um endurnýjun landsdómsins samkvæmt lögum, og hefur það ekki verið gert nema í einstöku sýslum. Það er því komið svo, að þótt verulegar athugasemdir séu við gerðir hæstv. ráðh., þá er nú ekki hægt að ákæra þá og sækja til saka. Nú eru hæstv. ráðh. hlaupnir og stólarnir tómir, en ég hefði haft gaman að því að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann hafi ekki hugsað sér að endurnýja landsdóminn, því að ég hygg, að sú framkvæmd heyri undir hann, ef einhverjum dytti

í hug að draga ráðh. til ábyrgðar út af gerðum hans eða afglöpum.

Ég vil svo í sambandi við það, sem hv. frsm. n. sagði viðvíkjandi 26. aths., benda honum á, að þar er ekki sagður nema hálfur sannleikurinn. Í aths. segir, að úr ríkissjóði hafi verið lánað til 14 fiskibáta, sem smíðaðir voru í Svíþjóð, frá rúmum 28 þús. kr. upp í 113 þús. kr. til hvers báts, gegn 2. og 3. veðrétti, samtals kr. 878669,53. En þetta er ekki allt. Þar er líka bent á, að úr ríkissjóði hafi verið lánað auk þessa til 10 báta, sem smíðaðir voru innanlands, upphæðir, sem nema frá rúmum 70 þús. kr. upp í rúm 295 þús. kr. til hvers báts, gegn 2., 3. og 4. veðrétti í bátunum. Þessi lán nema samtals kr. 1753274,16. Þá hefur enn fremur verið lánað úr framkvæmdasjóði ríkisins út á þessa sömu báta, sem smíðaðir voru innanlands, samtals 980000 kr. gegn 2. og 3. veðrétti. Þá hefur og verið lánað úr fiskveiðasjóði út á þessa sömu báta gegn 1. veðrétti samtals 2755000 kr. Það hefur því alls verið lánað út á þessa báta á sjöundu millj. kr. Svo spyrja nú yfirskoðunarmennirnir, hvernig það sé með þessi lán, hvort þau hafi verið greidd, eins og um var samið, og hvernig sé með önnur skil þessara báta við ríkissjóðinn. Þeir fá það svar hjá hæstv. ráðh., að mjög lítið hafi verið endurgreitt af þessum lánum, því að eins og menn viti, þá hafi afkoma bátanna verið mjög bágborin undanfarin ár. Þetta þykja endurskoðendunum ekki nægilega skýr svör og vísa til aðgerða Alþingis, og þar við situr. Þá hafa verið látnar þrjár millj., sem vafasamar heimildir eru fyrir og ekki er samið um, hvernig eigi að greiða. Um þetta spyrja þeir, en fá ekki viðunandi svör og vísa því til aðgerða Alþingis, en þar er þetta látið gott heita. Sömuleiðis spyrjast þeir fyrir um kaupin á Laugarnesi, þar sem svo er ákveðið í afsalsbréfinu, að seljandi skuli hafa endurgjaldslaust afnot af húsum jarðarinnar, meðan stendur yfir bygging menntaskólans þar, og einnig skal hann hafa, líka endurgjaldslaust, afnot af jörðinni sama tímabil, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við framkvæmdir ríkissjóðs þar. Yfirskoðunarmennirnir benda á, að ríkið muni nú hafa lítil not af þessari eign, því að mjög geti dregizt, að menntaskóli verði byggður þar, og spyrjast fyrir um, hvernig ríkisstj. hyggst fara með þessa eign, svo að hún verði ekki arðlaus með öllu um langa framtíð. Ríkisstj. svarar þessu þannig, að það eigi að breyta ummælunum í afsalsbréfinu og verið sé að athuga möguleika á því að selja eignina, og þar við situr. Ég tel það varla sæmandi af Alþingi, þótt að vísu sé ekkert hægt að gera hér í d., að taka ár eftir ár við aths. endurskoðenda um, að þeir fái ekki fullnægjandi svör og vísi þess vegna til aðgerða Alþingis, að láta sem það sjái það hvorki né heyri. Og þótt ríkisstj. gerði eitthvað, sem væri þannig vaxið, að ástæða væri til að draga hana fyrir dóm þess vegna, þá væri það ekki hægt, því að undanfarandi ríkisstj. eru búnar að koma því svo fyrir, að landsdómur er aðeins til sem pappírsgagn.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég minntist aðeins lauslega á þessi atriði áðan, sem hv. þm. var að tala um. Þar sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að það hefði aðeins verið hálfsögð sagan með mínum ummælum, þá vil ég taka það fram, að það var ekki ætlun mín að fara frekar út í þetta eða ræða það nánar, heldur aðeins að benda á númerin á þeim aths., sem yfirskoðunarmennirnir vísa til aðgerða Alþingis. Ég get tekið undir þau ummæli með hv. þm., að þessar aðgerðir hafi legið niðri, en ég man ekki eftir því síðan ég kom á þing, að það hafi verið hafinn sérstakur málflutningur út af andmælum endurskoðendanna nema einstöku sinnum, og þá aðeins lauslega, líkt og hv. 1. þm. N-M. gerði hér áðan. En hins vegar vil ég taka það fram, að það hafa aldrei legið á okkur nein bönd í sambandi við þetta, og við getum, einstakir þm., tekið þetta upp hjá sjálfum okkur og borið það fram á réttum vettvangi, í því getur enginn hindrað okkur. En hitt með landsdóminn, þá er það hlutur, sem heyrir til góðri reglu, að hafa hann alltaf skipaðan, t. d. líkt og ríkisskattanefnd, og á ríkisstj. á hverjum tíma að hafa forgöngu um, að slíkur dómstóll sé alltaf til, úr því að ákvæðin um hann eru í lögum.

Þessi einstöku atriði, sem hér hefur verið minnzt á, hafa sum hver verið rædd nokkuð, en sjálfsagt ekki verið tekin fyrir á þann hátt, sem endurskoðendurnir hafa ætlazt til. Ég vil ekkert segja um þetta nú, hvorki um byggingu bátanna né um síldarverksmiðjurnar o. fl., þótt margt væri auðvitað hægt um það að segja, enda hafa þessi atriði oft slæðzt inn í umr. á ýmsum tímum. En þar sem augljóst er af ákvæðum stjskr., að hvorug þd. er réttur vettvangur til formlegra aðgerða í þessum málum, þá finnst mér ekki rétt að fara lengra hér. Hitt er svo rétt, að það er hægt fyrir hvern sem er af hv. þm. að taka þetta mál upp til meðferðar í Sþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég man ekki til þess, er ríkisreikningur hefur verið samþ., að þá hafi ekki umr. um þetta mál alltaf fallið á líkan veg. Hér hefur alltaf verið um að ræða þriggja til fjögurra ára gömul mál. Ég sé nú, að hv. fjhn. Nd. hefur gefið út nál. á þskj. 530 og leggur þar til, að frv. sé samþ. Undir þetta nál. skrifar m. a. hæstv. forseti Sþ., sem einnig er endurskoðandi landsreikninga, en í aths. sínum við þá hefur hann vísað til aðgerða Alþingis í sambandi við viss atriði. Nú vildi ég spyrja: Hverjum stendur það næst að koma þessu máli rétta leið áfram? Er það þm. eða frsm. n.? Hér stendur nú svo á, að hv. frsm. n. er fyrrv. fjmrh., og nú vildi ég spyrja hann, í fyrsta lagi sem frsm. n. í málinu, í öðru lagi sem fyrrv. hæstv. ráðh. og í þriðja lagi sem einstakan þm., hvort hann sé ánægður með þessa afgreiðslu málsins. Ég tel sem sagt alveg óviðeigandi og reyndar mjög ábótavant að vera að ræða um þessi mál á hverju þingi og komast samt ekkert meira áfram í sambandi við þau en við gerðum fyrir a. m. k. átta árum. Ef hv. frsm., hv. þm. Vestm., og

reyndar hæstv. forseti einnig, því að hann er líka í n., eru ánægðir með þessa afgreiðslu, þá get ég skilið, að þeir skrifi undir nál. Ef hv. þm. er aftur á móti ekki ánægður með þessa afgreiðslu á málinu, og það veit ég að hann er ekki, þá skilst mér, að það standi engum öðrum nær en honum að taka þetta mál upp á réttum vettvangi. Ég sé það í nál. fjhn. Nd. á þskj. 530, að frv. hefur verið sent til umsagnar ríkisbókhaldsins, og þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta, í tölulið 4: „Um eign þá, er fiskimálasjóður telur sig eiga hjá ríkissjóði, er það að segja, að fjmrn. hafði ekki viðurkennt hana, þegar ríkisreikningurinn var gerður fyrir árið 1946.“ En það stendur ekkert um, hvort búið er að viðurkenna hana nú, það er sem sagt óupplýst. Samt leggur hv. frsm. og hv. n. til, að frv. verði samþ. óbreytt hér í d. Það hefði verið æskilegt, að hægt hefði verið að upplýsa á þessu stigi málsins, t. d. í nál., hvernig er hægt að bæta þarna úr, þannig, að það hefði legið hreint fyrir við samþykkt á þessum ríkisreikningi, en hér veit enginn um þetta mál. Það er eins og það sé sjálfsagt, að þetta sé grafið og enginn fái að vita um það, af því að það eru 4 ár síðan þetta skeði. Ég er óánægður með afgreiðslu þessara mála í ár. Hér eru m. a. teknar upp 228 millj. kr. í staðinn fyrir 143 millj. kr. Hér er tæpum 100 millj. kr. eytt án þess að spyrja kóng eða prest. Það er verið að álasa okkur í fjvn., þegar við erum að leggja til 10000 kr. eða 5000 kr., en það er ekkert við því sagt, þó að ríkisstjórnir taki hundrað milljónir og eyði því eins og þeim sýnist, enda er það svo um samþykkt á ríkisreikningnum og aukafjárl., að enginn getur ráðið við það vegna þess, að það er dregið svo lengi að ræða um þessi mál í þinginu. Þetta er ekki ásökun á fjmrh. á hverjum tíma, það eru aðrir ráðandi menn, sem mestu eyða án þess að spyrja fjmrh. um. Mér er kunnugt um, að ekki alls fyrir löngu upplýstist, að búið var að taka lán upp á 12 millj. kr., án þess að fjmrh. vissi um það. En meðan fjármál ríkisins eru í slíkum höndum, þá er ekki von að vel fari og ekki von, að hægt sé að skapa festu í fjvn. og fjárveitingarvaldinu, meðan þetta er haft svona. Og svo er komið eftir 4 ár og sagt: Það er ekkert að gera annað en að samþ. þetta, af því að það er svo gamalt og af því að það er enginn maður, sem vill taka upp nýja stefnu. — Ég vildi óska, að hv. n. tæki þetta mál aftur til athugunar og umr. væri frestað, svo að hægt væri að upplýsa margt af því, sem hér er beðið um að upplýsa. Fáist það ekki, þá sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með samþykkt reikningsins. Það eru svo stór atriði, sem ekki eru upplýst, að við eigum heimtingu á að fá að vita, á hvaða stigi þessi mál standa. Ég sé ekki, að það séu nein vandræði fyrir n. að upplýsa fyrir Alþ., á hvaða stigi þessi atriði standa, sem deilt er um, og hvaða leiðir eru til þess að laga þetta, svo að það komi ekki fyrir aftur.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Það er ekki að ófyrirsynju, að rætt er um þessi atriði, því að það er satt, sem hv. þm. Barð. (GJ) sagði, að í seinni tíð hefur verið mikið um það, að ríkisstjórnir hafi greitt úr ríkissjóði án þess að hafa heimild til þess í l., fjárl. eða öðrum l. En ég held samt, að það sé engin ástæða til þess að fresta umr. um þetta mál út af þessu og fjhn. þessarar d. fjalli meira um þetta á þeim grundvelli. Þessi samþykkt á ríkisreikningnum er ekkert annað en reikningsleg afgreiðsla, en það eru önnur l., sem Alþ. setur árlega og mér finnst þetta ætti að heyra undir, og það eru fjáraukalög. Það mætti hugsa sér, að Alþ. neitaði að taka sumar greiðslur upp á fjáraukalög, og þá sýnist mér sú greiðsla í fljótu bragði vera orðin á ábyrgð ríkisstj. En yfirleitt er ekki gert ráð fyrir öðru út af þessum misfellum í embættisrekstri ráðh., ef það tekur til almennra hegningarlaga, heldur en það, sem segir í 14. gr. stjskr., sem er þannig: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum. Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Landsdómur dæmir þau mál.“ M. ö. o., ég sé ekki í fljótu bragði, hvað á að gera út af þessum atriðum, sem vísað er til aðgerða Alþ. af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, annað en að kæra viðkomandi ráðh. fyrir landsdómi. Náttúrlega mætti setja einhverjar reglur og gera einhverjar ákvarðanir fyrir framtíðina, en út af þessu, sem orðið er, sé ég ekki, að annað sé hægt að gera. En það getur ómögulega komið sem viðaukagr. í l. um samþykkt á ríkisreikningnum, að ráðh. skuli kærðir. Það verður að vera sérstök ályktun um það, sem, ef nauðsyn þætti til bera, engum bæri frekar að bera fram en yfirskoðunarmönnum landsreikninganna, sem eiga sæti á Alþ. Eins og bent var á, þá er það svo með þetta frv., að einn af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna á sæti í fjhn. Nd. og hefur þar lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Það sýnir, að hann hefur ekki litið svo á, að út af þessu væri hægt að gera neinar breyt. á frv. út af fyrir sig, svo að mér er ómögulegt að sjá, að það sé nokkurt gagn að því að fara að fresta þessu máli. Ef einstakir þm. og Alþ. í heild sinni vill gera frekari ráðstafanir út af þessum atriðum, þá verður að gera það, eins og hv. frsm. minntist á, á öðrum vettvangi en út af þessu frv.

Gísli Jónsson: Út af því, sem hv. frsm. n. sagði, vil ég leiðrétta það, ef hann hefur haldið, að ég hafi ætlazt til, að sett yrði inn gr. um að koma ábyrgð á hendur ráðh. Það var alls ekki það, sem ég átti við, en mér er óskiljanlegt, hvers vegna n. hefur ekki upplýst það, sem hér er verið að ræða um, því að það kemur ekkert við ábyrgðinni á hendur ríkisstj. Hér er spurt um í 3. tölul., með leyfi hæstv. forseta: „Á efnahagsreikningi jarðakaupasjóðs, bls. 110, er talin eign hjá ríkissjóði (6. eignaliður) kr. 205509.59. En á efnahagsreikningi ríkissjóðs er skuld við jarðakaupasjóð aðeins talin kr. 188034.59.“ Þessu er svarað hér í 3. lið þannig: „Mismunur þessi stafar af ágreiningi milli jarðakaupasjóðs og fjármálaráðu-

neytisins um það, hvort sjóðnum beri að annast ákveðnar greiðslur af vissum jarðeignum.“ Mér finnst alþm. eiga heimtingu á að fá að vita, hvort þessi ágreiningur er enn eða hve langt er síðan hann kom fram. Þetta hefði verið hægt að upplýsa.

Sama er að segja um 4. tölul., þar segir svo: „Á efnahagsreikningi fiskimálasjóðs, bls. 111, er talin eign hjá ríkissjóði, vegna færeyskra leiguskipa (eignaliður 17), kr. 422008,50. Á efnahagsreikningi ríkissjóðs er skuld við fiskimálasjóð aðeins talin kr. 53826.41.“ Í svarinu segir: „Um eign þá, er fiskimálasjóður telur sig eiga hjá ríkissjóði, er það að segja, að fjármálaráðuneytið hafði ekki viðurkennt hana, þegar ríkisreikningurinn var gerður fyrir árið 1946.“ Mér er þá spurn: Hefur fjmrn. viðurkennt þetta í dag? Á hvaða stigi stendur þetta mál? Og þannig er um allar þessar aths., sem hér eru. Þessi svör frá ríkisbókhaldinu eru alveg út í hött og ekki til að upplýsa þessi mál, og hvorki n. í Nd. eða Ed. kæra sig neitt um að fá málin upplýst, og á þetta ekkert skylt við það atriði, hvort ríkisstj. er ámælisverð fyrir að greiða fé án lagaheimildar. Hér er ágreiningur um stórkostleg atriði, eins og t. d. 4. lið, og ég verð að segja, að mér finnst það vera það minnsta, sem hægt er að gera kröfu um til fjhn., að hún fái þessi mál upplýst, áður en reikningurinn er samþykktur. Ég get vel skilið, að það sé ekki verk fjhn. að athuga, hvort ríkisstj. beri ábyrgð á milljóna eyðslu úr ríkissjóði, þó að ég hefði álitið, að það væri ekki nein goðgá, að eitthvað kæmi fram í nál. frá þeim aðila í þinginu, sem fjallar um þetta mál. Það þarf ekki að vera nein ákæra, þó að bent sé á, að æskilegt væri, að slíkt væri stöðvað. Ég skal viðurkenna, að 1946 voru miklar sveiflur í viðskiptalífi Íslendinga, og það kann að hafa verið ógerlegt að áætla tekjur og gjöld, enda sýnir landsreikningurinn, að það var eytt meira en hægt var að afla tekna fyrir. En þegar verið er að taka stórkostlegt lán til þess að eyða tugum milljóna fram yfir það, sem áætlað var í fjárl., þá horfir málið verr við. Ég er ekki heldur að segja þetta til ásökunar, en ég vil benda á, að fjármál ríkissjóðs eru komin út í sandinn. Það eru engar hömlur lengur í þessum málum, ef það er látið óátalið, m. a. í áliti n., sem fjallar um þetta mál, að teknar eru hundruð milljóna króna fram hjá fjárl. og farið í bankana til þess að fá lán og því fé eytt án þess að spyrja að því. Ég er ekki að segja, að ráðh. baki sér ábyrgð með því, en það er nauðsynlegt, að slíkt sé sett sem aths. í nál., þegar reikningurinn er samþ., en það sést ekki í þessu nál., að það sé neitt við það að athuga. Hins vegar er það rétt, sem hæstv. forseti sagði, að sú hlið málsins hefði átt að ræðast í sambandi við samþykkt aukafjárl. En þessir liðir, sem ég minntist á áðan, aths. og svörin við þeim, það á að ræða hér undir þessum umr., og ég óska eftir að fá upplýst, hvernig stendur á þessum deiluatriðum, sem hér er rætt um á þskj. 530.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Mér finnst, að málið megi halda áfram nú til 3. umr. og þau sérstöku atriði, sem hv. þm. Barð. óskar eftir að fá upplýsingar um, megi reyna að fá upplýst milli 2. og 3. umr. Ég tek á engan hátt sem gagnrýni á mín verk reikninginn fyrir 1946. Ég kom ekki í ráðuneytið fyrr en 1947, svo að það er fjarri mér að hlífast við að ræða þessi mál af þeim ástæðum. Þetta eru formleg atriði, sem endurskoðendurnir hafa í huga að ræða við n., og ég skal reyna að leitast við að afla þeirra upplýsinga, sem sérstaklega er lýst eftir, milli umr., og af þeirri ástæðu geri ég enga till. um að fresta umr.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Ég vildi biðja hæstv. forseta að taka þetta mál af dagskrá nú vegna ýmislegs, sem komið hefur til umræðu við 2. umr. og skiljanlegt er, að ég þurfi tíma til að athuga.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lofaði ég því að afla upplýsinga um ákveðna liði. Þeim liðum er svo háttað, að yfirskoðunarmenn hafa talið, að þeir hafi ekki fengið nógu greinargóð svör varðandi þá, og þess vegna vísað til aðgerða Alþ. Þær upplýsingar, sem ég get gefið, eru lítið annað en það, sem fyrir liggur og yfirskoðunarmennirnir hefðu hæglega getað fengið. En ég lofaði þessu, og til þess að uppfylla það loforð, skal ég gefa nokkrar upplýsingar um þetta.

Það er þá fyrst aths. 18, varðandi eignir skipasmíðastöðvarinnar við Elliðaárvog og Landssmiðjunnar. Hvað eignir skipasmíðastöðvarinnar snertir, hef ég engu að bæta við þær upplýsingar, er fyrir liggja. Það er kunnugt, að Landssmiðjan beið fjárhagslegt tjón í sambandi við byggingu bátanna, en þó held ég, að ástæðulaust sé að átelja þá ráðstöfun. Um leið og bátasmíðarnar hættu, var skipt um forstjóra, og var árið 1947 fyrsta starfsár nýja forstjórans. Hagur Landssmiðjunnar var þröngur árið 1947, svo að fjmrn. varð að lána henni peninga, til þess að allt stæði ekki fast eða beinlínis yrði að loka henni. En það er ánægjulegt, að hagur hennar hefur síðan sífellt farið batnandi. Rekstur Landssmiðjunnar er nú kominn á nokkurn veginn heilbrigðan grundvöll, og má ætla, að hagur hennar batni áfram. Ég þykist vita, að hv. dm. sé þetta gleðiefni, ekki síður en mér.

Þá er 20. aths., varðandi byggingu síldarverksmiðja ríkisins. Um þetta mál voru nýlega

gefnar upplýsingar í Sþ., og hér í d. var kveðið hart að orði um byggingu verksmiðjanna á Skagaströnd og Siglufirði, er reyndust óhóflega dýrar, og talið, að rannsaka þyrfti þetta mál vel. Árið 1947 voru settir í þetta tveir lögfræðingar, er sátu lengi og gáfu síðan skýrslu til fyrrv. stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, er þá hóf nýja rannsókn á málinu, sem sumir af stjórnarmeðlimum verksmiðjanna tóku þátt í. Í umr. í Sþ. kom í ljós, að stjórn verksmiðjanna hefur nú fengið í hendur niðurstöður þessarar rannsóknar, en hefur enn ekki tekið ákvörðun um það, hvort heimta eigi aðra rannsókn eða láta þetta nægja. Þetta eru sömu upplýsingar og hæstv. atvmrh. gaf í Sþ.

Þá er aths. 25 varðandi fiskflutninga, er fram fóru árið 1945, að á þeim hafi orðið mikið tap. Það stendur svo: „Yfirskoðunarmenn óska ýtarlegra skýringa á orsökinni til þessa mikla tjóns, sem á fiskflutningunum hefur verið". Þetta tjón nam 2 millj. og 221 þús. kr. Ég hef hér í höndum skýrslu þá, er sjútvmrn. barst frá fiskimálan. varðandi þetta. Vil ég til skýringar, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa skýrslu, en hún er dags. 1. sept. 1947:

„Í framhaldi af bréfi voru 30. júlí og mótteknu bréfi hæstvirts ráðuneytis, dags. 6. ágúst s. l., leyfum vér oss hér með að senda hæstvirtu ráðuneyti yfirlitsreikning yfir fiskflutninga þá, er fiskimálanefnd hafði með höndum fyrir ríkissjóð á árinu 1945, þar sem nú hefur verið endanlega gengið frá samkomulagi um þau deiluatriði, er uppi voru við hina færeysku aðila.

Samkvæmt ársuppgjöri nefndarinnar fyrir árið 1945 var halli á rekstri skipanna þá kr. 2078333.56. Auk þess hafði nefndin samkvæmt bréfi atvmrn., dags. 15/2—'47, fært ríkissjóði til gjalda kostnað við e/s Lagarfoss og e/s Selfoss, vegna þess að skipin voru tekin til kolaflutninga nokkuð af þeim tíma, er þau voru leigð til fiskflutninga. Hæstvirtu ráðuneyti voru á sínum tíma sendir reikningar yfir þessi frátök skipanna, sem námu alls kr. 252362.17. Nefndin hafði á því ári einnig á hendi söfnun skýrslna, útreikning og greiðslu verðjöfnunargjalds á fiski, og námu útgjöld við það kr. 114470.85. Alls urðu útgjöldin á árinu því kr. 2445166.58.

Í lok ársins 1945 var þó vitað, að stórkostlegur ágreiningur var á milli nefndarinnar og Rederiforeningen í Þórshöfn út af leigutíma skipanna, tryggingum o. fl., svo að viðskiptum var á engan hátt lokið. Þar að auki gerðu félagssamtök hinna færeysku sjómanna kröfu til viðbótarkaups fyrir flutning á sementi og salti til landsins með skipunum og auk þess kauphækkun vegna lækkaðs verðs á fiski í Bretlandi á útgerðartímabilinu. Fiskimálanefnd hafði í sambandi við lausn þessara deilna lögfræðilega aðstoð og auk þess náið samstarf við hæstv. atvmrn. um endanlega afgreiðslu þessara deiluatriða í öllum aðalatriðum. Nokkuð af þessum kröfum varð nefndin að fallast á að greiða og hefur þannig á árinu 1946 samþykkt greiðslur á kr. 238939.52. Skrifstofukostnaður á því ári vegna uppgjörsins og ýmis kostnaður í kringum það var reiknaður kr. 33700.83. Frá áramótum 1945 til 31. júlí 1946 hefur nefndin orðið að greiða vexti af hlaupareikningsláni við Landsbankann vegna útgerðarinnar, þar sem nefndinni hafði ekki verið fengið neitt fé til rekstrarins af hálfu ríkissjóðs. Vextir þessir, að upphæð kr. 85985.49, eru því færðir ríkissjóði til skuldar. Þá eru einnig á því ári færðar yfir á ríkissjóð skuld Sverris Júlíussonar, Keflavík, kr. 244865.49, og skuld Sölusamlags útvegsmanna á Hornafirði, kr. 33640.80. Andvirði þeirra fiskkassa, sem notaðir voru til fiskflutninga, er þar og uppgefið kr. 413087.04.

Þó að samkomulagi hafi verið náð, bæði um kaupkröfur Færeyinga og leigu fyrir skipin, þá var þó eigi endanlega frá því gengið fyrr en á þessu ári, eins og nánar kemur fram í bréfi fiskimálanefndar til hæstv. ráðuneytis, dags. 19. júní s. l., og nemur sú lokagreiðsla, sem þá var samþykkt, alls kr. 118924.11.

Nokkur brögð voru að því á útgerðarárinu 1945, að skipsmenn höfðu tekið út bæði í vörum og peningum á hinum ýmsu hleðsluhöfnum á landinu og einnig í Englandi svo mikið, að kaup þeirra hrökk ekki fyrir því. Á þennan hátt urðu til skuldir hjá hinum ýmsu skipsmönnum. N. vildi gera skipstjórana ábyrga fyrir þeim skuldum, sem þannig voru til komnar, og tilkynnti það um leið og uppgjör voru send og hélt eftir af kaupinu því, sem nam þessum skuldum. Nokkur ágreiningur reis út af þessu, en varð að lokum að samkomulagi, að skipstjórafélagið reyndi að innheimta það af þessum skuldum, sem mögulegt væri. Þetta tókst að mestu, og hefur n. fært þá upphæð ríkissjóði til tekna, kr. 7971.71.

Eins og sjá má af yfirlitinu, hefur n. fært ríkissjóði til tekna andvirði þeirra fiskkassa, sem hún hefur selt, kr. 46804.00 og kr. 20935.50. Þá hafa á þessu ári verið greiddar frá Seyðisfirði kr. 1350.00 fyrir fisk, sem tekinn var úr einu skipinu vegna þess, að hann var dæmdur óhæfur til útflutnings.

Vér væntum þess, að þessar upplýsingar um rekstur þennan í aðalatriðum, auk þess sem áður hefur verið sent ráðuneytinu, nægi til skýringar á meðfylgjandi reikningsyfirliti.

Vér viljum benda á samkvæmt framanrituðu og með tilvísun til bréfs vors 19. júní s. l., að enn þá hefur ekki farið fram greiðsla á 317923 kr., sem oss ber að greiða til Færeyja samkvæmt gerðu samkomulagi, og verði langur dráttur á því enn þá, er ekki ólíklegt, að hinir færeysku aðilar setji fram kröfu um dráttarvexti. Það er því mjög nauðsynlegt, að hæstv. ráðuneyti geri nú þegar ráðstöfun til þess, að oss verði greiddar þær kr. 580675.40, sem er skuld ríkissjóðs, eða a. m. k. til bráðabirgða kr. 317923.00, sem greiða þarf nú þegar til hinna færeysku aðila."

26. aths. er varðandi bátasmíðar, og skal nú gerð nokkur grein fyrir þeim.

Á árunum 1943 og 1944 hafði ríkisstj. með höndum athugun á möguleikum á smíði fiskiskipa í Svíþjóð. Eftir að leyfi sænskra stjórnarvalda var fengið fyrir smíði 45 tréskipa, voru uppdrættir gerðir af tveimur stærðum skipa, 50 rúmlesta og 80 rúmlesta, og tilboða leitað

hjá sænskum skipasmíðastöðvum í smíði þeirra, og einnig var leitað tilboða í vélarnar. Áður en tilboðin voru samþykkt, var spurzt fyrir um það hjá þingflokkunum, hvort þeir teldu rétt að samþykkja framkomin tilboð á umræddum 45 skipum, þrátt fyrir óvissu þá, sem var um kaupendur skipanna. Að fengnu samþykki allra þingflokkanna var sendiráðinu í Stokkhólmi hinn 19. sept. 1944 falið að samþykkja hagkvæmustu tilboðin. Væntanlegum kaupendum var tilkynnt, að þeir yrðu að greiða 125000 kr. upp í andvirði 50 rúmlesta skipanna og 150000 kr. upp í andvirði 80 rúmlesta skipanna. Vegna örðugleika kaupenda á greiðslu hins tilskilda framlags var það af stjórn þeirri, er tók við völdum í októbermánuði 1944, lækkað niður í 60000 á minni skipin og 75000 á þau stærri.

Á árinu 1945 var samið um smíði 5 skipa til viðbótar, eða alls 50 skip. Fyrstu skipin komu heim á árinu 1946 og það síðasta árið 1948.

Með lögum nr. 41/1946 var stofnlánadeild sjávarútvegsins stofnuð, og var gert ráð fyrir, að hún veitti lán út á öll Svíþjóðarskipin. Strax og reikningar yfir smíði hvers einstaks skips höfðu borizt ráðuneytinu, voru væntanlegir kaupendur krafðir um greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins að frádregnu stofnláni. Þrátt fyrir hin hagkvæmu lánskjör stofnlánadeildarinnar gekk kaupendum mjög erfiðlega að gera skil, sem stafaði fyrst og fremst af aflabresti á síldveiðunum undanfarin ár. Nú var um tvennt að velja, annaðhvort að rifta kaupunum og reyna að selja skipin hæstbjóðanda eða lána eftirstöðvarnar til bráðabirgða þeim, sem upphaflega höfðu pantað skipin. Eins og hag útgerðarinnar var komið, mátti gera ráð fyrir, að ef mörg skip af sömu stærð yrðu boðin til kaups, þá mundu þau ekki seljast fyrir kostnaðarverð og ríkissjóður verða fyrir stórkostlegu tapi. Fyrrv. ríkisstj., er sat að völdum til 4. febr. 1947, ákvað því að lána kaupendunum eftirstöðvarnar af kostnaðarverði skipanna til bráðabirgða, og hefur ríkisstjórn sú, er sat að völdum til 6. des. 1949, fylgt sömu reglu. Á árinu 1947 var öllu starfsfé stofnlánadeildar ráðstafað, og hafði þá 33 skipum verið veitt stofnlán, en 17 skip voru óuppgerð.

Til þess að gera kaupendum Svíþjóðarbátanna jafnt undir höfði, var 13 af þessum 17 skipum veitt lán úr ríkissjóði með sömu kjörum eins og um stofnlán væri að ræða og skuldabréfin falin Landsbankanum til varðveizlu. Fjögur skip eru hins vegar óuppgerð. Jafnframt var ráð fyrir því gert, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess að auka starfsfé stofnlánadeildarinnar og hún innleysti síðan þessi skuldabréf.

Eins og að framan segir, samþykktu allir stjórnmálaflokkar á Alþingi, að ráðizt yrði í smíði Svíþjóðarskipanna, þrátt fyrir að á þeim tíma væri engin vissa fyrir, að ríkissjóður yrði skaðlaus af þessum framkvæmdum. Jafnframt hefur Alþingi á sama tíma, sem smíði Svíþjóðarbátanna stóð yfir, veitt útvegsmönnum fjárhagslega aðstoð, er nemur á annan tug milljóna, vegna aflabrestsins á síldveiðunum. Það virðist því algerlega hafa farið í bága við stefnu Alþingis að svipta kaupendurna umráðarétti yfir skipunum vegna fjárhagsvandræða þeirra.

Þá er annar þáttur þessa máls, sem eru bátar smíðaðir innanlands. Á árinu 1945 ákvað ríkisstj. að láta smíða innanlands á næstu 1—2 árum 50 fiskibáta, ef kaupendur fengjust. Umsóknir bárust um mun fleiri báta en ráðgert var að smíða, og var þá leitað tilboða í smíði þeirra. Síðan var ákveðið, að smíðaðir yrðu aðeins 26 bátar, 17 bátar 35 rúmlestir, 7 bátar 55 rúmlestir og 2 bátar 62 rúmlestir. Samningar um smíði bátanna voru á þá leið, að skipasmíðastöðvarnar áttu að leggja til allt efni og vinnu ásamt öllum venjulegum tækjum og vélum, að undanteknum aðalvélum, sem ráðuneytið átti að útvega sérstaklega. Við smíði bátanna hafa þeir reynzt nokkru stærri en í upphafi var gert ráð fyrir, þannig:

35 rúml. bátar reyndust 37—44 rúmlestir
55 — — — 66 —
62 — — — 65 —

Kostur hefur það þótt, að bátarnir reyndust þetta stærri, en þar sem verðið var miðað við rúmlestastærð (7700 kr. rúmlest), verða þeir talsvert dýrari.

Söluskilmálar eru þeir, að kaupendur lögðu fram við kaup 100 þús. kr. fyrir stærri bátana og 70 þús. fyrir þá minni. Í þremur tilfellum hefur aðeins verið krafizt 60 þús. kr. útborgunar fyrir minni bátana og einn bátur án nokkurrar útborgunar, samkv. þál. frá 23. maí 1947. Fiskveiðasjóður lánar um helming kostnaðarverðs, síðan lán úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, 100 þús. kr. út á stærri bátana, en 90 þús. kr. út á þá minni. Eftirstöðvar kaupverðsins lánar ríkissjóður til bráðabirgða með veði í bátunum. Bátarnir eru seldir fyrir kostnaðarverð að viðbættum 4% vöxtum af því fé, sem ríkissjóður hefur í þá lagt, hvern fyrir sig.

Allir stærri bátarnir eru þegar seldir, og af þeim eru 8 fulluppgerðir. Hefur söluverð þeirra numið samtals 5422094 kr. Um einn bátinn hefur svo um samizt, að skipasmíðastöðin ætlar sjálf að kaupa hann, án aflvélar.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi fengið með þessari skýrslu nokkrar upplýsingar varðandi þessi mál, þótt þetta sé ekki nægilegt, ef athuga ætti málið „kritiskt“ eða endurskoða allar ráðstafanir og gerðir í þessu máli. Sá maður, sem fór hvað mest með þessi mál í stjórnarráðinu, var hr. Gunnlaugur Briem, sem verið hefur ráðunautur ríkisstj. í málum þessum. Ég held að fullyrða megi, að þessi maður hafi af fremsta megni gætt hagsmuna ríkissjóðs. Að vísu reyndust allar aðstæður mjög óhagstæðar, þar sem allir þeir menn, sem festu kaup á bátunum, byggðu vonir sínar á síldveiðunum fyrir Norðurlandi, en þær hafa nú brugðizt, eins og öllum er kunnugt um. Af þeim sökum skyldi engan undra, þótt ráðuneytið hafi orðið að teygja sig sem lengst og oft hlaupa undir bagga í þeirri von, að úr raknaði hjá mönnum. Ég held, að hver sá maður, sem verið hefði í sporum Gunnlaugs Briems og ráðuneytisins, hefði líkt aðhafzt, ef ekki hefði átt að binda fleyin við land. Hins vegar hef ég áður haldið því

fram, að kaupin á Svíþjóðarbátunum hafi verið verri spekúlasjón eða kaup en kaupin á þeim bátum, sem smíðaðir voru hér innanlands. — Sú spurning liggur fyrir frá yfirskoðunarmönnum landsreikningsins, hvort hin innlenda bátasmíði, sem fram fór árið 1946, hafi verið framkvæmd með samþykki allrar ríkisstj. Ég treysti mér nú ekki til að svara fyrir þá ríkisstj., sem þá fór með völd. En ef litið er á þær framkvæmdir, þá held ég, að við þurfum ekki að harma það. Smíði bátanna veitti mörgum mönnum atvinnu, en sorglegt er það, að margir þeirra smiða, sem unnu við þessi verkefni, töpuðu stórfé á akkorðum sínum. Engri ríkisstj. hefði dottið í hug að efna til slíkra smíða, þar sem þeir tapi, sem taka verkin að sér. Ég segi þetta í sambandi við annað mál, vegna þess, að þegar ég undirbjó fjárlagafrv., lagði ég til, að þeim mönnum, sem orðið höfðu fyrir skaða á þessum smíðum, yrði bætt upp það tjón, sem þeir höfðu orðið fyrir. Nú hefur hv. fjvn. vikið þessari fjárveitingu til hliðar. Nú er það ljóst, að þeir bátar, sem hér voru smíðaðir, reyndust vel, en smíðin fór fram á Norðurlandi, Austurlandi, í Vestmannaeyjum og Landssmiðjunni. Þessa báta fengu færri en vildu. Ef rétt ætti að fara að, þá ætti dálítil bátasmíði alltaf að fara fram í landinu. Alltaf fer nokkuð af bátum forgörðum, og það meir en menn gera sér grein fyrir, og það þarf að vera hægt að bæta upp þann skaða. Það hefur alltaf verið eftirspurn eftir hentugum fiskibátum, bæði af þeim ástæðum, sem ég nefndi, og svo vegna þeirra, sem hugsa sér að hefja útgerð. Bátasmíði Íslendinga er nú komin á það stig, að það má líkja henni við gerð og handbragð opnu skipanna, sem var á hinum myndarlegu breiðfirzku fleytum og þeim sunnlenzku. Skipasmíðastöðvarnar hér virðast vera vel starfi sínu vaxnar. Það virðist þó vera svo, að heppilegra sé að kaupa skipin tilbúin.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég stóð upp fyrst og fremst til þess að þakka hv. frsm. fyrir þá grg., sem hann gerði í þessu máli. Grg. hans var mjög skýr, en þótt ég sé ekki sammála öllu, sem varðar þetta mál og fram kom í skýrslunni, er það aðeins tvennt í þessu sambandi, sem ég ætla að benda á.

Ég skil hvernig maður, sem smíðar skip í akkorði eftir teikningu, fer að því að byggja það vitlaust, það er, hann smíðar skip af annarri stærð en teikningin og áætlanir gera ráð fyrir. Svo er skipið borgað eftir hinni nýju stærð. En það var ekki þetta, sem olli því, að ég stóð upp, heldur var það til að þakka fyrir hina ýtarlegu grg., sem hv. þm. Vestm. lét hér í té. — Mér er það og gleðiefni, að Landssmiðjan skuli hafa rétt hag sinn og sé fjárhagslega á grænni grein. Þetta er nú gott út af fyrir sig, en aðgætandi er, að hann er fenginn með því, að starfssviði Landssmiðjunnar hefur verið nokkuð breytt. Hlutverk Landssmiðjunnar var fyrst og fremst að halda niðri verði á viðgerðum skipa og véla og smíðum alls konar. Er nú meining Alþingis að láta Landssmiðjuna verða verzlunarfyrirtæki? Er sú stefna ekki nokkuð vafasöm?

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég flyt hv. frsm. þakkir mínar fyrir skýrsluna. Ég tel, að af henni megi margt læra, og er ekki að ófyrirsynju, að hæstv. ríkisstj. reyni að ná fótfestu í fjárhagsmálum. Mér þykir vænt um, að þessi skýrsla kom fram, og ég ásaka ekki einn frekar en annan, en mjög eðlilegt er, að slíkar skýrslur liggi fyrir sem þessi. Þessi skýrsla hefur gefið mér tilefni til þess að ræða nokkur atriði þessa máls. Það er ekki ádeila, en nokkrar ábendingar og leiðbeiningar, sem mættu verða til bóta því ástandi, sem hefur ríkt.

Á fundi í Sþ. í gær var borin upp fyrirspurn frá hv. 3. landsk. varðandi byggingarkostnað nýju síldarverksmiðjanna á Siglufirði og Skagaströnd. Það var ekki hægt að skilja orð hv. þm. öðruvísi en þannig, að námsstyrkur, heimilisvél o. fl., sem ekki var verksmiðjunum viðkomandi, hafi verið skráð til útgjalda hjá þeim. Og það er ekki sæmandi neinum hv. þm. að flytja slíkt mál inn á Alþ., nema fyrir því séu full rök, svo að ríkisstj. sé alveg tilneydd að láta fara fram nákvæma rannsókn í þeim efnum. Ég vil því vænta þess, að sem fljótast upplýsist, hvort nokkur fótur sé fyrir því, sem borið var á byggingarnefndina, sem í þessu tilfelli hefur ráðið yfir miklu fé ríkisins, því að þær sakir voru svo þungar, að hv. þm. mega ekki gleyma þeim, heldur verða þeir að krefjast þess, að þetta sé upplýst. — Fjvn. hefur fengið í sambandi við annað mál þungar ásakanir í garð annarrar stofnunar. Það mál var sent til viðkomandi ráðh., en hann taldi málið ekki á rökum byggt og eyddi því. Ég er ekki að halda því fram, að svo hafi ekki verið, en það er ákaflega leiðinlegt að koma með svona mál inn á Alþ., sem ekki reynast svo nema fleipur eitt. Að öðrum kosti á að láta menn sæta ábyrgð fyrir slíka meðferð á fé ríkissjóðs. Bátasmiðjan mun vera bókfærð hér á landsreikningnum á 700 þús. kr., og ég vildi gjarna heyra frá hv. frsm., hvort það sé það verð, sem hugsað er að leggja til grundvallar, ef nota á heimildina, sem lagt er til að gefin sé í 22. gr. til sölu þessarar fasteignar. Mér er kunnugt um, að þegar þetta er bókfært hér, þá er búið að afskrifa þessa eign með 900 þús. kr. og talið rekstrarhalli verksmiðjunnar á sínum tíma. Og verðlag allt hefur hækkað síðan. Nú veit ég það, að hv. frsm. er nokkuð við þá ósk riðinn að selja eignina öðrum aðila. Meiri hl. fjvn. hefur fallizt á, að það væri rétt, og væri þá æskilegt, að a. m. k. þetta bókaða verð eignarinnar og helzt eitthvað af því tapi, sem afskrifað hefur verið, gæti unnizt upp við sölu þessarar eignar, ef til kæmi. Í sambandi við verksmiðjuna sjálfa verð ég að segja það, að ég gladdist yfir því að heyra, að hagur hennar hefði batnað, en aftur á móti minnti það mig á annað. Hafa þeir menn, sem báru ábyrgð á stjórn þessara mála undanfarið, gætt að fullu skyldu sinnar við yfirstjórn þessara mála? Hvernig stendur á þessari útkomu hjá Landssmiðjunni, sem starfar hér öll stríðsárin við þau beztu skilyrði, sem

til eru á landinu til að græða peninga og það svo stórkostlega að þeir aðrir, sem sömu atvinnu stunduðu, urðu hæstu skattgreiðendur á öllu landinu? Hvernig stendur á því, að þeir menn, sem áttu að bera ábyrgð á því, hvernig þessu fyrirtæki var stjórnað, gátu liðið það athugasemdalaust, að það tapaði stórkostlega og varð svo að segja gjaldþrota á þessum árum? Þegar svo aftur þrengist að og aðrir menn stríða við erfiðleika í atvinnurekstri sínum, þá fer þetta fyrirtæki að blómgast. Hvernig gat slíkt fyrirtæki tapað þessu fé á þessum árum, og er ekki eins mikil ástæða til að láta rannsaka þetta og síldarverksmiðjurnar á Siglufirði og Skagaströnd? Er þá ekki ástæðan fyrir afkomu Landssmiðjunnar sú, að hún hafi keypt hrærivél, grammófón o. fl. og fært á rekstrarreikning sinn. Ég vil í þessu sambandi benda á, að mér er persónulega kunnugt um, að sá maður, sem hv. frsm. gladdist yfir að væri kominn frá þessu starfi og á sök á því, að mér skilst, að þetta hefur gengið svona, er í ágætri stöðu og á ágætum launum hjá ríkissjóði og mun hafa greitt sér töluvert hærri laun en samningar stóðu til. Og það væri kannske líka ástæða til að rannsaka þetta mál. Ég hygg, að þeir hv. alþm., sem nú bera þungar sakir á aðra, af því að þeir eru í öðrum flokki, ættu að líta í kringum sig, því að áreiðanlega var stjórn þessara mála undir stjórn Alþfl. öll þessi ár, og væri gott, að hv. 3. landsk. þm. kæmi með skýrslu um þessi mál. (*HV:* Það var lögð fram skýrsla um þetta mál.) Mér er kunnugt um það, að á meðan þessi mál voru undir stjórn hv. þm. Hafnf. (EmJ), fóru þau í það öngþveiti, sem hv. frsm. hefur nú lýst.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) gat um það, að hann væri óánægður með, að farið væri inn á þá braut að gera í þessu sambandi ráð fyrir verzlunarfyrirtæki í stað iðnaðarfyrirtækis. Ég get upplýst hv. þm. um það, að Landssmiðjan hefur aldrei selt neinum sína vinna á öðru verði en samkeppnisfæru við aðrar vélsmiðjur, en hún hefur haft alls konar fríðindi, t. d. skattfríðindi, og losnað þannig við byrðar, sem hafa kostað önnur fyrirtæki mikið fé. Og hún hefur haft fyrirskipun um að mega fleyta rjómann ofan af hjá öðrum fyrirtækjum ríkisins, t. d. skipaútgerðinni, og haft þannig hagkvæmari aðstöðu en önnur fyrirtæki, en samt tapað stórfé. Ég sé ekki, að hægt verði að bjarga henni á annan hátt en þann, að hún verði gerð að lélegu verzlunarfyrirtæki, eins og hv. 1. þm. N-M. gat um. Er þá athugandi, hvort ekki eigi að selja þetta fyrirtæki. Það hefur í öll þessi ár aðeins valdið ríkissjóði erfiðleikum og kostnaði, en aldrei gefið honum tekjur. Þegar vel hefur gengið, hefur fyrirtækið aldrei gefið neitt í ríkissjóð, en þegar illa hefur gengið, þá hefur það sótt fé í ríkissjóð til að greiða starfsmönnum sínum laun, greiða skuldir og önnur útgjöld. Ég held, að nægileg reynsla sé á það komin, að ríkissjóður eigi að selja eignina og gera fyrirtækið upp, og það væri mjög til athugunar fyrir hæstv. núv. ríkisstj., hvort ekki ætti að hefjast handa um það.

Hv. frsm. minntist hér á fiskflutningana í sambandi við Færeyingabátana. Ég verð að segja það, án þess að ég ætli að fara að gagnrýna það mál nú, að mér finnst þáttur fiskimálan. á sínum tíma ekki til fyrirmyndar í þessu máli. Hvar mundi það enda, ef verzlunarviðskipti væru almennt rekin svona í landinu? Þetta er fullkomin sönnun þess, að ríkissjóður á ekki að koma nálægt verzlunarfyrirtækjum yfirleitt. Mig undrar það sannarlega, að fimm menn, sem ekki hafa um annað að hugsa en þessi mál, skuli geta látið þetta verk fara á þann veg, sem skýrslan ber með sér, og ég er hissa á, að slíkir menn skuli ekki vera afskráðir frá opinberum störfum. Ég er ekki að ásaka ríkisstj., sem hefur hundruðum mála að sinna, þó að hún geti ekki gripið inn í þennan rekstur. Mér skilst, að hér sé um ýmsar útistandandi skuldir að ræða og ekki sé hægt að gera upp nema með stórkostlegu tapi fyrir ríkissjóð, sem ekki hefði þurft að vera, ef gætt hefði verið samninga, sem gerðir voru í sambandi við þessi mál. Hitt er svo annað atriði, hvort rétt hefur verið að fara út í þessa fiskflutninga, en út í það skal ég ekki fara. Hv. frsm. sagði, að ekki hefði verið hægt að salta fisk á þeim tíma. Ég er ekki sammála honum um það, en er þeirrar skoðunar, að aldrei hefði átt að hætta við saltfiskverkun á Íslandi. (*PZ:* Heyr! Heyr!) Ég skal ekki tefja umr. með því að fara inn á það mál.

Út af ummælum hv. frsm. um bátasmíðina innanlands, — sem hann sem þáv. fjmrh. gerði till. um, að tekin yrði á 22. gr. fjárlfrv., — þar sem hann sagði, að ríkisstj. hefði vikið þessu til hliðar, þá hygg ég, að þetta sé af misskilningi mælt. Mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi haft nokkur áhrif á þetta mál, a. m. k. ekki á fjvn. í sambandi við það. Fjvn. hefur tekið það upp sjálf að víkja þessu máli til hliðar, og var lítill ágreiningur um það í n. Það er vegna þess, eins og oft hefur verið tekið fram hér í þessari hv. d., að þetta mál er í nánum tengslum við önnur mál, sem hér hafa verið fyrir þinginu undanfarin ár, og fjvn. hefur alltaf verið og er enn þeirrar skoðunar, að ekki sé hægt að bæta þeim mönnum, sem hér um ræðir, það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, nema þeim öðrum aðilum, sem hér koma til greina, sé bætt upp sitt tjón. Þessi mál eru: endurgreiðsla á tollum vegna sænsku timburhúsanna, endurgreiðsla á innflutningstollum af bátum, tapið á bátasmíðinni og það stórkostlega tap, sem þorri þeirra manna varð fyrir, sem höfu saltfiskverkun 1947. Þessa vegna hefur fjvn. lagt til, að þessi liður sé tekinn út af 22. gr. fjárl. Það er áreiðanlegt, að verði einn af þessum liðum tekinn upp, með hverjum hætti sem það er gert, þá verður ekki hætt, fyrr en öll málin hafa verið tekin til greina og gerð upp. Það er réttlætismál að gera hér ekki upp á milli þessara aðila, og þess vegna hefur fjvn. lagt til, að þetta sé ekki tekið á fjárl., en ekki af andúð á þessum aðilum eða fyrir tilmæli frá ríkisstj.

Mér fannst hv. frsm. ganga hér fram hjá einu atriði, sem ég gerði fyrirspurn um og lagði nokkra áherzlu á, en ég skal hvorki lengja

umr. né óska þess, að málinu sé frestað þess vegna. Í sambandi við 3. tölulið á þskj. 530 spurði ég um, hvort samkomulag hefði orðið um þetta milli ríkissjóðs og jarðakaupasjóðs. Mér þykir einkennilegt, að það skuli ekki vera upplýst af sjálfum endurskoðendunum og þeim aðilum, sem starfað hafa að þessum málum, hvort hægt er að fá samkomulag um ákveðið atriði í sambandi við ríkisreikningana, en ég mun ekki halda því frekar til streitu, þar sem þetta er ekki stórt atriði.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt við hv. frsm. fyrir skýrslu þá, sem hann gaf, og ég vil benda á, að svona skýrslur eru eitt sterkasta meðalið til að átta sig á því, að það forað, sem við stöndum nú í í fjármálum landsins, skapast af því, að ríkissjóður hefur tekið að sér að sjá einstaklingunum miklu meira fyrir því, sem þeir þurfa með til sinnar lífsafkomu, en nokkru sinni áður. Það sýnir að sú stefna, að láta ríkissjóð velja og hafna fyrir einstaklingana, er röng og að afkomu landsins í heild er miklu betur borgið með því að láta einstaklingana njóta sín og berjast fyrir sínum málum sjálfir en að þeir leggi árar í bát og geri kröfur til ríkissjóðs, með þeim árangri, sem nú er sýnilegur, og það á þeim fjárhagslega beztu árum, sem yfir landið hafa komið.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég skal gjarna verða við þeim tilmælum að lengja ekki um of umr. um málið. Ég vildi aðeins geta þess út af aths., sem hér hafa fram komið, að mér þykir vænt um, að hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð. hafa metið viðleitni þá, sem ég hef sýnt til að gefa upplýsingar, sem um var beðið, þó að ég játi, að þær hafa hvergi nærri verið nógu tæmandi og gefið tilefni til miklu meiri umr. en hér hafa orðið. Ég get samt sem áður ekki gengið alveg fram hjá því, sem kom fram hjá hv. 1. þm. N-M. Það má endilega ekki skilja mín orð þannig, — ég játa, að ég er feginn því, að Landssmiðjan er laus úr þeim einstöku fjárhagsvandræðum, sem hún var í á þeim tíma, sem ég var í rn., — að ég sé fylgjandi því, að hún hverfi að mestu leyti af iðnaðarsviðinu og fari inn á önnur svið. Mér er ekki kunnugt um, að hve miklu leyti hún gerir það, en ég tek undir það, að hennar verksvið hefur aldrei verið hugsað sem verzlun, heldur er hún hugsuð sem iðnaðarfyrirtæki, starfandi sem önnur heilbrigð iðnaðarfyrirtæki hér í bænum, og ég vona, að hún eigi sér góða framtíð fyrir höndum undir stjórn, sem hún hefur nú. Og meðan hennar verkefni er ekki breytt af réttum aðilum eða fyrir hana lagt af Alþ. að gera eitthvað annað, þá er ég samþykkur hv. þm. um það, að hún eigi að skoðast sem iðnaðarfyrirtæki.

Um það tap, sem orðið hefur hjá einstöku mönnum, sem hafa smíðað báta fyrir ríkissjóð, er ekki vert að fjölyrða. En til skýringar á þessu atriði vil ég benda á það, að það er að vísu alveg rétt, að þegar maður gerir samning um ákveðið verk, þá verður maður sjálfur að bera ábyrgð á því, ef samningurinn hefur orðið manni of þungur í skauti, en á hinn bóginn vil ég benda á það, að þetta er líklega í fyrsta sinn í sögu landsins, sem ríkisvaldið hefur gert stórkostlegan verksamning á sviði skipasmíða við marga aðila í landinu og með dálitið nýstárlegum hætti, og var fylgt tekniskum reglum, svo sem vera ber. Ríkisstj. hafði lærðan mann á þessu sviði, og við þann lærða mann sömdu svo þessar skipasmíðastöðvar, og það má vel vera, að þeim hafi kannske skotizt yfir í einhverjum þeim skuldbindingum, sem þeir undirgengust. Venjulega, þegar einhver byggir fyrir mann, er það ekki undir svo ströngum formúlum, að það geti ekki lent á eigandanum, ef eitthvað kemur fyrir. Það er annað, sem getur líka skýrt það tap, sem menn hér hafa orðið fyrir hér og er mismunandi mikið, að menn eru misjafnlega fyrirhyggjusamir að afla þeirra hluta, sem þarf, þegar framkvæmd eru svona verk, og sé ekki einhver hlutur pantaður í tíma, þá lendi menn í því að kaupa hann á hærra verði. Ég bendi á þetta sem hugsanlega möguleika. Það eru margar utanaðkomandi ástæður, sem geta valdið því, að menn tapi á svona verkum, þó að þeir haldi, að þeir hafi gert samning, sem fyrirbyggi það. Og ég er hræddur um, að það hafi hent þessa menn marga.

Út af þeim aths., sem hv. þm. Barð. gerði hér, vil ég taka það fram, að þær eiga allar við á allt öðrum vettvangi. Ég skil, að þær muni vera sérstaklega ljósar fyrir honum, þar sem hann er form. og frsm. fjvn. á Alþ., og í raun og veru ættu allar þessar aths. þm. að koma fram á þeim vettvangi. Ég sé mér ekki fært að svara þeim hér. Ég tel t. d., að það sé fánýtt að hafa hér umr. um verk fiskimálan. frá árinu 1945 og þeirra manna, sem í henni voru, því að hér er enginn til að forsvara þeirra gerðir eða verja einstök framkvæmdaratriði, sem þeir hafa séð um. Ég taldi fram svona almennt þær málsbætur, sem voru til fyrir sjálfri ráðstöfuninni, fiskflutningunum, að þeir voru framkvæmdir, en ég sé mér á engan hátt fært að fara út í einstök framkvæmdaratriði, enda álít ég það ekki viðeigandi í þessari hv. d. Ég vil alls ekki, að mín orð séu skilin þannig, að ég hafi haldið á þeim tíma, að saltfiskverzlun ætti ekki rétt á sér. Ég er einn af þeim, sem alltaf hafa verið með því, að henni væri haldið í heiðri, og benti þráfaldlega hraðfrystihúsaákafamönnunum á þá staðreynd, að hinir gömlu saltfiskmarkaðir, sem við höfðum haft fyrr á árum, mundu verða okkur nokkuð öruggir í framtíðinni, þegar stríðsvíman væri liðin hjá. En á þessum árum var hægt að selja allt nýtt, sem hafði höfuð og sporð, á brezka markaðinum og var mönnum hér heima vorkunn, þó að þeir tækju heldur kelduna en krókinn, þ. e. a. s. sendu fiskinn á enska markaðinn heldur en að halda við saltfiskverkun hér heima, með því kaupgjaldi, sem þá var.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vonast til, að málið geti nú fengið fylgi hér í hv. d. Okkur stendur svo öllum opin leið að því sem þm. að draga hvaða atriði af þessu sem vera vill inn í umr. í Sþ. Það er leitt, að

enginn úr hæstv. ríkisstj. skuli hafa hlustað á þær aths., sem hv. þm. hafa hér gert um þessi atriði. Þó að okkur öllum sé lærdómsrikt á þær að hlýða, þá er það þó mestur lærdómur fyrir þá, sem bera hita og þunga dagsins af stjórnarráðstöfunum þá og þá stundina.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 721).

23. Fjárlög 1950.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 [38. mál] (stjfrv., A. 49).

Á 12. fundi í Sþ., 20. des., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Háttvirtu hlustendur. Vegna þess, að stjórnarskipti urðu 6. þ. m., hefur það komið í minn hlut að þessu sinni að gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs undanfarið og skýra frumvarp það til fjárlaga, sem fyrrv. fjmrh. hefur lagt fyrir Alþingi. Ég mun ekki á þessu stigi bera fram neinar breytingar við frv., en mun ræða það síðar við hv. fjvn. í samræmi við þá stefnu í fjármálum ríkisins, sem ég tel að eigi að fylgja eins og sakir standa og síðar kemur fram í þessari ræðu. Ég mun skipta ræðunni í þrjá höfuðkafla og gera í fyrsta lagi grein fyrir afkomu ársins 1948, því næst mun ég gefa bráðabirgðayfirlit um afkomu yfirstandandi árs og að síðustu ræða frv. til fjárlaga 1950 og ýmsar ráðstafanir í sambandi við fjárhag landsins og fjárhagsástandið yfirleitt.

Stefna ríkisvaldsins í fjármálum hefur áhrif á allt atvinnu- og fjármálalíf landsins. Þess vegna er nauðsynlegt við slíkt yfirlit sem þetta að geta myndað sér ljósa skoðun um það, hvernig fjármálastefna ríkisvaldsins undanfarið hefur verið og hvaða áhrif hún hefur haft í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Það er svo hlutverk Alþingis að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til leiðréttingar því, sem aflaga kann að fara, svo að ekki sé teflt hagsmunum þjóðarinnar í hættu.

Ríkisreikningurinn 1948: Ég mun fyrst gera grein fyrir afkomu ársins 1948. Reikningur fyrir það ár liggur nú fyrir og verður afhentur fjvn. til athugunar, eins og venja er til. Það, sem einkennir afkomu þessa árs, er, að rekstrarreikningur sýnir rúmlega 8 millj. kr. hagnað, en sjóðreikningur sýnir mikinn halla, eða 69 millj. kr., sem er að mestu leyti raunverulegur greiðsluhalli fjárlaganna, þegar frá er dregið lán til ýmissa fyrirtækja af Marshallláni, er nemur rúmlega 12 millj. kr. Þessi mikli greiðsluhalli stafar af margs konar greiðslum, sem ríkissjóður hefur neyðzt til að standa straum af, og kem ég að því síðar.

Rekstrartekjur ársins voru áætlaðar kr. 221411150, en urðu 264697827, eða kr. 43286677 fram yfir áætlun.

Rekstrarútgjöld urðu kr. 256471235.00, í stað áætlunar fjárlaga kr. 221084171.00, og var greitt umfram áætlun kr. 35387064.00. Verður því rekstrarhagnaður aðeins kr. 8226592.00.

Tekjur í einstökum greinum urðu sem hér segir:

2. grein. Skattar og tollar.	Fjárlög	Reikningur	Umfr. fjárlög
Tekju- og eignarskattur	40000000.00	58016928.03	18016928.03
Stríðsgróðaskattur (hluti ríkissjóðs)	3000000.00	4256764.63	1256764.63
Vörumagnstollur	18000000.00	22924012.13	4924012.13
Verðtollur	60000000.00	58048675.03	÷1951324.97
Innflutningsgjald af benzíni	4000000.00	3556636.71	÷443363.29
Gjald af innl. tollvörum	3000000.00	5749343.83	2749343.83
Söluskattur	19000000.00	16741352.13	÷2258647.87
Fasteignaskattur	600000.00	692003.90	92003.90
Lestagjald af skipum	120000.00	243406.00	123406.00
Bifreiðaskattur	3300000.00	3544387.14	244387.14
Aukatekjur	1600000.00	2044318.50	444318.50
Stimpilgjald	4000000.00	5311889.22	1311889.22
Vitagjald	800000.00	853974.86	53974.86
Leyfisbréfagjald	150000.00	102977.28	÷47022.72
Erfðafjárskattur	300000.00	605841.81	305841.81
Veitingaskattur	1000000.00	2694522.84	1694522.84
	158870000.00	185387034.04	26517034.04
— Endurgr. tekjur, fellt úr eftirst. og hækkun eftirst.		6876727.24	6876727.24
	Kr. 158870000.00	178510306.80	19640306.80

3. grein A. Tekjur af rekstri ríkisstofnana.	Fjárlög	Reikningur	Umfr. fjárlög
Landssíminn	694500.00	2483340.72	1788840.72
Áfengisverzlunin	42000000.00	52893255.92	10893255.92
Tóbakseinkasalan	17500000.00	23685338.64	6185338.64
Ríkisútvarpið og viðtækjaverzl.	937185.00	1681555.93	744370.93
Ríkisprentsmiðjan	314749.00	238897.15	÷75851.85
Trésmiðjan	16291.00	13182.91	÷3108.09
Áburðarsalan		178299.94	178299.94
Grænmetisverzlunin		133107.55	133107.55
Landssmiðjan		145318.11	145318.11
Ríkisbúin		194382.88	194382.88
	61462725.00	81646679.75	20183954.75
— Halli póstsjóðs		714081.53	714081.53
Kr.	61462725.00	80932598.22	19469873.22
3. grein B. Tekjur af fasteign (Arnarhváll)	10000.00	3254.45	÷6745.55
4. grein. Vaxtatekjur.	968425.00	1805186.51	836761.51
5. grein. Óvissar tekjur.	100000.00	3446481.53	3346481.53
Tekjur samtals	221411150.00	264697827.51	43286677.51

Gjöldin urðu svo sem hér segir:		Fjárlög	Reikningur	Umfr. fjárlög
7. gr.	Vextir	5363543.00	6457513.73	1093970.73
8. —	Forsetaembættið	287482.00	330412.24	42930.24
9. —	Alþingiskostnaður	1515576.00	2238799.51	723223.51
10. — I.	Stjórnarráðið	2845450.00	3558096.79	712646.79
10. — II.	Hagstofan	359751.00	337909.45	÷21841.55
10. — III.	Utanríkismál	1386100.00	2822173.21	1436073.21
11. — A.	Dómgæzla og lögreglustj.	10433184.00	12012411.01	1579277.01
11. — B.	Opinbert eftirlit	853105.00	2483543.61	1630438.61
11. — C.	Kostn. v/innh. tolla og skatta	4681383.00	5485357.95	803974.95
11. — D.	Sameiginl. kostn. við embættisrekstur	850000.00	1318903.02	468903.02
12. —	Heilbrigðismál	10222490.00	11994410.54	1771920.54
13. — A.	Vegamál	21491100.00	25224155.78	3733055.78
13. — B.	Samgöngur á sjó	3342000.00	5504126.63	2162126.63
13. — C.	Vitamál og hafnargerðir	8703790.00	7410719.86	÷1293070.14
13. — D.	Flugmál	1810825.00	2312257.90	501432.90
14. — A.	Kirkjumál	3274550.00	3583769.77	309219.77
14. — B.	Kennslumál	27355313.00	29495489.84	2140176.84
15. — A.	Söfn, bókaútgáfa og listir	2579965.00	2670207.63	90242.63
15. — B.	Rannsóknir í opinb. þágu	3811758.00	3731400.10	÷80357.90
16. — A.	Landbúnaðarmál	16783187.00	17069223.78	286036.78
16. — B.	Sjávarútvegsmál	1013500.00	1005676.54	÷7823.46
16. — C.	Iðnaðarmál	651220.00	563720.00	÷87500.00
16. — D.	Raforkumál	5110000.00	5696807.23	586807.23
17. —	Félagsmál	25642840.00	25290067.64	÷352772.36
18. —	Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóða	5216059.00	5928066.86	712007.86
19. — I.	Dýrtíðarráðstafanir	55000000.00	65175024.37	10175024.37
19. — II.	Óviss útgjöld	500000.00	2056192.75	1556192.75
22. —	Heimildarlög		987008.07	987008.07
	Sérstök lög		1294531.87	1294531.87
	Þingsályktanir		129519.21	129519.21
	Væntanleg fjáraukalög		2303738.55	2303738.55
		221084171.00	256471235.44	35387064.44
	Rekstrarhagnaður	326979.00	8226592.07	
	Kr.	221411150.00	264697827.51	

Um tekjubálkinn í einstökum atriðum er þetta að segja:

Skattar: Tekju- og eignar- og stríðsgróðaskattar hafa farið verulega fram úr áætlun, eða rúmlega 19 milljónir. Hins vegar mun söluskatturinn hafa staðizt áætlun, þótt 2 milljónir hafi ekki komið fyrr en á reikning 1949. Fasteignaskattur og bifreiðaskattur hafa vel staðizt áætlun. En erfðafjárskattur og veitingaskattur eru hvor um sig helmingi hærri en áætlað var.

Tollar: Verðtollurinn hefur ekki alveg náð áætlun, og munar þar um 2 milljónum. Stafar þetta af því, að innflutningurinn hafði á árinu dregizt meira saman en búizt hafði verið við, einkum innflutningur þeirra vara, sem mestan bera verðtoll.

Vörumagnstollurinn hefur aftur á móti orðið hærri en áætlað var og nemur hækkunin um 5 millj. kr.

Innflutningsgjald af benzíni varð 3½ millj. kr. í stað 4 millj., sem áætlað var. Gjald af innlendum tollvörum fór 2.7 millj. fram úr áætlun, sem stafar af tollhækkun á þessum vörum, sem fór fram á árinu.

Aðrar tekjur, svo sem lestagjald af skipum, vitagjald og stimpilgjald, hafa farið nokkuð fram úr áætlun, sömuleiðis aukatekjurnar.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana: Segja má, að flestar ríkisstofnanir hafi skilað meiri rekstrarhagnaði en áætlað var, og fer hagnaðurinn samtals rúmlega 20 millj. kr. fram úr áætlun. Áfengisverzlunin skilaði 59.2 millj. kr. hagnaði í stað 42 millj. kr., sem áætlað var. Tóbakseinkasalan skilaði 23.7 millj. kr., í stað 17.5 millj. kr. Landssíminn og ríkisútvarpið skiluðu mjög verulegum tekjuafgangi. Póstsjóður sýndi 714 þús. kr. rekstrarhalla, en á fjárl. var ekki gert ráð fyrir rekstrarhalla.

Um gjaldabálkinn skal ég taka eftirfarandi fram, til skýringar á einstökum greinum:

7. gr. Vextir af lánum, umframgreiðsla kr. 1093970.73, stafar af auknum vöxtum vegna lausaskulda ríkissjóðs. Lausaskuldirnar voru í ársbyrjun 80.9 millj. kr., en voru í árslok 93.2 millj. kr.

9. gr. Alþingiskostnaður, umframgreiðsla kr. 723223,51, stafar af vaxandi útgjöldum Alþingis og lengra þinghaldi en árið áður. Árið 1947 stóð þing í 176 daga, en árið 1948 í 220 daga.

10. gr. Stjórnarráðið, umframgreiðsla kr. 712646.79, stafar að nokkru leyti af hækkuðum vinnukostnaði hjá nokkrum ráðuneytum, sérstaklega félmrn., 131 þús., og ýmsum öðrum kostnaði ráðuneytanna (309 þús.).

10. gr. Hagstofan. Þar er reikningur lægri en fjárlög, sem nemur 22 þús. kr. Mér finnst skylt að taka það fram um þessa stofnun, að hún er mjög til fyrirmyndar um það, hvernig hún heldur sér innan þeirra marka, sem fjárlög setja um útgjöldin.

10. gr. Utanríkismál, umframgreiðsla kr. 1436073.21, stafar að nokkru leyti af vaxandi kostnaði við flest sendiráðin, af auknum kostnaði við þátttöku í alþjóðaráðstefnum og samninga um milliríkjaviðskipti og af kostnaði við húsnæði sendiráðsins í London.

11. gr. A. Dómgæzla og lögreglustjórn, umframgreiðsla kr. 1579227.01, stafar af auknum lögreglukostnaði, auknum kostnaði við landhelgisgæzlu (830 þús.), ásamt nokkrum smærri liðum.

11. gr. B. Opinbert eftirlit, umframgreiðsla kr. 1630438.61. Aukinn kostnaður kemur fram hjá bifreiðaeftirliti ríkisins (203 þús.), hjá eftirliti með skipulagi bæja (108 þús.), matvælaeftirliti (96 þús.). En rétt er að geta þess, að þessar eftirlitsstofnanir fá tekjur móti kostnaði.

Kostnaður við eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum er þessi:

Fjárhagsráð	kr.	914499.38
Viðskiptanefnd	—	887427.76
Verðlagseftirlit	—	627451.93
Skömmtunarskrifstofa	—	1016044.83
Kauplagsnefnd	—	15089.20
Samtals	kr.	3460513.10
Frá dregst, tekjur	—	2043654.72

Kostnaður umfram tekjur .... kr. 1416858,38, sem kemur fram sem aðalumframgreiðsla á 11. gr. B.

11. gr. C. Innheimta tolla og skatta. Umframgreiðsla kr. 803974.95, liggur að mestu leyti í hækkuðum kostnaði við skattanefndir (615 þús.) og auknum rekstrarkostnaði skattstofunnar (116 þús.).

11. gr. D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur, umframgreiðsla kr. 468903.02, stafar af hækkun á símakostnaði og burðargjöldum hjá embættismönnum og opinberum stofnunum.

12. gr. Heilbrigðismál. Umframgreiðsla kr. 1771920.54. Útgjöld til berklavarna hafa farið kr. 580 þús. fram úr áætlun, styrkur til sjúkra manna og örkumla 833 þús. kr. fram úr áætlun. Umframgreiðsla á þessum tveimur liðum nemur 1413 þús. kr. Laun héraðslækna hafa farið 177 þús. kr. fram úr áætlun, ásamt nokkrum smærri liðum. Annars má segja, að útgjöld séu innan rekstraráætlunar í reikningum spítalanna og heilsuhælanna, en tekjuáætlun þessara stofnana hefur reynzt of há, og því halli á rekstrinum nokkru meiri en áætlað hafði verið. Til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum hefur verið greitt 55 þús. kr. umfram áætlun. Hins vegar hefur ekki verið greitt nema 200 þús. af 300 þús. kr. fjárveitingu til byggingar fjórðungssjúkrahúss á Akureyri.

13. gr. A. Vegamál. Umframgreiðsla kr. 3733055.78. Stafar það nær eingöngu af því, að viðhald og endurbætur vega hafa farið mikið fram úr áætlun, eða samtals rúmar 4 millj. kr. Hins vegar hafa ekki verið notaðar nokkrar fjárveitingar til brúargerða, sem koma til frádráttar.

13. gr. B. Samgöngur á sjó. Umframgreiðsla kr. 2162126.00. Tapið á rekstri strandferðanna hefur orðið miklu meira en áætlað hafði verið. Áætlunin var 2,4 millj. kr., en rekstrarhallinn reyndist 4,6 millj. kr. Þess er þó að geta, að hagnaður af rekstri olíuflutningaskipsins

„Þyrils", kr. 796440.00, er dreginn frá tapi strandferðaskipanna, sem hefur þá raunverulega verið 5,4 millj. kr.

13. gr. C. Vitamál, hafnargerðir. Þar hafa útgjöldin reynzt 1,3 millj. kr. lægri en áætlað var. Stafar það af því, að fjárveitingar hafa víða ekki verið notaðar til fulls. Enn fremur vegna tekna af áhaldaleigu o. fl., 627 þús. kr., sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl.

13. gr. D. Flugmál. Umframgreiðsla kr. 501432.00. Stafar það af hækkun á stjórnarkostnaði og sameiginlegum kostnaði 187 þús. kr., ásamt ýmsum öðrum kostnaðarliðum, sem fara fram úr áætlun. Fyrning er færð með 371 þús., sem ekki virðist tekið í fjárlög. Hins vegar er ekki notað 90 þús. af fjárveitingu til rekstrar fjarskiptistöðvar, og talsverður hluti af fjárveitingu til viðhalds flugvalla utan Reykjavíkur. Tekjur af flugvöllunum hafa farið fram úr áætlun, en hins vegar hefur vaxið kostnaður við flugumferðarstjórn.

14. gr. A. Kirkjumál. Umframgreiðsla kr. 309219.00, sem stafar af auknum kostnaði við endurbætur á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum og of lágt áætlaðri verðlagsuppbót.

14. gr. B. Kennslumál. Umframgreiðsla kr. 2140176.00. Verðlagsuppbót kennara í föstum skólum hækkar um kr. 2257885.00, sem stafar af vantalinni verðlagsuppbót (sjá fjárlagafrv. 1949). Styrkur til byggingar barnaskóla, ekki notað nema 2,2 millj. af 3,5 millj. fjárveitingu. Endurgreiðsla á ¼ af kostnaði barnaskóla hefur orðið 1,1 millj. í stað 0,7 millj. kr. áætlað. Grunnlaun héraðs- og gagnfræðaskóla, ásamt dýrtíðaruppbót, hefur hækkað um 400 þús. kr., og hluti ríkissjóðs af öðrum kostnaði þeirra skóla um 643 þús. kr. Hins vegar hefur ekki verið notað 655 þús. kr. af fjárveitingu til stofnkostnaðar héraðs- og gagnfræðaskóla. Að öðru leyti virðist ekki um stórvægilegar breytingar að ræða frá áætlun fjárlaga á þessari grein.

16. gr. Landbúnaðarmál. Umframgreiðsla kr. 286036.00. Jarðabótastyrkurinn hefur farið 626 þús. kr. fram úr áætlun. Hins vegar voru ekki notaðar að fullu fjárveitingar til fyrirhleðslu Þverár (175 þús. kr.), til vélasjóðs (70 þús.), til skóggræðslu (82 þús.) og til bygginga nýrra mjólkurstöðva (88 þús.).

16. gr. D. Raforkumál. Umframgreiðsla kr. 586807.00 Mismunur kemur fram bæði á áætluðum tekjum og gjöldum, en heildarmunur er ekki mikill. Fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda (styrkur til stofnkostn. héraðsveitna) fór nærri 700 þús. kr. fram úr áætlun. Annars virðist ekki sérstök ástæða til að gera að umræðuefni ýmsa liði greinarinnar í þessu yfirliti.

17. gr. Félagsmál. Greiðslur á þessari grein eru nokkru lægri en áætlun fjárlaga, sem var 25,6 millj. kr., en greiðslurnar námu 25,3 millj. kr. Yfirleitt eru greiðslurnar að mestu í samræmi við fjárlögin. Af fjárveitingu til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna hefur ekki verið notað 270 þús.

18. gr. Eftirlaun og tillag til lífeyrissjóða. Umframgreiðsla kr. 712007.00. Mismunurinn liggur í hærra framlagi til lífeyrissjóða en áætlað hafði verið, og nemur það 421 þús. kr. Stafar af of lágri áætlun. Enn fremur verðlagsuppbót á greiðslur úr lífeyrissjóði embættismanna, 210 þús. kr., sem ekki er gert ráð fyrir í fjárl.

19. gr. Dýrtíðarráðstafanir. Umframgreiðsla kr. 10175024.00. Þessi liður hefur jafnan verið nokkuð lauslega áætlaður, og var veitt í fjárl. 55 millj. kr. í einu lagi til alls konar dýrtíðarráðstafana. Ég vil því skýra frá því, hvernig þessi útgjöld sundurliðast.

A. Innanlandsneyzla:			
Endurgr. v/ kjötneyzlu 20/9 '45 til 20/9 '46	11160.55		
— — 20/9 '46 til 20/9 '47	72671.15		
— — 20/9 '47 til 20/9 '48	21369455.90		
	21453287.60		
Til verðlækkunar á kjöti (framleiðsluráð landb.).	4576047.92		
			26029335.52
Til verðlækkunar á mjólk			4744146.06
— — „ ísl. smjöri			3305193.28
— — „ erl. —			3780439.81
— — „ smjörlíki			4046914,90
— — „ kartöflum			2003389.58
— — „ saltfiski			701725.85
			44611145.00
B. Útflutningsuppbætur:			
Kjötframleiðsla haustið 1947	3766502.88		
Ull, framleiðsla 1943—1945	1036652.20		
Fiskábyrgð vegna framl. 1947	692374.80		
— — — 1948	13799934.49		
Vetrarlýsi 1947—1948	1268415.00		20563879.37
		Samtals kr.	65175024.37

Greiðslur samkvæmt heimildarlögum. Samtals 987 þús. Af því eru stærstu gjaldaliðirnir:
Til ferjuhafna ..... 120 þús.
— byggingar sjóm.heimilis í Vestm. .. 100 —
— brimbrjóts í Bolungavík ..... 355 —
Vegna vegabóta í Rauðasandshreppi .. 100 —
(í viðurk.skyni fyrir björgunarafrek)

Greiðslur skv. sérstökum lögum 1.3 millj. kr. Stærstu gjöldin undir þessum lið eru þessi:
Lög nr. 98 '33, um prestakallasjóð .. 108 þús.
Lög nr. 114 '40, um lífeyrissj. ljósmæðra 163 —
Lög nr. 7 '45, um jarðr.samþ. í sveitum 139 —
Lög nr. 24 '45, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar ..... 155 —
Lög nr. 27 '45, um eyðingu á rottum .. 252 —
Lög nr. 128 '47, um fiskábyrgðarnefnd 96 —

Greiðslur vegna þingsályktana, 129 þús. Stærsta greiðslan er vegna byggingar Breiðafjarðarbáts, 100 þús. Hitt er kostnaður vegna Alþingissögu og smákostnaður vegna fiskflutninga.

Væntanleg fjáraukalög, 2.3 millj. kr. Stærstu liðirnir eru þessir:
Bessastaðir: Viðhald mannvirkja .... 129 þús.
— Viðgerð kirkjunnar ..... 212 —
Viðhald prestssetra ..... 121 —
Dýpkunarkostn. á Rifi ..... 240 —
Flutningskostn. á síld 1947—48 ..... 421 —
Kostn. við undirbúning tunnuverksm. 149 —
Tap á farþegaakstri, Hafnarfj.leið .... 293 —
— - — , Norðurleið ..... 166 —
Auk þess eru ýmis gjöld vegna alþjóðasamtaka, er nema 173 þús. kr.

Eignahreyfingar samkv. 20. gr. Eins og áður er sagt, varð rekstrarafgangur 8.2 millj. kr. Allur greiðsluhalli fjárlaganna, sem varð 69 millj. kr., stafar því frá greiðslum á 20. gr., sem sýnist hafa runnið til eignaaukningar hjá ríkinu og ríkisstofnunum, eða sem lán til ýmissa aðila, sem ríkissjóður hefur þurft að veita stuðning, beint eða óbeint. Hér fer á eftir sundurliðun á tekjum og gjöldum 20. gr.:

Inn:	Fjárlög	Reikn.
I. Fyrningar	1646100.00	3415533.60
II. Útdregin verðbréf	100000.00	84900.00
III. Endurgr. fyrirframgreiðslur frá árinu 1947	10000.00	730000.00
IV. Endurgreidd lán	50000.00	1115085.84
V. Andvirði seldra eigna		1118215.00
VI. Innb. ýmsar innstæður		289630.45
VII. Tekin lán:		
a. Innlend		48044100.00
b. Í Bandaríkjunum (Marshalllán)		12231529.80
VIII. Auknar lausaskuldir		16389102.98
IX. Innborgað fé til geymslu		5204309.47
Kr.	1806100.00	88622407.14

Út:	Fjárlög	Reikn.
I. Afborganir lána:		
a. Ríkissjóðslán	10778025.00	3403745.46
b. Lán ríkisstofnana	689100.00	568946.61
II. Eignaaukning landssímans	4100000.00	3827590.75
III. Til bygginga á jörðum ríkisins og til jarðakaupa	300000.00	442858.15
IV. Til viðbótarhúsnæðis ríkisspítalanna	1530000.00	1245000.00
V. Til byggingar fávitahælis	200000.00	
VI. Eignaaukning vitamála	1000000.00	876937.26
VII. Til flugvallagerða og lendingarbóta	1550000.00	1004070.98
VIII. Til byggingar menntaskóla í Reykjavík	250000.00	
IX. Til byggingar heimavistarhúss við Menntask. á Akureyri	550000.00	357500.00
X. Til byggingar íþróttakennaraskóla	200000.00	130000.00
XI. Til byggingar þjóðminjasafns	500000.00	1375000.00
XII. Til bygg. skólastjórabúst. á Hólum	65000.00	65000.00
XIII. Til byggingar ráðsmannsbústaðar á Hvanneyri 100000.00	95000.00	
Aðrar byggingar 491358.77		591358.77
XIV. Til byggingar bændaskóla í Skálholti	250000.00	225000.00
XV. Til byggingar varðskipa	850000.00	423609.25
XVI. Til bygginga á prestssetrum	900000.00	751393.19
XVII. Til bygg. emb.búst. fyrir héraðsdómara	500000.00	916885.00
XVIII. Til byggingar á Reykjum í Ölfusi	50000.00	202386.79
XIX. Til byggingar útihúsa á prestssetrum	100000.00	
XX. Til byggingar sjómannaskóla	850000.00	502500.00
XXI. Til samábyrgðar Ísl. á fiskiskipum	1500000.00	450000.00
XXII. Til byggingar Arnarhváls		1150000.00
XXIII. Til byggingar og kaupa á strandferðaskipum		5334397.45
XXIV. Til byggingar rannsóknarstöðvar á Keldum		700000.00
XXV. Til byggingar landshafna		1103000.00
XXVI. Til húsbyggingarsjóða ríkisfyrirtækja		1596837.62

	Fjárlög	Reikn.
XXVII. Önnur eignaaukning ríkisfyrirtækja (rekstrarfé o. fl.) ..		3986072.48
XXVIII. Keypt verðbréf		134350.00
XXIX. Keyptar ýmsar eignir		1533650.00
XXX. Veitt lán		34165018.35
XXXI. Veitt lán vegna ábyrgða		6690593.90
XXXII. Auknar innstæður hjá ýmsum		3983536.62
XXXIII. Greitt af lausaskuldum		4095902.75
XXXIV. Greitt af geymdu fé		5989837.67
XXXV. Fyrirfram greitt vegna fjárlaga 1949		1377722.01
	Kr. 26807125.00	89200701.06

Æskilegt væri að gefa nánari skýringu á ýmsum gjaldaliðunum, en vegna þess, að það mundi verða of langt mál, ætla ég að láta nægja að gefa skýrslu um það, á hvern hátt hefur verið mætt greiðsluhallanum. Enn fremur sundurliðun á liðunum „veitt lán“ og „veitt lán vegna ábyrgða.“

Yfirlit um greiðsluhalla ríkissjóðs 1948. Greiðslur úr ríkissjóði skv. 20. gr. námu:

Samkvæmt fjárlagaliðum	17359782.21	
Utan fjárlaga	71840918.85	
		89200701.06
Innborgað í ríkissjóð samkvæmt 20. gr.:		
Samkvæmt fjárlagaliðum	6463734.44	
Innborgaðar ýmsar innstæður	289630.45	
Innborgað fé til geymslu	5204309.47	
		11957674.36
		77243026.70
÷ Rekstrarhagnaður		8226592.07
		69016434.63

Þessum greiðsluhalla var mætt með lántökum:

A. Föstum innlendum lánum:		
Hjá Tryggingastofnun ríkisins	9000000.00	
Lán vegna bygginga landshafna	1087000.00	
Eignakönnunarbréf	9180000.00*)	
Happdrættislán (A-flokkur)	15000000.00	
Lán í Landsbankanum vegna smíði strandferðaskipa	8000000.00	
Lán í Búnaðarbankanum v/byggingarsjóðs	4000000.00	
Lán vegna ýmissa bygginga	702100.00	
		48044100.00
B. Í Bandaríkjunum (Marshalllán $ 1830327.41)		12231529.80
C. Lausaskuldum:		
Hjá Handelsbanken í Kaupmannahöfn	412180.00	
Auknar innstæður ýmissa hjá sendiráðunum	959241.83	
Nefnd setuliðsviðskipta	1725000.00	
Víxillán hjá Tryggingastofnun ríkisins	1000000.00	
— — Búnaðarbanka	610000.00	
— — Útvegsbanka	450000.00	
Aukinn yfirdr. á hlaupar. í Landsbanka	10575910.19	
— — - — - Útvegsbanka	656770.96	
		16389102.98
		76664732.78
*) Upphæð þessi var lögð inn á hlr. í bönkunum í sérstöku augnamiði, og í árslok 1948 stóðu þar eftir		÷7648298.15
		Kr. 69016434.63

Sundurliðun á liðnum „veitt lán“ 1948: Þar ætla ég að lesa upp helztu upphæðirnar. Það er lán til Ræktunarsjóðs Íslands kr. 2500000.00, lán til Byggingarsjóðs í Búnaðarbanka kr. 4899785.70, lán til ýmissa fyrirtækja (Marshallfé) kr. 12231529.80, lán til útvegsmanna vegna síldveiða 1947 kr. 5000000.00, lán til Reykjavíkurbæjar vegna húsabygginga kr. 4800000.00, lán

til Ísafjarðarkaupstaðar vegna húsabygginga kr. 200000.00, lán til bygginga dieselrafstöðva kr. 250000.00, lán til framkvæmda í Höfðakaupstað kr. 325000.00, lán til bátasmíði innanlands kr. 851627.97, lán til Tunnuverksmiðju ríkisins kr. 243876.54, lán til Ferðaskrifstofu ríkisins kr. 202000.00, lán til smjörkaupa kr. 1468704.93, lán til útflutnings á hrossum kr. 641004.60, lán til hreinsunar Hvalfjarðar kr. 213000.00, sem er nú víst vafasamt, hvar á að koma. Og svo eru ýmsar smærri upphæðir í þessari sundurliðun, sem ég hirði ekki að lesa.

Þá koma „veitt lán vegna ábyrgða". Í þeirri sundurliðun eru stærstu liðirnir þessir: Hafnargerð á Skagaströnd kr. 176523.53, Siglufjarðarkaupstaður — Skeiðsfossvirkjun — kr. 621168.37, Siglufjarðarkaupstaður — Rauðka — kr. 101340.00, Síldarverksmiðjur ríkisins kr. 4388122.16, Andakílsárvirkjun kr. 262365.00, greiðslur vegna síldarútvegsins 1948 kr. 625627.75, og svo eru nokkrar smærri greiðslur.

Í árslok 1948 voru skuldir ríkisins svo sem hér segir:

I.	Innlend lán	67798043.01
II.	Dönsk lán	4429894.91
III.	Lán í Bandar. (Marshalllán)	12231529.80
IV.	Erl. lán v/ ríkisfyrirtækja	648945.00
V.	Lausaskuldir	93253236.05
VI.	Geymt fé	20018181.01
	Samtals kr.	198379829.78

Ég hirði ekki um að lesa sundurliðun á þessu, enda tel ég það ekki nauðsynlegt.

Skuldir ríkisins í árslok 1947 námu 130 millj. kr. Skuldirnar hafa því á árinu 1948 aukizt um 68 millj. kr. Af því er lán í Bandaríkjunum 12.2 millj. kr., sem ríkissjóður er aðili að, en lánað hefur verið aftur að mestu leyti til byggingar framleiðslutækja, er eiga að standa straum af láninu. Hin eiginlega skuldbinding er því um 56 millj. kr., sem gera má ráð fyrir, að ríkissjóður verði fyrst um sinn að leggja sér á herðar að mestu leyti, þótt ýmislegt af því eigi að teljast afturkræft.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að skuldaaukningin er aðallega falin í lántökum innanlands. Skuldaaukningin erlendis er Marshalllánið, 12.2 millj., og yfirdráttarlán í dönskum banka, 412 þús. kr.

Með því, sem að framan er sagt, þykist ég hafa gert allýtarlega grein fyrir afkomu ársins 1948. Ég tel ástæðulaust að láta fylgja því frekari athugasemdir. Vegna þess að nú er nærri ár liðið frá því þessu fjárhagsári lauk, mun ég ekki rekja neinn samanburð á því og ástandi líðandi stundar, heldur víkja að því að gefa bráðabirgðayfirlit um fjárhagsafkomu þessa árs og ræða það viðhorf, sem nú er um afkomu ríkissjóðs og mestu varðar.

Nú liggja fyrir tölur um tekjur og gjöld ríkissjóðs á þessu ári fram til nóvemberloka. Af þeim má mikið ráða um afkomu ársins, og verður hér reynt að gera sér grein fyrir helztu atriðum.

Skattar. Gert er ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur, ásamt tekjuskattsviðauka, verði á þessu ári um 47 millj. kr. og fari því um 7 millj. kr. fram úr áætlun. Stríðsgróðaskatturinn verður hins vegar ekki nema 4.8 millj. kr. eða 1.2 millj. kr. undir áætlun.

Tollar. Vörumagnstollurinn er búizt við að verði mjög nálægt áætlun. Verðtollurinn verður talsvert undir áætlun. Í nóvemberlok er þessi tollur aðeins 48 millj. kr. og nær sjáanlega ekki þeim 64 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Er því gert ráð fyrir, að 10 millj. kr. skorti til þess að áætlunin standist.

Tekjur dýrtíðarsjóðs. Gert er ráð fyrir, að tekjur dýrtíðarsjóðs verði í samræmi við áætlun, nema söluskattur af bifreiðum. Sá skattur hefur brugðizt og verður aðeins 1.4 millj. kr., í stað 5 millj. kr.

Vöruleyfisgjöld eru áætluð 1.4 millj. kr., þegar frá hefur verið dreginn kostnaður við viðskipta- og verðlagsmál, sem er áætlaður 2.1 millj. kr. En þessi kostnaður er of lágt áætlaður, sem meðal annars má sjá af því, að hann varð 3.4 millj. kr. 1948.

Ríkisstofnanir. Í fjárl. eru tekjur af rekstri ríkisstofnana áætlaðar 70 millj., en útlit er fyrir, að þær komist a. m. k. upp í 75 millj. kr., og er aukningin aðallega hjá áfengisverzlun og tóbakseinkasölu.

Áætlað er nú, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1949 verði sem hér segir:

1.	Tekju- og eignarskattur og tekjuskattsviðauki		ca. kr. 47000000.00
2.	Stríðsgróðaskattur, ríkissjóðshluti		- 2400000.00
3.	Vörumagnstollur		- 23000000.00
4.	Verðtollur	ca. kr. 54000000.00	
	Þar af til dýrtíðarsjóðs	- 12000000.00	- 42000000.00
5.	Innflutningsgjald af benzíni		- 9500000.00
6.	Gjald af innlendum tollvörum		- 6000000.00
7.	Fasteignaskattur		- 600000.00
8.	Lestagjald af skipum		- 250000.00
9.	Bifreiðaskattur		- 3000000.00
10.	Aukatekjur		- 1800000.00
11.	Stimpilgjald		- 4500000.00
12.	Vitagjald		- 900000.00
13.	Leyfisbréfagjald		- 100000.00
14.	Erfðafjárskattur		- 300000.00
15.	Veitingaskattur		- 2000000.00
16.	Útflutningsleyfisgjald		- 300000.00

17. Tekjur dýrtíðarsjóðs samkvæmt lögum:			
a. Af tolltekjum	kr. 12000000.00		
b. Söluskattur	- 36000000.00		
c. Leyfisgjald	- 10500000.00		
d. Söluskattur bifreiða	- 1400000.00		
		ca. kr.	59900000.00
18. Ríkisstofnanir		-	75000000.00
19. Aðrar tekjur		-	2000000.00
		kr.	280550000.00

Gjöldin áætlast eftir því, sem nú verður næst komizt:

7. gr. Vextir	áætlað	kr.	7500000.00
8. — Forsetaembættið	—	-	350000.00
9. — Alþingiskostnaður	—	-	2500000.00
10. — I. Ríkisstjórnin	—	-	3800000.00
10. — II. Hagstofan	—	-	300000.00
10. — III. Utanríkismál	—	-	3000000.00
11. — A. Dómgæzla og lögreglustjórn	—	-	12000000.00
11. — B. Opinbert eftirlit	—	-	1000000.00
11. — C. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta	—	-	5750000.00
11. — D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	—	-	1300000.00
12. — Heilbrigðismál	—	-	14000000.00
13. — A. Vegamál	—	-	28000000.00
13. — B. Samgöngur á sjó	—	-	5500000.00
13. — C. Vitamál og hafnargerðir	—	-	7500000.00
13. — D. Flugmál	—	-	2250000.00
14. — A. Kirkjumál	—	-	3500000.00
14. — B. Kennslumál	—	-	30000000.00
15. — A. Til opinberra safna o. fl.	—	-	2600000.00
15. — B. Til rannsókna í opinbera þágu	—	-	3500000.00
16. — A. Landbúnaðarmál	—	-	21500000.00
16. — B. Sjávarútvegsmál	—	-	1200000.00
16. — C. Iðnaðarmál	—	-	750000.00
16. — D. Raforkumál	—	-	5000000.00
17. — Félagsmál	—	-	25000000.00
18. — Eftirlaun o. fl.	—	-	6000000.00
19. — 1. Til dýrtíðarráðstafana	—	-	70000000.00
19. — 2. Til stuðnings bátaútveginum	—	-	7000000.00
19. — 3. Óviss útgjöld	—	-	2000000.00
Greiðsla samkvæmt heimildarlögum, sérstökum lögum og væntanlegum fjáraukalögum	—	-	7000000.00
	ca.	kr.	279300000.00

Áætlun þessi er gerð samkvæmt því, sem tekjur og gjöld hafa reynzt til nóvemberloka, og bætt við því, sem líklegt er, að enn sé ógreitt, það sem eftir er ársins. Áætlunin gerir ráð fyrir umframgreiðslum á flestum gjaldaliðum, en á þessu stigi er ekki auðvelt, enda tilgangslítið, að gera nánari grein fyrir yfirgreiðslum í einstökum atriðum.

Dýrtíðarráðstafanir. Erfitt er enn sem komið er að ákveða, hve miklu dýrtíðarsjóðsgreiðslurnar muni nema, og getur áætlun þeirra gjalda ekki orðið nákvæm. Útgjöldin eru áætluð að nemi:

1. Til verðlækkunar innanlands	33,5 millj. kr.
2. Vegna fiskábyrgðar	32,0 millj. kr.
3. Lækkun kostnaðar við framleiðslu sjávarafurða (5. gr. l. nr. 100 1948)	5,0 millj. kr.
	70,5 millj. kr.

eða um 7 millj. fram yfir áætlun.

Greiðsla vegna fiskábyrgðar sundurliðast þannig:

Freðfiskur:		
Fyrir seldan fisk	ca.	15,8 millj. kr.
Fyrir óseldan fisk	—	2,6 millj. kr.
Geymslukostnaður	—	1,6 millj. kr.
	Samtals	20 millj. kr.
Ísvarinn fiskur (bátafiskur):		
Fyrir seldan fisk	ca.	2,5 millj. kr.
	Samtals	2,5 millj. kr.
Saltfiskur:		
Fyrir seldan og óseldan fisk	ca.	5,9 millj. kr.
Rýrnun		3,1 millj. kr.
	Samtals	9 millj. kr.
Uppbætur samtals áætlað:		
Freðfiskur		20 millj. kr.
Ísvarinn fiskur		2,5 millj. kr.
Saltfiskur		9 millj. kr.
Tunnufiskur		0,2 millj. kr.
	Samtals	31,7 millj. kr.

Auk þess er krafa vegna umboðslauna frá

Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, sem nemur um 2 millj. kr. fyrir árin 1947—49.

Á 19. gr. var veitt 6,5 millj. kr. „til stuðnings bátaútveginum vegna veiðibrests 1948". Yfirgreiðsla á þessum lið verður um 500 þús. kr.

Af greiðslum samkvæmt heimildarlögum, 4,3 millj. kr., er hæst fjárhæðin til síldarverksmiðjanna, 3,3 millj. kr., til greiðslu á tapi vegna Hvalfjarðarsíldar 1947—1948.

Niðurstaðan á rekstrartekjum og rekstrargjöldum ríkissjóðs, samkvæmt áðurnefndum áætlunum, er sú, að reksturinn stendur alveg í járnum. Er þá eftir að athuga greiðslujöfnuðinn í sambandi við tekjur og gjöld á 20. gr. Um þau útgjöld er þetta að segja:

Í nóvemberlok höfðu verið greiddar um 14,8 millj. í afborganir af föstum lánum, en fjárl. gera ráð fyrir 16,5 millj. kr. í þessu skyni. Hér er um fastákveðnar greiðslur að ræða, og verður því ekki komizt hjá að reikna með því, að enn séu ógreiddar 1½ millj. kr. í afborganir. Vegna ábyrgða ríkissjóðs hefur þegar af illri nauðsyn verið greitt 4,2 millj. kr. Má búast við, að þessi liður verði ekki undir 4,5 millj. kr. Sundurliðast hann þannig:

Síldarverksmiðjur ríkisins	kr.	1541750.00
Siglufj.kaupst. vegna rafveitu	—	722939.00
Siglufj.kaupst. vegna Rauðku ..	—	304480.00
Gr. v. Búðaness h/f Stykkish. ..	—	400000.00
Byggingarsamvinnufél. Ólafsv.	—	2960.00
Andakílsárvirkjunin	—	618690.00
H/f Ísborg, Kaldrananeshreppi	—	69160.00
Vegna hafnargerða ýmissa bæjarfélaga	—	559523.00
	Kr.	4219502.00

Til bygginga á jörðum ríkisins hefur verið greitt kr. 240000.00, og fer sá liður líklega um 50 þús. kr. fram úr áætlun.

Til byggingar varðskips renna sjálfsagt þær 2 millj. kr., sem áætlaðar eru, enda mestur hluti þeirra þegar greiddur.

Fjárveitingin til ríkisspítalanna má heita fullnotuð, og sama er að segja um fjárveitingu til vitabygginga. Til flugvallargerða hefur verið greitt kr. 830 þús., en ætla má, að fjárveitingin verði fullnotuð. Til skólabygginga o. fl. hefur verið greidd 1 millj. kr. af 1,4 millj. kr. í fjárveitingu, og er ekki við að búast, að neitt sparist af fjárveitingu þessari. Fjárveitingar til bygginga á tilraunastöðvum verða sennilega notaðar að fullu, en helmingur þeirra er þegar greiddur. Greiðslur vegna bygginga á prestssetrum hafa þegar farið 60 þús. kr. fram úr fjárveitingu.

Fjárveitingin til byggingar farþegaskýlis vegna tolleftirlits verður notuð öll og enn fremur fjárveitingin til byggingar héraðsdómarabústaða.

Í stuttu máli sagt, þær 31 millj. kr., sem gjaldahlið 20. gr. fjárl. gerir ráð fyrir í ár, koma allar til gjalda, en auk þeirra hafa verið greiddar 180 þús. kr. til viðbótar við Arnarhvál og kr. 950 þús. til þess að ljúka byggingu þjóðminjasafns, kr. 350 þús. til byggingar landshafnar í Njarðvík og kr. 230 þús. til tilraunastöðvar á Skriðuklaustri.

Enn fremur hefur ríkissjóður þegar veitt og innt af hendi lán að fjárhæð rúmlega kr. 8 millj., og eru stærstu liðirnir vegna smíði 10 togara í Bretlandi og vegna smjörkaupa.

Áætlað er, að 20. gr. komi þannig út:

1. Greiðslur samkv. fjárlögum	31	millj.
2. Umframgreiðslur	2	—
3. Veitt lán	8	—
	41	millj.
4. Tekjur	5	millj.
	36	millj.

Ef þessi áætlun stenzt, sem að framan er lýst, þá verður sjóðsyfirlit þannig:

	Inn	Út
Rekstrartekjur	280 millj.	
Tekjur á 20. gr.	5 —	
Rekstrargjöld		279 millj.
Gjöld á 20. gr.		41 —
Greiðsluhalli	35 —	
	320 millj.	320 millj.

Af þessum greiðsluhalla er, eins og áður er sagt, 8 millj. í veittum lánum á árinu. Þessi lán eru svo sem hér segir:

Til dieselrafstöðva	360000.00
Til framkvæmda í Höfðakaupstað	100000.00
Embættislán	47300.00
Bráðabirgðalán erlendis	53856.00
Til bátabygginga innanlands	395000.00
Vegna smíði 10 togara	2899675.00
Vegna smjörkaupa	2809832.00
Vegna lýsisherzluverksmiðju	496297.00
Hreinsun Hvalfjarðar	100000.00
Vegna tunnuverksmiðja ríkisins ..	146273.00
Vegna viðgerðar á Sævari	288386.00
Vegna tjóns af hernaðarvöldum	95817.00
Ýmsar fyrirframgreiðslur	404818.00
	8197254.00

Eins og þessi skrá ber með sér, eru endurgreiðslur á mörgum liðum mjög vafasamar, þótt ekki sé hægt að taka þær inn í rekstrargjöld ríkissjóðs, fyrr en afgert er, að fjárhæðirnar fáist ekki endurgreiddar.

Greiðsluhalli. Greiðsluhalli ríkissjóðs á þessu ári samkvæmt ofanrituðu verður að áætlast 35 millj. kr. Til þess að mæta þessum halla hafa verið tekin föst lán að upphæð 13 millj. kr. Þarf þá enn að auka skuldir ríkissjóðs um 22 millj. til þess að standa undir öllum útgjöldum ársins.

Það, sem athyglisvert er um afkomu þessa árs fyrir utan þá alvarlegu fjárhagserfiðleika, sem yfirlitið bendir til, er sú staðreynd, að nú í fyrsta sinn í mörg ár hafa tekjurnar reynzt lægri en áætlun fjárlaga. Þetta sýnir betur en flest annað, að útfallið er byrjað og tekjustofnarnir standa ekki lengur á jafntraustum grunni og áður.

Að endingu skal ég taka fram, að í þeim gjöldum, sem hér hafa verið áætluð fyrir allt árið, hefur verið gert ráð fyrir uppbótum á laun embættismanna samkvæmt þingsályktun frá 18. maí 1949, að viðbættri 1 millj., sem

greitt hefur verið umfram, eða samtals 5 millj.

Fjárlagafrumvarpið 1950. Ég kem þá að þriðja höfuðkafla þessarar greinargerðar, sem fjallar um frv. til fjárl. fyrir árið 1950. Frv. þetta er samið og lagt fram af fyrrv. fjmrh. og túlkar því að sjálfsögðu í höfuðatriðum stefnu fyrrv. stj. um afgreiðslu fjárl. Ég hef ekki hugsað mér á þessu stigi að gera aths. eða breyt. við einstakar gr. frv. og mun því skýra það á venjulegan hátt, eins og það liggur fyrir. Hins vegar mun ég síðar, ef fyrir mér liggur að hafa frekari afskipti af því, koma fram með breyt. á því, í samvinnu við fjvn. eða á annan hátt, meðan frv. liggur fyrir þinginu. Stefnu ríkisstj. um afgreiðslu fjárl. mun ég gera grein fyrir í stórum dráttum í niðurlagi þessarar ræðu.

Rekstrartekjur ríkissjóðs á árinu eru áætlaðar 263 millj. á móti 284 millj. í fjárl. þessa árs, eða um 21 millj. lægri. Rekstrargjöld eru áætluð 226 millj. í stað 256 millj. á þessu ári. Mismunurinn er um 30 millj. Rekstrarafgangur er áætlaður 37,7 millj., en greiðsluafgangur á sjóðreikningi 4,5 millj. Sú lækkun, sem fram kemur á tekjunum, stafar af lækkun tekna af sköttum og tollum, nákvæmlega 20 millj., og er mismunurinn aðallega fólginn í því, að nokkrir liðir af tekjum dýrtíðarsjóðs árið 1949 eru ekki teknir upp í frv. (15,2 millj.), enn fremur, að áætlun um verðtollstekjur hefur lækkað um 6 millj. Lækkun gjaldanna stafar aðallega frá lækkun á 19. gr., óviss útgjöld (dýrtíðarráðstafanir), sem hefur lækkað um 37 millj. Hins vegar hafa ýmsir aðrir gjaldaliðir hækkað, og mun ég koma að því síðar.

Lækkun á útgjöldum til dýrtíðarráðstafana er eðlileg afleiðing þeirrar óvissu, er enn ríkir um lausn þessara mála, og fjárþörfin til slíkra ráðstafana fer eftir þeim ráðstöfunum, sem Alþingi kann að gera.

Um tekjubálk frv. er þetta að segja í aðaldráttum:

Skattar. Gert er ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur ásamt tekjuskattsviðauka muni á þessu ári reynast samtals um 47 millj. Skattar af hátekjum hafa farið stöðugt minnkandi, sem stafar af erfiðri afkomu sjávarútvegsins og lækkandi tekjum í verzlun og iðnaði. Mjög er farið að bera á því, að innheimta skattanna er nú erfiðari en áður, og má í því efni benda á, að greiddir skattar í nóvemberlok þessa árs eru 10 millj. lægri en á sama tíma í fyrra. Hefur ekki þótt fært að áætla þessa skatta hærra en 40 millj., eins og nú er í fjárl., og má þó búast við, að það sé fullhátt.

Álagður stríðsgróðaskattur á þessu ári hefur orðið minni en áætlaður var, og þess vegna hefur ekki verið talið fært að áætla hlut ríkissjóðs á næsta ári meira en 2 millj. kr.

Tollar. Verðtollurinn er stærsti tekjuliður ríkissjóðs. Hefur hann á þessu ári brugðizt mjög verulega, svo að nú er gert ráð fyrir, að hann muni reynast 10 millj. lægri en áætlað var. Stafar þetta af miklum samdrætti í innflutningi þeirra vara, sem verðtollur er aðallega greiddur af. Það hefur því ekki þótt annað fært en að lækka nokkuð áætlun um tekjur af þessum lið á næsta ári. Það er þó alveg komið undir gjaldeyrisástandinu og flokkun þessa innflutnings, hvort áætlunin, 58 millj., fær staðizt.

Vörumagnstollurinn hefur reynzt öruggari og mun á þessu ári standast áætlun. Hefur því þótt fært að áætla hann 23 millj., eins og hann verður þetta ár.

Gjald af innlendum tollvörutegundum hefur verið hækkað um 1,5 millj. í samræmi við reynslu þessa árs, en sú áætlun stenzt því aðeins, að þau fyrirtæki, sem tollurinn hvílir á, fái nægileg hráefni til starfrækslu sinnar. Að öðru leyti eru áætlaðar tekjur líkt og er í fjárl. þessa árs, nema bifreiðaskattur og veitingaskattur eru báðir hækkaðir. Er þó vafasamt, hvort þessar hækkanir fá staðizt, þegar litið er á útkomu þessara skatta á þessu ári.

Tekjur af ríkisstofnunum. Tekjur af ríkisstofnunum hafa verið lækkaðar í heild um nálega 2 millj. frá áætlun gildandi fjárl. Landssíminn er eina stofnunin, sem gert er ráð fyrir, að skili auknum hagnaði. Rekstrarhagnaður áfengisverzlunarinnar hefur verið áætlaður um 3 millj. lægri en nú. Ekki er gert ráð fyrir, að póstsjóður sé rekinn með halla, en vafamál má það þó teljast, þar sem búizt er við miklum halla af rekstri póstsins á þessu ári.

Að öðru leyti vísast til skýringa, sem fylgja tekjubálki frv.

Um gjaldabálk frv. er þetta að segja:

7. gr. Vextir af lánum ríkissjóðs eru áætlaðir tæpum 2 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárl. Stafar þetta af því, að föst innlend lán hafa aukizt á árinu og allmikill hluti af dollaraláninu frá 1948 kom fyrst til útborgunar á þessu ári, og voru því ekki áætlaðir vextir af þeim hluta lánsins, þegar gengið var frá fjárl. fyrir árið í ár. Vextir af lausaskuldum eru hins vegar áætlaðir jafnháir sem í ár, og mun sízt af veita.

10. gr. Kostnaður við stjórnarráðið er áætlaður nokkru hærri en í ár vegna fjölgunar starfsfólks og aldurshækkana á laun, kostnaður við utanríkismál hækkar einnig nokkuð, og munar þar miklu um gengishækkun þá á dollar, sem varð gagnvart krónunni í haust, en hún orsakar hærra framlag í íslenzkum krónum til sendiráðanna í Washington og Moskvu.

11. gr. A. Margir liðir þessarar gr. hækka lítils háttar, en aðrir standa í stað. Aðalhækkunin er áætluð um kostnað við landhelgisgæzlu, kr. 280000,00, en alls er gr. um 450 þús. kr. hærri en núgildandi fjárl.

11. gr. B. Þótt niðurstöðutala gr. sé ekki miklu hærri í frv. en núgildandi fjárl., er þó kostnaðurinn á henni áætlaður miklu hærri, einkum kostnaður við fjárhagsráð, viðskiptanefnd og skömmtunarskrifstofu, enda var sá kostnaður allt of lágt áætlaður í fjárl. Nú er gert ráð fyrir, að öll vöruleyfisgjöldin gangi til greiðslu þessa kostnaðar, og er vafamál, að þau hrökkvi til.

11. gr. C. Kostnaður við innheimtu tolla og skatta hækkar töluvert. Hann er of lágt áætlaður í fjárl., enda lægri en hann var í fjárlfrv. fyrir árið 1949, sem þó mun varla hafa áætlað kostnaðinn nógu háan.

12. gr. Kostnaðurinn við heilbrigðismál er nokkru hærri í frv. en í núgildandi fjárl., og munar þar mestu um styrk til sjúkra manna og örkumla samkvæmt l. nr. 78 1936, sem er áætlaður 350 þús. hærri en í ár. Hins vegar er reikningsskekkja í niðurstöðutölu gr., og á hún að vera 450 þús. kr. hærri en í frv. stendur. Þetta hefur áhrif á yfirlitið og rekstrarafganginn.

13. gr. A. Frv. leggur til, að veittar verði jafnháar fjárhæðir til nýrra akvega og til viðhalds þjóðvegum sem í ár. Til brúargerða 1283 þús. lægri fjárhæð, en annars er gr. svo til óbreytt.

13. gr. B. Styrkur til flóabáta og vöruflutninga er lækkaður frá núgildandi fjárl., enda er nú skipakostur ríkisins svo góður við strandferðir, að ekki virðist þurfa að styrkja flóabátaferðir svo mikið sem undanfarið.

13. gr. C. Greinin er áætluð tæpum 1,9 millj. kr. lægri en í fjárl., og stafar það af því, að frv. veitir ekki nema 250 þús. kr. til áhaldakaupa móti 500 þús. kr. í ár. Til hafnarbótasjóðs er ekki áætlað meira en lögboðna framlagið, 300 þús. kr., í stað 1500 þús. kr. í ár, og framlag til ferjuhafna, 410 þús. kr., er fellt niður.

13. gr. D. Kostnaður við flugmál er áætlaður svipaður sem í ár, en á móti þessum kostnaði koma tekjur af flugvöllum og endurgreiðslur erlendis frá.

14. gr. B. Kostnaður við skólana er yfirleitt áætlaður nokkru hærri en í núgildandi fjárl., og stafar það að miklu leyti af hækkandi verðlagi almennt.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði við héraðs- og gagnfræðaskóla er nú áætlaður 5,45 millj. í stað 3,2 millj. í fyrra, en þá áætlaði fræðslumálastjórnin þennan kostnað allt of lágt. Veldur þetta mestu um hækkun á gr., sem er um 3,5 millj. hærri en í núgildandi fjárl.

16. gr. A. Jarðræktarstyrkirnir eru áætlaðir nokkru hærri en í núgildandi fjárl., en aðalhækkunin á þessari gr. er 1,5 millj. kr., sem kostnaður við sauðfjárveikivarnir er áætlaður hærri en í ár. Eru fjárskiptabæturnar ráðgerðar um 2,2 millj. hærri á næsta ári, en hins vegar nokkrir aðrir kostnaðarliðir sauðfjárveikivarnanna felldir niður eða lækkaðir.

19. gr. Um 19. gr. er það að segja, að á þessa gr. er aðeins tekin væntanleg greiðsla vegna verðlækkunar á vörum innanlands, 33,5 millj., eins og sú framkvæmd hefur kostað á þessu ári, svo sem hér segir:

1. Verðlækkun á kjöti	7	millj.
2. Kjötuppbætur til framleiðenda ..	6,5	—
3. Verðlækkun á mjólk	5,5	—
4. Verðlækkun á smjöri	8,5	—
5. Verðlækkun á smjörlíki	3,3	—
6. Verðlækkun á saltfiski	0,7	—
7. Verðlækkun á kartöflum	2	—
Samtals	33,5	millj.

Eins og hag ríkissjóðs er nú komið, er sýnilegt, að finna þurfi aðrar leiðir en greiðslur úr ríkissjóði til að tryggja hallalausan rekstur sjávarútvegsins á næsta ári, og þess vegna er ekki gert ráð fyrir útgjöldum í frv. í þessu skyni.

Hér er aðeins nefnt hið helzta, sem á milli ber, er fjárlfrv. fyrir árið 1950 er borið saman við núgildandi fjárl., en ýmsar nánari upplýsingar eru í aths. við frv., og vísast til þeirra til frekari skýringa.

Til viðbótar því, sem þegar hefur verið sagt, þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir framkvæmdum, sem ríkissjóður hefur haft forgöngu um og annazt fjárreiður. Á ég þar við togarakaupin, kaup á Sviþjóðarbátum og byggingu báta innanlands.

Togarakaupin. Eins og kunnugt er, lét ríkissjóður árið 1945—46 smíða 32 togara í Bretlandi, sem síðan voru seldir hér innanlands til útgerðarfélaga og bæjarfélaga. Til þess að veita hagkvæm lán út á þessi skip og aðrar nýbyggingar var stofnlánadeildin sett á stofn með 100 millj. kr. stofnfé. Enn þá hafa þessi kaup ekki verið gerð upp til fulls, og nokkur hluti þeirra er enn þungur baggi á ríkissjóði, vegna þess að 7 togarar gátu ekki fengið lán úr stofnlánadeildinni, og þurfti ríkissjóður því að taka að sér þessi lán og skuldar nú í Landsbankanum á sérstökum reikningi 17½ millj. kr., sem hann verður að greiða 7% vexti af, en fær ekki nema 2½% vexti af lánunum frá kaupendum skipanna. Eins og kunnugt er, stendur ríkissjóður í ábyrgð fyrir skipunum gagnvart stofnlánadeildinni og verður að mæta vanskilum, ef einhver verða.

Nú mun verða gerð gangskör að því að fá þessi viðskipti gerð upp og færð úr bókum ríkissjóðs. Ríkissjóður á erfitt með, eins og nú standa sakir, að taka að sér lánveitingar í stórum stíl vegna byggingar togaranna og fiskibátanna, og verður því að finna viðunandi lausn á því máli. Auk þess er hér um að ræða mikla hækkun á vaxtabyrði ríkissjóðs vegna þessara lána, sem nemur 600—700 þús. kr. á ári.

Um hin síðari togarakaup ríkissjóðs er það að segja, að ríkissjóður hefur þegar lagt út þeirra vegna 3,6 millj. kr., sem skuldað er á sérstökum reikningi í Landsbankanum. Útlit er fyrir, að ríkissjóður verði að leggja fram mikið fé vegna þessara kaupa, og verður ekki hjá því komizt að leysa ríkissjóðinn undan þeirri kvöð með einhverjum hætti.

Kaup Sviþjóðarbátanna. Þessum viðskiptum er ekki lokið enn. Af skipum þeim, er keypt voru, eru 4 enn óuppgerð við ríkissjóð, og hefur hann í þeim bundið fé, er nemur 2 millj. kr.

13 bátar fengu ekki lán úr stofnlánadeild, og neyddist ríkissjóður til að lána þessum bátum gegn stofnlánsskuldabréfum 7,4 millj., sem geymd eru í Landsbankanum, en bankinn hefur ekki veitt lán út á. Er þetta því bein greiðsla úr ríkissjóði, sem aukið hefur lausaskuldir hans, og verður hann að greiða af þessu fé talsvert hærri vexti en hann fær frá kaupendum bátanna. Er sá mismunur um 100 þús. kr.

Auk þess nema eftirstöðvar ógreiddar af ýmsum bátum 257 þús. kr.

Bátasmíðin innanlands. Á árinu 1945 var samið um smíði á 26 vélbátum innanlands af

mismunandi stærðum. Bátarnir eru allir seldir, en af þeim eru ekki fullgerðir og afhentir nema 16 bátar. Vegna þessarar bátasmíði og vélakaupa er nú skuld við ríkissjóð, er nemur 6 millj. kr.

Enn er óséð, hvernig ríkissjóður sleppur frá þessum framkvæmdum. Hann hefur neyðzt til þess að taka víxla frá kaupendum sem greiðslu á 2,5 millj. kr., og má telja vafasamt, hversu mikið innheimtist af þeirri fjárhæð.

Ekki verður neitt fullyrt um það nú, hvort þær 6 millj., sem bundnar eru í bátum, sem óafhentir eru, og óseldum aflvélum, fást að fullu greiddar. Má vafalaust búast við einhverjum vanhöldum. Um það er ekki heldur hægt að segja, hvort nægileg lán fást út á bátana, svo að ríkissjóður fái endurgreitt það, sem hann hefur lagt út.

Ríkisábyrgðir. Ábyrgðir hlaðast stöðugt á ríkissjóðinn vegna margvíslegra lagaheimilda og ályktana Alþingis. Sumar þessara ábyrgðarheimilda, svo sem ábyrgðir til byggingarsamvinnufélaga, eru ótímabundnar, og engin tímatakmörk sett um heildarfjárhæð þá, sem ríkissjóður má taka að sér í sambandi við þessar framkvæmdir. Vegna þess, hvað ríkissjóði er heimilað að ábyrgjast mikinn hluta af kostnaðarverði húsanna, hefur myndazt afar mikil eftirspurn um lánsfé í þessu skyni. Núverandi ábyrgðir vegna byggingarsamvinnufélaganna nema 47 millj. kr.

Ábyrgðir vegna hafnarframkvæmda eru nú 40 millj. kr. Vegna nokkurra þessara ábyrgða hefur ríkissjóður orðið að greiða á þessu ári um ½ millj. kr.

Ábyrgðir vegna raforkuframkvæmda sveitar- og bæjarfélaga nema nú 51 millj. kr. Eins og áður er greint, verður ríkissjóður að greiða talsvert fé vegna vangreiðslu tveggja virkjana, en að öðru leyti hefur ekki enn komið til alvarlegra vanskila. Á það hlýtur að verða lögð megináherzla af hálfu ríkissjóðs, að sveitar- og bæjarfélög, sem fengið hafa ríkisábyrgð fyrir virkjunum sínum, sjái um, að reksturinn sé látinn bera sig.

Ríkisábyrgðir nema nú samtals í lok þessa árs 329 millj. kr., og er það 12 millj. kr. hærra en í árslok 1948.

Þriggja ára greiðsluhalli. Undanfarin þrjú ár hefur greiðsluhalli fjárl. verið sem hér segir:

1947	71	millj. kr.
1948	69	— —
1949 (áætlað)	35	— —
Samtals	175	millj. kr.

Þessi hallarekstur, gífurlegur á íslenzkan mælikvarða, ógnar öllu fjárhagskerfi landsins og bindur í stöðugt vaxandi mæli hið raunverulega rekstrarfé atvinnuveganna. Auk þess stofnar þessi stöðugi greiðsluhalli frá ári til árs fjármálum ríkisins í yfirvofandi hættu. Ég segi það í fullri alvöru og af óhagganlegri sannfæringu, fyllilega meðvitandi þeirrar ábyrgðar, sem á mér hvílir, að verði nú ekki stungið við fótum og þessi þróun stöðvuð, þá verður þess ekki langt að bíða, að þetta litla land brjóti skip sitt á þeim boðum, sem fram undan rísa.

Alþingi og þjóðin öll hefur undanfarin ár stjórnað málum sínum af meiri bjartsýni og minni varúð en efni stóðu til. Landsmenn hafa af miklum stórhug aukið tækni sína og framleiðsluhæfni til lands og sjávar. En jafnframt hafa allar stéttir þjóðfélagsins aukið svo kröfurnar um lífskjörin, að sú atvinnutækni, sem landsmenn hafa verið að byggja upp, fær ekki staðið undir kröfum þeirra sjálfra. Af þessum sökum er nú öll útflutningsframleiðsla landsins orðin óarðberandi.

Við þetta bætist svo sú staðreynd, sem ekki fær lengur dulizt, að þjóðin hefur af bjartsýni sinni reist sér hurðarásinn um öxl í framkvæmdum og uppbyggingu. Hún hefur færzt of mikið í fang á of skömmum tíma. Hún hefur ráðizt í framkvæmdirnar án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvort stakkurinn hæfði vextinum.

Of mikil fjárfesting á of skömmum tíma. Fjárfesting þjóðarinnar undanfarin ár og allt til þessa dags hefur verið gífurlega mikil í samanburði við efnahag hennar. Talið er, að nettó fjárfesting (viðhald ekki talið) í hlutfalli við þjóðartekjur hafi verið

1947	35%	af þjóðartekjunum
1948	28%	— —

Til samanburðar á nettó fjárfestingu hér og í nokkrum nágrannalöndum vorum, skal ég taka þetta fram:

	Hundraðshluti þjóðartekna		
	1938	1947	1948
Ísland	13	35	28
Noregur	15	24	22
Danmörk	8	11	11
Holland	10	12	11
Svíþjóð	9	13	10
Bretland	8	9	9

Athugun hefur verið gerð á því, hversu mikill hluti fjárfestingarinnar stafi af beinum framkvæmdum ríkisvaldsins, og er hún þannig:

1947	97	millj. kr.,	18%	af heildarfjárfestingu
1948	79	— —	19%	— —
1949	67	— —	18%	— —

Á undanförnum árum hafa Íslendingar að líkindum varið miklu stærri hluta af þjóðartekjum til fjárfestingar en nokkur önnur þjóð í Evrópu. Það eru mjög ákveðin takmörk fyrir því, hversu þjóðin getur gengið langt í því efni án þess að komast í erfiðleika, ef fjárfestingin er ekki greidd með utanaðkomandi fé. Ef fjárfestingin fer yfir eðlileg takmörk, verður þurrð á neyzluvörum, en rekstrarfé þjóðarinnar festist í framkvæmdunum.

Fjárfestingin er nú orðin svo þungur baggi á þjóðinni, að hún getur ekki lengur undir honum risið. Með sama áframhaldi vofir yfir, að fjárhagskerfið gliðni sundur undan þunganum, enda ber fjárhagsástand ríkissjóðs þess greinilega merki. Áhrif fjárfestingarinnar koma fram í sívaxandi kröfum á hendur ríkissjóði um fjárframlög og ábyrgðir, en afleiðingin er aukning lausaskulda ríkisins og vaxandi útlán bankanna. Of mikil fjárfesting í landinu á skömmum tíma er beint og óbeint megináh-

stæðan fyrir greiðsluhalla ríkissjóðs síðustu árin, og hún á sinn öfluga þátt í vaxandi verðbólgu í landinu.

Þjóðin verður að sníða sér stakk eftir vexti í þessum efnum sem öðrum. Fyrsta skrefið til að ná eðlilegu jafnvægi í þessum málum er, að Alþingi og framkvæmdavaldið geri nú þegar ráðstafanir til þess að halda fjárfestingu ríkisins og opinberra aðila innan þeirra takmarka, sem sparnaður þjóðarinnar og efnahagur segir til um á hverjum tíma.

Það, sem nú kallar mest að, er að ljúka því, sem þjóðin hefur færzt í fang, svo að full nýting fáist af þeim miklu verðmætum, sem nú eru í smíðum og ófullgerð eru að meira eða minna leyti. Mistökin, sem gerð hafa verið, eru þau, eins og ég gat um áður, að of mikið hefur verið ráðizt í á of skömmum tíma.

Lausaskuldir ríkisins. Lausaskuldir ríkisins, eins og þær eru nú, eru fullkomið áhyggjuefni. Við þær bætast svo lausaskuldir ríkisfyrirtækja, sérstaklega síldarverksmiðjanna, sem nema tugum milljóna króna. Þessar skuldir leggjast með miklum þunga á lánsstofnanir landsins, sérstaklega á Landsbankann, og valda nú þegar erfiðleikum á að halda uppi eðlilegri lánastarfsemi til atvinnuveganna. Ríkið sjálft skuldar nú Landsbankanum bráðabirgðalán á ýmsum reikningum, er nemur yfir 100 millj. kr. Má þar til nefna yfirdrátt, sem nú stendur í 55—60 millj. kr., fiskábyrgðarreikningur 8 millj. kr., verðuppbætur á útflutningsvörur og aðstoð við síldarútveginn 10 millj. kr., togarakaup ríkisins (eldri) 18 millj. kr. og fleira, sem ég hirði ekki að telja upp.

Óhjákvæmilegt er að gera sér ljósa þá staðreynd, að annaðhvort verður að gerast, að greiða þessar lausaskuldir eða koma þeim öllum í samningsbundið form á einn veg eða annan.

Jafnframt því, sem ríkissjóður hefur safnað lausaskuldum í stórum stíl, hefur hann sjálfur gerzt lánveitandi. Það hefur að vísu oft orsakazt af illri nauðsyn, en einnig að talsverðu leyti vegna beinnar tilhlutunar Alþingis. Má í þessu sambandi nefna togarakaupin og bátakaupin. Enn fremur síldarverksmiðjur ríkisins, sem ríkissjóður hefur orðið að veita lán 1948 og 1949, er nemur um 6 millj. kr. Stafar þetta af erfiðleikum verksmiðjanna vegna nýbygginga, sem urðu eins og kunnugt er óhemjulega dýrar. Verksmiðjurnar skulda af þessum sökum í Landsbankanum 18 millj. kr., eins og áður er sagt, sem er óumsamin skuld og háir vextir eru greiddir af. Það er verkefni, sem ekki verður komizt hjá að leysa, að koma öllum byggingarskuldum verksmiðjanna á fastan grundvöll. Líkt stendur á með önnur fyrirtæki, sem ríkissjóður ber ábyrgð á. Er brýn og aðkallandi nauðsyn að fá hreint borð í þessum efnum, en sé ekki látið reka á reiðanum.

Ríkissjóður mun á þessu ári greiða yfir 70 millj. kr. í dýrtíðarráðstafanir, eins og áður er sagt. Af því eru 32 millj. kr. vegna fiskábyrgðarinnar, til þess að tryggja rekstur bátaflotans á þessu ári. En vegna vaxandi verðþenslu á árinu stöndum vér nú andspænis þeirri staðreynd, að til þess að tryggja rekstur bátaflotans með ríkisframlagi á næsta ári, þyrfti meira en að tvöfalda framlag þessa árs. Þetta sýnir aðeins, hversu geigvænlegt öngþveitið er, sem styrkjastefnan er að leiða þjóðina út í. Ríkissjóður hefur ekkert bolmagn til þess að bera þessa byrði, og ég þekki engar venjulegar skattaleiðir til að afla fjár í þessi útgjöld.

Ósamræmið í efnahagsmálum þjóðarinnar er orðið svo mikið, að efnahagskerfi landsins hefur ekki lengur þol til að standa gegn því, að allt hallist nú á ógæfuhliðina, ef haldið er áfram á þeirri braut, sem undanfarið hefur verið gengin. Ekkert annað en róttækar ráðstafanir til þess að jafnvægi komist á í efnahagsmálum landsins getur leyst vandann. Stefna löggjafarvaldsins í fjármálum og í afgreiðslu fjárlaga leggur að verulegu leyti grundvöllinn að því ástandi, sem ríkjandi er á hverjum tíma í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Ástandið í efnahagsmálunum byggist því fyrst og fremst á aðgerðum Alþingis.

Vegna þeirrar stefnu í fjármálum, sem Alþingi hefur aðhyllzt undanfarin ár, hefur reynslan orðið sú, að skattabyrði landsmanna hefur aukizt ár frá ári. Nýir skattar og tollar hafa verið lagðir á til þess að standa undir stöðugt hækkandi gjöldum ríkissjóðs vegna verðþenslu innanlands og vaxandi styrktarframlaga til atvinnuveganna. Þetta er eins og margt annað á rangri leið. Mörgum hættir við að ályktа, að skattarnir gefi ríkissjóði því meiri tekjur, sem þeir eru hærri. Þetta er rangt að því leyti, að óeðlilega háir skattar, eins og hér eru nú, geta orðið að átumeini í þjóðfélaginu, sem tærir þann stofninn, er allt hvílir á, framleiðslu þjóðarinnar og efnahagsstarfsemi. Ef skattarnir svipta atvinnurekstrinn öllum möguleikum til að bera nokkuð úr býtum til viðgangs og framtaks, þá hverfur smátt og smátt hvötin til framsóknar og atvinnurekstrinum hrakar. Það hlýtur því að verða einn þátturinn í uppbyggingu heilbrigðs efnahagsástands, að komið sé á skynsamlegu skattakerfi, er ekki stendur atvinnuvegunum fyrir þrifum.

Eins og nú er komið hag ríkisins og vegna þeirrar verðbólgu, sem enn er að vaxa, er aðeins ein leið til skynsamlegrar afgreiðslu fjárlaganna. Það er sú leið að afgreiða þau frá þinginu með tekjuafgangi á sjóðsreikningi, byggt á raunhæfum og nákvæmum áætlunum á tekjum og gjöldum. Ég mundi segja, að þetta sé ekki aðeins eina skynsamlega leiðin, heldur einnig sú leið, sem Alþingi ber skylda til að fara, eins og nú er komið. Ef þingið uppfyllir þessa skyldu, þá er það jafnframt ótvírætt hlutverk og skylda hverrar ríkisstjórnar, sem fjárlögin á að framkvæma, að fylgja þeim nákvæmlega, út í yztu æsar, hindra allar greiðslur utan fjárlaga og halda með hörðum höndum niðri kostnaði við allan rekstur ríkisins. Engin stjórn kafnar í vinsældum, sem slíkt framkvæmir, en hún vinnur þjóðinni ómetanlegt gagn. Þetta er fyrsta skrefið til að lagfæra efnahagsástandið í landinu.

Kostnaðurinn við rekstur ríkisins er orðinn mikill. Öllum er ljóst, að áður en langt um líð-

ur verður nauðsynlegt að draga úr þessum kostnaði. Það hefur verið gagnrýnt réttilega, að starfsmannafjöldi ríkisins aukist ár frá ári, og hefur því verið haldið fram, að þetta stafi að verulegu leyti af því, að vinnutíminn sé of stuttur. Sýnilegt er, að ekki verður hjá því komizt að taka þetta ásamt öðru til athugunar í sambandi við lækkun á rekstrarkostnaði ríkisins. Hins vegar verður ekki fyrir það synjað, að starfsmannafjöldinn hefur einnig aukizt vegna síaukinna afskipta ríkisins um atvinnurekstur landsmanna. Ef hægt væri að losa þjóðina við eitthvað af þeirri íhlutun, þá mætti létta talsverðum þunga af ríkissjóði í sambandi við rekstrarkostnaðinn.

Frá mínu sjónarmiði er útlitið í dag í fjármálum og afkomu ríkisins í fáum orðum þetta: Vegna greiðsluhalla ríkisins undanfarin 3 ár hafa safnazt lausaskuldir, sem nú nema yfir 100 millj. kr. Þessar skuldir hvíla þungt á aðallánsstofnun landsins og gera erfiða eðlilega lánastarfsemi til atvinnuveganna. Frekari aukning lausaskulda vegna áframhaldandi hallarekstrar mundi setja fjármálakerfið í yfirvofandi hættu. Kvaðir á ríkissjóð vegna undanfarandi fjárfestingar í landinu, hallarekstrar atvinnuveganna og margs konar ríkisábyrgða fara hraðvaxandi. Vaxandi erfiðleikar eru um sölu á útflutningsvörum landsins og verðið er fallandi. En af gjaldeyriserfiðleikum vegna minnkandi útflutningsverðmætis hefur orðið samdráttur í öllum innflutningi, sem aftur hefur áhrif á atvinnurekstur í landinu og tekjur ríkissjóðs. Af þessum sökum eru þeir tekjustofnar í hættu, sem ríkissjóður byggir mest afkomu sína á. Við afgreiðslu fjárlaga næsta árs væri óvarlegt að taka ekki tillit til þessara staðreynda. Slíkt væri með öllu óverjandi, ef nokkurs á að meta hagsmuni og framtíðarheill þjóðarinnar.

Stefna ríkisstjórnarinnar í afgreiðslu fjárlaga og meðferð fjármála er í höfuðatriðum þessi:

1. Fjárlög séu afgreidd með tekjuafgangi á sjóðsreikningi, en tekjur og gjöld áætlað af raunsæi og varúð, svo að stöðva megi skuldasöfnun ríkisins.

2. Fjárfestingu ríkisins sé á þessu ári haldið innan þröngra takmarka og gjöld ríkisins séu miðuð við brýnustu nauðsyn.

3. Lagasetning, sem felur í sér útgjöld fyrir ríkissjóð, taki ekki gildi fyrr en gjöldin eru tekin í fjárlög.

4. Nýjar heimildir um ríkisábyrgðir eða gjöld úr ríkissjóði séu ekki gefnar svo neinu nemi, þangað til efnahagsástandið lagast.

5. Ríkissjóður sé leystur frá framkvæmdum, sem ekki snerta sjálfan ríkisrekstrinn, eftir því sem frekast er kostur og svo fljótt sem verða má.

6. Leitazt sé við að greiða lausaskuldir ríkissjóðs hið allra fyrsta með sérstökum ráðstöfunum, en jafnframt sé gerð gangskör að því að koma lausaskuldum ríkis og ríkisstofnana í föst lán, eftir því sem með þarf.

Að þessu vill ríkisstjórnin vinna og heitir á alla góða menn að styðja hana til þess, að svo megi verða.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég mun ekki nota þá stund, sem ég hef til umráða, til þess að rekja í einstökum atriðum fjárlagafrv. það, sem hér er til 1. umr., enda er það í engu verulega frábrugðið því, sem verið hefur síðustu árin, og boðar enga breytingu á ríkjandi stjórnarstefnu. Ég mun hins vegar ræða almennt um fjárhagsástæður þjóðarinnar og þá möguleika, sem hún hefur til þess að lifa sæmilegu lífi, hér í þessu landi.

Það er orðinn mikill siður stjórnmálamanna, og málgagna hinna ráðandi stjórnmálaflokka í þessu landi, að mikla í augum fólksins þá fjárhagslegu örðugleika, sem þjóðin eigi við að etja. — Allt á að vera í kaldakoli. — Í ræðu og riti keppast menn við að útmála það öngþveiti, sem ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar — jafnvel talað um yfirvofandi ríkisgjaldþrot. — Atvinnuvegirnir eru taldir vera komnir alveg í þrot — og engin leið að halda uppi höfuðframleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar, nema með stórfelldum styrkjum. Af þessu er svo venjulega dregin sú einfalda ályktun, að fólkið almennt eyði allt of miklu — kröfur manna til lífsins séu miklu meiri en framleiðsla þessa fátæka og hrjóstruga lands geti undir risið — atvinnuvegirnir geti ekki borið það kaupgjald, sem krafizt er — gjaldeyrisöflunin hrökkvi naumast fyrir nauðþurftum þjóðarinnar af aðkeyptum varningi o. s. frv., o. s. frv. Menn verði að láta sér skiljast, að ekki megi eyða meiru en aflað er, og svo er auðvitað eina úrræðið: Að almenningur spari meira, allir verði að færa fórnir til þess að koma fjármála- og atvinnulífi þjóðarinnar á „heilbrigðan grundvöll", gera atvinnuvegina „rekstrarhæfa" og sjálfum sér nóga.

Ég vil leyfa mér að nota tækifærið við þessa fjármálaumræðu hér á Alþingi til þess að spyrja: Er íslenzka þjóðin í raun og veru svona illa stödd fjárhagslega? Er íslenzka þjóðin kannske núna fyrst — eftir allt það, sem á daga hennar hefur drifið — að komast á vonarvöl? Er framleiðslugeta þjóðarinnar ekki nægilega mikil til þess að standa undir núverandi lífskjörum þess fólks, sem vinnur framleiðslustörfin og önnur þjóðfélagslega nauðsynleg störf?

Ég held, að ekki verði með nokkrum rétti komizt hjá því að svara öllum þessum spurningum ákveðið neitandi.

Íslenzka þjóðin er nú, á síðustu árum, miklu auðugri en hún hefur nokkurn tíma áður verið.

Framleiðslugeta þjóðarinnar er nú í dag margföld á móts við það, sem hún var fyrir aðeins einum áratug síðan — svo ekki sé farið lengra aftur í tímann.

Þjóðartekjurnar hafa undanfarin ár verið upp undir það tíu sinnum hærri en þær voru árið 1938 — og má þá gera ráð fyrir, ef tekið er tillit til verðlagsbreytinganna, að þær séu nú um það bil helmingi hærri en þá.

Gjaldeyrisöflunin hefur stóraukizt hin síð-

ustu ár — eftir að hin stórvirku framleiðslutæki nýsköpunarinnar komu til kastanna — og hefur gjaldeyrisöflunin undanfarin ár verið um það bil helmingi meiri á hvert mannsbarn í landinu heldur en hún var árið 1938, þó tekið sé tillit til þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefur á aðfluttum vörum til landsins.

Það mun ekki vera til nokkur þjóð í öllum heiminum, sem aflar sér nálægt því eins mikils erlends gjaldeyris — miðað við fólksfjölda — eins og íslenzka þjóðin hefur gert undanfarin ár. — Bretar, sem eins og kunnugt er eru meðal mestu viðskiptaþjóða heimsins, hafa t. d. haft gjaldeyristekjur á hvern íbúa, sem nema aðeins um 40% þeirra gjaldeyristekna, sem Íslendingar hafa haft. Sem sagt: Íslenzka þjóðin er miklu auðugri en hún hefur nokkurn tíma áður verið. Framleiðslugeta hennar hefur margfaldazt á síðustu árum. Kaupmáttur þjóðarteknanna er nú tvöfaldur á móts við það, sem var fyrir aðeins einum tug ára.

Árleg gjaldeyrisöflun þjóðarinnar er hlutfallslega miklu meiri en nokkurrar annarrar þjóðar.

Samkvæmt þessum staðreyndum ætti fjárhagur þjóðarinnar að standa með hinum mesta blóma. Atvinnuvegirnir — með sinni miklu framleiðslugetu — ættu að vera öruggir. Lífskjör fólksins, sem aflar hinna háu þjóðartekna, ættu að vera með ágætum og afkoma þess örugg.

En er þetta þá svo? Er hagur ríkisins, lífskjör fólksins og afkoma atvinnuveganna í samræmi við þær staðreyndir um verðmætisframleiðslu þjóðarinnar, sem ég áðan nefndi? Nei, því miður ekki. Í því efni ríkir þvert á móti hið mesta ósamræmi — og, að því er snertir lífskjör fólksins og afkomu atvinnuveganna, mikið ranglæti.

Barlómurinn um fjárhagslegt getuleysi þjóðarinnar er, út af fyrir sig, falskur og óraunhæfur. Hið margumtalaða „fjármálaöngþveiti" er hins vegar fólgið í ranglátri og óeðlilegri skiptingu verðmætisframleiðslunnar milli þjóðfélagsþegnanna og atvinnugreinanna — og fjárflótta frá framleiðsluatvinnuvegunum til starfsgreina, sem engin verðmæti skapa, heldur eru byrði á framleiðslunni og þeim, sem framleiðslustörfin stunda — svo ekki sé talað um fjáröflunarstarfsemi, sem með einum og öðrum hætti er beinlínis sviksamleg við þjóðfélagið.

Um afkomu ríkisins ætla ég ekki að fjölyrða — læt mér nægja í því efni að undirstrika það, sem einnig kom berlega fram af ræðu hæstv. fjmrh. þrátt fyrir svartsýnistón hans, að það er auðvitað alveg fráleitt, að fjárhagur ríkisins gefi nokkurt tilefni til þess að vera að tala um yfirvofandi ríkisgjaldþrot.

Það er að vísu rétt, að á síðasta stjórnartímabili hafa safnazt talsverðar skuldir ríkissjóðs, sem, samkvæmt upplýsingum í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, nema nú rúmlega 200 millj. króna.

En í fyrsta lagi eru þessar skuldir ekki stórvægilegar á móts við eignir ríkisins, enda orðnar til vegna eignaaukningar aðallega, en að sumu leyti vegna lána til nýsköpunarframkvæmda, og í öðru lagi eru þær að langmestu leyti innanríkisskuldir — og þá fyrst og fremst við lánsstofnun, sem er eign ríkisins sjálfs. Jafnvel þótt menn væru svo svartsýnir að halda, að ríkissjóður muni ekki geta greitt þessar skuldir, sem ekki er ástæða til að ætla, ef stjórnarvöldin vilja taka peninga þar, sem þeir eru til, þá mundi þó ekki gerast annað en það, að samansparaður gróði einnar ríkisstofnunar eyddist vegna annarrar starfsemi ríkisins. Þessar ríkisskuldir þurfa þess vegna ekki að verða þjóðinni nokkur fjötur um fót. Um lífskjör fólksins er hins vegar meiri sögu að segja.

Ég hef áður getið þess, að þjóðartekjurnar hafi vaxið mjög undanfarin ár. En það er ástæða til að rekja þetta nokkru nánar.

Árið 1938 eru þjóðartekjurnar taldar vera 144 millj. kr. og 1939 155 millj. kr. — Árið 1940 fer áhrifa styrjaldarinnar að gæta hér, og hækka þá þjóðartekjurnar upp í 259 millj. kr. Á styrjaldarárunum hækka þær svo jafnt og þétt, og árið 1945 eru þær komnar upp í 960 millj. króna.

Vöxtur þjóðarteknanna á þessu tímabili stóð, eins og allir vita, í sambandi við styrjaldarreksturinn og dvöl hinna erlendu setuliða hér, og hlutu þjóðartekjurnar því að sjálfsögðu að réna aftur að mjög verulegu leyti, eftir að styrjaldarástandinu lauk — nema aðrar og nýjar aðgerðir kæmu til.

Svo kom fyrsta heila friðarárið — árið 1946 — og þjóðartekjur okkar Íslendinga minnka ekki, þótt styrjaldarástandinu sé lokið, heldur vaxa meira en á nokkru einu ári styrjaldartímabilsins — eða um 260 millj., upp í 1220 milljónir króna.

Hverju sætti þetta?

Hvaða öfl voru hér að verki, sem ekki aðeins fylltu upp í skarð hinna „ónormölu" og tímabundnu tekna styrjaldaráranna, heldur juku þar að auki þjóðartekjurnar meira en nokkurn tíma áður hafði orðið?

Það voru öfl nýsköpunarinnar — sem nú höfðu beint verulegum hluta af samanspöruðu fé þjóðarinnar frá styrjaldarárunum til framleiðsluatvinnuveganna, í formi stórvirkra og fullkominna atvinnutækja, og jafnframt opnuðu nýja, viðáttumikla og hagkvæma markaði fyrir ört vaxandi útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Þetta er óhrekjandi sönnun um gildi nýsköpunarinnar fyrir þessa þjóð — og þá jafnframt um þýðingu þess, að sá stjórnmálaflokkur, sem átti frumkvæðið að henni — Sósíalistaflokkurinn — skyldi vera nógu sterkur með þjóðinni til þess að knýja nýsköpunarstefnuna fram, svo sem gert var — þó að betur hefði þurft að gera í ýmsum efnum. Allt níðið um nýsköpunina og bullið um það, að núverandi fjárhagsöngþveiti sé afleiðing nýsköpunarstefnunnar, haggar ekki þessari staðreynd.

Árið 1947 er nýsköpunarstjórnin að vísu farin frá völdum, en allt það ár streyma til landsins nýsköpunartogararnir, sem hún hafði látið byggja — og þjóðartekjurnar halda áfram að vaxa, og komast það ár upp í 1320 millj. króna.

Svo fer aftur að halla undan fæti. Árið 1948

lækka þjóðartekjurnar um 100 millj. kr., enda hefur þá nýsköpunin verið stöðvuð og gloprað niður þeim nýju, hagkvæmu mörkuðum, sem opnaðir höfðu verið, á meðan Sósialistaflokkurinn tók þátt í stjórn landsins.

En ég var að tala um lífskjör fólksins — og því miður er það svo, að í hagkerfi auðvaldsins eru þau engan veginn í réttu hlutfalli við þjóðartekjurnar.

Að vísu hafa vinnustéttirnar bætt hag sinn mjög verulega á því tímabili, sem þjóðartekjurnar hafa vaxið svo mjög sem ég þegar hef lýst. En það hefur þó síður en svo orðið án fyrirhafnar, heldur fyrir harða baráttu verkalýðssamtakanna. Og kjarabæturnar hafa engan veginn fylgt eftir vexti þjóðarteknanna. Þannig var það t. d., að allt fram á árið 1942 — þegar þjóðartekjurnar höfðu meira en fjórfaldazt frá því fyrir stríð — voru kjarabætur launþega algerlega hindraðar. Á þessu tímabili urðu engar hækkanir á grunnkaupi verkamanna. — Fyrsta stríðsárið var engin verðlagsuppbót greidd á kaupið. Síðan var greidd uppbót samkvæmt vísitölu ársfjórðungslega, eftir á, — sem þýddi, þegar verðlagið og vísitalan var ört stígandi, að menn fengu raunverulega greiddan aðeins nokkurn hluta verðhækkunarinnar. Árið 1941 var farið að reikna verðlagsuppbótina mánaðarlega, — en eftir á, eins og áður. Þegar svo fór verulega að brydda á því, að verkamenn vildu ekki sætta sig við það lengur að sitja við svo skarðan hlut, gripu stjórnarvöldin til þess ráðs að banna með lögum allar hækkanir á grunnkaupi verkamanna. Til þess að hindra það, að verkafólk fengi nokkurn hlut í margfaldri hækkun þjóðarteknanna, var ekki hikað við að svipta verkalýðssamtökin grundvallarrétti þeirra: réttinum til að semja við vinnukaupandann um verð vinnuorkunnar.

En þar með brast líka boginn. — Árið 1942 knúðu „Dagsbrúnar"-menn fram, í banni laganna, verulega hækkun á grunnkaupi, eða úr kr. 1.45 á klst. upp í kr. 2.10.

Þar með var brautin brotin. Og þegar jafnframt tókst að gera Alþýðusamband Íslands að öflugu baráttutæki verkalýðsins, undir forustu sósialista, var sóknin haldið áfram til vaxandi hluttöku verkalýðsins í hinum stórauknu þjóðartekjum.

Eftir þetta hefur árlegt meðaltal vinnulauna í almennri dagvinnu, samkvæmt samningum verkamannafélagsins „Dagsbrún", verið sem hér segir:

Árið 1943: kr. 5.40 á klst.; 1944: kr. 6.38; 1945: kr. 6.76; 1946: kr. 7.62; 1947: kr. 8.54; 1948: kr. 8.40; 1949: kr. 8.82 á klst.

Kauplækkunin árið 1948 stafaði af því, að „fyrsta ríkisstjórn Alþfl. á Íslandi" batt vísitöluna við 300 stig — og tók þar með aftur upp aðferðina að greiða launþegum aðeins nokkurn hluta vöruverðshækkananna.

Á þessu líðandi ári unnu svo verkalýðssamtökin þetta upp að nýju með hækkun grunnkaups, svo sem kunnugt er.

Nú eru háttvirtir hlustendur ef til vill farnir að hugsa sem svo, að þessi skýrsla mín um hækkandi vinnulaun sé röksemd fyrir þeim kenningum, sem ég drap á í upphafi máls míns, haldið fram af fjármálaspekingum borgaraflokkanna og málpípum stóratvinnurekenda og braskara, þ. e., að kröfur fólksins um kaup og kjör séu meiri en framleiðslugeta þjóðarinnar rísi undir.

Þetta er þó engan veginn svo. Þótt verkalýðssamtökin hafi knúið fram verulega hækkun vinnulauna, þá hefur sú hækkun samt sem áður ekki nálægt því haldizt í hendur við hækkun þjóðarteknanna. Skal þetta nú sannað með tölum:

Eins og áður er sagt, hækkar ekki grunnkaup, á umræddu tímabili, fyrr en haustið 1942. — Ef síðan er lagt til grundvallar það árlega meðaltal vinnulauna, sem ég lýsti hér að framan, og það borið saman við þjóðartekjurnar á sama tíma, verður niðurstaðan þessi:

	Kauphækkun frá árinu 1938	Hækkun þjóðart. 1938
Ár 1943:	273%	492%
— 1944:	340%	562%
— 1945:	366%	567%
— 1946:	425%	747%
— 1947:	489%	817%
— 1948:	479%	747%

Af þessu sést mjög glöggt, að hækkun kaupgjaldsins, sem í þessu tilfelli er nokkuð nálægt því að vera réttur mælikvarði á auknar tekjur verkamanna, vegna þess, að á þessu tímabili var yfirleitt um stöðuga atvinnu að ræða, er alltaf miklu minni en hækkun þjóðarteknanna.

Þegar svo er vitað, að á kreppuárunum fyrir síðustu heimsstyrjöld var hlutur verkamanna í þjóðartekjunum svo rýr sem frekast mátti verða, þá er augljóst mál, að ekki er hlutur þeirra í þjóðartekjunum nú svo mikill, hlutfallslega, að það geti verið þjóðarbúskapnum og framleiðslustarfseminni nokkurt ofurefli — ef engir aðrir sætu við rífari og óverðskuldaðri hlut.

Við þetta bætist svo það, að „fyrsta ríkisstjórn Alþfl. á Íslandi" hefur á síðustu þremur árum seilzt freklegar en nokkurn tíma áður hefur verið gert í vasa launþeganna, eftir tekjum til að standa undir skriffinnskubákni og bitlingahjörð ríkisins. Nægir í því sambandi að nefna það, að á stjórnarárum hennar hafa tollar og óbeinir skattar á fjárlögum hækkað úr 56 millj. kr. og upp í 175 milljónir — eða meira en þrefaldazt. Grunnkaupshækkanir þessara síðustu ára hafa því aðeins verið til þess að vega upp á móti þessum álögum — ásamt vísitölubindingunni.

Sem sagt: Það eru ekki kaupkröfur verkafólksins, sem ofþyngja atvinnulífinu. Þjóðartekjurnar undanfarin ár sýna, að framleiðslugeta þjóðarinnar fær prýðilega risið undir þeim lífskjörum, sem alþýða þessa lands býr við.

Samt er það staðreynd, að atvinnuvegunum er íþyngt mikið um of.

Það er sem sé til allmikill fjöldi manna, sem gerir æði miklu meiri kröfur til launa fyrir athafnir sínar — illar og góðar — heldur en þess-

ir heimtufreku verkamenn, sem sagt er að séu að keyra allt í strand.

Þó að það sé á allra vitorði, að í skattaframtölum þeirra manna, sem umsvifamikinn og margþættan rekstur hafa, komi ekki til reiknings hver króna, sem þeim hefur áskotnazt, þá er samt ýmsan merkilegan fróðleik að finna í skattskránum. — Þannig ber skattskrá Reykjavíkur það með sér, undanfarin ár, að t. d. árið 1946 gefa 100 framteljendur hér sjálfir upp, að skattskyldar tekjur þeirra það ár hafi verið ekki minni en 25 millj. króna, þ. e. a. s. 250 þús. kr. að meðaltali á hvern um sig. Árið 1947 gefa 100 hæstu framteljendurnir upp enn þá meiri skattskyldar tekjur — eða sem svarar að meðaltali 260 þús. kr. á hvern um sig.

Að sjálfsögðu er svo talsvert mikill fjöldi framteljenda, sem hafa mjög háar tekjur, þótt þeir nái ekki þessu marki þeirra 100 hæstu.

Og hvaðan eru svo þessar geysiháu tekjur teknar?

Auðvitað eru þær, þegar allt kemur til alls, teknar af framleiðslunni — hinni einu raunverulegu uppsprettu verðmætismyndunarinnar.

Það eru þessar óhófstekjur nokkurs hluta þjóðarinnar, sem liggja eins og mara á framleiðsluatvinnuvegunum, en ekki kaup „Dagsbrúnar"-mannsins, sem með því að vinna erfiðisvinnu alla virka daga ársins getur komizt upp í 20 þús. kr. árstekjur, í stað þess, að hver fimm manna fjölskylda ætti að hafa ca. 50 þús. kr. árstekjur, ef þjóðartekjunum væri jafnt skipt.

Ég þarf ekki að eyða tíma til þess að lýsa því hér, hvernig þessi ofsagróði, sem ég áðan nefndi dæmi um, verður til. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hann verður einkum til í innflutningsverzluninni — og athöfnum, sem standa í sambandi við hana, enda orðin alkunn sú öfugþróun, að svo þýðingarmikil undirstöðustarfsemi sem framleiðsla til gjaldeyrisöflunar er að verulegu leyti rekin með tapi — meðan þjónusta eins og það að umsetja þennan gjaldeyri í ýmiss konar varning gefur ofsagróða.

Ef í stað þess að greiða svokallaða styrki úr ríkissjóði til þeirra, sem starfa að gjaldeyrisframleiðslunni, væru gerðar stjórnarfarslegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir arðrán verzlunar og viðskipta á framleiðslugreinunum, þá mundi framleiðslan standa örugglega á eigin fótum, með þeirri miklu framleiðslugetu, sem þjóðin nú býr við. Þjóðartekjurnar undanfarin ár sanna þetta.

Það er hins vegar skipting þjóðarteknanna, sem er ekki aðeins ranglát, heldur einnig þjóðhættuleg. Og hér er komið að kjarna málsins.

Það er mikið talað um nauðsyn þess að leysa vandkvæði útflutningsatvinnugreinanna. En átökin í því efni snúast um það: Á hverra kostnað skal þetta gert? — Hvort heldur verkamannsins, með sínar í hæsta lagi 20 þús. kr. árstekjur, eða heildsalans, með 250 þús. árstekjur, og enda þar yfir.

Öll stjórnarstefna fyrrv. hæstv. ríkisstj. í innanlandsmálunum mótast af tilraunum hennar til þess að leysa málið á kostnað launþeganna.

Eins og ég gat um hér að framan, hefur hún meira en þrefaldað tolla og óbeina skatta á neytendunum — til þess að geta greitt úr ríkissjóði hina margumtöluðu framleiðslustyrki.

Það er mikil kaldhæðni örlaganna, að Alþfl. skyldi, að nafninu til, hafa forustu slíkrar ríkisstj. og að Alþfl.-manni skyldi sérstaklega vera falið það ráðuneyti, sem heildsalarnir eiga alla hagsmuni sína undir.

En þrátt fyrir þessa viðleitni tókst fyrrv. ríkisstj. ekki að leysa vandann. Og það af góðum og gildum ástæðum.

Í fyrsta lagi er ekki hægt að leysa vandamál framleiðslunnar með því að ráðast á lífskjör þess fólks, sem framleiðslustörfin vinnur. Ég hef þegar sýnt með tölum, hversu hlutur þess í þjóðartekjunum er lágur. Jafnvel þótt hann væri lækkaður til hins ýtrasta, mundi það ekki veita framleiðslunni neitt framtíðaröryggi, ef hún ætti áfram að búa við núverandi arðrán verzlunarinnar.

Í öðru lagi eru verkalýðssamtökin, sem betur fer, það sterk, að þau hafa velt af sér þeim árásum, sem í þessu efni hafa verið gerð á launþegana — og það munu þau gera einnig eftirleiðis.

Vandamál framleiðslunnar er þess vegna enn jafnóleyst sem áður. Og það verður ekki leyst, svo lengi sem litlum hluta þjóðfélagsþegnanna er leyft að hrifsa til sín, svo sem nú er, ljónspartinn af framleiðsluverðmætunum. Það verður ekki leyst fyrr en það fæst leyst á kostnað hinna ríku. Önnur lausn er ekki til.

Við höfum nú fengið nýja ríkisstjórn — ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Sízt af öllu mun hún framkvæma lausn framleiðsluvandamálanna á kostnað hinna ríku. Þessi ríkisstj. er þvert á móti ógrímuklæddur fulltrúi þeirra stórgróðamanna og fyrirtækja, sem sjúga merg og blóð úr útflutningsframleiðslunni. — Í viðskiptamálunum, sem í þessu efni eru afgerandi, hefur „þarfasti þjónninn" verið leystur af hólmi, af húsbóndanum sjálfum. Þessi ríkisstj. mun því, svo lengi sem henni endist ævi, halda áfram að skara eld að köku afætulýðsins á kostnað framleiðslustarfseminnar, — hvaða krókaleiðir sem reynt verður að velja.

Fjárhagsvandræði framleiðslunnar verða hins vegar ekki leyst á kostnað stórgróðamannanna, nema þeir flokkar, sem hér á löggjafarsamkomu þjóðarinnar fara með umboð vinnustéttanna í landinu, taki höndum saman um slíka lausn.

Sósialistaflokkurinn hefur tjáð sig reiðubúinn til slíks samstarfs. Hann hefur boðizt til að taka, að sínum hluta, á sig ábyrgðina af lausn þess vanda, sem við er að glíma — gegn því að snúið verði af braut árásanna á lífskjör fólksins, en framleiðslunni skapaður starfsgrundvöllur með því að afnema okrið, sem hún á nú við að búa.

Alþýðuflokkurinn virðist hins vegar enn vera fastráðið hjú íhaldsins, þó að hann hafi lækkað í tign. Þjónusta hans við stórgróðavaldið undanfarin ár er nú launuð með því, að Sjálfstfl. tryggir honum áframhaldandi bitl-

inga fyrir allt foringjaliðið, enda mun Sjálfstfl. að fenginni reynslu telja það öruggasta ráðið til þess að halda þessum piltum í vistinni. Og Framsóknarflokkurinn, sem mestan hávaðann hefur gert út af okrinu og spillingunni í verzlun og viðskiptum, flokkurinn, sem í nýloknum alþingiskosningum stórjók fylgi sitt á skrafi um gagngera stefnubreytingu í fjárhags- og viðskiptamálunum — á hreystiyrðum um harðvítuga baráttu gegn okraravaldinu og verzlunarspillingunni, hann virðist nú fara sér furðu hægt í þessum efnum og una því ótrúlega vel, að kosningasigur hans hefur snúizt upp í algera valdatöku okraranna, sem hann þóttist ætla að leggja að velli.

Því „vinstra" samstarfi, sem nú er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr, til þess að leysa viðfangsefni framleiðslu og viðskipta í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar — og samkvæmt hinni miklu og vaxandi framleiðslugetu þjóðarinnar — verður þess vegna ekki komið fram nema fólkið, sem falið hefur þessum flokkum umboð sitt, skapi sjálft þá vinstri fylkingu, sem geri eitt af tvennu: Beygi forustumenn þessara flokka til hlýðni við vilja og óskir hins vinnandi fólks til sjávar og sveita eða velti þeim úr vegi ella.

Helgi Jónasson: Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir svo, að fjárlagafrv. fyrir næsta fjárlagaár skuli liggja fyrir strax og reglulegt Alþingi hefur tekið setu. Þetta ákvæði er sett vegna þess, að vitanlegt er, að starf hvers reglulegs Alþingis er fyrst og fremst að undirbúa og afgreiða fjárlög fyrir næsta ár. Þetta er tímafrekt starf og vandasamt. Ef störf Alþingis eiga ekki að dragast óþarflega lengi, verður hvert þinghald að byrja þegar á því að vinna að fjárlagaafgreiðslunni.

Þessu ákvæði stjórnarskrárinnar hefur líka verið framfylgt allt fram á síðustu ár. Ég minnist þess, að eitt sinn í tíð Eysteins Jónssonar sem fjármálaráðherra voru liðnir 5 dagar frá setningu Alþingis og fjárlagafrumvarpið eigi komið fram, að þingmenn, hver á fætur öðrum, risu upp og mótmæltu kröftuglega þessu stjórnarskrárbroti. Fjárl.frv. var líka lagt fram daginn eftir. En því miður hefur þetta breytzt eins og fleira til hins verra.

Nú á seinni árum hefur oft orðið óeðlilega langur dráttur á því, að frv. hafi verið lagt fram og umræður hafizt og því vísað til nefndar.

Í dag er 20. desember, og hinn venjulegi starfstími Alþingis á árinu liðinn, og nú fyrst er frv. til 1. umr. og verður í dag væntanlega vísað til nefndar, að umræðunni lokinni. Það er ekki venja, að þingnefnd byrji að vinna að málum fyrr en búið er að vísa þeim til nefndar, enda er það svo, að fjvn. hefur ekki enn þá fjallað um frv., og sýnt er, að nefndin mun ekki halda einn einasta fund um fjárlagafrv. á þessu ári, þegar Alþingi í raun og veru á að vera búið að afgreiða fjárlög fyrir næsta ár.

Þetta er gersamlega óviðunandi ástand og getur haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir afgreiðslu fjárlaga, eins og dæmi sanna hin síðari ár. Ég skal að vísu játa, að núv. hæstv. fjmrh. hefur nokkra afsökun í því, hve stutt er síðan hann tók það starf að sér, en hins vegar er frv. samið og undirbúið af hæstv. atvmrh., sem var fjármálaráðherra, og hefði verið eðlilegt, að hann hefði lagt það fram strax í þingbyrjun og fylgt því úr hlaði.

Fljótt á litið virðist fjárlagafrv. að sumu leyti vera hagstæðara fyrir afkomu ríkissjóðs en niðurstöðutölur gildandi fjárlaga. Rekstrartekjurnar eru að vísu ekki áætlaðar nema 263 millj. kr., en eru á fjárlögum yfirstandandi árs 284 millj., og eru því 21 millj. kr. lægri í frv. en í fjárlögum, og rekstrarútgjöldin samkvæmt frv. 225 millj. móti 256 millj. kr. í fjárlögum, og mismunurinn því 31 millj. kr. og rekstrarafgangur því áætlaður 10 millj. kr. hærri en á gildandi fjárlögum.

En þegar betur er að gáð, verður annað upp á teningnum, þá kemur í ljós, að á frv. eru allmiklar breytingar frá þessa árs fjárlögum. Mesta breytingin er sú, að samkvæmt frv. er nú áætlað til dýrtíðarráðstafana 33½ millj. móti rúmlega 71 millj. kr. á þessu ári, og lækkar það útgjaldahlið frv. um tæpar 38 millj. kr. Þegar farið er yfir tekjuliði frv., sést, að þar eru allmiklar breytingar frá gildandi fjárlögum.

Vegna lækkunar á framlagi til dýrtíðarráðstafana eru felldir niður úr frv. nokkrir liðir, sem í fjárlögum runnu til dýrtíðarsjóðs, svo sem leyfisgjöld samkv. 29. gr. dýrtíðarlaganna, að upphæð 10.2 millj., og söluskattur bifreiða, áætlaður 5 millj. kr., o. fl., alls rúmar 16 millj. kr., sem fellt er niður af tekjum dýrtíðarsjóðs. Aftur á móti er söluskattinum, að upphæð 36 millj. kr., haldið. Enn fremur var 12 millj. kr. af tolltekjum látið renna í dýrtíðarsjóð í núgildandi fjárlögum. Það eru því 48 millj. kr., sem í núgildandi fjárl. voru áætlaðar til dýrtíðarráðstafana, en eru nú færðar til rekstrarútgjalda ríkisins. Þegar sú upphæð, 33½ millj. kr., sem samkvæmt 19. gr. er til dýrtíðarráðstafana, er dregin frá 48 millj., verða eftir 14½ millj., sem nú á að verja til venjulegra rekstrarútgjalda ríkisins, en var í ár notað til dýrtíðarráðstafana, en eiga nú samkvæmt frv. að vega á móti lækkandi tekjuáætlun og auknum rekstrarútgjöldum.

Enn þá hækka rekstrarútgjöldin samkv. frv. allverulega, og skal ég aðeins nefna örfá dæmi því til sönnunar.

Útgjöld samkvæmt 10. gr., þ. e. til ríkisstj. og utanríkisþjónustu, eru áætluð 800 þús. kr. hærri í frv. en í fjárlögum þessa árs.

Útgjöld samkv. 11. gr., þ. e. til dómgæzlu, innheimtu skatta og tolla o. fl., eru áætluð 1.2 millj. kr. hærri en í fjárlögum.

Útgjöld samkv. 14. gr., þ. e. til kirkju- og kennslumála, eru áætluð 3.5 millj. kr. hærri en í fjárlögum.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs samkv. 7. gr. eru áætlaðar á næsta ári rúmar 9 millj. kr. til þeirra hluta, en voru um 7 millj. Hækkun er því um 2 millj. kr. Sú hækkun talar sínu máli um skuldaaukningu ríkissjóðs á árinu, sem er að líða.

Til verklegra framkvæmda er á frv. áætluð nokkru lægri upphæð en í fjárlögum þessa árs. T. d. er á frv. ekki áætluð nema 1 millj. til raforkuframkvæmda í stað 2 millj. kr. á þessu ári. Rúmlega 1 millj. kr. lægri fjárhæð er áætluð til brúargerða í frv. en á þessu ári, og svo er um fleira.

Ég hef þá í stórum dráttum lýst fjárlfrv. því, er hér liggur fyrir. Auðséð er, að um enga stefnubreytingu er að ræða frá fyrri árum. Rekstrarútgjöldin fara enn þá hækkandi, framlög til verklegra framkvæmda í þágu atvinnuveganna lækkandi, vaxtagreiðslur og skuldasöfnun ríkisins ört hækkandi. Það er látið síga á ógæfuhlið.

Eins og ég gat um hér að framan, er í frv. aðeins gert ráð fyrir 33½ millj. til dýrtíðarráðstafana. Á að verja þessum millj. samkvæmt frv. eingöngu til niðurgreiðslu á neyzluvörum innanlands, og í athugasemdum við frv. segir, að í frv. sé ekki gert ráð fyrir neinu fé úr ríkissjóði til fiskábyrgðar eða annars stuðnings við sjávarútveginn og fjmrn. líti svo á, að finna verði aðrar leiðir til þess að tryggja hallalausan rekstur sjávarútvegsins. Hverjar þær leiðir eru, sem hér er átt við, er mér ekki kunnugt um, því að enn þá hefur ekkert heyrzt frá hæstv. ríkisstj., hvað hún leggi til, að gert verði, en af ummælum hæstv. forsrh., er hann viðhafði á Alþingi nú fyrir skömmu, var helzt að heyra, að ríkisstj. mundi til að byrja með að minnsta kosti fara troðnar slóðir í þessum málum, og hætt er við, að ekki verði hægt á næsta ári að komast hjá stórfelldum fjárframlögum úr ríkissjóði til stuðnings sjávarútveginum.

Það er að minnsta kosti vitað, að afkoma sjávarútvegsins hefur aldrei verið lakari en nú, svo að auðsætt er, að grípa verður til stórvægilegra ráðstafana, ef bátaútvegurinn á ekki að stöðvast nú eftir áramótin. Í skýrslu frá formanni Landssambands ísl. útvegsmanna, sem birt var í blöðum nú fyrir skemmstu, segir svo, að rekstrargrundvöllur fyrir útgerð íslenzkra fiskiskipa sé ekki fyrir hendi, miðað við tilkostnað og afurðaverð, og fullkomið öryggisleysi ríki nú í þessum málum.

Enn fremur segir í þessari sömu skýrslu, að allur vélbátaflotinn sé flakandi í skuldasárum, allflestir eldri togararnir liggi nú bundnir við festar og hinir nýju togarar berjist nú í bökkum og séu margir þeirra reknir með fjárhagslegu tapi. Þetta er ófögur lýsing á öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, en hún er víst því miður sönn.

Í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir milli 30—40 millj. kr. útgjöldum til fiskábyrgðar og niðurgreiðslu á kostnaði samkvæmt dýrtíðarlögum við framleiðslu sjávarafurða, þetta hefur allt verið fellt, eins og áður segir, úr frv. Ekki hefur heldur verið gert ráð fyrir neinu framlagi til afla- og hlutatryggingasjóðs, eins og þó mun hafa verið lofað, enn fremur engin upphæð verið tekin í frv. vegna bráðabirgðalaga frá í sumar, að upphæð 2½ millj. kr. til styrktar síldveiðibátum. Það er því sýnt, að á frv. vantar yfir 40 millj. kr. til sjávarútvegsins, þótt ekki sé gert ráð fyrir meiri stuðningi á næsta ári en á þessu yfirstandandi ári, en þó er fullyrt af kunnugum, að miklu hærri upphæð þurfi að verja í þessu skyni á næsta ári, ef að haldi á að koma.

Samkvæmt upplýsingum hæstv. forsrh. má gera ráð fyrir 70—80 millj. kr. í þessu skyni, verði sömu leiðir farnar og áður. Fjmrh. tók í sama streng.

En það er meira blóð í kúnni. Í lok síðasta Alþingis var samþykkt, eftir að búið var að afgreiða fjárlög, þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. að greiða allt að 4 millj. kr. sem launauppbót til starfsmanna ríkisins á árinu 1949. Upphæð þessi svaraði til 8,33% launahækkunar á öll laun starfsmanna ríkisins fyrir árið 1949. En í meðferðinni hjá fjmrn. varð niðurstaðan sú, að upphæð þessi var greidd sem mánaðaruppbót, 1 millj. kr. á mánuði, og svarar það til 20% kauphækkunar á laun starfsmanna ríkisins. Þegar Alþingi kom saman í haust, var búið að greiða 5 millj. kr. í þessu skyni, eða 1 millj. kr. meira en Alþingi hafði heimilað.

Eitt hið fyrsta, er lagt var fyrir Alþingi í haust, var þáltill. um heimild fyrir ríkissjóð að halda áfram að greiða uppbætur úr ríkissjóði til opinberra starfsmanna, þar til fjárl. verði afgreidd. Einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi, ef Alþingi afgreiddi svona stórfelld útgjöld til launagreiðslu með einfaldri þingsályktun.

Fullvíst er talið, að tillaga þessi verði samþykkt nú fyrir áramótin. Fyrsti flutningsmaður hennar er einn af gæðingum hæstv. ríkisstj., og þetta mun sennilega verða fyrsta og eina bjargráðatillagan, sem samþykkt verður á Alþingi nú fyrir áramótin, undir handleiðslu hinnar nýju hæstv. ríkisstj., og má segja, að ekki lofi fyrsta gangan neinu góðu. Þetta þýðir 12 millj. kr. aukin útgjöld ríkissjóðs í hækkuðum launum á næsta ári, en það verður meira, því að það er vitanlega ekki annað hægt en hækka líka eftirlaun, örorku- og ellilaun um sömu upphæð og nemur það fyrir ríkissjóð ekki minni upphæð en 3—4 millj. kr., enda eru þegar komnar fram tillögur á Alþingi í þá átt.

Tillögur þessar munu því auka ríkisútgjöldin um 15—16 millj. kr., og virðist þó vera nóg fyrir. Vel get ég fallizt á, að kjör hinna lægst launuðu starfsmanna séu heldur kröpp, miðað við húsaleiguokur og svartamarkaðsbrask, en ástandið hjá atvinnuvegum vorum og kaup og kjör og að ýmsu leyti öryggisleysi með vinnu nú á næstunni geta ekki réttlætt svona mikla kauphækkun hjá launastéttunum, enda munu í kjölfar þessara hækkana koma kröfur um hækkað kaupgjald hjá verkalýðnum og ný dýrtíðaralda flæða yfir landið og torvelda mjög allar aðgerðir í dýrtíðarmálunum.

Það er fullvíst, að ef á að afgreiða á þessu þingi greiðsluhallalaus fjárlög, verði þingið að afla nýrra tekna, er nemi 80—100 millj. króna. Hvar á að taka þetta fé? Tekjuáætlun frv. virðist mér svo háspennt, að ekki sé að vænta neinna umframtekna, eins og svo oft áður hefur bjargað, meðan atvinnulífið var í fullum blóma, þvert á móti sýnist nú vera eftir út-

liti í gjaldeyrismálum þjóðarinnar teflt á fremstu nöf, og hætt við, að sumir tekjuliðir, eins og t. d. verðtollurinn, séu allt of hátt áætlaðir.

Ekki er heldur hægt að lækka frá því sem nú er á frv. til verklegra framkvæmda í þágu atvinnuveganna. Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðarbúskapinn, að unnt sé að halda uppi raforkuframkvæmdum, síma- og vegalagningum, hafnarmannvirkjum o. fl. í ekki smærri stíl en undanfarandi ár, og svipað má segja um flest það, sem nú er í frv., að erfitt verður að fá það numið í burt.

Á síðasta þingi í þinglokin, þegar sýnt var, að um 40 millj. kr. vantaði til þess að fá greiðslujöfnuð á fjárlögin, voru lagðir nýir stórhækkaðir tollar á nauðsynlegustu hluti, eins og benzín, bifreiðagúmmí, heimilisvélar og fleira, sem nú er að sliga atvinnuvegina. Ég hygg, að flestir hv. alþingismenn hafi þá verið á einu máli um það, að ekki væri unnt að halda áfram á þeirri braut á næsta ári. Enda er það svo. Mælirinn er nú orðinn fullur, atvinnulíf landsmanna meira og minna í rústum, launastéttirnar þarfnast hærri og hærri launa til þess að geta hamlað á móti sívaxandi dýrtíð. Það er ekki lengur hægt að halda áfram á sömu braut. Hinar troðnu leiðir eru orðnar ófærar. Við verðum að snúa við, það er ekki lengur unnt að ýta erfiðleikunum á undan sér, það verður að horfast í augu við staðreyndirnar.

Framsfl. hefur oft undanfarið varað við hættunni og bent á afleiðingar af stefnu, eða réttara sagt stefnuleysi undanfarinna ára í fjármálum og atvinnuháttum þjóðarinnar, en það hefur aldrei fengið nægilegan hljómgrunn, hvorki innan Alþingis né utan.

Fjármálastjórn undanfarandi ára hefur verið mjög veik. Þar hefur aldrei verið um neina forustu eða stefnu að ræða. Æðsti ráðgjafi þjóðarinnar í fjármálum hefur sí og æ skotið sér á bak við gerðir þingsins, í stað þess að leiða það, og erfiðleikum ýtt úr vegi í bili með nýjum skuldasöfnunum og síhækkandi álögum. Þetta er ekki lengur hægt, hér verður að verða stefnubreyting. Það verður að segja þjóðinni nakinn sannleikann og viðurkenna, að of djarft hefur verið siglt í mörgu nú undanfarin ár. Einstaklingar og stéttir geta ekki sí og æ gert sívaxandi kröfur til ríkisheildarinnar. Við verðum nú fyrst og fremst, hver einstakur, að gera auknar kröfur til sjálfra okkar, og allir þjóðhollir menn, innan þings og utan, hvað sem þeir heita og hvar í flokki sem þeir standa, verða að sameinast um það að bjarga þjóðinni úr því fjárhagslega öngþveiti, sem hún er nú í. Þótt ríkiskassinn sé tómur, þá hafa miklir fjármunir safnazt fyrir hjá einstaklingum. Þetta fé verður að nota til alþjóðarþarfa og viðreisnar atvinnuvegunum. Lækka verður húsaleiguokrið og svartamarkaðsbraskið, bæði verzlunarástandið og viðskiptalífið, svo að nokkuð sé nefnt. Ef vér glötum fjárforræði voru, þá fer fleira á eftir. Það er skylda okkar að bjarga okkar fjárhagslega og pólitíska frelsi. Enn þá er það hægt, en til þess þarf sameiginlegt átak allrar þjóðarinnar.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. 1942 var háð örlagarík barátta um það, hvort verðbólgan skyldi óhindruð fá að flæða hér yfir. Framsfl. barðist á móti því. Hann vildi stöðva dýrtíðina, eins og hún var þá, og taka sem mest af stríðsgróðanum í vörzlu ríkisins, sem notaði hann svo eftir stríð til alhliða umbóta.

Framsfl. varaði þá og ætíð síðan við þeim voða, sem fljótt mundi verða fyrir dyrum, ef dýrtíðin fengi óhindruð að flæða yfir landið, og taldi, að erfitt mundi síðar að ætla sér að ráða við, hvert sú flóðbylgja bæri þjóðina. Hann varaði einnig við því óheilbrigða kapphlaupi og þeirri spillingu í viðskipta- og fjármálalífi þjóðarinnar, sem skefjalaus verðbólga mundi leiða af sér, og sýndi fram á, að sú viðureign gæti ekki endað nema á einn veg: að þeir ríku yrðu ríkari og þeir fátæku fátækari.

Svo fór í þessu efni, að stefna Framsfl. beið ósigur. Aðvaranir hans voru að engu hafðar og allar flóðgáttir dýrtíðarinnar opnaðar. Sú ráðstöfun varð fljótlega undirstaða hvers konar lausungar, jafnt í stjórnmálum sem atvinnu- og viðskiptamálum, og leiddi til þess 1944, að hin svokallaða nýsköpunarstjórn var mynduð. Frá upphafi til endaloka hélt þessi stjórn trúlega verndarhendi sinni yfir skefjalausu kapphlaupi um svokallaðan stríðsgróða og lét mjög afskiptalaust margs konar viðskiptasiðleysi, sem þessu kapphlaupi fylgdi. Og hún virtist láta þetta viðgangast vitandi vits um, að hér yrði ójafn leikur. Þeir æfðustu og haldsterkustu á þeim leikvangi hlutu að geta sópað til sín meira en bróðurpartinum, og svo leit út sem til þess væri leikurinn gerður.

Meðan þessu fór fram var athygli þjóðarinnar leidd að öðru. Var þá hampað margs konar umbótalöggjöf, en ekki um það hirt að skapa henni fjárhagsgrundvöll. Það varð hlutverk annarrar ríkisstjórnar að afla fjárins til framkvæmda margra þessara mála, en sum hafa ekki komizt í framkvæmd vegna fjárskorts og önnur lifað á nástrái svo að segja frá degi til dags. — Fyrir nýsköpunarstjórninni virtust ýmis þessi umbótamál aðeins vera nauðsynlegt ryk í augu almennings. Þess var ekki óskað, að fólkið sæi, hversu mjög stjórnarathöfnum var hagað til hagsbóta fyrir spákaupmennsku og brask.

Þegar stjórninni var bent á, hversu óþolandi væri, að fáeinum einstaklingum liðist að sópa til sín miklu af hinum svokallaða stríðsgróða, svaraði forsætisráðherrann því, að sér mundi ekki verða mikið fyrir að seilast inn í rottuholurnar — eins og hann orðaði það — til þess að sækja féð.

Í annað sinn, þegar svo var komið, að þessi sami forsrh. treysti sér ekki lengur að telja þjóðinni trú um blessun dýrtíðarinnar, lagði hann áherzlu á það, að auðvelt yrði að ráða niðurlögum hennar þegar þurfa þætti. Þá létti mörgum frómum sálum í flokki þessa forsrh., sálum, sem hlustuðu á varnaðarorð Framsfl. og

óttuðust allt gáleysið. Og þá hófst átrúnaðurinn á hina frelsandi hönd, sem með einu pennastriki mundi laga misfellurnar áður en of seint yrði.

Í árslok 1946 var svo komið fyrir bátaútvegi landsmanna, að alger stöðvun var fyrir dyrum. Útvegsmenn færðu rök fyrir því, að síðan verðbólgunni var sleppt lausri 1942, hefðu þeir alltaf verið að tapa og væru nú að þrotum komnir. Niðurstaðan varð sú, að skömmu áður en sú stjórn, sem ber ábyrgð á því ástandi, sem hæstv. fjmrh. var að lýsa, nýsköpunarstjórnin, hrökklaðist frá völdum, varð Alþingi að samþykkja allt að 50% hærra ábyrgðarverð en útlit var fyrir að fiskurinn seldist á í markaðslöndunum. En ekki sótti Ólafur Thors þá féð í rottuholurnar né greip til hinna auðveldu úrræða sinna gegn dýrtíðinni.

Stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem tók við af nýsköpunarstjórninni snemma árs 1947, var tilraun til að koma á betri og farsælli stjórnarháttum en ríkt höfðu í tíð fráfarandi stjórnar, og til að bjarga því, sem bjargað yrði, í atvinnu- og viðskiptamálum þjóðarinnar. Í því efni var við svo mikla erfiðleika að etja, að ekkert var nauðsynlegra en að fá þjóðina til að horfast í augu við þá staðreynd, að efnahagsmálum hennar væri svo komið, að mikil hætta væri búin, og jafnvel í voða stefnt, ef ekki væri einhuga snúið af þeirri braut, sem þá hafði verið farin um árabil.

Hér skipti fyrst og fremst máli, að stjórnmálaflokkar þeir, sem að þessari stjórn stóðu, ynnu saman að viðreisnarmálunum af fyllsta trúnaði við þau úrlausnarefni, sem fyrir lágu. Það bar strax mikið út af, að slík viðhorf væru til staðar hjá ráðandi mönnum í Sjálfstfl., og skal það játað, að nokkur mannraun hefði það verið að snúa svo strax við blaðinu. Þeir fundu, að með því hefðu þeir játað, á hvaða villigötur þeir höfðu verið búnir að leiða þjóðina, og hversu nýsköpunarstjórnin hefði blekkt hana, og vegna flokkshagsmuna var þeim slíkt ofraun. Þetta kom ljóst fram skömmu eftir valdatöku stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar. Ólafur Thors lýsti þá yfir í fjálglegri ræðu stuðningi sínum við þessa nýmynduðu stjórn, en tilkynnti jafnframt alþjóð, að allt væri í lagi um hagi hennar, hin nýja ríkisstjórn tæki við öllu í blóma í krafti fjármála- og atvinnumálastefnu nýsköpunarstjórnarinnar. Hann kvað þjóðina vera að ganga inn í óvenjulega glæsilegt tímabil með árlega gjaldeyrisöflun upp undir 800 millj. kr. Því hafði einnig fyrr og síðar verið haldið fram, að hinir marglofuðu nýsköpunartogarar mundu reynast það flotholt, sem öllu mundu bjarga, því að þeir væru þeirrar náttúru, að fátt mætti verða rekstri þeirra að fjárhagslegu grandi vegna tæknilegra yfirburða fram yfir fiskiskip annarra þjóða.

Þá er þess ekki síður að minnast, hver afstaða blaða Sjálfstfl. var í þessum efnum. Morgunblaðið þreyttist aldrei á að birta með stórum fyrirsögnum lofgerðarsöng nýsköpunarmannanna, en þegar sjálfstæðismaðurinn í fjármálaráðherrastólnum tók sig til og talaði varnaðarorð til þjóðarinnar um ástand og horfur, var slíkt að jafnaði birt á lítt áberandi stöðum í blöðum flokks hans. Fyrsta boðorð sjálfstæðismanna virtist vera: dýrð Ólafs Thors og hagsmunir flokksins og síðan þjóðin. Því fór sem fór fyrir stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar um úrlausn aðalvandamálanna. Og Alþfl. á þar einnig sína sök, enda hefur hann nú um langt skeið ástundað pólitík, sem væri sem árekstraminnst við Sjálfstfl.

Um Kommúnistaflokkinn þarf ekki að fjölyrða í þessu sambandi. Hann var í stjórnarandstöðu og vinnubrögð hans slík gegn öllum viðreisnartilraunum, sem hæfði sundrungarstefnu hans og húskarlaskyldu foringjanna við húsbændurna í austri.

Framsfl. reyndi í lengstu lög að þola þetta samstarf við Sjálfstfl. og Alþfl., í þeirri von, að að lokum fengist samstarf um einhverja raunhæfa baráttu við dýrtíðina. Þegar slíkt reyndist vonlaust og samstarfsflokkarnir létu sér vel líka eða jafnvel áttu þátt í að brjóta sitthvað niður, sem áunnizt hafði, þá var þolinmæði Framsfl. þrotin og brottför ráðherra hans úr ríkisstjórninni ákveðin. Og afleiðingar þess voru kosningarnar s. l. haust.

Framsfl. getur eftir atvikum látið sér mjög vel líka úrslit þessara kosninga. Þótt mikið vantaði á, að þau yrðu á þann veg, sem þjóðinni mátti fyrir beztu verða, þá bentu þau ótvírætt og ákveðið til þess, að hún tekur í vaxandi mæli undir kröfu Framsfl. um heiðarlegt stjórnarfar og raunhæfar tilraunir um aðgerðir gegn dýrtíðinni.

Hvað hefur svo gerzt í stjórnmálunum síðan að liðnum kosningum? Það helzt, að mynduð hefur verið hrein flokksstjórn Sjálfstfl., þess flokks, sem ásamt kommúnistum ber mesta ábyrgð á því, hvernig nú er komið fyrir þjóðinni. Þess flokks, sem að margra dómi ætti að vera úr leik um stjórnarforustu, þar til honum hefur auðnazt að afplána eitthvað af því, sem hann hefur brotið af sér gagnvart þjóðinni. Má vera, að hann vilji nú reyna að bæta úr og telji tíma til kominn, að foringinn sýni hin skjótu úrræði, sem hann eitt sinn lét svo mikið af, að fyrir hendi væru þegar þurfa þætti.

Eitthvað mun þó standa á úrræðunum, því að við valdatöku þessarar hæstv. ríkisstj. tilkynnti forsrh., að fyrst um sinn yrðu farnar „troðnar slóðir". Ekki bólar á pennastrikinu, en hæstv. ríkisstj. er eitt þankastrik. Jólin og jólafríið er í nálægð, og engar tillögur um úrræði né tekjuöflun í sambandi við þau komnar fram. Og þó þarf bátaflotinn að byrja veiðar strax upp úr áramótunum.

Það er svo svart útlit fram undan, að það þarf því miður meira en svona stjórn til að veita viðunandi viðnám, hvað þá að færa eitthvað til betri vegar, enda mun hún meira til orðin fyrir náð þjóðhöfðingjans en traust þjóðarinnar.

Ef athugað er ástandið, þá eru staðreyndirnar þessar: Gömlu togurunum hefur fyrir löngu verið lagt vegna þess, að ekki er grundvöllur fyrir að reka þá, og sama vofir nú jafnvel yfir sumum nýsköpunartogurunum. Síldar-

útvegurinn hefur dregizt saman og þarf skuldaeftirgjafir, sem nema milljónatugum. Bátaútvegurinn þarf sjaukna aðstoð. Í ár má búast við, að hún nemi beint og óbeint milli 30 og 40 millj. kr., og að óbreyttum aðstæðum þarf sennilega að bæta við tugum milljóna á næsta ári.

Verzlunarjöfnuðurinn við útlönd mun á þessu ári verða óhagstæður um 80—100 millj. kr., og nú hafa átt sér stað miklar hækkanir á erlendum vörum, og yfir vofir meira eða minna verðfall á útflutningsvörum okkar. Af þessum ástæðum er ekki annað sjáanlegt en að um stórlega minnkaðan innflutning verði að ræða vegna skorts á gjaldeyri og þar af leiðandi skortur á nauðsynlegum vörum.

Ríkissjóður er sokkinn í skuldir og ábyrgðir og það svo mjög, að árlegar greiðslur vaxta og áfallinna ábyrgða eru ískyggilega farnar að nálgast það, sem árlega er ætlað á fjárlögum til nýbyggingar vega, brúa og hafnarmannvirkja. Og með því að fara „troðnar slóðir" er ekki annað sjáanlegt en að enn þurfi stórkostlega að auka álögurnar, ef fjárlög næsta árs eiga að afgreiðast hallalaus. Er þá reiknað með auknum útgjöldum vegna aðstoðar til atvinnuveganna og launauppbót til starfsmanna ríkisins, sem að meðtöldum sennilegum hækkunum á eftir- og ellilaunum getur nálgazt svipaða upphæð og venjuleg fjárlög fyrir stríð. Auk þess verður að óttast verulega rýrnun tollteknanna vegna óhjákvæmilega minnkandi innflutnings. — Þetta eru fyrst og fremst syndagjöld verðbólgunnar og stjórnarfars nýsköpunaráranna.

Ástandið er svo ískyggilegt, að mörgum ofbýður, og fjárhagshrun og hvers konar eymd getur dunið yfir, ef ekki tekst giftusamlega til. — Það þarf heiðarleg samtök og ódeiga forustu, sem leitar að varanlegum og farsælum úrræðum til bjargar atvinnuvegunum, sem allt hvílir á. Og jafnhliða þarf að gera réttlátar ráðstafanir á öllum öðrum sviðum, svo að forðast megi óeðlilega lífskjaraskerðingu almennings. Þessa kröfu mun þjóðin nú gera til Alþingis.

Ef til vill stöndum við nú á þeim vegamótum, þar sem úr verður skorið, hvort gæfuleysi okkar er svo mikið, að erfiðleikarnir, sem við er að stríða, verða okkur að fótakefli og fjötur um fót næstu kynslóða. Slíkt væri sjálfskaparvíti, sem þrátt fyrir allt þarf ekki að henda, ef vel er að málunum staðið.

Finnur Jónsson: Þér hafið heyrt fulltrúa þriggja stjórnmálaflokka lýsa bágu fjárhagsástandi ríkissjóðs og ástandi atvinnuveganna. Hæstv. fjmrh. hefur fyrir þrem vikum tekið við embætti af flokksbróður sínum, og hann er fjórði ráðherrann úr Sjálfstfl., sem fer með fjármálin á nær 11 ára tíma, og er þetta í annað sinn, sem hann tekur þetta embætti. Allan tímann, sem Sjálfstfl. hefur farið með fjármálin, hafa útgjöld ríkissjóðs farið síhækkandi, lausaskuldir myndazt, ríkisábyrgðir stórlega vaxið og tollar og skattar hækkað að sama skapi.

Hæstv. fjmrh. lýsti ástandinu heldur ófagurlega, eins og fulltrúi Framsfl., sem talaði hér á undan mér. Þessir háttvirtu ræðumenn voru réttilega sammála um hið alvarlega fjárhagsástand. Þar bar ekkert á milli. Annað voru þeir líka sammála um. Hvorugur þeirra fann neina sök hjá sjálfum sér eða sínum eigin flokki, en báðir hjá flokkum andstæðinganna. Hv. fulltrúi Sósfl. sá hins vegar allt í rósrauðu ljósi, ef flokkur hans kæmist í ríkisstjórn.

Hæstv. fjmrh. talaði mjög um nauðsyn þess að minnka útgjöld ríkisins og afskipti ríkisins af atvinnuvegunum. Ég er hæstv. ráðherra sammála um, að mikla nauðsyn beri til að lækka útgjöld ríkissjóðs, bæði rekstrarútgjöldin og fjárfestingu ríkissjóðs.

Í yfirliti, sem alþingismönnum hefur verið sent, er skýrt frá því, að fjárfesting ríkissjóðs hafi á árinu 1938 numið 4½ millj. kr., en 10 árum síðar, á árunum 1947 og 1948, var fjárfestingin orðin 97—98 millj. kr. á ári. Ef við gerum ráð fyrir, að kostnaður við framkvæmdir hafi 5-faldazt, sem er mjög lausleg getgáta, ættum við að hafa fengið árin 1947 og 1948 rúmlega fjórum sinnum meiri framkvæmdir fyrir fé úr ríkissjóði á hverju ári um sig en á árinu 1938. Sennilega eru þær þó allmiklu meiri, því að notkun stórvirkra véla hefur að sjálfsögðu dregið mjög úr áhrifum dýrtíðarinnar, t. d. í vegagerð.

Þessi stórkostlega fjárfesting ríkissjóðs getur ekki haldið svona áfram og það sjáum við flestir nú orðið, þó að seint sé. En jafnframt því að við ásökum hvor annan — helzt án þess að finna nokkra sök hjá sjálfum okkur eða okkar flokki — þurfum við að gera bæði okkur sjálfum og kjósendum grein fyrir, hvað valdið hefur þessu.

Það er gott og blessað að slá því föstu, að ríkisútgjöld og ríkisafskipti þurfi að minnka stórlega. En af hverju stafa þau? Hvernig er það með ríkið? Er það einhvers konar stofnun, sem þrengir peningum upp á landsmenn til menningarmála, til félagsmála eða verklegra framfara að þeim sárnauðugum? Nei, það er öðru nær. Úr öllum kjördæmum landsins berast Alþingi áskoranir frá þingmálafundum um aukin fjárframlög til þessa og hins í kjördæminu. Stundum fylgir að vísu með ein lítil samþykkt um að lækka tolla og skatta, svona sem uppbót á fjárkröfurnar. En stórhugurinn fyrir framförum í kjördæminu er hinn sami, hvað sem því líður. En svo öllu gamni sé sleppt: stórhugurinn er okkur nauðsynlegur, þó að forsjá sé nauðsynleg. Við gætum ekki lifað, þessi litla þjóð í þessu stóra landi, ef við værum ekki dálítið stórhuga. Til þess að ná því sama og aðrir þarf lífsbarátta okkar að vera harðari en flestra annarra þjóða. Hver einn maður má sín lítils í baráttunni.

Frá síðustu aldamótum hefur orðið bylting í lífi okkar og atvinnuháttum, og hefur hún verið hraðfara, einkum hin síðari árin. Við erum óþolinmóðir, Íslendingar, við viljum sjá árangurinn af starfi okkar. Þegar okkur finnst okkur verða lítið ágengt, þegar hver einstaklingur fær ekki áorkað því, sem hann telur sér

nauðsynlegt, eru gerðar kröfur til samfélagsins. Ríkisafskiptin eru því til orðin beinlínis fyrir kröfur þegnanna um að ríkið ráði fram úr vandamálum, sem einstaklingunum eru ofviða eða allir eru sammála um, að hagkvæmara sé að ríkið framkvæmi heldur en einstaklingar.

Í þessu landi er stöðugt skortur á fjármagni. Við förum ekki vel með fé og gætum eflaust sparað meira en við gerum; en þó svo væri, mundi veitast erfitt að uppfylla þarfirnar. Sími var lagður um landið. Það var talið sjálfsagt, að hann yrði eign ríkisins. Síðar komu vegir, brýr, útvarp, skólahús, sjúkrahús, hafnargerðir, rafmagnsstöðvar, hitaveitur o. s. frv. Sumt af þessu er í eigu bæjar- og sveitarfélaga og gjarnan byggt með styrk eða á ábyrgð ríkissjóðs. Annað er byggt fyrir fé úr ríkissjóði, og er ekkert af þessu í eigu einstaklinga. Enginn hreyfir mótmælum gegn þessum ríkisafskiptum, og í rauninni þykir engum þau vera nógu mikil, að minnsta kosti ekki heima í sínu kjördæmi. Allir vilja fá meira, jafnvel Sjálfstfl., sem telur sig málsvara einstaklingsframtaksins og segir við hverjar kosningar, að hann sé á móti ríkisafskiptum. En þegar á Alþingi kemur, heimta þingmenn Sjálfstfl. fé úr ríkissjóði til ýmiss konar framkvæmda bæjarfélaga og ríkisins. Þessir ágætu andstæðingar ríkisafskipta og baráttumenn fyrir framtaki einstaklingsins virðast gleyma kosningastefnuskránni, ef þeir sjá opinn ríkiskassann fyrir framan sig, engu síður en aðrir alþingismenn.

Bæjarrekstur og ríkisrekstur hefur lengi verið eitur í beinum Sjálfstfl. samkvæmt þeirra kennisetningum, hvað sem framkvæmdinni líður, t. d. á Reykjavíkurbær hitaveituna og ríki og bær í sameiningu Sogsvirkjunina, sem eru einhver stærstu fyrirtæki landsins. Bæði þessi fyrirtæki, ásamt svo mörgu öðru, eru sósialiseruð (það er eign hins opinbera og eiga að vera rekin með hag almennings fyrir augum). Bæjarútgerð og ríkisútgerð máttu sjálfstæðismenn lengi ekki heyra nefnda. Alþfl. hamraði á þessu ár eftir ár, hann krafðist bæjarútgerðar, og nú er svo komið, að Reykjavíkurbær á og rekur fjóra togara og hefur meira að segja skírt einn þeirra í höfuðið á þeim ágæta formanni Sjálfstfl., sem harðast barðist fyrir einkaframtakinu og gegn þjóðnýtingu, Jóni heitnum Þorlákssyni. Þannig hefur þjóðnýtingarstefna Alþfl. hlotið viðurkenningu hjá hinum hörðustu andstæðingum og raunar gegn vilja þeirra. Stöðugur áróður, þungur vilji kjósenda og óhrekjandi rök fyrir almenningshagsmunum hefur unnið bug á andstöðunni. Það er ávinningur lýðræðisjafnaðarstefnunnar. En þetta hefði getað gengið miklu fyrr og miklu betur, ef Alþfl. hefði ráðið.

Sjálfstfl. gekk til þeirra kosninga, er leiddu til myndunar núverandi ríkisstj., með kröfu um, að nauðsynlegt væri, að hann sem sterkur flokkur fengi meiri hluta og gæti einn ráðið öllu. Einn sterkur íhaldsflokkur — einn sterkur foringi eru kjörorð, sem leitt hafa til einræðisins og nazismans í Þýzkalandi og kommúnistaógnarstjórnar í Austur-Evrópu.

Ef Sjálfstfl. hefði einn ráðið öllu hér á landi undanfarin ár, liti fjárlagafrv. það, sem hér er til umræðu, eflaust allt öðruvísi út, það væri þá í einu og öllu í anda og stefnu íhaldsins. Þar væri ekki varið 21 millj. kr. til almannatrygginga, þar væri ekki varið 1,2 millj. kr. til byggingar verkamannabústaða. Þar væri ekki lagt fé til sjúkrahúsarekstrar ríkisins eða til strandferða, eða margs annars, sem beinlínis er til komið fyrir áhrif Alþfl. En þó að um frv. megi margt gott segja, svo sem það, er ég nefndi, ber það að ýmsu leyti merki þeirrar upplausnar, er myndaðist þegar fyrrverandi stjórnarstarf var rofið af Framsfl. í ágústmánuði s. l.

Það er vitað, að síldarvertíðin brást á s. l. sumri í fimmta sinn, og því oftar sem hún bregzt, því meiri vandræðum hlýtur síldarleysið að valda sjómönnum og útvegsmönnum. Alþingi hefur áður á hverri síldarleysisvertíð frá árinu 1945 hlaupið nokkuð undir bagga og hjálpað til að leysa sjóveð o. þ. h. Búið var að lofa útvegsmönnum því, að hlutatryggingasjóður tæki til starfa á þessu ári. Engar greiðslur fara fram úr honum fyrr en á næsta ári.

Á þessu fjárlagafrv. er ekki neitt fé ætlað til aðstoðar síldarútveginum, þrátt fyrir það að þörfin hljóti að vera brýnni en nokkru sinni fyrr. Ég verð að víta þetta. Sjómenn og útvegsmenn, sem síldveiði stunduðu fyrir Norðurlandi í sumar og voru svo óheppnir að fá fimmta aflaleysisárið, standa því uppi ráðþrota. Mörg skip hafa eigi getað innt af hendi lágmarkstrygginguna, og kemur það sér mjög bagalega fyrir skipverjana og er útgerðinni til leiðinda. Ríkisstj. veitti nokkra aðstoð á miðju sumri, sem rétt var, en aðstoðin þurfti að ná lengra, og verð ég að láta þá von í ljós, að hv. Alþingi láti eigi dragast lengi úr þessu að bæta úr þessum miklu vandræðum.

Það er fjarri mér að telja eftir framlög fjárlagafrv. til landbúnaðarins. Ég tel bændur alls góðs maklega, en eftir frv. er áætlað til sjávarútvegsins kr. 1356350, til landbúnaðarins kr. 22021000, eða seytján sinnum meira. Til sauðfjárveikivarnanna einna eru áætlaðar kr. 7315000. Er sauðfjárveikin að vísu skaðleg pest, sem valdið hefur miklu tjóni, en þó hygg ég eigi of mælt, að 5 síldarleysisár hafi eigi farið betur með skipverja og útgerðarmenn en sauðfjárveikin með bændur. Vænti ég þess fastlega, að hv. þingmenn, að athuguðu máli, fallist á, að Alþingi megi ekki sóma síns vegna gera svo hrapallega upp á milli stétta eins og að virðist stefnt með fjárlagafrv. þessu.

Þá hlýtur það einnig að vekja athygli, hve mjög er dregið úr framlögum til sjávarútvegsins vegna dýrtíðarráðstafana. Á þessu ári voru, svo sem hæstv. fjmrh. gat um, ætlaðar 64 millj. kr. í því skyni, en nú aðeins kr. 33,5 millj.

Það er öllum vitanlegt, að þegar stjórnarsamstarfið leystist upp í ágústmánuði, fóru allar ráðstafanir gegn dýrtíðinni úr reipunum. Til þess að greiða niður verðlagið innanlands, svo að sama árangri verði náð og áður, þarf því miklu meira fé en á þessu ári. Hversu miklu

meira þyrfti til þess að ná því marki, vil ég ekki gera tilraun til að áætla. Þá er og vitað, að útgerðarkostnaður hefur hækkað talsvert frá vertíðinni á þessu ári, og telur fundur L. Í. Ú., að fiskverðið þurfi að vera kr. 1.04 móts við 65 aura pr. kg á þessu ári. Ég vil engan dóm á þessar tölur leggja.

Það má telja alveg víst, að útgerðin fer ekki á stað, nema hún fái meiri niðurgreiðslur en á þessu ári, en til þeirra er ekkert áætlað í frv., á sama tíma og haldið er óbreyttum eða jafnvel hækkuð framlög til landbúnaðarins.

Hæstv. fjmrh. kemst svo að orði í athugasemd við fjárlagafrv., að finna verði aðrar leiðir en niðurgreiðslur fyrir sjávarútveginn; en hvort hann á við styrkjalausan atvinnurekstur, sem flokkur hans bauð upp á í alþingiskosningunum, vil ég ekki fullyrða. Þetta verður enn óljósara vegna þeirra ummæla hæstv. forsrh., er hann tilkynnti ríkisstjórn sína, að hann mundi fara „troðnar slóðir" í dýrtíðarmálunum. Þó að ekki sé langur tími liðinn síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum, væri óneitanlega fróðlegt að fá fljótlega að vita, hvort gripið verður heldur til hins styrkjalausa atvinnurekstrar og þá væntanlega frjálsrar verzlunar, eins og Sjálfstfl. lofaði í kosningunum, eða hvort farnar verða áfram „troðnar slóðir" samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. Eins og nú er komið málum í landinu, er hætt við því, að hvor leiðin, sem valin yrði, yrði nokkuð þyrnum stráð.

Nú er komið að jólum og engar ákveðnar tillögur liggja fyrir í þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstj. Hins vegar lýsti hæstv. forsrh. því yfir utan dagskrár í byrjun þessa fundar, að hann teldi þetta svo mikið vandamál, að engra tillagna væri von fyrir áramót, þingmenn gætu þess vegna farið heim í jólafrí, en hæstv. ríkisstj. mundi halda áfram athugunum sínum. Ég tel þetta mjög miður farið. Ég viðurkenni fyllilega þann mikla vanda, sem hæstv. ríkisstj. og Alþingi er á höndum, þannig að eigi sé sanngjarnt að krefjast þess, að fullnaðartillögur liggi fyrir frá hæstv. ríkisstj. Hins vegar er sú krafa gerð til vinnandi landsmanna, að þeir ljúki áríðandi störfum, áður en þeir taka sér frí — jafnvel jólafrí. Auk þess stendur hér alveg sérstaklega á. Það er hætta á, að talsverður útflutningsatvinnurekstur stöðvist þann tíma, er Alþingi tekur sér jólafrí. Vertíð er að vísu ekki almennt byrjuð hér sunnanlands. Hins vegar eru haustróðrar almennt hafnir á Vestfjörðum. Núverandi fiskábyrgðarverð fellur úr gildi um áramót, og verður eigi annað séð en að þessi útgerð stöðvist um áramót, ef ekki verður eitthvað gert.

Ég er ekki viss um, að hæstv. ríkisstj. sé þetta ljóst, og vil skjóta því að hæstv. forsrh., hvort ekki muni ástæða til að taka þetta til sérstakrar athugunar.

Ég hef gert að umtalsefni nokkra ágalla, sem ég við fljótan yfirlestur hef fundið á fjárlagafrv. Með því hef ég ekki óskað að deila á hæstv. núverandi fjmrh., sem eins og allir vita hefur eigi undirbúið frv. Þá hef ég heldur eigi viljað leggja alla ábyrgð á hæstv. fyrrv. fjmrh. af þessum sökum, því að hann er kunnur áhugamaður um allt, er að sjávarútvegi lýtur, og hefur oft í verki sýnt, að hann ber hag þessa atvinnuvegar mjög fyrir brjósti, þótt það að vísu sjáist eigi á þessu fjárlagafrumvarpi.

Ég hef áður lauslega minnzt á afleiðingar þess, að stjórnarsamstarfið var rofið. Þegar síldveiðin brást á s. l. sumri, voru augljós vandræði fram undan. Þá hefði þurft að hefjast tafarlaust handa og leita samkomulags milli flokkanna og við Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um ráðstafanir til þess að firra þjóðina voða. Þetta var ekki hægt að gera. Framsfl. rauf stjórnarsamstarfið einmitt á þeim tíma, þegar vandræðin vegna síldarleysisins voru komin í ljós. Fyrrv. forsrh. gerði tilraun til þess að koma á samstarfi, með því að fá ráðherra Framsfl. til þess að segja ekki af sér fyrr en að kosningum loknum. Ráðherrarnir sátu að nafninu til, en allir möguleikar til skrafs og ráðagerða um framtíðina voru útilokaðir. Framsfl. hafði af fullkomnu ábyrgðarleysi kveikt kosningaeldinn. Engar viðræður gátu farið fram um vandamálin. Hinum dýrmæta tíma frá því í ágústmánuði til miðs nóvember var varið í tilgangslaust þjark og í kosningaþvarg, sem bar engan árangur og engum var til góðs, í stað þess að nota hann til þess að reyna að finna sameiginlega lausn á vandamálunum fyrir haustið. Með því að knýja fram alþingiskosningar á þessum tíma árs fórnaði Framsóknarflokkurinn því miður þjóðarheill af flokksástæðum, sem öllum eru ljósar. Sjálfstæðisfl hafði lengi undirbúið kosningar og virtist taka því fegins hendi, þegar Framsókn knúði þær fram. Í blöðum Sjálfstfl. hafði mjög verið hamrað á ókostum samstjórnar þriggja flokka. En nú mun vera komið annað hljóð í strokkinn. Nú mun komið í ljós, eftir aðeins þriggja vikna setu hæstv. ríkisstjórnar, að hinn „sterki" Sjálfstæðisfl. sér enga leið út úr vandræðunum aðra en samstjórn lýðræðisflokkanna þriggja. Tilgangsleysi kosninganna og skaðinn af þeim er þannig þegar kominn í ljós.

Um fyrrverandi stjórnarandstöðu, Kommúnistaflokkinn, sem breitt hefur yfir nafn og númer og kallar sig Sósíalistaflokk, sé ég ekki ástæðu til að að segja mikið í þessu sambandi. Augljós þjónusta kommúnista og blind hlýðni forustumanna flokksins við erlent einræðisríki og kúgunarstefnu hefur opnað augu allra lýðræðissinna fyrir skaðsemi Kommúnistaflokksins. Sókn flokksins hér á landi er algerlega stöðvuð. Ýmsir menn, sem kosið höfðu áður með flokknum í þeirri trú, að þeir væru að kjósa róttækan og frjálslyndan flokk, hafa snúið við honum baki. Flótti er brostinn í liðið.

Allir ókostir einræðis, blóðsúthellinga og skoðanakúgunar fylgja kommúnistaflokkum, hvar sem þeir eru við völd í Evrópu, eins og svartur skuggi. Hvar sem þeir hafa komið höndum undir, hafa þeir troðið á hinum helgustu mannréttindum og brotið alla andstöðu á bak aftur með ofbeldi, fangelsunum og manndrápum. Á seinni árum hefur þetta skeð undir

yfirskini samfylkingar. Leitað hefur verið samstarfs við jafnaðarmenn. Síðan hafa verið hafnar ofsóknir gegn forustumönnum borgaraflokkanna. Þeim hefur verið rutt úr vegi. Að því loknu hafa verið hafnar ofsóknir gegn forustumönnum jafnaðarmanna. Hreinsanir hafa í öllum löndum farið fram með sama hætti. Þegar þeim var lokið, hófst blóðug valdabaráttа innbyrðis meðal kommúnista. Daglega heyra menn um nýja og nýja svikara. Í ríki einræðisins, þar sem ógnarstjórnin hefur völdin, er enginn óhultur um líf sitt. Þrautreyndum baráttumönnum úr hópi kommúnista er rutt úr vegi sem svikurum og njósnurum. Sá, sem ekki hugsar eftir línunni eða fellur einvaldanum ekki að einhverju leyti í geð, er vægðarlaust drepinn. Blindustu trúarbragðaofsóknir miðaldanna og galdrabrennur voru barnaleikur hjá þeim ofsóknum, pyntingum og hörmungum, andlegum og líkamlegum, sem nú eiga sér stað í löndum þeim, þar sem kommúnistar hafa náð völdum á tuttugustu öldinni undir yfirskini samfylkingar.

Hundruð milljóna manna um allan heim fordæma þessar aðfarir með viðbjóði, og til okkar Íslendinga á slíkur boðskapur ekkert erindi. Allir hugsandi menn og frjálslyndir hverfa burt frá Kommúnistaflokknum, þegar þeim verður ljóst, hvað flokkurinn er í raun og veru. Foringjar kommúnista finna þetta. Flokkur þeirra er orðinn einangraður og forustumennirnir eru að einangrast í sínum eigin flokki. Þess vegna bjóða þeir nú upp á samfylkingarleiðina eða sjöundu línuna frá Moskvu, sem reynzt hefur hengingaról fyrir þær lýðræðisþjóðir álfunnar, sem leyft hafa kommúnistum að smeygja henni um háls sér. Það er byrjað á sakleysislegan hátt með því að bjóða upp á samfylkingu í bæjarstjórnir og í ríkisstjórn. Fyrir alla hugsandi Alþýðuflokksmenn eru slík samfylkingartilboð hlægileg. Kommúnistar bjóða ekki upp á samfylkingu til þess að koma málefnum alþýðunnar áleiðis, heldur til þess að reyna að ná völdum og áhrifum. Þeir hafa t. d. haft samfylkingu við Sjálfstfl. á Ísafirði í bæjarstjórn gegn Alþfl. í heilt kjörtímabil. Íhaldsstefnan hefur ráðið öllum málefnum. Fjárhagur bæjarins er kominn í kaldakol, en kommúnistar hafa fengið valdastöður og bitlinga. Á sama hátt samfylkja kommúnistar gegn Alþfl. með Íhaldinu og Framsókn á Siglufirði. Þeir samfylkja með hverjum sem er, án tillits til málefna, til þess að reyna að ná völdum, peningum og áhrifum. Á einum stað á landinu, í Vestmannaeyjum, hafa þeir samfylkt með Alþfl. í bæjarstjórn, og er enginn vafi á, með hverjum hætti slíkri samfylkingu lýkur. Það samfylkir enginn í lengri tíma með hinu illa án þess að bíða af því tjón.

Klofningur kommúnista á fylkingu alþýðunnar í tvær deildir hefur tafið fyrir framkvæmd jafnaðarstefnunnar á Íslandi. En fyrir verkamenn landsins og aðra alþýðumenn er engin samfylking við kommúnista hugsanleg, og fyrir þá, sem af misskildum hugsjónum hafa leiðzt inn í myrkvið Kommúnistaflokksins, er aðeins ein leið til þess að efla jafnaðarstefnuna á Íslandi; hún er sú að hverfa aftur inn í Alþfl. Samfylking allra lýðræðisjafnaðarmanna innan Alþfl. á hreinum lýðræðisgrundvelli er leiðin út úr ógöngunum.

Aðferðir þær, sem kommúnistar beita, þar sem þeir ná völdum, eru svo fjarlægar hugsunarhætti okkar Íslendinga, að margir segja sem svo: Þetta getur ekki skeð hér á Íslandi. Hið sama sögðu Norðmenn, áður en nazistar hertóku landið. Það er hlægilegt þegar hv. 4. landsk. býður upp á flokk sinn, Kommúnistaflokkinn, til þess að verja lífskjör verkamanna. Hvergi eiga verkamenn við eins bág kjör að búa eins og þar, sem kommúnistar ráða. Hinir ríku kommúnistaforsprakkar ákveða launin, og verkfall og kauphækkanir eru bannaðar. Varla er til eins ömurleg lýsing á kjörum verkamanna nokkurs staðar og í höfuðríki kommúnista í Rússlandi. Samfylking við Kommúnistaflokkinn hér er því ekki freistandi fyrir verkamenn.

Menn spyrja, hvernig eigi að ráða fram úr núverandi vandamálum. Vitanlega þarf það fyrst og fremst að gerast með því að koma útflutningsframleiðslunni í fullan gang. Hvort mönnum þykir ljúft eða leitt, verður að afgreiða hallalaus fjárlög. Það verður að draga úr fjárfestingu ríkis og bæjarfélaga, en efla útflutningsframleiðsluna. Hver fleyta verður að fara á fiskveiðar, sem forsvaranleg er til þeirra hluta. Á þann hátt verður að afstýra atvinnuleysi.

Full atvinna er bezta trygging verkamanna, ásamt öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum, sem jafnframt þarf að gera til þess að draga úr dýrtíðinni.

Jafnframt því að koma sjávarútveginum í fullan gang, verður að koma rekstri hans í hagnýtara horf. Útgerðina þarf að sameina í stærri heildir til þess að spara kostnað og gera henni um leið kleift að eignast ýmis fyrirtæki, sem nú vinna utan hennar og taka af henni stóran ágóða, þótt hún tapi á sínum rekstri. Þetta þarf að gera með því að sameina það bezta, sem menn þekkja úr ríkisrekstri, samvinnurekstri og einkarekstri, allt eftir því sem við á hverju sinni.

Þá þarf að koma því til vegar, að sérstök rannsókn fari fram á því, hvernig unnt er að stunda landbúnað á sem arðbærastan og ódýrastan hátt með nýtizku landbúnaðarvélum, eða hestaverkfærum, eftir því sem við á. Sérstaka áherzlu verður að leggja á hagnýta notkun byggingarefnis og byggingu hagkvæmustu íbúða af hæfilegri stærð.

Enginn vafi er á, að komi ekki eitthvert sérstakt happ fyrir, t. d. stórkostleg síldveiði, og jafnvel hvort sem er, eru miklir örðugleikar fram undan. Fyrrv. ríkisstj. afstýrði kreppu, atvinnuleysi og vandræðum, sem andstæðingar hennar spáðu henni mánaðarlega á meðan samvinnan varaði. Síðan hefur mikið sigið á ógæfuhlið. Gjaldeyrisástandið hefur fyrst og fremst orðið vegna síldarleysis fyrir Norðurlandi í fimm vertíðir. Haldi það áfram, verðum við að fara enn varlegar en ella.

En þrátt fyrir það er framtíðin mikið undir

okkur sjálfum komin. Alþingi þarf að bera gæfu til að vinna að hagsmunum þjóðarinnar af heilum hug og njóta til þess skilnings almennings. Ef hver maður hugsar nokkuð um þjóðarhag jafnframt því að sjá sér sjálfum farborða, mun vel fara.

Forfeður vorir hafa lifað af hinar mestu hungurplágur, hafís, eldgos og erlenda kúgun, og endurheimt sjálfstæði sitt. Við, sem nú lifum, eigum eftir að sýna heiminum, að við höfum þolað hina mestu velgengni, sem okkur hefur fallið í skaut, og sýna þann þroska að vernda velgengni okkar, menningarlíf okkar og sjálfstæði á lýðræðislegan hátt. Ég hef enga betri jólaósk að færa íslenzku þjóðinni en að þetta megi takast giftusamlega.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þessi tími, 15 mínútur, sem mér er ætlaður til andsvara, gefur að sjálfsögðu ekki tilefni til að fara langt út í málin.

Ég tel ekki ástæðu til að svara hv. talsmanni kommúnista hér neinu. Öll málfærsla hans var eins og venja er til hjá þeim félögum, utanbókarlærdómur kommúnista, innflutt vara að mestu, sem leysir engin vandræði þjóðarinnar.

Hv. þm. Ísaf. álasaði Sjálfstæðisfl. fyrir, hvernig fjármálastjórn ríkisins hefði farið úr hendi á undanförnum árum, og vildi láta líta svo út sem sá flokkur bæri einn ábyrgð á öllu, sem miður hefur farið í þeim efnum. En ég bendi þessum hv. þm. á, að hans flokkur hefur verið í stjórn allan umræddan tíma, eins og Sjálfstæðisfl., og ber því ekki síður ábyrgð á þessum málum en öðrum, þótt fjármálaráðherrarnir hafi verið sjálfstæðismenn.

Hv. 1. þm. Rang. vítti það, hve fjárlagafrv. hefði verið lagt seint fyrir þingið. Ég get vel tekið undir þau ummæli hans, fjárlagafrv. á að leggja fram þegar í upphafi þings. En í haust stóð sérstaklega á, því verður ekki neitað. Ráðherrar Framsfl. höfðu rofið stjórnarsamstarfið og báðust lausnar strax áður en þing kom saman, og hér var því aðeins bráðabirgðastjórn við völd um það bil er þing kom saman. Síðan þessi stjórn, sem nú situr, var mynduð, eru aðeins tvær vikur, og síðan hefur tíminn verið notaður til að taka saman það yfirlit um fjármál ríkisins, sem ég hef nú gefið hér. Það er skoðun mín, að ekki sé ástæða til að saka ast um, að þetta yfirlit hefur ekki verið lagt fram fyrr, og alveg er það fráleitt að ásaka hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir að koma ekki með þessa ræðu, það hefur ekki tíðkazt, að aðrir flytji fjárlagaræðuna en sá, sem í embættinu er, þegar ræðan er flutt.

Hv. 2. þm. N-M. flutti hér nokkra gamla Tímadálka, sem oft hafa verið hraktir, og getur hann því ekki búizt við, að hann verði tekinn mjög alvarlega eða svarað miklu. Aðeins skal hv. þm. bent á, að bjargráð flokks hans hafa nú sýnt sig í verki. Í ársbyrjun 1947 settust framsóknarmenn í ráðherrastólana og lofuðu að stöðva kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds. Árangurinn er nú kominn í ljós. Hann er m. a. sá, að kaupgjaldið hefur víða verið hækkað um 20—30%, og allt upp í 42%, svo sem hæstv. forsrh. upplýsti hér á Alþ. í dag. Jafnframt hefur vísitalan stórhækkað, þrátt fyrir það að milljónatugum hefur verið varið til niðurgreiðslu á henni. Að öðru leyti þykir rétt að minna þennan hv. þm. á, að strax og framsóknarmenn voru staðnir upp úr ráðherrastólunum 1942, réðust þeir á sínar eigin tilraunir til að stöðva dýrtíðina. Og loks er þessi hv. þm. minntur á, að það var Framsfl., sem rauf sambandið milli kaupgjalds og afurðaverðs á árinu 1940 og hrinti með því dýrtíðarflóðinu af stað. Flokkur þessa hv. þm. ætti því öllum öðrum flokkum síður að bera aðra sökum vegna dýrtíðarinnar.

Umræður hafa færzt, eins og vænta mátti, inn á dýrtíðarmálið og lausn þess, og kemst ég ekki hjá því að svara því nokkru.

Framsóknarmenn sýna nú í ræðu og riti, að þeir séu mjög hneykslaðir á því, að ríkisstj. skuli ekki nú þegar, tveimur vikum eftir að hún tók við störfum, hafa komið með fullkomna lausn, sem Framsfl. og aðrir flokkar þingsins hafa verið að glíma við síðastliðinn áratug. Hneykslun þessara manna er enn eftirtektarverðari fyrir þá sök, að forustumenn flokksins hafa setið í ríkisstjórn undanfarin ár, og á þeim tíma hefur engin varanleg lausn verið tekin til meðferðar, heldur hefur öllu verið haldið fljótandi með bráðabirgðaráðstöfunum, og verðbólgan hefur á þeim tíma farið hraðvaxandi, með þeim árangri, að greiðsluhalli ríkissjóðs þennan tíma hefur orðið 175 millj. kr. og framleiðslukostnaður útvegsins á þessum sama tíma aukizt stórkostlega. Í staðinn fyrir, að ríkissjóður hefur á þessu ári styrkt bátaútveginn með 37 millj. kr., mundi þurfa hvorki meira né minna en nær 60 millj. í viðbót á næsta ári, samkvæmt núverandi kröfum útvegsmanna, eða alls yfir 95 millj. kr., sem þá yrði að afla ríkissjóði nýrra tekna fyrir. Það er ekki að furða, þótt hv. þingmenn Framsfl. þykist undrandi yfir því, að hin nýja ríkisstj. skuli ekki þegar hafa leyst málið, daginn eftir að hún vissi um allar kröfur útvegsins, málið, sem hann og aðrir hafa verið að glíma við í mörg ár.

Hæstv. forsrh. gaf skýrslu til þingsins um þetta mál í dag og sagðist hafa fengið í gær að vita endanlega um allar kröfur útvegsins í sambandi við rekstur hans á næsta ári. Ef reiknað er með fyllstu kröfum, sem útvegurinn hefur sett fram, þá er um að ræða nær 60 milljónir, sem ríkissjóður þyrfti að bæta við þann styrk, sem greiddur verður á þessu ári. Ef til vill má fá þessar kröfur eitthvað lækkaðar. En það tekur tíma og verður ekki gert á einum degi að fá rétta og raunverulega mynd af því, hvernig málið stendur. Það tók margar vikur á síðasta ári. En þó að sú vitneskja lægi fyrir, hvers útvegurinn í raun og veru þarfnaðist sem lágmarks, þá væri þó eftir að leysa þann vanda, hvernig ætti að greiða þau gífurlegu gjöld, aldrei lægri en 65—70 millj. kr., sem útvegurinn þarfnast nú, ef hann á að halda áfram á næsta ári að starfa með ríkisstyrk.

Þeir geta talað digurbarkalega um ráðleysi

og stefnuleysi ríkisstj., sem sjálfir hafa sýnt, að þeir hafi ráð undir rifi hverju og séu færir að leysa hvern vanda. En stjórnarferill framsóknarmanna undanfarandi ár hefur ekki sýnt, að þeir geti djarft úr flokki talað í þessu efni. Þeir hafa ekki bent á nein ráð og ekki reynzt færir um að leysa neinn vanda. Ríkisstj. hefur tekið við málunum í því ástandi, sem þau eru nú í, komin úr höndum þeirra framsóknarmanna, sem mest geipa nú um, að aðrir leysi þau ekki, án undirbúnings og án tafar.

Ég skal ekkert um það segja á þessari stund, hvað reynt verður að gera til þess, að útvegurinn stöðvist ekki. Ríkisstj. mun vinna að því, meðan hv. þingmenn hvíla sig yfir jólin. En enginn skyldi láta sér til hugar koma, að hér sé um að ræða auðveldan og skemmtilegan leik, sem ekki þurfi nema herzlumuninn til að framkvæma öllum til velþóknunar og ánægju. Mál þetta er nú, eins og komið er, eitthvert örlagaríkasta vandamál, sem legið hefur fyrir þingi og stjórn að leysa síðastliðinn áratug.

Það verður hvorki leyst með fávíslegum slagorðum né tilefnislausum og klunnalegum árásum á ríkisstj. Það verður heldur ekki leyst með skömmtunarseðlum, sem á að breyta í innflutningsleyfi, né með stóríbúðaskatti, sem rekur alþýðufólk út af heimilum sínum. En slík eru ráðin sem Framsfl. ber fram fyrir þjóðina.

Þetta mál verður aðeins leyst, ef þjóðin lætur sér skiljast það, að atvinnulíf hennar, fjárhagur og framtíðarafkoma er í stórkostlegri og yfirvofandi hættu, og að raunverulega er aðeins ein lausn til, sú eina lausn, að koma á jafnvægi í efnahagsstarfsemi landsins. En sú starfsemi er nú öll komin úr skorðum og í fullkomið öngþveiti, vegna þess að allir hafa til þessa, einstaklingar og stéttir, hugsað um það eitt að skara eld að sinni köku og sýnt fullkomið ábyrgðarleysi gagnvart öllum öðrum sjónarmiðum.

Ef lausn þessa vandamáls, sem nú stendur fyrir dyrum, verður af þjóðinni sjálfri gerð að sandi og ösku í höndum þeirra, sem slíka lausn eiga að framkvæma, þá kveður þetta þjóðfélag upp örlagadóminn yfir sjálfu sér — dóm upplausnar og gjaldþrots.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 49, n. 610 og 613).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði vegna þess og um að fresta eldhúsdagsumræðum til 3. umr. leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd fjvn. leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv.

Forseti (JPálm): Ég hafði búizt við, að brtt. fjvn. yrðu tilbúnar nú á þessum fundi, svo að það mætti útbýta þeim, en svo gat ekki orðið. Þær verða þó líklega tilbúnar og útbýtt um hádegi á morgun, og vil ég vænta þess, að sem flestir hv. þm. skili brtt. sínum fyrir annað kvöld.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins fá nánari upplýsingar um hin síðustu orð hæstv. forseta varðandi fund í hv. Sþ. á morgun, hvort búast mætti við fundi fyrri hluta dags eða á venjulegum fundartíma.

Forseti (JPálm): Ég get nú ekki orðið við óskum hæstv. forseta Ed. að segja nákvæmlega um, hvenær fundur verður á morgun. En það er venja, að fundur sé í Sþ. á miðvikudögum, og liggja nú fyrir fyrirspurnir o. fl. En ef tækifæri gefst á morgun fyrir kl. 4 til fundarhalda í deildum, mun ég athuga það mál og hafa samráð við hæstv. forseta deildanna.

Á 43. fundi í Sþ., 3. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 610, 613 og 616, 611).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1950 var fyrst í gær vísað til 2. umr. Samkvæmt fyrirmælum stjórnarskrárinnar ber að afgreiða fjárlög hverju sinni áður en fjárlagaárið hefst. Þessum skýru fyrirmælum hinnar helgu bókar, sem allir háttvirtir alþingismenn hafa þó heitið að halda, hefur því miður ekki verið fylgt undanfarin ár. Þjóðin hefur komið auga á þessi mistök og gagnrýnt þau.

Venja sú, sem hér er að skapast, þvert ofan í skýlaus ákvæði stjórnarskrárinnar, hefur haft margvíslega erfiðleika í för með sér og raunar torveldað þá stefnubreytingu, sem óhjákvæmilega þarf að verða í ríkisrekstrinum og þjóðin heimtar að verði, eftir að fjármálakerfinu hefur verið raskað svo sem raun ber vitni um, auk þess sem þessi venja hefur á engan hátt treyst virðingu Alþingis eða skapað þá festu í fjármálum ríkisins, sem nauðsynlegt er að sé fyrir hendi á hverjum tíma. Nefndin vill eindregið vænta þess, að fjárlagafrv. fyrir næsta ár verði undirbúið svo á allan hátt, að fjárlög verði samþykkt fyrir árslok, og þeirri venju að fullu lokið, að fresta afgreiðslu fjárlaga langt eða skammt fram á fjárlagaárið.

Ég hef hreyft þessu hér við þessa umræðu vegna þess, að mér er það ljóst, hversu nauðsynlegt það er, að fjárlög séu afgreidd svo sem fyrir er mælt í stjórnarskránni, ef gera á nokkrar endurbætur að raunveruleika í sambandi við sparnað og hagsýni í ríkisrekstrinum og skapa á aftur fulla virðingu og fullt traust á Alþingi í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og meðferð á fé ríkissjóðs. — Mér þykir einnig

rétt að taka fram, að ástæður fyrir því, að afgreiðsla fjárlaga á þessu þingi, er nú situr, hefur gengið svo treglega, eru bæði margar og veigamiklar: Ágreiningurinn um áframhaldandi samstarf stjórnarflokkanna á s. l. ári, með þingrofi og haustkosningum, svo að samkomudegi Alþingis seinkaði um mánuð frá því, sem áður var, stjórnarkreppa og of langur dráttur á lausn dýrtíðarmálanna. Allt þetta varð þess valdandi, að ekki var unnt að afgreiða fjárlög svo sem vera bar. Mér þykir einnig rétt að taka það hér fram, að undirbúningur fjárlagafrv. frá hendi þáverandi fjmrh. var í alla staði hinn prýðilegasti, miðað við það ástand, sem þá ríkti, enda eru flestar þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á frv., í beinu sambandi við fyrirmæli laga, sem samþ. hafa verið eftir að hann lagði frv. fram.

Breytingartillögur þær, sem meiri hl. ber fram, en fyrir þeim öllum er meiri hl. í n., bera að sjálfsögðu merki þeirrar röskunar, sem orðið hefur á öllu fjárhagskerfi þjóðarinnar við gengisfellinguna, samfara þeim lagafyrirmælum, sem samþykkt voru í sambandi við hana nú á þessu þingi. Tillögurnar bera hins vegar ekki svip þeirrar stefnu í fjármálum ríkisins, sem þörf er á að marka og verður að marka, þegar sýnt er, að framleiðsla landsins fær hvert stóráfallið á fætur öðru frá fallandi markaðsverði, skerðingu markaðssvæða og vaxandi andúð frá vinveittum þjóðum vegna samkeppninnar bæði á veiðisvæðum og á sölumarkaðinum. Það var að vísu á valdi fjvn. að gera till. um ýmis atriði í ríkisrekstrinum, sem auðsjáanlega verður að breyta, en það var ekki á valdi n. að gera slíkar till. raunhæfar til sparnaðar, einkum og sér í lagi vegna þess, hversu langt er liðið á fjárlagaárið. — Slíkar breytingar á rekstrarkerfinu þurfa mikinn og margvíslegan undirbúning, sem framkvæma þarf áður eða samhliða undirbúningi fjárlaga. Meiri hl. n. beinir því eindregið þeirri áskorun til hæstv. ríkisstj., að hún láti nú þegar að loknu þingi fara fram slíkan undirbúning og leggi síðan fram raunhæfar tillögur til sparnaðar í sambandi við fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Er þess að vænta, að hæstv. ríkisstj. gefi um þetta efni skýlausa yfirlýsingu, áður en umræðum um fjárlögin lýkur að þessu sinni.

Öll störf þingsins mótast enn af þeim tröllադansi, sem þjóðin heldur ótrauð áfram að stíga umhverfis gullkálfinn, sem hér skapaðist á stríðsárunum, þegar hver blóðdropi, sem draup á vígvellinum, varð að gullpeningi fyrir þá, sem gátu framleitt í friði einhver verðmæti fyrir þjóðirnar. Meðan þessu fer fram, er þess ekki að vænta, að fjárlögin beri svip þeirrar festu, sem ávallt er nauðsynleg í sambandi við ráðstöfun á almannafé. En núverandi hæstv. ríkisstj. hefur nægilega sterkan meiri hl. innan þings og utan til þess að stöðva þennan tröllադans og kalla menn til alvarlegri athafna, svo að þau verðmæti, sem þjóðinni hlotnuðust á undanförnum árum og verið hafa meiri en nokkru sinni fyrr, renni ekki úr greipum hennar líkt og sandkorn, þar til hún stendur uppi með tómar hendur.

Kapphlaupið milli manna og stétta um kjarabætur í krónutölu verður að stöðva með viturlegri og sanngjarnri löggjöf. Kröfunum um meiri laun fyrir minni afköst verður að vera lokið. Fjötrar, sem festir hafa verið um fót einstaklingsins, sem ekki fær lengur að njóta sín á sviði athafnar og viðskipta, verða að hrökkva. — Lögfest sérréttindi manna og stétta í verzlun og viðskiptum, sköttum og skyldum, sem torvelda holla og eðlilega þróun framleiðslunnar, verða að afnemast, og fullkomið réttlæti og frelsi í þessum málum verður aftur að halda innreið sína. Landið og þjóðin er nægilega mörgum kostum búið til þess, að hér sé unnt að halda uppi sambærilegum lífskjörum við aðrar menningarþjóðir, og slík lífskjör verður að tryggja með traustri löggjöf, áður en það er um seinan. Og forustan verður að koma hér frá háttvirtu Alþingi.

Eins og nál. ber með sér, hefur n. haldið miklu færri fundi en undanfarin ár. Hún hefur þó afgreitt öll þau erindi, sem til hennar hafa borizt. — Vegna fullkominnar óvissu um lausn dýrtíðarmálanna og myndun stjórnar, sem hefði stuðning meiri hluta þingsins, þótti ógerlegt að setja fram tillögur um afgreiðslu fjárlaganna. Nefndinni þótti því rétt að láta fundi falla niður að mestu, á meðan slíkt ástand ríkti í þinginu. Eftir að stjórnin var mynduð og stefna hennar mörkuð, tók það tiltölulega skamman tíma fyrir n. að ganga frá tillögum sínum. Sannar þetta bezt, að það er engum vandkvæðum bundið að afgreiða fjárlög á skömmum tíma, ef eðlileg skilyrði eru fyrir hendi í þinginu.

Skal nú gerð hér nokkur grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. n. ber fram.

Nefndin gerir ekki við þessa umræðu tillögur til breytinga á tolla- og skattatekjum ríkissjóðs samkvæmt 2. gr. fjárlfrv., þar sem ekki hafði verið gengið að fullu frá útreikningi á hinum ýmsu liðum eftir gengisbreytinguna, en hún hefur mjög víðtæka breytingu í för með sér á mörgum liðum greinarinnar. Verða gerðar um þetta tillögur í sambandi við ríkisstj. fyrir 3. umræðu.

Lagt er til að hækka gjöld póstsjóðs um 1.6 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar, og tekjur sjóðsins um sömu upphæð. Hafa þessar breytingar engin áhrif á niðurstöðu fjárlaganna, svo fremi að tekjuáætlunin standist, en það hefur því miður ekki tekizt undanfarin ár að láta tekjur póstsjóðs mæta útgjöldum, sem þó verður að gera kröfu til í framtíðinni.

Lagt er til, að gjöld landssímans hækki um 5 millj. 475 þús. Stafar þessi hækkun einnig mestmegnis frá gengisbreytingunni. M. a. er framlag til sveitasíma hækkað á þessum lið úr 800 þús. kr. í 1 millj. Tekjur landssímans eru hækkaðar um 4 millj. 140 þús., og verður þá rekstrarafkoma símans 1 millj. 325 þús. kr. óhagstæðari en gert var ráð fyrir á frv.

Lagt er til, að eignabreyting landssímans hækki um 1 millj. 320 þús. Þykir þó rétt að athuga þessa tillögu nánar, og mun meiri hl. n. því taka hana aftur til 3. umr.

Fyrir nefndinni lá áætlun frá ríkisútvarpinu,

dags. 6. júli s. l., er send hafði verið fjmrn. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 4 millj. 400 þús. kr. tekjum, og er sú upphæð tekin inn í frv. Jafnframt er þar gert ráð fyrir 4164100 króna gjöldum, og tekjuafgangur þá áætlaður kr. 235900. Á þessa útgjaldaáætlun hefur ráðuneytið ekki viljað fallast. Færði það áætluð útgjöld niður í 3 millj. 759 þús. 100 kr. og áætlar þannig rekstrarhagnað 640 þús. kr. Kemur niðurskurður þessi að langmestu leyti niður á dagskrárliðnum, sem lækkaður var um 310 þús. Það, sem á vantar, er tekið af skrifstofukostnaði, kostnaði við hleðslustöðvar og bifreiðar. Þann 20. marz er ný rekstraráætlun lögð fram til samræmingar vegna gengisbreytingarinnar. — Eru tekjur af notendagjöldum hækkaðar þar um 50 þús. kr., en aukatekjuliður áætlaður 100 þús. kr. hærri. Ríkisstj. og n. hafa fallizt á að áætla tekjur af afnotagjöldum eins og þær eru í frv., en leggja til að hækka aðrar tekjur um 100 þús. kr.

Gjaldaliðir eru í síðari áætluninni hækkaðir um 240 þús. frá fyrri áætlun og teknir þar upp á ný liðir, sem rn. gat ekki fallizt á að taka upp í frv. Þessir liðir margir hverjir eiga ekkert skylt við kostnað vegna gengisbreytingarinnar. N. gat því ekki fallizt á, að nauðsyn bæri til að taka þá upp. Hún leggur hins vegar til, að framlag vegna útvarpsefnis hækki um 100 þús. og til útvarpsstöðva um 195 þúsund. Rekstrarafkoma útvarpsins verður því 195 þús. kr. óhagstæðari en ráð er fyrir gert í frv., ef till. verða samþykktar óbreyttar.

Rétt þykir að upplýsa hér, að þegar leyfð var hækkun afnotagjalda úr 60 kr. í 100 kr., var beinlínis til þess ætlazt, að hækkunin öll gengi til þess að koma upp húsi fyrir útvarpið. Þrátt fyrir það að aðrar tekjur útvarpsins hafa stórlega hækkað síðan, er svo komið, að mestallur hluti hækkunar afnotagjaldanna fer nú til þess að standa undir daglegum rekstri. Er því ástæða til að beina því til forráðamanna þessarar stofnunar að gæta meira hófs í útgjöldum, nema hugsað sé að hverfa að fullu frá frekari fjáröflun til húsbyggingarinnar, eða að hækka afnotagjöldin frá því, sem nú er. En hvorugt mundi verða vinsælt meðal þjóðarinnar.

Áætlað er, að vaxtatekjur ríkissjóðs af erlendum innstæðum hækki um 257 þús. kr., og er lagt til, að sú upphæð bætist við vaxtatekjur á þessari grein.

Á þessu stigi ber meiri hl. ekki fram aðrar brtt. við tekjubálkinn.

Þá er gjaldabálkurinn, og gerir n. þar till. um ýmsar breytingar, sem margar leiðir beint af hinum nýju viðhorfum og ráðstöfunum.

Þannig hækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs samkvæmt 7. gr. um 1937021 kr. vegna gengisfellingarinnar.

Kostnaður samkvæmt 10. gr. III. var áætlaður 2439200 kr., en ráðuneytið sendi n. nýja áætlun og taldi, að þennan lið þyrfti að hækka um 2.235 millj. kr. Þannig ykist kostnaður við sendiráðið í Moskva úr 400000 kr. í 967400 kr., eða nær 1 millj. kr. Meiri hl. n. gat ekki fallizt á að taka þetta allt inn á frv. að svo komnu og frestar því til 3. umr. að gera till. um þetta. Þó er ljóst, að kostnaður við utanríkisþjónustuna hlýtur mjög að hækka, ef það á að halda henni uppi í sama formi og hingað til. Hins vegar er ekki að undra, þótt erfitt verði að fá samþykki til útgjalda, sem nema nær 1 millj. kr. til sendiráðsins í Moskva, sem ekki hefur lengur neina þýðingu að því er virðist fyrir viðskiptalíf landsins. Framlag til frönskukennslu undir þessum lið leggur n. til að falli niður, en það nemur 2500 kr.

Þá er 11. gr. Útgjöld hækka þar um 975380 kr. Þar af eru 820 þús. kr. til landhelgisgæzlu, og stafar það að sumu leyti af hækkun á olíu, og enn fremur má gera ráð fyrir nokkurri kostnaðaraukningu vegna stækkunar landhelginnar fyrir Norðurlandi. — Í sambandi við hækkun þessa rekstrarkostnaðar vil ég geta þess, að komið getur til mála að lækka nokkuð vátryggingarupphæð í erlendri mynt og spara þannig nokkuð. — Þá er aukinn kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum 32520 þús. kr. Enn fremur vegna viðgerðar á bæjarfógetahúsinu á Norðfirði, sem skemmdist í vetur af skriðuhlaupi, 100 þús. kr. Loks er kostnaður við framkvæmd laga um eftirlit með bókhaldi 22860 kr. — Einkennilegt er, að slíkum lögum skuli ekki vera breytt og starf þetta lagt niður, því að það er tilgangslaust. — N. hefur frestað að gera till. um breytingar á fyrirkomulagi verðlags- og skömmtunarmála, en þar er um gífurlegan kostnaðarlið að ræða, sem full ástæða er til að athuga nánar.

12. gr. Lagt er til, að útgjöld á þessari gr. hækki um 1572333 kr., sem skiptist þannig:

Kostnaður vegna læknaráðs samkv. l. kr. 23700.

Kostnaður við rekstur ríkisspítalanna kr. 3546933, og hefur þá verið gert ráð fyrir nokkurri hækkun daggjalda, sem ákveðin hefur verið.

Styrkur til berklasjúklinga skv. l. 530 þús. kr.

Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla 566 þús. kr.

Styrkur til sjúkrahúsa 2700 kr. Rætt var nokkuð í n., að ósanngjarnt væri, að styrkur sem þessi næði ekki einnig til annarra sjúkrahúsa en fjórðungssjúkrahúsa, þar sem vitað er, að þau hafa hans engu síður þörf og sinna engu ómerkari verkefnum en fjórðungssjúkrahúsin. Um það varð þó ekki samkomulag að leggja til, að þessu yrði breytt nú. En þess er vænzt, að ráðuneytið athugi fyrir næsta fjárhagsár, á hvern hátt unnt er að bæta úr þessum erfiðleikum, sem héruðin eiga hér í vegna rekstrar sjúkrahúsanna, sem hvílir á mörgum þeirra með miklum þunga.

Þá eru 35 þús. kr. til gróðurhússbyggingar við Kristneshæli. Taldi n., að með því mætti afla hælinu mun ódýrari garðávaxta, eftir því sem upplýsingar lágu fyrir um það atriði.

Framlag til sjúkrahússins á Akureyri hækkar eftir till. n. um 50 þús. kr. Þótti meiri hl. rétt að hækka þetta framlag með hliðsjón af því verki, sem verið er þar að framkvæma.

Þá hækkar styrkur til sjúklinga til utanfara um 10 þús. kr. Rétt þótti að hækka þennan lið með tilliti til gengisbreytingarinnar.

13. gr. Lagt er til að hækka framlög á þessari gr. alls um 4553000 kr., sem skiptist þannig:

Til nýrra þjóðvega 250 þús. Verður þá heildarframlag til nýrra vega kr. 7250000 og skiptist á þann hátt, sem lagt er til í brtt.

Viðhald þjóðvega kr. 1800000. Er þetta gert í samráði við hæstv. ríkisstj. Áætlað til viðhalds verður því alls kr. 12800000, og er það mun meira en nokkru sinni fyrr, enda mun vegaviðhald ávallt hafa á síðari árum farið langt fram úr áætlun.

Framlag til brúargerða leggur n. ekki til að breytist að öðru leyti en því, að það skiptist á þann hátt, sem lagt er til í brtt. — Þá er og lagt til, að framlagið til ræktunarvega skiptist eins og greinir frá í 30. tölul. till., og er það í samræmi við fjárl. síðasta árs.

Aðrar brtt. eru ekki gerðar við A-kafla gr.

Til strandferða er 738 þús. kr. hækkun. Lagt er til, að tekið sé upp nýtt form á þessum lið. Er gert ráð fyrir því, að þessar upphæðir nægi, ef væntanlegur ágóði af olíuflutningaskipinu Þyrli fram yfir 60 þús. kr. er látinn ganga til að mæta halla á rekstri strandferðaskipanna. Rétt er þó að taka fram, að vafasamt er, hvort slíkan ágóða, ef einhver yrði, ætti ekki að nota beint til aðstoðar sjávarútveginum.

N. gerir ekki till. fremur venju um framlag til flóabáta. Munu þær verða gerðar af samvn. samgöngumála.

N. þykir ekki heldur ástæða til á þessu stigi að gera till. til breytinga á framlagi til áætlunarbifreiða á vegum póststjórnarinnar, þar sem það hefði ekki áhrif á afgreiðslu fjárl., og hins vegar hefur n. í sérstöku erindi sent ráðuneytinu álit sitt á þeim rekstri og gert tillögur til þess um breytingar hér að lútandi.

Til vitamálanna er áætluð hækkun 415 þús. kr. Er þetta vegna hækkunar á eldsneyti o. fl.

N. hefur haft tækifæri til að kynna sér rekstrarkostnað dýpkunarskipsins Grettis á s. l. ári. Er ljóst, að mjög aðkallandi er að gera róttækar breytingar á þeim rekstri til gjaldalækkunar, engu síður en bæði á rekstri landhelgisgæzlunnar og Skipaútgerðar ríkisins. Er þess vænzt, að þessi mál öll verði tekin til rækilegrar athugunar á þessu ári. Mér þykir rétt í sambandi við þetta mál að benda hér á staðreyndir varðandi rekstur skipsins, sem legið hafa fyrir fjvn. Sjáanlegt er m. a., að laun matsveinsins á Gretti eru reiknuð, meðan skipið er í höfn, rúml. 40 þús. kr. og laun skipstjórans og skipverja á þessu skipi eru hér reiknuð nær 86 þús. kr. Eg beini því til hv. alþm., án þess að ég vilji telja laun þessara manna of há, hvort eigi sé ástæða til að taka þessi mál til athugunar. Er hægt að reka skipið á þann hátt framvegis, að skipið sé mestallan tímann í höfn og þurfi að greiða þetta? Ef það er gert, er eðlilegt, að svipaðar kröfur komi annars staðar frá. Þetta eru gögn frá útgerðinni, sem n. hefur haft aðgang að.

Nauðsynlegt er, að til hafnarbótasjóðs séu áætlaðar kr. 1200000 til hækkunar. Er þetta skv. l., og ber því að taka þá upphæð inn, nema fresta eigi framkvæmd l. Upphæð sú, sem tekin er inn á frv. til hafnarframkvæmda, er 4.5 millj. kr., en auk þess 300 þús. kr. í hafnarbótasjóð. Ef samþ. yrði till. n. um 1.2 millj. kr. hækkun á hafnarbótasjóði, yrði framlagið alls 6 millj. kr. til hafnarframkvæmda á þessu ári, en það er tæplega sú upphæð, sem ríkissjóður á um síðustu áramót ógreidda af lögbundnu framlagi til hafna fyrir verk, sem þá var búið að vinna. Síðan hafa ýmis verk verið framkvæmd, svo að ógreiddur hluti ríkissjóðs er í dag mun hærri. Áður en n. gerði till. sínar um skiptingu á því fé, sem ætlað er á frv. til hafnarbóta, gerði hún sér þetta fyllilega ljóst. Meiri hl. n. leit þá svo á, að ekki yrði á nokkurn hátt komizt af með minna en 6 millj. kr. samanlagt til þessara framkvæmda, því að fjöldi hafna líður stórkostlega við það að geta ekki fengið ógreidd framlög, og margar hafnir standa enn í stórvirkum framkv., sem ekki er unnt að stöðva, nema valda mjög verulegu tjóni fyrir aðila. Því var lagt til, að fullt framlag til hafnarbótasjóðs yrði tekið upp á frv., og skipting á þeirri upphæð, sem nú er í frv., er beinlínis byggð á því, að hafnarbótasjóður hafi þetta fé til umráða á þessu ári. Ráðuneytið hefur þó ekki getað fallizt á, að svo há upphæð yrði tekin í sjóðinn sem hér hefur verið lagt til. Fallist meiri hl. Alþ. á það, verður óhjákvæmilegt að bera fram við 3. umr. allvíðtækar brtt. við framlög til hafnarbóta og hækka þann lið að mun frá því, sem nú er gert ráð fyrir í till. n.

Til ferjuhafna eru áætlaðar 150 þús. kr., og skiptist það eins og lagt er til í brtt. n. Þetta er mun lægra en er á fjárl. síðasta árs, en ekkert hafði verið tekið til þessara framkvæmda á fjárlagafrv.

14. gr. Lagt er til, að útgjöld á þessari gr. hækki um kr. 790200, en á móti komi lækkun að upphæð kr. 50000, þ. e. ýmis útgjöld við Háskóla Íslands. Eg vildi leyfa mér að benda á, að n. hefur haft aðgang að sundurliðuðum öðrum kostnaði við háskólann. M. a. eru þar eftirlaun til ekkju Steinþórs Sigurðssonar, 7 þús. kr., en hún á að vera á 18. gr. Er merkilegt, að háskólinn skuli leyfa sér að fela slíkt í öðrum kostnaði. (*Fjmrh.:* Í ýmsum útgjöldum.) Ef ekkjunni ber að hafa eftirlaun, þá á hún að koma á 18. gr., en það á eigi að fela þau hér. — Kostnaðurinn við hækkunarliðina skiptist sem hér segir:

1. Kostnaður við eftirlit með kirkjugörðum skv. l. kr. 7200. Var þessi ósk borin fram af ráðuneytinu. Má það kalla merkilegt, að þessu hefur ekki verið breytt, þegar kirkjugörðum voru tryggðar öruggar tekjur í hluta af útsvari. Er þess vænzt, að hæstv. ríkisstj. athugi þetta.

2. Til hátíðarhalda að Hólum í Hjaltadal í tilefni af því, að 400 ár eru liðin frá aftöku Jóns biskups Arasonar og sona hans, 10 þús. kr.

3. Hækkun erlendra námsstyrkja vegna gengisbreytingarinnar 675 þús. kr. Er þetta gert í samráði við hæstv. ríkisstj.

4. Námsstyrkur til Elíasar Eyvindssonar, 12

þús. kr., og til Sigursveins D. Kristinssonar, 6 þús. kr., en þeir hafa báðir verið á fjárl. s. l. 2 ár.

5. Til blindrastarfsemi, 15 þús. kr., en þessi liður hafði áður verið lengi á fjárl., en fallið nú niður af óaðgæzlu.

Þá er styrkur til Glímufélagsins Ármanns vegna utanfarar á s. l. ári, 10 þús. kr., og til að kosta fulltrúa á Evrópumeistaramót í Belgíu á þessu ári, 25 þús. kr. Til Íþróttasambands Íslands 8 þús. kr., til að kosta framkvæmdastjóra, og til raflýsingar á Staðarfellsskóla 22 þús. kr.

15. gr. Lagt er til, að gjaldaliðir þessarar gr. hækki um kr. 191500, en á móti komi lækkanir, kr. 35000. Sundurliðast hækkanirnar þannig: Leikfélag Húsavíkur 1500 kr., til tónlistarstarfsemi á Ísafirði 10 þús. kr., námsstyrkur til Guðrúnar Á. Símonar, Þórunnar Jóhannsdóttur, Gerðar Helgadóttur, Hermanns Pálssonar, Guðmundar Elíassonar, 6 þús. kr. til hvers. Voru þau öll styrkt á síðustu fjárl. og eru enn við nám. Þótti n. því ekki rétt að fella þessar upphæðir niður.

Þá er einnig tekið hér upp 150 þús. kr. framlag til mótvirðissjóðs til þess að greiða hluta af tæknilegri aðstoð, sem hann lætur landsmönnum í té í sambandi við framleiðslu útflutningsafurða.

Til lækkunar á móti kemur framlag til Leikfélags Reykjavíkur, sem ekki er talið lengur þörf, þegar þjóðleikhúsið hefur tekið til starfa, 30 þús. kr., og 5 þús. til eflingar menningarsambandi við Vestur-Íslendinga, er n. fékk upplýsingar um að ekki væri óskað eftir af viðkomandi aðilum.

16. gr. Lagt er til, að útgjöld á þeirri gr. hækki um 6828745 kr. Ég vil biðja hv. alþm. að athuga, að í nál. er sagt, að á móti þeirri hækkun sé þar tiltekin upphæð sett fram. Þetta er ekki rétt og óskast leiðrétt. Þessi mistök stafa af því, að gert var ráð fyrir, að ætla mætti einni millj. kr. minna til niðurgreiðslu á þessu ári vegna fjárskiptanna. En með því að allt er enn í óvissu um afgreiðslu á frv. því, sem fyrir liggur um þetta efni hér á Alþ., þótti réttara að hafa upphæðina óbreytta í frv. Er þetta gert í samráði við hæstv. fjmrh.

Hækkunin á þessari gr. sundurliðast þannig: Framlag til framleiðsluráðs landbúnaðarins samkv. l. 28045 kr. Til kaupa á jarðvinnsluvélum samkv. l. 1 millj. kr. Til búfjártrygginga samkv. l. 100 þús. kr. Framlag til tilraunastöðva í jarðrækt 48600 kr., og er ætlazt til þess, að þetta verði sett í einu lagi inn á frv. og skipt af tilraunaráði sjálfu til ýmissa stöðva. Til greiðslu kostnaðar við rafmagn á Sámsstöðum 47 þús. kr. Til landþurrkunar 30 þús. kr. Til fyrirhleðslu 95 þús. kr. Til sandgræðslu 25 þús. kr., til að halda áfram sandgræðslugirðingum. Til eyðingar refa og minka samkv. l. 60 þús. kr. Uppeldisstyrkur 150 þús. kr. Þetta hafði ekki verið tekið inn á frv., en sýnt þykir, að nauðsynlegt sé að taka a. m. k. þessa upphæð inn á frv., til þess að mæta þeim útgjöldum. — Þá er lagt til, að undir B-lið 16. gr. sé tekið inn í staðinn fyrir 182 þús. kr. 318500 kr. til skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. Þetta er vegna erlendra lána. En ríkissjóður er samkv. l. skuldbundinn til þess að greiða vexti og afborganir af þessum lánum. Stafar þetta af gengisfellingunni. Enn fremur til þess að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir 250 þús. kr. Fjvn. hafði rætt um það, hvort mögulegt væri að láta þessa upphæð greiðast úr fiskimálasjóði. En með því að enn er ekki ákveðið, hvernig fer um það frv., sem hér liggur fyrir Alþ., sem svo mælir fyrir, ef samþ. verður, að ákveðinn hluti af fé fiskimálasjóðs skuli vera notaður til þess að standa undir slíkum tilraunum, þá þótti ekki rétt að taka ekki upphæðina hér upp, enda þess óskað af hæstv. ríkisstjórn. Til greiðslu síldveiðilána 1949, samkv. l., 1300000 kr. Það er gert í samráði við hæstv. ríkisstj. og liggja fyrir lög um það, að þetta skuli tekið upp á þessa árs fjárlög. Til aflatryggingasjóðs 1750000 kr., sem einnig er tekið upp samkv. ósk frá hæstv. ríkisstj. Kostnaður vegna þátttöku Íslands í síldarmálanefnd 40 þús. kr., sem einnig var rætt um í fjvn., hvort ekki væri hægt að láta fiskimálasjóð kosta. En þetta var tekið hér upp af sömu ástæðum eins og 250 þús. kr. til tilrauna með síldveiðiaðferðir, eins og fyrr getur. Þá var tekið upp til olíusamlags Breiðafjarðar 43600 kr. Um þetta lá erindi fyrir n., og ber að sjálfsögðu að taka þetta upp, til þess að uppfylla lagafyrirmæli. Til iðnfræðsluráða samkv. l. var gerð hækkun um 65 þús. kr. Það hafði áður verið veitt til iðnráða 10 þús. kr., en ósk kom frá ríkisstj. um að hækka þetta, til þess að uppfylla lagafyrirmæli, í 75 þús. kr. Þá er til þess að undirbúa rannsókn vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju 95 þús. kr.

Það voru gerðar nokkrar breyt. á D-lið 16. gr. Þar er lagt til, að lækkað verði um 100 þús. kr. framlagið til bortækjakaupa, en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir breyt. á þeim lið.

Ég skal hins vegar geta þess, að þess er vænzt, að hæstv. ríkisstj. ræði við n. áður en lýkur umr. um fjárl., um það, hvort unnt sé að breyta að einhverju leyti framlaginu til nýrra raforkuframkvæmda. Mun það að sjálfsögðu verða rætt milli 2. og 3. umr. Það er talin mikil þörf á að hækka það frá því, sem er á frv. nú. En n. þótti ekki rétt að leggja til á þessu stigi málsins neitt í því efni, fyrr en vitað væri, hvernig afkoma ríkissjóðs yrði og hvernig till. væru um tekjuöflun samkv. 2. gr. fjárl.

Þá er tekið upp hér á 17. gr. tillag til bjargráðasjóðs samkv. l., sem samþ. voru á þessu þingi, 246 þús. kr. Enn fremur er hér framlag samkv. III. kafla laga nr. 104/1943. Þar er hækkun um 175 þús. kr. Þetta er einnig gert samkv. ósk frá ríkisstj. Á síðustu fjárl. er byggingarstyrkurinn til berklahælisins í Reykjalundi 400 þús. kr. Hann hafði verið lækkaður á frv. nú í 200 þús. kr. En með tilliti til þess sumpart, að allt hefur hækkað í sambandi við rekstur spítala og byggingar, og einnig með tilliti til þess, að ef ríkissjóður hefði átt að greiða framlag til þessarar byggingar á sama

hátt og framlög til annarra sjúkrahúsa, þá mundi enn vanta um 2 millj. kr. af hálfu ríkissjóðs, til þess að hann greiddi sinn hluta af kostnaðinum, miðað við styrki, sem sjúkrahús í landinu fá frá ríkissjóði, þá þótti rétt að leggja til að hækka þetta í 300 þús. kr.

17. liðurinn á 17. gr. leggur n. til, að orðist svo: Til bindindisstarfsemi eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 130 þús. kr., sem er ekki breyt. frá því, sem áður var á fjárl. Lagt er til, að hækkað sé framlag til Kreppulánasjóðs bæjar- og sveitarfélaga úr 3000 kr. í 5500 kr. Fjvn. fékk frá Búnaðarbankanum yfirlit yfir þann reikning, sem sýndi, að hækka þyrfti framlagið í það, sem hér er gert ráð fyrir. Síðan koma hér hækkunartill., fyrst um tillag til ILO, að það verði hækkað úr 47 þús. kr. í 82 þús. kr.; þá að tillagið til UNO hækki úr 156 þús. í 272 þús., eða um 116 þús. kr. Til World Health Organization, fyrir 18750 kr. komi 33 þús. kr. Til IRO, fyrir 108 þús. kemur 400 þús. kr. Enn fremur er tillag til Evrópuráðs 54470 kr. — Þessar upphæðir eru allar teknar samkv. beiðni frá ríkisstj., og hefur n. tekið þær allar upp hér á frv. athugasemdalaust. Stafa þær allar sumpart frá gengisbreyt., en sumpart frá gjöldum, sem hafa verið vangreidd, að ég hygg, nokkur hluti af þeim.

Í sambandi við 18. gr. vil ég taka fram, að á henni hafa orðið nokkrar breyt. Leyfi ég mér að vísa í sambandi við þær til þskj. 611, til þess að þreyta ekki hv. alþm. á að lesa það upp. En ég vil í sambandi við þessa grein leyfa mér að benda enn einu sinni á, að það er mjög aðkallandi, að tekin sé einhver föst, ákveðin stefna í þessum málum. Það er sótt ákaflega fast á með það, að hver embættismaður, sem hættir störfum, fái full laun áfram. Og það er alveg nauðsyn á því að marka hér einhverja fasta ófrávíkjanlega stefnu í þessum málum. Það er allt of persónulegt atriði í hvert skipti fyrir fjvn. að eiga að dæma um það hverju sinni, hvort þessir menn og hinir skuli eiga að hafa meira eða minna í þessum tilfellum heldur en aðrir. Það er alveg nauðsynlegt að ákveða eitthvað fast í þessum efnum. Enn fremur væri mjög æskilegt, ef ríkisstj. tæki upp samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins í sambandi við eftirlaun og þá styrki, sem hún á að greiða, og að um þetta allt sé mynduð föst, ákveðin stefna. Það hefur verið minnzt á þetta í hvert skipti, þegar fjárl. hafa verið afgreidd, án þess þó, að nokkuð hafi á unnizt í því að marka þessa stefnu. Og ég vil, fyrir hönd fjvn., alvarlega mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. láti fara fram gagngerða athugun á þessum málum fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu.

Á 19. gr. er lagt til að hækkað sé um 225 þús. kr. Það er til verðuppbóta á gærum frá 1943, sem sé fyrri greiðsla. Má það þykja nokkuð merkilegt, að það skuli fyrst vera tekið upp á fjárl. nú árið 1950. En fyrir fjvn. lágu skýlaus gögn um þetta, og af þeim verður ekki annað séð en að ríkissjóður sé skyldugur til þess að greiða þessar upbætur. Hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir, að þessi hluti þessara greiðslna verði tekinn inn á fjárl. nú, sem mér skilst vera fyrri greiðsla af tveimur, eins og ég gat um, þannig að þessu verði skipt á tvö ár, og hefur fjvn. orðið við þeirri beiðni.

Þá er gert ráð fyrir því að hækka greiðslu vegna vaxta og afborgana af lánum — þ. e. lánum í dönskum krónum — úr 398299 kr. í 692000 kr. — Gert er ráð fyrir að lækka framlag til flugvallargerða og lendingarbóta fyrir flugvélar úr 2,5 millj. í eina millj. kr. — Enn fremur er lagt til að taka upp 150 þús. kr. til endurbóta á sendiherrabústaðnum í London.

Í sambandi við eignabreyt. hjá landssímanum hef ég getið þess, að ég hef lagt til, að sú till. yrði tekin aftur til 3. umr. — Rekstrarhagnaður yrði þá kr. 19607835,29. Sjóðsyfirlit yrði þannig, að áætlun um útborgun á rekstrarreikningi yrði kr. 242736783,71 og aðrar greiðslur á 20. gr. kr. 35992506,00, eða alls kr. 278729289,71. Þetta kann að lækka nokkuð, ef teknar eru aftur að fullu till. n. um eignabreyt. landssímans, um rúma eina milljón króna. Innborganir samkvæmt rekstrarreikningi eru kr. 262344619. Aðrar greiðslur á 20. gr. kr. 250000, og greiðsluhalli kr. 13884641,71.

Ég vil að síðustu leyfa mér að geta þess, að fyrir öllum þessum brtt. er meiri hluti í n. Einn nm., Hannibal Valdimarsson, skrifar undir nál. með fyrirvara, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umr. — Hv. minni hl. fjvn. hefur þegar gefið út sérstakt nál. Það hefur ekki komið fram mjög mikill ágreiningur í sambandi við störfin í n. frá honum. En minni hl. n. taldi sig hins vegar knúinn til þess að gefa út sérstakt nál. Hann hefur hins vegar ekki gefið út eða flutt brtt. á þessu stigi málsins, enda hefur hann verið samþykkur flestum brtt., sem bornar eru fram hér.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra frekar þessar brtt. n. Ég legg til, að þær verði allar samþ., nema því aðeins að einhverjar af þeim verði við nánari athugun teknar aftur. Og legg ég til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 3. umr.

Mér þykir þó rétt að taka hér fram, að það hefur verið rætt í n. mjög ýtarlega um að taka upp nú við þessa umr. sérstaka upphæð, 1½ millj. kr., til þess að leysa út sjóveð samkv. heimildarl. En það varð samkomulag um að láta það bíða til 3. umr. Og hefur fjvn. hugsað að ræða það nánar við ríkisstj., en n. er sammála um að taka þetta upp samkv. þeim l., þó að það sé ekki lagt til, að það verði gert við þessa umr.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hl. nefndarinnar um afgreiðslu frv. og gefið út sérstakt nefndarálit.

Afgreiðsla fjárlaga hefur nú tafizt mikið, og eru ýmsar ástæður til þess, en mest er það þó vegna þeirra afleiðinga, sem gengislækkun íslenzku krónunnar hefur haft, því að það hlaut að vera, að áhrif hennar yrðu mjög mikil, en þau hafa jafnvel orðið enn meiri en þeir, sem samþykktu gengislækkunarlögin, gerðu ráð fyrir, þegar það frv. var lagt fram.

Þegar þetta fjárlfrv. er borið saman við

fjárlög undanfarinna ára, virðist sem nokkuð sé stefnt inn á aðra braut en þar hefur verið farin. Það er staðreynd, að þegar þetta fjárlfrv. var lagt fram í haust, þá voru rekstrarútgjöld þess lægri en á fjárlögum undanfarinna ára, t. d. borið saman við fjárl. síðasta árs, þar sem niðurstöðutölur bæði gjalda og tekna á sjóðsyfirliti námu 287 millj. og halli sama sem enginn, eða rúmlega ½ millj.

Eins og þetta frv., sem samið er af fyrrv. ríkisstj., þeirri sem næst síðast sat, ber með sér, er rekstrarafgangur þess yfir 37 millj. Hins vegar er greiðslujöfnuður hagstæður um 4 millj. En nú hefur verið gerð grein fyrir því af hv. frsm. meiri hl. fjvn., að samkvæmt till. þess meiri hl. hækki útgjöldin um 18,2 millj., og kemur það til með að skila frv. með hér um bil 14 millj. kr. greiðsluhalla, þegar búið er að greiða vexti og afborganir af lánum.

Hér er þó að gæta þess, að lagt er til að fella niður liði, sem voru miklir póstar á síðustu fjárlögum og þá voru áætlaðir 64 millj. 640 þús. kr., þ. e. a. s. dýrtíðargreiðslurnar, en nú eru þær áætlaðar 33,5 millj. kr., og þar af leiðir, að felld eru niður útgjöld til fiskábyrgðar, 31 millj. 140 þús. kr. Þessi upphæð dregur nokkuð úr útgjöldunum, og sést þá, að áætlun um framlag til annarra hluta er hærri, svo að í raun og veru er þróunin sú sama og verið hefur, þ. e. a. s. hækkandi, en ekki lækkandi. Ég vil í sambandi við þetta benda á það, að þessi liður til dýrtíðarráðstafana, sem nú er áætlaður 33,5 millj., er að öllum líkindum óraunhæfur, ef dýrtíðarráðstafanirnar eiga að ná þeim tilgangi sínum að greiða niður vöruverð í landinu það mikið, að vísitalan hækki ekki. Þessa skoðun mína vil ég rökstyðja með því að benda á þær upphæðir, sem á undanförnum árum hafa farið til niðurgreiðslna skv. ríkisreikningum og farið hafa hækkandi frá því 1946. Þessar tölur, sem teknar eru úr ríkisreikningunum, benda til þess, að þessi liður sé nú óraunhæfur. Á ríkisreikningi 1945 eru þessar niðurgreiðslur 26487879 kr. Á ríkisreikningnum 1946 voru þær 16245874 kr., 1947 voru þær 35930368 kr., og 1948 voru þær 44611145 kr., eða m. ö. o. voru þær 1948 einum fjórða hærri en hér er áætlað. Nú er það enn fremur vitað, að framleiðslukostnaðurinn hefur hækkað svo að segja á öllum sviðum, svo að það getur varla hjá því farið, að þessi liður eigi eftir að hækka, því að þessi upphæð nægir hvergi til þess að halda niðri vísitölunni; svo að dýrtíðin hækkar og verðlagið í landinu. Þessi áætlun fær því tæplega staðizt við þær aðstæður, sem við eigum nú við að búa.

Þegar þetta er athugað, vil ég leyfa mér að minnast með fáum orðum á þau áhrif, sem gengislækkunin hlýtur að hafa á fjárlögin og koma að sumu leyti fram beinlínis, þannig að sumar upphæðirnar hækka beinlínis og jafnmikið og gengislækkuninni nemur, en að sumu leyti koma þau fram óbeinlínis sem hækkun, sem kemur ekki beint fram á sjóðsyfirliti, t. d. greiðslur og útgjöld ýmissa ríkisstofnana. Þannig er t. d. í brtt. meiri hl. gert ráð fyrir því, að útgjöld landssímans hækki á fimmtu millj. kr., og þar af er um ein millj. vegna gengislækkunarinnar, og til þess að fá meiri jöfnuð og mæta þessu verða afnotagjöldin hækkuð. Þessi hækkun gerir það að verkum, að það kemur ekki niður á niðurstöðutölum í sjóðsyfirlitinu. Þetta dæmi, og ég get tekið fleiri, sýna, að dýrtíðin í landinu hækkar meira en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Gengistap landssímans er þó helmingi meira en þessar 1200 þús. kr., eins og sést á þskj. 611. Það er aðeins helmingurinn af gengistapinu færður á þetta ár. Gengistap póstsjóðs er á fjórða hundrað þúsund, svo að samtals er gengistap þessara tveggja stofnana hátt á þriðju millj. króna.

Í sambandi við þetta vil ég enn fremur minna á tilraun, sem fjvn. gerði í fyrra til þess að fá dregið úr rekstrarkostnaði ríkisins. Hún lagði mikla vinnu í það að athuga þá hækkun, sem orðið hafði á næsta ári á undan, og niðurstaða þeirrar athugunar var, að hækkunin var um 20 millj. kr. Þetta varð til þess að fjvn. gerði margar tilraunir til þess að fá dregið úr þessu. Flutti n. þá 150—160 till., og af þeim munu 50—60 hafa verið um lækkun á liðum í embættisrekstri ríkisins. Þegar þessar till. komu fyrir þingið, voru þær felldar nálega allar fyrir atbeina meiri hl. þm. þeirra flokka, sem þá stóðu að ríkisstj., og þó voru þessar till. gerðar eftir till. sparnaðarnefndar, sem sú sama ríkisstj. hafði skipað, og hefði því mátt búast við því, að ríkisstj. tæki þeim tveim höndum og samþ. þær, en það var öðru nær. Þó að mikið hafi verið um það rætt í n. að taka þessar till. upp aftur núna eða þá stefnu, sem í þeim kom fram, er það skoðun meiri hl., að það sé þýðingarlaust vegna þeirrar reynslu, sem fékkst í fyrra.

Þegar hér er komið afgreiðslu fjárlaga, liggur það fyrir, að ef allar brtt. meiri hl. verða samþ., er útlit fyrir, að þau verði afgreidd með 14 millj. kr. rekstrarhalla. Nú veit ég ekki, hvort það hefur verið tilgangur ríkisstj. að hafa það þannig, en mér er nær að halda, að svo hafi ekki verið. En ég vil benda á það hér, að enn eru óafgreiddir mjög mikilvægir póstar, sem koma til með að hafa mikil áhrif á heildarafgreiðslu fjárlaganna, og meiri hl. fjvn. og ríkisstj. hafa ákveðið að láta þá bíða 3. umr., og verð ég að segja, að mér þykir það fljótvirknisleg afgreiðsla af hendi beggja. Þó vil ég taka það fram í þessu sambandi, að það hefur ekki staðið mikið á fjvn., en hins vegar hefur staðið á ríkisstj. og till. hennar, sem stuðningsmenn hennar í n. hafa orðið að taka fullt tillit til.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að engar brtt. væru enn komnar um hækkun á utanríkisþjónustunni frá n., en hins vegar hafi ríkisstj. gert till. um að hækka þennan lið um helming. Þetta er alveg rétt, en það hefði átt að afgreiða þetta alveg nú. Þá benti hv. frsm. einnig á það, að till. vegna ákvæða dýrtíðarlaganna um sjóveð væru ekki komnar enn, og ég vil enn fremur leyfa mér að benda á það, að ekki eru heldur komnar neinar till. um lögboðnar greiðslur samkvæmt lögunum um vatnsveitur,

og ekki heldur samkv. 1. um mjólkurstöðvar, og um það hefur heldur ekki verið tekin nein afstaða í fjvn., hvernig fara skuli með uppbætur á laun opinberra starfsmanna, sem í fyrra voru afgreiddar í þinglok með þál., eftir að fjárlög höfðu verið samþ., og það verður ef til vill svo núna, að það verði látið bíða þar til afgreiðslu fjárlaga er lokið, eins og þá. Nú er það vitað, að nefnd hefur verið starfandi að undirbúningi nýrra launalaga fyrir og í samvinnu við ríkisstj., og það er enn fremur vitað, að þau lög munu koma til með að hækka greiðslur ríkissjóðs að mun. Hins vegar kann svo að fara, að ríkisstj. fari enn þá leið, sem farin hefur verið, heimildarleiðina, og var ekki annað að heyra á hæstv. fjmrh. bæði nú í dag og eins fyrir páskana en að fyrirhugað sé að greiða þessar uppbætur áfram í einhverri mynd, og má þá gera ráð fyrir, að þær muni ekki nema minna en 12 millj. kr. Þegar þetta er athugað, verður niðurstaðan sú, að þær ókomnu greiðslur, sem líkur eru til að ríkisstj. ætli sér að taka inn á fjárlög, munu líklega nema 16—17 millj. kr., og mundi það þá skapa um 30 millj. kr. greiðsluhalla á fjárl.

Þá er enn fremur á það að minna, að stærsta atriðið er enn þá óafgreitt í fjvn., vegna þess að engar till. hafa komið fram um það frá ríkisstj., þ. e. hvorki meira né minna en sjálf tekjuáætlunin á 2. gr. frv. Þetta er nú fimmta árið, sem ég hef verið eitthvað við afgreiðslu fjárlaga, og það hefur aldrei komið fyrir áður, að ekki hafi verið við 2. umr. málsins hægt að sjá, hvernig áætla bæri þennan lið, svo að alþm. hefðu hugmynd um það, hvernig mæta ætti gjöldum ríkissjóðs.

Í tekjuáætluninni eru tekjurnar aðallega á tvennan hátt á 2. gr., þ. e. a. s. beinir skattar og tollar. Frv. þetta var samið s. l. haust, áður en gengislækkunin var gerð. Sú breyting, sem síðan hefur verið gerð á gengi íslenzku krónunnar, hlýtur að hafa í för með sér veruleg áhrif á tekjur ríkisins. En það er líka annað, sem þessi tekjuöflun byggist á, það er útflutningurinn og innflutningurinn hjá þjóðinni á hverjum tíma. Það fer eftir atvinnunni í landinu og framleiðslunni og eftir því, hve mikið við getum flutt út af þessari framleiðslu, hvað miklar gjaldeyristekjur við fáum, en eftir þeim fer svo aftur innflutningurinn, og tolltekjurnar fara svo eftir því, hve mikill innflutningurinn er. Nú þætti mér gott að fá að heyra það frá hæstv. fjmrh., hvað ríkisstj. hyggst fyrir í þessu, hvort það sé meiningin að afgreiða fjárlögin með greiðsluhalla eða ekki, og ef það á ekki að afgreiða þau með greiðsluhalla, hvernig ríkisstj. hugsi sér þá að afla tekna til þess að koma í veg fyrir að svo verði.

Eitt af því, sem gert hefur fjvn. erfitt um afgreiðslu þessara fjárl., er það, að engin innflutningsáætlun lá fyrir frá fjárhagsráði, en í 3. gr. laganna um fjárhagsráð, síðustu málsgr., stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur semur fjárhagsráð fyrir ár hvert heildaráætlun um útflutning og innflutning þess árs, magn og verðmæti. Skal áætlun þessi miðast við það að hagnýta sem bezt markaðsmöguleika og fullnægja sem hagkvæmast innflutningsþörf landsmanna.“

Vitanlega á þessi áætlun fjárhagsráðs að liggja fyrir, þegar endanlega er gerð áætlun um tekjuöflun ríkissjóðs, en engin slík áætlun lá fyrir fjvn., og mér er ekki kunnugt um, hvort hún er til, en hún átti að vera til um áramót. En ýmislegt bendir nú reyndar til, að þessi áætlun hafi verið til fyrir nokkru, þó að fjvn. hafi ekki fengið að sjá hana, og er hún þá eitthvert leyniplagg í höndum ríkisstj., sem enginn fær að sjá, þó að hún ætti vitanlega að vera opinber heimild, sem allir hafa aðgang að. Ég vil benda á það, að þegar fram fóru umr. í vikunni fyrir páska um framlengingu á III. kafla l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, þá lét hæstv. fjmrh. þau orð falla, að líkur væru fyrir því samkvæmt innflutningsáætluninni, að um 30 millj. tekjuauki yrði af innflutningnum, og það bendir óneitanlega til þess, að einhver innflutningsáætlun hafi þá legið fyrir. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvers vegna fjvn. fær ekki að sjá hana, svo að hægt sé að byggja eitthvað á þeim grundvelli áætlun fjárlagafrv. um tekjur. Ég vil enn fremur beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., hvort gert sé ráð fyrir auknum tekjum af tollum vegna gengislækkunarinnar, ef innflutningur er áætlaður sami og í fyrra, og hvort gert er ráð fyrir þeirri útgjaldahækkun, sem verður vegna gengislækkunarinnar, og hvort þessi upphæð, 30 millj. kr., eigi að fara til þess að mæta greiðsluhalla, sem verður vegna þeirra; eða ef innflutningurinn minnkar, eins og gert er ráð fyrir, hvort þá sé gert ráð fyrir því að mæta þessum geiðsluhalla með nýjum sköttum. Þau orð, sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. lét falla hér áðan um það, að það hefði komið til orða milli ríkisstj. og fjvn. að bæta við nýjum sköttum, benda til þess, að gert sé ráð fyrir, að innflutningur minnki, og þess vegna muni tekjur ríkissjóðs ekki vaxa að sama skapi sem þær ættu að vaxa vegna þess að tollar hækka vegna gengislækkunarinnar, og þess vegna sé meiningin að bæta við nýjum sköttum, til þess að forðast annars væntanlegan greiðsluhalla.

Þetta voru helztu atriðin í því, sem ég vildi taka fram nú. Má vera, að ég segi eitthvað seinna, a. m. k. ef ég fæ svar við þessum spurningum frá hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nú ekki nema fáein orð, sem ég mun segja á þessu stigi um málið, því að ég mun víkja nánar að fjárl. við 3. umr. — Fyrst vil ég segja, út af ræðu hv. frsm. minni hl. fjvn., að mér finnst, að hann móti andstöðu sína í þessu máli af mjög veikum mætti og það sé meira af vilja en getu hjá honum að taka þá afstöðu, sem hann hefur gert. Mér skilst, að sérstaða hans sé fólgin í því, að honum finnist málinu ekki nógu langt fram undið með þeim vinnubrögðum, sem höfð hafa verið, og að ekki sé nóg sparað. En þá má spyrja þennan hv. þm.: Hvernig stendur á því, að hv. minni hl. fjvn., sem hefur unnið svo mikið að þessum málum

og talað talsvert digurt um þau, getur ekki lagt til sparnaðartill., sem hann þykist hafa innan handar? Það væri ástæða fyrir hann að skila minnihlutatill. Hvað veldur því, að hann getur ekki komið þessu á pappír, sem inni fyrir býr viðkomandi sparnaðartill. eða um frekari till. en þær, sem koma frá hinum hv. nm., sem svona eru seinlátir eins og hann talar um? Og er það þá ekki seinlæti að dómi hv. minni hl. n., að hann flytur ekki enn till. sínar við fjárlagafrv.? Meðan svona er ástatt í þessu, verður það varla skoðað annað en marklaust hjal af hv. frsm. minni hl. fjvn., er hann talar um seinlæti annarra í þessum efnum. — Þá bollalagði hv. frsm. minni hl. n. fram og aftur um afkomu fjárl., og hann virtist kvíða því, að fjárl. e. t. v. yrðu afgreidd með greiðsluhalla. Þetta rifjar það upp fyrir mönnum, að það er ekki nema örstutt síðan flokksmenn hv. frsm. minni hl. n. völdu mér og þeim, sem stóðu með mér að því að framlengja söluskattinn, hin verstu ókvæðisorð tungunnar fyrir það að framlengja þann skatt ófyrirsynju. Þá þóttust þeir vita, að óþarft væri fyrir hag ríkissjóðs að framlengja skatt þennan. Ríkissjóður mundi hafa nóg fé, og það væri ekki annað en fólska þeirra manna, sem að þessari framlengingu stóðu, sem hefði verið þess valdandi, að sá skattur var framlengdur. Þá hrópuðu þeir það út á strætum og gatnamótum, að það væri verið að framlengja skatta, eftir að búið væri að afnema útflutningsuppbæturnar. Nú þykist þessi hv. þm., frsm. minni hl. fjvn., vera gætinn og talar um, að ástandið sé þannig, að það sé varhugavert, hvernig ríkisbúskapurinn sé á vegi staddur, og að það geti farið svo, að fjárl. verði ekki afgreidd greiðsluhallalaust. Ég held, að hv. þm. taki ekki mikið mark á þessu hjali. — Annars verða það áreiðanlega ekki margir dagar þangað til hv. fjvn. og ríkisstj. sameiginlega ganga frá till. sínum um áætlun tekna, sem verður fyrir 3. umr., svo að það verður hægt að þreyja þorrann og góuna í því efni. Og meðan hv. frsm. minni hl. fjvn. bíður eftir því, gæti hann t. d. samið þessar brtt. um sparnað, sem hann hafði svo miklar áhyggjur af, að ekki hefðu komið annars staðar frá. — Ég skal svo ekki vikja fleiru að hv. frsm. minni hl. n., því að það er ekki ástæða til að skattyrðast hér um þessi atriði, sem hann drap á.

Ég skal svo aðeins taka fram, að meiningin var að reyna að vinna að þessu þannig að fá helzt allt inn á fjárl., sem þyrfti að borga úr ríkissjóði. Og það hefur verið fyrsta sjónarmiðið að reyna að finna út, hvaða kvaðir raunverulega liggja á ríkissjóði samkv. lögum og með öðru móti, bréfum og öðrum gerningum, sem gerðir hafa verið, og að finna, hvaða afleiðingar gengisbreyt. hefur fyrir ríkissjóð og þær stofnanir, sem ríkið rekur. Í það hefur verið lögð mikil vinna af hv. fjvn. og ríkisstj. að finna út þær afleiðingar, sem gengisbreyt. veldur. Og nokkur atriði í þessu eru óklárað enn.

Ef við lítum á þær brtt., sem fyrir liggja hér við fjárlagafrv., sem nær allar eru um breyt. til hækkunar á fjárlagafrv., þá sjáum við, að þær skiptast eftir efni í þrennt í meginatriðum. Í fyrsta lagi eru þar leiðréttingartill., þar sem teknar eru inn í frv. lögboðnar og ákvarðaðar greiðslur, sem ekki verður undan ekizt, og því eiga þær að vera samþ. Í öðru lagi er hér um að ræða till. um breyt. á upphæðum fjárl., sem stafa af gengisbreyt. Og í þriðja lagi eru nýjar fjárveitingar. Nú hef ég ekki raðað þessu niður í fjárhæðir til þess að finna út heildarfjárhæð, sem hver þessara flokka brtt. myndi. En þetta mun vera þannig, að tveir fyrst nefndu hóparnir af brtt., sem ég nefndi, sem eru hreinar leiðréttingar á upphæðum frv. og hækkanir vegna gengisbreyt., eru meginhluti þessara brtt. um hækkanir, svo sem hv. frsm. meiri hl. fjvn. gerði grein fyrir. Það er ekki nema örlítið, sem hv. fjvn. hefur tekið upp af nýjum fjárveitingum í sínar till. Það er svo algerlega hverfandi, að það má segja, að þessar brtt. hv. fjvn., sem meiri hl. hv. n. hefur undirbúið í samvinnu við ríkisstj., séu nær eingöngu leiðréttingar á fjárlagafrv., miðaðar við það ástand, sem nú hefur orðið, sumpart vegna fyrri ákvarðana, sem teknar hafa verið, annarra en gengislækkunar, og sumpart vegna gengislækkunarinnar. Og meining ríkisstj. og meiri hl. hv. fjvn. hefur verið sú — þegar menn sjá, hversu tæpt fjárl. standa, þegar búið er að gera þessar leiðréttingar til fulls — að komast hjá því sem allra mest að bæta nokkrum nýjum útgjöldum á fjárl. Og ég leyfi mér, við þetta tækifæri, að færa hv. meiri hl. fjvn. sérstakar þakkir fyrir það, hvernig hann hefur starfað að þessu máli í samvinnu við ríkisstj. Og í þeim tilfellum, þar sem hv. fjvn. hefur fjallað ein um þessi atriði, þá má segja, að hv. meiri hl. n. hafi staðið yfirleitt bjargfast á því að hækka ekki fjárl. frá því, sem löggjöf og aðrir gerningar gerðu alveg óumflýjanlegt, ef þeim yrði ekki beinlínis breytt. — Nú er þess að gæta, að þessu verki er ekki lokið enn. Það er eftir að taka eitthvað af launauppbótum inn á fjárl. Hins vegar hefur ríkisstj. ekki tekið ákvarðanir um það, hvað hún leggur til í því — og það kemur fram við 3. umr. fjárl., því að sú fúlga, sem til þess verður varið að greiða uppbætur á laun, verður að vera sett inn á fjárlögin. Það er ekki hægt að endurtaka það að greiða slíkar fjárfúlgur úr ríkissjóði, án þess að þær séu hafðar á fjárl. Og enn fremur vantar þarna í till. einhverja upphæð, sem greiða verður að líkindum úr ríkissjóði vegna sjóveðskrafna. Og e. t. v. verður ekki komizt hjá því að taka inn á fjárl. einhverjar fjárveitingar vegna mjólkurbúa og vatnsveitna. Og svo er eftir að breyta einhverju á utanríkismálagreininni, eins og líka hv. frsm. meiri hl. n. benti á. — Þetta eru atriði, sem maður veit að ólokið er, en þeim verður lokið mjög bráðlega, því að vafalaust verður stutt á milli 2. og 3. umr. fjárl.

Í sambandi við þetta verður vafalaust gengið frá tekjuöflunaráætlun fjárl. og þá ákvarðað endanlega, hvort fært er að sigla út með þetta mál, án þess að breyta skatta- og tollalöggjöfinni, um leið og ákvarðaðar eru viðbótargreiðsl-

urnar, t. d. launauppbæturnar. Menn geta vel verið með svigurmæli um það, að þetta hefði átt að vera búið að ákveða nú þegar. En ég held, að þeir, sem betur þekkja til, muni ekki taka undir þau svigurmæli, þegar þess er gætt, hve ríkisstj. hefur þurft að taka þýðingarmiklar ákvarðanir í sambandi við að standa að þessum málum, og því sé ekki óeðlilegt, að á þeim tíma, sem liðinn er frá því að stjórnarskiptin urðu og hefur verið hægt að láta þessi mál taka nokkurn skrið, og til þessa tíma hafi ekki tekizt að taka ákvarðanir um öll atriði fjárl.

Ég þykist nú vita, að hv. þm., sem stjórninni fylgja að málum, hafi strax fyrir nokkru, þegar framlengdur var söluskatturinn, gert sér grein fyrir þeim vanda, sem fyrir hendi var, og að sú ráðstöfun hafi verið á þörf byggð, þó að ekki væri ánægjulegt að þurfa að framlengja þau gjöld. Og ég veit, að hv. stuðningsmenn ríkisstj. munu sannfærast um það betur og betur, eftir því sem áfram vindur afgreiðslu fjárl., að þessi skattur var ekki framlengdur ófyrirsynju.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En ég endurtek þakklæti mitt til hv. meiri hl. fjvn. fyrir ágæta samvinnu í þessum efnum, og vonast eftir því, að samvinnan verði eins góð, þar til því verki er lokið að afgr. fjárl. frá hæstv. Alþ.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Samvinnun. samgöngumála hefur, eins og á undanförnum árum, haft með höndum undirbúning till. um skiptingu flutningastyrkja og fjárveitinga til flóabáta og vöruflutninga. N. hefur, samkv. venju, haft samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, notið ráða hans og fengið upplýsingar hjá honum um þau atriði, sem með hefur þurft. — Ég vil leyfa mér, fyrir hönd n., að gera nokkra grein í fáum orðum fyrir till. n., sem liggja hér fyrir á þskj. 616, og n. hefur, einnig samkv. venju, látið skýrslu forstjórans fylgja.

Það er öllum kunnugt, að kostnaður við rekstur flóabátanna hefur hin síðari ár farið mjög hækkandi. Orsakir þess liggja í augum uppi, sem eru hækkandi kaupgreiðslur og annað, sem á verulega rætur sínar í hinni mjög vaxandi dýrtíð í landinu. Þrátt fyrir þennan mjög aukna tilkostnað við rekstur flóabátanna, hefur þessum styrkjum ríkisins til þessarar starfsemi að verulegu leyti verið haldið niðri hin þrjú síðustu árin, þannig að hann hefur ekki farið hækkandi. Vil ég í því sambandi benda á niðurstöðutölur þessara tilgreindu þriggja síðustu ára. Árið 1947 eru flóabátastyrkirnir og styrkir til vöruflutninga 916 þús. kr. Árið 1948 voru þeir samtals 912 þús. kr. Og árið 1949 voru þeir samtals 878 þús. kr. — Þessum útgjöldum til stuðnings flóabátasamgangnanna og vöruflutninga í landinu hefur þannig algerlega verið haldið niðri, á sama tíma sem útgjöld fjárlaganna í heild hafa farið mjög hækkandi ár frá ári.

Nú er það hins vegar þannig, að þrátt fyrir allríflega styrki til sumra flóabátanna, þá er það auðsætt orðið af skýrslum, sem Skipaútgerð ríkisins og samvinnun. samgöngumála hafa borizt um rekstur bátanna, að um mjög verulegan rekstrarhalla er að ræða hjá mörgum þeirra, svo að við borð liggur, að rekstur einstakra þeirra stöðvist, til óbætanlegs tjóns fyrir þau héruð, sem eiga afurðasölu sína, samgöngur og önnur viðskipti mjög komin undir þessum samgöngum. Þrátt fyrir það þótt þannig horfi, samkv. þeim gögnum, sem lágu fyrir samvinnun. samgöngumála, taldi samvinnun. sér skylt, við þær aðstæður, sem nú blasa við í efnahagsmálum þjóðarinnar, að athuga, hvort ekki væri unnt að spara að einhverju leyti fé ríkissjóðs á þessum útgjaldaliðum. Í því augnamiði leitaði n. tillagna og álits forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem manna bezt fylgist með rekstri þessara báta og skipa. Eftir að n. hafði rætt þetta mál allýtarlega við forstjórann og hann haft þau alllengi til yfirvegunar og athugunar, benti hann á leiðir til þess að breyta skipulagi og tilhögun ferða nokkurra bátanna, og jafnframt á möguleika til þess að fella ferðir nokkurra þeirra niður. Ég get leyft mér í aðalatriðum að vísa til skýrslu forstjórans og álits samvinnun. um þessar leiðir, en vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að þeir bátar, sem um var að ræða og till. forstjórans fjölluðu um, voru Djúpbáturinn, Norðurlandsbáturinn, Flateyjarbátur á Breiðafirði, Vestmannaeyja/Stokkseyrarbáturinn og Húnaflóa/Strandabáturinn. Forstjórinn benti á möguleika til þess ýmist að stórlækka styrki til þessara báta eða fella ferðir þeirra algerlega niður. Átti það síðar nefnda við um Vestmannaeyja/Stokkseyrarbátinn, Húnaflóa- og Strandabátinn, og enn fremur um Flateyjarbátinn, sem annazt hefur samgöngur um norðanverðan Breiðafjörð, Djúpbátinn og Norðurlandsbátinn. Gerði forstjórinn sérstaklega till. um breyt. á skipulagi á rekstri þeirra, sem hefðu sparnað í för með sér.

Samvinnun. ræddi við þingmenn viðkomandi héraða um þessar till. og reyndi að kryfja þessi mál eins til mergjar og frekast væri unnt og komast að raun um það, hvort raunverulegir möguleikar væru fyrir hendi til sparnaðar í þessum efnum, hvort það væri hægt, beinlínis vegna aðstöðu hlutaðeigandi héraða, ýmist að breyta skipulagi flóabátaferðanna eða fella ferðir bátanna alveg niður. Niðurstaðan af þessum athugunum n. varð svo sú, eftir ýtarlegar viðræður við hlutaðeigandi þm., að þetta væri ekki kleift; það væri ekki unnt án mjög mikillar truflunar og óhagræðis fyrir allt líf og starf fólksins í þessum byggðarlögum að spara mjög verulega á rekstri bátanna eða fella ferðir þeirra niður. — Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ræða þau rök, sem hv. þm. viðkomandi héraða settu fram til stuðnings máli sínu og héraða sinna. En ég hef áður, í framsögu fyrir samvinnun. samgöngumála á undanförnum árum, bent á það, að þær skyldur og þær þarfir, sem ferðir flóabátanna uppfylla, eru svo sérstæðar, að það er ekki hægt að fella niður þessa starfsemi eða ætla sér t. d. að láta strandferðaskipin, sem sigla hringinn í kringum

ströndina, gegna hlutverki þeirra, án þess að valda stórkostlegum truflunum og erfiðleikum í bókstaflega allri atvinnustarfsemi þeirra héraða, sem flóabátasamgangnanna njóta.

Þegar n. hafði komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri unnt að skera flóabátastyrkina niður um helming eða þriðjung, eins og forstjóri Skipaútgerðarinnar benti á hugsanlegar leiðir til, ef þær breyt. væru framkvæmdar, sem ég hef bent á, þá varð það að samkomulagi í n., að fylgja svipaðri stefnu eins og áður hefur verið gert í þessum málum. Það varð auðsætt, að hjá því varð ekki komizt að hækka nokkuð styrkina til einstakra báta. Þessum styrkjum hefur verið haldið alveg niðri, þannig að árið 1949 voru þeir samtals nokkru lægri en 1947 og 1948. En skýrslan um afkomu bátanna bar það greinilega með sér, að hallinn á rekstri þeirra var svo mikill, að auðsætt var, að ferðir þeirra mundu stöðvast, ef þeim væri ekki gerð nokkur úrlausn um hækkun á styrk. Enda liggur í augum uppi, að eftir að gengisbreyt. hefur verið gerð, hlýtur sú ráðstöfun að hafa það í för með sér, að allveruleg hækkun verður á tilkostnaði við útgerð bátanna í hækkuðu olíuverði og hækkun á ýmsu öðru, sem til rekstrarins þarf. Niðurstaðan varð því sú, að n. lagði til, að heildarstyrkurinn til flóabátasamgangnanna og vöruflutninga hækkaði um 80 þús. kr. frá því, sem hann var í fyrra, eða úr 878 þús. kr. í 958 þús. kr.

Ég get svo aðeins með fáum orðum minnzt hér á afkomu bátanna. Ég miða við það, sem var á síðasta ári. Á fjárl. var upphæðin til flóabátanna 878 þús. kr. fyrir árið 1949. Um einstaka flóabáta og ferðir þeirra vil ég taka þetta fram:

Það er þá fyrst um Breiðafjarðarsamgöngurnar, að rekstur allra þeirra þriggja báta, sem annazt hafa flóaferðirnar yfir Breiðafjörð, hefur gengið illa á síðasta ári og orðið stórtap á þeim. N. leggur því til, að ætlaður verði styrkur til Flateyjarbátsins þannig, að til venjulegra ferða verði veittar 25 þús. kr. og vikuferðir milli Flateyjar, Brjánslækjar og Kinnarstaða verði styrktar með 30 þús. kr. Og þar yrði 5 þús. kr. hækkun frá því í fyrra í fyrra tilfellinu, en 6 þús. kr. hækkun í því síðar nefnda. — Enn fremur leggur n. til, að þessi bátur fái 10 þús. kr. viðbótarstyrk vegna vélakaupa, sem ekki þótti verða umflúið að veita. — Þá leggur n. til, að Stykkishólmsbátur, sem fékk 70 þús. kr. styrk á fjárl. síðasta árs, verði hækkaður í styrknum upp í 85 þús. kr., eða um 15 þús. kr. Það hefur verið mjög slæm útkoma á rekstri þessa skips, og hefur Kaupfélag Stykkishólms, sem annast rekstur bátsins, óskað miklu hærri styrks en n. sá fært að veita. — Til Langeyjarnesbáts og Skógarstrandarbáts leggur n. til að styrkur verði samtals hækkaður um 1000 kr. — Um Ísafjarðarsamgöngurnar er það að segja, að á rekstri Fagraness, sem annazt hefur ferðirnar um Djúpið, var hallinn 53 þús. kr. árið 1949. N. hefur lagt til, að styrkurinn til þess báts verði hækkaður um 15 þús. kr. Og það virðist liggja í augum uppi, að mjög litlar líkur séu til þess, að rekstur bátsins fái borið sig, þrátt fyrir þá hækkun á styrknum til hans. Og fyrir þann bát hefur reyndar verið farið fram á miklu meiri styrkhækkun en n. hefur séð sér fært að ganga inn á. — Um Norðurlandssamgöngurnar er það að segja, að n. leggur til, að styrkurinn til Húnaflóa- og Strandabátsins hækki um 9 þús. kr. Það hefur haft mjög slæm áhrif á rekstur þessa báts, hversu síldveiðarnar brugðust gersamlega í fyrra. En eitt af meginverkum þessa báts er að annast samgöngur til og frá síldarverksmiðjunum á Ströndum. En öll drift þar, og þar með bæði fólksflutningar og vöruflutningar og annað slíkt, veltur mjög á því, hvernig síldarvertíðin er á hverjum tíma. — Þá leggur n. til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki um 9 þús. kr. vegna vélakaupa, sem hefur orðið mjög dýr liður í sambandi við rekstur bátsins nú og eigendur bátsins varla rísa undir. Væri hætta á, að ferðir þessa báts legðust niður, ef ekki kæmi þessi viðbótarstyrkur til. Þess vegna hefur n. lagt til, að veittur verði þessi vélakaupastyrkur. — Þá leggur n. til, að til Hríseyjarbáts hækki styrkurinn um 2 þús. kr. — Um Austfjarðasamgöngurnar er þess að geta, að þar verður sú breyt. á, að ferðir Norðfjarðarbáts falla niður, vegna þess að nú hefur skapazt akvegasamband við Neskaupstað. Hins vegar er lagt til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts hækki um 1000 kr., styrkur til Mjóafjarðarbáts um 5 þús. kr., 4 þús. kr. af þessari styrkhækkun eru veittar vegna þess, að það hefur orðið að kaupa nýja vél í bátinn og eigendurnir telja sig trauðla rísa undir þeim kaupum.

Um Vestmannaeyjasamgöngurnar vil ég aðeins geta þess, að þær hafa borið sig æ verr með hverju ári, sem liðið hefur undanfarið. Orsök þess er fyrst og fremst sú, að farþegaflutningar milli Eyja og lands eiga sér nú í miklu ríkara mæli stað með flugvélum heldur en áður. Rekstrarhalli á Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátnum hefur þess vegna farið vaxandi. Og bæði bæjarstjórn Vestmannaeyja og hreppsnefnd Stokkseyrarkauptúns hafa lagt áherzlu á að fá styrk til þessa báts hækkaðan. N. hefur lagt til, að styrkurinn til hans verði hækkaður um 12 þús. kr.

Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir þeim breyt., sem n. leggur til að gerðar verði á styrkveitingum til hinna einstöku flóabáta. Ég hef einnig drepið á, að heildarupphæðin, sem n. leggur til að veitt verði í þessu skyni, er 958 þús. kr., eða 80 þús. kr. hærri en í fjárl. 1949.

Ég vil þá geta þess, að n. leyfir sér að flytja sérstaka brtt. við 22. gr. um að heimila stj. að greiða Skafta Stefánssyni skipstjóra á Siglufirði, sem lengi annaðist flóabátaferðir um Skagafjörð, 12 þús. kr. upp í rekstrarhalla, sem hann varð fyrir sumarið 1947. Ég þarf ekki að skýra, hvernig þetta er til komið. Sótt var um að fá þennan rekstrarhalla bættan í sambandi við afgreiðslu fjárl. 1949, en umsóknin barst svo seint, að n. gafst ekki tóm til afgreiðslu. Einstakir þm. fluttu till. inn í

þingið, en hún var felld, vegna þess að ekki lágu fyrir upplýsingar, sem sönnuðu réttmæti fjárveitingar í þessu skyni. En ég vil geta þess, að Skafti Stefánsson rak um alllangt skeið ferðir um Skagafjörð. Síðasta sumarið, sem hann stundaði þær, varð hann fyrir tilfinnanlegu tjóni, 28 þús. kr. Hefur verið gerð grein fyrir því af hendi Skipaútgerðar ríkisins og lagðir fram reikningar yfir rekstur bátsins. Samvinnun. samgöngumála er sammála um, að sanngjarnt sé og eðlilegt og í samræmi við fyrri fordæmi að leggja til, að Skafti Stefánsson fái greiddar 12 þús. kr. upp í þennan rekstrarhalla.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. samvn., en leyfi mér að öðru leyti að vísa til nál. og skýrslu þeirrar, sem fylgir því frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hv. þm. geta sótt í frekari upplýsingar, sem þeir kynnu að vilja fá um rekstur einstakra flóabáta og um þessi mál í heild.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er hverju orði sannara, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér í upphafi máls síns, að það er í verulegt óefni komið fyrir Alþingi, þegar það ár eftir ár hefur að engu skýr fyrirmæli stjórnarskrárinnar um afgreiðslu sjálfra fjárlaganna. Þar segir, að leggja beri frv. til fjárl. fram fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fari, og ekkert gjald megi inna af hendi nema samkvæmt heimild fjárl. eða fjáraukal.

Á þessu þingi var fjárlagafrv. ekki lagt fram fyrr en í nóvemberlok og vísað til n. ekki fyrr en 20. des., rétt fyrir jól, í sama mund og alþingismenn voru að fá jólafrí sitt. Af þessum sökum var ekki neitt að ráði farið að vinna að frv. fyrr en síðari hluta aprílmánaðar, og er nú skilað af hendi fjvn. 1. maí. Það er því augljóst, að það er ekki sök fjvn., að ákvæði stjórnarskrárinnar um afgreiðslu fjárl. er að engu haft, svo að ⅓ hluti fjárhagsársins er liðinn, þegar fjárl. verða afgr. Það er því í raun og veru alls ekki of djúpt tekið í árinni að segja, að það sé hneyksli, sem endurtaki sig ár eftir ár, að fjárl. eru ekki afgr. fyrr en langt er liðið á það fjárhagsár, sem þau eiga að gilda fyrir. Með því er fjárveitingavaldið í rauninni dregið úr höndum Alþingis og í hendur ríkisstj. á hverjum tíma. Það er stjórnað fjárlagalaust fyrri hluta árs, og svo koma fjáraukalög ekki fram fyrr en 3—4 árum seinna, þegar mikil breyt. er orðin á skipun þingsins. Ríkisreikningurinn kemur ekki heldur fyrr en eftir mörg ár. Eins og hv. þm. vita, var hér nýlega til umr. ríkisreikningurinn fyrir 1946.

En þó að afgreiðsla fjárl. sé svona seint á ferðinni, þá er nú samt ekki enn búið að ganga frá tekjuhlið frv. Hæstv. ráðh. vék að þessu áðan og lét í ljós undrun sína yfir, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar væru ekki mikilvirkari í að koma með brtt. af sinni hendi til sparnaðar, sem þeir þættust hafa í huga. Ég verð að segja, að mér finnst það öfugt, ef hæstv. fjmrh. í alvöru ætlast til þess, að stjórnarandstaðan hafi vit fyrir honum, marki stefnu um sparnað á ríkisrekstrinum og hann fengi till. frá stjórnarandstöðunni um sparnað, en hafi ekki forustuna sjálfur. (*Fjmrh.:* Það væri gott, ef menn hefðu vit fyrir sjálfum sér.) Já, en það er ekki hægt að ætlast til, að stjórnarandstaðan hafi vit fyrir ríkisstj.

Meðan svona er, að ekki er búið að ganga frá tekjuhlið fjárl., þá er ekki hægt fyrir þm. að gera sér hugmynd um, hvort jöfnuður fáist á fjárlagafrv., þegar það verður endanlega afgr., eða hvort grípa verði til stórfelldrar skattahækkunar. Það er að vísu vitað, að verðtollur o. fl. á tekjuhliðinni á eftir að hækka stórlega í sambandi við gengislækkunina. Verðtollurinn, sem er áætlaður 58 millj., á vafalaust eftir að hækka um 50—55%, eða upp í 85—90 milljónir.

En jafnaugljóst er, að gjaldaliðir frv. eiga eftir að hækka til mikilla muna. Vatnsveitur, mjólkurstöðvar, uppbót á laun opinberra starfsmanna og ótal margir fleiri liðir eiga vafalaust eftir að hækka um margar milljónir króna. Það er ekki á þessari stund hægt að gera sér neina hugmynd um, hvernig eða hvort jöfnuður fæst á frv., meðan svona er gengið frá því.

Gengislækkunarlögin, „viðreisnarlögin", eins og hæstv. ráðh. og málgagn ríkisstj. kölluðu þessa löggjöf, meðan frv. var til meðferðar í þinginu, markar mjög djúp spor í þessu frv. Í raun og veru eru það fyrst og fremst gengislækkunarl., sem setja svip á það, öllu öðru fremur. Það eru ekki nýjar fjárveitingar af hálfu n., eins og hæstv. ráðh. tók fram, heldur eru það gengislækkunarlögin, „viðreisnarlöggjöf" hæstv. ríkisstj. Þetta sést strax, ef litið er á vexti af lánum. Vextir ríkissjóðs af dönskum lánum, sem áætlaðir voru 201 þús. kr., eru nú taldir þurfa að hækka vegna gengislækkunarinnar upp í 321 þús. kr. Einnig eru vextir af lánum ríkissjóðs í dollurum, sem voru í fjárl. síðasta árs áætlaðir 374 þús. kr., en í frv. þessa árs 1077 þús. kr., taldir þurfa að vera vegna gengislækkunarinnar 1877 þús. kr., og hækka vextirnir af erlendum lánum þannig um 937021 kr., eins og hv. form. fjvn. hefur þegar tekið fram.

Gengislækkunin veldur einnig verulegri hækkun á rekstri ýmissa ríkisstofnana. Þannig er t. d. gert ráð fyrir 2.4 millj. kr. gengistapi hjá landssímanum og stórauknum rekstrarútgjöldum í sambandi við allar opinberar framkvæmdir, svo sem hafnargerðir, brúargerðir, vitamál, raforkuframkvæmdir. Rekstur Skipaútgerðar ríkisins hækkar t. d. um 3 millj. kr. vegna gengislækkunarinnar. Gert er nú ráð fyrir, að Sogsvirkjunin kosti um 150 millj. kr., en um 80 milljónir fyrir gengislækkunina. Laxárvirkjunin á að kosta 44 milljónir, en 25—30 milljónir fyrir gengislækkunina.

Utanríkismálin sýna þó ef til vill einna gleggst, hvaða áhrif gengislækkunin hefur á ríkisbúskapinn. Till. fjvn. um það efni eru ekki komnar í ljós enn, en till. eru komnar frá ríkisstj., hvernig þessir liðir breytist vegna gengislækkunarinnar. Sendiráðið í Kaupmannahöfn hækkar úr 122 þús. í 222 þús. kr. Það er 100 þús. kr. hækkun. Sendiráðið í Stokkhólmi ger-

ir þó betur. Það hækkar úr 120300 kr. í 236700 kr., eða um 116400 kr. Sendiráðið í London, sem í fjárl. 1949 var talið mundu kosta 263500, er á fjárlfrv. þessa árs talið kosta 305500, en eftir gengislækkunina hvorki 263 né 305 þús. kr., heldur 570300 kr. Sendiráðið í Washington, sem á síðasta árs fjárl. var talið mundu kosta 220 þús. kr., er í frv. þessa árs áætlað á 364500 kr. og eftir gengislækkunina 661300 kr. Sendiráðið í Moskva var á síðasta árs fjárlögum talið kosta 246300 kr., á fjárlfrv. þessa árs 400000 kr. og eftir gengislækkunina hvorki meira né minna en 967 þús. kr., eða því nær eina milljón króna *(Fjmrh.:* Ekki er það allt gengisbreytingin.) Það er gengisbreyt. á rúblunni, sem veldur þessu líka. Sendiráðið í París hækkar úr 260900 kr. í 470400 kr. Sendiráðið í Osló hækkar úr 134300 kr. í 247700 kr. Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg hækkar úr 107700 kr. í 197300 kr. Aðalræðismannsskrifstofan í New York, sem var í síðasta árs fjárl. með 23500 kr., er nú í frv. með 31300 kr. og eftir gengislækkunina með 54400 kr. Ferðakostnaður erlendis hækkar úr 75000 kr. í 125000 kr. Kostnaður við samninga við erlend ríki hækkar úr 250 þús. kr. í 550 þús. kr. Kostnaður við þátttöku í alþjóðaráðstefnum hækkar einnig úr 250 þús. kr. í 550 þús. kr. *Áætlunarliður til* upplýsingarstarfsemi hækkar úr 10 þús. kr. í 15 þús. og kostnaður vegna kjörræðismanna úr 5 þús. í 10 þús. kr. Samtals hækkar þessi eini liður fjárlaganna, sem var 2.4 millj. kr., í 2.8 millj., eða um 100%. Hann tvöfaldast m. ö. o. Á sama hátt hækka öll framlög Íslands vegna alþjóðlegrar samvinnu, svo sem tillag til Sameinuðu þjóðanna úr 156 þús. kr. í 272 þús. kr. Tillag til alþjóðavinnumálastofnunarinnar hækkar úr 47 þús. kr. í 82 þús. kr. Tillag til heilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna hækkar úr 18750 kr. í 33000 kr. og tillag til alþjóðaflóttamannastofnunarinnar úr 108 þús. kr. í 400 þús. kr. Raunar setur gengislækkunin verðhækkunarmerki sín á flesta liði frv., en þetta verður að nægja sem sýnishorn.

Það hefur oft verið talað af miklum fjálgleik og vandlætingu um, að menn hefðu áhuga fyrir því að draga úr nefndafargani og útþenslu ríkisbáknsins. Er nú gert ráð fyrir því í fjárlfrv. að leggja niður fjölda af launuðum n.? Ég minnist þess ekki, að neinar slíkar till. hafi legið fyrir fjvn. að þessu sinni frá hæstv. ríkisstj., og þá ekki heldur neinna myndarlegra átaka um að draga úr ríkisbákninu. Ég hafði, og ég hygg margir, búizt við, að eitthvað kæmi frá hæstv. ríkisstj. í þá átt, þegar búið er að grípa til ráðstafana, sem þyngja byrðarnar á öllum stéttum þjóðfélagsins eða flestum stéttum, a. m. k. öllum þeim, sem höllustum fæti standa fjárhagslega. En ég hef ekki heldur orðið var við það, heldur þvert á móti till., sem stefna að enn meiri útþenslu á þessu ríkisbákni *(Fjmrh.:* Hvaða till. eru það?) Ég skal nú koma að því. Borgardómaraembættið átti að kosta samkvæmt síðustu fjárl. 258 þús. kr. Nú er áætlað, að það kosti 281600 kr. Sakadómaraembættið var 1949 543 þús. kr., en nú 601325 kr. *(Fjmrh.:* Vill ekki hv. þm. kynna sér, hvað þessi embætti hafa raunverulega kostað?) Það er nú svo vísdómslegt, að þrátt fyrir það, að komið er langt fram á árið 1950, þá liggur ríkisreikningurinn fyrir 1949 ekki fyrir enn, svo að ég hef ekki átt þess kost að kynna mér, hversu mikill kostnaðurinn hefur verið. Svona eru hækkanirnar hlutfallslega frá síðasta árs fjárl. til frv., eins og það liggur nú fyrir. Hegningarhúsið og vinnuhælið voru talin á fjárl. 1949 370 þús. kr., en eru nú 434 þús. kr. Annaðhvort er nú dýrara að *tukthúsa* menn en áður eða það þarf að *tukthúsa* fleiri. Eftirlit með verksmiðjum og vélum var 111 þús. kr. árið 1949, en nú 120 þús. Löggildingarstofan, sem virðist ekki vera stór stofnun, var 35 þús. kr. á síðasta árs fjárl., en nú 57 þús. kr. Fiskimatið var 1949 samkvæmt fjárl. 235 þús. kr., en nú 332 þús. Eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum og hið mikla fyrirtæki, Skömmtunarskrifstofa ríkisins, sem átti að kosta samkvæmt áætlun fjárl. 1949 2.1 milljón, er nú ráðgert að kosti samkvæmt fjárlfrv. 3.5 millj. kr. Það er 1.4 millj. kr. hækkun frá síðasta árs fjárl. á þessari einu stofnun, sem hefur ekki nokkur áhrif á verðlagið og ekki er kunnugt, að komi að neinu gagni. Þó á að eyða í hana 3½ millj. kr. Þannig er útþensla ríkisbáknsins, sem allir fordæma. Fyrir síðustu kosningar hafði ég nokkur kynni af manni úr liði stj. Hann fordæmdi alla útþenslu ríkisbáknsins og nefndafargan. Allur sá ófögnuður átti að fylgja jafnaðarstefnunni, og þetta átti allt að afnema. Nú eru kosningar liðnar og langt liðið á þetta þing, og ekki bólar enn á, að eigi neitt að minnka nefndafarganið eða taka fyrir útþenslu ríkisbáknsins. Kannske koma þessar till. fyrir 3. umr. fjárl., og þá þarf ekki að óttast, að verði halli á afgreiðslu þeirra.

Kostnaður við innheimtu tolla og skatta hefur líka hækkað á annað hundrað þúsund krónur, og tollgæzlan í Reykjavík hækkar líka um 142 þús. kr. Þannig má lengi telja. Ég veit ekki, hvort þeim hæstv. *ráðh., sem greip* fram í fyrir mér áðan, þykir þetta tæmandi, og það er fjarri því, að það sé tæmandi, það eru aðeins nefndir nokkrir liðir.

Einn er þó sá liður, sem nokkuð er dregið úr. Það er framlag til vega, hafna og brúa. Þar er veitt um það bil sama upphæð og síðast í krónutali, en það þýðir minni framkvæmdir en síðastliðið ár, því að nú verður allt dýrara en fyrr. Og þótt merkilegt sé, þá held ég, að enginn í fjvn. hafi möglað við þeim ráðstöfunum.

Mér finnst það ekki heldur bera vott um mikla viðleitni til að draga ríkisbáknið saman, þegar embætti stendur eftir með á annað hundrað þúsund króna útgjöldum á fjárl., en embættismaðurinn, sem þessu embætti á að gegna, er fluttur búferlum úr landi og sennilega með samþykki hæstv. ríkisstj. upp á þau býti, að hann skuli vera í embættinu áfram, hafa skrifstofu úti í Kaupmannahöfn, en eiga áfram að sjá um klak í ám og vötnum á Íslandi. Mér hefði fundizt, að ef ríkisstj. hefði haft huga á að draga ríkisbáknið saman, hefði

hún átt að leggja þetta embætti niður um leið og maðurinn flutti úr landi eða gera skipulagsbreytingu á þessu og leggja það undir Búnaðarfélag Íslands, og hefði það þá kostað sáralitla peninga. Ég hygg, að fólki úti um land sé lítil huggun í því, þó að hér skammt frá alþingishúsinu sé skrifstofa full af bókum um það, hvernig eigi að rækta silung í ám og vötnum, þegar það fær engar leiðbeiningar þaðan um þessi mál. Að mínu áliti ætti sem sagt að leggja veiðimálastjóraembættið niður, ef sýna á nokkra viðleitni í þá átt að spara. — Fyrir þessu Alþ. liggur frv. um að leggja niður alla minkarækt í landinu. Mér þykir líklegt, að þetta verði samþykkt og að gengið verði af síðasta minknum, sem er í búri, dauðum með ákveðinni löggjöf, en það verður samt eftir stofnun, embætti, þó að þetta yrði samþ., því að þá verður embætti loðdýraræktarráðunautar ríkisins eftir. Mér hefði nú fundizt, að það mætti hverfa. Ef til vill kemur till. frá hæstv. ríkisstj. um það, áður en frv. fer til 3. umr. *(Fjmrh.:* Eða frá hv. þm.) Ég mundi gera till. um það, að þetta embætti yrði lagt niður, svo framarlega sem till. um að leggja minkarækt niður yrði samþykkt. En þegar minnzt er á það í fjvn. að leggja niður t. d. þessi embætti, er sagt sem svo: Já, það er nú komið hálft ár og búið að standa straum af þessum embættum þann árshluta, sem liðinn er, og ekki hægt að losna við þessa embættismenn nema með minnst 6 mánaða uppsagnarfresti. Þetta þýðir, að við svo búið verður að standa út þetta ár. Með öðrum orðum, afleiðingar þess, hvað fjárlagaafgreiðslan er seint á ferðinni, eru þær, að ekki er hægt að gera leiðréttingar í ríkisrekstrinum, sem snerta jafnaugljósa hluti sem þessa. Fjvn. er þannig að vissu leyti með bundnar hendur og getur ekki gert þær till., sem hæstv. ráðh. raunverulega óska, að nm. geri.

Ég skal nú stytta mál mitt. Ég skal aðeins taka fram í sambandi við þær háu upphæðir, sem eru komnar á 18. gr. fjárl., að ég álít, að það sé orðin ein endileysa. Ég sé ekki, að sá mikli mismunur, sem þarna er á tölum, styðjist við neitt annað en hve volduga aðstandendur þeir einstaklingar eiga, sem þarna eiga að fá fjárhæðir úr ríkissjóði. Ef það er uppgjafa embættismaður, fær hann þúsundir, en sé það t. d. póstur, skal hann hafa nokkur hundruð á 18. gr. Ég held, þó að það fengi kannske lítinn byr hér, að 18. gr. ætti öll að strikast út og allir menn og konur úr öllum stéttum að búa jafnt við þau eftirlaun, sem tryggingasjóður getur veitt öllum, sem búnir eru að slíta sér út fyrir þjóðina.

Ég viðurkenni fyllilega þörfina á því að afgreiða tekjuhallalaus og greiðsluhallalaus fjárlög, og ég veit, að minn flokkur mun síðar en svo bregða fæti fyrir það, ef ríkisstj. sýndi raunverulega viðleitni í þá átt.

Að síðustu vil ég svo aðeins víkja að því, sem ég hóf mál mitt með, að ég tel mjög vítavert, þegar það endurtekur sig ár eftir ár, þó að það sé greinilega lögbrot, að afgreiða ekki fjárl. fyrr en margir mánuðir eru liðnir af fjárhagsárinu. Af störfum mínum í fjvn., í þetta eina skipti, sem ég hef starfað í henni, hef ég sannfærzt um það — og ég veit, að hv. form. er mér þar sammála —, að með rösklegu og skipulegu eins mánaðar starfi í fjvn. er hægt að afgreiða fjárlög, ef þau eru sæmilega undirbúin af ríkisstj. Það er því eitthvað, sem liggur á bak við, sem ekki er látið uppi, þegar það er gert að algildri reglu ár eftir ár að stjórna fjárlagalaust jafnvel hálft árið.

Ég ætla svo ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Ég hef sem sagt síður en svo staðið í vegi fyrir því, að meiri viðleitni yrði sýnd í sparnaðarátt og til þess að draga úr ónauðsynlegum útgjöldum. Og ég hygg, að þegar búið er að ganga svo mjög á hagsmuni þjóðarinnar sem raun ber vitni, eigi hún erfitt með að sætta sig við áframhaldandi eyðslustefnu af hálfu ríkisvaldsins. — Eitt af því, sem ég heyrði minnzt á í fjvn. í sparnaðarátt, var það, hvort nauðsynlegt væri að eyða nokkrum tugum þúsunda í fálkaorðuna. Ég álít, að það sé algerlega óþarft að hafa fálkaorðuna til þess að svala metnaði og hégómagirnd íslenzkra manna, en hitt má vera, að það þurfi að hafa hana til þess að geta sæmt erlenda menn, með öðrum orðum sem diplomatiska mynt.

Skal ég svo láta útrætt um þetta að sinni.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins örfáar setningar út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hv. þm. gerði mikið úr því, að gengislækkunin hefði slæm áhrif á fjármálalífið, og las upp nokkrar tölur í því sambandi. Gallinn á því var bara sá, að hann blandaði saman hækkun vegna gengislækkunarinnar og hækkun af öðrum ástæðum, en það þarf ekki að leggjast djúpt til þess að komast að raun um, að áhrif gengislækkunarinnar á fjárl. eru ekki óhagstæð, þegar á heildina er litið, heldur þvert á móti hagstæð. Þó að útgjöld fjárl. hækki nokkuð vegna gengislækkunarinnar, hækka þó tekjur fjárl. töluvert meira vegna þeirrar sömu gengislækkunar, fyrir utan það, að hefði genginu ekki verið breytt, hefði þurft að standa þarna svolítill póstur, t. d. upp á 90 milljónir, í uppbætur og annar ekki svo lítill póstur til þess að togaraflotinn gæti skriðið áfram, þannig að við gætum sagt, að þrátt fyrir gengislækkunina gæti orðið erfitt að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, en án hennar væri það ómögulegt.

Þá deildi hv. þm. nokkuð á núv. ríkisstj. fyrir það, að hún hefði ekki gert tillögur um lækkun á einstökum liðum fjárl. í sparnaðarátt. Þessu má svara með því að vitna í það, sem hv. þm. sagði sjálfur. Hann sagði, að ekki væri hægt að liggja fjvn. á hálsi fyrir það, þó að hún hefði ekki flutt till. um þetta, þar sem svo langt væri liðið á árið, að framkvæmdin kæmi aðeins lítið fram á reikningi þessa árs. Þetta er rétt hjá hv. þm., en þar sem hann finnur, að fjvn. getur ekki gert þetta, ætti hann að skilja, að ríkisstj. getur ekki heldur gert þetta. Auk þess er nú vægast sagt ekki sanngjarnt að gera kröfu til þess, að stjórn, sem aðeins fyrir nokkrum vikum hefur setzt að völdum, sé búin að koma í framkvæmd stór-

felldum samdrætti á ríkiskerfinu, sem gæti verkað á útgjöldin á nokkrum mánuðum. Það er ekki sanngjarnt að láta sér slíkt um munn fara. Hitt er annað mál, að stjórnin hefur ríkan áhuga á því að kippa þessu í lag og mun gera ráðstafanir þar að lútandi, og er þá gott að geta átt von á góðri samvinnu við hv. þm. að koma því í framkvæmd. En við getum ekki gert okkur vonir um, að það hafi áhrif á útgjöld ríkisins svo að nokkru nemi fyrr en þá á næsta ári.

Ég vildi aðeins taka þetta fram út af athugasemdum hv. þm.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 4. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 49, n. 610, 613 og 616, 611, 630, 632, 633).

Afbrigði um brtt. 632 og 633, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera afgreiðslu fjárlaganna eða nál. hv. meiri hl. fjvn. að umtalsefni, enda hefur það þegar verið gert allrækilega af hálfu míns flokks í ræðu hv. 5. landsk., heldur ætla ég að mæla fyrir þremur brtt., sem ég er fyrsti flm. að. Þó eru nú í raun og veru tvær þeirra um sama efni, þ. e. a. s. brtt. á þskj. 633, XV og XX, sem fjalla um útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla l. nr. 44 7. maí 1946. Sú fyrri er um, að leggja skuli nú fram 750 þús. kr. í þessu skyni, og sú síðari um að heimila ríkisstj. að taka fé að láni til þess að lána bæjar- og sveitarfélögunum samkv. III. kafla fyrrgreindra l., þeim, sem þess þurfa, til útrýmingar hinu heilsuspillandi húsnæði og byggingar nýrra íbúða. Ég hygg, að það sé alveg óþarfi að hafa mörg orð um þetta mál, svo kunnugt sem það er öllum hv. þm., en ég vil þó minna á, að með sérstökum l. var III. kafla l. um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis og aðstoð við bæjar- og sveitarfélög til byggingar góðra og hentugra íbúða raunverulega frestað þannig, að hann kæmi ekki til framkvæmda nema að því leyti, sem til þessa væri veitt fé á fjárlögum. Nú liggur að vísu fyrir Alþingi frv. um, að þessi kafli komi að nokkru leyti til framkvæmda. Um þetta frv. var í dag útbýtt nál. En nú er mjög liðið á þingtímann, svo að telja má mjög litlar líkur á, að þetta frv. nái fram að ganga nú á þessu þingi. Af þessum ástæðum höfum við flm. fyrrnefnds frv. leyft okkur að flytja þessar brtt. Í þessum till. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 750 þús. kr. til bæjar- og sveitarfélaganna í þessu skyni, en hins vegar er einnig gert ráð fyrir, að ríkið taki að láni fé, sem næmi 75% af kostnaðinum við þessar framkvæmdir, og lánaði það bæjar- og sveitarfélögunum. Þetta er að vísu í samræmi við það, sem við sósíalistar höfum flutt áður og ekki náð fram að ganga, en kringumstæðurnar eru nú allt aðrar og verri í þessum efnum en þær hafa áður verið, og hefur það verið viðurkennt jafnvel af stjórnarflokkunum, ekki síst fyrir síðustu kosningar. Einnig er að verða mjög alvarlegt atvinnuástand í landinu, þar sem upprennandi er og að vísu þegar byrjað mjög tilfinnanlegt atvinnuleysi, og væri því mjög eðlileg leið að bæta samtímis úr atvinnuleysinu og húsnæðisvandræðunum. Læt ég svo þetta nægja um þessar till.

Svo flyt ég hér einnig ásamt þrem öðrum þm., hv. þm. Mýr., þm. V-Ísf. og þm. N-Ísf., litla brtt. á þskj. 633, XVIII, um að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk. Eins og hv. þm. eflaust vita, horfa málin allt annan veg fyrir myndhöggvara en aðra listamenn. Það hefur verið svo undanfarið, að allflestir rithöfundar hafa getað selt bækur sínar og haft af andvirði þeirra a. m. k. nóg fyrir sig og sína. Fyrir málara hefur aðstaðan verið svipuð, þar sem þó nokkur markaður hefur undanfarin ár verið fyrir málverk. Hins vegar hefur öðru máli verið að gegna um myndhöggvara. Fyrir þeirra vöru hefur ekki verið eins mikill markaður. Þeir hafa og löngum verið studdir af hinu opinbera. Á miðöldum var það aðallega kirkjan, sem keypti listaverk þeirra og studdi þá þannig, en þar átti ríkið einnig sinn þátt. En nú á seinni tímum hefur það aðallega verið ríkið, sem haldið hefur þeim uppi, og í því sambandi minnist ég þess, er hæstv. menntmrh. sagði í ágætri ræðu við setningu listamannaþingsins um daginn, að það væri sjálfsögð regla, þegar opinberar byggingar væru reistar, að þá skyldi allt að ¼ byggingarkostnaðar varið til skreytingar með höggmyndum. Og það mikið er víst, að hvar sem maður kemur til annarra landa, verður manni starsýnt á hinar glæsilegu höggmyndir, sem skreyta þar hverja veglega byggingu. Nú höfum við hins vegar byggt allmikið á síðustu árum af stórhýsum undir ýmiss konar opinbera starfsemi, en í sambandi við slíkar byggingar hefur þess ekki verið gætt að prýða þær með veglegum höggmyndum, og hafa kannske verið nokkrar ástæður fyrir því. Hins vegar höfum við eignazt listamenn á sviði myndhöggvaralistarinnar jafnt og á sviði málaralistarinnar, sem fyllilega standa á sporði listamönnum á Norðurlöndum og þola samanburð við þá bæði á sviði hins forna og hins umdeilda nútímastíls. Sigurjón Ólafsson er einn í tölu þessara listamanna, og býst ég við, að allir hv. þm. þekki ýmislegt eftir hann, a. m. k. myndina „Móðirin", sem öll listasöfn á Norðurlöndum eiga nú. Hann hefur einnig gert ýmisleg fleiri listaverk, eins og myndina af Krabbe, sem sýna, að hann er fær um að skapa listaverk í hinum forna klassiska stíl, sem seint munu gleymast þeim, sem séð hefur. Einnig hefur Sigurjón skapað listaverk í nýtízku stíl, sem auðvitað eru umdeild eftir smekk manna. En eins og ég sagði áðan, þá hefur Sigurjón sýnt, að hann er fær um að skapa sönn listaverk, um það erum við allir vissulega sammála. Aðbúnaður þessa listamanns hefur verið þannig, eftir að hann kom heim að stríðinu loknu, að þau hjónin, en kona hans er líka listamaður, hafa búið í hermannabragga og hafa þar skapað sín listaverk. En

ég kann ekki við að öðru leyti að hafa mörg orð um persónuleg kjör þeirra. En á sama tíma sem við tölum með söknuði um kjör og allan aðbúnað listamanna okkar á 19. öld, þá býst ég ekki við, að við viljum eiga þátt í því, að aðbúnaður listamanna okkar á 20. öldinni sé svipaður. Alþingi hefur líka skilizt þetta, eins og það hefur sýnt með aðbúnaðinum að Einari Jónssyni myndhöggvara. En við megum ekki hætta á þeirri braut, sem við höfum þegar byrjað að ganga í þessu efni. Ég vona því, að hv. Alþingi samþ. þessa litlu brtt. um að veita Sigurjóni Ólafssyni 15 þús. kr. byggingarstyrk. Ég veit ekki heldur, hvort aðrir listamenn eiga frá fagurfræðilegu sjónarmiði og miðað við þann aðbúnað, sem hann hefur, meiri rétt á styrkveitingum frá Alþingi eða hafa meiri þörf fyrir styrk en hann.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar brtt. á þskj. 633, sem útbýtt var í fundarbyrjun. Í fyrsta lagi er það fyrsta till. á þskj. 633, sem er brtt. við brtt. fjvn. varðandi framlag til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Meiri hl. fjvn. hefur að vísu lagt til, að þetta framlag hækki um 50 þús. kr. frá því, sem er í frv., og er þá framlagið komið upp í 350 þús. kr. eftir till. meiri hl. fjvn., en ég hef leyft mér að leggja til, að það verði hækkað í 500 þús. kr. Ég geri nú ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé kunn þörfin á þessari sjúkrahúsbyggingu, enda hefur hún áður verið viðurkennd af Alþingi, í fyrsta lagi með lagasetningu um fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og síðan með fjárframlagi til þess. En vegna þess, hve þörfin er brýn fyrir sjúkrahúsið, þá tel ég þegar vera orðinn of mikinn drátt á byggingu þess og nauðsynlegt nú að leggja allt kapp á að ljúka byggingu þess og fullgera, svo að það geti tekið til starfa, a. m. k. er nauðsynlegt að leggja svo mikið fé til þess nú, að það þurfi ekki að dragast í mörg ár enn, að það geti tekið til starfa. Byggingu þess er nú það langt komið, að húsið sjálft er að mestu leyti tilbúið. Að vísu er enn eftir að ganga frá ýmsu innanhúss, t. d. gólfum, og enn er eftir að dúkleggja og mála þó nokkuð og dálítið fleira, en það má þó segja, að húsið sjálft sé tilbúið. Það er nú búið að verja tæpum 4 millj. kr., eða nánar 3.8 millj. kr., til byggingarinnar. Eins og kunnugt er, á ríkissjóður að greiða ¾ byggingarkostnaðar, en þó hefur ríkið ekki enn greitt nema um 1.7 millj. kr. til byggingarinnar, og það þýðir, að ríkið er nú þegar farið að skulda vegna byggingarinnar á milli 1.1 og 1.2 millj. kr., eftir því sem ég hef komizt næst, en þessar upplýsingar mínar hef ég eftir upplýsingum, sem framkvæmdastjóri byggingarinnar hefur gefið bæjarstjórninni á Akureyri. Nú er það svo, þótt byggingin sé komin svona langt, að þá er enn eftir mikill kostnaður, sem liggur að mestu leyti í hinum dýru tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að stofnunin geti tekið til starfa. Þessi tæki eru nú öll í pöntun, og er fjárþörf sjúkrahússins á þessu ári, m. a. til þess að leysa út þessi tæki, ekki áætluð minni en 1.3 millj. kr. Það liggur því í augum uppi, bæði vegna þess, hve ríkið er orðið á eftir með sínar greiðslur, og einnig vegna þess, hve fjárþörfin er mikil, að þá er alveg ófullnægjandi að veita ekki meira en 300 eða 350 þús. kr. til þessarar byggingar á yfirstandandi ári. Og ef ríkið sér sér ekki fært að hraða meira greiðslum sínum, jafnvel með lántöku ef ekki öðru, þá mundi það dragast um árabil, svo að ég segi ekki meira, að ljúka byggingu sjúkrahússins og búa það þeim tækjum, sem nauðsynleg eru til þess að það geti tekið til starfa. Vildi ég segja, að slíkt væri illa farið. Nú hef ég þó ekki séð mér fært að flytja till. um meira en 500 þús. kr. framlag á þessu ári, sem þó er alveg lágmark, en það mundi samt taka ríkissjóð, samkv. áður gefnum upplýsingum, 3—4 ár að ljúka að fullu sínum lögboðnu greiðslum til sjúkrahússins. Ég vildi þó vona, að þótt það dragist í ein fjögur ár enn, að ríkið lyki við að greiða allt sitt framlag, þá gæti Akureyrarbær útvegað það mikið fé til stofnunarinnar, að hún gæti tekið til starfa innan langs tíma, en ef fjárveitingin fer niður úr 500 þús. kr. nú, þá býst ég við, að það mundi tefja allar framkvæmdir mjög. Ég vil því leyfa mér að vona, að hv. þm. líti með sanngirni á þetta nauðsynjamál, svo að það þurfi ekki að dragast meira en orðið er að fullgera þessa byggingu, og vona ég einnig, að hv. þm. viðurkenni, að till. minni er mjög í hóf stillt, miðað við allar aðstæður, sem fyrir hendi eru. Ég vil einnig taka fram, að Akureyrarbær hefur getað útvegað og lagt fram svo mikið fé til byggingarinnar, að hlutföllin eru nú þannig á milli framlags ríkisins og bæjarins, að Akureyrarbær hefur greitt meira til þessarar byggingar en ríkið, þótt hann eftir lögunum eigi ekki að greiða nema ¼ af kostnaðinum á móti ¾ frá ríkinu.

Þá flyt ég einnig aðra till. á sama þskj. undir 2. lið, sem er um framlag til Öxnadalsheiðarvegar. Það hefur nú borið svo undarlega við, að eftir að árum saman hafa verið veittar allháar upphæðir, allt að ¾ millj. kr., til ýmissa hluta aðalleiðarinnar frá Reykjavík til Norðurlandsins, þ. á m. til Siglufjarðarskarðsvegar, vegarins til Ólafsfjarðar og svo til Öxnadalsheiðarvegar, og allir þessir vegahlutar fengið tiltölulega stórar upphæðir, þá á nú, eftir að þessum vegahlutum er lokið öllum nema Öxnadalsheiðarveginum, að draga verulega úr framlaginu til Öxnadalsheiðarvegarins, í stað þess að leggja alla áherzlu á að ljúka lagningu þessa vegar, en um hann er aðalleiðin til Norðurlandsins. Á síðustu fjárlögum var farið með þetta framlag niður í 400 þús. kr., og nú er ráðgert, að það verði aðeins 200 þús. kr. Þetta þýðir það, að enn á að draga að ljúka þessum vegi. Ef haldið verður áfram að minnka framlag til hans eftirleiðis, þá getur það dregizt enn í 2—3 ár að ljúka þessum hluta af aðalleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur, þeirri mjög svo fjölförnu leið. Ég tel þetta mjög misráðið; í fyrsta lagi vegna þess, að það getur ekki heitið nokkur sparnaður fyrir ríkissjóð að draga þessa framkvæmd á

langinn, og að hinu leytinu vegna þess, að það er mjög bagalegt hvað samgöngur snertir, að það skuli taka svo langan tíma að ljúka þessum vegarkafla. Það er ekki nema herzlumunurinn eftir til þess að ljúka þessum vegi. Ef farið hefði verið eftir till. vegamálastjóra undanfarin ár og þeim till. öðrum, sem um það hafa verið fluttar og rökstuddar með því, að frá öllum sjónarmiðum hefði verið happasælla að vinna þetta á skemmri tíma og geta svo snúið sér að öðrum vegum, — ef farið hefði verið eftir þessum till., þá hefði þessum vegi verið lokið nú, og þá væri ekki kallað frekar eftir fé til þeirrar framkvæmdar. Það felst þess vegna ekki í þessu sparnaður fyrir ríkissjóð, en það verður aðeins til óhagræðis, hvað snertir samgöngur og fyrir það fólk, sem á þessum leiðum þarf að fara, auk þess sem það hefur valdið póststjórninni, sem hefur séð um áætlunarferðir á þessari leið, ekki aðeins miklum erfiðleikum, heldur líka tilfinnanlegum kostnaði við að reyna að halda uppi vetrarferðum á þessari leið undanfarin ár, erfiðleikum, sem stafa af því, að vegurinn hefur ekki verið fullgerður. Ég vil þess vegna vonast til þess, að menn geti nú loksins komið auga á það, að það er þess vegna ekki aðeins nauðsynlegt, hvað samgöngur snertir á þessari leið, heldur er það beinlínis hagkvæmara fyrir ríkissjóð að draga ekki lengur að ljúka þessum vegarkafla, og þótt mér sé það ekki fyllilega kunnugt, þá tel ég líklegt, að með því framlagi, sem ég hér legg til, 500 þús. kr., megi komast langt með að ljúka veginum á þessu ári.

Þá á ég hér á sama þskj. brtt. undir tölulið IV. Sú till. stendur í sambandi við framlag til hafnarbótasjóðs. Í fjárlfrv. er að vísu ekki gert ráð fyrir nema 300 þús. kr. framlagi til hafnarbótasjóðs, þ. e. a. s. lágmarki þess, sem ákveðið er í l. um fast framlag til sjóðsins. En fjvn. hefur lagt til, að þessi liður yrði hækkaður upp í 1,5 millj. kr. Nú hef ég leyft mér að flytja hér till. um, að við þennan lið verði bætt athugasemd eins og á þskj. segir, þ. e. a. s., að fjárhæðinni skuli allri varið til þess að greiða hafnargerðum og lendingarbótum inneignir þeirra hjá ríkissjóði vegna unninna hafnarframkvæmda, í réttu hlutfalli við inneign hverrar hafnargerðar fyrir sig. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé nokkuð kunnugt um það, hvernig varið hefur verið fé hafnarbótasjóðs undanfarið, vegna þess að á síðasta þingi gerði ég fyrirspurn um það, og þáverandi samgmrh. gaf þinginu skýrslu um það, hvernig hafnarbótasjóði hefði verið varið fram að þeim tíma. Sú skýrsla bar það með sér, að fé hafnarbótasjóðs hefði að mjög verulegu leyti eða að meiri hluta verið varið til hafnargerða hér á Suðvesturlandi. Nú skal ég ekki neita því, að mikil þörf sé fyrir hafnir hér á Suðvesturlandi, og því fé hefur að sjálfsögðu ekki verið illa varið, sem til þeirra hefur verið veitt. En það má ekki líta fram hjá hinu, að víðar á landinu eru miklar þarfir fyrir hafnargerðir og gerðar hafa verið slíkar framkvæmdir, sem **kosta mikið fé, og ríkið hefur ekki síður skyldu** við þær hafnargerðir en þær nauðsynlegu hafnargerðir, sem framkvæmdar hafa verið hér á Suðvesturlandi. Það, að ríkið hefur ekki haft fjárráð til þess að veita eins og þurft hefur til hafnargerða á landinu yfirleitt, hefur svo leitt til þess, að ýmsar hafnargerðir eru farnar að eiga svo að segja stórfé inni hjá ríkissjóði. Þar á meðal er höfnin á Akureyri og það svo, að samkvæmt skýrslu, sem hv. fjvn. hefur fengið um þetta og ég hef fengið að sjá, á Akureyrarhöfn nú orðið inni hjá ríkinu vegna hafnarframkvæmda meira fé en nokkur önnur höfn á landinu, eða kr. 741478,95. Ég geri líka ráð fyrir, að hv. alþm. reki minni til þess, að við afgreiðslu fjárl. hér á síðasta þingi urðu nokkrar deilur um framlag til hafnargerðar á Akureyri. Ég taldi, að Akureyrarhöfn hefði þá orðið mjög afskipt í framlögum til hafnargerða, og taldi mig færa fyrir því óyggjandi töluleg rök, sem ekki var mótmælt hér. En hv. frsm. fjvn. færði þær ástæður fram fyrir því við umr. þá, að ekki væri hægt að leggja meira fé til hennar en fjvn. þá hafði ákveðið, að ekki væri hægt að hækka heildarfjárhæðina og ekki hægt að taka frá öðrum höfnum það, sem þeim hefði verið áætlað. Hv. frsm. fjvn. benti á það, að hægt væri að rétta hlut Akureyrarhafnar nokkuð með því að veita henni til viðbótar verulega upphæð úr hafnarbótasjóði. Ég leitaði þá eftir því, undir umr. um þetta mál, við hæstv. samgmrh., hvort hann vildi gefa um það fyrirheit að rétta hlut Akureyrarhafnar með þessu. Um það vildi hann ekki gefa neitt loforð, og niðurstaðan varð líka sú, að þrátt fyrir það, hversu Akureyrarhöfn varð afskipt við setningu fjárl. á síðasta þingi, þá fékk hún ekki neitt framlag úr hafnarbótasjóði á s. l. ári. Þetta allt hefur leitt til þess, að hún er farin að eiga inni hjá ríkissjóði stórfé og meira fé en nokkur önnur höfn á landinu. Nú hefur hv. fjvn. að vísu við skipti sín á fé til hafnargerða sett Akureyrarhöfn í hæsta flokk með 280 þús. kr., sem ætlað er tiltölulega fáum höfnum á landinu í fjárl. þessa árs. En þó að svo sé, þá leiðir þetta ástand, sem ég var áðan að lýsa, til þess, að hafnargerðin á Akureyri verður í miklum vanda með að útvega það fé, sem hún þarf til nauðsynlegra framkvæmda á yfirstandandi ári, og þetta framlag ríkissjóðs, 280 þús. kr., verður þess vegna alveg ófullnægjandi. Nú hef ég samt ekki séð neina möguleika á því, að Akureyrarhöfn sé tekin alveg út úr, hvað það snertir, og veittur nú hærri styrkur en nokkurri annarri höfn. Ég geri ekki ráð fyrir, að það fengist samþ., og hef þess vegna ekki flutt till. um það, en ég tel hins vegar alveg sjálfsagt, að það fé, sem hafnarbótasjóði er ætlað til umráða á þessu ári, sé fyrst og fremst notað til þess, enda eru ákvæði um það í l. um hafnarbótasjóð — að greiða þeim höfnum, sem mest eiga inni hjá ríkissjóði vegna unninna hafnarframkvæmda, að minnsta kosti að greiða í hlutfalli við inneign þeirra það fé, sem þarna er fyrir hendi. Till. mín er þess vegna um það, að setja við þennan lið þá athugasemd, sem ég nefndi áðan, sem mælir fyrir um það, að þessar hafnir skuli fá úr hafnarbótasjóði það fé, sem ætl-

azt er til að verði handbært, í réttu hlutfalli við það, sem þær eiga inni hjá ríkissjóði. Ég held, að ekki sé hægt að neita því, að þetta sé mjög sanngjarnt, og þegar svo er, að ríkissjóður er mjög á eftir með sín lögboðnu framlög til hafnargerðanna, þá hygg ég, að þetta sé það minnsta, sem hægt er að krefjast í þessum efnum.

Þá á ég hér einnig brtt. á sama þskj., undir rómverskir XIII, sem einnig er brtt. við till. fjvn. um framlag til Sambands íslenzkra berklasjúklinga, þ. e. a. s. byggingarstyrkur vegna byggingarframkvæmda í Reykjalundi. Það hefur nú verið svo undanfarin ár, að Alþ. hefur viðurkennt það lofsverða framtak, sem átt hefur sér stað hjá berklasjúklingum, og hefur leitazt við að létta þeim nokkuð það mikla átak, sem þeir hafa gert til þess að koma upp þeim myndarlegu byggingum, sem reistar hafa verið í Reykjalundi, og með öðru því merkilega starfi, sem þar hefur verið framkvæmt. Og á fjárl. undanfarinna ára, tveggja eða þriggja, hafa verið veittar 400 þús. kr. í þessu skyni. Nú held ég, að ég muni það rétt, að á fjárlfrv. því, sem nú liggur fyrir, hafi þessi upphæð verið færð niður í 200 þús. kr. En fjvn. hefur þó viljað gera á því nokkra leiðréttingu og lagt til, að veittar yrðu 300 þús. kr. í þessu skyni. Ég leyfi mér að leggja það til, að haldið verði sömu upphæð og veitt hefur verið undanfarin ár í þessu skyni, og legg því til, að þessi upphæð verði 400 þús. kr. Ég verð að vænta þess, að sá skilningur, sem ríkt hefur á þessum málum á undanförnum þingum, sé enn fyrir hendi og að þrátt fyrir það þótt menn tali meira um fjárþröng ríkisins en áður, þá meti þeir svo mikils þörfina fyrir starfsemina í Reykjalundi, að þeir sjái sér fært að halda við þeirri sömu fjárveitingu sem undanfarin ár hefur verið veitt í þessu skyni og fallist á þá till., sem ég flyt um þetta efni. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta atriði fleiri orðum. Þetta er ekki aðeins hv. alþm., heldur allri alþjóð kunnugt og hefur til þessa verið mikils metið, og ég vil sem sagt vænta þess, að svo verði einnig áfram.

Þá flyt ég loks till., tölul. XVI á þskj. 633, varðandi framlag til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana. Í frv. er gert ráð fyrir 1 millj. kr. til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana, og er það að vísu ekkert sundurliðað fremur en venja er á fjárl. undanfarandi ára, og mér er að vísu ekki kunnugt um, hvernig ríkisstj. og heilbrmrh. hugsa sér að verja þessu fé, en samkv. reynslu undanfarandi ára virðist mér ástæða til að ætla, að kannske sé ekki hugsað neitt sérstaklega í þessu sambandi fyrir fjárframlögum til byggingar hjúkrunarkvennaskóla, sem þó hafa verið sett l. um að reisa skuli. Ég vil þess vegna leyfa mér að flytja brtt. við þetta, að í staðinn fyrir 1 millj. kr. komi 2 millj., og ég hef gert þá aths. við þennan lið, að af þessu verði 1 millj. varið til byggingar hjúkrunarkvennaskóla. Það urðu nokkrar umr. um þetta mál fyrr í vetur hér á Alþ. í sambandi við þáltill., sem ég flutti um viðbótarhúsnæði fyrir hjúkrunarkvennaskóla, og ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé kunnugt um það, að húsnæðisleysi hjúkrunarkvennaskólans veldur því, að ekki er hægt að veita menntun þeim fjölda hjúkrunarkvenna, sem nauðsynlegt er að hafa hér, til þess að hægt sé að starfrækja eins og vera ber, í fyrsta lagi sjúkrahúsin, sem nú þegar eru starfandi í landinu, og til viðbótar þau sjúkrahús og þær heilbrigðisstofnanir, sem verið er að reisa og ákveðið er að reisa alveg nú á næstunni. Það er þess vegna alveg óhjákvæmileg nauðsyn og mjög aðkallandi í okkar heilbrigðismálum að skapa skilyrði til þess, að hægt sé að mennta fleiri hjúkrunarkonur en nú eru skilyrði til að mennta. En í því efni er það grundvallaratriði, að reistur sé nýr hjúkrunarkvennaskóli. Í því húsnæði, sem hann hefur nú til umráða, er ekki með neinu móti hægt að sinna þeirri nauðsyn, sem fyrir hendi er í þessum efnum. Ég álít þess vegna alveg óhjákvæmilegt, að ríkið fari að veita fjárframlag sérstaklega í þessu skyni, og ég vil vænta þess, að hv. þm. skilji þá þörf, sem þarna er fyrir hendi, og sýni þann skilning í verki með því að styðja þessa till., sem ég hér hef flutt, eða þá a. m. k. með því, ef þeir vilja ekki fallast á að veita þessa upphæð, að ákveða einhverja upphæð sérstaklega til byggingar hjúkrunarkvennaskóla. — Ég skal þá ekki fjölyrða frekar um þessar till. og ekki ræða fjárl. í heild, en vænti þess, að þessum till. mínum verði tekið með sanngirni, því að ég þykist hafa alveg fullgild rök fyrir því, að þær byggist allar á fullkominni nauðsyn og um leið á fullkominni sanngirni í garð ríkissjóðs.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar með örfáum orðum að mæla fyrir brtt., sem ég er 1. flm. að og flyt ásamt þremur öðrum hv. þm. Ég afhenti skrifstofunni till. fyrir kl. 8 í gærkvöld, en henni hefur því miður ekki verið útbýtt enn. Þetta er brtt. við brtt. XVIII á þskj. 633. Till. er um það, að bæta Snorra Arinbjarnar listmálara við á brtt., þ. e. a. s. að heimila ríkisstj. að greiða Sigurjóni Ólafssyni og Snorra Arinbjarnar 15 þús. kr. í byggingarstyrk hvorum. Snorri Arinbjarnar er í hópi viðurkenndustu listamanna þjóðarinnar. Eftir hann liggur mikið verk, og hann hefur hlotið viðurkenningu, bæði hér og erlendis. Ég hygg því, að óhætt sé að segja, að hann sé mjög vel að því kominn að fá byggingarstyrk, eins og margir aðrir stéttarbræður hans hafa fengið. Vona ég, að hv. Alþ. sjái sér fært að styðja till. um það, að þeir báðir, Sigurjón og Snorri, fái þennan litla byggingarstyrk, 15 þús. kr.

Mig langar og til að minnast á brtt., sem ég er meðflm. að ásamt þremur öðrum þm. Það er VIII. brtt. á þskj. 633, sem er um það að veita Hallgrími Helgasyni tónskáldi 12500 kr. styrk til að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa út. Hallgrímur Helgason hefur haft þessa fjárhæð á fjárl. allmörg undanfarin ár, og það er óhætt að fullyrða, að því fé er ekki á glæ kastað. Eftir þetta unga tónskáld liggur þegar geysimikið verk. Það er hægt að telja hann

meðal hinna starfsömustu og jafnframt menntuðustu og hæfileikamestu tónskálda, sem þjóðin nú á, og hann hefur þegar unnið geysimikið starf á sviði tónbókmennta, og ekki hvað síst á því sviði, sem hann hefur hér undanfarið verið styrktur til að rækja, að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa út. Einmitt nú nýlega hefur bætzt við frá hans hendi merkilegt verk á þessu sviði. Ég vil þess vegna leyfa mér að treysta því, að hv. Alþ. sjái sér fært að halda áfram að styrkja þessa merkilegu og nauðsynlegu starfsemi.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem hv. 4. landsk. þm. sagði hér, að það er brýn nauðsyn að fá sem hæsta fjárveitingu til að fullgera fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, og sérstaklega með hliðsjón af því, að það vantar aðeins herzlumuninn, til þess að hægt sé að taka húsið í notkun. Ég vildi í þessu sambandi leyfa mér að minna á það atriði, að þetta er ekki einungis hagsmunamál fyrir Akureyringa, að fjórðungssjúkrahúsið sé klárað, heldur einnig fyrir svo að segja allt Norðurland. Þegar búið er að ganga frá húsinu, munu sækja þangað sjúklingar úr öllum nærliggjandi sýslum. Til fróðleiks og til að sýna, hvað þörfin er brýn að ljúka við sjúkrahúsið, vil ég geta þess, að sjúkrasamlag Akureyrar hefur greitt á árinu 1949 fyrir 1876 legudaga í Reykjavík. Akureyrarbær hefur sem sé þurft að senda mikinn fjölda af sjúklingum í bænum hingað til Reykjavíkur, til þess að þeir gætu fengið sómasamlega læknishjálp. Samkvæmt l. frá 1945 um fjórðungssjúkrahús ber ríkinu að greiða ⅝ byggingarkostnaðar þeirra. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, mun allur byggingarkostnaður við fjórðungssjúkrahúsið nema 3800000,00 kr. Þar af hefur ríkissjóður þegar greitt 1610000,00 kr. Mér skilst því, að ríkið muni nú þegar skulda af framlagi sínu til sjúkrahússins um 670 þús. kr. Við afgreiðslu fjvn. á fjárlfrv. kom ég með þá brtt., að fjárveitingin yrði hækkuð upp í 350 þús. kr., en á fjárlfrv. var gert ráð fyrir 300 þús. kr. til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég taldi mér ekki fært að fara fram á frekari hækkun, með hliðsjón af því, hve miklu er varið til heilbrigðismála í landinu. Jafnframt lágu fyrir beiðnir frá Blönduósi og Sauðárkróki um, að Alþ. veitti verulegt fé til byggingar sjúkrahúsa á þessum stöðum, og þess vegna fannst mér ekki fært að fara fram á frekari fjárveitingu en að ríkið greiddi 350 þús. kr. á þessu ári til fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hefði helzt viljað komast hjá því að flytja nokkrar verulegar brtt. til hækkunar við frv. eða í tilefni af því. En mér finnst ég tæplega geta setið hjá út af einu atriði, sem hv. fjvn. hefur, að mínum dómi, ekki tekið réttilega á. Ég á þar við það framlag, sem er á 20. gr. og er ætlað til flugvallargerða og viðgerða á flugvöllum. Þá upphæð hefur n. skorið svo mikið niður frá því, sem í frv. stóð, að ég held, að það geti á engan hátt talizt forsvaranlegt. Og það, að ég hefst hér upp úr eins manns hljóði með svona grófa hækkun frá till. fjvn., er aðallega vegna þess, að ég tók á móti á sínum tíma áætlun flugráðs og ákvað þá að setja inn í frv. þá upphæð, 2½ millj. kr., sem þar er, en nú er lagt til að verði lækkuð niður í 1 millj. kr. Nú er ekki þann veg að skilja, að fjmrn. hafi á sínum tíma, þegar fjárlfrv. var undirbúið, tekið óathugað við till. flugráðs, heldur þvert á móti, því að þar voru samtals kr. 3650000, og skal ég þó ekki segja, að niðurskurður sá, sem átti sér stað í fjmrn., hafi verið að því leyti til réttmætur, að hér hafi verið um óskir frá flugráði að ræða, sem ekki gátu réttlætzt, heldur var niðurskurðurinn vegna þess, að fjmrn. í þann tíð treystist ekki til þess að gera að sínum till., að lengra væri gengið í fjárl. en að áætla 2½ millj. kr. Þessar till. eða kostnaðaráætlun flugráðs, eins og hún var lögð fram á s. l. hausti, nemur, eins og ég tók fram, kr. 3650000. Þegar ég tala um flugráð í þessu sambandi, þá á ég við báðar yfirstjórnirnar yfir flugmálunum. Þessi áætlun flugráðs er þannig:

Ný flugstöðvarbygging á Reykjavíkurflugvelli	750000 kr.
Brautarlýsing Reykjavíkurflugvallar, lokagr.	175000 —
Girðing um Reykjavíkurflugvöll ..	250000 —
Stefnuviti á Suðurnesjum	175000 —
Stefnuviti á Austurlandi	125000 —
Akureyrarflugvöllur (nýr flugv.)	1000000 —
Egilsstaðaflugvöllur (nýr flugv.) ..	500000 —
Fagurhólsmýri	100000 —
Vestmannaeyjaflugvöllur	250000 —
Skagafjarðarflugvöllur	100000 —
Blönduósflugvöllur, lokagr.	75000 —
Flugvöllur við Hólmavík (endurb.)	50000 —
Hornafjörður (endurbætur)	100000 —
Samtals	3650000 kr.

Svona lagði flugráð fram sínar hugmyndir fyrir rn. á sínum tíma, og var mér þá þegar ljóst, að ýmislegt af því, sem þarna var nefnt, hlaut að verða að bíða, þ. á m. ný flugstöð á Reykjavíkurflugvelli, og jafnvel girðing um völlinn, sem samtals nemur 1 millj. kr. En stefnuvitarnir eru ákaflega mikið nauðsynjamál fyrir flugmálin, og eins er ekki hægt með neinni sanngirni að benda á, að annað liggi fyrir en brýn nauðsyn að því er snertir alla þá flugvelli, sem taldir eru upp, þar sem ýmist er um lokagreiðslur að ræða, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, eða þá byrjunargreiðslur eins og t. d. stóð til á Akureyri. Niðurstaðan varð sú, að þessi upphæð var, eins og áður segir, sett kr. 2500000, en nú er ætlazt til, að hún fari niður í 1 millj. kr., og það þykir mér svo langt gengið, að ég treysti mér ekki til að gera annað en að leggja til svo mikla hækkun sem greinir á þskj. 633. Ég legg til, að sú upphæð verði 2 millj. kr. í stað 1 millj. kr.

Mér finnst líka, að það skjóti ákaflega mikið skökku við, að því er snertir framlög til annarra samgöngumála, þar sem eru t. d. framlög til veganna, sem fjmrn. á sínum tíma

lagði til að yrðu 7 millj. kr., það er engan veginn skert, heldur aukið um 300 þús. kr. að mér skilst. Til samgangna á sjó er nú lagt til að verja miklu meira en fjárlfrv. gerði ráð fyrir. Þegar þess er gætt, að í hvoru tveggja tilfellinu, til nýrra vega og til viðhalds og til samgangna á sjó, er ætlazt til að verja hærri fjárhæðum en gert var ráð fyrir í haust, þá verð ég að segja, að misræmið í till. n., að mínum dómi, er allt of mikið þegar tillag til nýrra flugvalla og viðhalds á þeim flugvöllum, sem fyrir eru, er lækkað úr 2½ millj. niður í 1 millj. kr. Flugsamgöngurnar hafa vaxið hröðum skrefum hér á landi, og þar eru orðnar það mikilvægur þáttur í samgöngukerfi landsins, að á hverju sviði fyrir sig verður hið opinbera að gera sitt ýtrasta til að þær geti dafnað og þar skapast sem mest öryggi. En slíkt öryggi er því aðeins fyrir hendi, að á þeim stöðum, sem flogið er til, séu skilyrði til löndunar og til uppflugs viðunandi. En það hefur skort mikið á það víða hér á landi, að þessi skilyrði væru fyrir hendi, sem von er, því að þetta er allt í byrjun og erfitt að koma því í lag, svo að gott megi heita, nema á löngum tíma. Þó hefur Alþ. fram að þessu sýnt fullan skilning, að því er mér virðist eftir megni, á þörf flugsamgangnanna, að því leyti sem það snertir að byggja flugvelli og lagfæra þá og halda þeim við. En hér yrði með þessari brtt. fjvn., verði hún samþ., stigið stórkostlegt spor aftur á bak, sem mundi hafa örlagaríkar afleiðingar, ekki einasta fyrir þróun flugsamgangnanna í landinu, heldur gæti slíkt haft óheppilegar eða jafnvel örlagaríkar afleiðingar á sjálft flugið, þannig að vellir, sem ekki er haldið við, geti orðið að tjóni fyrir þá, sem þá þurfa að nota.

Mér þótti það ótrúleg tala, þegar ég fór að spyrja eftir því, hvað margir farþegar væru fluttir hér í íslenzku flugvélunum, þegar ég fékk þær upplýsingar frá réttum aðilum, að á árinu 1949 hefðu um Reykjavíkurflugvöll — í innanlands- og utanlandsflugi — farið og komið 47681 maður, þ. e. a. s. sumir þessara manna hafa komið mörgum sinnum eða farið mörgum sinnum, en þetta margir menn hafa flogið að eða frá. Þetta sýnir náttúrlega, hversu þessar samgöngur eru geipilega mikið notaðar og samgöngutækin geysilega mikið notuð. Ég gæti trúað því, að svo færi fyrir fleirum en mér, þegar þeir sjá þessar tölur, að þeim þætti þetta nærri því ótrúlega mikið. Svo hefur í seinni tíð þróunin gengið í þá átt, og verður án efa meira í framtíðinni, að flytja vörur með flugvélum. Flutningur er talinn yfir 300 þús. kg á árinu 1949, og póstflutningur er talinn yfir 140 þús. kg á sama tímabili. Ég hef talað hér um meðferð eða afskipti fjvn. af þessum málum og beint gagnrýni að liðum í sambandi við hana. Að vísu er það vitanlegt, að fjvn. fer eftir óskum og vilja ríkisstj. í þessu sem öðrum stórum atriðum, er snerta fjárl., og ég verð að segja, að mér þykir furðulegt, að flugmálaráðh. skuli láta sér þetta lynda, að til þessara hafnarbóta loftfaranna sé ætlað 1 króna á móti hverjum kr. 2.50, sem því þó var ætlað í rn., eftir að búið var að skera niður til stórra muna till. flugráðs. Ég tel enga þörf á því að rökstyðja þetta frekar eða með fleiri orðum. Ef flugmrh. hefði verið hér viðstaddur, þá hefði ég ef til vill haft þetta mál lengra, en ég vildi vona, að endanleg afgreiðsla á þessum lið yrði ekki þann veg, sem nú liggur fyrir í till., heldur réði meira sanngirni í garð flugsamgangnanna en þar liggur fyrir. — Ég vildi samt að endingu drepa á eitt atriði varðandi flugsamgöngurnar, sem samkvæmt þeim till., sem hér liggja fyrir, er ákaflega áberandi, og það er hvað snertir flugsamgöngur við mitt eigið kjördæmi. Það er komið svo, að farþegaflutningur til Vestmannaeyja fer mikið fram með flugvélum, svo fremi að þær ekki fari fram með mótorbátum, því að ferðum Ríkisskips hagar þannig, að þær verða til lítils gagns fyrir Vestmannaeyjar, hvað mörg farþegaskip sem Ríkisskip hefur til ferða, og má vísa til þess, að slysavarnadeildin Eykyndill hefur, bæði sérstaklega og eins á nýafstöðnu slysavarnaþingi óskað eftir breytingu á því ófremdarástandi, sem Eyjarnar búa við af hálfu Ríkisskips. Fólkið verður því yfir höfuð að ferðast með flugvélum, nema þegar þoka bannar eða stormur. Nú var flugvöllur byggður þar, og var gengið mjög rösklega að því verki af Erling Ellingsen, sem á sínum tíma hafði upphaflega forgöngu í því. En flugvöllurinn er bara ein braut, ein stefna hér um bil frá austri til vesturs milli fjalla, og kastvindar frá þessum fjöllum geta verið hættulegir, og var því í það ráðizt á s. l. ári og árinu þar áður að sprengja niður fjallsöxl, svokallað Snæfell, til þess að gera aðflugið austan frá hættuminna. Þessu verki miðaði ákaflega vel áfram undir stjórn þeirra manna, sem hafa haft þessar framkvæmdir með höndum. Það er erfitt verk að sprengja niður fjallsöxl, en þeir hafa notað sprengiduflaskot, og þau hafa verið notuð með góðum árangri til þessa verks. Nú er þessu verki svo langt komið, að ef unnið yrði í sumar það, sem stóð til að vinna, sem mundi kosta 250 þús. kr., þá væri að miklu leyti numin burt sú sérstaka hætta, sem flugvélum stafar frá Snæfellinu. Ég vil geta þess, að búið er að afla þessara sprengidufla, sem á að nota í þessu skyni, en mér er sagt, að ef fjárveitingin verður miðuð við það, sem nú liggur fyrir í till. fjvn., þá sé ekki fært að ráðast í neinar framkvæmdir á þessum stað á þessu sumri, og ég tel það mjög illa farið, því að það á að vera til öryggis því fólki, sem annaðhvort kemur eða fer þá leið. Einnig þetta knýr mig til þess að fara fram á breyt. á þessu fjárframlagi, og ég sem sagt mælist til þess við hv. n. og hæstv. ríkisstj., að þessi sérstaka fjárveiting verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar, áður en endanlega verður gengið frá fjárlfrv., því að verði það gert, þá efast ég ekki um, að hæstv. ríkisstj. muni vilja gera hér á einhverjar úrbætur, því að það liggja svo sterk rök til þess að hafa þessa fjárhæð eitthvað hærri en nú er lagt til. En ég er hræddur um, að ekki hafi verið haft neitt samráð við flugráð þegar ákveðið var að leggja til þessa lækkun. Ég vildi því mælast til þess, að samráð væri haft við

flugráð og þá menn aðra, sem gleggst finna til þarfarinnar, að því er bætt lendingarskilyrði fyrir flugvélar snertir bæði á einum og öðrum stað á landi hér, og þannig eflt öryggi þessara samgangna, og sé það gert, þá vona ég, að niðurstaðan verði sú, að hæstv. ríkisstj. ákveði að láta hér verða einhverja úrbót á.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég á brtt. á þskj. 633 ásamt hv. 2. þm. S-M., sem fer í þá átt að hækka áætlað framlag til íþróttasjóðs úr 500 þús. kr. í 700 þús. kr. Ég veit, að þessi till. á fylgi hjá mörgum þm., og þyrfti ég því ekki að mæla mörg orð fyrir henni, en hins vegar veit ég einnig, að það eru sumir, sem segja sem svo, að vegna hinna almennu fjárhagsvandræða nú verði að sitja við það, sem þegar eru gerðar till. um, að íþróttasjóður fái ekki nema 500 þús. kr. á þessu ári. Ef hv. alþm. hugleiða þetta, þá er ég sannfærður um, að þeir komast að þeirri niðurstöðu, að slíkt eru hvatvíslegar ástæður fyrir afstöðu til þessa máls, og sannleikurinn er sá, að þeir tímar, sem æska landsins ver á íþróttaleikvöngum, bera ríkulegan ávöxt í lífi einstaklinganna með þeim afleiðingum að gefa þjóðfélaginu glaða og hrausta borgara, og hvaða þm. vildi ekki leggja lið til þess að svo mætti verða, að hér vaxi upp stæltari og hraustari æska en áður og þegar líður á lífdagana einnig mun betri og lífsglaðari borgarar? Þetta veit ég að hv. þm. viðurkenna og ekki síst nm. fjvn., og þeim hefur verið þetta ljóst, þó að þeir hafi ekki gert till. um hækkun, enda þótt því hafi verið hreyft, og stendur það líklega í sambandi við það, að menn hafa ekki séð fram úr því, að það mætti hækka fremur eitt en annað. En ég vil vekja athygli á því, að frá íþróttan. liggur fyrir skýrsla, sem fjvn. fékk til meðferðar, þar sem hún gerir ráð fyrir, að þörfin til íþróttaframkvæmda í landinu á þessu ári verði 1857000 kr., *og gerir till. til* vara um 970 þús. kr. Þó að till. okkar væri samþ., þá er ekki gert meira en fara bil beggja frá því, sem nú er í till. fjvn., og því lágmarki, sem fyrir liggur frá íþróttan.

Ég held, að það þurfi ekki að ræða frekar rökin fyrir því, að það væri sjálfsagt og rétt að gera þetta, ef ríkissjóður hefur möguleika til þess. Spurningin er þá, hvort þetta, miðað við aðrar fjárveitingar, mætti hækka, og þá vil ég biðja hv. þm. og ekki síst fjvnm. að veita einu atriði athygli í sambandi við íþróttaleikvangana í landinu, að eins og nú horfir, þá er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að yfirvofandi er hætta á stöðvun ýmissa atvinnugreina vegna skorts á efnivörum. Það er t. d. þannig í dag, að *það vofir yfir mikil hætta á* því, að stöðva þurfi ýmsar framkvæmdir bæjarfélags Reykjavíkur vegna slíks efnisskorts, það er ekki til efni í götugerð og holræsagerð, og pípugerð bæjarins er lokuð af þessum ástæðum. Rafmagnsstjóri var á fundi bæjarráðs í morgun og gerði ráð fyrir því, að vegna skorts á efni til lagna hér í bænum til viðhalds væri hætta á því, að þar þyrfti að koma til stöðvunar, ef ekki verður úr bætt. Þegar þetta er haft í huga, þá er ómögulegt að komast hjá því að hugsa sérstaklega um þær framkvæmdir í landinu, sem taka til sín töluvert vinnuafl, en lítinn gjaldeyri þarf til, svo sem t. d. íþróttavellina. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. form. fjvn. á því, að að vísu er það svo, að til sumra framkvæmda, sem íþróttan. áætlar, svo sem sundlaugabygginga, þarf sement og annað erlent efni, en þegar skorið er niður til íþróttaframkvæmda, þá mætti haga þessum framkvæmdum þannig, að unnið væri að þeim mannvirkjum, sem ekki þarf erlendan gjaldeyri til. Ég vona, að þetta atriði verði tekið til athugunar og hv. fjvn. vilji líta með skilningi á þessa till. á síðara stigi málsins út frá þessum forsendum sérstaklega. Á það er einnig að líta, að hv. fjvn. sýnist með sínum tillögum hafa opin augun fyrir þeim óskum, sem fram hafa komið frá íþróttamönnum, bæði með því að veita frjálsíþróttasambandi Íslands vegna þátttöku í Evrópumeistaramóti 25 þús. kr. og til glímufélagsins Ármanns vegna fimleikafarar 10 þús. kr.

En um leið og þetta er athugað, þá berst hugur að því, hvort ekki er rétt að tryggja, að íþróttamenn hafi sem bezta aðstöðu til íþróttaiðkana í landinu, áður en þeir eru sendir á erlendan vettvang, þegar fyrir liggur sá skilningur hv. n. um nauðsyn þess, að íslenzkir íþróttamenn kynni land sitt á erlendum vettvangi. Ég vil vekja athygli á því, að um leið og það er viðurkennt, verður að meta þá miklu þörf á því, að okkar íþróttamenn eigi kost á þeim undirbúningi heima fyrir, að þeir geti orðið til sem mests sóma fyrir land sitt, þegar þeir koma á erlendan vettvang. Ég vona því, að á þessa till. verði litið með skilningi í meðferð hv. fjvn., sem kynni að fara fram á síðara stigi málsins.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vildi gera nokkra grein fyrir brtt., sem ég á á þskj. 633, og skal ég gera það í stuttu máli, því að till. eru skýrar og einfaldar. Fyrst er tillaga undir rómv. V um námsstyrki til Íslendinga erlendis. Samkv. upplýsingum fjárhagsráðs voru 504 Íslendingar við nám erlendis, og áætlaði ráðið fjárþörf þeirra 6.7 millj. kr. á árinu, en eftir gengislækkunina hefur þetta hækkað í 11.7 millj. kr., og mun enginn hópur manna hafa fengið svo snöggan skell af gengislækkuninni. Var á þetta minnzt, er gengislækkunarfrv. var til umr., og voru þá felldar till. til úrbóta fyrir námsfólk erlendis, en gefin vilyrði fyrir því að bæta þetta upp síðar. Nú mun það vera svo, að þessir 504 menn séu ekki allir í námi, sem ástæða er til að styrkja, og *má segja*, að fjárhagsráð hefur verið furðulega örlátt við að veita námsstyrki, sérstaklega í Bandaríkjunum og Sviss, þar sem námskostnaður er svo óheyrilega mikill, að hann kemst jafnvel upp í 40 þús. kr. á ári, og er stórundarlegt, að nokkrir námsmenn þoli slíkt. — Menn, sem eru í löngu og erfiðu námi, senda flestir umsóknir um styrk til menntamálaráðs. Fyrir þetta ár bárust umsóknir frá 250 mönnum, sem nær allir eru í námi, sem ástæða er

til að styrkja. Þessir menn fengu yfirfærðar 3.2 millj. kr. fyrir gengislækkunina, en verður eftir hana 5.6 millj. kr., svo að hækkunin nemur 2.4 millj. kr. Menntamálaráð athugaði þetta mál og lagði fyrst til að hækka styrki um 2.5 millj. kr., en það fékk ekki undirtektir, svo að menntamálaráð áætlaði annað lágmark. Þeim löndum, sem íslenzkir námsmenn helzt sækja, er skipt í þrjá aðalflokka. Í 1. flokki eru Noregur og Danmörk, þar sem ódýrast er að nema, í 2. flokki eru Svíþjóð, Bretland og Frakkland, þar sem námskostnaður er allmikill, og loks í 3. flokki eru svo Bandaríkin, Kanada og Sviss, þar sem námskostnaðurinn er gífurlegur. Gert er ráð fyrir, að námskostnaður í Noregi og Danmörku sé sami og hér, eftir að búið er að veita styrkinn, og eru till. ráðsins miðaðar við það, og niðurstöður þess eru þær, sem ég flyt sem brtt. á þskj. 633. Þessar till. hafa ekki hlotið náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjvn., en menntamálaráð er þó sá aðili, sem kunnugastur er högum og þörfum námsmanna, og þótti mér því rétt að láta álit þess koma fyrir Alþingi, og er raunar varla hægt að ganga fram hjá þessum algeru lágmarkskröfum þess.

Þá er IX. liður á þskj. 633 um það, að framlag til skálda og listamanna hækki um 80 þús. kr. Þetta framlag hefur staðið í stað, á sama tíma og fjárlögin hafa stórhækkað, og er eðlilegt, að þessi upphæð hækki með fjárlögunum og aukinni dýrtíð. Till. mín gengur þó ekki svo langt, en ég vildi stilla hér í hóf, ef frekar væri þá von um að afla till. fylgis. Þá legg ég til, að ákvæðunum um skiptingu framlagsins verði breytt. Ég hef á þessu þingi flutt um þetta sérstakt frv., og rakti ég þá sögu úthlutunarinnar, sem er næsta óskemmtileg, og skal ég ekki endurtaka það hér, en þar sem ég býst ekki við, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi, þá tek ég hér upp aðalefni þess sem athugasemd við þennan lið.

Þá er II. liður á sama þskj. um framlag til hafnarinnar í Hafnarfirði, en lagt er til í fjvn., að það verði 200 þús. kr., en nokkrir aðrir staðir eru með hærra framlag í þessu skyni. Það eru uppi miklar hafnarframkvæmdir í Hafnarfirði, og skuldar ríkissjóður Hafnarfjarðar hærri upphæð en lögð er til í till. fjvn., og ég fæ ekki séð, að Hafnarfjörður eigi ekki rétt á að vera eins hár og t. d. Akranes og fleiri staðir.

Að lokum eru svo þrjár litlar brtt. Undanfarið hefur það verið svo, að Alþingi hefur veitt ýmsum listamönnum byggingarstyrk. S. l. ár var sótt um styrk fyrir Svavar Guðnason, en sú till. var felld, en ég tek hana nú upp í þeirri von, að hún verði samþ. Ég veit, að verk hans eru mjög umdeild, en í hópi yngri abstraktmálara er hann í einna mestum metum á Norðurlöndum. Hann er sem sagt mjög kunnur og duglegur listamaður, og væri það sómi fyrir Alþingi að veita honum þennan styrk. — Þá er örlítið framlag til Félags íslenzkra myndlistarmanna til þess að standa straum af þátttöku í erlendum listsýningum. Þetta framlag var á fjárlögum áranna 1947 og 1948, en var af einhverjum ástæðum fellt niður s. l. ár, en félagið hefur undanfarið tekið þátt í sýningum og kostað það af eigin fé og er nú alveg komið í þrot fjárhagslega. — Loksins er till. um framlag til Hellisgerðis í Hafnarfirði. Þar hefur verið unnið mikið og gott starf, og ætti Alþingi að veita því viðurkenningu. Hafnarfjarðarbær leggur Hellisgerði 20 þús. kr., og væri skemmtilegt, að Alþingi gerðist ekki minna en hálfdrættingur við bæinn.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég er á þessu stigi ekki alls kostar vel undirbúinn að tala, þar sem ekki hefur verið útbýtt einni brtt. minni. Skal ég og ekki fara út í almennar umræður um fjárlögin, þótt ef til vill væri nokkur ástæða til þess. Ég get þó ekki stillt mig um að taka undir ummæli hv. form. fjvn. um það, hversu óheppilegt það er og algerlega á móti öllum reglum, að fjárlög skuli ekki vera afgreidd fyrr en langt er liðið á árið, sem þau eiga að gilda fyrir. Það hefur nú verið gerð allmikil breyting á efnahagsmálunum með gengislækkuninni, og má búast við, að það leiði til meiri stöðvunar á verðlagi, og væri þá tími nú til að reyna að ráða bót á þessu vandræðaástandi. Þetta hefur gengið svona ár eftir ár og má ekki oftar koma fyrir, og þyrfti að taka upp fast skipulag um það, hvenær Alþingi á að sitja, því að óþægilegt er fyrir þm., sérstaklega þá, sem úti á landi búa, að vita ekki fyrir víst um samkomudag þingsins. Ég vildi vona, að á næsta ári gæti Alþingi komið saman samkv. stjórnarskránni, eða þann 15. febr., og stæði þá hæfilegan tíma. — En hér er nú fjárlagafrv. og brtt. til 2. umr., og er venja að ræða aðallega brtt. við þessa umr. Við athugun á brtt. hv. fjvn. kemur í ljós, að ekki er um róttækar breytingar að ræða, sem þó mundi þörf. Skal þó hv. n. ekki ásökuð um það, því að ef koma á fram verulegum breytingum á fjármálastjórninni, þá verður frumkvæðið og undirbúningurinn að koma frá hæstv. ríkisstj. Þm. geta ekki gert breytingar á efnahagskerfinu á skömmum tíma.

Það, sem helzt mun umtalsefni, er skiptingin á fjárframlögum til verklegra framkvæmda milli hinna einstöku héraða, og get ég búizt við, að ýmsir þm. séu óánægðir með þá skiptingu, og mun svo jafnan vera, því að enginn gerir svo öllum líki. Ég geri þó ráð fyrir, að það fari ekki fram hjá hv. þm., að nú sem áður — sjálfsagt af tilviljun — er það svo, að þau kjördæmi, sem hafa fjvnm. fyrir þm. eða þá einstaka hæstv. ráðh., bera mest úr býtum. Ég geri ráð fyrir, að í þeim kjördæmum sé þörfin mest, en þetta er dálítið einkennileg tilviljun, að menn úr verst settu sýslunum veljist ævinlega í fjvn. eða þá ráðherrastöður. Ég verð að segja um vegaframlög, að það leikur ekki vafi á því, að mitt kjördæmi hefur orðið fyrir misrétti, að minnsta kosti er minnsta upphæð þangað veitt ásamt V.-Húnavatnssýslu. Þetta á kannske að byggjast á því, að Eyjafjarðarsýsla sé bezt veguð, en ekki hefur nú verið gengið úr skugga um það, að svo sé, og svarið getur nokkuð farið eftir því, sem miðað

er við. Ég hef heyrt, að hv. n. hafi miðað við vegi, sem teknir hafa verið í þjóðvegatölu. Fleira kemur hér til greina, og þá fyrst hin almenna vegaþörf, og hún fer ekki eftir einni saman lengd veganna, heldur verður að taka til greina atvinnuvegi héraðsbúa. Það er t. d. annað, þegar um er að ræða hérað eins og Eyjafjarðarsýslu, þar sem þarf að flytja mjólk frá svo að segja hverju býli daglega, heldur en ef um er að ræða sauðfjárræktarhéruð, og þá má benda á það, að í Eyjafirði og austanverðum Skagafirði hefur farið fram niðurskurður fjár s. l. haust, og í fyrra var að minnsta kosti talað um það, að bændur á þessu svæði þyrftu að komast í vegasamband, svo að þeir gætu komið mjólk á markaðinn, og einnig var rætt um einhverjar atvinnubætur. Þá er ekki úr vegi að líta á íbúatöluna og það, hve mikið kemur á hvern íbúa, því að það, sem héraðið greiðir af gjöldum í ríkissjóð, fer mikið eftir því, hve fjölmennt það er. Ég var nú að blaða í manntalinu frá 2. des. 1940. Einhverjar breytingar kunna að hafa orðið síðan, en það má gera ráð fyrir, að hlutfallið hafi ekki mjög raskazt. Ég blaðaði í þessu af því, að ég hafði ekkert nýrra. Í Eyjafjarðarsýslu eru íbúar taldir 5400, og þeir fá 170 þús. til vega. Vestur-Húnavatnssýsla, þar sem eru þrisvar sinnum færri íbúar, fær jafnmikið. Ég hygg, að svipað sé um aðra staði, að þeir fái þrefalt á við Eyjafjarðarsýslu. Rangárvallasýsla er ⅓ fámennari en Eyjafjarðarsýsla, en fær þrátt fyrir það ½ millj. kr. — eða upp undir ½ millj. Að vísu eru þar engar hafnir, og þess vegna ekkert fé veitt til hafnarbóta, en þó að tillit sé tekið til þess, eins og rétt er, er samanburður óhagstæður fyrir Eyjafjarðarsýslu. Barðastrandarsýsla, en þar er íbúafjöldi tæplega 3000, fær yfir ½ millj. kr. til vega og miklu meira framlag til hafna en Eyjafjarðarsýsla. Þetta eru almennar athugasemdir, sem ég geri. Mér þykir sem Eyjafjarðarsýsla njóti ekki sömu hlunninda og ýmis önnur héruð. Þm. Eyf. hafa þó, eins og flestir aðrir þm., er styðja stj., gengið inn á að sætta sig við þessa skiptingu, enda ekki að vænta brtt. frá okkur, ef ekki verður bætt við önnur héruð.

En það er eitt smáatriði, sem ég vildi minnast á, sem aldrei var talað um við okkur og ég spurði fjvnm. um, en fékk ekki upplýst. Það varðar svokallaða ræktunarvegi í eyjum. Ég tel mig ekki bundinn við þá skiptingu eða þann flokk, sem ég tilheyri. Mér þykir einkennilegt, hvernig skipt hefur verið. Flatey á Breiðafirði fær 10 þús. kr., en Hrísey 4 þús. kr. Í Flatey voru 276 íbúar árið 1940, en í Hrísey 377, svo að ekki er þetta miðað við íbúatölu. Ég hef ekki komið í Flatey, það kann svo að vera, að ræktunarland sé þar langt frá byggð, hitt er vitað, að í Hrísey verður ræktunarland ekki notað, nema lagður sé vegur að því. Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess, að Hrísey fær lægra framlag, og mér hefði fundizt réttmætt, að þessar tvær eyjar fylgdust að. Það mun því verða útbýtt brtt. frá okkur þm. Eyf. um að hækka framlagið til ræktunarvega í Hrísey. Er það eina brtt., sem við berum fram fyrir kjördæmið, og hún er borin fram vegna þess, að ekki var kostur að ræða málið við n., nema í bréfi, eða svokölluðum óskalista, þar sem farið var fram á 12 þús. kr. Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta.

En svo er lítil brtt. á þskj. 633, sem ekki kemur þessu máli við. Hún er við 15. gr. A. XVIII, og á þá leið, að þar verði bætt við nýjum lið: Til Þorfinns Kristjánssonar prentara í Kaupmannahöfn, til að greiða fyrir heimsóknum aldraðra Íslendinga í Danmörku heim til Íslands, kr. 1500. Í fjárl., og brtt. hv. n., er gert ráð fyrir allverulegum fjárhæðum til að greiða fyrir og styðja ýmsa starfsemi í Ameríku, og er ég ekki að hafa á móti því, að svo sé gert. Það er auðvitað mál, að þjóðarbrotið þar á sinn siðferðilega rétt á því, að við gleymum því ekki alveg. En mér finnst, að á hitt megi líka líta, að margir Íslendingar eru í Danmörku og hafa verið þar áratugum saman, og þó að margt sé vel um landa okkar í Vesturheimi, hafa þeir þó ekki komizt fram úr Hafnar-Íslendingum, ef litið er á söguna frá því fyrsta. Um Þorfinn Kristjánsson er það að segja, að hann fær ekki eyri af þessu sjálfur, heldur fer það til gamalla Íslendinga í Danmörku til þess að kosta heimsóknir þeirra til Íslands, og er það fordæmi, að Vestur-Íslendingum hefur verið veittur slíkur styrkur. Þorfinnur hóf þessa starfsemi fyrir tveimur árum og leitaði samskota í Höfn til þess að hrinda þessu í framkvæmd. Auk þess hefur hann unnið að því að fá menn hér heima til þess að styrkja þessa starfsemi, og hafa þeir Valtýr Stefánsson ritstjóri og Guðbrandur Magnússon forstjóri eitthvað beitt sér fyrir málinu. Ég veit, að Þorfinnur sendi heim s. l. ár gamlan Íslending, sem búinn var að dvelja 40 ár í Danmörku, og hafði hann mikla ánægju af að sjá föðurland sitt. Þetta er lítið fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, en það skiptir miklu fyrir þá, sem um er að ræða, og þess vegna vænti ég þess, að hv. þm. samþ. þessa brtt. mína. Þó er ég fús að taka hana aftur til 3. umr., ef fjvn. vildi taka hana til vinsamlegrar athugunar. Ég hygg, að fjvn. hafi haft þetta mál til athugunar. Ef það er ekki rétt, er ég fús að gefa frekari upplýsingar, og hef ég afrit af bréfi varðandi málið.

Ég vil loks geta þess um brtt. okkar þm. Eyf., að við erum fúsir að taka hana aftur til 3. umr. í þeirri von, að n. taki hana til athugunar og taki aftur til 3. umr. sína till.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki ræða hér mál kjördæmis míns, og hvorki vitna í höfðatölureglu né flatarmálsfræði til þess að sanna ágæti þeirrar till., er ég ber fram. Ég stend upp í tilefni af till. á þskj. 633, VIII, þar sem ég ásamt fleiri þm. hef lagt til að veita Hallgrími Helgasyni tónskáldi 12500 kr. styrk til að safna íslenzkum þjóðlögum og gefa þau út. Svipuð upphæð hefur verið á fjárl. undanfarið, en hefur ekki verið tekin með nú, svo að við höfum talið okkur tilknúna að bera fram till. um þetta.

Þessi maður er einn af efnilegustu og gáfuðustu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Allan

tímann síðan hann var í menntaskólanum hefur hann stundað þessa listgrein, en fór, er hann hafði lokið menntaskólaprófi, utan til háskólanáms. Hann hafði að mestu lokið háskólanámi, þegar heimsstyrjöldin skall á, en hefur síðan notað tímann til þess að vinna að hugðarefnum sínum: safna gömlum lögum og raddsetja þau, svo að þau mættu koma fyrir almenningssjónir. Hér fyrir framan mig liggur sönglagahefti með sex gömlum lögum, sem hann hefur gefið út. Hallgrímur Helgason er ekki hér á landi nú. Fyrir tveimur árum fór hann til Sviss til þess að ljúka þar framhaldsnámi. En hann hefur ekki verið áhugalaus um þessi mál, þó að hann hafi verið við nám erlendis. Þar hefur hann, samtímis náminu, unnið að útgáfu allra þessara sönglaga.

Allir, sem kynnt hafa sér starf Hallgríms Helgasonar, telja það merkilegt. Ég hef hér í höndum sex umsagnir merkra erlendra tónlistarfræðinga, sem kynnzt hafa honum sjálfir. Ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að lesa allar þessar umsagnir, en skal taka hér eitt dæmi: Prófessor Ole Mörk, sem er tónlistarfræðingur norska útvarpsins, segir:

„Mér virðast tónverk Hallgríms Helgasonar ákaflega athyglisverð. Hér er á ferðinni tónskáld, sem kann sitt verk og getur byggt listaverk úr hrynjandi og hljómum á þann hátt, að persónuleg sérkenni hans njóta sín. Ekki virðist mér hann líkjast neinu öðru norrænu tónskáldi." Hann segir enn fremur: „Ég mæli með honum við norska útvarpið sem ágætum fulltrúa íslenzkrar tónlistar og fer þess á leit, að fallizt verði á þá tillögu, sem ég hef gert um flutning á fleiri verkum frá hans hendi."

Þetta er skrifað til norska útvarpsins. Umsagnir, sem ganga í sömu átt, liggja fyrir frá svissneskum og þýzkum tónlistarmönnum, þeir ljúka allir lofsorði á verk hans. Ég veit, að þetta verk, sem Hallgrímur Helgason vinnur að, verður ekki í askana látið. En það hefur verið sagt, að maðurinn lifi ekki á einu saman brauði, og ég held, að við Íslendingar verðum að athuga það, að hróður okkar er aðallega á andlega sviðinu. Þess er vert að minnast, og okkur ber að styðja alla viðleitni af fremsta megni, sem orðið getur til þess að auka þann hróður.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess, að hv. alþm. láti Hallgrím Helgason njóta sama styrks og áður.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég flyt brtt. við fjárlfrv. — ég held henni hafi ekki verið útbýtt enn — um að hækka framlagið til hafnargerðar á Ísafirði úr 100 þús. kr. í 280 þús. kr. Ísafjarðarhöfn er ein af beztu höfnum landsins utan Reykjavíkur, þaðan hefur lengi verið rekinn sjávarútvegur og höfnin er ágætlega gerð af náttúrunnar hálfu. Þegar litið er á till. fjvn., sést, að Ísafjörður er neðarlega á blaði. Hefur n. lagt til, að aðeins 100 þús. kr. verði veittar til hafnarmannvirkja þar. Mér er tjáð, að ástæðan til þess, að upphæðin er svona lág, sé sú, að innstæða Ísafjarðar sé ekki nema 40 þús. kr. Að vísu mun þessi upphæð eiga að vera mun hærri, ekki vegna þess að fjvn. eða vitamálastjóri hafi farið rangt með, heldur vegna þess, að fullnægjandi reikningar munu ekki hafa verið fyrir hendi nægilega snemma.

Á Ísafirði er nú verið að vinna að allmiklum hafnarbótum. Rammað hefur verið niður járnþil, en það hefur ekki verið gengið frá því til fulls, þar sem eftir er að fylla á bak við það. Það er því hætta á því, að þilið leggist niður, ef ís ber að því. Ef ekki verður unnið fyrir meira fé en 100 þús. kr., eins og fjvn. leggur til, er ekki hægt að ljúka þessu verki. Það kann svo að vera, að Ísafjörður eigi ekki nema 40 þús. ógreiddar hjá ríkissjóði, en eins og ég hef skýrt frá er þetta mannvirki í hættu, ef ekki verður endanlega frá því gengið. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram brtt. mína í þeirri von, að hún verði tekin til greina af þeim ástæðum, sem ég hef greint frá. Það verður erfitt fyrir kaupstaðinn, ef þetta mannvirki eyðileggst, og auðvitað hefur það í för með sér tap fyrir ríkissjóð líka. Nú stendur svo á fyrir Ísfirðingum, að auk fimm hallærissumra fyrir síldveiðarnar hefur verið hallærisástand hvað þorskveiðarnar snertir í þrjú ár. Síðasta vertíðin var sú versta, sem ég man eftir s. l. 20 ár. Fjárhagur kaupstaðarins er því bágborinn, og ég held, að hann geti ekki af eigin rammleik verndað þetta mannvirki. Ég vænti því þess, að þetta verði tekið til velviljaðrar athugunar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að till. okkar hv. 1. landsk. á þskj. 633. Hún er borin fram í samræmi við samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja 17. marz s. l. Sú samþ. var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita ríflegan styrk til hafnarframkvæmda í Vestmannaeyjum á þessu ári og bendir í því sambandi sérstaklega á nauðsyn þess að dýpka innsiglingu hafnarinnar, þar eð dýpið er þar að verða minna en innar í höfninni sjálfri."

Dýpkun innsiglingarinnar í Vestmannaeyjahöfn er aðkallandi nauðsyn. Veldur því m. a., að nokkuð hefur grynnkað þarna síðan seinast var grafið, en þó fyrst og fremst hitt, að stærri skip, eins og hin nýju skip Eimskipafélagsins, eru farin að koma inn á höfnina til að taka útflutningsvörur. Hingað til hefur þetta gengið slysalaust. En það er ekki víst, að svo reynist framvegis, því að þarna er teflt á tæpasta vað. Kunnugir fullyrða, að málum þessum verði ekki komið í það horf, sem þolanlegt má kallast, nema styrkur á þessum fjárlögum til hafnarframkvæmdanna af opinberri hálfu nemi um 300 þús. kr. Þessar 280 þús. kr., sem farið er fram á til endurbóta á höfninni í þessari till., eru því aðeins lágmarksupphæð.

Hv. alþm. er vafalaust ljóst, að hér er um að ræða eina allra þýðingarmestu höfn landsins, og nauðsyn ber til, að skip af öllum stærðum eigi þar greiða leið um, án þess að þeim

sé stofnað í hættu. Leyfi ég mér því að vænta þess, að þeir veiti þessu máli stuðning.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Ég hef borið hér fram brtt. ásamt hv. 9. landsk. á þskj. 633, og er það 14. liður — um það, að styrkur til Kvenréttindafélags Íslands verði hækkaður úr 15 í 25 þús. kr. Kvenréttindafélag Íslands hefur nú starfað í rúmlega 40 ár og á merkilega sögu að baki. Fram til síðustu tveggja—þriggja ára hefur félagið að mestu miðað starf sitt við Reykjavík, án þess að um skipulagða starfsemi hafi verið að tala annars staðar á landinu; en frá því um 1946 hefur starfið náð meira út til ýmissa kvenfélaga víðs vegar um land. Þessi aukna starfsemi hefur í för með sér mikla vinnu og ferðalög fyrir forstöðukonuna, sem heldur sambandi við félögin m. a. með því að ferðast á milli þeirra og flytja þar erindi um ýmis efni. Önnur ástæðan fyrir því, að félagið þarfnast nú aukins styrks, er sú, að það er nú farið að hafa samband við sams konar félög erlendis og rekur þannig mikla og merkilega landkynningarstarfsemi, sem langt er frá að metin hafi verið að verðleikum til þessa. Allir, sem eitthvað þekkja til slíkra samtaka þjóða á milli, vita, að það fylgir því mikið starf að viðhalda slíku sambandi. Hin erlendu félög hafa miklu meira fé úr að spila, en félag okkar þarf engu að síður að svara fjölda bréfa og gefa margs konar skýrslur, og til þess að geta haldið uppi þessu starfi er brýn nauðsyn fyrir Kvenréttindafélag Íslands að fá aukinn fjárstyrk.

Fjórða hvert ár er haldinn í Rvík landsfundur kvenna. Alþingi hefur sýnt því starfi skilning með því að styðja þá samtökin með auknum fjárstyrk. En hagkvæmara mundi vera, að styrkurinn væri jafn frá ári til árs. Félögin munu ekki hafa ráð á að halda næsta landsfund nema fá fjárstyrk sem áður, en hagkvæmara yrði, að hann yrði veittur í þessu formi. Vil ég leyfa mér að vona, að hv. alþm. sýni þessu máli velvilja og sjái sér fært að styðja umræddа till.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég flyt nokkrar brtt. við fjárl. Sumum er að vísu ekki búið að útbýta, en það verður væntanlega gert alveg á næstunni, svo að óhætt er að fara um þær nokkrum orðum nú. Till. eru þær, sem nú skal greina.

Samkvæmt tillögum fjvn. eru lagðar til hafnarinnar á Siglufirði 130 þús. kr. Það er allmiklu lægra en það, sem vitamálastjóri gerði till. um; hann gerði a. m. k. ráð fyrir 150 þús. kr. framlagi. Og yrðu veittar 6 milljónir í heild til þessara hluta, þá gerði hann till. um, að Siglufjörður fengi 250 þús. Fjvn. hefur aftur lækkað framlagið niður í 130 þús., og á ég erfitt með að skilja, hvernig sú lækkun er rökstudd. Innri höfnin á Siglufirði hefur undanfarið grynnzt svo, að horfir til vandræða; sumar söltunarbryggjurnar þar eru ekki orðnar nema fyrir smærri báta. Í síldarleysisárum er það þó framar öllu nauðsynlegt að auka söltunina, og eitt af skilyrðunum fyrir því, að svo geti orðið, er að halda áfram hafnarframkvæmdum og dýpkun innri hafnarinnar. Ég legg því til, að veittar verði til hafnarinnar 250 þús. kr., en til vara 200 þús. kr. Það má ekki minna vera. Þrátt fyrir það að miklar hafnarframkvæmdir hafi staðið yfir á Siglufirði, þá fékk bærinn þó aðeins 100 þús. kr. til þeirra í fyrra; ríkið er komið í skuld við bæinn, og er þetta mjög tilfinnanlegt.

Þá legg ég til í annan stað, að 150 þús. kr. verði veittar til að reisa sjúkrahús á Siglufirði, og miða ég við það framlag, sem ákveðið var í fyrra til sjúkrahúss á Ísafirði. Þar var þó til sjúkrahús, sem hægt var að nefna því nafni, en á Siglufirði er það hús, sem orðið hefur að notast við, svo lítið, að það er langt frá því að vera viðunandi á stað eins og þeim, þar sem íslenzkir og erlendir sjómenn af hundruðum skipa þurfa að leita læknishjálpar, svo að oft verður að koma fyrir allt að 50 sjúklingum í húsi, sem aðeins hefur 17 sjúkrarúm. — Nú er búið að ákveða hinu nýja sjúkrahúsi stað og grafa grunn að því. Og til þess að veita bænum nauðsynlega aðstoð við að koma þessu í framkvæmd er hér lagt til að veita 150 þús. kr. til þessa húss.

Þá flyt ég enn brtt. við 22. gr., þess efnis, að ríkisstj. sé heimilað að greiða styrk til vatnsveitu á Siglufirði eins og lög mæla fyrir um. Í fyrra var vatnsveitan stækkuð og lögð ný æð úr Skarðsá fyrir um 300 þús. kr., og er ríkisvaldið þar aðili að. En þessa framkvæmd var óhjákvæmilegt að ráðast í, svo að ekki yrði verksmiðjustöðvun; og samkvæmt lögum frá 1947 ber ríkinu að styrkja þessar framkvæmdir.

Þá hef ég lagt til, að Tónlistarfélagi Siglufjarðar, sem er nýtt félag, en hefur þó verið mjög athafnasamt og haft ráðinn tónlistarkennara, verði veittar 5 þús. kr. til styrktar starfsemi sinni. Ber ég það t. d. saman við Akureyri, þar sem slíkt félag er styrkt með 20 þús. kr., og Ísafjörð, sem fær í sama skyni 10 þús. kr. Virðist því ekki ósanngjarnt, að 5 þús. kr. væru veittar þessum félagsskap til styrktar.

Loks flyt ég viðaukatill. við 22. gr., þar sem lagt er til, að ríkisstj. sé heimilað að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán til Siglufjarðarkaupstaðar vegna þess, hve aðalatvinnuvegur bæjarbúa, síldveiðarnar, hefur brugðizt undanfarið, og þeirra fjárhagsörðugleika, sem bærinn á við að stríða af þeim sökum og eru mjög tilfinnanlegir. Í bæjarstjórn á Siglufirði eiga sæti fulltrúar allra flokka, sem telja það óhjákvæmilegt fyrir kaupstaðinn að fá lán, til þess að bærinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Hefur bæjarstjórnin eindregið mælzt til þess, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir slíku láni, sem bæjaryfirvöldin mundu þá sjálf annast um að útvega, ef ríkisábyrgð fæst.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég flyt hér eina brtt. við fjárlögin og kveð mér þess vegna hljóðs. Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og sakir standa, að fara út í almennar umræður um afgreiðslu fjárlaganna, enda þótt til þess séu að sumu leyti ríkar ástæður. Eitt atriði er það þó, sem hér hefur verið gert að umræðuefni

af hv. 1. þm. Eyf. og fleirum, sem mér þykir ástæða til að minnast á, en það er það vandræðaástand, sem við okkur öllum þm. blasir, að í maí skuli vera að fara fram 2. umr. fjárlaganna. Þessi staðreynd hvílir eins og dökkur skuggi yfir þessari stofnun og er okkur til vansæmdar. En þeir, sem á þetta hafa minnzt, hafa ekki vikið að hinni raunverulegu orsök. Þetta er ekki sök fjvn. né ríkisstj., né heldur Alþingis sem stofnunar. Þetta er bein afleiðing af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru á s. l. sumri, að rjúfa þing og efna til kosninga í haust. Og sannleikurinn er sá, að þetta þing, sem nú stendur, er einstakt að því leyti allra þinga síðan Alþingi var endurreist, að ekki færri en þrjár ríkisstj. hafa setið við völd á þessu þingi. Afgreiðsludráttur fjárlaganna er þannig bein afleiðing af hinu pólitíska ástandi í landinu, sem kemur í ljós í því, að enginn samstæður meiri hluti er fyrir hendi í þinginu. — Mér finnst við alþm., hvar í flokki sem við stöndum, verðum að vera samtaka um að skýra rétt þær orsakir, sem liggja til grundvallar þeim drætti, sem nú hefur orðið á afgreiðslu fjárl.

Ég skal ekki hafa þessi almennu inngangsorð fleiri, en víkja nú að brtt. minni, sem er nr. 12 á þskj. 633 og er um það að verja úr ríkissjóði 25 þús. kr. til fyrirhleðslu og varnar túninu á ríkisjörðinni Saurbæ í Vatnsdal framanverðum, sem liggur undir ágangi frá Vatnsdalsá. Þetta er vel setin og hýst ríkisjörð, og væri mikið tjón að því, ef áin legði hana í eyði. Hún hefur undanfarið brotið engjarnar og er nú byrjuð á túninu. Það hefur verið gerð áætlun um kostnað við fyrirhleðslu af Guðmundi Jósafatssyni í Austurhlíð, og reiknaði hann með 26 þús. kr. Nú hefur fjvn. enn fremur beðið vegamálastjóra að áætla kostnaðinn, og samkvæmt rannsókn, er hann lét framkvæma, er kostnaðurinn áætlaður um 50 þús. kr. — Hér er um það að ræða, hvort það á að láta það viðgangast, að þessi jörð eyðileggist af ágangi vatna, eða gerðar verði varnarráðstafanir með þeim fullkomnu verkfærum, sem nú eru fyrir hendi til þess. — Ég skil vel, að hv. fjvn. sá sér ekki fært að leggja fram ákveðnar till., áður en fengið var álit vegamálastjóra. Og ég er fús að taka till. aftur til 3. umr., ef n. óskar. En ég vænti þess, að hv. alþm. taki henni með góðum skilningi, og skal ekki fjölyrða meira um þetta nú.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég sé, að tveir þm. Kommúnistaflokksins flytja hér brtt. um að hækka framlag til Vestmannaeyjahafnar. Sú brtt. er að vísu ekki flutt í samráði við mig. En ég vil geta þess, að hún er ekki að ófyrirsynju fram komin. Þessi höfn er frekar lágt sett, þegar tekið er tillit til þeirrar afar miklu þýðingar, sem hún hefur fyrir framleiðslu landsmanna á útflutningsverðmætum. Ég hef á sínum tíma ritað bréf til hv. fjvn. og sent henni áætlun um fyrirhugaðar framkvæmdir, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja lét mér í té. Þar var gert ráð fyrir því, að höfnin þyrfti ekki 300 þús., heldur 400 þús. kr. En í till. fjvn. er gert ráð fyrir 200 þús. kr. Í þessu bréfi mæltist ég til þess, að áður en n. tæki ákvörðun endanlega í málinu, fengi ég tækifæri til að skýra það betur fyrir henni. Ég flutti því ekki brtt. við þessa umræðu, af því að ég vildi bíða ákvarðana um endurskoðun á skiptingu hafnafjárins.

Ég ætla, að það sé öllum ljóst, að þótt margir staðir þurfi að fá aðstoð við hafnarbótaframkvæmdir, þá eigi þó hafnir, sem leggja jafnmikið í þjóðarbúið og Vestmannaeyjahöfn, að vera þar í fyrstu röð um styrk til framkvæmda og endurbóta. Þetta og margt fleira hefði ég viljað segja nm., ef mér hefði gefizt færi á. Ég er þess vegna engan veginn vanþakklátur þeim hv. þm., sem hér hafa vakið máls á þessu, og þykir vænt um, að Eyjarnar eignist sem flesta og bezta forsvarsmenn. Þótt ég sé ekki meðflytjandi brtt., mæli ég með samþykkt hennar, um leið og ég vænti þess, að hv. fjvn. gangi eigi þegjandi fram hjá því, er þm. biðja skriflega um viðtal við hana varðandi hagsmunamál umbjóðenda sinna.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 644, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Fjvn. má vera ánægð yfir viðtökum þeim, sem till. hennar hafa fengið á þ. í sambandi við afgreiðslu fjárl., og þeim andmælum, er farið hefur verið um verk hennar. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að n. hefði sýnt samstarfsvilja og fullan skilning á þessum vandamálum, að mæta erfiðleikunum, sem á þessu voru. En þar á eigi aðeins meiri hl. fjvn. hlut að máli, heldur líka stjórnarandstaðan í n. Það hafa ekki orðið neinir erfiðleikar á afgreiðslu fjárl. af hennar hálfu, enda hefur hún ekki borið fram neinar brtt. við fjárlagafrv. Hefur ríkt samstarfsvilji að ná því takmarki, sem n. setti sér. Mér þykir vænt um, hversu margir hv. þm. hafa tekið undir þær ábendingar fjvn., að bætt sé úr þeim ágöllum, er verið hafa á afgreiðslu fjárl. undanfarin ár. Þegar ég hef heyrt raddir forustumanna hér á Alþ., t. d. hæstv. forseta, vænti ég þess, að allir taki saman höndum til að kippa þessu í lag, því að ljóður er það á Alþ., ef slík venja á að festast sem ríkt hefur. Ég minni líka á, að fjárveitinganefndarmönnum hefur eigi verið ljúft að skera niður og fleygja í körfuna ýmsum af þeim erindum, sem henni hafa borizt. Á ég þar einkum og sér í lagi við þau, sem snerta menningarmál þjóðarinnar, t. d. heilbrigðismál, jafnvel fræðslumál, mannúðarmálin öll og allt, sem aflað gæti þjóðinni betri lífskjara og komið henni á hærra menningarstig. Hefðu engir haft eins mikla ánægju af því og nm. sjálfir, ef nægilegt fé hefði verið til að sinna nýjum hugsjónum og nýjum verkefnum, sem að nokkru leyti hafa komið frá nm. sjálfum, að öðru birzt í erindum þeim, sem komið hafa fram. En vegna þess, að eigi er til nægilegt fé, hefur orðið að bregða hnífnum á margt, sem löngun var til að láta lifa. Vænti ég þess, að

þessir menn gefist ekki upp, þótt svona hafi farið í þetta skipti, og hamri á dyrnar áfram í þeirri von, að lokið verði upp fyrir þeim að lokum. — Þessu vildi ég svara til, áður en ég kem að einstökum brtt.

Ég vildi þá segja nokkur orð í sambandi við ræðu hv. 6. landsk., því að hann minntist nokkuð á atriði, sem varðar ekki afgreiðslu fjárl. af hendi fjvn. Benti hann á, hversu augsýnilegt það væri, að gengislækkunin hefði orðið til óþurftar og valdið erfiðleikum, og skildist mér á honum, að hann teldi betra, að það spor hefði aldrei verið stigið. Hann benti líka á það atriði, að fjvn. hefði ekki hugsað um lækkanir, heldur hækkanir. Þetta er misskilningur, og vildi ég leiðrétta það með nokkrum orðum. Hann minntist á þau áhrif, sem gengislækkunin mundi hafa á ríkisreikninginn. Hæstv. fjmrh. benti á, að hann hefði þó aðeins litið á aðra hliðina, því að ríkissjóður fær miklu meira inn en nemur útgjöldunum að krónutölu, auk þess sem útflutningurinn gefur meira í krónutölu en verðhækkuninni nemur, svo fremi að hann minnki ekki við gengislækkunina, og er hæstv. fjmrh. miklu bærari um að dæma um þetta en hv. þm. Hann minntist á hækkanir á kostnaði vegna gengislækkunarinnar við sendiráðin í Washington, Moskva og víðar. En honum mun vera ljóst, að gengisfall íslenzku krónunnar á hér eigi alla sök á. Það var búið að hækka dollaragengið miðað við pund og rúblu við dollar, og mikið af þessum hækkunum stafar frá því og ekki síður, og því er mismunurinn meiri þar en annars staðar. Það er því ekki hægt að taka rök hans fullgild í þessu efni. — Hann minntist líka á fiskmatið, en þetta atriði hefur verið rætt í fjvn. Þegar sameinað var fiskmatið á Íslandi undir eitt embætti, núverandi fiskmatsstjóra, þá var það gert í trausti þess, að af því yrði sparnaður. En hann hefur enginn orðið, nema síður sé. Það stafar ekki af því, að embættin hafi verið sameinuð. Það stafar af því, að embættismaður sá, sem nú er, er ekki nægilega hagsýnn og hygginn. Þetta fer ævinlega eftir því, hver stjórnar málunum. En matið á s. l. ári varð meira en undanfarin ár. Það hefur orðið að verja meiri vinnu en áður til að meta saltfisk, sem var lítill fyrir, og framleiðslan á freðfiski og harðfiski hefur verið meiri en undanfarin ár. Þá hefur það líka haft áhrif, að eigi hefur verið unandi við ástandið á framkvæmd matsins. Þess vegna treystir fjvn. sér ekki til að ráðast á þessi útgjöld. Málið er einnig þannig, að framleiðslunni er hætta búin á erlendum markaði. Ég var staddur í Sviss í sumar, og hið fyrsta, sem mér var tjáð af þarlendum mönnum, var, að þangað hefði komið freðfiskur, sem ormar hefðu verið í. En Svisslendingar eru fjallaþjóð og skilja þetta ekki. Við, sem þekkjum þetta á Íslandi, vitum, að t. d. kjöt er ekki óætandi, þótt ormar séu í því. En það er ekki söluhæf vara hjá þeirri þjóð, sem þekkir þetta ekki. Ég veit, að orðið hefur að kosta miklu fé til að gera þessa vöruflokka söluhæfa, því að matið hefur verið lélegt. Þorðum við því ekki að leggja til, að þessir liðir yrðu lækkaðir. — Þá minntist hv. þm. á eitt atriði, sem ég vildi verja tíma til að skýra, því að hann sýnist hafa litið kynnt sér það, en það er kostnaðurinn við eftirlit á verðlagi og verðlagsmálin. Bar hann þar fram ásakanir á hæstv. ríkisstj. Í fyrsta lagi komu engar till. um lækkun frá hv. þingmönnum í n. Ég gat þess, að málið væri enn óútkljáð í n., því að hún hafði hugsað sér að ræða það við 3. umr. Ég vil benda á, að skv. þskj. 54 frá síðasta þ. var lagt til, að allur kostnaðurinn við eftirlitið yrði kr. 3286500. Það var flokksmaður hans, hv. þm. Hafnf., sem gerði þá þessa till. Fjvn. lagði þá til í till. sinum, að þetta yrði fært niður í 2,1 millj. kr., og var það samþ. á Alþ. En hvað kostaði það? Það kostaði nærri stjórnarrof frá Alþfl. Það stóð nærri, að þáverandi hæstv. viðskmrh. segði af sér. Svo mikið þótti við liggja. Ég held, að þessi hv. þm. hefði átt að ganga í skóla til hæstv. þáverandi viðskmrh., áður en hann tók að ásaka núv. hæstv. ríkisstj. (*HV:* Kostnaðurinn er kominn í 2½ millj. kr.) Já, eins og hann var búinn að skipuleggja málin, til að borga því fólki, sem ráðið hafði verið. Hann hafði skipulagt málin, eins og þau eru nú. — Mér finnst ekki óeðlilegt, þótt minnzt væri á veiðimálastjóra. Það mál var rætt í fjvn., og eftir upplýsingum frá búnaðarfélögunum var búið að gera samning um að ráðstafa þessu á þessu ári. Treystum við okkur ekki til að gera till. um þetta, og nú hefur orðið afleiðingin, að það má ekki draga þetta fram yfir áramót. Ég var á móti, að lög yrðu sett um þetta. En ég hélt, að ég hefði ekki verið svo mikill spámaður, en þeir, sem þá höfðu áhuga á þessu og sóttu það fast í sambandi við landbúnaðarmálin, töldu það ágengni á hagsmuni bænda, ef embættið væri ekki stofnað. Ég vildi, að þetta yrði tekið til athugunar, að leggja embættið niður, og ætti að gera till. um það. Embættið er óþarft. (*HV:* Gagnslaust.) Já, gagnslaust. — Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta að öðru leyti, en vildi láta þetta koma fram.

Þá skal ég ræða einstakar till., sem fram hafa komið, og býst við að verða stuttorður. Það er slæmt, að sumir hv. þm. skuli ekki vera við. Hefði ég t. d. viljað spyrja hv. 2. þm. Reykv., en e. t. v. geta flokksmenn hans flutt það til hans. Mundi hann vilja semja um það, að eini byggingarstyrkurinn, sem veittur sé á þessu ári, yrði til Sigurjóns Ólafssonar? Hann á mesta kröfu til að fá hann á þessu ári. En sá böggull fylgir því skammrifi, að aðrir sækja líka, og aðrir hv. þm. rísa upp og segja, að þessi og þessi eigi eins mikinn rétt á að fá styrk, hann sé eins mikill listamaður o. s. frv. Ég væri til í það að ræða þetta við fjvn., ef hægt væri að tryggja það í þ., að allar aðrar kröfur um byggingarstyrki yrðu teknar aftur. En ég vil eigi ræða það, meðan hópur af till. um byggingarstyrki liggur fyrir, því að þá ætla menn ekki, að Sigurjón Ólafsson sé fremri öðrum. Ég vil benda á, að ég tel, þegar úthlutað er listamannastyrkjum, að þá verði litið meira til myndhöggvara en annarra, sem hafa hærri tekjur, og er eigi ástæða til fyrir fjvn. að styðja sérstaklega einn eða annan, þegar

búið er að setja ákvæði um styrki til listamanna. Er varla sæmandi að biðja um einn fram hjá þeirri fjárhæð, sem á að vera heildarfjárhæð yfirleitt. Þetta hafði ég viljað taka fram í sambandi við till. hv. 2. þm. Reykv.

Hv. 4. landsk. þm. minntist á sjúkrahúsið á Akureyri. Okkur er ljóst, að við vildum hafa getað lagt meira fé til þess, einnig til sjúkrahúss á Blönduósi. Það kom beiðni um 800 þús. kr. framlag, en þeir fengu ekki einn eyri. Það er síður en svo, að við viljum hafa á móti sjúklingum á Akureyri sérstaklega, en við álitum þó, að líf þeirra sé eigi dýrmætara en líf Húnvetninga. En meðan eigi er unnt að sinna öllu, þá verður einhvers staðar að draga merkjalínuna. Hv. þm. Ak. reyndi að fá hækkað framlag til Akureyrarspítala. Ég var á móti því og hika ekki við að viðurkenna það, því að aðrir aðilar áttu eins mikinn rétt á að fá þetta og Akureyri, m. a. Blönduós. Það var vel gert á sínum tíma, af hverjum sem það var, að fá sérstakt framlag handa Akureyri, þó að eigi sé nú farið fram á hækkun þess. Ég get ekki fylgt því, að farið sé að hækka það.

Þá minntist hv. þm. á Öxnadalsheiði. Það er rétt, að fjvn. hefur dregið úr því framlagi af m. a. tveim ástæðum: Í fyrsta lagi er n. ljóst, að það er síður en svo, að Akureyri sé slitin úr neinu vegasambandi, hvorki vetur né sumar, þótt eigi sé veitt nema 200 þús. kr. til þess vegar. Öllum er ljóst, að vegamálastjóri og ráðuneytið hafa haft ráð á því að taka árlega án þess að spyrja Alþ. eða fjvn. töluvert stórar fjárhæðir í þetta, svo stórar, að fjvn. hefði aldrei samþykkt þær. Óhjákvæmilegt er, þegar dregið er í slíka vegi af einhverju valdi, að þá verki það á fjvn., og þess vegna olli það n. engum sársauka að skera framlögin niður. Ég benti t. d. á Selvogsveg eða Krýsuvíkurveg o. fl. vegi á landinu. Hve mörg hundruð þúsunda króna hafa farið til þeirra? Ég held, að nefna mætti líka Lágheiði og Siglufjarðarskarð. Það er sjálfsagt þörf á þessu. En þetta hlýtur að hafa áhrif á skiptingu fjárins hjá fjvn. (*HV:* Nema fyrir kosningar.) Hvort sem kosningar eru fyrir dyrum eða ekki. Ég held, að þessi möguleiki hverfi ekki heldur allt í einu og menn muni hafa einhver ráð með að bjarga því, sem er mest aðkallandi á Öxnadalsheiði.

Vegna hafnarbótasjóðs og tillagna um hafnir almennt vildi ég segja nokkur orð. Í sambandi við það sé ég, að hv. þm. Vestm. er hér inni, og vildi ég þá segja, að ég hef eigi litið svo á, að ég hafi viljað útiloka hann frá fundum fjvn. Hann hefur rætt við mig aftur og aftur, en haldi hann, að það geti haft áhrif á fjárveitinguna til Vestmannaeyja, þá er honum guðvelkomið að koma á fund til n. kl. 9½ í fyrramálið, og verður vitamálastjóri viðstaddur. Þó hafa eigi verið erfiðleikar út af því við hv. þm. Vestm., hve fjárhæðin er mikil, heldur við vitamálastjóra. Ég álít ekki, að hann kveði upp neinn Salómonsdóm í þessu máli, en úr því að hann segir, að við höfum ekki tekið tillit til till. hans, mæli ég það, að fjárveitingin til Vestmannaeyja hefði þá orðið miklu lægri. Sannleikurinn er sá, að fjvn. gerði sér ljóst í fyrsta lagi, hvaða hafnir ættu mest ógreitt af framlögum úr ríkissjóði. Fimm hafnir áttu yfir 500 þús. kr. Var ákveðið fyrst, að þær fengju 300 þús. kr. Það var byggt á því, að fullt framlag kæmi úr hafnarbótasjóði skv. l. til hafna, sem inni ættu hjá ríkissjóði. En komizt var að raun um, að ómögulegt var að ná saman endunum. Urðum við því að fórna 100 þús. kr. til að ná þeim saman, þ. e. 20 þús. kr. af hverri höfn. Það má þykja rangt að dreifa fénu svo. En hafa hv. alþm. skilið, hve óskaplega mikill kostur það hefur verið fyrir minni staðina að fá svo miklar lendingarbætur, að smæstu strandferðaskipin gætu komið þar við og landað vörum og olíu, án þess að nota þyrfti báta til þess? Með því að haga skiptingunni þannig til þeirra, að þeir gætu haldið framlögunum árlega, hafa margir staðir getað framkvæmt þær lendingarbætur, að flóabátar þessir kæmust þar að landi. En hinir mörgu staðir hlutu að taka töluvert stóra upphæð af þessari fjárveitingu, og finnst mér því eigi vera hægt að taka mikið með af hinum stærri höfnum, og það er ástæðan fyrir því, að skiptingin var gerð svona. En nú vil ég láta það koma í ljós, að fari svo, að ekki náist samkomulag um að samþ. brtt. fjvn. um fullt framlag í hafnarbótasjóð, þá er nauðsynlegt að hækka framlag til stærri hafna, því að það er engin sanngirni í því, að hafnir, sem eiga mikið fé hjá ríkissjóði, fái ekki meira en ráð er fyrir gert. En við höfum ekki eingöngu getað farið eftir því við skiptingu framlagsins, hve stórar skuldir ríkissjóðs við viðkomandi hafnir væru. Við reyndum að fara eftir því í fyrsta lagi, hvað mikið hafnirnar áttu inni hjá ríkissjóði, í öðru lagi hvað viðkomandi hafnarstjórn hefði hugsað sér að láta vinna á þessu ári eða hvað búið væri að vinna nú þegar, og í þriðja lagi, hvaða möguleika viðkomandi hafnir hafi til þess að framkvæma það á eigin spýtur. Mér þykir rétt að geta þess í þessu sambandi, að af öllum þeim erindum, sem fjvn. bárust varðandi þetta, þá var ekkert þeirra eins ýtarlegt og erindið frá Vestmannaeyjum, og það var meðal annars af þeirri ástæðu, að ekki var talin ástæða til þess að kalla hv. þm. á fund fjvn., það var kannske eina erindið, þar sem farið var algerlega eftir lögunum og fullkomin rekstraráætlun sýnd, bæði um gjöld og tekjur. En það vantaði víða yfirlit með umsóknunum, svo að erfitt var að sjá, hvort hafnirnar voru reknar eftir lögunum, því að ég vil benda á það, að það er ekki heimilt að fara út fyrir það, sem tekjur hafnarinnar þola. Má sjá það af áætlun Vestmannaeyjahafnar, að þar er gert ráð fyrir því, að hafnarsjóður standi sjálfur undir miklum hluta kostnaðar við framkvæmdirnar og hyggst í því sambandi taka lán að upphæð 200 þús. kr., en gerir ráð fyrir 400 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að ná saman endum. Sáum við það af því, hvernig þeir byggðu upp þessa áætlun sína, að það gat ekki orðið neitt stórkostlegt tjón, þó að þeir fengju ekki nema 200 þús. kr. í stað þeirra 400 þús., sem farið er fram á. Þetta var ástæðan fyrir því, að ekki var lagt til, að meira færi til Vestmannaeyjahafnar. Og nefndin mun

reyna að standa á móti öllum slíkum till., ef samkomulag verður um það að hækka framlagið til hafnarbótasjóðs, eins og hún leggur til að gert verði. Hins vegar get ég ekki fallizt á till. um skiptingu á þessu frá 4. landsk. Hafnarbótasjóður skiptist skv. ákvæðum laga þar um, svo að það þarf ekki að skipta honum á fjárlögum. Það er heldur ekki ástæða til þess að skipta eingöngu eftir innstæðu hafnarinnar hjá ríkissjóði, heldur ber ekki síður að taka tillit til þess, hvaða þýðingu hafnirnar hafa og hvaða verkefni þær leysa af hendi.

Varðandi till. hv. 4. landsk. um hækkun á byggingarstyrk fyrir Reykjalund, þá vil ég taka undir það með hv. þm., að hér er um að ræða mikið nauðsynja- og mannúðarmál, sem þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, eiga miklar þakkir skildar fyrir. En ég vil geta þess, að ég ræddi um þetta við hæstv. ríkisstj. og stjórn Reykjalundar, og ég leyfi mér hér með að þakka bæði hæstv. ríkisstj. og fjvn. fyrir þann skilning, sem þær hafa sýnt þessu máli með því að hækka framlagið um 100 þús. kr., og ég get jafnframt fullvissað hv. þm. um það, að stjórn Reykjalundar skilur aðstæður ríkissjóðs vel og er ekki óánægð með þessi úrslit. En ég treysti mér ekki til þess að bera fram till. um frekari hækkun í fjvn., þótt fullur skilningur sé á því þrekvirki, sem þar í Reykjalundi er unnið.

Um till. um framlagið til byggingar hjúkrunarkvennaskóla vil ég aðeins geta þess, að það liggur alveg undir landlækni og stjórn landsspítalans að kveða á um þá skiptingu. Fjvn. hefur aldrei skipt því fé, sem í slíku augnamiði er veitt, og það er engin ástæða til þess að taka það upp núna, og mun ég því ekki styðja þessa till.

Ég þarf ekki að svara hv. þm. vegna till. hans um hækkun til byggingar fjórðungssjúkrahúss núna, og hef ég gert það í sambandi við annað mál.

Út af till. hv. þm. Vestm. um hækkun til flugmálanna, held ég, að ég hafi áður tekið það fram, að ríkisstj. hafi borið fram till. um það. En síðan hef ég fengið um það upplýsingar frá hæstv. fjmrh., að fjárhæð sú, sem upphaflega var tekin inn á 20. gr., sé meiri en sú upphæð, sem fjárhagsráð hefur veitt fjárfestingarleyfi fyrir. Það er því nauðsynlegt að fá um þetta alveg skýrar upplýsingar, því að ef þetta er tekið inn bara til þess að vera síðar stoppað af annarri stofnun, fjárhagsráði, þá sé ég ekki neina þörf á því að vera að taka þessa breytingu inn á fjárlögin. En ef það er ekki meiningin að nota þetta fé til bygginga eða annars í sambandi við flugvelli, til dæmis til þess að koma upp stefnuvitum eða öðru, sem stuðlar að auknu öryggi í flugi, þá finnst mér það eðlilegt og tel þörf á því, að samkomulag náist um það milli hv. flm. og ríkisstj. og till. verði tekin aftur til 3. umr. Mér er ljúft að lýsa því yfir, að ég persónulega er sammála hv. flm. og vil taka undir það með honum, að það er nauðsynlegt fyrir flugið, að nægilegt fé sé fyrir hendi til þess að tryggja, að það verði rekið með fullkomnu öryggi, að svo miklu leyti sem það er hægt. Það væri því gott, ef hv. flm. vildi taka þessa till. aftur til 3. umr., og skal ég þá athuga það gaumgæfilega milli umr.

Hv. 5. þm. Reykv. er nú ekki við, en hv. 2. þm. S-M. situr hér og getur ef til vill flutt honum það, sem ég hef að segja um hans till. Hann flytur hér till. um að hækka íþróttasjóðinn og minntist eitthvað á það, að hann hefði skýrslur, sem fjvn. hefði haft, sem sýna að sjóðurinn þyrfti 1700 þús. kr. til þess, er framkvæma þyrfti. Já, ég verð nú að segja það, að ef málið væri nú svo einfalt og fjvn. þyrfti ekki að gera annað en að líta í skýrslur, sem henni eru sendar, til þess að sjá, hvað mikið hver og einn þyrfti, þá væri nú ekki mikill vandi að vera í fjvn. eða í sæti fjmrh. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að við höfum fengið skýrslur frá fræðslumálastjóra, sem sýna, að það vantar jafnvel milljónatugi, til þess að hægt sé að framkvæma skólalöggjöfina, sem verið hefur að breyta undanfarið. Ef það þyrfti ekki annað en skýrslur og línurit, þá væri harla auðvelt að stjórna, en það þarf annað og meira til. Ég vildi því spyrja hv. þm., hvort hann sæi ekki ástæðu til þess að taka till. sína aftur, og ef hann gerir það ekki, þá að hann svari mér, hvaða liði fjárl. hann vill láta lækka, til þess að hægt sé að hækka þennan lið. Vill hann láta taka það frá húsmæðraskólunum, eða vill hann láta taka það frá barnaskólunum, eða gagnfræðaskólunum? Vill hann kannske láta taka þetta frá hafnargerðum eða vegagerðum, eða vill hann láta taka þetta frá sjúkrahúsunum? Á kannske að taka þetta frá heilbrigðisstofnuninni í Reykjavík? Það er enginn vandi að setja inn svona till., ef ekkert annað er gert, en nú er það bara svo, að það er enginn vegur að setja inn svona till., án þess að benda þá um leið á einhverja liði, sem verða að lækka. Sannleikurinn er sá, að hér verður annað að víkja, og ef annað á að víkja, sjúkrahús eða leikvellir, þá vil ég láta leikvellina víkja, jafnvel þó að þeir kunni að bæta menn eitthvað og gera menn hraustari, svo að menn þurfi síður að fara á sjúkrahús. Hv. þm. spurði, hvort við hefðum athugað það nægilega, að yfirvofandi hætta væri vegna efnisskorts, og hvort þá væri ekki ástæða til þess að ráðast einmitt í þær framkvæmdir, sem minnst þyrfti til af erlendum gjaldeyri. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að í sambandi við sjúkrahús og skóla skuldar ríkissjóður þessum stofnunum miklu meira fé en veitt er til þeirra á þessum fjárlögum, svo þó að ekkert efni væri til og ekkert byggt, þá væri það fé ekki nú til að greiða þær skuldir. En ég vil líka benda hv. þm. á það, að því meira vinnuafl sem við tökum frá framleiðslunni eða framkvæmdum, sem miða að framleiðslunni, því minni verður útflutningurinn, og ef við tökum alla menn frá vinnu og setjum þá í aðra vinnu, sem ekki er í beinu sambandi við framleiðsluna, þá verður ekkert fé til þess að greiða með. Fjvn. var því alveg á því hreina með þetta og hafði fulla ástæðu til þess að gera eins og hún gerði, og var það ekki alveg sársaukalaust fyrir suma nm., þó að það

eigi ekki við um mig, því að ég áleit það miklu meira virði að leggja þetta fé til annarra framkvæmda.

Hv. þm. minntist líka eitthvað á það, hvaða samræmi væri í því að kosta upp á utanlandsferðir íþróttamanna, ef ekki væri kostað neinu til þess að skapa þeim skilyrði til þess að þjálfa sig. Ég er honum líka sammála um þetta atriði og tel, að það ætti að veita allt það framlag, sem verja á til íþrótta, til íþróttasjóðs, og láta hann þá ráða því, hvernig þessu er skipt, en ekki að því sé skipt af fjvn. Hv. þm. ætti heldur að bera fram till. um það. Þetta er ekki sagt af neinni andúð við íþróttirnar, nema síður sé. Ég vildi aðeins sýna honum fram á, að það á ekki að nota svona rök.

Hv. 2. landsk. þm. minntist hér á námsstyrki. Þetta mál hefur verið rætt í fjvn., og hún hefur rætt um það við ríkisstj., og sé ég mér ekki fært að lofa honum neinni hækkun á þeim fyrir tilstilli fjvn., en hann getur náttúrlega, ef hann vill, tekið till. aftur til 3. umr.

Í sambandi við till. hans um listamannastyrkina vil ég benda á það, að nú eru kjör listamanna orðin allt önnur en áður var og listamenn nú yfirleitt vel launaðir. Það var t. d. hjá mér í dag einn mesti listamaður þjóðarinnar, og hann lét það í ljós og viðurkenndi það, að nú vildi eiginlega enginn listamaður vinna nema fyrir fullum launum, á hvaða sviði sem er. Við höfðum hljómlistarmenn áður, þeir iðkuðu list sína og fengu engin laun, en þeir höfðu áhuga á list sinni. Nú höfum við hljómsveitir og lúðrasveitir, sem hafa áhuga á launum, en ekkert meiri áhuga á listinni en áður. Sama er um leikendur við þjóðleikhúsið, ég tel, að þeir hafi meiri áhuga á að halda launum sínum en efla listina. Þetta er orðið nokkurs konar stéttarfélag eða stéttarfélög, og sumir af þessum mönnum eru hæst launuðu menn í landinu.

Ég get hlaupið yfir Hafnarfjarðarhöfnina núna, enda hef ég rætt um hafnarmálin á öðrum stað.

Um framlag til framkvæmda í Hellisgerði lá ekkert erindi fyrir nefndinni, og get ég því ekki sagt um það, hvernig því verður tekið af henni.

Hv. 1. þm. Eyf. minntist hér á tvö mál. Það var í fyrsta lagi skipting fjár til verklegra framkvæmda til héraða, og fullyrti hv. þm. í því sambandi, að þær sveitir eða héruð, sem fulltrúa ættu í fjvn., fengju alltaf mest fjárframlag til verklegra framkvæmda. (*BSt:* Ég sagði, að það væri skrýtið fyrirbrigði, eða einkennileg tilviljun. — *Forseti:* Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Barð., hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni, þar sem liðið er nokkuð á matartíma.) Já, ég á þó nokkuð eftir, en get hins vegar vel fallizt á að fresta máli mínu núna. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var hér áðan að minnast á aths. frá hv. 1. þm. Eyf. í sambandi við skiptingu á vegafé. Honum fannst sitt kjördæmi vera afskipt í sambandi við úthlutun vegafjár á þessu ári, og taldi, að ekki hefði verið ástæða til að skammta því svo smátt, m. a. vegna þess, að héraðið væri fjölmennt og það þyrfti að flytja mjólk daglega svo að segja frá hverju heimili þar. — Nú vildi ég biðja þennan hv. þm. að athuga þær aðstæður, sem eru einnig í öðrum héruðum í þessu sambandi. Ég geri ráð fyrir, að þegar hann minntist á, að skiptingin á þessu fé færi nokkuð eftir því, hverjir væru í fjvn., þá sé því skeyti ekki hvað sízt beint að mér, þar sem Barðastrandarsýsla hefur verið nú, bæði á fjárlagafrv. í ár og á fjárl. í fyrra og á nokkrum undanförnum árum með hæstu sýslum á landinu í úthlutun vegafjár. En nú vildi ég biðja þennan hv. þm. og aðra að bera saman vegakerfið í Barðastrandarsýslu annars vegar og vegakerfið í Eyjafjarðarsýslu hins vegar, og svo fjárframlögin, sem veitt hafa verið til þessara héraða til vega- og brúargerða á undanförnum árum. Hv. 1. þm. Eyf. á þá sök, sem ég á ekki, að hafa í mörg undanfarin ár setið hér á Alþ. og verið þess valdandi að Barðastrandarsýsla, ásamt vesturkjálkanum yfirleitt, hefur orðið afskipt í úthlutun vegafjár, meðan Eyjafjarðarsýsla hefur haft tækifæri til þess að byggja upp sína vegi og brýr. Hv. þm. sagði, að hann hefði heyrt, að n. hefði miðað við í sambandi við úthlutun vegafjárins, hvað ólagt væri af þjóðvegum á landinu. Þetta er ekki rétt. Fjvn. hefur ekki haft það til hliðsjónar, þegar hún skipti vegafénu. Hins vegar skýrði vegamálastjóri fjvn. frá því, að hann hefði gert áætlun yfir kostnað við að fullgera vegi í öllum sýslum landsins, þ. e. a. s. þá vegi, sem teknir væru þegar inn í þjóðvegatölu. Og þá kom upp, eftir þeim útreikningi, að Barðastrandarsýsla mundi þurfa langmest fjárframlag, eða 7½ millj. kr. Hins vegar gerði ég fyrirspurn um Barðastrandarsýslu, af því að ég vissi um, að það lá fyrir áætlun um, að þetta mundi kosta yfir 10 millj. kr. Þá upplýsti vegamálastjóri, að þetta væri ekki nema 7½ millj. kr. eða um það. En þá var ekki í þeirri áætlun hugsað að tengja saman Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu með neinum vegi. Hvað mundi hv. þm. Eyf. segja, ef slíkri meðferð væri beitt ár eftir ár við hans kjördæmi? — Sannleikurinn er sá, að engin sýsla á landinu hefur verið beitt slíku ranglæti í þessu efni eins og Barðastrandarsýsla. Tvö stærstu þorp sýslunnar eru ekki tengd saman með vegi. Annað þeirra, sem er stærsta þorpið þar, Patreksfjörður, þar sem búa um 900 manns, getur engan dropa af mjólk flutt til sín, nema annaðhvort á hestum eða þá á trillubátum. Þessu þorpi hefur bókstaflega verið haldið í mjólkurhungri í mörg undanfarin ár — m. a. fyrir atbeina hv. 1. þm. Eyf., þar sem hann með sínu atkv. hefur tekið meira til vega í sínu kjördæmi en bar, ef réttlæti hefði átt að ríkja í þessum málum. — Nú var upplýst hér fyrir nokkru af mér, að það væru þrjár ástæður fyrir því, að Barðastrandarsýsla ætti að fá miklu hærra vegafé en hún hefur fengið. Í fyrsta lagi af því, að sú sýsla væri langhæsta sýslan sem sveitakjördæmi, þegar um er að ræða gjöld í ríkissjóðinn. Í öðru lagi af því, að hún væri hæsta sýslan, þegar litið er á útflutninginn. Og í þriðja lagi er hún ein af þeim sýslum, sem var orðin uppeldisstöð fyrir ósýkt fé, til þess að bændur — m. a. í

Eyjafirði — gætu skorið niður sinn fjárstofn á kostnað ríkisins og á kostnað eða með aðstoð Barðstrendinga, til þess að geta haldið uppi sínum búskap, — á sama tíma sem séð hefur verið ofsjónum yfir því, að Barðastrandarsýsla fái eitthvert brot af því, sem Eyjafjarðarsýsla hefur fyrir löngu fengið í sambandi við vegasamgöngur. Mér er ekki kunnugt um, að það sé í mörgum sýslum á landinu, sem svo hagar til eins og í Eyjafirði, að þjóðvegur liggur fram dalinn annars vegar og niður dalinn hinum megin við ána. Og það liggja a. m. k. tvær brýr yfir þessa á, til þess að tengja þessa þjóðvegi saman. Hvað mættu hinir segja, sem hafa engan veg inn í sýsluna og engan vegarspotta til þess að tengja byggðir sínar við aðalvegi landsins? — Ég veit ekki annað en að fullur skilningur hafi verið hjá fjvn. á undanförnum árum á vegaþörf viðkomandi manna, þegar verið var að fullkomna það stóra verk að koma Siglufirði í samband við vegakerfi landsins. Siglufjörður er að vísu nú orðinn annað kjördæmi en Eyjafjarðarsýsla, þó að hann væri sama kjördæmi áður. Og ég veit ekki betur en að full sanngirni hafi verið sýnd í framlögum til vegaframkvæmda, þegar Ólafsfjörður var settur í samband við vegakerfi landsins. Og ég veit ekki betur en að sama sanngirni hafi verið sýnd í sambandi við vegarlagningu yfir Öxnadalsheiði. Og þegar búið er að gera öll þessi verk, er þá nokkuð að undra, þó að dregið sé úr framlagi til þessa kjördæmis í þessu efni, þegar búið er að gera fyrir það allt það í þessu efni, sem gert hefur verið, eins og ég hef tekið fram?

Hv. 6. landsk. þm. gagnrýndi nokkuð skiptingu á vegafé til Norður-Ísafjarðarsýslu. En það þurfti að ljúka verki í sambandi við að koma Bolungavík í samband við Ísafjörð og að koma Súðavík í samband við Ísafjörð. Fjvn. skildi þessa þörf Norður-Ísfirðinga, sem hv. þm. talaði um, og gerði það, sem hægt var til þess að gera þetta. Og hann hefur sætt sig við það í fjvn. nú að fá ekki meira fé til þessa en í fyrra, þó að þarna séu fleiri verk óunnin en í Eyjafjarðarsýslu í sambandi við vegakerfið. Og sannleikurinn er sá, að það, sem valdið hefur þessum miklu erfiðleikum í skiptingu vegafjár, er, að þróunin hefur orðið sú í mörg ár, að þau héruð, sem fengu fyrst vegasambönd, tóku stórkostlegan skerf áframhaldandi af vegafénu, vegna þess að þau hafa heimtað, að endurbyggðir yrðu vegirnir hjá þeim og endurbyggðar brýrnar, vegna stækkandi ökutækja á vegunum. Og fyrir þetta hafa svo önnur héruð verið vanrækt viðkomandi vegalagningum þar um mörg undanfarin ár. Og þetta eru þeir erfiðleikar, sem við eigum nú við að glíma í sambandi við skiptingu vegafjárins. Það liggur m. a. fyrir beiðni um 270 þús. kr. framlag til þess að endurbyggja brúna á Haffjarðará, sem er orðin of veik og of mjó fyrir umferðina, eins og kröfur eru nú orðið gerðar um stærð ökutækjanna. Gamla Þjórsárbrúin gat vel dugað fyrir tveggja eða þriggja tonna bíla, en ekki fyrir 10 tonna bíla. En Norður-Ísafjarðarsýsla getur ekki einu sinni komið eins tonns bíl eða jeppa yfir sína vegi, af þeirri ástæðu, að vegirnir eru ekki til. Og ef sanngirni ætti að ráða, þá ætti þessi sýsla ásamt Barðastrandarsýslu að fá eina eða tvær millj. kr. hvor á ári, þangað til þær eru komnar í vegakerfi sambærilegt við það, sem er í öðrum sýslum landsins.

Úr Rangárvallasýslu sitja tveir hv. þm. í fjvn., sem ég, að gefnu tilefni, lýsi hér með yfir, að ég hef aldrei orðið var við, að hafi notað aðstöðu sína til þess að fá meiri skerf til síns héraðs til vega eða brúa en aðrir, sem hér eiga sæti á Alþ. En mér finnst ekki ósanngjarnt, þó að þeir hv. þm. hefðu gert kröfu um það, að sérstök fjárveiting færi í Suðurlandsveginn, sem liggur gegnum þeirra kjördæmi, svo að hægt væri að fara hann vetur og sumar. Menn, sem þar búa, eiga allt undir því, að hægt sé að halda uppi mjólkurframleiðslu. Og það er sanngjarnt að leggja fé í vegi í þessari sýslu, ekki síður en í Öxnadalsheiðarveg og Holtavörðuheiðarveg. Og vegalagningar í Rangárvallasýslu eru ekki aðeins fyrir það hérað, heldur og fyrir héruðin fyrir austan sýsluna. En hv. þm. Rang. hafa orðið að sætta sig við það, sem reiknað hefur verið í þeirra hlut af fjvn. í heild. Nákvæmlega það sama er að segja um Dalasýslu. Mikið af veginum, sem liggur um Svínadalinn, er sannarlega ekki síður lagður fyrir Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu heldur en Dalasýslu. En sá hlutur, sem fara á til þessa vegar, er reiknaður með í úthlutun fyrir Dalasýslu. Og ef talað væri um Eyjafjarðarsýslu hliðstætt því og reiknað væri á sama hátt fé til vega í sambandi við þá sýslu, þá ætti að reikna allt það fé, sem farið hefur til Öxnadalsheiðarvegar, Eyjafjarðarsýslu megin. Og skánar þá hagur Eyjafjarðarsýslu, ef reiknað er með þeim tölum. Þetta segi ég vegna þeirrar gagnrýni, sem komið hefur fram út af skiptingu vegafjárins, sem var ástæðulaus af hendi þessa hv. þm., 1. þm. Eyf. Þessi sami hv. þm. benti á skiptingu á fé til ræktunarvega. Þetta fé var ákveðið í fjárlagafrv. 30 þús. kr. og óskipt þar. En því var skipt í n. nákvæmlega á sama hátt eins og því hafði verið skipt ég held síðustu tvö ár. Ég veit, að það er enginn Salómonsdómur, sem felldur hefur verið um þetta atriði. En ég fullyrði, að það er engin sanngirni að halda því fram, að Hrísey þurfi endilega að fá sömu upphæð af þessu fé eins og Flatey á Breiðafirði, af því að í Hrísey séu fleiri búandi menn. Ég veit ekki, hvort Hríseyingar vildu, fyrir 10 eða 12 þús. kr. í ræktunarveg, taka á sig allar byrðar, sem þessir fáu og fátæku menn, íbúar Flateyjar, hafa gert á undanförnum árum. Þeir hafa fórnað stærstu fórnum, sem fórnað hefur verið í nokkrum hreppi á undanförnum árum. Og ef Hríseyingar vildu fórna einhverju, þá er það miklu minni fórn að taka á sig mismuninn á milli þess, sem úthlutað er í vegafénu til ræktunarveganna á þessum stöðum. — Hins vegar er þetta fé til ræktunarvega þannig komið til, — það hefur eiginlega ekki verið veitt nema í Vestmannaeyjar — að Vestmannaeyingar hafa aldrei neitt samband við akvegakerfi landsins, og því hefur þótt rétt að láta smáupphæðir til þessara manna, til þess að þeir fengju þó eitthvað í vegafé eins og aðrir landsmenn. — Ég skal

viðurkenna, að það kom óskalisti frá hv. 1. þm. Eyf. í sambandi við þetta fé upp á 12 þús. kr. En fjvn. sá sér ekki fært að hækka þetta framlag nú, nema því aðeins að hækkað væri framlagið í heild til ræktunarvega. Og að skiptingu þess fjár var reynt að vinna samkv. ósk þess hæstv. fjmrh., sem hv. 1. þm. Eyf. styður eins vel og ég eða miklu betur. Og þess vegna var þessi upphæð, sem hv. 1. þm. Eyf. gat um, ekki hækkuð. Hins vegar sagðist þessi hv. þm. hafa reynt að ná tali af þeim mönnum í fjvn., sem hann ætti beztan aðgang að, til þess að fá þetta mál leiðrétt, eins og hann orðaði það. Ég vil segja þessum hv. þm. það, að hann á beztan aðgang að mér af mönnum í fjvn., meðan ég er form. þar, því að ekki aðeins hann og allir aðrir hv. þm. hafa átt fullan aðgang að mér sem fjvn.-manni, heldur á hver einasti þegn þjóðfélagsins aðgang að mér í fjvn., hvort sem hann er lágt eða hátt settur. Ég hef notað mína matmálstíma í vetur til þess að tala við menn, sem óskað hafa að tala við mig sem fjvn.-mann. Ég hef að vísu rekið suma út, sem mér hefur fundizt vera með óþarfa mælgi hjá n. (*BSt:* Það er ekki gaman að því að heimsækja nefndina, ef maður verður rekinn strax út.) En mér hefði aldrei komið til hugar að reka hv. 1. þm. Eyf. út. En hv. 1. þm. Eyf. á sannarlega ekki betri aðgang að neinum öðrum en mér í fjvn., og mér er ljúft að ræða við hann um hvaða mál sem er og hvenær sem er. Þess vegna hefði hann getað fengið fullt svar frá mér um ræktunarvegaféð, ef hann hefði snúið sér til mín með það mál. — Út af þeirri till. hv. þm., sem hann hefur borið hér fram í sambandi við Þorfinn Kristjánsson, skal ég upplýsa, að þetta erindi var fyrir fjvn., og okkur fjvn.-mönnum var líka fullljóst, að ekki einn einasti eyrir af þessu fé mundi fara til Þorfinns. Og það var ekki fyrir vanmat á þessum störfum, sem þarna var um að ræða, að þetta var ekki samþ. í n. Það er því ekki ástæða fyrir þennan hv. þm. að lesa erindið hér fyrir okkur eða senda okkur það, því að það hefur verið lesið og rætt í n. Hér er um nýtt fjárframlag að ræða. Og þó að það sé ekki stórt, sem farið er fram á þar, þá mundi það marka nýja stefnu, ef farið væri að þessari ósk. Og að gera það er ekki hægt, nema með því að hafa opin augu fyrir því, að ef óskir koma um hliðstæðar greiðslur við þetta frá öðrum, um að koma Íslendingum heim frá öðrum löndum, svo sem Noregi, Svíþjóð, Englandi, Færeyjum, þá væri ekki vel hægt að standa á móti slíkum beiðnum, ef farið væri inn á þessa braut. Ég vil því beina því til hv. þm., hvort það sé ekki mögulegt að fá slíkt sem þetta greitt af sáttmálasjóði. Er hann ekki myndaður af fé, sem samið var um, að væri að hálfu eign Íslendinga og að hálfu eign Dana? Hann er kannske notaður til menningarstarfsemi. En ég teldi ekki óeðlilegt, að sá sjóður stæði að einhverju leyti undir þessari starfsemi. En ég vil taka það fram, að þó að fjvn. hafi ekki samþ., að þetta fé færi til Þorfinns, þá er það ekki af því, að hún hafi á nokkurn hátt vanmetið hans starf eða hafi nokkra andúð á málinu sjálfu, heldur vildi n. ekki skapa það fordæmi, sem skapað væri með því að taka þetta hér upp.

Út af brtt. frá hv. þm. Mýr. í sambandi við Hallgrím Helgason, þá lá erindi þetta, sem fram kom í sambandi við hann, fyrir fjvn. Það er ekki rétt hjá hv. þm., að hann hafi verið mörg undanfarin ár á fjárl. á þennan hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Hann var í nokkuð mörg ár á fjárl. í sambandi við allt önnur störf, þ. e. að kenna hljómlist við barnaskóla. Og framlagið var bundið við það. En þegar við fengum skýrslu frá fræðslumálastjóra um, að hann óskaði eftir, að sá kaleikur væri tekinn frá honum að hafa slíkan mann til að líta eftir þeim málum eins og Hallgrímur Helgason væri, þá þótti ekki ástæða til að taka hann til þess, ekki af því að hann væri ekki hæfur til þess, heldur af því frekar, að hann væri of hæfur til þess, af því að hann gæti ekki lagt sig niður við að kenna þessi mál, af því að hugur hans stefndi til annars hærra og meira starfs. Nú segi ég ekkert um Hallgrím Helgason annað en það, að honum hafi fundizt þetta of lítið starf fyrir sig, því að hann hafi ekki þar notið sinna hæfileika. Og þá var hann tekinn inn á fjárl. og styrktur til þess að safna þessum fræðum, sem hann hefur verið að safna. Fjvn. hefur lesið öll þessi vottorð, sem snerta þennan mann og borizt hafa, en hefur ekki fallizt á að taka þetta inn á fjárlög, m. a. vegna þess, að við álitum, að þegar búið er að taka til ákveðna upphæð á fjárl., sem skipta eigi á milli listamanna, þá eigi ekki að vera að stinga inn hingað og þangað einum og einum listamanni á fjárl. utan við heildarframlagið til þessara manna. (*GÞG:* Fjvn. leggur slíkt til. Hvers vegna leggur fjvn. þetta til á brtt. 611,49?). Ég skal segja hv. þm. það, að þetta eru námsstyrkir. Getur ekki hv. prófessorinn séð, að þetta eru ekki listamannastyrkir? Og það er sannarlega eðlilegt, að þetta hafi verið veitt á undanförnum árum, og það er þess vegna, sem þessir menn byggja á að fá þetta áfram. Og það er ekki ástæða fyrir neinn hv. þm. að blanda þessu saman við listamannastyrki. Þarna eru teknir upp námsstyrkir manna, sem eru sumir myndhöggvarar og einn stundar málfræðinám. Hins vegar væri rétt að taka alla námsstyrki í einu lagi og vera ekki með suma af þeim hér. En þetta eru gamlir námsstyrkir eða framhaldsnámsstyrkir til þeirra, sem áður hafa fengið slíka styrki, og ekki neinum nýjum bætt þarna við. En það gegnir allt öðru máli með Hallgrím Helgason en þetta námsfólk, sem um er að ræða í 49. brtt. fjvn. á þskj. 611. Og myndhöggvarar eru vel að því komnir að fá styrki, miðað við aðra listamenn, því að það er búið að bæta miklu betur hlut annarra listamanna heldur en þeirra, svo sem rithöfunda og tónlistarmanna, með því að Ísland hefur gengið í Bernarsambandið og með því að greiða þeim svo og svo mikið fyrir hvert verk, sem flutt er í útvarpi eftir þá, svo að þessir menn þurfa ekkert að kvarta, móts við það, sem áður var, nema síður sé. Og ég vil gjarnan spyrja í sambandi við Jóhann Tryggvason. Það var erindi hér fyrir Alþ. um að styrkja hann. Hvað fékk hann? Hann hefur barizt áfram á sinni menntabraut, án þess

að fá nokkurn tíma styrk til þess. Að vísu hefur hann fengið nokkurn styrk til þess að halda dóttur sinni við nám. Og að vísu hefur hún fengið styrk nú, en minni heldur en hún hefur fengið áður. En fjvn. sá sér ekki fært að taka upp styrk til Jóhanns, og álít ég þó, að hann ætti ekki síður að teljast þurfandi og verðugur fyrir slíkan styrk heldur en Hallgrímur Helgason — án þess að ég geri á nokkurn hátt lítið úr þeim manni.

Hv. þm. Ísaf. minntist á, að hann hefði orðið afskiptur við úthlutun á fé til hafnarmála á Ísafirði. Ég hef nokkuð lýst því áður, en vil í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að Ísafjörður átti þó ekki inni hjá ríkissjóði nema 47 þús. kr. Ég tel, að það sé ekki verið að beita ranglæti, þó að sé lagt til, að hann fái ekki meira en gert er ráð fyrir í till. eða meira en t. d. Skagaströnd, sem á inni á sjötta hundrað þúsund og Þorlákshöfn, sem á inni nærri því 700 þúsund, auk þess sem á Ísafirði er gömul höfn, gerð af náttúrunnar hendi. Og þó að þörf sé að gera þetta mannvirki, þá á það þó að fara eftir þeim reglum, sem ég hef minnzt á. Og einnig á að gera þetta fyrir þær tekjur, sem höfnin hefur á hverjum tíma, eða taka lán, eins og heimilað er í l. Ég álít síður en svo mesta þörf að hækka þennan stað. Ég skal ekki segja um þær framkvæmdir, sem hann segir, að liggi undir skemmdum, en ef það er, þá er það ekki fjvn. sök, heldur er það skipulaginu að kenna, að vinna verkið þannig, að til skemmda þyrfti að koma, því að það eru sannarlega erfiðari náttúruöflin annars staðar en á Ísafirði, sem er einhver bezta höfn landsins að undantekinni Akureyri.

Ég þarf ekki að svara hv. 10. landsk. Ég hef gert það í sambandi við það, sem ég sagði um Vestmannaeyjahöfn áður, og skal ég því hlaupa yfir það.

Þá vil ég segja nokkur orð við hv. 8. þm. Reykv. út af Kvenréttindafélagi Íslands. Hv. þm. bar fram tvær ástæður: ferðakostnað innanlands og landkynningu utanlands. Í sambandi við fyrri ástæðuna vil ég benda hv. flm. á, að ég hef margrætt þetta atriði við formann Kvenréttindafélags Íslands, að heppilegra væri að sameina þetta starfi Kvenfélagasambands Íslands, sem hefur fulltrúa úti um allt land. Ég sé ekki, hvers vegna það getur ekki farið saman. Ég skil ekki, hvað það er betra, að hvor aðilinn fyrir sig sendi fulltrúa út um land, kannske til að deila þar um mál. En ég veit, hvers vegna þetta er ekki gert. Það er af því, að þá er ekki hægt að hafa tvo formenn. Það er meginástæðan til þess, að ekki tekst að sameina félagsskapinn. Ég tel Kvenfélagasambandið vera svo merkilegan félagsskap, að það beri að styrkja þá starfsemi um allt land. Ég hef ekkert á móti Kvenréttindafélaginu heldur, en ég sé enga nauðsyn fyrir Alþingi að styrka þann félagsskap á borð við Kvenfélagasamband Íslands. Um síðari ástæðuna vil ég segja það, að ef um landkynningu er að ræða, þá vil ég þar vísa á Ferðaskrifstofu ríkisins og sjá, hvort ekki er hægt að fá þar framlag, því að hún stendur fyrir slíkri starfsemi, hefur til þess ákveðinn tekjustofn, og ég skal ekki vera móti því, að kona fengi þar eitthvað, ekki síður en karlmaður. Ég met mikils þau störf, sem kvenþjóðin hefur gert í landinu, en ég sé ekki ástæðu til að ætla sérstakt framlag til Kvenréttindafélagsins, sérstaklega eins og farið er fram á af hv. flm., og er því á móti till.

Hv. þm. Siglf. minntist á það, að hann ætti erfitt með að skilja, að n. lækkaði till. vitamálastjóra til Siglufjarðar. Það er af því, að hann hefur ekki sett sig inn í þær aðstæður, sem þar er um að ræða. Inneign Siglufjarðar er 300 þúsund. Till. fjvn. er, að Siglufjörður fái 130 þúsund. Akureyri á inni 740 þúsund og ætlar sér að gera stórvirki. Þó á hún ekki að fá nema 280 þúsund. Hér er því ekki gengið á rétt Siglufjarðar, nema síður sé. Ég vil benda hv. þm. á, að meðan hann hafði áhrifaaðstöðu sem bæjarstjóri á Siglufirði, vanrækti hann að láta höfnina hafa nógar tekjur til framkvæmda. Það er ekki fyrr en aðrir eru komnir, að það er gert. Þó hefur þessi höfn mesta tekjumöguleika af öllum höfnum landsins, að Reykjavík einni undantekinni. Það er fyrst nú fyrir 2—3 árum, að farið er að kippa þessum málum í almennilegt horf. Sannleikurinn er sá, að nauðsynlegt er að hafa miklu strangara eftirlit með því, hvort uppfyllt eru fyrirmæli l. um álagningu og innköllun hafnargjalda, svo sem l. mæla fyrir. Það er eðlilegt fyrir þá hv. þm., sem bera fram kveinstafi sína, að athuga þau mál vel hver heima hjá sér og láta niðurstöður slíkrar rannsóknar koma fyrir fjvn., áður en fénu er skipt.

Hv. þm. Siglf. ber einnig fram till. um byggingarstyrk til sjúkrahúss. Um þetta er ekkert erindi til fjvn. Ég minnist þess a. m. k. ekki að hafa séð erindi frá Siglufirði um styrk til byggingar sjúkrahúss í ár. En ég, eins og ég tók fram áðan, vil ekki, að fjvn. fari inn á það að skipta því fé, sem veitt er til sjúkrahúsa. Það var að vísu samþ. hér till. í fyrra um Ísafjörð, en það var ekki til byggingar sjúkrahúss, heldur til að halda við sjúkrahúsi, vegna þess að ekki var hægt að veita það af því fé, sem ætlað var til byggingar sjúkrahúsa. En mér skilst, að hér sé um að ræða nýtt sjúkrahús, og á því að fá hluta af því fé, sem veitt er til byggingar sjúkrahúsa á hverjum tíma. Nú liggja þessi mál þannig fyrir, að nú er stórkostlega aðkallandi að veita miklu meira fé vegna rekstrar spítalanna, m. a. vegna þvottahúss Landsspítalans. Það lágu fyrir fjvn. fullkomnar sannanir, að ef ekki er hægt að stækka þvottahús Landsspítalans, þarf að borga 5—6-falt fyrir þvottinn. Fjvn. hefur ekki tekið að sér að skipta þessu fé og mun ekki gera það að svo stöddu. Hins vegar hefur hún annars vegar farið eftir till. landlæknis og hins vegar till. ríkisstj., hversu mikið fé þyrfti á hverjum tíma. Landlæknir hefur haldið fram, að þyrfti meira fé en hann hefur fengið, m. a. vegna óska, sem komið hafa fram um sjúkrahúsbyggingu á Blönduósi, en það mál er mjög aðkallandi, og ef til vill líka á Siglufirði, en hæstv. ríkisstj. hefur óskað eftir, að það verði ekki tekið í fjárl. nú. Ég veit ekki heldur, hvað mikið það mál er undirbúið, ég skal ekki um það dæma, en ég held, að það sé rétt, að erindi hefur ekki legið fyrir fjvn., og hún hefur ekki heldur tekið að sér að skipta fénu, eins og ég tók fram. Ég hygg,

að ef um það verður að ræða, að fjvn. færi að skipta þessu, þá mundi það ekki valda minni ágreiningi en þótt því væri skipt áfram eins og það hefur verið, en það hefur ekki verið venja í fjvn., og ég vil ekki taka þá venju upp í þetta skipti.

Ég held, að það hafi ekki verið gerðar fleiri aths. frá hv. þm. en ég hef minnzt á. Ég þykist hafa gert grein fyrir því, hvers vegna við höfum ekki séð okkur fært að taka þennan og þennan lið upp. Ég vænti þess, að hv. þm. sætti sig við það og styðji fjvn. í að koma frv. í gegn á þann hátt, sem n. leggur til. Ég veit, að það eru fjölda mörg verkefni, sem þarf að sinna, en hv. þm. er kunnugt eins og okkur, að ekki er nægilegt fé til að sinna þeim öllum.

Ég læt svo máli mínu lokið að þessu sinni.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 646, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. form. fjvn. vék að því áðan í ræðu sinni, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. hefðu ekki valdið neinum erfiðleikum í störfum n., og vil ég þakka honum fyrir það þakkarávarp í okkar garð og undirstrika aðeins það, sem ég sagði í gær, að það hefði ekki staðið á mér eða hinum fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjvn. að taka undir till. í sparnaðaráttina, ef á þeim hefði örlað, en ekki varð vart við þær frá hendi hæstv. stj.

Hv. frsm. vék nokkuð að mér út af vissum atriðum í ræðu minni í gærkvöld. Hann var eins og hæstv. fjmrh. ákaflega lukkulegur yfir gengislækkuninni. Hann hélt fram, að þau spor, sem gengislækkunin markaði, væru frekar til hækkunar á tekjubálkinum en gjaldabálkinum. Nú er öllum hv. þm. kunnugt, að þau gullnu spor, sem gengislækkunin kann að marka í tekjubálkinn, hafa ekki fengið að sjá dagsins ljós enn þá, því að hæstv. fjmrh. hefur ekki enn lagt fram till. til fjvn. viðvíkjandi tekjuhliðinni. Ég veit, að það má hækka ýmsa liði þar vegna gengislækkunarinnar. Ég minntist á það í ræðu minni í gær, að t. d. mundi mega hækka verðtollinn um 58 millj. kr., eða a. m. k. 50—55%, en dró þó ekki dul á það, að það hefur ekki enn verið gert af hæstv. fjmrh.

Hins vegar sýndi ég fram á, að margir gjaldaliðir fjárlagafrv. hefðu stórhækkað af völdum gengislækkunarinnar, tilfærði tölur og sannaði mál mitt með mörgum dæmum. Hv. frsm. fjvn. viðurkenndi, að fiskmatið væri einn af þeim liðum í gjaldabálkinum, sem hefðu hækkað í frv. fjmrh., miðað við fjárl. síðasta árs, m. ö. o. að embættið verði í ár dýrara en í fyrra og eitt af þeim embættum, sem væru í þessu frv. fjárfrekari en á síðasta árs fjárl. Þetta sýnir áframhaldandi vöxt ríkisbáknsins eins og svo margt annað. Jafnframt lýsti hv. frsm. yfir, að þótt þessi starfsemi væri fjárfrekari en áður, þá væru stórgallar á henni, svo að íslenzk framleiðsla væri í nokkurri hættu, vegna þess að fiskmatið væri ekki nógu strangt eða nógu samvizkusamlega af hendi leyst, og er það því verra sem þessi starfsemi gerist fjárfrekari ár frá ári.

Út af því, að ég hafði í gær lýst yfir í ræðu minni, að eftirlit með verðlagsmálum og kostnaður við skömmtunarskrifstofu hefði hækkað úr 2,1 millj. kr. upp í 3496 þús. í frv., sagði hv. frsm., að ég hefði helzt, áður en ég gerði þetta að umtalsefni, átt að kynna mér afstöðu hæstv. fyrrv. ríkisstj. og flokksbróður míns, þáverandi viðskmrh., sem hefði ætlað af göflunum að ganga við afgreiðslu fjárl. síðast, út af því að fjvn. hefði þá ekki viljað fallast á hærri upphæð vegna þessa eftirlits en 2,1 millj. kr. Ég verð að segja hv. frsm. það, að ég tel enga ástæðu til að rannsaka afstöðu fyrrv. hæstv. ríkisstj. til þessa máls. Ég er aðeins að sýna fram á, að þarna hefur á einum lið orðið 1,4 millj. kr. hækkun frá því, sem fjárl. síðast gerðu ráð fyrir, þar til næsti fjmrh. lagði fram frv. um næsta árs fjárl. Til þess þurfti ég enga sögulega rannsókn, en ef ég hefði farið út í þá sálma, þá hefði það leitt til þeirrar niðurstöðu, að reynslan virðist hafa orðið nokkuð á líka leið og hæstv. fyrrv. viðskmrh. lét í ljós, að kostnaðurinn mundi verða, að til eftirlits með viðskiptum og verðlagi mundi þurfa 3½ millj. kr., sem hv. fjvn. vildi ekki trúa fyrir ári síðan, en verður nú að horfast í augu við sem staðreynd. Ég tók þetta sem eitt gleggsta sönnunargagnið gegn því, að hæstv. stj. hefði nokkuð reynt að draga úr útþenslu ríkisbáknsins, og tók þetta sem tilvalið dæmi. Það held ég verði ekki hrakið. Og svona dæmi hefði sannarlega ekki átt að finnast í fjárlögum eftir allt hjalið hjá stjórnarflokkunum báðum um viljann til að draga úr útþenslu ríkisbáknsins.

Hæstv. fjmrh. er hér nú ekki viðstaddur, en hann vék nokkuð að máli mínu í gær, og vildi ég svara honum nokkru. Í ræðu minni voru tekin fram tvö meginatriði. Í fyrsta lagi, að það er um að ræða stórfellda hækkun á mörgum liðum fjárlaganna, sem er bein afleiðing af gengislækkuninni. Í öðru lagi lagði ég áherzlu á það, að fjölda margir liðir fjárlaganna sýndu enn frekari útþenslu ríkisbáknsins. Hæstv. ráðh. reyndi að verja gengislækkunina, eftir því sem hann hafði fremst föng til, og benti fyrst og fremst á, að felldir hefðu verið niður stórir liðir, sem annars hefði orðið að taka upp á fjárl. — Það er rétt, að ríkissjóður hefur með þessari löggjöf losnað við stóran útgjaldalið, þar sem fiskábyrgðin var; en þrátt fyrir niðurfellingu þessara laga, og þó að allir skattar, sem notaðir voru til að standa undir þeim útgjöldum, renni eftir sem áður í ríkissjóð, þá er eftir sem áður 13 millj. kr. greiðsluhalli á fjárlögum, og þó eru enn eftir útgjaldaliðir, sem nema mörgum milljónum, ef ekki milljónatugum. Ég hef því ekki annað að segja við hæstv. ráðh. en það, að ég óska honum og stuðningsflokkum hæstv. ríkisstjórnar til hamingju með áhrif gengislækkunarinnar. Annars hefur mér nú heyrzt, að lukkan væri ekki alls staðar jafnmikil og að það væri nú ekki miklu auðveldara að koma saman fjárlögum nú en á síðastl. ári. Og meginatriðið í þessu máli er þetta, að þegar það er komið í ljós, að gengislækkunin hefur ekki létt á rík-

issjóði, þá er sýnilega að henni lítill fengur, þar sem vitað er á hinn bóginn, að 120 millj. kr. byrðar eru lagðar með henni á landslýðinn. Hafi slíkar álögur ekkert að segja fyrir bættan hag ríkissjóðs, þá er sýnilegt, út í hvaða ófæru hefur verið stefnt með slíkum ráðstöfunum. Og svo mikið er víst, að það eru engar 120 milljónir, sem vinnast í skattalétti vegna gengislækkunarinnar, en svo ætti að vera, ef jöfnuður væri á metunum.

Ég benti á það í gær sem sönnun fyrir því, að sparnaðarvilji ríkisstj. hefði ekki komið í ljós við afgreiðslu þessara fjárlaga, að dýr embættismaður fengi enn þá laun úr ríkissjóði, enda þótt hann væri nú búsettur í öðru landi. Hæstv. ráðh. lét sem sér væri ókunnugt um þetta, en formaður fjvn. viðurkenndi, að sér væri þetta kunnugt, en ríkisstj. mundi vera búin að semja við viðkomandi embættismann um þessa tilhögun. Ég tel þannig engan efa á því leika, að þetta hneykslismál sé byggt á fullum staðreyndum. Nú kynnu menn að segja, að maðurinn verði að fá greidd sín laun, þar sem ekki sé samkvæmt lögum hægt að svipta menn slíkum greiðslum nema með 6 mánaða fyrirvara. En þetta er mergur málsins, að verði ekki embættið lagt niður nú strax, þá verður það ekki gert fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Sé það svo, að ríkisstj. sé full af sparnaðaranda, þá á hún að leggja strax niður embætti þessa manns, sem orðinn er of ríkur til þess að geta lifað lengur hér á Íslandi.

Hæstv. ráðh. spurði, hvernig á því stæði, að við tveir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. skyldum ekki hafa komið fram með okkar till. til sparnaðar. Ég benti hins vegar á, að réttara væri, að hæstv. ríkisstj. hefði forustuna um nýja stefnu í fjármálum, heldur en stjórnarandstaðan. Og enda þótt það væri okkur sæmd að fá þessa „doríu" aftan í okkur, þá held ég við verðum að afbiðja okkur þann sóma, úr því að þeir eiga að heita að hafa forustuna. Þó vil ég leyfa mér að segja hæstv. fjmrh. það, að svo framarlega sem ég yrði var við ákveðinn vilja ríkisstj. sjálfrar til niðurskurðar og sparnaðar, þá skyldi ég þegar leggja fram till. um 10 embætti, sem vel mætti leggja niður, án þess að ríkisreksturinn biði við það hið minnsta afhroð. — Hins vegar væri rangt að gera slíkar till. sérstaklega, ef ekki væri um neinn allsherjar sparnað að ræða. Slíkan sparnað mætti framkvæma á fjölda mörgum sviðum og skera niður margt fleira en þessi 10 embætti, ef að því væri gengið af fullum vilja; og það tel ég að væri nú skylda Alþingis og ríkisstj., eftir að lagðar hafa verið á herðar alls almennings þær byrðar, sem gert hefur verið með gengislækkuninni.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun ekki tala langt mál; ég hef aðeins kvatt mér hljóðs vegna orða hæstv. fjmrh. í gær, en þar sem hann er ekki viðstaddur, sé ég ekki ástæðu til orðlenginga. Hann mótmælti því ekki, sem ég hélt fram, að málið væri með afbrigðum illa undirbúið. Hins vegar spurði hann, hvers vegna ég hefði ekki flutt brtt. til bóta. — Hv. 3. þm. Reykv. virtist hafa allt aðra skoðun um þá skyldu en hæstv. ráðh. Hann tók fram, sem rétt er, að ef nokkur niðurskurður á fjárlögum á að eiga sér stað, þá verður ríkisstj. að undirbúa það, en ekki þingmenn eða einstakir meðlimir þingnefnda. Þeir geta aðeins bent á ýmsa hluti, enda er það auðvelt, og má vera, að það verði gert á sínum tíma, ef ekki bólar á neinum till. í sparnaðarátt frá hæstv. ríkisstjórn.

En það var þessi spurning hæstv. fjmrh., hvers vegna við kæmum ekki með till. um sparnað. Henni hefur líka látlaust verið dengt yfir okkur í blöðum Framsfl., og það er vert að athuga, hvers eðlis hún er. Hvers konar frammistaða er það eiginlega hjá mönnunum, sem rufu stjórnarsamstarfið á s. l. sumri, að því er þeir töldu vegna þess, að þeir fengju ekki framgengt úrræðum sínum í dýrtíðarmálunum, unnu kosningar á þeim forsendum og hafa nú myndað stjórn og farið með hana um skeið — en í stað þess að koma fram með úrræði sín, auglýsa þeir eftir úrræðum stjórnarandstöðunnar? Sannleikurinn er sá, að slíkt hefur enginn ráðherra leyfi til að gera, sem sjálfur hefur tekizt þá ábyrgð á hendur.

Hæstv. ráðh. taldi sig hafa orðið eins konar píslarvott í sambandi við framlengingu á III. kafla dýrtíðarlaganna, og hafði um það píslarvætti þau orð, að ég og mínir flokksbræður hefðu notað um hann verstu ókvæðisorð tungunnar af því tilefni. Þetta er nú ofmælt. Hins vegar var hann minntur á það, að þá var með lögum verið að afnema skatt á efnaðri borgara — eignaraukaskattinn frá 1947. Og vegna þess að sá skattur var afnuminn, eru nú hátt á þriðju millj. kr. hærri útgjöld á þessum fjárlögum en ella hefði þurft að vera. Það var þetta, sem hæstv. ráðh. var minntur á.

Hv. frsm. meiri hl. n. tók hér skýrt fram, að sumir þeir gjaldaliðir, sem hér hafa verið gagnrýndir, t. d. í sambandi við viðskipta- og verðlagsmál, væru enn óafgreiddir í n.; og af þeim sökum hef ég ekki komið fram með brtt. um þá liði. Svo er um eitt stærsta atriðið — tekjuliði á 2. gr., að það er óafgreitt í n., og það er ekki mögulegt fyrir minni hl. n. að koma fram með sérálit, áður en n. hefur komið með sínar till.

Ég þykist hafa svarað hæstv. ráðh. nægilega og mun ekki orðlengja þetta frekar, einkum þar sem hann er hér ekki viðstaddur.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. formaður fjvn. hélt hér allmikinn reiðilestur bæði yfir mér og öðrum, sem gerðu athugasemdir hér, og undraði mig sá lestur hans því meira, þar sem niðurstaðan var sú hjá okkur þm. Eyfirðinga, að við mundum sætta okkur við gerðir n. Við töldum, að þeim yrði að hlíta, þar sem svo margt mundi fara úr skorðum, ef farið yrði að berjast fyrir brtt. Mig undraði því mjög hans afstaða; og ekki fann ég heldur, að hann hrekti það, sem ég sagði, enda er illt að stangast við tölur. Ég hafði borið saman nokkrar tölur úr till. fjvn., og ég tel, að það standi óhrakið, að Eyjafjörður sé þar neðarlega á blaði.

Ég hefði nú ekki farið að svara hv. þm., ef

ekki hefði svo staðið á, að hann bar mig ákveðnum sökum, og eftir orðanna hljóðan voru það þungar sakir. Hann taldi, að ég bæri ábyrgð á því, að lengi fram eftir hefði lítið fé verið veitt til Barðastrandarsýslu úr ríkissjóði. Ég kannast nú alls ekki við, að ég beri sérstaka ábyrgð á þessu. Ég hef lengi haft þann sið, og að ég held síðan ég kom fyrst á þing, að styðja frekar að því en hitt, að till. fjvn. væru samþykktar, sökum þess, að sé þetta ekki gert, þá fer allt á ringulreið með afgreiðslu fjárlaga. Og viðvíkjandi Barðastrandarsýslu hygg ég, að ég hafi oftast greitt atkvæði með því, sem fjvn. lagði til hverju sinni. Ég leyfi mér því að vona, að hv. þm. taki þetta aftur, að ég hafi verið einhver sérstakur böðull Barðastrandarsýslu.

Hv. þm. bar saman nokkur héruð, ekki tölulega þó, og taldi ástandið svo gott í Eyjafirði, að hann ætti að sitja á hakanum um fjárveitingar í samanburði við önnur héruð. Eitt af því, sem hann taldi fram til stuðnings því, að Barðastrandarsýsla ætti heimtingu á miklu fé til vega og hafna, var það, að lömb væru seld þaðan til Eyjafjarðar og fleiri héraða á fæti. Ég hef nú haldið, að Barðstrendingar fengju fullt verð fyrir líflömb og engu minna en lömb til slátrunar, og sem bóndi mundi ég heldur kjósa að geta selt lömb mín til lífs. Það þarf heldur ekki sérstaklega vandaða akvegi til þess að reka eftir lömb, og gömlu göturnar munu jafnvel vera betri rekstrarleið. Ég er þó ekkert að telja það sérstaklega eftir, þótt Barðastrandarsýslu sé ætlað mikið fé til vega úr ríkissjóði; þörfin er mikil ekki síður en annars staðar, og framan af var sýslan afskipt í því efni. En það var ekki mér að kenna, heldur fyrst og fremst legu sýslunnar. Af þeim ástæðum varð hún kannske nokkuð á eftir héruðum eins og Eyjafirði. En annars er nú ekki ýkja langt síðan þar var ekki mikið um vegarspotta, sem akfærir væru bifreiðum.

Þá talaði hv. þm. um það, sem hann hefur nú vikið að stundum fyrr, að í Eyjafirði lægi þjóðvegur fram dal öðrum megin ár og aftur niður hinum megin. Ég held nú, að þetta sé reyndar ekkert einsdæmi. T. d. er Skagafjörður engu miður vegaður en Eyjafjörður, og liggur þar þjóðvegur beggja vegna Héraðsvatna, og er veitt til hans meira fé en Eyjafirði er ætlað. Á Suðurlandsundirlendi liggja vegirnir þannig ekki einasta báðum megin við árnar, heldur er þar hægt að aka hring innan í hring, og þarf ekki annað en líta á vegakortið til þess að sjá þetta. Til Barðastrandarsýslu hef ég ekki komið, svo að ég hafi séð með eigin augum, hvernig þessu er þar háttað. En hitt er víst, að síðan hv. form. fjvn. tók við þeirri stöðu, þá hefur sú sýsla langt frá því verið afskipt um framlög til vegalagninga.

Þá vildi hv. þm. telja Öxnadalsheiði til Eyjafjarðar. Ég fullyrði nú, að það eru a. m. k. fleiri reykvískir bílar, sem fara um Öxnadalsheiði heldur en bílar frá Akureyri. Vegalagning þar er alþjóðarmál, en ekki sérmál Eyjafjarðar. En eigi sá vegur að teljast til Eyjafjarðar, þá sýnir það aðeins hug hv. form. fjvn. til þess héraðs, að framlagið til Öxnadalsheiðarvegar mun hafa verið lækkað frá því, sem upphaflega var ætlað. Og ekkert hef ég raunar við það að athuga. Ég læt svo útrætt um þetta, enda engin þörf að ræða það frekar, þar sem engin krafa liggur fyrir í þessum efnum. — En ég get ekki stillt mig um að koma lítillega að ræktunarvegunum. Hv. form. fjvn. gerði enga tilraun til að sanna, að rétt væri, að Hrísey væri miklu lægri en Flatey, en rökin fyrir því, að svo væri, sagði hann að væru þau, að svona hefði þetta verið í fyrra. Ef því væri fylgt í mannsaldra, að svona hefði það verið í fyrra, hvernig væri þá statt með vegina í Barðastrandarsýslu? Ég held, að það yrði skrýtin útkoma úr því, ef haga ætti afgreiðslu fjárlaga á þann hátt. Þá sagði hv. form., að ekki hefði verið hægt að hækka fjárveitinguna til Hríseyjar, nema hækka fjárveitinguna í heild. Ég vil neita þessu. Það er engin ástæða til þess, að Vestmannaeyjar fái endilega 30 þús. kr. og Flatey 10 þús. kr., og hefði aðeins þurft að taka lítið af þeim hvorri fyrir sig, til þess að Hrísey hefði fengið örlítið meira. Hv. form. fjvn. sagði að Flateyingar hefðu tekið á sig stórar fórnir í öðrum efnum, en ég vil þá taka það fram, að Hríseyingar hafa nú í hyggju að koma upp hjá sér höfn, og það geta þeir ekki gert án þess að leggja mikið á sig. Þá hefur hv. form. misskilið það, sem ég sagði, að mér hefði ekki verið gefinn kostur á að ræða þetta við n. og mundi ekki sætta mig við till. n. í þessum efnum. Ég gekk inn á að sætta mig við vegina og þeir nm., sem ég átti kost á að ræða við, þ. e. fulltrúar Framsfl., sögðu, að ekki væri búið að ganga frá fjárveitingum til ræktunarveganna. — Ég vil svo þakka hv. form., að hann hefur boðið mér að ræða við sig um þau mál, sem ég vilji, en þar sem þetta hefur verið rætt á flokksfundi í Framsfl. og sennilega einnig í Sjálfstfl., þá er eðlilegast að afgreiða það þar. Ég vil hærri fjárveitingu til ræktunarvegar í Hrísey, og það liggur fyrir ósk um það í fjvn., að upphæð sú, sem til þess er varið, verði þrisvar sinnum hærri en nú er.

Ég vil þá þakka hv. form. fjvn., að hann tók vel í brtt. mína um styrk til Þorfinns Kristjánssonar í Kaupmannahöfn og viðurkenningarorð um þann mann. Starf hans hefur verið unnið í óeigingjörnum tilgangi, en ég er ekki sammála hv. þm. um það, að verði till. þessi samþ., sé verið að marka nýja stefnu í þessum efnum, því að ég veit ekki betur en oftar en einu sinni hafi Íslendingum í Ameríku verið boðið heim á kostnað ríkisins. Og það, sem Þjóðræknisfélagið í Vesturheimi fær, er ekki óskylt þessu, svo að ég fæ ekki séð, að hér sé verið að marka neina nýja stefnu. Ég hef ekkert manntal yfir það, hve margir Íslendingar séu í hverju landi, en ég held, að fyrir utan Bandaríkin og Kanada séu þeir flestir í Danmörku, og við höfum haft meiri skipti við þá og meira gagn af Íslendingum búsettum þar en nokkrum öðrum, og það held ég að allir muni vera sammála um. Ég væri fús til að taka till. mína aftur, ef ég sæi einhverja aðra leið til þess, að Þorfinnur fengi þennan styrk. Hv. form. benti á sáttmálasjóð, en ég held, að hann muni varla veita styrk í þessu skyni. Hann er undir

stjórn háskólans, og ég held eingöngu varið fé úr honum í vísindaskyni. Það mætti athuga þetta milli umr., og ef ég sæi, að líklegt væri, að hægt væri að ná þessu takmarki með öðru móti, þá mundi ég taka till. aftur að fullu, en nú er hún aðeins tekin aftur til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ræða hv. frsm. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð, en á meðan ég beið eftir því, að röðin kæmi að mér, hef ég hlustað á ræður manna, m. a. hv. 6. landsk., sem var mjög hneykslaður yfir þenslu á kostnaði við fiskmat. Ég held, að hægt hefði verið að finna annað heppilegra dæmi um þenslu á opinberum rekstri en fiskmatið. Ég greip ekki summuna, sem hv. þm. nefndi, en mér fundust tölur þær, sem hann hafði tanna á milli, svo háar, að ég held, að hann hafi slengt öllu mati saman, ullarmati, kjötmati o. fl. Ef fiskmatið er allt tekið, þá hefur ekki orðið ægileg þensla á því, og hægt að sýna af hverju hún stafar. Ég vil benda á það, að í fjárl. fyrir 1948 er kostnaður við mat á freðfiski, ísfiski og saltfiski áætlaður 363900 kr. og auk þess á fiskmatið þátt í lið, sem nefndur er „Ferðakostnaður matsmanna" og er 89300 kr. 1948 var svo flutt á Alþ. frv. að minni tilhlutan um að samræma mat á salt- og freðfiski í sparnaðarskyni. En þær vonir hafa ekki að fullu rætzt, en að því liggja augljós rök. En af þessari sameiningu var gert ráð fyrir að leiddi lítils háttar sparnað, og gerði rn. 1949 ráð fyrir 332 þús. kr. fyrir þetta sama mat, og ef þetta tvennt: álit Alþ. 1948 og álit rn. 1949 — er borið saman, þá er nú gert ráð fyrir lægri upphæð í fiskmatið en var. Ég sagði áðan, að vonir þær, sem staðið höfðu til að lækka fiskmatið, hefðu ekki rætzt eins og gert hafði verið ráð fyrir, en það hefur sínar ástæður. Frá 1948 hefur þeim stöðum og hraðfrystihúsum, sem matsmenn þurfa að hafa eftirlit með, stórfjölgað, þannig að mannaflinn frá 1948 reyndist of lítill, svo að taka varð aukamenn nokkurn tíma ársins. Um matið að öðru leyti, þá er það sízt hægara en var fyrir stríð. Landsmenn nutu ávaxtanna af starfi hins fræga föður fiskmatsins hér á landi og samstarfsmanna hans fram að stríði, en á stríðsárunum spilltist þetta allt og meðferðin varð lakari. Menn urðu hirðulausari í þessum efnum, þegar ekki þurfti annað að gera en róta fiskinum upp úr bátunum og út í ísskipin. Það hefur því mikið týnzt niður í saltfiskverkun á stríðsárunum og stórum verra að fá meðal sjómanna og verkamanna góða verkunarmenn á saltfisk en áður var. Þetta eykur á erfiðleika matsins, og síðan matið herti aftur á kröfunum, hafa sífelldar kvartanir verið að koma til rn. frá fiskeigendum um of strangt mat. Ég vildi geta þessa til að sýna, að ekki er réttmætt að leggja harða dóma á matsmennina, sem nú eru að stríða við að koma á hollari og betri verkun á fiskinum, svo að fiskverkun komist hér aftur á sama svið og var fyrir stríð, því að það er höfuðnauðsyn að koma sama orði á íslenzka fiskinn og var fyrir stríð, að hann væri betri vara en keppinautar okkar bjóða. Að þessu stefnir nú fiskmatið, og mun rn. styðja þá viðleitni. Þetta var því ekki heppilega valið dæmi, og hafi þjóðin ekki efni á að verja nokkru fé í þessu skyni, þá hefur hún ekki efni á að verja ýmsum þeim upphæðum, sem nú eru á fjárl. og eru látnar óátaldar.

Út af ummælum hv. form. varðandi brtt. mína um flugvelli vil ég segja það, að ég skal fúslega draga till. mína aftur til 3. umr., þar eð hann hét því fyrir hönd fjvn. að draga til baka í bili brtt. á þskj. 611, því að mín brtt. er við þá brtt. Hv. frsm. drap á það, að hæstv. ráðh. hefði átt að segja það, að upphæð sú, sem fjárlfrv. ætlaði til þessa, væri hærri en svo, að fjárhagsráð vildi samþ. hana, og mér skildist, að hann vildi með því segja, að ekki þýddi að deila við dómarann, en ég vil þá spyrja: Ræður fjárhagsráð því, hvað fer til nýrra vega, þar sem ekkert útlent efni er notað? — Ég held það tæplega, og sé svo ekki, þá hefur það varla heldur afskipti af flugvallaendurbótum og byggingu, þar sem minnst er notað erlent efni og aðalvinnan er fólgin í því að slétta land fyrir fluglendingar. Og þótt vitnað sé til fjárhagsráðs, þá finnst mér, að Alþ. verði að ráða um það, hvort flugvöllum er haldið við og aðrir nýir byggðir. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en vonast eftir því, þegar till. verða teknar fyrir til 3. umr. og viðræður hafa farið fram milli n. og réttra aðila, að heppilegri lausn fáist í flugvallarmálunum en blasir nú við á þskj. 611.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu áðan, þá gleymdi ég að minnast á brtt. á þskj. 632 frá meiri hl. fjvn., en þær eru flestar leiðréttingar við aðaltill., svo að ég ræði þær ekki frekar, en þær eru nauðsynlegar áður en til atkvgr. kemur. Þó er einn nýr liður við 18. gr., en það er til Árna Bjarnasonar fyrrv. varðar í Alþ., sem af vangá hafði fallið niður í aðaltill.

Út af því, sem hv. 6. landsk. lauk máli sínu með, vil ég benda á það, að ég vil ekki ræða nú hið stórpólitíska mál, gengislækkunina, en ég vil benda á það, að á síðasta ári urðu nokkrar umr. milli okkar hv. þm. Hafnf., þar sem hann sagði, að hann mundi aldrei samþ. gengislækkun fyrr en allar aðrar leiðir væru lokaðar, en hann fann þá enga aðra leið. En það sorglega er ekki það, að gengið var fellt, heldur það, að vegna Alþfl. var það ekki gert nógu snemma, svo að nú er byrði verkamanna af þeim sökum meiri en þurft hefði að vera. Í stað fiskábyrgðarinnar hefði strax átt að skrá gengið rétt, en Alþfl. stóð alltaf á móti því og heimtaði skatta og ábyrgðir og þar af leiðandi meiri byrðar á þjóðina í stað gengislækkunar, þó að gengið væri fyrir löngu fallið. En það versta var þó, þegar þessi hv. þm. lét skrá tvöfalt gengi í landinu. Hv. 6. landsk. ásakaði ríkisstj. fyrir að fara ekki inn á sparnaðarleiðina, en ég tek undir með hæstv. fjmrh., að ekki hafi gefizt mikill tími til slíks, því að hver barðist fastast á móti sparnaði á s. l. ári? Það var Alþfl., og þá urðum við að nota kommúnista til að reyna að spara marga liði, sem Alþfl. var á móti. Vegna þessarar andstöðu Alþfl. varð að fresta atkvgr. um fjárl. í 14 daga, en auðvitað hafði Alþfl. ekki annan tilgang en drepa till. fjvn. Hins vegar hljóta allir að sjá, að fjvn. getur ekki kippt öllu

í lag á einum degi, og þess vegna hefur sumt af athugunum hennar ekki verið annað en undirbúningur að frekari sparnaðaraðgerðum. Hún hefur meðal annars gert tilraun til að leysa eitt stórhneyskli í opinberum rekstri, en það er bifreiðarekstur ríkisins. Á þeim rekstri hefur ríkið tapað hundruðum þúsunda undanfarin ár, en þrátt fyrir það hefur ekki mátt við honum hrófla, enda um að ræða brjóstmylking þm. Hafnf., sem hann hefur fóðrað á orlofssjóði, þegar annað fé hefur ekki verið í handraðanum til að standa undir tapinu. Það hefur líka mætt harðri mótspyrnu, ef lagt hefur verið til að leggja niður óþörf embætti, og má í því sambandi minna á húsaleigunefndina, sem Alþfl. gerði að launuðum starfsmönnum hins opinbera, enda þótt lítið gott hafi af henni leitt. Var það ekki líka Alþfl., sem ákvað að skipa sérstaka nefnd til að úthluta „Renaultbílunum", sem frægt er orðið, enda hefur heyrzt, að form., sem auðvitað var einn af gæðingum Alþfl., hafi úthlutað sér fyrstu 4 bílunum? En sú nefnd kostaði nú ekki minna en 36 þús. kr. Og það mætti halda áfram að telja upp ráðstafanir hv. Alþfl., sem ekki eru betri en þær, sem ég hef lýst hér.

Hv. 5. landsk. var að tala um eignaraukaskattinn og átelja, að hann skyldi ekki vera innheimtur. Sannleikurinn í því máli er sá, að það var ekki búið að reikna hann út og þar af leiðandi ekki hægt að innheimta hann, nema hann hefði verið lagður á af handahófi. Annars verð ég að segja, að það er heldur lítið til að tala um, ef ekki er hægt að finna aðra gagnrýni.

Ég ætla þá að svara hv. þm. Eyf. nokkrum orðum. Hann virðist hafa tekið eitthvað rangt eftir, ef hann hefur heyrt mig tala um sig sem böðul Barðastrandarsýslu. Hitt er staðreynd, að á árunum 1931—42 fór Framsfl. með umboð fyrir þessa sýslu og vanrækti þá að sinna nauðsynlegum framkvæmdum í sýslunni, svo að hún hefur dregizt aftur úr bæði í hafnargerð og vegabótum. Þess vegna sagði ég og stend við, að Framsfl. hafi verið böðull á þessari sýslu, meðan hann fór þar með umboð. Þessi hv. þm. var að kvarta um, að lítið væri lagt til samgöngubóta í Eyjafjarðarsýslu, og miðaði í því sambandi við ýmis önnur héruð, eins og t. d. Barðastrandarsýslu. Ég vil leyfa mér að benda þessum hv. þm. á, hvað áður er búið að leggja bæði í vegi og hafnarbætur í Eyjafirði, og sömuleiðis biðja hann að gera samanburð á samgöngum í Eyjafirði og Barðastrandarsýslu. Annars kom hinn rétti hugsunarháttur Framsfl. fram í þeim orðum áðan, að Barðstrendingar þyrftu ekki akvegi til að reka lömbin eftir til Eyjafjarðar. Sannleikurinn er sá, að Barðastrandarsýsla hefur verið afskipt bæði í sambandi við samgöngur og hafnarbætur, og það er engin leið að ætlast til, að bændur í Barðastrandarsýslu sætti sig við að flytja allar sínar afurðir og aðdrætti á klökkum, eins og víða er enn, og verði ekki úr þessu bætt, þá geta Eyfirðingar ekki vænzt þess að fá lömb úr Barðastrandarsýslu. Þetta er kjarni málsins, og það er alveg víst, að fólkið hættir að búa á þessum stöðum, sem engar samgöngur hafa, nema úr verði bætt. — Hv. þm. vildi ekki fallast á, að Öxnadalsheiðarvegur væri fyrir Eyjafjörð, en vill hann þá halda því fram, að vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði sé fyrir Barðastrandarsýslu? Annars er alveg skakkt að halda því fram, að sérstakir vegir séu fyrir ákveðin héruð. Þessir vegir eru til að tengja saman landshluta og eru þar af leiðandi fyrir þjóðina í heild. — Hv. þm. Eyf. var eitthvað að kvarta yfir, að fjvn. hefði ekki tekið til greina sem skyldi beiðni um ræktunarveg í Hrísey. Ég man bara alls ekki, að á þennan veg væri minnzt í skýrslu vegamálastjóra, en hins vegar hefði það verið athugað, ef það hefði legið fyrir, og í sambandi við ofsjónir þessa hv. þm. út af framlagi til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, vil ég benda á þær erfiðu aðstæður, sem Vestmannaeyjar eiga við að glíma varðandi mjólkurkaup og mjólkurframleiðslu. — Ég vil svo leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir að taka till. sína varðandi Þorfinn Kristjánsson aftur og mun ræða hana nánar í nefndinni og freista að ná samkomulagi um það mál.

Í sambandi við till. þm. Vestm. varðandi vitabyggingu, þá get ég fallizt á nauðsyn þess að byggja vita, en það er bara svo víða þörf og vandasamt að meta, hvar hún er mest, og auk þess komið undir fjárhagsráði, hversu mikil leyfi verða veitt í því skyni.

Út af till. þm. Siglf. við 22. gr. um styrk til vatnsveitna, þá vil ég benda á, að það er til heimild í lögum um það atriði og því þýðingarlaust að samþ. það í þessu sambandi. Hins vegar hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um, hvað mikil lán verði veitt til vatnsveitna, en um það liggja nú beiðnir bæði frá Ísafirði og Kópavogshreppi. Þetta atriði mun verða athugað fyrir 3. umr., en frekari samþykktir um heimild tel ég þýðingarlausar, og vildi ég því óska eftir, að till. yrði tekin aftur og n. gefinn kostur á að athuga málið.

Að síðustu vil ég minnast á till. þm. A-Húnv. um fyrirhleðslu á jörðum, sem hann hefur gert grein fyrir. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það mál, en hins vegar hefur það verið sent til umsagnar vegamálastjóra.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða fram komnar brtt. frekar á þessu stigi málsins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég tel mig eiga rétt samkv. þingsköpum til að svara svigurmælum form. fjvn., þó að ég hafi talað tvisvar. Ég hef verið að velta því fyrir mér undir þessum umr., hvað form. fjvn. hefur verið prúður og spaklátur, og eiginlega hef ég nú sett það í samband við það, að hann er lasinn. En nú þegar hann tók að nota illyrði og gífuryrði, þá heyrði ég, að hann er farinn að rakna við, og fagna ég því, að hv. form. fjvn. er að verða heilbrigður, enda þótt því fylgi þessi ljóður á ráði hans. Þessi hv. þm. segir, að það sé sök Alþfl., að ekki hafi verið horfið að gengislækkun 1946. Ég lýsi þetta sem bein ósannindi, vegna þess að tilmæli um slíkt komu aldrei fram. Hins vegar játa ég, að ef slík till. hefði komið fram, þá teldi ég það Alþfl. til sæmdar að koma í veg fyrir, að hún næði fram að ganga. Það vita allir, að gengislækkunin var undirbúin 1949 og þá fenginn íslenzk-ameríkur sérfræðingur til að gera þessa lækningu. Þegar svo stj. sá þetta pródúkt, þá varð Framsfl.

heillaður, en Sjálfstfl. þorði ekki að viðurkenna hrifningu sína strax. Hins vegar mótmælti Alþfl. þessari leið þegar fyrir kosningar og heldur enn við þá sömu skoðun sína. Í sambandi við þessi lög hefur Alþfl., eftir að hafa varað við þessari leið, ekki getað gert annað en óskað, að þessum gengislækkunarpostulum verði að trú sinni, enda þótt hann hafi séð fyrir, að hún yrði þeim til skammar. Þetta er líka nú þegar að koma á daginn, og er það haft eftir einum þm. Framsfl., að hann hafi sagt á fundi austur á Selfossi, að ef hann hefði vitað, hvaða afleiðingar gengislækkunin hefði fyrir bændur, þá hefði hann aldrei fylgt henni. Svo er hv. þm. Barð. að ásaka Alþfl., eða er það kannske Alþfl. að kenna, að sjómönnum og útgerðarmönnum var lofað 93 aura verði fyrir fiskinn eftir gengislækkunina, sem svo hefur algerlega verið svikið, og lítur út fyrir að leiða til algerrar stöðvunar á útveginum, nema nýtt ábyrgðarverð komi til? Nei, hv. þm. Barð., Alþfl. á þar engan hlut að máli.

Þegar hv. form. fjvn. kom til heilsu, fór hann að ræða hneykslismál, sem hann kallaði, og kenndi Alþfl. um. Hann nefndi í því sambandi rekstur á sérleyfisleiðinni til Hafnarfjarðar og talaði um, að nú ætti að létta því hneyksli af. Sannleikurinn í þessu máli er sá, að ríkið tók þennan rekstur að sér, þegar einstaklingar vildu hann ekki, því að þeir töldu sig ekki geta grætt nægilega á honum, og hefur hann síðan verið rekinn með miklu betri tækjum, en ef til vill nokkrum halla, sem stafar af byrjunarörðugleikum fyrst og fremst. Það er því ekkert annað en löngun til að vera með gífuryrði að kalla þann rekstur hneyksli.

Þá vildi form. fjvn. kenna Alþfl., að húsaleigunefndin var sett. Ég verð nú að segja, að ég hef ekki hitt þann mann, sem ekki viðurkennir, að húsaleigunefndin hafi gert margt vel, og þó að sú skipan eigi nú ekki öll við lengur, er ekki um að sakast. Og ég segi fyrir mig, að ég harma ekki, þó að nokkrir húsaleiguokrarar hafi verið stöðvaðir í braski sínu, en það hefur húsaleigunefndin vissulega gert.

Þá ræddi þm. Barð. um, að Alþfl. hefði átt form. í nefnd, sem úthlutaði bílum. Ég geri ráð fyrir, að hann eigi hér við Renaultbílana, sem hv. flokksbróðir hans flutti inn í leyfisleysi. Ég fullyrði, að þessi maður úthlutaði sér ekki neinum 4 bílum, og satt að segja undrast ég, að hv. form. fjvn. skuli láta út úr sér slík ósannindi og dylgjur um fjarstadda menn, enda vænti ég, að hann taki þessi ummæli sín aftur.

Hv. þm. Vestm. sagði, að auðvelt væri að gera grein fyrir, hvers vegna upphæðin vegna fiskmatsins hefði hækkað. Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt, enda værum við illa settir, ef það væri ekki hægt. Hins vegar breytir það ekki þeim tölfræðilegu staðreyndum, að þessi útgjöld hafa hækkað úr 237 þús. kr. í 332 þús. kr. Þá játaði þm., að ófærður hefði verið ferðakostnaður matsmanna, og hækkar hann gjöldin um **30 þús. kr., svo að samtals** er upphæðin 362 þús. kr. Þetta tel ég nú allverulega hækkun, þar sem um er að ræða á annað hundrað þús. kr., enda þótt þm. Vestm. sé ánægður með útkomuna.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. landsk. sagði, að ég hefði verið að bera sakir á sig. Þetta er algerlega rangt, og ég get fullvissað hann um það, að það er hann, sem er að versna. Þessi hv. þm. var hér með tilraunir til að verja sinn flokk, þó að heldur tækist það erfiðlega, sem eðlilegt var. Hv. þm. er svo reiður af því, að ég upplýsti, hvernig flokkur hans hefði notað sína aðstöðu, þegar hann var í ríkisstj., og ekki hugsað um það, þótt fjárlög hækkuðu þá. — Það er hneykslanlegt, hvernig ríkið hefur rekið sérleyfisferðirnar norður. Þar eru vegir beztir og sérleyfishafar græddu mikla peninga. Ráðherrann hélt, að hægt væri að græða á þessu, og lagði sérleyfisferðirnar undir ríkið, en það fór á annan veg, því að minna varð um gróðann. Það var hneyksli að leggja þessar sérleyfisferðir undir ríkið og láta það borga með þeim. — Þá hefur hv. 6. landsk. blandað saman húsaleigunefnd og húsaleigulögunum. Ég hef ekki ásakað hæstv. fyrrv. ráðh. Alþfl. fyrir húsaleigulögin, heldur fyrir það að hækka grunnlaun þeirra manna, sem voru í húsaleigunefnd. Það kemur berlega í ljós, að hv. þm. veit ekki, um hvað hann er að tala. Hann ætti ekki að vera að belgja sig upp með alls konar vitleysu. — Þá var hv. þm. að segja, að ég ætti að taka það aftur, að ég hefði heyrt, að maður nokkur hefði úthlutað sjálfum sér 4 bílum, og ég veit, að hv. þm. hefur heyrt þetta líka. (*HV:* Hvað heitir þessi maður?) Það kemur ekki málinu við, en þetta er staðreynd. (*HV:* Hv. þm. þorir ekki að nefna manninn, af því að hann veit, að hann er að ljúga.) Hví er hv. 6. landsk. að segja þetta? Hann veit, að þetta stendur í þingskjölum. Hv. þm. ætti ekki að vera svona æstur. Ég hef aðeins borið hér fram staðreyndir, að Alþfl. hafi ekki notað sína aðstöðu til að spara, heldur þveröfugt, og væri hægt að nefna mýmörg dæmi um þetta. — Varðandi ummæli hv. þm. um áhrif gengislækkunarinnar á fjárlögin, gæti ég rekið það allt ofan í hann aftur, en gengislækkun er hér ekki á dagskrá, og læt ég hér staðar numið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 611,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 611,2 (I—II) samþ. með 34 shlj. atkv.
— 611,2 (Eignabreytingar landssímans) teknar aftur til 3. umr.
— 611,3 samþ. með 35:1 atkv.
— 611,4 samþ. með 34 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 611,5 samþ. með 29 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 611,6—7 samþ. með 33 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 611,8 samþ. með 31:4 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 611,9—12 samþ. með 35 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 32:1 atkv.
Brtt. 611,13 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 611,14.a—d samþ. með 35 shlj. atkv.
— 611,14.e samþ. með 29:9 atkv.
— 611,15—23 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 633,I.1 felld með 31:11 atkv.
— 611,24 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 646,I felld með 31:10 atkv.
— 611,25—26 samþ. með 41 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 611,27.1—68 (með leiðréttingu í brtt. 632,1) samþ. með 40 shlj. atkv.
— 633,I.2 felld með 31:11 atkv.
— 611,27.69—141 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 611,28 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 611,29 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 644,I tekin aftur til 3. umr.
— 611,30 samþ. með 38:1 atkv.
— 611,31 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 630,1 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 611,32—36.a.1—10 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 633,II felld með 31:10 atkv.
— 611,36.a.11—14 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 646,II felld með 31:16 atkv.
— 611,36.a.15—25 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 646,III.1 felld með 34:9 atkv.
— 646,III.1, varatill. felld með 33:14 atkv.
— 611,36.a.26—28 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 633,III felld með 32:10 atkv.
— 611,36.a.29 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 632,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 611,36.a.30 kom ekki til atkv.
— 611,36.a.31—32 samþ. með 38 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er einn liður í þeim brtt., sem næst verða bornar upp, 16. liðurinn, sem snertir mitt kjördæmi, þ. e. a. s. Hindisvík, og vildi ég fara fram á, að hann yrði tekinn aftur til 3. umr., því að þetta atriði þarf frekari athugunar við.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég mun verða við þeim tilmælum hv. þm. V-Húnv. að taka þennan lið brtt. aftur til 3. umr.

Brtt. 611,36.b.1—15 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 611,36.b.16 tekin aftur til 3. umr.
— 611,36.b.17 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 644,II tekin aftur til 3. umr.
— 611,36.b.18 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 632,3.a samþ. með 39:1 atkv.
— 611,36.b.19—24 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 632,3.b. samþ. með 31 shlj. atkv.
— 611,36.b.25—30 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 632,3.c samþ. með 42 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Samkv. ósk hæstv. fjmrh. er brtt. 611,37.a tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 611,37.a tekin aftur til 3. umr.
— 633,IV tekin aftur til 3. umr.
— 611,37.b samþ. með 44 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 611,38.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 611,38.b samþ. með 40:1 atkv.
Brtt. 611,39 samþ. með 33:3 atkv.
— 633,V.a felld með 33:8 atkv.
— 611,40.a samþ. með 41 shlj. atkv.
— 633,V.b felld með 32:11 atkv.
— 611,40.b—c samþ. með 43 shlj. atkv.
— 633,VI felld með 33:10 atkv.
— 611,41 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 633,VII tekin aftur til 3. umr.
— 611,42—43 samþ. með 43:1 atkv.
— 611,44 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 633,VIII.a—b teknar aftur til 3. umr.
— 611,45 samþ. með 39 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég tek brtt. á þskj. 644,III aftur til 3. umr., en vil jafnframt geta þess, að það er prentvilla í henni. Það á að standa í henni „Flateyrarhrepps", en ekki Flateyjarhrepps.

Brtt. 644,III tekin aftur til 3. umr.
— 633,IX.1 (upphæð) felld með 35:8 atkv.
— 633,IX.1 (athugasemd) felld með 36:9 atkv.
— 633,IX.2 felld með 33:11 atkv.
— 611,46 samþ. með 31:10 atkv.
— 611,47—48 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 646,III.2 tekin aftur til 3. umr.
— 632,4 samþ. með 32:4 atkv.
— 611,49 samþ. með 40:1 atkv.
— 611,50 samþ. með 34:1 atkv.
— 633,X samþ. með 32:4 atkv.
— 633,XI felld með 27:16 atkv.
— 611,51 samþ. með 32:9 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 611,52—56 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 633,XII felld með 27:10 atkv.
— 611,57—58 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 632,5 tekin aftur.
— 611,59.a tekin aftur.
— 611,59.b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 611,60—64 samþ. með 42 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 611,65—66 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 633,XIII felld með 34:12 atkv.
— 611,67—68 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 633,XIV felld með 34:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, KS, MK, RÞ, SG, StgrA.

nei: ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, VH, JPálm.

ÁÁ greiddi ekki atkv.
2 þm. (HermJ, SÁ) fjarstaddir.

Brtt. 633,XV, felld með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, MK, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ.

nei: GG, GJ, GTh, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EystJ, JPálm.

KS greiddi ekki atkv.
3 þm. (HermJ, SÁ, ÁÁ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gunnar Thoroddsen: Í stjórnarsamningnum er gert ráð fyrir, að vissar fjárhæðir gangi til þessara bygginga, sem þarna er um rætt. Ég tel því ekki ástæðu til þess né möguleika, að ætla sérstaka fjárhæð á fjárl. í þessu skyni, og segi því nei.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Manni sýnist, af því hvað þessi till. hljóðar líklega, að það sé leiðinlegt að segja nei við henni, en af því að það er illa um búið, að því er það snertir að bæta aðbúnað og heilsuskilyrði landsmanna, hvort sem það er í Reykjavík eða annars staðar, vantar grundvöll undir að það verði gengið til verka eins og vera þyrfti. Með tilvísun til grg. hv. 7. þm. Reykv. treysti ég mér ekki til annars en að segja nei við þessari till.

Brtt. 611,69 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 611,70 samþ. með 37:10 atkv.
— 611,71 samþ. með 36:1 atkv.
— 611,72 samþ. með 36:2 atkv.
— 611,73 samþ. með 34:10 atkv.
— 611,74 samþ. með 37:10 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 632,6.a samþ. með 44 shlj. atkv.
— 611,75.a.1—8 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 611,75.a.9 tekin aftur til 3. umr.
— 611,75.b.10—18 (með leiðréttingu í brtt. 632,6.b) samþ. með 41 shlj. atkv.
— 611,75.c samþ. með 36 shlj. atkv.
— 611,76 samþ. með 37 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 611,77 samþ. með 36:4 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 611,78 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 633,XVI felld með 34:10 atkv.
— 633,XVII tekin aftur til 3. umr.
— 611,79—80 teknar aftur til 3. umr.
20. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
21. gr., með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 611,81 tekin aftur til 3. umr.
— 644,IV tekin aftur til 3. umr.
— 633,XVIII tekin aftur til 3. umr.
— 630,2 samþ. með 30:5 atkv.
— 633,XIX felld með 34:11 atkv.
— 633,XX felld með 30:13 atkv.
— 646,III.3 tekin aftur til 3. umr.
22. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 654, 699, 701).

Brtt. 701 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. fjárl., þá hafði fjvn. ekki gengið að fullu frá tekjuáætluninni samkvæmt 2. gr. og einstökum atriðum öðrum í fjárlfrv., af þeim ástæðum, að þessi mál höfðu ekki verið að fullu rædd við ríkisstj. Fjvn. hefur nú gengið að fullu frá þessu máli og leggur fram till. á þskj. 699, og skal ég gera nokkra grein fyrir þeim.

1. brtt. er við 2. gr., þar er gert ráð fyrir því, að vörumagnstollurinn lækki úr 23 millj. í 21 millj., eða um 2 millj. kr. Þessi till. byggist á því, að gert er ráð fyrir, að innflutningurinn verði ekki eins mikill á þessu ári og undanfarin ár, en vörumagnstollurinn er algerlega háður vörumagninu, en ekki verðlaginu; því þykir rétt að lækka þetta um nefnda upphæð.

Verðtollurinn er hækkaður úr 58 millj. í 78 millj., eða um 20 millj. kr. Þessi till. hins vegar byggist á því, að þótt vörumagnið sjálft hækki ekki og nái ekki sama magni og áður, þá er verðið, sem greitt er fyrir vöruna í krónum, það miklu hærra, að tollurinn hlýtur að hækka stórkostlega. Ég skal viðurkenna, að æskilegt hefði verið að lækka tolla sem svarar gengislækkuninni, en meiri hl. Alþ. hefur ekki farið þá leið af þeim ástæðum, að hann hefur ekki séð sér fært að missa þessar tekjur úr ríkissjóði, og þess vegna er lagt til, að þessar tekjur hækki.

3. brtt. er við 9. tölul., bifreiðaskattur. Það er gerð till. um að lækka hann um 1 millj. frá því, sem er í frv., að í staðinn fyrir 4½ millj. komi 3½ millj. Þetta kemur til af því, að ríkisreikningar undanfarinna ára hafa sýnt, að þessi skattur hefur aldrei náð hærri upphæð en 3½ millj. kr. Það þykir því ekki varlegt að áætla, að hann verði hærri á þessu ári heldur en hann hefur verið á undanförnum árum. Þykir rétt að gera þessa brtt. til samræmingar við reynslu undanfarinna ára og lækka þessa áætlunartill. um eina millj. kr.

Þá er d-liðurinn við 17. tölul. (söluskatturinn). Gert er ráð fyrir, að hann hækki úr 36 millj. kr. í 47½ millj. kr., eða um 11½ millj. kr., sem stafar af því, að söluverð í krónum er þeim mun hærra sem gengisbreyt. nemur. Og er af þeim ástæðum gert ráð fyrir, að hann gefi þetta miklu meiri tekjur en áður var. Get ég vísað til ummæla minna um verðtollinn í þessu sambandi. Það gildir einnig um þennan lið, að æskilegt hefði verið, að þetta hefði ekki þurft að hækka. En þessari hækkun er gert ráð fyrir af sömu ástæðu eins og í sambandi við brtt. um verðtollinn. — Það er því gert ráð fyrir, að tekjur allrar 2. gr. hækki um 35 millj. kr., en þar á móti komi lækkun upp á 3 millj. kr., svo að nettó-hækkunin verði um 32 millj. kr. Og þá er tekinn með e-liður, sem átti að vera á brtt., 1. tölul., en féll niður og verður getið síðar. — Ég vil taka fram, að þessar hækkunartill. eru allar gerðar í samráði við hæstv. ríkisstj., og hefur enginn ágreiningur verið um það milli hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjvn.

Um 2. lið brtt., við 3. gr. A, er það að segja, að þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir, að tekjur landssímans hækki úr kr. 27360000 í kr. 27578000, eða um 218 þús. kr. Þar er einnig lagt til um einn liðinn í gjöldunum, þ. e. II,b.4

(stuttbylgjustöð í Reykjavík), að fyrir 342 þús. kr. komi 560 þús. kr., þ. e., að þessi liður hækki um 218 þús. kr. Þetta hafði fallið niður af mistökum í sambandi við afgreiðslu frv. við 2. umr., og þykir rétt að taka hækkunina hér upp eins og hún er reikningslega fram sett af símanum. Og hafa tekjurnar verið hækkaðar á sama hátt, einnig í samráði við forstjóra landssímans, svo að þetta breytir ekki fjárlögunum viðkomandi hlutfallinu milli tekju- og gjaldaliða þeirra.

Þá er 3. tölul., sem er einnig við 3. gr. A. Þar er gert ráð fyrir, að brúttó-tekjur áfengisverzlunarinnar hækki úr 49 millj. kr. upp í 53 millj. kr., en að útgjöldin standi í stað, svo að í þessu er tekjuaukningin 4 millj. kr. eftir brtt., sem gert er ráð fyrir hærri tekjum en í frv. Er þetta einnig gert í samráði við hæstv. ríkisstj. — Útkoman á tekjubálkinum er sú, að 2. gr. hækkar um nál. 32000000 kr., 3. gr. hækkar um 4218000 kr. ÷ 218 þús. kr., sem er nettóhækkun 4 millj. kr. Alls eru þá tekjuhækkanir á 2. og 3. gr. fjárl. um 36 millj. kr., og leggur fjvn. til, að sú upphæð sé tekin inn á fjárl.

Þá koma hér nokkrar till., sem gerðar eru við gjaldabálkinn. Eru þær fyrst við 10. gr., en eins og hv. þm. muna, gat ég þess við 2. umr. fjárl., að það hefði ekki verið fullt samkomulag um, hvað teknar skyldu vera miklar hækkanir inn á 10. gr. í sambandi við utanríkismálin. Nú er það orðið að samkomulagi að leggja til, að við sendiráðið í Kaupmannahöfn verði gert ráð fyrir hækkun úr 122200 kr. í 222700 kr., eða um 100500 kr. Stafar þetta að nokkru af gengislækkuninni, en er að nokkru vegna aukins kostnaðar sendiráðsins á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir, að greiðsla vegna sendiráðsins í Stokkhólmi hækki úr 120300 kr. í 236700 kr., eða um 116400 kr. — Kostnaður við sendiráðið í London hækki úr 305500 í 570300 kr., eða um 264800 kr. — Kostnaður við sendiráðið í Washington hækki úr 364500 kr. í 661300 kr., eða um 296800 kr. Þessi hækkun hefur orðið tiltölulega meiri vegna þess, að gengi dollarsins breyttist á síðasta ári gagnvart íslenzku krónunni, eins og kunnugt er. — Gert er ráð fyrir, að kostnaður við sendiráðið í Moskva hækki úr 400000 kr. í 650000 kr. Í sambandi við þetta skal ég leyfa mér að geta þess, að það var fyrsta till. frá hæstv. dómsmrh., að þetta yrði hækkað upp í nærri eina millj. kr. En við ýtarlegri umr. við hæstv. ríkisstj. hefur verið talið, að ríkisstj. mundi geta komizt af með þær 650 þús. kr., sem hér er lagt til, að gert verði ráð fyrir í sambandi við sendiráðið í Moskva. Ég skal ekki frekar fara út í það atriði. En ég hygg, að hv. þm. þyki kannske nægilegt, að hér séu teknar upp 650 þús. kr. til þessarar þjónustu, sem vitað er, að ekki hefur orðið að meira gagni en á síðasta ári hefur verið, vegna þeirra kringumstæðna, sem eru í sambandi við viðskipti landanna í Evrópu við Rússland, eins og stendur. En samkomulag hefur orðið um að leggja til að taka inn 650 þús. kr. til þessa. — Gert er ráð fyrir greiðslu vegna sendiráðsins í París 470400 í staðinn fyrir 260900 kr., eða hækkun um 209500 kr. — Kostnaður við sendiráðið í Osló hækki úr 134300 í 243700 kr., eða um 109400 kr. — Aðalræðismannsskrifstofan í Hamborg hækki úr 107700 kr. í 197300 kr., eða um 89600 kr. — Aðalræðismannsskrifstofan í New York hækki úr 31300 kr. í 54400 kr., eða um 23100 kr. — Ferðakostnaður undir 10. lið hækki úr 75 þús. kr. í 125 þús. kr., eða um 50000 kr. — Og næsti liður, kostnaður vegna samninga við erlend ríki, hækki úr 250000 kr. í 550000 kr., eða um 300 þús. kr., og þar næsti liður, kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum, hækki á sama hátt um 300 þús. kr., sem er byggt á þeirri reynslu um báða þessa liði, sem þetta hefur kostað á síðasta ári. — Liðurinn, til upplýsingastarfsemi, hækki úr 10 þús. kr. í 15 þús. kr., og kostnaður vegna kjörræðismanna hækki úr 5 þús. kr. í 10 þús. kr. — Þá er einnig lagt til hér, að tekinn verði inn á þessa grein nýr liður, til endurbóta og kaupa á húsgögnum vegna sendiherrabústaðarins í London, 150000 kr. Þessi till. var tekin aftur við 2. umr. af fjvn., samkv. ósk hæstv. ríkisstj. Hún var þá sett á 20. gr., og þykir eðlilegra, að hún sé sett á 10. gr., og er því tekin hér upp. — Öll hækkunin samtals á 10. gr. er því 2270100 kr.

Þá er 5. brtt., við 13. gr. A.III.8, um, að fyrir orðin á „Langadalsströnd" komi: í Ísafirði. Þetta er aðeins til leiðréttingar, en hefur ekki áhrif á afkomu fjárl.

6. brtt. er við 13. gr. C.IX.25, um, að liðurinn orðist svo: Selsvör (í eitt skipti fyrir öll) 10 þús. kr. Þetta er ekki breyt. að öðru leyti en því, að þessi aths. bætist við: „í eitt skipti fyrir öll", því að upphæðin er sú sama og í frv. á þskj. 654. En það þótti rétt að láta þetta koma fram, af því að þessi staður er ekki tekinn inn á l. að öðru leyti, og er ekki gert ráð fyrir, að veitt verði fé úr ríkissjóði til þessa staðar, nema í þetta eina skipti.

7. brtt. er við 13. gr. C.X (hafnarbótasjóður). Fjvn. bar fram við 2. umr., að fyrir 300000 kæmu 1500000 kr. Þessi till. var tekin aftur samkv. ósk hæstv. fjmrh. En það hefur nú orðið að samkomulagi, að hún væri tekin hér upp og settar inn 1500000 kr., eins og gert var ráð fyrir í till. fjvn. við 2. umr. — Mér þykir rétt að segja frá því, að eina hækkunin, sem gert er ráð fyrir í brtt. n. við 13. gr., er þessi greiðsla í sambandi við hafnarbótasjóðinn, sem nemur 1200000 kr. frá því, sem er á frv. á þskj. 654 til tekið.

8. brtt. er við 14. gr. B.XVI.9. Þar er lagt til, að nýr stafl. bætist við: Til annarrar starfsemi handíðaskólans 20000 kr. Það, sem nú er á frv. í sambandi við greiðslu til handíðaskólans, er eingöngu í sambandi við þá kennslu, sem hann heldur uppi fyrir kennara í handíðum, en skólinn hefur hins vegar ekki fengið neinn styrk í sambandi við aðra kennslu. Fjvn. þótti því rétt að taka upp þessa upphæð í sambandi við þennan skóla, eins og hér er gert ráð fyrir í 8. brtt.

9. brtt. er við 14. gr. B.XVI.10 (nýir liðir). A-liður, um styrk til íþróttakennaraskóla Íslands vegna þátttöku íþróttaflokks á Lingiaden 1949, 8000 kr. Eins og menn muna, voru teknar inn 10 þús. kr. vegna utanfararstyrks til íþróttafélagsins Ármanns. Og eftir að það var vitað, að meiri hl. Alþ. samþ. slíka till., var send inn till. frá viðkomandi aðilum í þessu sambandi,

og þótti ekki stætt á að samþ. ekki einnig þessa greiðslu, og þess vegna er þetta tekið upp hér.

B-liður 9. brtt. er um styrk til Íþróttasambands Íslands vegna þátttöku í sundmeistaramóti í Vín, 6000 kr. Það er líka í samræmi við, að fjvn. lagði til, að tekinn yrði upp nokkur styrkur vegna þátttöku í íþróttamóti í Brüssel á þessu ári. Ég hef því fallizt á að leggja til, að 6000 kr. yrðu veittar vegna þátttöku í sundmeistaramóti í Vínarborg. — Útgjöld á 14. gr. hækka, ef þessar brtt. verða samþ., um 34000 kr.

10. brtt. er við 15. gr. Þar er tekinn upp nýr liður undir A.VII.33, til sjómannastofu á Akranesi, 2000 kr. Þetta hafði verið samþ. áður en till. voru fluttar við 2. umr., en það hafði yfirsézt að prenta þessa till., og er hún því nú tekin upp. — Þá eru nýir liðir við 15. gr. (11. brtt. n.), um það, að til Arnórs Sigurjónssonar verði veitt, til ritstarfa, kr. 8000 og til Sigurðar Skagfields, til söngkennslu, 2000 kr., sem meiri hl. n. samþ. að tekið yrði upp á fjárl. — Hækkunin, sem gert er hér ráð fyrir á 15. gr., nemur því 12000 kr.

12. brtt. er við 16. gr. A.14 (landþurrkun í Vestur-Landeyjum), en sú brtt. er aðeins um það, að á eftir orðunum „annars staðar að" komi: (lokagreiðsla). Það þótti rétt að taka fram, að hér væri um að ræða lokagreiðslu.

13. brtt. er eingöngu leiðréttíng, um, að fyrir orðið „á" komi orðið: við.

14. brtt. er um, að tekið sé upp framlag til mjólkurbúa og smjörsamlaga, 200000 kr., sem er nýr liður. Þetta var gert í samráði við hæstv. ríkisstj.

15. brtt. er við 16. gr. B.12, um, að teknir verði upp nýir liðir, fyrst undir a.: Til greiðslu á sjóveðum síldveiðiskipa sumarið 1949 kr. 1500000. Þetta er lagt til samkv. ósk hæstv. ríkisstj. og samkv. l. Og undir b-lið þessarar till. er lagt til, að veitt verði til aflatryggingasjóðs Bolungavíkur samkv. lögum nr. 109/1943 kr. 12000. Það hefur verið samþ. í hv. Nd., að þessi l. skyldu gilda fyrir hluta af þessu yfirstandandi ári. Og það hefur einnig verið samþ. í hv. Ed. við 1. umr. og af sjútvn. þeirrar hv. d., svo að það má gera ráð fyrir, að frv. verði samþ., og því er nauðsynlegt að taka þessa upphæð hér inn, til þess að mæta þessum gjöldum. En það er líklegt, að þetta sé síðasta árið, sem þessi sjóður starfar sjálfstætt, og hann renni á þessu ári, samkv. l., inn í almenna sjóðinn, sem hafður verður í þessu skyni.

16. brtt. er við 16. gr., D.V, um, að liðurinn orðist svo: Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum, að fengnum tillögum raforkuráðs: a. Til 70 hestafla stöðva og stærri 500000 kr., og b. Til smærri stöðva 150000 kr. Þetta hefur engin áhrif á niðurstöðutölur fjárl., þar sem upphæðin er 650000 kr. nú þegar á þessari grein fjárl. Hér er aðeins gerð till. um skiptinguna á þessu fé. — 16. gr. hefur því hækkað um 1712000 kr., ef þessar brtt. verða samþ. allar.

Við 17. gr. er till. um, að til styrktar- og sjúkrasjóða verði framlagið hækkað um 2000 kr. til styrktar sjúkrasjóði vitavarða. En hingað til hefur ekki verið sú regla, að ekkjur þeirra embættismanna fengju nokkurn styrk, þó að þeir féllu frá. Þótti því rétt að styðja þennan sjóð, þar til sú skipan kæmist á. Erindi lá fyrir frá vitamálastjóra, hv. þm. Hafnf., sem sýndi fram á, að tillög til sjóðsins hafa verið aukin af öðrum aðilum langt fram yfir það, sem ríkissjóður hafði lagt í sjóðinn, svo að nú munu aðrir aðilar leggja fimmfalt í þennan sjóð á móts við það, sem ríkissjóður leggur fram. Að ég hygg, var þetta framlag fyrst jafnt frá báðum aðilum, ríkissjóði annars vegar og öðrum hins vegar, en hefur breytzt svona.

18. brtt. er við 17. gr. 26, nýr liður: Til vatnsveitna, samkvæmt lögum 200000 kr. Þetta er einnig gert í samráði við hæstv. fjmrh. — 17. gr. hækkar því alls um 220000 kr., ef þessar brtt. verða samþ.

Hér liggur fyrir brtt. frá n. við 18. gr. II.b. Það eru nýjar brtt.: a. Bergljót Blöndal. Liðurinn fellur niður. Og að upp séu teknir tveir liðir, sem bætist við á gr., Lilja Haraldsdóttir, 800 kr., og Þrúður I. Jónsdóttir, fyrir „600 kr." kemur: 800 kr. Er þetta gert til samræmingar við þá, sem eru á greininni. Þetta hefur þau áhrif, að gjöldin á þessari grein hækka um 3000 kr., þegar miðað er við vísitöluuppbót á þær upphæðir, sem hér er talað um, en lækka um 3420 kr.

20. brtt. er við 20. gr. Út. V (bygging varðskipa). Þar er lagt til, að fyrir 2200000 komi: 3850000 kr., eða hækkun um kr. 1650000. En þetta er vegna gengislækkunarinnar, sem fram hefur farið, vegna þess að þetta verður að greiða í dönskum krónum, og er þetta tillag ætlað til greiðslu á því, sem af þessum byggingarkostnaði þarf að greiða á þessu ári.

Þá er 21. brtt. við 20. gr. VIII (flugvallagerðir og lendingarbætur fyrir flugvélar), um það, að fyrir 2500000 komi: 1250000 kr. Þessar brtt. eru teknar upp fyrir mjög sterkar óskir hæstv. fjmrh. Það hafa legið fyrir gögn frá flugráði um þessi mál, þar sem flugráð telur sig ekki geta komizt af með þessa upphæð á þessu ári, og telur, að ef hún ekki verði hækkuð, vofi yfir alvarleg stöðvun í rekstrinum. Það er út af fyrir sig ekki nýtt, að slík ummæli komi frá stofnunum, sem gera kröfur á hendur ríkissjóði. Hins vegar er samkomulag um þessa till. milli hæstv. flugmálaráðh. annars vegar og hæstv. fjmrh. hins vegar. Og fjvn. sá sér ekki fært að ganga á móti því samkomulagi hjá hæstv. ríkisstj. Ég persónulega tel, að það kunni að orsakast mjög mikil vandræði í sambandi við þá lækkun, sem hér er gerð. En hins vegar treysti ég því fullkomlega, að þau vandræði verði leyst af ríkisstj., ef óttazt er, að þetta kynni að einhverju leyti að draga úr flugferðum eða starfsemi flugsins innanlands. Og veit ég, að hæstv. núverandi ríkisstj. muni vera fús til að taka það til athugunar, því að það er ekki á neinn hátt viðunandi, að á meðan lagt er fé til annarra samgangna á landi og ekki er ætlazt til, að þær dragi við sig, þá sé verið að þrengja meir að flugmálunum en öðrum samgöngumálum landsins. Í því trausti fylgi ég því, að þessi upphæð verði samþ., að ríkisstj. leysi úr þeim vanda, sem ég hef nefnt, ef hann ber að höndum.

Ég vil í sambandi við 13. gr., og að gefnu tilefni, benda á, að hv. þm. Eyf. hafa sótt mjög fast

á n. um að hækka eða taka upp nýja fjárveitingu til Ólafsfjarðarvegar við þessa umr. Hafa þeir borið það fyrir sig í því sambandi, að vegamálastjóri hafi lagt til í sínum till., að 50 þús. kr. yrðu teknar upp til þess að ljúka við vegagerð á Ólafsfjarðarvegi á þessu ári. En þessi vegur hafði ekkert fjárframlag á síðasta ári, 1949, og var þá talið, að vegagerðinni væri lokið. Nú er það rétt, að vegamálastjóri hefur lagt til, að 50 þús. kr. væru teknar upp á fjárlagafrv. til þess að ljúka vegagerðinni á Ólafsfjarðarvegi. Hann lagði einnig til, að 200 þús. kr. yrðu teknar upp í heild til Eyjafjarðarsýslu til vegagerða. En til þeirrar sýslu höfðu verið lagðar 130 þús. kr. árið 1949. Þegar ákveðin var skiptingin á vegafénu, var ákveðið um það, sem færi til Eyjafjarðarsýslu, að það skyldi vera á valdi þessara hv. þm., hvernig þeir skiptu því fé á milli veganna í sýslunni. Nú var þetta fé hækkað í meðförunum fyrir þessa sýslu í 170 þús. kr., án þess að þetta væri gert almennt. En í þeirra skiptingu var ekkert tekið fram um fé til Ólafsfjarðarvegar. Hins vegar hafa þessir hv. þm. óskað eftir í sinni skiptingu, að tekið væri upp framlag til annarra vega, sem ekki voru á fjárl. og ekki í till. vegamálastjóra, til Hrísavegar 25 þús. kr., til Eyjafjarðarbrautar, sunnan Leynings, 30 þús. kr. og til Laugalandsvegar 25 þús. kr. Þessir vegir eru teknir upp samkv. óskum hv. þm., en ekki samkv. óskum vegamálastjóra. Fjvn. lítur svo á, að það eigi að vera fullt samkomulag milli fulltrúa héraðanna á hverjum tíma og vegamálastjóra og þess ráðh., sem fer með vegamál á hverjum tíma, um það, hvernig unnið er fyrir það fé, sem veitt er til vega til ákveðinna héraða, þannig að leyfilegt sé að flytja framlag frá einum vegi til annars innan héraðs, þegar sýnt þykir, að betri árangur náist með því heldur en með því að vinna á hverjum þeim stað, sem til er tekið í upphafi, fyrir þessar upphæðir. Það ætti að leyfa að flytja á milli einstakra vega innan sömu sýslu, ef hagkvæmara þykir, því að þegar unnið er með stórvirkum vélum, þá fer mikill kostnaður í flutning á vélum og vinnuflokkum, ef lítið er að vinna á hverjum stað. N. lítur svo á, að þessum málum innan Eyjafjarðarsýslu sé borgið, ef t. d. fé er tekið frá Hrísavegi eða öðrum til þess að ljúka Ólafsfjarðarvegi. — Þá hefur það verið fast sótt af hv. þm. V-Ísf. að fá á 22. gr. fjárhæð til vegagerðar fyrir botni Dýrafjarðar, en þar er ekki þjóðvegur. Þessari sýslu var úthlutað eins og í fyrra 230 þús. kr. Hafði vegamálastjóri að vísu lagt til að hækka þessa upphæð um 10 þús. kr., en n. gat ekki fallizt á það, og ekki heldur það að bæta þessari heimild ofan á það, sem áður er gert og samkomulag er um. — Í sambandi við ræktunarvegina hefur hv. 1. þm. Eyf. sótt það fast að fá n. til að taka upp hækkað framlag til Hríseyjar úr 4 þús. kr. í 10 þús. kr. N. gat ekki fallizt á þetta, en mun skrifa vegamálastjóra til þess að fá skýr gögn um það, hvaða framkvæmdir er verið að gera í eyjum almennt, og kemur þá í ljós, hvað verið er að gera í Hrísey.

N. hefur ekki getað samþ. að taka upp aðrar brtt. einstakra þm. Þær hafa allar verið ræddar í n., en hún getur ekki fylgt þeim. Í sambandi við 22. gr. leggur n. til, að 4 þús. kr. verði varið til þess að styrkja afskekkta staði til þess að fá lærðar hjúkrunarkonur, og enn fremur, að heimild sé til að greiða styrki til héraða, sem eru læknislaus meir en þrjá mánuði ársins. Enn fremur, að heimilt sé að veita 5 þús. kr. til að kenna vefnað á Hallormsstað. Þetta var ósk ráðh., og var hún einróma samþ. í n., enda hefur þetta verið í fjárl. undanfarin ár. Þá leggur n. til, að heimilt sé að selja Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda skipasmíðaskála Landssmiðjunnar við Elliðaárvog. Erindi um þetta barst n. frá S. Í. F., og ræddi hv. þm. Vestm. þetta við n. N. samþykkti þetta, en síðan hefur skálinn brunnið að nokkru leyti, og veit n. ekki, hvers virði skálinn er, en hann hefur verið leigður fyrir 30 þús. kr. á ári, og mætti því áætla söluverð hans ca. 500 þús. kr. Þá er lagt til að heimila ríkissjóði að kaupa af Búnaðarfélagi Íslands tilraunastöðina á Sámsstöðum. Ríkissjóður á tilraunastöðvarnar á Reykhólum og Skriðuklaustri, og er eðlilegt, að hann eigi þessa tilraunastöð líka, ef samkomulag næst þar um.

Þetta eru tillögur n., og skal ég nú gefa hv. þm. nokkurt yfirlit yfir það, hvernig málin standa, ef brtt. n. verða samþ. og engar aðrar. Gjöldin voru áður áætluð 242529793,00 kr., en samkv. till. n., sem leggur til, að þau hækki um 5429680,00 kr., verða þau alls 247959473,00 kr. Tekjurnar voru eftir 2. umr. 262333919,00 kr., en hækka skv. till. n. um 36 millj. kr. og verða því alls 298333919,00 kr., og rekstrarafgangur skv. því 50374446,00 kr. Þá er sjóðsyfirlitið. Gert er ráð fyrir, að greiðslur inn nemi 301243919, en greiðslur út 283977259,00 kr., þannig að hagstæður greiðslujöfnuður verður 17266660,00 kr. Það mætti segja, að þetta væri allglæsileg niðurstaða og að takmarkinu um hagstæðan greiðslujöfnuð væri náð, en við þetta er þó því að bæta, að enn hefur ekki verið rætt um nokkra liði, sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að bera fram, m. a. uppbætur á laun opinberra starfsmanna, því að hér var samþ. að veita allt að 20% uppbót á laun opinberra starfsmanna, þar til fjárlög væru samþ. Þetta hefur ekki verið tekið inn á fjárlög, enda voru 6 af 9 nm. í fjvn. andstæðir þessu, og þeir eru ekki fúsir til að taka upp brtt. um það. Enn er ekki fullrætt um 16. gr. í sambandi við raforkuna, en hæstv. fjmrh. hefur tilkynnt, að ríkisstj. hafi ekki hugsað sér að hækka útgjöldin á 16. gr., heldur aðeins leita heimildar til lántöku til þess að fullgera nauðsynlegustu framkvæmdir í raforkumálum. Það má því búast við, að þessi hagstæði greiðslujöfnuður, sem nú er á frv., muni hverfa að einhverju leyti af þeim orsökum, sem ég hef lýst, og þá er það embættismannastéttin, sem hjálpar til þess að torvelda það að ná því markmiði, sem að er stefnt. Venjulega er það svo, að útgjöldin fara fram úr áætlun, og verður því að gæta allrar hagsýni við afgreiðslu frv.

Út af 11. gr. vil ég minna á það, að n. hefur rætt allýtarlega, hvort ekki væri ástæða til að bera fram brtt. við 12. lið, þar sem er kostnaður við verðlagseftirlit, sem er áætlaður 2601000,00

kr., og kostnaður við skömmtunarskrifstofu, sem er 895 þús. kr. N. þykja þessir liðir í skyggilega háir, og er full ástæða til að reyna að koma í veg fyrir þessa þróun. Ekki virðist ástæða til þess, að kostnaðurinn við skömmtunarskrifstofuna sé svo mikill, þegar felld hefur verið niður skömmtun á sumum vörum, og vandalítið ætti að vera að minnka kostnaðinn við verðlagseftirlitið. En þetta hefur í framkvæmdinni verið allt öðruvísi en n. lagði til, og hafa ábendingar hennar verið að engu hafðar, en hún leyfir sér að vænta þess, að þessir kostnaðarliðir verði ekki svo háir í framtíðinni.

Þá er búizt við, að hæstv. ríkisstj. gefi, áður en umr. lýkur, yfirlýsingu um almennan sparnað í ríkisrekstrinum. Í trausti þess, að því fylgi ákveðnar framkvæmdir um að draga úr ýmsum kostnaði, svo sem við embættismannahald, rekstur sérleyfisferða, rekstur Silfurtúns, sem n. leggur til, að verði hætt, og fleira — í trausti þess, að þetta allt verði tekið til alvarlegrar athugunar, þá hefur n. ekki gert sérstakar till. um þessi efni, en n. væntir þess, að þetta verði allt fært í betra horf, því að án þess að ná árangri í sparnaði á ríkisrekstrinum er ekki hægt að ná sparnaði í afgreiðslu fjárl. almennt. Sé ég svo ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar á þessu stigi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. um nýjan lið í 22. gr., þar sem heimilað sé:

„Að veita útvegsmönnum, er síldveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumurin 1948 og 1949, eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti á aðstoðarlánum þeim, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. veittu nefnd sumur með ábyrgð ríkissjóðs, svo og sjóveðskröfum frá síldarvertíð sumarið 1949, sem ríkissjóður kann að greiða samkvæmt heimild í þessa árs fjárlögum. Skilyrði fyrir þessari eftirgjöf eru þau sömu og um ræðir í 14. gr. laga nr. 100/1948."

Þessi skilyrði, sem setja á, eru kunn af gildandi l., og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þau hér. Ég hygg, að upphæðin verði nálega 3.5 millj. kr., aðstoðin frá 1948 nemur 640 þús. kr., frá 1949 1300 þús. kr., og svo þarf að auki upphæð til að leysa af sjóveð, sbr. 15. brtt. á þskj. 699. Einnig er hv. þm. kunnugt um, að hér eru enn gamlar sakir óuppgerðar, þar sem eru kreppulánin, sem námu 1946 4 millj. kr., 1947 5 millj. kr. og 1948 7.5 millj. kr., eða alls 16.5 millj. kr. Þar við bætast svo 3.5 millj. kr., sem ég gat áðan, svo að alls verður þetta um 20 millj. kr., og þarf að binda endi á þessi mál hið bráðasta. Skilanefndin starfar enn, en þó hafa engar endanlegar ákvarðanir verið teknar. Ég hef haft tækifæri til að athuga gögn málsins og hef af þeim getað myndað mér ákveðna skoðun. Ég hefði haft mesta tilhneigingu til þess, að ríkissjóður gæfi öll þessi lán eftir með þeim skilyrðum, að viðkomandi aðilar sönnuðu, að þeir þyrftu eftirgjafar með, og enn fremur, að þeir gætu haldið áfram að reka útgerð, a. m. k. eina vertíð. Þarna koma mörg önnur sjónarmið til greina, og mitt sjónarmið strandaði þegar á því, að Landsbankinn taldi sér ekki fært að segja skoðun sína um rekstrarlán handa þessum útgerðarmönnum, fyrr en hann hefði sannfærzt um ástæður þeirra með innköllun skulda. Mitt sjónarmið strandaði því þegar á þessu. Af þessu hefur þótt nauðsynlegt að safna skýrslum um ástandið og ákveða síðan, hvernig skuldaskil skuli fram fara. Lögin frá 1948 gera aðallega ráð fyrir frjálsum skuldaskilum, og ríkisstj. mun ekki gera till. um að þröngva mönnum til skuldaskila, a. m. k. ekki fyrr en frekari gögn liggja fyrir í málinu. Margir útvegsmenn hafa óskað eftir að fá þessi lán eftirgefin, svo að þeir geti gert skuldaskil við aðra, en samkv. gildandi l. hafa þessir aðilar greiðslufrest, eða „moratorium", og ef kemur til innköllunar skulda og afnáms greiðslufrests, þá er ástæða til að ætla, að ýmsir aðrir kröfuhafar geri skuldakröfur, og gæti þetta torveldað síldarvertíð á komandi sumri. Hins vegar er ljóst, að slíkt „moratorium" getur ekki staðið í það óendanlega, og hefur það nú raunar staðið lengur en nokkurn óraði fyrir í öndverðu. Og tilgangur ríkisstj. er að koma þessum málum í viðunandi horf sem fyrst, og vænti ég, að skuldaskilum geti orðið lokið fyrir 1. okt. n. k. og að stj. gefi þá út tilkynningu um, að „moratorium" verði ekki í gildi nema nokkrar vikur frá þeim tíma.

Ef síldveiði verður bærileg í sumar og verðið hátt, þá er viðhorfið breytt hvað marga útgerðarmenn snertir, þó að hins vegar verði ekki komizt hjá skuldaskilum, ef veiðarnar bregðast í sjötta skiptið. Það er því ekki hyggilegt, að ríkissjóður gefi eftir sínar kröfur nú, heldur á ríkið að eiga sinn fulla rétt móti öðrum.

Ég vona, að till. fái góðar undirtektir, og vil taka það fram, að ráðuneytið leggur sérstaka áherzlu á að innleysa sjóveðskröfurnar frá 1949. Ég hygg svo, að ég hafi ekki frekari upplýsingar að gefa á þessu stigi málsins.

Umr. frestað.

Síðar á sama fundi var fram haldið 3. umr. um frv. (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Nú hefst fundur að nýju. Tekið er fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1950, frh. 3. umr., fyrri hluti útvarpsumræðna. Í kvöld verður ein umferð, og hefur hver flokkur til umráða 45 mínútur. Röð flokkanna er þessi: Sameiningarfl. alþýðu — Sósfl., af hans hálfu tala hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, og hv. 5. landsk., Ásmundur Sigurðsson; Alþfl., fyrir hann talar hv. 8. landsk., Stefán Jóh. Stefánsson; Framsfl., af hans hálfu tala hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, og hæstv. landbrh., Hermann Jónasson; og loks Sjálfstfl., fyrir hans hönd talar hæstv. atvmrh., Ólafur Thors.

Áki Jakobsson: Það er víst óhætt að segja, að sjaldan hefur almenningur í þessu landi verið meira uggandi um afkomuna, um það að geta fengið að halda vinnu við sæmilegu kaupi, er tryggi honum góða afkomu, heldur en nú. Ráðamenn þjóðfélagsins hafa lagt sig fram til þess að skapa vonleysi og úrræðaleysi, skapa svartsýni, sem mundi gera þeim léttari leikinn að

svipta alþýðuna þeim hagsbótum, sem hún með samtökum sínum hefur áunnið sér á undanförnum áratug. Hinn skipulagði bölsýnisáróður valdamannanna gengur allur út á það, að hrun og atvinnuleysi sé óhjákvæmilegt og stafi af atvikum, sem við Íslendingar getum engin áhrif haft á. Jafnhliða þessu er svo reynt að etja einum hluta alþýðunnar gegn öðrum, útvegsmönnum og bændum er sagt, að erfiðleikar þeirra stafi af of háum launum, en launafólki er sagt, að erfiðleikarnir stafi af því, að bændur fái of mikið fyrir sitt og að útvegsmönnum sé haldið uppi með ríkisstyrkjum. Þannig gengur áróðurinn af hálfu þeirrar auðmannaklíku, sem hreiðrað hefur um sig í Íhaldsflokknum, sem hefur tryggt sér bandamenn bæði í Framsókn og Alþýðuflokknum, sem hefur gert henni fært að drottna yfir ríkiskerfinu og nota það á svo ófyrirleitinn hátt til hagsmuna fyrir sig, að helzt minnir á þá spillingu, sem þróaðist í Kína á síðustu valdaárum afturhaldsins þar. Þessi auðmannaklíka stefnir nú að því að rýra kjör alþýðunnar í landinu til að viðhalda gróðamöguleikum sínum. Hún veit, að hún hefur ekki afl til að ráðast framan að samtökum launþega og lækka kjörin þannig. Sama er að segja um bændur og smáútvegsmenn. Það hefði ekki þýtt að lækka afurðir bænda án annarra aðgerða eða lækka fiskverð til útvegsins á sama hátt. Samtök þessara stétta hefðu hindrað það. Til þess að koma fram launalækkunum og kjaraskerðingum er á skipulagðan hátt komið á öngþveiti í atvinnumálum og fjármálum, rekinn harðvítugur áróður um, að vandræðin stafi af óviðráðanlegum ástæðum, til þess að lama öll samtök gegn aðgerðum, svo sem vísitölubindingu, stórfelldum skattalögum og gengisfellingu, sem allar veita yfirstéttinni hið sama og beinar launalækkanir og lækkun á afurðaverði bænda og útvegsmanna.

Gengislækkun sú, sem núverandi stjórnarflokkar framkvæmdu, er stórfelldasta ráðstöfun til að rýra kjör alþýðunnar í landinu, sem nokkurn tíma hefur verið gerð. Auk þessa markar gengislækkunin þáttaskil í íslenzkum stjórnmálum. Hin drottnandi auðmannastétt leggur með gengislækkuninni út af braut venjulegra ráðstafana og grípur til beinna fjárglæfra í þeirri von að geta með því móti tryggt sér áframhaldandi völd og gróðamöguleika. Sagan þekkir mörg dæmi slíkrar glæframennsku, er spilltar valdastéttir gripa til þess ráðs, í viðleitni sinni að halda við völdum sínum og gróða, og er þá handhægt að leysa vandamálin, sem af gengisfellingunni leiddi, með nýjum gengislækkunum. Þannig getur gjaldmiðillinn á skömmum tíma orðið einskis virði, með öllum þeim truflunum og þjáningum, sem því fylgir fyrir allan almenning. Það er algengara, þegar gripið hefur verið til glæframennsku eins og stórfelldrar gengisfellingar, að þeir, sem til hennar grípa, geta ekki stöðvað sig og grípa til sömu ráðstöfunar æ ofan í æ.

En af hverju vogar auðmannastéttin sér inn á gengislækkunarbrautina? Af hverju hindrar ekki alþýðan í landinu þessa þróun mála? Skýringin er í stuttu máli sú, að frá því í ársbyrjun 1947, þegar stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar tók við völdum, hefur öll þróun í atvinnu- og fjármálum verið sveigð í þann farveg, sem leitt hefur til hinnar glæfralegu gengislækkunar, enda lauk sú stjórn ferli sínum með beinni gengislækkun, er sterlingspundið var fellt gagnvart dollar í haust. Þá lenti það í hlut Emils Jónssonar að lofsyngja gengislækkun og blessun hennar fyrir þjóðina, og nú eru orð hans óbreytt hagnýtt af gengislækkunarpostulunum til að vegsama hina sérstöku íslenzku gengislækkun, sem nú hefur verið framkvæmd.

Að sjálfsögðu eiga Íslendingar við ýmsa erfiðleika að stríða, sem ekki verða leystir, nema þjóðin sé samtaka um það. Þessir erfiðleikar stafa af aflaleysi á undanförnum fimm síldarvertíðum og dýrtíð í landinu og nú síðast, og það eru langsamlega mestu erfiðleikarnir sem þjóðin á við að stríða, af markaðstregðu. Þegar gengi íslenzku krónunnar var fellt á þessum vetri, voru höfuðvandamálin markaðsvandræði, sem ekki stöfuðu nema að mjög litlu leyti af of háu verði íslenzkra útflutningsvara, heldur af því, að þær þjóðir, sem við höfum einstrengingslega bundið viðskipti okkar við á undanförnum árum, hafa aukið svo sjávarútveg sinn, að þær vilja ekki kaupa af okkur þessar vörur á nokkru verði. Á þetta við einkum um ísfisk togaranna og hraðfrysta fiskinn og raunar ýmsar aðrar vörur. Þetta vandamál verður ekki leyst með gengisfellingu, eins og reynslan er nú að sýna.

Einmitt vegna þess, að þjóðin á nú við ýmsa örðugleika að stríða, hefur auðmannastéttin, sem tekizt hefur að hrifsa til sín öll völd í þjóðfélaginu, átt léttara með að villa um fyrir almenningi og telja fólki trú um, að aðgerðir eins og gengislækkunin hafi verið nauðsynlegar og að með þeim sé verið að leysa vandann. Það er því framar öllu nauðsynlegt, að landsmenn hugleiði þessi mál æsingalaust og reyni að gera sér hlutlæga grein fyrir þeim erfiðleikum, sem þjóðin á við að stríða, til þess að geta dæmt um þær aðgerðir, sem nú er verið að framkvæma, og afleiðingar þeirra fyrir þjóðina og atvinnulíf hennar bæði í bráð og lengd.

Það er gömul og reynd aðferð yfirstéttar, sem er orðin hrædd um völd sín, eignir og gróðamöguleika, að villa um fyrir alþýðunni, beina athygli fólksins að einskisverðum hlutum, á meðan verið er að færa það í fjötra fátæktar og atvinnuleysis. Sá gegndarlausi áróður, sem nú er rekinn gegn Sovétríkjunum og þeim þjóðum öðrum, sem komið hafa á hjá sér sósíalístísku atvinnuskipulagi, er ætlaður sá tilgangur að upptaka hugi þjóðarinnar, meðan auðmannastéttin er að treysta völd sín og gróðamöguleika.

Með myndun stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar, en í þeirri stjórn markaði flokkur auðmannanna, Íhaldsflokkurinn, algerlega stefnuna, hóf auðmannastéttin árásir á launakjör og lífsafkomu alþýðunnar í landinu. Í þeirri stjórn voru Alþfl. og Framsókn aðeins hjálparkokkar auðmannastéttarinnar, sem nú hugðist skapa „normal" ástand, eins og það var kallað, þ. e. lækka launin og skapa hæfilegt atvinnuleysi, til þess að tryggt væri, að auðmannastéttin gæti

haft atvinnuleysisvofuna sem bandamann í baráttunni við samtök launþega.

Nýsköpuninni var hætt eins ört og kostur var, bæði með fjárhagsráðslögunum og með því að bankarnir stöðvuðu útlánastarfsemi til byggingarframkvæmda. Á hverju ári voru tollar og aðrar álögur á alþýðuna hækkaðar um milljónatugi, svo að alls mun stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar hafa aukið tolla og nefskatta um á annað hundrað milljónir króna. Samningar launþega við atvinnurekendur voru ógiltir með lögum um bindingu vísitölunnar við 300 stig. Í fyrstu þýddi þetta 8% launalækkun, sem fór hækkandi eftir því sem vísitalan hækkaði. Fyrir aðgerðir þessarar stjórnar lækkuðu raunverulegar tekjur launþega sí og æ, og var svo komið s. l. vor, að stjórnarflokkarnir urðu að viðurkenna þetta með því að samþykkja með sósialistum 20% launahækkun til opinberra starfsmanna. Jafnhliða vaxandi verðbólgu undir stjórn Stefáns Jóhanns óx skriffinnskubákn ríkisins svo gífurlega, að engin dæmi eru til slíks áður.

Í markaðsmálum var gerbreytt um stefnu, í stað þess að leitast við að hafa markaði bæði í vestri og austri, eins og nýsköpunarstjórnin hafði gert. Fyrst eftir að stjórn Stefáns Jóh. settist að völdum, leit út fyrir, að hún ætlaði að fylgja sömu stefnu í markaðsmálum og fyrirrennari hennar. Nefndir voru sendar til samninga bæði til London og Moskva, og tóku allir flokkar þátt í þeim nefndum. Þrátt fyrir það þó sósíalistar væru í stjórnarandstöðu, voru þeir fúsir til samstarfs um að viðhalda þeim mörkuðum, sem unnizt höfðu, og afla nýrra. Þetta samstarf bar góðan árangur. Nefndirnar, sem sendar höfðu verið út, komu báðar heim með samninga, sem eftir atvikum voru sæmilegir. Þá var fyrir árið 1947 gerður samningur við Sovétríkin um sölu á íslenzkum afurðum fyrir um 90 millj. kr. En friður um markaðsmálin stóð ekki lengi. Skömmu eftir heimkomuna var Lúðvík Jósefssyni vikið úr samninganefnd utanríkisviðskipta fyrir „trúnaðarbrot", að því er Bjarni Benediktsson tilkynnti, þótt hann gerði enga tilraun til að finna orðum sínum stað. En þetta nægði Bjarna ekki, heldur byrjaði hann furðulegan áróður um viðskiptin við Sovétríkin. Framkoma þessi er sennilega einstæð af utanríkisráðherra að vera. Ég ætla ekki að fara að rekja hér allt hið furðulega háttalag utanrrh. okkar í framkomu við þjóð, sem við höfðum hag af að halda viðskiptum við. En árangurinn af starfi hans er kominn á daginn. Sovétríkin, sem gerðu samninga um kaup á útflutningsvörum Íslendinga fyrir um 60 millj. kr. 1946 og um 90 millj. kr. 1947, hafa ekki óskað eftir að tala við Bjarna Benediktsson eða sendimenn hans síðan, en þjóðin situr eftir með hraðfrystan fisk og fleiri vörur, sem hún getur ekki selt. Það er ástæðulaust að hafa sterk orð um störf Bjarna Benediktssonar að markaðsöflun. Í því efni mun þjóðin dæma hann eftir verkunum.

Þriggja flokka stjórnin var komin í þrot seinni part s. l. sumars. Dýrtíðin var vaxin henni upp yfir höfuð, þrátt fyrir þær óheyrilegu byrðar, sem á alþýðuna höfðu verið lagðar, ísfiskmarkaðurinn hrundi og ýmis teikn á lofti bentu til vaxandi markaðsörðugleika, skriffinnskubáknið hafði vaxið með risaskrefum, gjaldeyrisskortur, vöruskortur og svartur markaður meiri en áður hafði þekkzt, en kosningar svo skammt undan, að stjórnin ærðdi ekki að gera nýjar stórárásir á alþýðu landsins. Þá gripu stjórnarflokkarnir til hins gamalþekkta ráðs að stofna til nýrra kosninga, kosninga, sem ekkert voru annað en sjónleikur, eins og viðburðirnir eftir kosningar hafa sýnt. Hver flokkur bar af sér. Öngþveitið, sem samstjórn Stefáns Jóh. hafði komið á, var hinum að kenna. Með þessu móti tókst auðmannastéttinni að komast klakklaust yfir kosningarnar og gat nú tekið til óspilltra mála við að undirbúa nýjar árásir á almenning í landinu, í skjóli þess að nú væru 4 ár til næstu kosninga.

Alþfl. fór svo illa út úr kosningunum, að hann ærðdi ekki að vera með í stjórn eftir þær, en það gerði auðmönnunum ekki mikið, því að foringjar Alþfl. voru búnir að gera sitt gagn í ríkisstjórn í bili. Þeir voru með forustu fyrir samstjórninni búnir að undirbúa stórárásina, gengislækkunina, sem auðmannastéttin hafði lengi látið sig dreyma um. Eftir kosningar myndaði íhaldið flokksstjórn, sem lét fara að semja gengislækkunarfrv., er talið var í áróðri afturhaldsins að mundi leysa öll vandamál þjóðarinnar, auka útflutningsverðmætið, skapa jafnvægi í eftirspurn og framboði gjaldeyris og „frjálsa verzlun", sem er þó það, sem auðmannastéttin hræðist mest af öllu.

Eftir að minnihlutastjórn íhaldsins var búin að leggja fram gengislækkunarfrv., sá Framsfl. ekki lengur ástæðu til að vera feiminn við að fara í samstjórn með íhaldinu.

Fyrir kosningar hafði Framsókn látið í það skína, að hún gæti hugsað sér gengislækkun sem lausn á vandamálum þjóðarinnar, en hún tók það ætíð fram, að hún gengi ekki inn á gengislækkun, nema gerðar væru „vissar hliðarráðstafanir". Á þessu var hamrað, en þess vandlega gætt að gefa ekki nánari skýringar, við hvaða hliðarráðstafanir væri átt. Eftir að Framsókn gekk til samvinnu við íhaldið um gengislækkun, hefur ekkert heyrzt af þessum hliðarráðstöfunum, en almenningur í landinu er farinn að verða var við ýmis hliðaráhrif gengislækkunarinnar, og eru þar allir í sama báti, verkamenn, bændur og útvegsmenn, en það eru hinar gífurlegu verðhækkanir, sem skella nú yfir landið hver af annarri og gefa til kynna, að ný dýrtíðarflóðbylgja sé að rísa, stórkostlegri en þjóðin hefur áður þurft að mæta.

Hvernig kemur svo gengislækkunin niður á hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins? Verkafólk og launþegar verða fyrir mestum búsifjum vegna gengislækkunarinnar. Hagfræðingar þeir, sem undirbjuggu gengislækkunarfrv., telja, að verðhækkun sú, sem af gengislækkuninni stafar, muni nema 11—13%. Hagfræðingur Landsbankans taldi, að verðhækkunin mundi verða 15—18%, en ef tekið er tillit til tvenns, í fyrsta lagi hækkunaráhrifa vegna gengislækkunarinnar gagnvart dollar í haust og aukinna tolla, sem nýlega hafa verið lögfestir, þá er ekki óvarlegt að segja, að verðhækkunin muni nema 20%, og rýrir það kaupmátt launanna að sama skapi.

Áður en gengislækkunin var lögfest, var allt vöruverð að mjakast upp, og var enn einu sinni að sækja í það horf, að verkafólk gat ekki látið tekjur sínar nægja fyrir nauðþurftum sínum. Launahækkun sú, er verkalýðsfélögin knúðu fram á s. l. sumri, er með þessu gerð að engu, og verkafólk er aftur sett í þau vandræði, sem það var í í fyrravor.

Opinberir starfsmenn fóru í fyrravetur fram á 36% launahækkun til þess að mæta vaxandi dýrtíð. Áður en þ. var slitið í fyrravor, var samþykkt að greiða þeim í uppbætur seinni part ársins 1949 20% álag á kaup. Þessi samþykkt var endurtekin með samþykkt Alþ. á þessu þ. Nú hefur gengislækkunin strikað þessa hækkun út, svo að nú standa opinberir starfsmenn í sömu sporum og þeir stóðu í fyrravor. Ekki skil ég, að þeim verði nein huggun í því að vita, að formaður samtaka þeirra, Ólafur Björnsson, var annar hagfræðingurinn, sem undirbjó þessa lausn málanna, að árangurinn af löngu starfi samtaka þeirra er strikaður út með einu pennastriki.

Kaup sjómanna á togaraflotanum var lækkað sérstaklega við gengisfellinguna. Það kemur fram í því, að nú verða þeir að kaupa þau 30 pund (sterling), sem þeir eiga rétt á að fá greidd í erlendri höfn, á hinu nýja gengi, sem er 74,3% hærra en áður. Hins vegar er aflaprósentan reiknuð á gamla genginu. Þetta þýðir um 400 kr. lækkun í túr umfram þá kauplækkun, sem stafar af verðhækkun í landinu, sem lendir á sjómönnum eins og öðrum.

Þetta eru áhrif gengislækkunarinnar á afkomu launþega. Vísitölubindingin lækkaði launin um 8%, en með gengislækkuninni eru launin lækkuð um rösklega helmingi meira. Vísitölubindingin, sem rýrði tekjur launþega um ca. 50 millj. króna árlega, átti að lækna öll okkar vandamál á sviði fjárhags- og atvinnumála. Reynslan hefur orðið þveröfug. Þessi mikla fórn launþeganna hefur til einskis orðið, og dýrtíðin hefur ekki lækkað, heldur vaxið stórkostlega. Gengislækkunin er helmingi þyngri fórn en vísitöluskerðingin, fórn, sem formælendur hennar telja að muni laga öll fjárhagsvandamál þjóðarinnar. Reynslan mun sýna, að gengislækkunin leysir engin vandamál, heldur gerir hún þau torleystari og skapar ný vandamál.

Það er vert að minna á það hér, að samtök launþega þurfa nú að vera á verði, því að með gengislækkuninni hefur löggjafinn enn einu sinni seilzt ofan í vasa launþegans og rænt hann árangrinum af baráttu samtaka hans og afhent hann auðmannastéttinni. Þessum mönnum er ætlað að hindra baráttu samtakanna gegn gengislækkuninni og öðrum árásum á lífskjör launþeganna. Þeim er ætlað það hlutverk að draga lokur frá dyrum, þegar orustan hefst. Í þessu efni er sérstök ástæða fyrir verkalýðssamtökin að vera vel á verði.

Í gengislækkunarlögunum eru settar nýjar vísitölureglur, sem eru í stuttu máli samdar með það fyrir augum, að þær veiti launþegum enga kauphækkun. Reglur þessar eru í rauninni ekki annað en brella, sem aldrei getur sýnt nema hluta af þeirri verðhækkun, sem verða kann. Þrátt fyrir það er svo ákveðið, að uppbótum skv. henni skuli lokið 1. júlí 1951. Launþegar geta ekki vænzt neinnar leiðréttingar á kjaraskerðingu gengislækkunarinnar vegna hinnar nýju vísitölu. Þeir hafa eingöngu samtök sín til að treysta á.

Gengislækkunin kemur einnig mjög hart niður á bændum. Þýðingarmiklar rekstrarvörur, svo sem fóðurbætir, útlendur áburður, benzín og varahlutir til véla, hækka um 75%. Þetta veldur bændum miklum áhyggjum og getur orðið til þess að stórminnka framleiðslu landbúnaðarvara. Einkum veldur gengislækkunin því, að aukin vélanýting í landbúnaðinum stöðvast að mestu leyti eða alveg.

Gengislækkunarpostularnir viðurkenna, að gengislækkunin krefjist fórna af launþegum og bændum, en þeir segja: Þetta er gert til þess að létta undir með sjávarútveginum og gera rekstur hans mögulegan. Það er ekki í fyrsta sinn, sem sjávarútvegurinn hefur verið notaður sem yfirvarp, þegar nýjar álögur eru lagðar á almenning. Í s. l. þrjú ár hafa verið lagðir á almenning tollar og nefskattar, er numið hafa frá 30—50 millj. í hvert sinn, alltaf til þess að standa straum af fiskábyrgðinni. Á árinu 1949 námu þessar álögur samtals 120 millj. kr. Það ár varð fiskábyrgðin hæst og nam þá röskum 40 millj. kr. Það, sem umfram var þessar álögur, var horfið í hin sífauknu rekstrarútgjöld ríkisins.

Það er rétt að athuga nokkru nánar, hvernig gengislækkunin bjargar sjávarútveginum.

Togaraútgerðin er sennilega eini þáttur sjávarútvegsins, sem hagnast á gengislækkuninni, enda lækka laun skipverja á togurum miklu meira en laun annarra launþega, og mátti þó engu á þá bæta. Togarahásetar eru nú tvímælalaust lægst launaða verkafólk á Íslandi, með 1800—2000 kr. laun á mánuði fyrir 16 klst. vinnu á dag. Ef miðað er við tímakaup, eru togarahásetar á helmingi lægra kaupi en verkamenn í landi. Sér hver maður, að við svo búið má ekki standa. En þrátt fyrir gengislækkunina eru togararnir í vandræðum, vegna þess að enginn öruggur ísfiskmarkaður er til fyrir þá. Ríkisstj. stendur uppi eins og þvara, verðið svo stopult á enska markaðinum, að honum er ekki að treysta, vesturþýzki markaðurinn glataður að mestu og engir nýir markaðir fyrir hendi. Í öllu því mikla brambolti, sem verið hefur á utanrrh. að koma Íslandi inn í Marshallsamninginn, Atlantshafsbandalag og Evrópubandalag, hefur hann gleymt eða ekki tekizt að fá þessa „bandamenn" okkar og „vini", hinar vestrænu „lýðræðisþjóðir", til að láta okkur í té markaði fyrir afurðir okkar. Ég held, að hann hefði átt að láta hernaðinn eiga sig og einbeita sér að því, sem er aðal- og raunar eina verkefnið, sem íslenzkur utanrrh. hefur, að afla markaða fyrir sjávarafurðir okkar.

Þá er að athuga bátaútveginn, sem er þýðingarmesti þátturinn í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Verðið á fiski bátaútvegsins er nú 75 aurar, en í Noregi er samsvarandi verð 104 aurar. Ef verðlagið hefði verið eina vandamál útvegsins, þá ættum við nú að geta selt allar okkar sjávarafurðir, því að Norðmönnum hefur tekizt að selja alla fiskframleiðslu sína og hefðu getað selt meira. En því er ekki að heilsa. Við

sitjum uppi með vöru, sem við höfum enn ekki getað selt, svo sem hraðfrystan fisk, og óvíst, hvað um þá framleiðslu verður. Fyrir gengislækkunina fékk bátaútvegurinn 75 aura fyrir kg af fiski og að auki vátryggingarstyrk, sem nam 10 aurum á kg fyrir útgerðina. Hagfræðingar þeir, sem hafa undirbúið gengislækkunarl., töldu, að bátaútvegurinn ætti að fá 93 aura fyrir kg eftir gildistöku laganna. En hver hefur reyndin orðið? Ríkisstj. hefur ekkert gert til þess að standa við fyrirheit hagfræðinganna, þvert á móti. Vátryggingarstyrkurinn var afnuminn, og verð á olíum og veiðarfærum hækkaði strax um 75% og allar erlendar vörur til útgerðar smátt og smátt um sömu upphæð. Útvegsmaður í Vestmannaeyjum birti fyrir skömmu í blaðinu Víði útreikning um aukinn kostnað vélbáts, sem fiskar með línu og þorskanetum, og kemst að þeirri niðurstöðu, að kostnaðaraukinn sé um 55 þús. kr. á bát, og nemur hann um 14 aurum á kg af fiski. Þessi útreikningur er áreiðanlega ekki fjarri lagi, en þá er 75 aura fiskverðið, sem nú gildir, farið að samsvara 61 eyris verði fyrir gengisfellinguna. Þar að auki er 75 aura verðið alls ekki lögákveðið og getur lækkað hvenær sem er. Eftir þeim rannsóknum, sem fram hafa farið, er það staðreynd, að með þessu verði getur rekstur bátanna ekki borið sig. Sá bátur, sem hefur á þeirri vertíð, sem nú er að ljúka, fiskað 500 skippund, eftir að gengislækkunin var gerð, hefur þannig tapað á þeirri veiði ekki minna en 50 þús. kr. frá því, sem hann hefði haft annars. Þegar fiskábyrgðin var lögfest í byrjun janúar, samþykkti þ. 75 aura verð sem það lægsta verð, er hugsanlegt væri, að bátarnir gætu komizt af með, og þó raunar ekki, enda var samþ. að veita vátryggingarstyrk. Við það var miðað, að veiði yrði góð. Nú hefur veiði orðið með lélegra móti víða og hér í Faxaflóa mjög léleg, svo að fyrirsjáanlegt er stórtap á bátaútveginum beinlínis vegna gengislækkunarinnar. Þessi nýju töp verða óhjákvæmilega til að draga úr rekstri bátaflotans og þar með minnka útflutningsframleiðsluna. Fiskábyrgðin er afnumin með gengislækkuninni þrátt fyrir það, þótt hún veiti bátaútveginum, sem yfirleitt selur allan afla sinn innanlands og ræður engu um sölu hans á erlendum markaði, enga þá tryggingu fyrir öruggum rekstri, sem fiskábyrgðin gerði. Þetta öryggisleysi, ofan á raunverulega mikla verðlækkun á fiskinum vegna gengisfellingarinnar, mun setja bátaútveginn í svo mikinn vanda og erfiðleika, að fullkomin stöðvun vofir yfir, ef ekki verður úr bætt.

Alþýðan í landinu hefur kynnzt aðferðum afturhaldsins á undanförnum árum við að rýra afkomu hennar. Löggjafarvaldinu og ríkisvaldinu er beitt miskunnarlaust gegn alþýðunni og samtökum hennar. Þótt atvinnurekendur séu með samningum búnir að skuldbinda sig gagnvart samtökum launþega, blandar ríkisvaldið sér inn í þá samninga og ævinlega til að rýra hlut alþýðunnar til ágóða fyrir auðmennina. Þetta átti sér stað, þegar vísitalan var stýfð af stj. Stefáns Jóh. Gengislækkunin er miklu stórfelldari árás á almenning í þessu landi. Þegar svo er komið, að allur sá árangur, sem verður af störfum hagsmunasamtaka alþýðunnar, bæði verkalýðsfélaganna og samtaka bænda og útvegsmanna, er með aðgerðum ríkisvaldsins þurrkaður út, eins og gert hefur verið nú með gengislækkuninni, verða menn að gera sér ljóst, að alþýðan hefur ekki hagnýtt sér þá möguleika, sem hún hefur til að ráða skipun Alþ. Gengislækkun hefur lengi verið óskadraumur auðmanna, en þeir þorðu ekki að framkvæma hana, fyrr en eftir síðustu kosningar. Það var ekki hvað sízt velgengni Framsfl., sem gaf afturhaldinu kjarkinn. Sá flokkur lét beinlínis í það skína, að hann vildi fella gengið. Hinir mörgu launþegar í Reykjavík og víðar um land, sem létu blekkja sig til fylgis við þann flokk, ættu nú að yfirvega það í næði, hvort þeir teldu aðgerðir flokksins að loknum kosningum vera í samræmi við það, sem vonir þeirra stóðu til, er þeir léðu honum fylgi sitt.

Á undanförnum þrem árum hafa laun fólks stöðugt farið lækkandi, því að þær hækkanir, sem knúðar hafa verið fram, hafa eingöngu verið til að vega upp á móti aukinni dýrtíð, en ætíð hefur Alþ. lagzt á sveif með auðmönnunum og þurrkað út áhrif hækkunarinnar. Þannig hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina fyrir launþegum. En þetta stafar af því, að of fáir launþegar gera sér það fyllilega ljóst, að þeir þurfa að heyja hagsmunabaráttu sína ekki einasta með samtökum sínum, heldur einnig við kosningar, til að tryggja, að skipun Alþ. verði þannig, að ekki sé hægt að beita því jafnmiskunnarlaust gegn alþýðunni í landinu og gert hefur verið að undanförnu.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Aðalmál hvers þings er afgreiðsla fjárl. Í stjskr. er svo fyrir mælt, að fjárl. skuli afgreidd fyrir byrjun þess árs, er þau eiga að gilda fyrir. Síðustu árin hefur þetta ákvæði verið mjög brotið, og er nú liðinn meira en þriðjungur árs, þá er fjárl. fá afgreiðslu. Mikið er um þetta rætt og engir háværari en ýmsir þingmenn stjórnarflokkanna, sem telja þetta hið mesta hneyksli.

Í þetta skipti má þó e. t. v. telja þennan drátt afsakanlegan, því að þetta mun vera í fyrsta sinn í sögu Alþ., sem þrjár ríkisstj. hafa setið á sama þ. Vegna annríkis við að búa til nýjar ríkisstj. höfðu því stjórnarflokkarnir lengi vel ekki tíma til að sinna jafnómerkilegum málum og afgreiðslu fjárl. og verður að metast til málsbóta, — þótt hæpið megi teljast, að þar með hafi fyrst og fremst verið hugsað um þjóðarhag.

Nokkurn veginn víst er, að þessi fjárl. verði hin hæstu, sem afgreidd hafa verið á Alþ. Tekjur ríkisins eru áætlaðar 298 millj. og 330 þús., en á síðasta ári 287 millj. 728 þús., þ. e. rúml. 10 millj. hærri núna. Á frv. og þeim till. fjvn., sem fyrir liggja og án efa verða samþ., nemur gjaldaáætlunin 280 millj. rúmum í stað 287 millj. í fyrra. En þó ber þess að gæta, að enn þá munu ókomnar inn upphæðir, að öllum líkindum á annan tug millj., svo að báðum megin verða niðurstöðutölur hærri en á fjárl. s. l. ár.

Auk þessa verður ekki gengið fram hjá því, að nú hafa verið felldar niður þær upphæðir,

sem ætlaðar voru til greiðslu vegna fiskábyrgðarlaganna. Í fyrra voru tekjur dýrtíðarsjóðs áætlaðar 64½ millj. rúmlega. Nú eru ætlaðar til dýrtíðarráðstafana 33½, sem vitanlega er of lítið, og kem ég að því seinna. Þannig hefur verið tekinn burt áætlaður gjaldaliður að upphæð 31¼ millj. kr., en engar líkur til, að heildarútgjöldin lækki fyrir því. Þeir, sem fylgdust með kosningabaráttunni í haust, munu minnast þess, að eitt af aðalmálum núverandi stjórnarflokka var það, að útgjöld ríkissjóðs þyrftu að lækka og handhægasti liðurinn til lækkunar væru fiskábyrgðargreiðslurnar. Nú er búið að lækka krónuna og fella þessar greiðslur niður. En útgjöldin lækka samt ekki, heldur hækka. Og af hverju stafar það? Ekki eru hækkuð framlög til verklegra framkvæmda. Í flestum tilfellum er krónutalan áætluð hin sama, en í sumum tilfellum þó lækkuð, eins og t. d. til flugvallagerða.

Nei, hækkunin stafar af tvennu. Hún stafar af því, að enn þá heldur áfram sú þróun, sem mjög er um talað og allir þykjast sammála um að verði að hætta, að embættiskostnaður ríkisins vex, og að öðru leyti stafar hún af áhrifum gengislækkunarinnar. Um fyrra atriðið vil ég segja það, að á síðasta ári var fjvn. sammála um flutning á nokkrum till. til sparnaðar í rekstri ríkisins, enda hafði sú stj., sem þá fór með völd, haft alldigurbarkaleg orð um það, að í þá átt vildi hún vinna, og m. a. skipað svokallaða sparnaðarnefnd til undirbúnings. En þegar þessar sparnaðartill. fjvn. komu til atkv. í þ. snerist sú hin sama stj. gegn þeim og myndaði samtök um að fella þær.

Nú hefur meiri hl. fjvn. ekki viljað gera þessa tilraun aftur, mest vegna reynslunnar frá síðasta ári. Þegar ég gerði þetta að umtalsefni við 2. umr. fjárl. hér fyrir nokkrum dögum, þá svaraði *hæstv. fjmrh.* með því einu að spyrja, hvers vegna stjórnarandstæðingar flyttu ekki sínar brtt. um þessi mál. Ég vil hér með endurtaka mín orð til hans um það, að það er á engan hátt forsvaranlegt af ráðherrum að lýsa eftir úrræðum frá stjórnarandstöðunni til lausnar þeim málum, sem þeir hafa tekið að sér að leysa. Og það er ekki hlutverk stjórnarandstöðunnar að semja fjárl. fyrir neina ríkisstj. Þó hef ég lagt fram nokkrar till. í þessa átt, sem koma munu til atkv.

Um áhrif gengislækkunarinnar á útgjöld fjárl. skulu nefnd dæmi:

Utanríkisþjónustan hækkar úr 2 millj. 436 þús. upp í 4.555 þús., eða nærri því um helming. Gengistap landssímans vegna greiðslna til útlanda nemur 2,4 millj. og gengistap póstsjóðs 326 þús. Tvennt þetta síðastnefnda kemur þó ekki fram á heildarútgjöldum fjárl. vegna þess, að þessar stofnanir hækka sín þjónustugjöld til að vega á móti. Upphæð til byggingar nýrra varðskipa, sem áætluð var 2 millj. og 200 þús., þarf nú að hækka upp í 3.850 þús. eða um 1 millj. 650 þús. Ég læt þessi fáu dæmi af mörgum nægja til að sýna, hve auðveldlega étast upp 30 millj., sem sparaðar voru með afnámi fiskábyrgðarinnar.

En nú veit ég, að einhver mun svara þannig: Gengislækkunin skapar ríkinu einnig beinar tekjur. Og þetta er rétt. Verðtollur er áætlað að muni hækka um 20 millj. kr., úr 58 í 78. Og söluskattur er áætlað að hækki um 11½ millj. kr., úr 36 millj. upp í 47½ millj., hvort tveggja er vegna gengislækkunarinnar, vegna hækkandi vöruverðs, og þrátt fyrir áætlaðan minnkandi innflutning.

En hvort tveggja, þessar 31½ millj., er aðeins aukinn skattur á það fólk, sem vörurnar kaupir. Kem betur að því síðar.

Þá vil ég aðeins minnast á grundvöll þann, sem fjárl. og fjárhagurinn byggist á, en það eru útflutnings- og gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Þótt ríkið haldi uppi stofnunum, sem kosta meira en Alþ., til að stjórna gjaldeyris- og viðskiptamálum, hefur engin áætlun fengizt um væntanleg útflutnings- og innflutningsverðmæti, er byggja mætti á sem líklegasta afgreiðslu fjárl.

Að undanteknu síðasta ári hafa gjaldeyristekjur ætíð verið mun hærri en áætluð útgjöld og tekjur fjárl. S. l. ár voru þær nokkurn veginn jafnar. En eftir öllum upplýsingum, sem núna liggja fyrir, eru ekki miklar líkur til, að þær verði hærri núna. En væntanlega hjálpar Marshallfé upp á sakirnar, og þá e. t. v. því meira, ef svo skyldi fara, að gjaldeyristekjurnar næðu nú ekki sömu upphæð og fjárl.

Ég veit ekki, hvort allur þorrinn af þm. stjórnarflokkanna hefur gert sér þetta fyllilega ljóst. En leiðtogar þeirra munu vera farnir að skilja það. Ætli þeir séu ekki einmitt nú að vakna við þann vonda draum, að sjálft björgunarstarfið hafi verið á sandi byggt og aðeins orðið til að gera ástandið verra en áður?

Hv. þm. Siglf. hefur nú lýst því, hver bjargráð gengislækkun mun reynast fyrir sjávarútveginn, sem hún átti að vera sérstaklega gerð fyrir. Hér hafið þið heyrt nokkuð um áhrif hennar á fjárl. Eftir er að athuga áhrif hennar á annan aðalatvinnuveginn, — landbúnaðinn. Ýmsir af þeim mönnum, er telja sig sjálfkjörna til að vera pólitískir forustumenn bændastéttarinnar, hafa undanfarin ár viljað telja gengislækkun henni hagstæða, þegar um það hefur verið rætt á fundum bændasamtakanna. Nú hafa þeir forustumenn fengið vilja sinn fram, og dæmin um áhrifin liggja fyrir deginum ljósari hvert af öðru.

Á síðustu 10 árum hefur meira verið flutt inn af vélakosti til landbúnaðarins en samanlagt áður, síðan innflutningur slíkra véla hófst, enda meira verið unnið á þeim árum en á Íslandi hefur sézt fyrr í þeim efnum. Þannig er hafin í landbúnaðinum sú vélbylting, sem flestir játa, að þurfi að koma. En hún er raunverulega ekki nema hafin, sem eðlilegt er. Landbúnaðurinn er að því leyti annars eðlis en t. d. bæði sjávarútvegur og iðnaður, að hann þarf fyrst að breyta afrakstrarskilyrðum náttúrunnar, áður en hann getur farið að uppskera framleiðsluvörur til vinnslu og notkunar. Breyting á honum frá frumstæðni til véltækni hlýtur því að taka lengri tíma en í hinum fyrrnefndu, þótt svipaðar ástæður væru fyrir hendi að öðru leyti. Þess vegna er líka svo mikið óunnið í landbúnaðinum enn þá.

Með þeim breytingum á genginu, sem gerðar

hafa verið, er þessi vélbylting óhjákvæmilega stöðvuð. Þær vélar, sem við þurfum að flytja inn frá dollarasvæðinu, eru nú 150% hærri í innkaupsverði en var fyrir einu ári síðan. Beltisdráttarvélar, sem á s. l. vori kostuðu hingað komnar 80 þús. kr., kosta nú 180 þús. kr. Þótt hækkunin frá sterlingssvæðinu sé ekki svona gífurleg, þá er hún samt nægilega mikil til þess að gera bændum ómögulegt að kaupa landbúnaðarvélar í nokkrum verulegum mæli. Um rekstrarvörur, s. s. benzín og olíur, sem tæknibúskapur krefst mikils af, er sama að segja. Yfirleitt eru þær vörur greiddar í dollurum og fá því á sig hina mestu hækkun, sem um er að ræða. Aðrar rekstrarvörur, — fóðurvörur og áburð, gildir hið sama um. Margir bændur tala nú um það í fyllstu alvöru að minnka kaupin á fóðurvörum til mjólkurframleiðslunnar og minnka kaupin á tilbúnum áburði til jarðræktarinnar. Hvað framleiðslu garðávaxtanna snertir, má vera, að hæstv. ríkisstj. telji, að þann skaða megi bæta með því að fá Marshall-kartöflur að gjöf frá Bandaríkjunum. Þær eru eyðilagðar þar hvort sem er, og hví þá að vera að leggja fé og fyrirhöfn í það að rækta þær hér? Þetta er virkilega eitt sjónarmið, sem til greina getur komið, og raunverulega í fullu samræmi við margt annað, sem tengt er þessari frægu Marshalláætlun. En neyzlumjólk verður bæði dýrt og erfitt að flytja frá Ameríku, jafnvel þótt nóg kynni að vera þar til af henni.

Annars liggur ljóst fyrir líka, að sú fjárhagskreppa, sem nú hellist yfir allan fjöldann af neytendum landbúnaðarvara í bæjum landsins, hlýtur að draga stórlega úr fjárhagslegri getu þeirra til kaupa á þessum vörum. Þeir bændur, sem muna markaðskreppuna, er sigldi í kjölfar heimskreppunnar, er hófst 1932, munu nú skilja, hvað að þeim stefnir.

Af því að landbúnaðurinn íslenzki byggir svo að segja eingöngu á innlendum markaði, hlýtur gengislækkunin að skella á honum með fullum þunga, nema ríkissjóður eigi að inna af höndum enn þá meiri greiðslur til dýrtíðarráðstafana en áður. Á þessum fjárl. eru ætlaðar 33½ millj. til þess að halda dýrtíðinni í skefjum. Þegar þetta er borið saman við undanfarin ár, er sýnilegt, að í þeirri áætlun er engin heil brú til. Ég hef ekki fengið upplýsingar um það, hve há upphæð var greidd til þess s. l. ár, en skv. ríkisreikningi 1948, — að vísu óendurskoðuðum, — kostaði þetta 44 millj. það ár, eða einum fjórða hluta hærra en nú er áætlað. Með þessum 44 millj. voru greiddar niður landbúnaðarvörur að mestu, en þó lítið eitt meira, s. s. erlent smjör, smjörlíki og sykur. Nú liggja fyrir till. frá stjórnarflokkunum um að hækka verðtollinn úr 58 millj. frá síðasta ári upp í 78 millj., eða um 20 millj., enn fremur að hækka áætlun söluskattsins úr 36 millj. upp í 47½ millj. Þannig er um að ræða 31½ millj. samtals í hækkuðum verðtolli og hækkuðum söluskatti, og er hvort tveggja þó aðeins afleiðing þeirrar verðhækkunar, sem gengislækkunin skapar í innfluttum vörum. Nú er það enn fremur upplýst, að ráð er gert fyrir allmiklu minni innflutningi en áður, og gerir það ástandið enn þá ömurlegra, sýnir enn þá betur, hvílíkt geipiverðbólguflóð er að skella hér yfir. Mun minna innflutningsmagn á að bera uppi svo miklu hærra verð, þ. e. fleiri krónur í vöruverði, að söluskattur og verðtollur hækka af þeim ástæðum um 31½ millj. kr. Þetta er önnur hliðin. Hin er sú, sem ég minntist á áðan, hinn stóraukni framleiðslukostnaður neyzluvaranna, sem framleiddar eru innanlands — landbúnaðarvaranna.

Fyrst 44 millj. þurfti 1948 til þess að halda dýrtíðinni í skefjum það ár — þó ekki alveg — við það ástand, sem þá var, munu 33½ millj. hrökkva skammt til að stöðva þetta flóð í viðbót við það, sem fyrir var. Ef einhverjir leiðtogar bændanna vilja telja þeim trú um, að þeir muni fá framleiðslukostnað sinn bættan með hækkuðu verði, þá vil ég leyfa mér að fullyrða, að slíkt eru blekkingar. Markaðsþrengslin vegna minnkandi kaupgetu væru fyrirsjáanleg og eru það raunar að öllum líkindum hvort eð er.

Í grg. þeirri hinni miklu, er fylgdi gengislækkunarfrv. og er rökstuðningur fyrir ágæti þeirra ráðstafana, stendur m. a. þessi klausa:

„Við það, að verðlag á landbúnaðarafurðum lækkar til muna innanlands, flyzt fólk yfir í aðra framleiðslu, nema því aðeins, að það borgi sig að framleiða landbúnaðarvörur til útflutnings“, og litlu síðar: Þótt verðlag á landbúnaðarvörum lækki undir svona kringumstæðum, er ekki líklegt, að skjótur samdráttur verði á framleiðslunni. Líklegra er, að reynt verði að flytja út það magn afurða, sem ekki selst innanlands. Landbúnaðurinn getur samt átt erfitt uppdráttar, meðan breytingin er að gerast. Það er búið á fleiri býlum en þörf er á vegna innanlandsneyzlunnar. Það má gera ráð fyrir, að bændur reyni að taka upp fullkomnari framleiðsluaðferðir til þess að láta búskapinn bera sig, enda er það sú reynsla, sem fengizt hefur.“

Svo mörg eru þau orð. Þetta er þá hin fyrirhugaða þróun. Hvað segja hv. framsóknarmenn um hana?

Fólkið á að flytjast frá landbúnaðinum yfir í önnur störf. Það, sem helzt virðist vekja ótta þessara sérfræðinga, er það, að samdrátturinn í landbúnaðarframleiðslunni verði ekki nógu ör, því að það verði búið á of mörgum býlum, a. m. k. fyrst í stað.

Þótt bændurnir vildu auka afköstin með meiri tækni og þannig fá búskapinn til að bera sig, þá verður það ekki gert nema með fullkomnari tækjum.

Og hvernig verður með útvegun á þeim? Reynslan er ólygnust. Eftirsóttustu tækin til alhliða notkunar á sveitabæjum eru jeppabílar. Á síðasta þ. flutti hálfur þingflokkur sjálfstæðismanna tillögu um innflutning á 600 jeppum.

Framsókn þurfti að bjóða betur, og talan var hækkuð upp í 750 og samþ. þannig. Nú er liðið á annað ár síðan. Enginn jeppi fluttur inn. En annað var gert í staðinn. Það voru samþ. ýtarleg l. um úthlutun þessara jeppa. Og útlit er fyrir, að bændur verði að láta sér þau nægja fyrst um sinn.

En einmitt núna er sams konar saga að gerast hér. Nú þessa dagana er til meðferðar hér sams konar frv. um úthlutun heimilisdráttarvéla. En jafnframt berast þær fregnir, að gjald-

eyrisyfirvöldin muni ekki sjá sér fært að leyfa neinn slíkan innflutning. Í annað sinn mun bændastéttin verða að láta sér nægja snuðtúttuna. Í fyrra munu þeir hafa átt að undirbúa jarðveginn og sá með úthlutunarreglum um jeppa, sem engir fengust, og í ár munu þeir eiga að hirða uppskeruna og skapa úr henni verðmæti með úthlutunarreglum um heimilisdráttarvélar, sem engar fást. Þannig munu þeir eiga að láta búskapinn bera sig við þau nýju skilyrði, sem skapazt hafa.

Mætti ég nú biðja hlustendur að minnast loforðanna um allar hliðarráðstafanirnar, sem lofað var jafnhliða gengislækkuninni? Ætli þetta þ. verði ekki sent heim án efnda á þeim loforðum? Svo virðist mér horfa nú.

Í umræðum um vantraust á fyrrv. ríkisstj., sem þjóðin hlustaði á fyrir fáum mánuðum, komst formaður Framsóknar, núv. hæstv. landbrh., svo að orði um gengislækkunina: „En það þarf að hugsa fyrir því, að málið sé svo réttilega fram borið, að alþýða manna viti það og trúi því, að Alþingi geri jafnframt allt, sem í þess valdi stendur, til að draga úr byrðum almennings. Þetta er ekki aðeins réttlætismál, heldur er þessi vinnuaðferð sú eina, sem gefur nokkrar vonir um, að málið verði ekki ónýtt í framkvæmd. En ef svo færi, væri ástandið í fjármálum orðið verra en áður".

Ekkert af þessu var gert, nema gengisbreytingin. Þess vegna er nú ástandið í fjármálum verra en áður.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég mun fyrst reyna að varpa nokkru ljósi á baksvið viðburða síðustu tíma til þess að skýra stjórnmálaástandið, stjórnarstefnuna og stjórnarhættina, sem nú ríkja í landinu.

Þar er fyrst til máls að taka, er sýnilegt var vorið 1949, að nokkur óróa hafði skapazt innan Framsfl. út af stjórnarsamstarfinu, er þá var. Greinilegt var, að það voru öfl innan forustuliðs flokksins, en utan ríkisstj., sem ollu óværð þessari, er smátt og smátt færðist í aukana. Það var forustulið flokksins utan stjórnarinnar og blað framsóknarmanna, sem lagði til atlögu. Helztu ástæðurnar, sem fram voru færðar til gagnrýni á stjórnarsamstarfinu, voru viðskiptamálin, og þá einnig það, að ráðstafanir þyrfti að gera í ríkara mæli gegn dýrtíðinni í landinu. Það færðist óðum í vöxt, að blöð Framsfl. og málflytjendur hans á fundum réðust að ráðherrum Alþfl., ekki sízt Emil Jónssyni, þáverandi viðskmrh., fyrir ástandið í viðskiptamálunum.

Öllum, sem til þekktu, var þó ljóst, að viðskiptamálin heyrðu undir alla ríkisstj., og hafði viðskmrh. því óeðlilega lítil völd. Var það löngum krafa okkar Alþýðuflokksmanna, að þessu yrði breytt þannig, eins og siður er um verkaskiptingu ríkisstjórna, að viðskmrh. réði sjálfur sínu eigin ráðuneyti, og bæri þá um leið að beina gegn honum þeim aðfinnslum, er menn teldu sig hafa fram að bera á þeim vettvangi. En óeðlilegt var með öllu, að ríkisstj. sem heild hefði mál þessi með höndum, en sakargiftum um meðferð þeirra hins vegar beint gegn viðskmrh. einum. Hefur Alþfl. nú flutt tillögu til leiðréttingar á þessu ófæra skipulagi og fengið hana samþ. í neðri deild, hver sem verða lokaafdrifin.

Samtímis því, sem óróinn af hálfu Framsfl. gerðist magnaðri, urðu háværari og háværari þær raddir innan borgaraflokkanna tveggja, Sjálfstfl. og Framsfl., að eina leiðin út úr ógöngunum í dýrtíðarmálunum væri að lækka gengi íslenzkrar krónu. Þó var því alltaf haldið fram af hálfu Framsfl., að áður en til slíks kæmi, þyrfti að gera margar og samfelldar ráðstafanir til endurbóta í húsnæðismálum, að útrýma með löggjöf og framkvæmd svartamarkaðsbraski og gerbreyta til batnaðar skattalöggjöfinni. Kom þetta skýrt og greinilega fram í skjali því, sem ráðherrar Framsfl. lögðu fram í ríkisstjórninni 2. júní 1949. Þar er í fyrsta lagi tekið fram, að taka þurfi upp nýja stefnu í verzlunarmálum og tryggja neytendum og framleiðendum sem mest frjálsræði til að velja milli verzlana og koma í veg fyrir svartan markað. Þá var og í þessu sama skjali talað um nauðsyn þess, að húsnæðismálunum yrði komið í betra horf, og væru þær ráðstafanir í því fólgnar að koma á stóríbúðaskatti, er rynni til þess að veita ódýr lán til samvinnubygginga og byggingar verkamannabústaða, og einnig að lögbjóða þyrfti lækkun húsaleigu. Þá var og fram tekið, að gera þyrfti framkvæmd skattalaganna öruggari og einfaldari og herða á eftirliti með skattaframtölum. Bæta þyrfti um verðlagseftirlitið með ýmsum ráðstöfunum. Í framhaldi af þessum ráðstöfunum, eins og það var orðað í þessu skjali, lagði Framsfl. til, að sett yrði löggjöf um allsherjar niðurfærslu eða gengislækkun, miðað við að framleiðslunni yrði komið á rekstrarhæfan grundvöll.

Ráðherrar Alþfl. lýstu strax yfir því, að þeir teldu rétt og eðlilegt að gera ýmsar þær ráðstafanir, sem á væri bent og leiða ættu til þeirrar niðurstöðu að gera verzlunina frjálsari, bæta úr húsnæðisvandræðunum og stemma stigu við svartamarkaðsbraski og öðru slíku, er helzt væri áfátt í þjóðfélaginu. Hins vegar lýsti Alþfl. yfir því, að hann væri eins og áður andvígur gengislækkun. Sjálfstfl. tvísteig nokkuð í öllum þessum málum, en auðheyrt var á öllu, að gengislækkunarhugmyndin átti fulls byrs að vænta í þeim herbúðum.

Þegar ekki náðist samkomulag innan stjórnarflokkanna um þessi málefni, var ákveðið — einkum af þeim mönnum innan Framsfl., er óróanum ollu — að ráðherrar þeirra skyldu hverfa úr stjórninni. Leiddi þetta til þeirrar niðurstöðu, sem alkunn er, að Alþingi var rofið og efnt til nýrra kosninga.

Flokkarnir þrír, sem stóðu saman um ríkisstj., gengu síðan til kosninga, hver með sína stefnuskrá. Það málið, sem oft var mjög rætt í kosningunum, ekki sízt af hálfu Alþfl., var gengislækkunarmálið. Lýsti Alþfl. yfir í kosningaávarpi sínu því, sem hér fer á eftir:

„Alþýðuflokkurinn er því andvígur tillögum andstæðinganna um almenna gengislækkun (lækkun íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi), ekki sízt fyrir þá sök, að þær eru bundnar við verulega kjararýrnun almennings og þvingun í garð launastéttanna. Engin þau úr-

ræði í þessum efnum, sem samtök launamanna, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, beita sér gegn, munu leiða til varanlegra endurbóta á vandamálum atvinnulífsins, og telur flokkurinn því, að málið verði ekki leyst nema í náinni samvinnu við þau."

Að öðru leyti hélt Alþfl. í kosningunum fram stefnu sinni í dægurmálunum, og mátti segja, að á margan hátt gætu leiðir legið saman með hinum flokkunum, og þá ekki sízt Framsfl. í viðskipta-, verzlunar- og húsnæðismálum.

Stefna Framsfl. í kosningunum var í höfuðatriðum sú, er ég hef áður lýst hér að framan og kom fram í skjali því, er ráðherrar flokksins lögðu fram í ríkisstj. Taldi Framsfl. sig þá skeleggasta andstæðing Sjálfstfl. og harðastan óvin alls íhalds og fjárplógsstarfsemi. Sjálfstfl. stagaðist í kosningunum mest á styrkjalausum atvinnurekstri og frjálsri verzlun. Var auðheyrt á öllu, að hann vildi stefna að gengislækkun og minni afskiptum almannavaldsins af fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, — allt með það fyrir augum, að atvinnurekendur og kaupsýslumenn hefðu sem frjálsastar hendur til að safna auði, eftir því sem ástæður frekast leyfðu, enda var það í samræmi við eðli flokksins og stefnu yfirleitt.

Kosningunum lauk svo, að Framsfl. varð aðalsigurvegarinn. Ríkisstj. sú, sem ég veiti forstöðu, baðst lausnar 2. nóv. 1949, og um leið lýsti ég yfir því í viðtali við Alþýðublaðið, að ég teldi sjálfsagt, að stj. bæðist lausnar, og að kosningarnar væru skref til hægri í íslenzkum stjórnmálum.

Voru þingmenn og miðstjórn Alþfl. einnig sammála um það, að sökum úrslita kosninganna og ólíkra sjónarmiða, er hinir borgaralegu lýðræðisflokkar annars vegar og Alþfl. hins vegar hefðu barizt fyrir í kosningunum varðandi dýrtíðarvandamálið, þá væri rökrétt afleiðing, að Alþfl. yrði hlédrægur í sambandi við stjórnarmyndun.

Út af þessari afstöðu Alþfl., sem hann einnig sýndi í framkvæmd í sambandi við allt stjórnarmyndunarbraskið, er á eftir fór, kom upp sú einstæðasta kenning, sem ég man eftir að hafa heyrt í stjórnmálum. Báðir borgaraflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., lýstu yfir því hvor í kapp við annan, að Alþfl. ætlaði að draga sig í hlé í stjórnmálum! Er það ein hin frumlegasta kenning, sem ég minnist að hafa heyrt, að ef flokkur eftir kosningaúrslit telur rétt að draga sig í hlé frá landsstjórn, þá hafi hann þar með horfið frá stjórnmálum. Ef þessi kenning er rétt, þá hefði danski Alþýðuflokkurinn átt að draga sig út úr stjórnmálum haustið 1945, er hann tapaði talsverðu fylgi í kosningunum, en Vinstri flokkurinn, sem er íhaldssamur bændaflokkur, vann á. En eftir þær kosningar lýsti danski Alþýðuflokkurinn yfir því, að það væri bæði skylt og rétt, að Vinstri flokkurinn sæi nú um stjórn landsins. Varð það og svo, að danski Alþýðuflokkurinn var í stjórnarandstöðu í tvö ár. Þá fóru fram nýjar kosningar, og unnu jafnaðarmenn sigur á ný og gengu til stjórnarmyndunar.

Mundi það þykja án efa furðuleg kenning víðar um lýðræðislönd en hér, að stjórnmálaflokkar ættu ekki að hlíta úrslitum kosninga á þingræðislegan hátt.

Eftir að Alþingi kom saman, varð það að sjálfsögðu eitt af fyrstu viðfangsefnunum að koma á fót nýrri stjórn. Gekk það í allmiklu þófi lengi vel, og þótt undarlegt mætti virðast, reyndist borgaraflokkunum ókleift að mynda stjórn saman, — en meira olli því metnaður en málefni, eins og greinilega kom á daginn síðar.

Ólafur Thors myndaði þá minnihlutastjórn Sjálfstfl., en Hermann Jónasson missti af strætisvagninum í það sinn. Fljótlega eftir þessa stjórnarmyndun hófst sorglegur skopleikur. Voru Framsfl. og Sjálfstfl. þar aðalleikendur, og mátti nefna þann leik: Haltu mér, slepptu mér. Hámarki náði hin dramatíska stígandi leiksins með flutningi vantrauststillögu framsóknarmanna á stjórn Sjálfstfl. og samþykkt hennar. Á eftir féll leikurinn niður um stund í ládeyðu með smástormsveipum. En hann endaði eins og úrvals eldhússreyfari. Þeir, sem áður voru afbrýðissamir hvor við annan og áttu í hörðum deilum, fluttu saman og stofnuðu nýtt kærleiksheimili. Það var mynduð stjórn sú, sem nú situr að völdum, — stjórn Framsfl. og Sjálfstfl., — til þess að framkvæma óskadraum beggja flokkanna: gengislækkun.

Eins og ég drap á áður, þá lá í loftinu, að gengislækkunarleiðin mundi verða farin, þótt hvorugur borgaraflokkanna vildi opinberlega og skýrt játa það. Þó vissu allir, sem til stjórnmálanna þekktu, að þeir mundu fallast í faðma um þessa lausn. Í þessu sambandi og út af andstöðu Alþfl. gegn gengislækkun þykir mér rétt að drepa aðeins á það, að stjórnarflokkarnir hafa hvað eftir annað haldið því fram, að ekki væri andstaða Alþfl. gegn gengislækkun mjög í samræmi við fyrri afstöðu, þar sem Alþfl. hefði staðið að gengislækkuninni, sem gerð var síðastl. sumar. Í þessari kenningu og þessum áróðri er mikil blekking fólgin. Bretar, Norðurlandaþjóðirnar og allflestar Vestur-Evrópuþjóðir lækkuðu gengi sitt s. l. sumar gagnvart dollar. Ef íslenzka krónan hefði verið látin óbreytt, táknaði það hækkað gengi krónunnar gagnvart sterlingspundi og myntum allflestra Vestur-Evrópuþjóða, en við þau ríki hafði Ísland meginhluta viðskipta sinna og flutti þangað mestan hluta framleiðslu sinnar til sölu. Íslendingar gerðu þá ekki annað en það að láta vera að hækka gengi gjaldeyris síns gagnvart sterlingspundi. Sjá allir, hversu gerólíkt það er gengislækkun þeirri, sem nú hefur verið framkvæmd fyrir mánuði síðan.

Ríkisstj. Ólafs Thors hóf strax undirbúning að frv. um gengislækkun. Og eigi leið á löngu áður en það frv. leit dagsins ljós á Alþingi. Taldi stjórn Ólafs Thors sig nú hafa fundið stein vizkunnar og þann Aladdínslampa, er lýsa mundi örðugan veg íslenzku þjóðarinnar áleiðis til fyrirheitna landsins. Og eftir að þetta frv. var fram komið, stóð ekki á stóru fyrirsögnunum í Morgunblaðinu um ágæti gengislækkunarinnar. Hinn 26. febr. s. l. voru þessar fyrirsagnir með stóru letri í Morgunblaðinu um gengislækkunarfrv.: „Sköpun atvinnuöryggis og stöðvun hallarekstrar framleiðslunnar. Kauphækk-

anir ekki bannaðar. Launafólki tryggðar verðlagsuppbætur. Reynt að leysa vanda þjóðarinnar á réttlátan hátt og skapa heilbrigt efnahagsástand. Útrýming atvinnuleysis og lausn efnahagsvandræðanna.“ Í meginmáli í þessu blaði segir svo: „Er þá fyrst að benda á, að megintilgangur frv. er að stöðva það atvinnuleysi, sem nú er að hefjast og án alls efa mun fara ört vaxandi, verði ekki að gert. Frá þessu höfuðsjónarmiði er frv. launastéttum landsins mikill fengur, ef að lögum verður. En þar við bætist svo, að með ákvæðum þess eru launþegum beinlínis tryggðar fullar kaupuppbætur eftir framfærsluvísitölunni.“

Í forustugrein í Morgunblaðinu 1. marz segir svo um gengislækkunarlögin: „Fyrstu þrjá mánuði eftir að lögin ganga í gildi fá launþegar þá hækkun framfærslukostnaðar, sem sprettur af gengisbreytingunni, fullkomlega bætta. Á sömu leið fer að loknum sex mánuðum .... jafnhliða hefur það gerzt, að rekstur atvinnufyrirtækjanna hefur komizt á heilbrigðan grundvöll og þau rekin án stórfelldra ríkisstyrkja. Hagsmunir launþega eru því í engu skertir, nema miklu síður sé .... Launþegar þurfa því ekkert að óttast.“ Og í ræðu, sem Bjarni Benediktsson, hæstv. utanrrh., hélt við vantraustsumræðuna 1. marz s. l., sagði hann: „Fjöregg fjármálalífs þjóðarinnar er fólgið í dýrtíðarfrv. stjórnarinnar .... Sjálfstæðisflokkurinn álítur óhjákvæmilegt að freista þess, að reyna í lengstu lög að semja um framkvæmd hins mikla máls.“

Þegar gengislækkunarfrv. kom til 1. umr., en það var áður en núverandi ríkisstj. var mynduð, þá mátti enn þá merkja í ræðum framsóknarmanna nokkurn svip af þeim kröfum, er þeir áður höfðu haldið uppi, um, að aðrar ráðstafanir yrði að gera áður eða samtímis því að gengislækkunin væri framkvæmd. Hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sagði við 1. umr. gengislækkunarfrv., eftir því sem Tíminn skýrir frá 28. febr.: „Það verða menn hins vegar að gera sér ljóst, að gengislækkunin ein getur ekki leyst vandann og kemur ekki að notum, nema hún sé aðeins þáttur í margþættum ráðstöfunum .... Gengislækkun er þannig aðeins hlekkur í keðju og verður ekki rétt skoðuð eða metin án þess, að litið sé á hina hlekkina. Ef gengislækkun á að takast, verður hún að vera liður í vel hugsaðri stjórnarstefnu, sem fylgt er í löggjöf og framkvæmdum .... Það er nauðsynlegt jafnhliða gengislækkuninni að tryggja réttláta vörudreifingu og koma verzluninni á réttlátari og heilbrigðari grundvöll en hún byggist nú á. Því þarf m. a. í sambandi við þetta frv. að gera ráðstafanir til lækkunar á húsaleigu og til þess að tryggja aukið fjármagn til byggingarframkvæmda í þágu almennings, það þarf að gera átak til þess að láta hentugar íbúðir sitja fyrir um efni og fjármagn .... Það er sjálfsagt réttlætismál, að þeir, sem mestan hafa gróða af verðþenslunni, leggi fram fjármagn til viðréttingarinnar. Í frv. eru sérstök ákvæði um stóreignaskatt. Að dómi Framsfl. eru þau ófullnægjandi.“

Í ritstjórnargrein í Tímanum 1. marz segir svo: „Eysteinn Jónsson minntist á nokkrar þeirra ráðstafana, sem þyrfti að gera samhliða gengislækkuninni .... Slík ákvæði yrði að ákveða í sjálfu gengislækkunarfrv.“

Hermann Jónasson, hæstv. landbrh., sagði í framsöguræðu sinni við vantraustið, er hann flutti á þáverandi ríkisstjórn Sjálfstfl., hinn 1. marz s. l.: „Framsfl. benti á fyrir kosningarnar, að vegna verðbólgunnar væri ekki nema um tvær höfuðleiðir að velja: að lækka gengið eða færa niður verðlag og laun. Áður eða samtímis yrði Alþingi að gera ráðstafanir til þess að tryggja heilbrigða verzlun, að lækka okurhúsaleigu og útrýma svörtum markaði og vöruokri, að leggja á stóreignaskatt .... en í frv. (þ. e. gengislækkunarfrv.) er þó ekki gert ráð fyrir neinum aðgerðum til þess að gera verzlunarhættina heilbrigðari, ekkert til þess að útrýma svartamarkaði eða vöruokri, ekkert til þess að koma í veg fyrir okurhúsaleigu, ekkert til þess að framleiðendur geti fengið ódýrari rekstrarvörur, og eignarskatturinn er ekki fullnægjandi. Af þessum ástæðum hefur Framsfl. einatt gert það að skilyrði fyrir fylgi sínu við gengislækkunina, að margnefndar hliðarráðstafanir væru gerðar samtímis. Ríkisstj., sem slítur gengislækkunina úr samhengi, er alls ekki fær um að hafa forustu þessa máls .... aðalatriðið er, að nú þegar verður að koma á ríkisstjórn, sem hefur forustu um það að leysa dýrtíðarvandamálið á breiðum grundvelli og réttlátari fyrir alþýðu manna.“

Jú, jú, það vantaði ekki yfirlýsingarnar af hálfu forustumanna Framsfl. um mánaðamótin febrúar og marz s. l., þegar verið var að koma minnihlutastjórn Sjálfstfl. frá völdum með það fyrir augum að mynda með honum nýja stjórn til þess að framkvæma gengislækkunina.

Nú skyldi maður ætla, að þegar núverandi hæstv. ríkisstj. tók við undir forsæti hæstv. forsrh., Steingríms Steinþórssonar, og með tvo höfuðforustumenn Framsfl. í ríkisstj., hefði nú verið mótuð ný stjórnarstefna, og eins og hæstv. landbrh. sagði og ég hef áður í vitnað, að ríkisstj. yrði að hafa forustu um það að leysa dýrtíðarmálin á breiðum grundvelli og réttlátlega fyrir alþýðu manna.

En ég held, að það hefði verið rétt fyrir Framsfl. að „strika yfir stóru orðin og standa við þau minni reyna.“ Hann hefur staðið við fátt af stóru orðunum. Að því verður nú vikið hér nokkuð á eftir.

Áður en ég vík svo nokkru nánar að stjórnarstefnunni, vildi ég með nokkrum orðum minnast á afstöðu Alþfl. gegn gengislækkunarfrv. og þeim tilraunum, sem hann gerði til þess að sníða af frv. verstu agnúana.

Þess er þá í fyrsta lagi að geta, að síðustu þing Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins lýstu sig andvíg gengislækkun, og Alþfl. lýsti einnig yfir því við síðustu kosningar, eins og ég hef áður rakið. Ástæðan var raunverulega ekki sú, að Alþfl. hlyti ávallt og undir öllum aðstæðum að telja gengisbreytingu andstæða hagsmunum alþýðunnar. Hann fylgdi gengisbreytingunni 1939, þar sem hann taldi hana nauðsynlega og vegna þess að þá voru samhliða henni gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að sporna við dýrtíð og til þess að bæta hag þeirra, sem lægst voru launaðir, enda var sú gengislækkun

gerð í samráði við stjórn Alþýðusambandsins. Ef gengislækkunin hefði átt að vera réttlætanleg frá sjónarmiði Alþfl., eins og ástandið hefur verið undanfarinn áratug og er nú, hefði þurft að gera svo róttækar breytingar á efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar, að litlar eða engar líkur eru til þess, að um það hefði náðst samkomulag á Alþingi, eins og það er nú skipað. Og Alþfl. taldi það ekki heldur sína sök, að ekki hafði verið unnt að feta með jafngóðum árangri og hann hefði kosið þá stöðvunarleið, sem hann stóð fyrir að farin var um skeið. Það var sök andstæðinga hans, að ekki tókst betur til og að sú leið varð eigi að fullu gengin.

En til þess að gengislækkunin hefði verið réttlætanleg undir þeim aðstæðum, sem nú ríkja, hefði þurft að breyta skipulagsháttum á útgerð landsmanna, ekki hvað síst bátaútgerðinni og á ýmsum fiskiðnaði, svo og rekstri hraðfrystihúsanna. Það hefði þurft að gerbreyta skipulagi innflutningsverzlunarinnar og taka fyrir það ástand, að hún væri jafnmikil og óeðlileg gróðalind og raun ber vitni. Það hefði þurft róttækar ráðstafanir til þess að leysa húsnæðisvandamálin og gerbreyta skattakerfinu, tryggja rétt framtöl og koma í veg fyrir, að óeðlilegur skattþungi lenti á herðum launamanna, auk þess sem hækka hefði þurft persónufrádrátt láglaunamanna verulega.

Það er því allt í senn, að Alþfl. og alþýðusamtökin höfðu áður á þingum sínum markað andstöðu gegn gengislækkun og að það var ekki sök Alþfl., hvernig komið var í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, og loks, að ekki var Alþingi þannig skipað, að mögulegt væri að koma fram þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlega hefði þurft að gera, ef grípa hefði átt til gengislækkunar. Af öllum þessum ástæðum lagðist Alþfl. gegn gengislækkunarfrv. ríkisstj., en reyndi samtímis, eins og ég sagði áður, að sníða af því mestu vankantana. En það tókst ekki. Fulltrúar Alþfl. fluttu þær brtt. við frv., sem ráðstefna Alþýðusambandsins hafði beitt sér fyrir, enda höfðu þingmenn Alþfl. við afgreiðslu þessa máls nána samvinnu við alþýðusamtökin og voru þeim sammála um höfuðatriði málsins.

Þingmenn Alþfl. fluttu í báðum þingdeildum brtt. við gengislækkunarfrv. um að leiðrétta frá því, sem var í frv., uppbætur þær, er veittar yrðu launamönnum, og að reikna út visitölu með öðru réttlátara móti og mánaðarlega og greiða síðan launauppbætur samkvæmt því. Hann flutti brtt. um að hækka verulega stóreignaskattinn. Þá flutti hann og tillögur um það að auka framlag til byggingar verkamannabústaða í sambandi við frv. og einnig að hækka persónufrádrátt til skatts frá því, sem nú er, hjá þeim, sem lægst eru launaðir, en auk þess margar aðrar tillögur. Ekkert af þessu náði fram að ganga. Hinir nýju samstarfsflokkar um ríkisstjórn, Framsfl. og Sjálfstfl., stóðu eins og múrveggur í kringum málefni það, sem þeir höfðu komið sér saman um og vildu ekkert gera til þess að lagfæra. Var það þó í litlu samræmi við það, sem hæstv. forsrh. lýsti yfir, er ríkisstj. tók við völdum 14. marz s. l., en hann sagði, að ríkisstj. væri staðráðin í því að gera það, sem í hennar valdi stæði, til þess að þær byrðar, sem almenningur þyrfti að taka á sig vegna lækkunar hins skráða gengis krónunnar, kæmu sem léttast niður, og í því sambandi að hafa samráð við stéttasamtök almennings vegna þeirra. Ekkert tillit var tekið til óska alþýðusamtakanna í þessum málum, og reyndist yfirlýsing hæstv. forsrh. um þetta efni koma að litlu haldi.

Nú skildu menn ætla, að samið hefði verið þannig milli núverandi stjórnarflokka, fyrir atbeina Framsfl., að verulegar breytingar á gengislækkunarfrv. hefðu verið gerðar, frá því það var lagt fram af minnihlutastjórn Sjálfstfl., og að eigi yrði ákvæði lögfest um gengislækkun, nema stórfelldar hliðarráðstafanir fylgdu, og það jafnvel í gengislögunum sjálfum. En sú varð alls ekki raunin á. Að vísu var frv. breytt, en þó lítið eitt. Höfuðbreytingin, sem gerð var á því, var um stóreignaskattinn, enda hefði mátt gera ráð fyrir, að Framsfl. hefði komið því til leiðar, að lagðar yrðu þyngri byrðar á breiðu bökin. En eigi reyndist það heldur rétt.

Þær breytingar, sem gerðar voru á skattálagningunni, hafa í för með sér, eftir því sem skattfróðir menn hafa skýrt mér frá, að tekjur af stóreignaskatti verða minni eftir breytinguna en upprunalega var í frv. sjálfstæðismanna, ekki síst þegar þess er gætt, að felldur var niður eignaraukaskattur, sem talið var að gæfi ríkissjóði verulega fjárhæð.

Með samvinnu stjórnarflokkanna núverandi voru sannarlega ekki lagðar þyngri byrðar á breiðu bökin. Að öðru leyti voru gerðar heldur lítilfjörlegar breyt. á frv., en eins og ég sagði áðan, voru brtt. Alþfl. felldar.

Þá er að minnast á hliðarráðstafanir Framsfl., sem hann hlaut að krefjast í samræmi við áður raktar stóryrtar fullyrðingar, ef ekki í gengislögunum sjálfum, þá a. m. k. samtímis eða strax á eftir.

Snemma á Alþingi því, er nú situr, og einnig á síðasta þingi, lagði hæstv. núverandi landbrh., Hermann Jónasson, ásamt flokksbróður sínum, fram frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Átti það að vera ein af hinum voldugu hliðarráðstöfunum, sem mikið hefur verið um talað. Í grg., sem fylgdi þessu frv., var ekki annað að sjá en að nú ætti að velta veröldum með setningu þessara laga. Segir m. a. svo í grg.: „Ef þetta frv. verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega fylgt, mundi það gerbreyta til bóta á stuttum tíma því ömurlega ástandi, sem ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á 20. öldinni". En þó að frv. væri í upphafi ekki stórfenglegt, versnaði það þó verulega í meðförum stjórnarflokkanna. Í stað þess, að verðlagsdómur yrði skipaður tveim fulltrúum neytenda, ásamt héraðsdómara, var nú ákveðið, að fulltrúi neytenda skyldi aðeins vera einn og atkvæði héraðsdómara ráða úrslitum, ef ágreiningur rís. Áhrif neytenda á dómsúrslit eru því að verulegu leyti þurrkuð út. Gerði ég tilraun til þess að endurbæta þetta með brtt. á Alþingi, en báðir stjórnarflokkarnir voru sammála um að fella hana. Þá var og að ýmsu öðru leyti dregið úr ákvæðum þessa litla frv. með samkomulagi stjórnarflokkanna. Ég leyfði mér að flytja brtt. við frv. um að banna sérstaklega keðjuverzlun í sambandi við saumastofur verzl-

unarfyrirtækja. En þessi till. var einnig felld. Hefur frv. þetta síðan orðið að lögum, að mínu viti nauðaómerkilegt, — í upphafi máske ekki sérlega áhrifaríkt, en það litla, sem í því fólst áður, hefur verið að engu gert með samningi stjórnarflokkanna. Er því áreiðanlegt, að þessi hliðarráðstöfun hefur að engu eða litlu orðið í meðferð Alþingis. Féll þar ein hinna voldugu máttarstoða, er Framsfl. ætlaði að reisa undir gengislækkunaráform sín.

Í sambandi við sjálft gengislækkunarfrv. lögðu Alþfl.-menn fram brtt., sem fólu það í sér, að meira væri varið af fé til byggingar verkamannabústaða en lagt var til í frv. ríkisstj. Þær till. voru kolfelldar af stjórnarflokkunum. En útlit er fyrir, að aðeins örlítið af gengishagnaðinum, ég veit ekki hvað mikið, gangi til byggingar verkamannabústaða. Stóru orðin um mjög aukið fjármagn til byggingarmála hafa því reynzt full sýndarmennska í framkvæmd. — Tveir þm. Framsfl. lögðu fram breyt. á húsaleigulöggjöfinni. Höfuðatriði þeirra var að afnema húsaleigulöggjöfina, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Sett voru þó í frv. ákvæði um hámarkshúsaleigu, en þau eru á þann veg, að óhætt er að fullyrða, að þau verða algert pappírsgagn, lítt framkvæmanleg og hindra ekki á neinn veg húsaleiguokur. Reynt var að lagfæra þetta í meðferð þingsins, en stjórnarflokkarnir sátu við sinn keip. Féll þar enn ein máttarstoð hliðarráðstafana Framsfl. Lítið sem ekkert er gert til að greiða fyrir nýjum hagkvæmum húsabyggingum og bókstaflega ekkert til að hindra húsaleiguokur, nema síður væri.

En þá eru viðskiptamálin. Snemma á þingi lögðu nokkrir framsóknarmenn fram frv. til l. um fjárhagsráð, sem átti að verða til þess að gerbreyta verzlunarástandinu. Var það að vísu frá sjónarmiði Alþýðuflokksmanna mjög lítilsvert kák, og að sumu leyti sízt til hins betra, eins og t. d. að lögfesta skömmtunarmiðanna sem innkaupaheimild. En það, sem verra var, er, að ekki varð séð, að ríkisstj., undir forsæti Framsfl., hefði neina samfellda stefnu í þessu máli, síður en svo. Og það er víst og áreiðanlegt, að hver sem verða lokaafdrif þessa litla frv., þar sem stjórnarflokkarnir sízt eru sammála, þá verður löggjöfin, sem byggð verður á þessu frv., aldrei til þess að gera neinar stórfelldar bætur í viðskiptamálum þjóðarinnar. Riðar þar til falls ein veigamesta stoð hliðarráðstafananna.

Ein af hinum stórfelldu hliðarráðstöfunum átti að vera stóríbúðaskattur. Snemma á núverandi Alþingi lögðu tveir Framsóknarflokksþingmenn fram frv. um stóríbúðaskatt. Í bæjarstjórnarkosningunum síðustu virtist þetta frv. ekki vera ástsælt meðal kjósenda, enda var það með réttu af mörgum kallað smáíbúðaskattur. Liggur frv. þetta nú og sefur rólega í nefnd og hefur ekki enn komið til 2. umr. Og þannig fór enn ein af hliðarráðstöfununum.

En þá er að athuga áhrif gengislækkunarinnar, þau sem þegar hafa komið í ljós.

Enn hefur ekki rætzt hinn rósrauði spádómur Sjálfstfl., sem ég rakti að nokkru hér á undan, og ekkert bendir til, að „hið mikla mál", gengislækkunin, ætli að leysa vandann, — verða sá Aladdínslampi, er bregði birtu á veg þjóðarinnar. Því fer víðs fjarri. En eitt hefur strax komið í ljós: Stórfelld hækkun allra lífsnauðsynja almennings. Kolatonnið hækkaði þegar í stað úr 240 kr. í 310 hér í Reykjavík, eða um 70 kr. Það táknar, að verkamaður með 9.24 kr. kaup á klst. var áður 26 stundir að vinna fyrir kolatonninu, en þarf nú að vinna röskar 33½ stund fyrir því. Og þó mun vera í vændum mun meiri kolahækkun. Benzín og olíur, sykur, kaffi, alls konar kornvörur og yfirleitt allar aðfluttar vörur hafa hækkað stórkostlega í verði, og eiga eftir að hækka mun meir, bæði vegna gengislækkunarinnar, hækkunar á farmgjöldum, verðtolli og söluskatti. Allt þetta eykur stórum dýrtíðina og rýrir að miklum mun kjör almennings. Og íslenzkir bændur munu því miður átakanlega fá að kenna á stórfelldri verðhækkun á útlendum áburði og skepnufóðri og landbúnaðarvélum, varahlutum og benzíni. Fargjöld með flugvélum til útlanda hækkuðu um 75%, og farmgjaldahækkun með skipum var 45%. Eykur þetta, ekki sízt farmgjaldahækkunin, stórkostlega alla dýrtíð í landinu. Ríkisstj. sendi út ávarp til manna, eftir að gengislækkunin hafði verið sett á, um að hækka ekki að ástæðulausu nauðsynjar. En á sama tíma og ríkisstj. sendi út sín varnaðarorð, er þjóðinni tilkynnt frá stofnunum hinnar sömu ríkisstj., svo sem pósti og síma, að þær hafi hækkað stórkostlega sína þjónustu.

Það mætti telja í hið óendanlega þær stórkostlegu hækkanir, sem orðið hafa af völdum gengisbreytingarinnar, sem þyngst koma niður á láglaunafólki í landinu, en þó mun því miður enn þá fæst af því komið í ljós. En samtímis því er það tilkynnt nú, að vísitalan nýja hækki ekki neitt og fái launamenn því engar uppbætur fyrir hinar stórfelldu hækkanir, sem orðið hafa á nauðsynjum. Bentu Alþýðuflokksmenn á það áður, að nýja vísitalan gæfi hvergi nærri rétta mynd af verðlaginu, og það hefur áþreifanlega komið á daginn.

Það orkar ekki tvímælis, að setning gengislækkunarlaganna er langáhrifaríkasta málið, sem afgr. hefur verið á þessu Alþingi. Áhrif þess snerta launastéttirnar á þann hátt, er ég hef nefnt. Því miður virðist það ekki svo, að bátaútvegsmenn né frystihúsaeigendur fái sinn hlut það bættan með þessum ráðstöfunum, að þeir séu nokkru betur settir en áður. Einn af kunnustu útvegsmönnum landsins, sem til skamms tíma taldi sig til Sjálfstfl., hefur reiknað út og rökstutt, að útgerðarkostnaður meðalvélbáts á vetrarvertíð hækki um 55 þús. kr. eingöngu vegna gengislækkunarinnar. Virðist því gengislækkunin vera hvort tveggja í senn, stórfelld dýrtíðaraukning fyrir almenning, án þess að reynast nokkurt bjargráð fyrir þá, sem bjarga átti.

Og ekki hafa skattarnir lækkað, þótt gengislækkun hafi verið framkvæmd. Síður en svo. Þrátt fyrir það, þótt hækkun á verðtolli sé lækkuð úr 65% niður í 45%, nemur samt hækkun söluverðsins af völdum gengislækkunarinnar svo miklu, að víst má nú telja, að verðtollurinn hækki raunverulega um 53%, þrátt fyrir bókstaf gengislækkunarlaganna. Og söluskatturinn, hvað varðar innflutningsvörurnar, mun

nú hækka frá því sem áður var um 65—67%.

Þannig hefur ekki verið dregið neitt úr sköttum, eins og lofað var, heldur þvert á móti hafa þeir verið þyngdir, þrátt fyrir það að gengislækkunin var framkvæmd. Virðist því allt vera á sömu bókina lært.

Þá eru áhrif gengislækkunarinnar á fjárlög ríkisins. Það má óhætt fullyrða, að hækkun á útgjöldum fjárl. yfirstandandi árs nemur tugum millj. kr., og er unnt að rökstyðja það nákvæmlega og með sundurliðun, ef tími væri til.

Ég hef sagt það áður hér í þessum orðum, að ráðstafanir ríkisstj. hafa verið mikið skref til hægri frá því, sem áður var. Þetta kemur einnig í ljós varðandi öll þau umbótamál, sem lögð hafa verið fram á núverandi Alþingi. Enn þá liggur í nefnd frv. um ýmsar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, sem var gert til þess að auka hagræði hinna tryggðu og bæta þeim upp vaxandi dýrtíð. Það mun að sjálfsögðu í framtíðinni kosta ríkissjóð eitthvað, en ekki er vitað, að stj. ljái þessu sjálfsagða máli nægilegt liðsyrði, heldur virðist því sýnd full tregða eða andstaða. Þó er ekki fyrir endann á þessu séð enn þá, en samt hefur það komið í ljós, að litlum skilningi er að mæta í þessu sambandi, enda mun það fáum koma á óvart, sem til þekkja.

Á yfirstandandi Alþingi lögðum við Alþýðuflokksmenn fram frv. til l. um útvegun fjár til byggingar verkamannabústaða, raunhæft frv., þar sem gerð var tilraun til þess að leggja og tryggja framkvæmd áætlunar næstu fjögur árin um byggingu verkamannabústaða, allt að 200 íbúðum á ári um land allt. Ekki hefur þetta frv. náð fram að ganga, og nú hefur fulltrúi Alþfl. í fjhn. skilað nefndaráliti, þar sem lagt er til, að frv. verði samþ., en fulltrúar stjórnarflokkanna bera ekki á sér og munu vera málinu andvígir.

Snemma á yfirstandandi Alþingi var lagt fram í annað sinn sem stjfrv., undirbúið af fyrrv. samgmrh., Emil Jónssyni, frv. um öryggisaðstöðu á vinnustöðvum. Á fundi í iðnn. 28. marz s. l. var málið tekið til lokaafgreiðslu, og virtist öll n. vera sammála um að mæla með því, að það gengi fram. Fulltrúar stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., voru þó að tala um einhverjar breytingar á því, og átti einn af þeim að semja nál. Það nál. hefur ekki enn séð dagsins ljós, og hefur því minni hl., fyrir forgöngu Emils Jónssonar, skilað sérstöku nál., þar sem lagt er til, að frv. þetta verði samþ. Er auðséð á öllu, að stjórnarflokkarnir ætla að svæfa með öllu þetta vel undirbúna og merka mál, sem mundi hafa mikla þýðingu fyrir alþýðu manna við vinnu á sjó og landi.

Þrisvar sinnum hefur Alþfl. á yfirstandandi þingi reynt að koma því til leiðar, að hækkaður verði persónufrádráttur til skatts, og nú síðast flutt um það sérstakt frv. Það hefur legið í fjhn. Nd., og nú fyrir skömmu sá fulltrúi Alþfl. í n., hv. þm. V-Ísf., Ásgeir Ásgeirsson, sér ekki annað fært en gefa út sérstakt nál. til þess að mæla með samþykkt frv., en fulltrúar stjórnarflokkanna hafa lagzt á málið, og er fullkomið útlit fyrir, að þeir vilji eigi, að það gangi fram.

Þannig er afstaða ríkisstj. gegn flestöllum umbótamálum alþýðunnar í landinu. Undirstrikar það vel andstöðu hennar gegn umbótamálum og sýnir ljóst, hversu stórt skrefið var, sem stigið var til hægri í íslenzkum stjórnmálum við tilkomu núverandi ríkisstj.

Það þarf vart að búast við því, á svo skömmum tíma sem ríkisstj. hefur setið að völdum, að miklar hafi verið framkvæmdirnar utan löggjafarþingsins, en þó hefur örlað á athöfnum, sem ekki verður komizt hjá að drepa á. Það er hið illræmda og alkunna Björgvinsmál, sem ég á hér við.

Hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson, flutti á Alþingi till. um það að synja um útflutningsleyfi fyrir mótorskipunum Gróttu, Richard, Huginn I. og Huginn II., sem eru eign hlutafélagsins Björgvins á Ísafirði og sótt hefur verið um útflutningsleyfi fyrir. Eins og alþjóð er kunnugt, voru bátar þessir við fiskveiðar við Grænland á síðastl. sumri, en í stað þess að sigla þeim til heimahafnar á Íslandi, héldu skipin til Nýfundnalands, og meginhluta skipshafnanna var sagt að fara í land og hann sendur flugleiðis til Íslands, án þess að fá kaup sitt greitt. Engin skil gerðu eigendur þessara skipa á erlendum gjaldeyri fyrir sölu afurðanna, og fyrrv. viðskmrh., Emil Jónsson, kærði það athæfi.

Í stað þess sóttu nú eigendur bátanna, eins og áður greinir, um útflutningsleyfi fyrir þeim, og buðu samtímis að greiða hluta af skuldum sínum hér. Áður en Alþingi á formlegan hátt fjallaði um till. Finns Jónssonar varðandi þetta mál, hafði ríkisstj. veitt leyfið. En það er ekki nóg, að veitt hafi verið leyfi fyrir sölu þessara fjögurra báta úr landi, heldur var enn fremur leyft að flytja út síldveiðibúnað og veiðarfæri, sem eigendur bátanna áttu geymd á Ísafirði, og hafa þessi mikilsverðu tæki, um 20 smálestir af herpinótum, 4 snurpinótabátar með vélum og tilheyrandi, ásamt öllum síldveiðibúnaði hinna fjögurra skipa, verið send til útlanda, og mun verðmæti þessa alls nema hundruðum þúsunda króna. Vandkvæði eru nú hér mikil vegna gjaldeyrisskorts, sem kunnugt er, og erfitt að fá flutt til landsins hin nauðsynlegustu tæki og efnivörur til hvers konar framleiðslu. En á sama tíma og svo er ástatt í landinu, fær þessi maður að flytja út, þrátt fyrir flótta sinn, öll þessi verðmæti og stendur þó á engan hátt í skilum við lánardrottna sína. Meira að segja mun hann eiga mjög óbættar sakir við síldarútvegsnefnd, sem fól honum í forsjá æði mikið af tómum síldartunnum, sem þessi flóttamaður mun hafa selt, án þess að skila andvirðinu. Af áhvílandi skuldum á fyrrgreindum skipum munu vera greiddar um 1.7 millj. kr., en aðrir kröfuhafar, er til skuldar eiga að telja, munu eiga inni hjá félaginu um 2 millj. kr. og fá nú enga tryggingu fyrir greiðslu skulda sinna. Ríkisstj. hefur tekið sér vald til þess að fella niður aðstoðarlán til eigenda bátanna vegna síldveiðanna, en sams konar lán eru talin til skuldar hjá útvegsmönnum, sem ekki hafa flúið land með skip sín. Er hér um að ræða eitt hið argasta hneyksli, er skapar fordæmi, sem ekki verður séð fyrir, hvaða afleiðingar kann að hafa í framtíðinni. Sannast hér sannleiksgildi hinna sígildu orða, að auðmagnið á sér ekkert föður-

land, heldur leitar það til fanga þar, sem líklegt er að fá skjótfenginn gróða. En aðgerðir ríkisstj. í þessu máli eru þær, að lengi munu verða í minnum hafðar. Og þó að hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, hafi veitt útflutningsleyfið, verður að sækja alla ríkisstj. til saka, þar sem ekki er kunnugt um ágreining, og stuðningsmenn hennar í báðum borgaraflokkunum slá á Alþingi skjaldborg um þessar athafnir.

Ég hefði raunverulega þurft að hafa miklu lengri ræðutíma, til þess að rekja til hlítar hið langa registur, sem myndazt hefur á skömmum tíma í ferli núverandi ríkisstj. En til þess vinnst ekki tími, og munu þá flokksbræður mínir, er tala annað kvöld, bæta þar nokkru við, og þá ræða sérstaklega um einstök mál. En þó vil ég ekki skiljast við þetta mál án þess, að ég lýsi yfir því, eins og ég gerði, er núverandi ríkisstj. tók við völdum, að Alþfl. hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að stefna ríkisstj. í utanríkismálum sé sú, að Alþfl. geti fyllilega tekið undir hana. Er það næsta nauðsynlegt fyrir litla þjóð, að allir lýðræðisflokkarnir geti staðið saman um utanríkismálin. Jafnvel meðal stórþjóða, eins og hins mikla Bretaveldis og Bandaríkjanna, eru sjónarmiðin samhæfð hjá stjórnarflokki og stjórnarandstöðu í þeim málum, þ. e. að segja hjá þeim flokkum, er fylgja lýðræðishugsjóninni. Segja má hið sama um Norðurlöndin. Samhugur allra flokka er þar ríkjandi um utanríkismálin. Er gott að svo sé og næsta nauðsynlegt. Lýðræðisflokkarnir þurfa í þessum efnum að standa saman og eiga enga samleið með þeim utanríkisáróðri, sem dreift er út af fimmtu herdeildum hjá öllum þjóðum og upptök eiga í valdagræðgi ákveðins stórveldis, er virðist helzt stefna að heimsyfirráðum. Er það og alkunnugt, að ríkasta ástæðan fyrir stjórnarandstöðu kommúnista hér á landi, eins og alls staðar annars staðar, eru raunverulega utanríkismálin. Þeirra mestu áhugamál og þjónustuskylda er andstaðan gegn Marshallaðstoð og Atlantshafsbandalagi og yfirleitt andstaða og rógur gegn samvinnu við allar vestrænar lýðræðisþjóðir og blind dýrkun á ofbeldi og yfirráðum hins austræna valds. Innanlandsmálin láta þeir sér í raun og veru í léttu rúmi liggja, og eru þau aukaatriði í þeirra augum.

Alþfl. mun fyrir sitt leyti taka afstöðu til mála, bæði innanríkis- og utanríkismála, eftir því sem efni standa til hverju sinni, og láta stjórnina njóta sannmælis um það, sem hún kann að gera vel, eins og t. d. hvað virðist snerta stefnu hennar í utanríkismálum.

En eins og áður er fram tekið, er mikið djúp staðfest milli stefnu Alþfl. og stefnu stj. í innanlandsmálum. Hann er í þeim í ákveðinni andstöðu við þá íhaldssömu stefnu, er stjórnin fylgir. Í flestum innanlandsmálum er stefna stj. stórt skref til hægri. Það er þrengt að kjörum alþýðunnar, og bjargráðin, sem gripið er til, eru gagnslítil. Það er staðið á móti og stimpazt gegn umbótum á félagsmálalöggjöfinni til aukins hagræðis fyrir almenning. Það er stjórnað gegn alþýðusamtökunum og óskir þeirra að litlu eða engu hafðar.

En þetta er ekki unnt til lengdar. Núverandi ríkisstj. og samstarf íhaldsaflanna í landinu mun fyrr eða síðar verða að víkja fyrir réttlátum kröfum almennings um framsækni og umbætur í þjóðmálum. Augu þjóðarinnar munu opnast. Nú horfir skuggalega. En þröngsýni og íhald verður ekki ávallt við völd á Íslandi, og aftur munu hefjast umbætur og frjálslyndi í stjórnarháttum. Það verður ekki í tíð núverandi stjórnar. En þeir tímar munu koma, og „þá mun aftur morgna."

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Formælendur stjórnarandstöðunnar, þeir hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, og hv. 5. landsk., Ásmundur Sigurðsson, fyrir kommúnistafl. og hv. 8. landsk., Stefán Jóh. Stefánsson, fyrir Alþfl., hafa nú lokið máli sínu og lýst ástandinu í þjóðmálunum frá sínu sjónarmiði. Virðist mér þeir helzt vera þeirrar skoðunar, að allir örðugleikar, er þjóðin á nú við að stríða, en þeir eru vissulega margir og miklir — væru núverandi ríkisstj. að kenna, og hefur hún þó ekki setið að völdum nema tæplega tvo mánuði. Hitt láðist þessum hv. þm. að geta um, hvern þátt þeir og þeirra flokkar hafa átt í því, að svo er nú komið sem komið er. En sagan mun áreiðanlega halda því til haga, að þessir flokkar ollu miklu um það, að hin svokallaða nýsköpunarstjórn var mynduð, að eytt var með lítilli ráðdeild allt of miklu af þeim stórfellda gjaldeyrisforða, sem þjóðin komst yfir óvænt á styrjaldarárunum, og þar með glatað einstæðum möguleikum, sem nú er sárt saknað.

Framsfl., einn íslenzkra stjórnmálaflokka, varð þá til þess að segja þjóðinni í fullri hreinskilni, hver hætta væri á ferðum, ef gálauslega væri að farið í þessum málum, eins og nú er komið á daginn. Þetta var ekki vinsælt verk í þá daga, enda framsóknarmönnum þá oft brugðið um afturhald og hrakspár. Það þótti goðgá, þegar þeir fullyrtu, að sú stjórnarstefna hlyti að stofna þjóðinni í voða — og enda í gengisfellingu eða jafnvel hruni. Kom þetta m. a. fram í alþingiskosningunum 1946. — Þá sögðu allir flokkarnir þrír, er að nýsköpunarstj. stóðu, að öllu væri óhætt. En hvað skeði? Þremur mánuðum síðar gafst nýsköpunarstj. upp. Benzínið var búið af bíl hennar, auðurinn þrotinn, og Framsfl. beðinn að taka þátt í björgunarstarfi.

Í styrjaldarlokin hafði þjóðin, eins og ég sagði áðan, eignazt miklar gjaldeyrisinneignir erlendis, og peningavelta var þá mjög mikil hér á landi. Þrátt fyrir þetta var úr vöndu að ráða, og komu þá tvær aðalleiðir til greina. Fyrri leiðin, og sú, sem framsóknarmenn vildu fara, var að færa niður eða að minnsta kosti festa verðlagið innanlands, áður en eða samhliða því sem þær stórfelldu framkvæmdir væru hafnar, sem aðkallandi voru. Síðari leiðin var að hefja framkvæmdir í stórum stíl og innflutning vara, án þess að gefa gaum að verðlagsmálunum að svo stöddu. Þessi síðari leið var farin.

En afleiðingin varð m. a. sú, að þegar nýsköpunarstj. fór frá, var ýmist búið að koma í kring og sumpart að ákveða mjög stórfelldar framkvæmdir á ýmsum sviðum, við hækkandi verðlag, og þar með í rauninni búið að festa verðbólguna, svo að ekki varð aftur snúið, og í mesta lagi um viðnám að ræða, sem þó ekki

reyndist mögulegt nema um stundarsakir. Þá þegar var og rekstrarkostnaður framleiðslunnar orðinn svo mikill, að ýmsar helztu útflutningsvörur landsins gátu ekki svarað framleiðslukostnaði, og því ekki hægt að flytja þær út nema með meðgjöf af hálfu ríkisins. Hófst þá hin margumtalaða ábyrgð ríkissjóðs á útflutningsvörum bátaútvegsins, sem haldizt hefur síðan, þangað til á s. l. vetri, að hún var afnumin, um leið og breytt var skráningu erlends gjaldeyris til hagsbóta fyrir útflutningsframleiðsluna, svo sem kunnugt er.

Jafnframt útflutningsuppbótunum var að því ráði hnigið, til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, að verja fé úr ríkissjóði til að greiða niður verð ýmissa neyzluvara innanlands, en með þeim hætti tók ríkið í raun og veru að sér að greiða nokkurn hluta af launum manna, sem að öðrum kosti hefðu orðið hærri en þau voru og aukið enn framleiðslukostnaðinn og verðbólguna.

Ríkisstj. sú, er við tók á öndverðu ári 1947 og studd var af lýðræðisflokkunum þremur, sýndi allmikla viðleitni í þá átt að halda verðbólgunni niðri. Á niðurfærslu verðlags voru þá þegar litlir möguleikar orðnir. Þessi ríkisstj. hafði forustu í því að koma skipulagi á fjárfestingu í landinu. En á því er enginn efi, að ef eftir þá óstjórn, sem verið hafði, hefði ekki verið höfð hönd í bagga um það, hvaða framkvæmdir skyldu sitja fyrir, hefði mjög mikið af efni og fjármagni því, sem þjóðin hafði yfir að ráða, gengið til mjög vafasamra framkvæmda, svo að ekki sé meira sagt, en ýmsar nauðsynlegustu framkvæmdir víðs vegar um land setið á hakanum. Einnig var um sömu mundir tekin upp ströng gjaldeyrisskömmtun, enda gjaldeyrisbirgðir þá mjög á þrotum.

Þegar kom fram á árið 1949, var það löngu komið í ljós, að það viðnám, sem haldið hafði verið uppi af hálfu stjórnar og þings, var að bresta, og að grípa yrði til nýrra ráða. Verð útfluttra vara var þá tekið að falla, hafði áður haldizt í svipuðu horfi frá stríðslokum. Jafnvel áður en þetta verðfall hófst, hafði ríkissjóður, eins og ég áður sagði, orðið að greiða uppbætur á útfluttar vörur, en greiðslur þessar áttu sinn þátt í því, að ríkið var í rauninni rekið með greiðsluhalla árum saman, enda hlóðust jafnframt á ríkissjóð nýjar byrðar, vegna löggjafar, sem áður hafði verið sett, en kom nú til framkvæmda smátt og smátt. Ný verðbólgualda reið yfir, og afgreiðsla fjárlaga fyrir 1949 varð á þann veg, að öllum, sem til þekktu, var ljóst, að aldrei yrði hægt að semja fjárlög á sama grundvelli aftur. En dýrtíðarráðstafanir einar kostuðu samkvæmt þeim fjárlögum 70—80 millj. króna.

Framsfl. var ljóst, að þetta gat ekki lengur gengið. Fram undan var „feigðarósinn". Óhjákvæmilegt var að breyta stjórnarstefnunni. Gera þurfti átök til þess að reyna að koma á jafnvægi í atvinnulífi þjóðarinnar.

Eftir að hafa árangurslaust gert ákveðnar tillögur um lausn nokkurra mest aðkallandi vandamála, sleit Framsfl. stjórnarsamstarfinu og krafðist nýrra kosninga, sem fram fóru á s. l. hausti. Það var hin rétta áfrýjun málanna.

Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, mun hér á eftir gera grein fyrir stjórnarmyndunartilraunum þeim, er gerðar voru eftir síðustu kosningar, og ýmsu í því sambandi, og m. a. þeim endurteknu en árangurslausu tilraunum, sem gerðar voru til að fá Alþfl. til samstarfs við Framsfl. Það hefur lengi verið mín skoðun, að samstarf þessara tveggja flokka væri nauðsynlegt og að með slíku samstarfi væri hægt að vinna sameiginlega fyrir hagsmuni hins vinnandi fólks til sjávar og sveita. En það verð ég að segja, að ýmislegt, sem fram hefur komið af hálfu Alþfl. í því sambandi nú upp á síðkastið, hefur orðið mér til sárra vonbrigða. Skal á það minnzt, að sá flokkur hefur ekki getað bent á nein úrræði til umbóta í stað þeirra, sem ríkisstj. nú er að framkvæma, en þrátt fyrir það hefur Alþfl. hafið óbilgjarnar árásir á ríkisstj. og virðist ætla að gera það, sem í hans valdi stendur, til að koma í veg fyrir, að þessar ráðstafanir geti borið æskilegan árangur. Verður ekki betur séð en að Alþfl., eða a. m. k. forustumenn hans, séu nú í kapphlaupi við kommúnista um að gera þær ráðstafanir, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa neyðzt til að gera, sem allra óvirðulegastar og tortryggilegastar. Og þó er hér um að ræða ráðstafanir, sem þessir sömu forustumenn Alþfl. hafa bak við tjöldin beinlínis óskað eftir að gerðar yrðu til að leitast við að bjarga aðþrengdum atvinnuvegum þjóðarinnar, þó að þá brysti þor til að ljá þeim fylgi sitt á Alþingi.

Núverandi ríkisstj. tók við völdum 14. marz s. l., eða fyrir tæpum 2 mánuðum. Til þess að gera sér grein fyrir þeim verkefnum, sem stj. bíður og að hafa kallað síðan 14. marz og við verður að fást á næstunni, er ekki úr vegi að bregða upp dráttum úr þeirri mynd, sem einmitt um það leyti blasti við í málefnum þjóðarinnar.

Verðlag afurðanna var enn fallandi. Hraðfrysti fiskurinn mátti teljast nær óseljanlegur, og er þar þó um að ræða framleiðslugrein, sem stórfé hefur verið lagt í undanfarið.

Á fjárlagafrv., er lá fyrir þinginu, stóðust útgjöld og tekjur nokkurn veginn á. Hins vegar vantaði þar ýmsa gjaldaliði, sem þó eru skuldbundnir með lögum. Og alls ekkert var ætlað til uppbóta á útfluttar vörur, en skattar og tollar áætlaðir að mestu óbreyttir. Togaraflotinn, sem allt að þessu hafði borið sig, og áður skilað drjúgum hagnaði, var allur rekinn með tekjuhalla á hverjum mánuði, og auðsætt, að hann yrði einnig að fá aðstoð hjá ríkissjóði eða leggjast í höfn, ef ekkert yrði að gert. Um vélbátaflotann var svo ástatt, að mestur hluti hans var, þrátt fyrir verðuppbætur undanfarinna ára, í raun og veru gjaldþrota og hefði ekki komizt á veiðar á vertíðinni, nema vegna þess, að með opinberum ráðstöfunum hafði um stundarsakir verið gert óheimilt að ganga að skipunum, en útgerðarmenn skulduðu ríkissjóði fram undir 20 millj. kr., vegna neyðarlána, er þeim höfðu verið veitt á undanförnum árum. Hafði þingið til bráðabirgða tekið áframhaldandi ábyrgð á fiskverðinu, 75 aura á kg. af slægðum fiski upp úr sjó. Auðsætt var, að til þess að gera útgerðinni fært að starfa áfram á þessu ári, hefði þurft að greiða úr ríkissjóði mikið á annað hundrað millj. kr., og hefði orðið að taka það fé með nýjum álögum á þjóðina, ef ekki hefðu verið

gerðar aðrar ráðstafanir. En að öðrum kosti hlaut allur fiskiflotinn að hætta veiðum, og er augljóst, hverjar afleiðingar það hefði haft fyrir allan almenning í þessu landi, atvinnulega séð, auk þess sem innflutningur hlaut að stöðvast, og þar með tekjumöguleikar ríkissjóðs að miklu leyti. Án þessarar stórkostlegu skattaálagningar á alþýðu manna, eða annarra ráðstafana, hlaut því að vera yfirvofandi algert hrun atvinnulífsins, fyrst við sjávarsíðuna, en svo að segja jafnharðan sem afleiðing af því einnig í öðrum atvinnugreinum.

Í yfirlýsingu þeirri, sem birt var af hálfu ríkisstj., þegar hún tók við völdum, segir m. a. á þessa leið:

„Það er hæstv. alþingismönnum og alþjóð kunnugt, að útflutningsframleiðsla landsmanna er nú þannig á vegi stödd, vegna verðbólgu innanlands og erfiðleika á sölu íslenzkra afurða erlendis, að alger stöðvun þessarar framleiðslu virðist yfirvofandi.

Ríkisstj. er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta-, atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.

Ríkisstj. er staðráðin í því að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að þær byrðar, sem almenningur kann að þurfa að taka á sig vegna leiðréttingar á hinu skráða gengi krónunnar, verði sem minnstar, og óskar í því sambandi að hafa samráð og samstarf, svo sem verða má, við stéttarsamtök almennings og forustumenn þeirra."

Afstaða ríkisstj. er algerlega óbreytt varðandi *þessi atriði og annað, er þá var tekið fram.*

Hverjum hugsandi manni getur ekki dulizt, að þau verkefni, sem eru fyrir höndum í íslenzkum stjórnmálum nú, eru erfið viðfangs og hlutverk ríkisstj. bæði vandasamt og torvelt.

Framsfl. og Sjálfstfl. hafa löngum deilt hart og átt mörg ágreiningsmál, en á þeirri hættustund, sem nú er í fjárhagslífi þjóðarinnar, hafa þeir talið sér skylt að taka höndum saman í ríkisstj. og leitast við að sameina krafta sína til þess að afstýra fjárhagslegu hruni. Það er stutt síðan samstjórn flokkanna var mynduð, svo að samstarfsreynslan er ekki löng orðin. En þennan tíma, sem stj. er búin að starfa, get ég vottað, að allir ráðherrarnir hafa lagt sig fram við vandamálin og vikið til hliðar gömlum væringum og vopnaburði. Þannig ætlar stj. sér að vinna eftirleiðis, meðan áframhaldandi nauðsyn er á samstarfi þessara flokka.

Því er mjög á lofti haldið, og þó sérstaklega af þeim, er vilja gera allar ráðstafanir núverandi hæstv. ríkisstj. sem tortryggilegastar, að gengisbreytingin leggi þungar byrðar á framleiðsluna, enda þótt henni sé fyrst og fremst ætlað að vera framleiðslunni til stuðnings — og þá einkum þeim framleiðslugreinum, er flytja á erlendan markað.

Það er þess vert að athuga þetta lítils háttar.

Rekstrarvörur til sjávarútvegsins, innfluttar, hækka að sjálfsögðu í verði — og þrátt fyrir gengisfellinguna virðist vera vafasamt að bátaútvegurinn fái hærra verð fyrir aflann en áþyrgðarverðið var áður. Slíkt stafar af áframhaldandi verðfalli erlendis. En einmitt það sýnir ljóslega, hve gersamlega vonlaust og óframkvæmanlegt var að halda áfram fiskábyrgðinni að óbreyttu gengi, þar sem engin leið var að afla tekna til handa ríkissjóði til þeirra hluta.

Vér verðum að treysta því, að sjávarútvegurinn standist þá miklu erfiðleika, sem nú er við að glíma. Hann er á ýmsan hátt mjög vel búinn framleiðslutækjum. Má þar nefna togaraflotann og síldarverksmiðjurnar. Þótt aflaleysi undanfarin ár hafi gert þær óvirkar að nokkru, verðum vér að vonast til, að úr rætist. Mér finnst fullkomin ástæða til þess að gera sér vonir um það, að fiskveiðar Íslendinga beri sig í framtíðinni, ekki síður en annarra þjóða. Hvers vegna ættum við að álíta þennan atvinnuveg okkar svo heillum horfinn?

Landbúnaðurinn á við ýmsa erfiðleika að etja. Því miður var það svo, að hann var allmjög og óviturlega afskiptur á þeim tíma, þegar mest var til bæði af gjaldeyri og innlendu fjármagni og þeim fjármunum ráðstafað. Slík mistök hljóta að koma í koll, eins og nú sjást merki.

Nútíma landbúnaður er fjárfrekur, bæði til stofnkostnaðar og rekstrar, og þarf á miklum innflutningi að halda. Gengisbreytingin þýðir að sjálfsögðu hækkandi verð á innfluttum rekstrarvörum til landbúnaðar, en ætlazt er til, að sú hækkun fáist síðar bætt við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Allar framkvæmdir, sem erlent efni þarf til, verða miklu kostnaðarsamari, svo og vélar dýrari. Þeir bændur, sem skemmst eru á veg komnir með umbætur í búrekstri sínum, standa vitanlega verst að vígi og eiga við mikla örðugleika að stríða.

Hins ber að gæta, og því vil ég sérstaklega beina til bændastéttarinnar, að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar eru nátengdir, enda þótt svo hagi til, að sjávarvörur séu einkum fluttar út, en landbúnaðarvörur aðallega notaðar innanlands og með því sparaður gjaldeyrir til innkaupa sem því svarar. Þessu gleyma menn stundum. Landbúnaðarframleiðslan er nú að verðmæti milli 200 og 300 millj. kr. Þetta *vörumagn verður ekki selt innanlands, nema* aðrar atvinnugreinar og þá einkum meginútflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar blómgist og sé rekinn þannig, að örugg atvinna sé fyrir alla.

Bændur verða þess vegna að skilja það — og ég veit líka, að þeir munu skilja það, að hin aðkallandi og óumflýjanlega nauðsyn gengisbreytingarinnar vegna sjávarútvegsins og útflutningsverzlunarinnar var í raun og veru gerð einnig í þágu bændastéttarinnar. Gengisfellingin var í eðli sínu leiðrétting á skakkri skráningu krónunnar í viðskiptum við útlönd, og sú leiðrétting var í þágu allrar þjóðarinnar — og þá fyrst og fremst hinna vinnandi stétta.

Engum getur blandazt hugur um, að verkefni ríkisstj. og íslenzkra stjórnmálamanna á líðandi stund og næstu árum eru svo torleyst, að vel þarf að vinna og af mikilli þjóðhollustu, ef giftusamlega á að takast.

Þjóðlífið þolir hvorki aðgerðaleysi né Sturlungaöld. Ef stjórnmálamennirnir og þjóðin sem heild viðurkennir ekki þann vanda, sem hún er stödd í, — og vill ekki leggja það á sig að hætta um stund innbyrðisbaráttu og sameina krafta sína til viðréttingar, — þá er lítil von um, að hamingjusamlega takist.

Það er stundum hollt að deila og takast á, en það gerir samt engin skipshöfn siðaðra og vitiborinna manna í sjávarháska.

Stjórnarandstaða getur haft þarft hlutverk og virðulegt. Hennar starf á að vera hlutverk hins kritiska endurskoðanda, — en hún má aldrei koma fram í líkingu þess, sem spillir einingu skipshafnar á háskastund, má aldrei torvelda góðar úrlausnir aðkallandi vandamála.

Sýnt er, að þjóðin kemst ekki hjá því að taka upp breytta lífshætti í ýmsum efnum, svo sem aðrar þjóðir verða að þola um þessar mundir. Hún verður að neita sér um ýmislegt, sem hún hefur veitt sér að undanförnu og æskilegt hefði verið að geta veitt sér áfram. Aðalatriðið er, að þetta gangi jafnt yfir alla hlutfallslega, að jöfnuður gildi, og þeir fórni mestu — og fórni fyrst og fremst — sem af mestu hafa að taka.

Það er einlægur vilji minn og míns flokks, Framsóknarflokksins, að svo megi verða.

Nauðsynlegt er að taka upp sparnað í rekstri þjóðarbúsins og gera framleiðslustörfin eftirsóknarverðari en þau hafa þótt um skeið. Það er ákveðinn vilji ríkisstj. að taka þessi mál til meðferðar og úrlausnar.

Annað kvöld mun ég að öllu forfallalausu aftur taka til máls í þessum útvarpsumræðum, og geri þá ef til vill nokkra grein fyrir ákveðnum aðgerðum, sem ég tel að ríkisstj. þurfi að framkvæma, til þess m. a. að gera starfskerfi ríkisins umfangsminna, einfaldara og ódýrara.

Læt ég svo lokið máli mínu að þessu sinni.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Andstöðuflokkar ríkisstjórnarinnar hafa talað, þeir hafa lýst ástandinu, eins og þeir telja það vera, — og það er ófagurt. En hverju eru vesalings mennirnir að lýsa nema afleiðingum sinnar eigin stjórnarstefnu, sínum eigin viðskilnaði, því að núverandi stjórn hefur aðeins stjórnað fáar vikur? Var það ekki Alþfl., sem hafði stjórnarforustuna þrjú síðustu árin og var allra flokka ánægðastur með stefnuna? Með ádeilunni eru þessir flokkar því fyrst og fremst að lööunga sjálfa sig. Það, sem við nú þurfum að vita og athuga til þess að dæma rétt í stjórnmálum, er þetta:

1. Við hvaða erfiðleikum tók ríkisstjórnin?
2. Hvaða leiðir voru tiltækar, og var valin sú rétta?
3. Hverjir gátu sameinazt um lausn mála, eins og á sér stað?

Ég mun nú gera grein fyrir þessum atriðum og á hvaða rökum Framsfl. reisti afstöðu sína.

Engum, sem gefið hefur aðvörunum Framsfl. gaum undanfarin ár, getur komið á óvart öngþveitið í fjármálum og atvinnumálum. Engum, sem hlustað hefur á sömu rök, getur heldur dulizt, að leiðin út úr þessum ógöngum er torfarin og mjög tvísýn. Við framsóknarmenn skýrðum þjóðinni frá þessum afleiðingum þegar, er hin svokallaða nýsköpunarstefna, fjárfestingin mikla, hófst. Við gerðum þjóðinni það ljóst á s. l. vori, að þar væri nú komið, að niðurgreiðsluleiðin væri ófær orðin og gripa yrði til nýrra aðgerða, gengislækkunar eða niðurfærslu, til þess að reyna að bjarga. En við sögðum, að jafnframt því, sem skert yrðu kjör launamanna, verkamanna og bænda, yrðu stóreignamenn einnig að fórna, verzlunina yrði að lagfæra, húsaleigu yrði að lækka, verðlagseftirlitið þyrfti að komast í hendur neytenda og refsingar fyrir svartamarkaðsbrask og okur yrði að þyngja.

Þegar á þing kom á s. l. hausti, blasti við sú mynd af þjóðfélagi, sem stjórnarstefnurnar og fyrsta stjórn Alþýðuflokksins á Íslandi skildi eftir sig:

1. Bátaútvegurinn var gjaldþrota, en látinn skrimta með því að lögbjóða, að enginn mætti ganga eftir neinum skuldum hjá honum.
2. Gömlu togararnir höfðu verið stöðvaðir í langan tíma.
3. Nýsköpunartogararnir — blómi framleiðslunnar — voru að verða gjaldþrota og margir komnir í botnlausar vanskilaskuldir, en stöðvun yfirvofandi, ef þeir fengju ekki uppbætur á útflutningsvöruna.
4. Ríkissjóður, sem hafði greitt niður framleiðsluvörurnar og greitt uppbætur á útflutningsvörurnar, var kominn gersamlega í þrot, enda komst það upp, að hann hafði safnað 175 millj. kr. skuldum á síðustu árum. Veltuskatturinn, tollarnir, gjaldeyrisskatturinn o. s. frv., samtals um 70 millj., sem þjóðinni hafði verið sagt að væri innheimt til þess að greiða niður framleiðsluvörurnar innanlands og verðbæta útflutningsvörurnar, hafði farið í eyðslu. Uppbæturnar og niðurgreiðslurnar höfðu verið teknar að láni og voru nú samansafnaðar vanskilaskuldir. En þessu var vitanlega ekki hægt að halda áfram lengur, af þeirri einföldu ástæðu, að ríkissjóður fékk hvergi lán og var kominn í þrot.

Ef ekkert var gert og ekki samkomulag um neitt á Alþingi, ef allir hefðu gefizt upp við björgunartilraunirnar, eins og Alþfl., eftir að stýrt hafði verið út á foraðið, stöðvaðist framleiðslan, almennt atvinnuleysi dundi yfir, útflutningurinn stöðvaðist af sjálfu sér og þar með innflutningurinn, kaupgreiðslur til opinberra starfsmanna hættu og almennur skortur og gjaldþrot héldu innreið sína. Þetta er það, sem víða hefur gerzt, þegar illa hefur verið stjórnað og kreppan læknar sig sjálf. Eftir nauðungaruppboð og langvarandi neyð lækka framleiðslutækin í verði og kaupgjaldið einnig, þar til framleiðslan ber sig og sígur af stað aftur.

Framsfl. vildi ekki, með því að neita að taka á sig ábyrgð, láta þessa neyð koma yfir þjóðina, án þess að reyna úrræði til að afstýra slíkum voða. En hverjar voru leiðirnar til þess?

1. Fræðilega var hugsanlegt að halda uppbótagreiðslum áfram, en það mundi hafa kostað í nýjum tollum og sköttum mikið á annað hundrað milljónir króna, eftir að fiskur féll svo mikið í verði, að nýju togararnir hættu einnig að bera sig. Allir stjórnmálaflokkar játuðu, að athuguðu máli, að dýrtíðin væri nú komin svo langt, að þessi leið væri gersamlega ófær orðin.
2. Niðurfærsluleiðin var athuguð, og komust allir hagfræðingarnir að þeirri niðurstöðu, að með henni væru þyngri byrðar lagðar á allan almenning en með gengisbreytingunni, auk þess sem hún mundi lítt framkvæmanleg hér á landi.
3. Þá var gengislækkunarleiðin ein eftir, og

hún var valin, eftir nákvæma athugun sérfróðra manna.

En þá kom spurningin: Með hverjum átti Framsfl. að framkvæma gengisbreytinguna þannig, að hún væri sem réttlátust fyrir almenning og í mestu samræmi við það, sem Framsfl. hafði barizt fyrir í síðustu kosningum? Framsfl. hefur hvorki meiri hluta á Alþingi með Alþfl. né Sósfl. og gat því með hvorugum þessara flokka myndað meirihlutastjórn. Þegar af þessum ástæðum var stjórnarmyndun Framsfl. með öðrum hvorum þessara flokka útilokuð. En samkomulagið milli Alþfl. og Sósfl. er þannig, að samstarf milli þeirra er algerlega útilokað, og stjórnarmyndun með þessum flokkum tveimur sameiginlega er því óframkvæmanleg. Svo grómteknir af hatri hvor til annars eru þessir flokkar, að þeir geta ekki einu sinni, báðir í stjórnarandstöðu, komið sér saman um kröfurnar á kröfuspjöldin 1. maí né að ganga saman á götu nokkra metra. Það má renna grun í, hvernig samstarf svona flokka yrði í ríkisstjórn.

Framsfl. telur stefnuskrár Framsfl. og Alþfl. svo líkar og hagsmuni kjósendanna í báðum flokkunum svo sameiginlega, að ef við það er miðað, ætti að vera auðvelt fyrir þessa flokka að koma sér saman um lausn allra vandamála. Framsfl. sneri sér því til Alþfl. þegar á s. l. hausti og fór þess á leit, að þessir flokkar myndu öðu minnihlutastjórn, sem vist þótti að forseti Íslands mundi fallast á, þar sem á bak við slíka stjórn stóð mun fleira af þingmönnum en bak við minnihlutastjórn Sjálfstfl. Við stungum upp á því, að þessi stjórn léti skeika að sköpuðu um málin. Ef hún yrði felld, skyldu flokkarnir ganga til kosninga í samstarfi og bandalagi. Og auðvelt er að sýna fram á, að allar líkur voru til þess, að þeir hefðu fengið hreinan meiri hluta saman. Alþfl. neitaði þessu. — Þá fór Framsfl. fram á það við Alþfl., að þessir tveir flokkar semdu um aðalmálin, mynduðu blokk í þinginu og byðu síðan öðrum samstarf um þá stefnu, er þeir sameiginlega mörkuðu, en ef ekki yrði gengið að þessari stefnu af hinum flokkunum, beittu þeir sér fyrir því, að þing yrði rofið og kosið, og skyldu þeir þá hafa samstarf og freista þannig að vinna meiri hluta fyrir stefnu sinni. Alþfl. neitaði þessu líka. Hann tjáði okkur, að hann væri á móti gengislækkun, á móti niðurfærslu og játaði, að niðurgreiðslu- og uppbótarleiðin væri lokuð eins og komið væri. Við spurðum flokkinn, hvort hann vildi benda á einhverjar leiðir út úr því neyðarástandi, sem nú væri komið í, en flokkurinn kvaðst ekki ætla að taka þátt í neinu fyrst um sinn. Þessi voru svör Alþfl. síðastl. haust, og þau voru söm, þegar Framsfl. leitaði til hans eftir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur. Það var því þrautreynt og margreynt af Framsfl., að þeir kostir einir voru fyrir hendi, er nú skulu taldir:

1. Að kasta öllu frá sér, eins og Alþfl., og láta allt stöðvast, með þeim afleiðingum, sem áður er lýst.

2. Að láta minnihlutastjórn Sjálfstfl. fara með völd, sem raunverulega var sama og láta allt stöðvast, því að vitanlega gat slík stjórn ekki ráðið við erfiðleikana.

3. Að Framsfl. og Sjálfstfl. semdu.

4. Að stuðla að utanþingsstjórn, ef ekki næðust þolanlegir samningar.

Framsfl. hafnaði fyrstu og annarri leiðinni. Við töldum okkur ekki fært að leggja hendur í skaut og bíða unz Alþfl. kynni að vilja taka þátt í einhverju eða sósialistar hyrfu frá Moskvalínunni. Eftir að stjórn Sjálfstfl. var felld, skýrði ég forseta Íslands frá því munnlega, þegar í stað, að ég teldi ólíklegt, að meirihlutastjórn yrði mynduð. Eftir að samningar við Sjálfstfl. höfðu strandað, gaf ég forsetanum um þetta ýtarlega skriflega skýrslu og benti á, að utanþingsstjórn virtist eina leiðin, eins og komið væri, með því að óhægt væri fyrir Framsfl. að mynda minnihlutastjórn, eins og málum væri þá komið, þó að flokkurinn vildi ekki skorast undan því, ef allt þryti. En Framsfl. bauðst þá jafnframt til þess að leysa gengismálið eitt út af fyrir sig, ef hann hefði fulla tiltrú til forsætisráðherrans í utanþingsstjórn og sá ráðherra lýsti yfir á Alþingi, að það yrði ekki rofið eða því slitið fyrr en það hefði tekið afstöðu til þeirra mála, sem Framsfl. lagði áherzlu á í sambandi við gengisbreytinguna. Með þessu myndaðist nýr möguleiki fyrir utanþingsstjórn að koma gengismálinu fram, og stóð forseti Íslands í samningum við Vilhjálm Þór um að mynda slíka stjórn. Var Vilhjálmur Þór kominn langt áleiðis með myndun slíkrar utanþingsstjórnar, og hafði Framsfl. tjáð sig reiðubúinn til að eiga samstarf við hana. — En þá óskaði Sjálfstfl. eftir samningsviðræðum við Framsfl. að nýju — og með því að Vilhjálmur Þór var þess hvetjandi, að þær viðræður væru upp teknar, var orðið við þeim tilmælum, með þeim árangri, sem kunnur er.

Framsfl. var það að sjálfsögðu ljóst, hvílík niðurlæging það var fyrir Alþingi að geta ekki myndað stjórn, og honum var jafnljóst, að utanþingsstjórn gat ekki starfað, nema semja við þingflokkana um afgreiðslu mála, þ. á m. um afgreiðslu fjárlaga og margt fleira, en allt var í óvissu um það, hvernig flokkarnir mundu nota sér aðstöðu sína í slíkum samningum. En Framsfl. kaus þó utanþingsstjórn heldur en að ganga að þeim samningum, sem hann hafði til þessa tíma átt kost á. En í þeim samningum, sem Framsfl. að lokum náði í síðustu atrennu, var hins vegar ákveðið:

a. Að ríkisstjórnin væri mynduð undir forsæti Framsfl.

b. Framsfl. fékk því ákvæði breytt, að skattur á fasteignir væri lagður á sjóði samvinnufélaga, og kom því til vegar, að sjóðunum var deilt niður á raunverulega eigendur þeirra, samvinnumennina, og síðan skattlagt samkvæmt þeirri reglu, og nemur þessi réttláta leiðrétting allmörgum milljónum fyrir samvinnufélögin.

c. Framsfl. hefur einatt skýrt þjóðinni frá því, að gengisbreyting, þar sem 80—100 millj. kr. eru fluttar til útgerðarinnar frá öðrum þegnum þjóðfélagsins, væri fórn. Slíkur tilflutningur fjármuna verður einhvers staðar að koma niður, þótt það sé minni fórn en að láta framleiðsluna stöðvast og fjármálakerfið hrynja. Hins vegar telur flokkurinn, að þeir, sem mest eiga, eigi fyrst og fremst að fórna. Framsfl. fékk því til vegar komið, að í stað 10—12% skatts á fast-

eignir einar var lagður stighækkandi eignarskattur á allar eignir yfir 300 þús. krónur, eftir að fasteignamat hefur verið allt að sexfaldað, en skattur þessi verður 25%, eða ¼ eigna, eftir að komið er yfir 1½ millj. kr. Eignaraukaskatturinn var felldur niður, eins og þeir hagfræðingar lögðu til, er þó höfðu gengið lengst í tillögum um eignarskatt, en þeir höfðu og lagt til, að eignarskatturinn yrði 35% í stað 25% eins og um samdist.

d. Framsfl. fékk því til leiðar komið, að eftir að 15 millj. kr. höfðu verið teknar af eignarskattinum, rennur helmingurinn til ríkissjóðs, en hinn helmingurinn rennur að jöfnu til byggingarfélaga verkamanna og ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs Búnaðarbankans. Og ef sá auður er til staðar, sem menn hafa talið að safnazt hafi, hlýtur þetta að vera veruleg fjárhæð.

e. Framsfl. fékk því til vegar komið, að gengishagnaður bankanna, sem talinn er um 16—18 millj. kr., rennur að einum þriðja til byggingarsjóðs Búnaðarbankans, ⅓ til ræktunarsjóðs bankans og ⅓ til byggingar verkamannabústaða.

f. Framsfl. fékk því til leiðar komið, að frv. um verðlagseftirlit gengur fram, og er það nú orðið að lögum, með litlum breytingum frá því, sem áður var.

g. Frv. um lækkun húsaleigu er að komast í gegnum þingið, og er valdið um það, hvort húsaleigulögin skuli gilda áfram, lagt í hendur bæjarstjórna.

h. Samkomulag varð um það, að verzlunarmálin skyldu útkljáð á þinginu, og eins og fyrr lagt á vald verkamannaflokkana, hvort málið kemst í gegn, en meðan Framsfl. var í samstjórn með Sjálfstfl. og Alþfl., felldi Alþfl. þetta mál tvívegis — og er nú að murka úr því lífið í þriðja sinn.

Ég skal ekki fjölyrða um þessa samninga, en ég fullyrði, að eins og á stóð kom Framsfl. furðu miklu fram. Og svo mikið er víst, að eftir nákvæma athugun og eftir að flokkurinn hafði reynt alla möguleika, var þingflokkurinn og miðstjórnin sammála um að taka þessum samningum, sem beztu mögulegu leið, er um væri að velja.

Ég hef þá lýst aðkomu núverandi ríkisstjórnar og fram úr hverju var að ráða. Ég hef sýnt, að ekki var um neitt nema neyðarúrræði að velja — og að neyðarúrræðið, sem valið var, gengislækkunina, töldu allir hagfræðingar úr öllum flokkum skástu leiðina. Ég hef enn fremur sannað, að um engin flokkasamtök var að velja á Alþingi til þess að reyna þessa leið nema núverandi stjórnarsamstarf. Út frá þessum gögnum verða menn svo að dæma um það samstarf, sem Framsfl. hefur stofnað til með Sjálfstæðisfl. Það er framsóknarmönnum vissulega ekkert gleðiefni, en það var ekki um annað að ræða, nema flokksmenn vilji halda því fram, að Framsfl. eigi að fara í fýlu og draga sig út úr pólitík, ef Alþfl. gerir það og sósialistar einangra sig við Moskvu. En það hefur ekki verið og verður ekki starfsregla Framsfl. að binda sig við það, hvað aðrir flokkar gera eða láta ógert. — Hann fer þá sínar leiðir.

Ýmsa hef ég heyrt segja það, að rangt hafi verið af Framsfl. að ganga í stjórnarsamstarf nú, þegar allt hafi verið strandað og óvinsælar neyðarráðstafanir óumflýjanlegar. Sem svar við þessu segi ég aðeins það, að ef það er vinsælla og líklegra til kjörfylgis að hlaupa frá öllu saman, eftir að hafa komið öllu í þrot, heldur en að ganga í það að bjarga því, sem bjargað verður, — ef svo er, segi ég, væri hugsunarháttur*inn þannig*, að hann væri ekkert síður sjúklegur en fjármálaástandið, og vandast þá málið allt.

Ýmsir segja, að þetta geti allt mistekizt og hrunið í höndum núverandi stjórnar. Ég skal ekkert um það fullyrða, því að allt var komið og er á tæpasta vaði. En Framsfl. hefur þá trú á landsmönnum, að þeir skilji það, að þegar bátaútvegurinn var kominn í þrot, gömlu togararnir stöðvaðir, nýju togararnir að stöðvast, nema að fá síhækkaðar útflutningsuppbætur úr ríkissjóði, sem hefur safnað 175 millj. kr. skuldum á þremur árum og er auk þess að verða tómur, lánstraustslaus, — Framsfl. trúir því, að þegar þetta blasir við landsmönnum, þá skilji þeir, að stöðvun var yfirvofandi og neyðin við hvers manns dyr. Og ef landsmenn hafa ekki almennt skilið, hvernig komið var í vetur, þá skilja þeir það áreiðanlega ekki fyrr en neyðin er komin inn fyrir dyrnar.

Gengisbreytingin var talin skásta neyðarúrræðið til þess að reyna að bægja þessu böli frá dyrum landsmanna. En gengisbreytingin og sársauki hennar er ekki sök þeirra, sem framkvæma hana, heldur hinna, sem með rangri stjórnarstefnu ollu því ástandi, sem gerði hana nauðsynlega. Gengisbreyting er vitanlega kjaraskerðing. Engin sársaukalaus leið hefur verið fundin, né mun finnast, út úr ógöngum þjóðar, sem röng fjármálastefna hefur komið í þrot.

Gengisbreytingu má líkja við uppskurð á helsærðum manni, og hún er álíka tvísýn. En það er ekki læknirinn, sem á sök á uppskurðinum eða þeim sársauka, er hann veldur, — heldur þeir, sem valdið hafa þeim slysum, er gerðu uppskurðinn óumflýjanlegan. Gengisbreyting hefur verið gerð á öllum tímum vegna sjúks fjármálalífs margra þjóða. Gengislækkun hefur stundum lánazt og oft mistekizt. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvernig þetta neyðarúrræði tekst hér. Það er komið undir mörkuðum fyrir framleiðsluvörur okkar, verðlagi og því, hvernig þessari ráðstöfun verður tekið innanlands. En hvernig sem þetta fer, var ekki um önnur skárri úrræði að velja, og það var heldur ekki um önnur flokkasamtök að ræða til að framkvæma þau.

Það voru fyrst og fremst þessi atriði, sem ég vildi gera grein fyrir í þeim fáu orðum, sem ég segi hér. En um langlífi eða skammlífi ríkisstjórnarinnar vil ég aðeins segja það, að ég tel, að framtíð hennar eigi að velta á því, hvernig henni tekst að draga saman kostnaðinn við ríkisbáknið, sem er að sliga þjóðina. Það var ekki eðlilegt, að hægt væri að gera þessa ráðstöfun nú á miðju ári, án frekari undirbúnings.

Ég tel framtíð ríkisstj. eiga að velta á því, hve vel henni tekst að fækka því fólki, sem vinnur við hin allt of dýru og fólksfreku milliliðastörf, og flytja það yfir í framleiðsluna. Ég tel, að framtíð ríkisstj. eigi að velta á því, hve

vel henni tekst að efla þann iðnað, sem sparar gjaldeyri, en ekki íþyngir framleiðslu þjóðarinnar, og útrýma á hinn bóginn hinum rándýra, óþarfa og fólksfreka iðnaði, sem að ýmsu leyti er plága á þjóðinni. Úr öllum þessum atvinnugreinum verður vinnuafl þjóðarinnar að flytjast yfir í framleiðsluna, framleiðslu, sem er afkastamikil, ódýr og fjölbreytt. Og fyrir þessa framleiðslu verðum við með öllum heiðarlegum ráðum að vinna markaði. Á því, hvernig þetta tekst, á það að velta, hvort þessi ríkisstj. á rétt á sér til frambúðar eða ekki, því að á framkvæmd þessara mála og þeirra mála allra, sem að þessu stefna, veltur það fyrst og fremst, hvort þjóðin getur haldið áfram að lifa sem sjálfstæð þjóð fjármálalega og stjórnarfarslega.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Áður en ég sný mér að aðalefninu, tel ég rétt að vekja athygli á eftirtektarverðum ummælum hv. þm. Sigif., Áka Jakobssonar. Hann sagði, að Sovétríkin vildu ekki verzla við Íslendinga vegna þess, að þeim félli ekki við hæstv. utanrrh., Bjarna Benediktsson. Að sönnu sagði form. Sósialistafélags Reykjavíkur annað, er hann ásamt fleirum reyndi að selja Sovétríkjunum framleiðslu Íslendinga. Hann skýrði stjórn Íslands frá því, að Sovétstjórnin teldi verðlagið allt of hátt. En sleppum því.

Sagt er, að einmitt Áki Jakobsson kunni ágæt skil á því, sem Sovétstjórnin vill. Yfirlýsing hans er því stórmerk. Hann lýsir því blygðunarlaust yfir, að eins og Íslendingar til skamms tíma urðu að láta síldarlýsið falt í því skyni að losna við hraðfrysta fiskinn, þá verði nú pólitísk sannfæring að fylgja fiskinum, ef Sovétríkin eigi að gerast kaupendur.

Íslendingar vita héðan af, hvar þeir standa í þessum efnum. Þeir geta nú valið milli þess að skipta við Rússa og farga sannfæringunni og hins, að halda skoðun sinni og þola hið mikla böl markaðsmissis, sem Áki Jakobsson lýsti svo átakanlega.

Ég tel afar þýðingarmikið, að þjóðin hefur fengið þessar upplýsingar einmitt frá einum aðalleiðtoga kommúnistadeildar Íslands.

Út af hinu svokallaða Björgvinsmáli, sem hv. form. Alþfl. var að minnast á, vil ég aðeins segja þetta:

Maður, sem búið er að skamma jafnoft og mikið sem mig fyrir það, sem hann hefur ekki gert, á ekki að kippa sér upp við að fá orð í eyra fyrir það, sem hann þó hefur gert. En það var ég, sem veitti útflutningsleyfi á fjórum fúadöllum Björgvins og ber á því alla ábyrgð. Ég get hins vegar ekki gert það fyrir vini mína í Alþýðufl. að látast finna til einhverrar sektartilfinningar af þessu tilefni, enda veit ég, að pólitískur áróður veldur afstöðu Alþfl., en ekki siðferði eða sannfæring.

Þessi fjögur gömlu skip lágu vestur í Newfoundland, fámenn og yfirgefin, svona líkt og Alþýðuflokkurinn. Skipunum fylgdu „nokkur tonn" af síldarnótum, eins og Alþýðublaðið orðaði það nýverið. Þetta er rétt orðað. Næturnar svonefndu voru einmitt nokkur tonn af gömlum graut, auk tveggja nothæfra nóta.

Þegar ég veitti þetta útflutningsleyfi, vissi ég vel, að allur málatilbúnaður var ógeðþekkur, þótt sennilega sé fæst satt af því, sem Alþfl. hefur um þetta sagt. En ég vissi jafnframt, að meira kostaði að sækja skipin en þau voru virði hingað komin. Ég vissi enn fremur, að sjómennirnir, sem á skipunum höfðu verið, áttu inni mörg hundruð þúsund krónur af kaupi sínu, sem hvorki 8. landsk., hv. þm. Ísaf. né aðrir voru skyldir til né ætluðu að greiða. Ég vissi, að fiskveiðasjóður, samábyrgðin o. fl. áttu stórfé hjá eiganda skipanna. Ég vissi, að allt var þetta fé tapað, hver einasti eyrir. Og loks vissi ég, að okkur skorti gjaldeyri til brýnustu nauðsynja.

Þegar mér nú gafst kostur á því að bjarga fjármunum þessara aðila, alls 1.7 millj. kr. í dollurum, með því að heimila sölu fjögurra fúadalla, sem Íslendingum voru einskis virði, þar sem þeir lágu, sagði ég við sjálfan mig: „Þú færir ekki þjóðinni daglega hátt á aðra milljón króna." Ég ákvað að setja kíkinn á blinda augað, taka efni fram yfir form. Ég heimilaði því söluna, en setti það skilyrði, að íslenzkum bönkum yrði afhent allt andvirði hins selda, og færði þar með þjóðinni 1.7 millj. kr. þann daginn.

Þetta er nú það, sem ég hef til saka unnið. Ég var ekki alls kostar ánægður, ég játa það. En slíks er ekki alltaf kostur. Ég tel mig hafa gert rétt, og væri ósköp ánægður, ef ég ætti engin verri afglöp að baki mér ....

Eins og alþjóð veit myndaði Sjálfstfl. minnihlutastjórn í byrjun desembermánaðar s. l., eftir að útséð var um, að takast mætti að mynda meirihlutastjórn í landinu.

Á Íslandi getur minnihlutastjórn tæplega gert sér miklar vonir um langlífi né mikil völd. Það vissu sjálfstæðismenn, er þeir ákváðu að verða við tilmælum herra forseta Íslands um myndun minnihlutastjórnar. Þessi minnihlutastjórn gaf þó þrjú fyrirheit, er hún tók við völdum:

Í fyrsta lagi að reyna að hindra stöðvun fiskiflotans um síðastliðin áramót. Það tókst.

Í öðru lagi, að undirbúa og, ef stj. yrði nokkurs lífs auðið, að leggja fyrir Alþingi tillögur um varanlega lausn dýrtíðarmálsins. Það tókst.

Í þriðja lagi, að standa að myndun meirihlutastjórnar til þess meðal annars að tryggja framkvæmd þeirra tillagna. — Það tókst.

Þessi skammlífa stjórn fékk því lausn í náð með sæmilegu mannorði varðandi efndir fyrirheita sinna. Er það betra hlutskipti en langlífi og brigðmæli.

Síðast þegar útvarpað var umræðum frá hinu háa Alþingi, var rædd og samþykkt vantraustst illaga á þessa minnihlutastjórn Sjálfstfl., er þá hafði setið að völdum tæpa 3 mánuði. Tæpum hálfum mánuði síðar tók núverandi ríkisstjórn við völdum. Hún er, eins og kunnugt er, samstjórn tveggja flokka, Sjálfstfl., sem stóð að fyrrverandi stjórn, og Framsfl., sem felldi þá stjórn. Höfuðverkefni stjórnarinnar var að tryggja lögfestingu frv. þess um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem stjórn Sjálfstfl. hafði lagt fyrir Alþingi. En um þær tillögur höfðu núverandi stjórnarflokkar verið sammála í aðalefnum um alllangt skeið. Vík ég nánar að því síðar, en tel rétt nú, er ég í fyrsta skipti eftir að hið

nýja samstarf hófst, á kost á því að tala í áheyrn alþjóðar, að gera fyrst nokkra grein fyrir því, hvers vegna flokksráð Sjálfstfl. ákvað að hefja samstarf við Framsfl.

Þetta er auðið að gera í stuttu máli. Höfuðatriðið er, að Sjálfstfl. hafði borið fram tillögur til viðreisnar í aðalvandamáli þjóðarinnar. Taldi flokkurinn sig að þrautrannsökuðu máli með því benda á, eigi aðeins beztu, heldur og hina einu leið, er til mála gæti komið til að ráða fram úr öngþveitinu. Skal ég síðar færa sönnur á, að þessi skoðun Sjálfstfl. er á rökum reist.

Alþfl. kaus sér það hlutskipti að snúast öndverður gegn sannfæringu sinni og þessum tillögum.

Kommúnistar völdu að sjálfsögðu þann kostinn, sem einn samrýmist þeim, sem telja sér glundroðann til ávinnings. Þeir hafa barizt af krafti þeirrar sannfæringar, sem metur annað meir en hagsmuni sinnar eigin þjóðar, gegn tillögunum. Eftir var þá aðeins einn kostur, að tryggja þeim sigur fyrir sameiginlegan atbeina Sjálfstfl. og Framsfl., sem báðir fylgdu tillögunum.

Sá flokkur, sem lagt hafði fram slíkar tillögur í aðalvandamáli þjóðarinnar, sannfærður um, að kæmi sú stefna, sem þar var mörkuð, ekki að liði, væri málum Íslendinga ekki við bjargandi, hlaut að æskja samstarfs við þann borgaralega flokk, sem sömu augum leit á málið, alveg án hliðsjónar af öllu, er borið hefur og bera mun milli þessara flokka. Sjálfstfl. beitti sér því fyrir tilraunum um stjórnarmyndun og samstarf milli Sjálfstfl. og Framsfl. Stóðu þær samningaumleitanir allt frá því snemma í febrúar og þar til 8. marz, að talið var vonlaust um jákvæðan árangur. Lá þá ekkert fyrir annað en utanþingsstjórn, er hefði forustu um samþykkt frv. Sjálfstfl. Það er út af fyrir sig, að utanþingsstjórn er í augum þjóðarinnar og raunar umheimsins vottur um vesaldóm og volæði þingræðis og lýðræðis í landinu. En hitt er auk þess staðreynd, sem öllum er kunn, sem eitthvað hafa kynnt sér þetta mikla mál, að frv. eitt út af fyrir sig kom ekki að neinu haldi. Skilyrðin fyrir gagnsemi þess voru fyrst og fremst, að afgr. yrðu greiðsluhallalaus fjárlög og að fjárfestingu hins opinbera sem einstaklinga yrði stillt í hóf. Ella var gengisfellingin ekki til góðs, heldur til ills. En hvorugt þetta, né heldur ýmislegt annað, sem gera þurfti og þarf, var auðið að tryggja nema með sæmilegu samstarfi að minnsta kosti Sjálfstfl. og Framsfl. Undir forustu máttvana utanþingsstjórnar var slíkt samstarf vonlaust. Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu þá ekki sameinað kraftana til þess að ráða fram úr stórum málum og miklum vanda.

Ó-nei. Þegar í ljós kom, að þingið var aðgerðarlaust og stj. máttvana, hefðu þessir flokkar sem aðrir keppzt um að koma sér undan skömminni, þ. e. a. s. að dómfella hver annan. Illa gróin kosningasár hefðu ýfzt og langur tími orðið að líða, áður en þessum flokkum yrði auðið að starfa saman að þeim velferðarmálum, sem þeir voru sammála um. Á meðan hjaðningavígin hefðu verið í algleymingi, hefði þjóðin steypzt fram af gjárbarminum. Þetta vita þeir, sem muna viðleitni ágætra manna í utanþingsstj. á árunum 1942—44 til að stýra löggjöf og framkvæmd í landinu og muna einnig gagnkvæmar ásakanir Framsfl., Alþfl. og kommúnista, þegar margra mánaða samningaumleitanir þeirra um stjórnarmyndun og samstarf brustu. Það er því alveg tvímælalaust rétt, að ef forseti Íslands hefði neyðzt til að skipa utanþingsstjórn, þ. e. a. s. stj., sem ekki hafði fyrir fram tryggt sér fylgi meiri hluta Alþingis í öllum aðalefnum, mundi Alþingi hafa veitzt þunglega að virðingu sinni og velferð þjóðarinnar í veraldlegum efnum.

Það var þessi skilningur Sjálfstfl. og Framsfl., sem því réð, að þegar úrslitatilraunin til stjórnarmyndunar hófst með samtali formanna flokkanna, föstudagskvöldið 10. marz, leiddi hún til þess, að tveim dögum síðar var raunverulega lokið öllum samningum um stjórnarmyndun og samstarf milli þessara flokka.

Ég geng þess að sjálfsögðu ekki dulinn, að mörgum kjósendum Sjálfstfl. er það lítið gleðiefni, að þetta samstarf skyldi hafið, jafnkærleikssnauð sem sambúð Sjálfstfl. og Framsfl. lengst af hefur verið. En hvort tveggja er, að hið mikla mál okkar átti sér hvergi skjól, utan Sjálfstfl., nema hjá Framsfl., og hitt, að ef menn einblína alltaf á fornar misgerðir annarra og temja sér jafnframt dómgreindarleysi og gleymsku á eigin afglöp og ávirðingar, verður aldrei miklu góðu til leiðar komið. Fortíðin er lítils virði. Framtíðin mikils. Persónulegar ádeilur og illkvittni skaðar minnst þann, sem að er stefnt. Þeim, sem kennir sársauka af slíku, þegar velferð þjóðarinnar er annars vegar, er hentast að hætta sér ekki í fremstu víglínu. Ég hygg, að þetta sé skoðun okkar flestra, sem með forustuna förum á sviði stjórnmála. Það tel ég okkur til lofs, en þjóðinni til gæfu, vegna þess að ella mundi oft örðugra að sameinast í baráttunni um heill fósturjarðarinnar.

Þegar á kjarna málsins er litið, fögnum við í forustu Sjálfstfl. samstarfinu og vitum þó mæta vel, að vinsælla og líklegra til pólitísks ávinnings hefði verið að sitja hjá, gagnrýna og láta aðra um að leysa örðugleikana. Ég hygg enn fremur, að yfirleitt hafi mönnum létt, þegar loks tókst að koma á þessu samstarfi, einnig ýmsum þeim, sem telja sig í stjórnarandstöðu. Og spá mín er sú, að þessi hópur fari stækkandi, eftir því, sem menn gera sér gleggri grein fyrir því, um hvað var að velja, bæði varðandi leiðir út úr ógöngunum og framkvæmd málsins. Ég held, að áður en stjórnin var mynduð, hafi okkur verið líkt farið og flestum Íslendingum var meðan styrjöldin mikla geisaði. Við gerðum okkur þá litla eða enga grein fyrir þeirri hættu, sem yfir okkur vofði. En seinna, þegar við förum að lesa stríðsendurminningar þeirra, sem þá réðu örlögum veraldarinnar, sáum við, að yfir lífi okkar, limum og eignum hafði oft grúft hin ægilegasta hætta. Ég held, að þegar öll kurl koma til grafar og öll kort verða lögð á borðið, verði það sannað, að hefði ekki á örlagastundinni tekizt að kippa rás viðburðanna af braut ógæfunnar, þá mundi margur fyrr en varir hafa öðlazt á því óþyrmilegan skilning, að eigur hans og atvinna voru í annarri og meiri hættu en

hann gerði sér grein fyrir meðan stjórnmálamennirnir voru að glíma sína glímu í sölum Alþingis.

Læt ég svo útrætt um þessa hlið málsins.

Núverandi stjórn hefur setið að völdum aðeins tæpa tvo mánuði. Svo stuttur tími nægir að sjálfsögðu ekki til að auðið verði að dæma um, hvort stj. muni lánast að leysa af hendi hið mikla hlutverk, er hún hefur færzt í fang. Stj. verður því fyrst og fremst að dæmast eftir stefnuyfirlýsingu sinni, nema því aðeins að hægt sé að sýna fram á, að hún hafi brugðizt þeim hluta fyrirheitanna, sem með sanngirni verði krafizt, að hún nú þegar hafi hrint í framkvæmd.

Höfuðverkefni ríkisstj. er að vinna að því, að aðalatvinnuvegir landsmanna verði reknir styrkjalaust og hallalaust í meðalárferði og að verzlun landsmanna verði gefin frjáls, til þess með þessu móti að koma á jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þessu markmiði hyggst stj. að ná með því:

Í fyrsta lagi, að lögfesta frv. minnihlutastjórnar Sjálfstfl. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., eins og það var lagt fyrir Alþingi, með þeim breytingum, sem Framsfl. gerði að skilyrði fyrir stuðningi sínum við málið.

Í öðru lagi, að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög og reyna að hlutast til um, að útlánastarfsemi bankanna verði hagað í samræmi við þá stefnu, þannig að fjárfesting í landinu verði í samræmi við efnahagsástandið. Og enn fremur að gera aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar teljast til þess að gengisfallið komi að liði.

Varðandi fyrra atriðið verður engum blekkingum við komið að því er formið snertir. Allur landslýður veit, að fyrsta verk ríkisstj. var að láta samþ. umrætt frv., er varð að lögum tæpri viku eftir að stj. tók við völdum.

Hitt, hvort nauður hafi rekið til að fella krónuna, þ. e. a. s. hvort ríkisstj. hafi í þessum efnum tekið rétta stefnu, er svo margrætt mál, að þess ætti að mega vænta, að alþjóð manna hafi öðlazt á því glöggan skilning. Samt sem áður vil ég með nokkrum orðum rifja upp, hversu sakir stóðu og um hvað var að velja.

Í 3 ár hafði setið að völdum í landinu samsteypustjórn þriggja borgaralegra flokka. Höfuðverkefni hennar var að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar. Árangurinn varð sá, að þessi 3 ár voru árlegir skattar hækkaðir um nær 100 millj. kr. Samt sem áður var halli á ríkisbúskapnum, er nam 175 millj. kr. Kaupgjaldið, sem átti að stöðva í því skyni að hindra verðbólguna, hækkaði víðast um 20—30% og allt upp í 42%, en ákvæðisvinnan hækkaði um 32—63%. Afurðaverðið gerði ýmist að stýra förinni eða að sigla í kjölfarið. Afleiðingin varð að sjálfsögðu sú, að verðbólgan fór ört vaxandi, þrátt fyrir síhækkandi niðurgreiðslur úr ríkissjóði, og mun ekki of mælt, að vísitalan hefur raunverulega hækkað um 35 stig á ári að meðaltali, allt frá ófriðarbyrjun og fram á þennan dag.

Og nú stóð útgerðin og krafðist stórhækkaðs ábyrgðarverðs, jafnframt því sem verðlag afurðanna fór lækkandi á erlendum markaði. Fjárlagafrv. það, sem fyrir Alþingi lá, var að vísu með um 4 millj. kr. greiðsluafgangi, en á því var heldur ekki einn eyrir ætlaður til uppbóta á útflutningsvörur. En til þess að standa straum af þessum uppbótagreiðslum í samræmi við kröfur útvegsmanna hefði þurft að leggja að minnsta kosti 95 millj. kr. nýja skatta á þjóðina. Er þá ekki gert ráð fyrir verðfalli afurðanna, en það hefði að sjálfsögðu bitnað á ríkissjóði, ef uppbótaleiðinni hefði verið haldið áfram. Við það bætist svo, að togaraútgerðin var að stöðvast vegna taprekstrar. Er þá ótalinn árlegur greiðsluhalli á fjárlögunum, en hann nam, eins og fyrr greinir, nær 60 milljónum á ári síðustu 3 árin. Ef fara átti uppbótaleiðina, hefði því þurft að bæta að minnsta kosti 150—200 millj. kr. nýrra skatta á þjóðina ofan á þær 100 milljónir, er stjórn Stefáns Jóhanns hafði lagt á skattþegnana. Hefur enginn maður enn treyst sér til að benda á leið til slíkrar tekjuöflunar.

Uppbótaleiðin var þegar af þessum ástæðum dauðadæmd.

Til frekari áréttingar þykir mér svo rétt að rifja upp örfá ummæli úr dauðadómi þeirra dr. Benjamíns Eiríkssonar og prófessors Ólafs Björnssonar yfir uppbótaleiðinni. Munu fæstir vefengja dóm þessara kunnu vísindamanna, og enn síður fyrir það, að enn hefur enginn hagfræðingur treyst sér til að mæla þeim í gegn. Þeir segja meðal annars:

„Hún (þ. e. uppbótaleiðin) skapar ekki nein skilyrði til þess, að hægt verði að stöðva dýrtíðina. .... Styrkjaleiðin gefur ekkert loforð um betra í framtíðinni. Hana skortir allt hið jákvæða, sem fylgir gengislækkunarleiðinni, eða niðurfærsluleiðinni. Af þessum 3 leiðum er sú leið, sem nú er farin, minnst æskileg og er í rauninni ekki lengur framkvæmanleg."

Þetta er þá dómur hinna kunnu vísindamanna, dómur, sem ég hygg, að allir hagfræðingar landsins taki undir, að minnsta kosti í hjarta sínu. Af því má marka, að uppbótaleiðin hafi löngu gengið sér til húðar, og var í rauninni orðin svo fjarri öllum sanni, að enginn gat orðað hana í alvöru.

Eftir stóð aðeins valið milli verðhjöðnunar eða niðurfærsluleiðarinnar og gengisfellingarinnar, ef ekki átti að stefna bölvun atvinnuleysisins að dyrum alls almennings í landinu. Hafa margir mætir menn, að lítt rannsökuðu máli og áður en full greinargerð lá opinberlega fyrir, talið verðhjöðnunarleiðina aðgengilegri en gengisfellinguna. Þykir mér því rétt að rifja upp í örfáum orðum samanburð fyrrnefndra vísindamanna á þessum 2 leiðum. Þeir segja:

„Verðhjöðnun mundi valda miklu meiri röskun á efnahagskerfi þjóðarinnar og verða langtum örðugri í framkvæmd en gengislækkun. Enn fremur er hættara, að almennt atvinnuleysi fylgi henni, en nokkurri annarri leið. Beinar aðgerðir í þessu skyni eru fólgnar í því að lögbjóða lækkun kaupgjalds og verðlags í ákveðnum hlutföllum. Sérstaklega skal á það bent, að lækkun kaupgjaldsins yrði þá að vera til muna meiri en lækkun verðlagsins. .... Yrði verðhjöðnunarleiðin farin, hlytu skuldabyrðar að þyngjast til muna. Mundi slíkt bitna hart á öllum, er ráð-

izt hafa í framkvæmdir á árunum síðan styrjöldinni lauk. .... Sérstaka athygli má vekja á því, að þau bæjarfélög, er ráðizt hafa í ýmiss konar framkvæmdir, mundu þá fá aukna erfiðleika að etja við. .... Á almennri og stórfelldri verðhjöðnun er ekkert að græða, sem ekki er fáanlegt á einfaldari hátt eftir öðrum leiðum. .... Niðurstöður okkar um samanburð á verðhjöðnun og gengislækkun eru þessar:

Verðhjöðnun, sem næði sama árangri og gengislækkun, mundi í bili leggja miklu þyngri byrðar á herðar launafólks en gengislækkunin, og mundi taka miklu lengri tíma að ná tilætluðum áhrifum. .... Á hinn bóginn verður ekki komið auga á neina þýðingarmikla kosti, sem hún hefur fram yfir gengislækkunarleiðina".

Þetta er dómur hinna fróðustu manna. Hann er réttur. Þess vegna féllu allir, sem kynntu sér rök þessa máls, frá verðhjöðnunarleiðinni.

Eftir stóð þá aðeins gengisfellingin annars vegar, en hrun atvinnuveganna og almennt atvinnuleysi hins vegar. Milli þessa tveggja átti ekki að vera erfitt að velja, og gat raunar engum valdhafa reynzt erfitt að velja. Valdhafarnir völdu gengisfellingarleiðina. Hinir, sem ekki bera þunga ábyrgðar valdanna, hafa valið sér þann kostinn að reyna að sverta þá leið, vegna þeirra ágalla, sem hún auðvitað hefur, og í skjóli þess, að takast megi að afstýra böli þess atvinnuleysis, sem ella hefði verið leitt yfir alþjóð manna, með þeirri gengislækkun, sem stjórnarandstaðan nú er að sverta í augum almennings, þannig að ágallar annarra úrræða komi aldrei í ljós.

Af því, sem nú hefur verið sagt, sést, að varðandi þennan þátt stefnuyfirlýsingar ríkisstj. hefur hún eigi aðeins valið þá einu leið, er til greina gat komið, heldur og þegar lögfest þau ákvæði, er mestu skipta.

Varðandi síðari liðinn, afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga, hóflega fjárfestingu og annað svipað, get ég verið stuttorðari, vegna þess að aðrir hæstv. ráðherrar munu skýra þá hlið sérstaklega. Þó vil ég segja þetta:

Eins og ég áður gat um, hefur halli ríkissjóðsins undanfarin þrjú ár verið samtals um 175 millj. kr. Liggja til þess margar ástæður, sem hér skulu ekki raktar. Um sumt verðum við ekki með réttu sakaðir, annað eru sjálfskaparvíti. Hefur það löngum verið mikið deiluefni, hverjir valda þar mestu. Þykjast að sjálfsögðu engir vera sekir, en sjá því betur flísina í auga bróður síns.

Er ekki von, að vel fari, þegar saman fara kröfurnar um sívaxandi útgjöld úr ríkissjóði og andstaðan gegn nýjum sköttum. Hafa mótmæli þeirra manna oft verið háværust gegn auknum sköttum, þ. e. a. s. nýjum tekjum í ríkissjóð, sem sterkustum rómi hafa krafizt ýmissa nýrra verklegra framkvæmda, sívaxandi ríkisbákns með nýjum og nýjum embættum og annars slíks, þ. e. a. s. nýrra gjalda úr ríkissjóði. Hárri röddu hafa þeir tjáð alþjóð manna andúðina gegn sköttunum og samtímis með skrækróma hnykkjum heimtað öll þau útgjöld úr ríkissjóði, sem þeir telja sjálfum sér til framdráttar. Slíkt hlaut að leiða til ófarnaðar, enda er nú sjón sögu ríkari. Það hefur þó áunnizt, að allir neyðast nú orðið til þess að játa, að hér verður að spyrna við fótum.

Núverandi ríkisstj. hefur til þess vilja. Fjárlögin sanna, að hún hefur einnig nokkra getu. Til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, svo sem nú mun gert, og það án nýrra skatta, eins og til stendur, verður að draga úr útgjöldum ríkisins sem nemur greiðsluhalla undanfarinna ára, en hann hefur verið nær 60 millj. kr. á ári undanfarin 3 ár. Til þessa þarf nokkurt átak, ekki síst fyrir það, að sakir lélegra aflabragða, markaðsmissis og lækkandi verðlags útflutningsvörunnar verður að áætla innflutninginn varlega og þar með nokkra aðaltekjustofna ríkisins. Hefur í þessu skyni orðið að draga úr öllum framkvæmdum, eins og sjá má af því, að þrátt fyrir krónulækkunina er sú krónutala, sem ríkið leggur fram til þessa, svipuð og í fyrra. Af þessum sökum mun ríkinu heldur ekki reynast auðið að gera svo vel við starfsmenn sína og aðra þá, er taka fé úr ríkissjóði, sem margir hefðu á kosið, og einnig neyðast til þess að láta ýmsa þá synjandi frá sér fara, sem flestir hefðu kosið að létta undir með.

Áður en þessum umræðum lýkur mun það verða sannað, að afgreiðsla fjárlaganna er eftir atvikum skynsamleg. Má þó að sjálfsögðu betur, ef duga skal, og hygg ég, að stjórnarflokkarnir muni sýna þann skilning í verki, ef samstarfið helzt um nokkurt skeið. Verður ríkisstj. eðli málsins samkvæmt að hafa þar alla forustu. Hefur hún bætt það mál nokkuð og þegar ákveðið bæði allverulegan sparnað á vissum sviðum, þar sem vald hennar nær til, og enn fremur að athuga og leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á fjárfrekri löggjöf, ef auðið þætti að fresta framkvæmdum að nokkru eða öllu leyti, í því skyni að draga úr útgjöldum ríkissjóðs meðan fjárhagur ríkisins stendur höllum fæti. Veit ég, að ríkisstj. öll hefur hug á þessu, en einmitt slíkur samhugur er grundvallarskilyrði þess, að greitt verði fram úr vandanum. Einn fær fjmrh. engu áorkað í þessum efnum, er að haldi komi, og ekki fyrr en samstarfsmenn hans telja það jafnt sína skyldu sem hans að tryggja hag ríkissjóðs.

Að öllu athuguðu hygg ég, að ekki verði annað með sanni sagt en að fjárlögin séu sæmilega varlega afgreidd. Tel ég blaðaskrif, einnig skrif sumra stjórnarblaðanna, um þessi efni, bera þess vott, að þau skilja minna en þingið, sem þau þó eru að ámæla, í því, sem nú er verið að aðhafast innan stjórnarherbúðanna. Hitt verður svo að viðurkenna, að bregðist síldveiðin enn, svo að sjötta síldarleysisárið bætist nú ofan á þá örðugleika, sem við er að etja, getur svo farið, að gjaldeyrisskortur kippi fótunum undan öllum skynsamlegum áætlunum um innflutning og þar með undan tekjuöflun ríkisins. En ef fjárlög á að byggja á slíkum útreikningum, mundi sérhverri ríkisstjórn hafa reynzt ofvaxið að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Það hugarfar þingmanna, sem til slíks þarf, skapar ekkert annað en þrengingarnar sjálfar, þegar þær blasa við allra augum sem staðreynd, en ekki aðeins sem ótti bölsýnismanna.

Ég lýk þessum athugasemdum með því að minna á, að án gengisfellingar var með öllu óhugsandi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög. Liggur það svo ljóst fyrir, að eigi þarf að rökstyðja það frekar en nú hefur gert verið. Án gengisfellingar hefðum við því haldið áfram að sökkva dýpra og dýpra í díki skulda og óreiðu.

Þegar fjárlögin hafa verið afgreidd greiðsluhallalaus, er næsta skrefið að samræma útlánastarfsemi bankanna þessari stefnu. Efa ég ekki, að góð samvinna takist milli banka landsins og ríkisvaldsins í þessum efnum. Þarf í því sambandi að sönnu að ná samstarfi við fleiri en aðalbankana, en einnig það ætti að reynast auðið. Á þá að verða tryggt, að fjárfestingin í landinu verði í eðlilegu samræmi við sparifjármyndunina og fjárhagsafkomu þjóðarinnar í heild, en það er frumskilyrðið fyrir því, að takast megi að hindra myndun nýrrar dýrtíðar í landinu. Jafnframt koma svo til áhrif fjárhagsráðs, meðan það starfar. Hefur það ákveðið, að heildarfjárfesting ársins 1950 verði minni en undanfarin ár, en þó fellt fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir, bæði Sogsins og Laxár á þessu ári, inn í heildarfjárfestingu ársins.

Að öllu þessu athuguðu virðist mega gera sér vonir um, að ríkisstj. geti staðið við það fyrirheit, sem hún hefur gefið varðandi þennan annan höfuðþátt stefnu sinnar.

Í öllum þessum efnum er um beina stefnubreytingu að ræða frá því stjórn Stefáns Jóhanns lét af völdum. Jafnvel hið óhóflega skrifstofuhald, sem Alþýðublaðið er að fárast yfir að ekki hafi verið skorið niður strax og Stefán Jóhann lét af völdum, er nú komið undir smásjána. Sýnast þar margar óþarfar greinar, sem sumar hafa vaxið og dafnað vel í skjóli fyrstu stjórnar Alþýðuflokksins á Íslandi. Munu þær nú afhöggnar, eftir því sem auðið reynist. Er að vænta, að Alþfl. fagni því, auglýsi vel og miklist af, er kröfur þær, er hann gerir á hendur núverandi stjórnar um að minnka ríkisbáknið, verða teknar til greina.

Læt ég útrætt um þessa hlið málsins, en ætla að víkja eilítið að þeirri gagnrýni, er að ríkisstj. hefur verið beint.

Nær allar árásir á ríkisstj. í þessum umræðum eru út af gengisfellingunni og þeim verðhækkunum, sem henni fylgja. Þessum árásum er fljótsvarað. Ég er þegar búinn að svara þeim. Fátæk og fámenn þjóð, sem lagt hafði á bak sér 100 millj. kr. nýjar álögur síðustu 3 árin, gat ekki bætt 200 millj. kr. sköttum ofan á þær drápsklyfjar. Það sést bezt á því, að enginn þeirra, sem nú reynir að kræka sér í pólitíska ávinning á annmörkum og örðugleikum gengisfellingarinnar, þorir svo mikið sem að nefna slíka fásinnu.

Verðhjöðnunarleiðina hafa allir fróðir menn kveðið niður, m. a. vegna þess, að hún bitnar miklu harðar á launþegum landsins. Þeir, sem nú ráðast á gengisfellinguna, eru þess vegna að mæla hruni atvinnulífsins og böli atvinnuleysisins bót. Valið stóð nefnilega milli þessa og gengisfellingarinnar, eins og ég áður hef sýnt fram á. Að kommúnistar geri slíkt, þarf engan að undra. Þeir bíða þeirrar stundar með óþreyju, að öngþveitið vaxi og glundroðinn magnist. Það gera íslenzkir kommúnistar. Það gera kommúnistar allra landa. Ekki af illmennsku. Þeir eru svipaðir mannkostamenn og gallagripir eins og við hinir. Heldur af því, að í akri örbirgðarinnar tekur sáðkorn þeirra örustum vexti. Þeir hafa sín fyrirmæli frá sér lærðari mönnum í þessum efnum, mönnum, sem þeir hlýða og þjóna. Allt þeirra tal, öll þeirra hegðun verður að skiljast, dæmast og fordæmast frá þessum sjónarhól. En að Alþfl., flokkurinn, sem hafði stjórnarforustuna meðan 100 millj. skattarnir voru á lagðir og 175 milljóna tapið hlóðst á ríkissjóð og margt fleira hné í sömu átt, flokkurinn, sem hélt forustunni allt fram á þennan dag, að velja varð milli 150—200 millj. kr. nýrra drápsklyfja, gengisfellingarinnar eða hruns og atvinnuleysis, að slíkur flokkur, sem auk þess er skipaður mörgum ágætum mönnum og mörgu góðu hefur til leiðar komið á sviði íslenzkra stjórnmála, að hann skuli ekki fyrirverða sig fyrir þau bolabrögð, sem hann nú beitir, það tekur út yfir allan þjófabálk.

Stjórnarandstæðingar tala um það eins og einhverja goðgá, að vörur hækki í verði, allt sé það gengislækkuninni að kenna. Hvílík tíðindi! En halda menn, að vörur hefðu lækkað í verði, ef 200 millj. kr. nýjum sköttum hefði verið bætt ofan á 100 milljónirnar, sem fyrsta stjórn Alþfl. lagði á þjóðina? Finnst mönnum reynslan benda til þess? Eða hefðu launþegar heldur kosið þær geigvænlegu verðhækkanir, og það bótalaust, — vegna lagafyrirmæla fyrstu stjórnar Alþfl., sem ákvað, að kaup skyldi greiða eftir vísitölu 300, hver svo sem vísitalan yrði, — heldur en verðhækkun gengisfellingarinnar, sem bæta á að mestu samkv. löggjöf núverandi stjórnar, enda þótt bæturnar komi ekki launþegum í hendur sama dag inn sem varan hækkar í verði?

Launþegar færðu fórnir, það er rétt. Vonir standa til, að þær verði ekki stórvægilegar. En allar aðrar stéttir þjóðfélagsins færa líka fórnir, og enn er ekki tímabært að dæma um, hver harðast verður úti. Hver getur t. d. enn þá dæmt um framleiðendur, einkum útvegsmennina? Gengisfellingunni var ætlað að sjá hag þeirra borgið. Hún hefði líka gert það, ef ný óhöpp hefðu ekki steðjað að, þ. e. a. s. verðfall útflutningsafurðanna og markaðsmissir. En þessi nýju óhöpp geta vel leitt til áframhaldandi taprekstrar. En hvað mundi þá, ef gengið hefði haldizt óbreytt? Og sjaldan hefur verri og raunar fíflslegri blekking verið á borð borin en þegar verið er að reyna að halda því að sjómönnum og útvegsmönnum, að krónufallið hafi skaðað þá. Eða hver trúir því, að sá, sem eignast pund fyrir fisk, þ. e. a. s. útvegsmenn og sjómenn, sé verr farinn vegna þess, að hann fær 46 krónur fyrir pundið í stað 26 króna áður? Þá segir Alþýðublaðið nýverið: „Gengislækkunin er hvorki meira né minna en að sliga sjávarútveginn.“ Hvað finnst

mönnum um svona boðskap? Hitt er svo annað mál, að ef verðfallið á erlendum markaði verður úr hófi, en því ráða íslenzk stjórnarvöld engu um, kann svo að fara, að 46 krónurnar nægi ekki. En hvað mundi þá, ef pundið hefði haldizt í 26 krónum kommúnistanna og Alþfl.?

Það er þetta verðfall á hraðfrystum fiski, sem því veldur, að fiskurinn hækkar ekki í 93 aura kílóið, eins og vonir stóðu til, þegar gengisfellingarfrv. var samþ. Að ásaka stj. fyrir það og brigzla henni um svik af þessum ástæðum, er auðvitað ófyrirleitin fjarstæða. Í grg. frv. stendur orðrétt:

„Verð það, sem þeir mundu fá með þessari gengislækkun, mun vera kringum 93 aurar miðað við 10d lb. á freðfiskinum."

Þetta er það eina, sem frv. eða grg. segir um fiskverðið. Af því sést, að því aðeins er gert ráð fyrir, að fiskverðið geti hækkað í 93 aura, að verðið á hraðfrystum fiski verði 10d fyrir enskt pund. Það þótti að sönnu ekki djarft að reikna með þessu verði, þegar frv. var samið, enda vildi stj. forðast að vekja tálvonir. Nú hefur þó svo illa til tekizt, að litlar líkur virðast á, að þetta verð fáist, og veit þó raunar enn enginn til fulls, hvað það verður. Af þessum ástæðum stafa vonbrigðin. — Þau spretta ekki af gengislækkuninni, heldur koma þau þrátt fyrir gengislækkunina. Að fróðustu menn á sviði útvegsmála skuli leggjast svo lágt að leyna þessu í því skyni að villa almenningi sýn, ef takast mætti að sverta stjórnarvöld landsins, er ógöfug iðja, og er þá ekki fast að kveðið.

Það er hart, að Alþfl., sem í hjarta sínu ber réttmæta fyrirlitningu fyrir kommúnistum, skuli nú leggjast á sveif með þeim og með þeim hætti reyna að greiða götu þeirra til pólitískra áhrifa í landinu. Hitt á Alþfl. að sjálfsögðu að vita af fyrri reynslu, að honum eykst ekkert fylgi með slíkum vopnaburði. Kjósendur hans eru oftast skynbærari en foringjar flokksins ætla. Þeim mætu mönnum hefur gengið svo illa að vinna traust verkalýðsins, þrátt fyrir langa og oft ágæta stjórnmálastarfsemi, einmitt vegna þess að öðru hverju brestur þá kjark til að segja sannleikann, af því að þeir óttast, að lygi kommúnistanna hljómi betur. Þá slást þeir í förina með kommúnistum eins og nú, og þá slitnar margur maðurinn aftan úr hjá þeim.

Ég hef enga löngun til að deila á Alþfl., en ég á ekki annars kost. Alþfl. berst gegn núverandi stj. á alveg sama hátt og með nákvæmlega sömu vopnum og kommúnistar börðust gegn stjórn Stefáns Jóhanns. Það væri gaman, ef það væri ekki mannskemmandi fyrir Alþfl., að prenta orðrétt upp hlið við hlið ádeilur kommúnista á stjórn Stefáns Jóhanns og ádeilur Alþýðublaðsins á núverandi stj. Það er engu líkara en rithöfundar Alþfl. séu annað tveggja, vaxnir upp úr kommúnistiskum jarðvegi eða óvenju næmir lærlingar þeirra.

Hvenær sem verðið hækkar, er rammagrein, sem flytur þjóðinni þann boðskap, að nú sé stj. að senda þjóðinni sumargjöf eða því um líkt. — Hvenær sem markaður bregzt, útflutningsafurðir falla eða aðrir slíkir örðugleikar verða á vegi þjóðarinnar, kemur ný rammamynd í Alþýðublaðinu af mannvonzku ríkisstj. Ég spyr nú: Rámar ekki Alþýðuflokksmenn, leiðtoga og liðsmenn, í að hafa séð eitthvað svipað áður? Og enn spyr ég: Finnst Alþfl. vegur sinn mestur með því að að velta sér í kommúnistisku svaði, einmitt nú, þegar gegnir menn eiga að sameinast um að bjarga þjóð sinni? Telur Alþfl., leiðtogar hans og liðsmenn, sér vegsauka að því að leggjast á sveif með þeim, sem á glundroðanum lifa, einmitt á örlagastundinni, þegar úr sker um það, hvort þjóðin vill færa einhverjar smáfórnir í því skyni að tryggja afkomu sína og framtíð í fjárhagslegum og pólitískum efnum?

Alþfl. hlýtur þó að vita, engu síður en aðrir, að enda þótt þjóðin eigi sér miklu bjartari framtíð en ella mundi vera vegna hinnar bættu tækni, þá mega Íslendingar ekki ætla, að þeir geti um langan aldur búið sér önnur og betri kjör en aðrar menningarþjóðir geta veitt sínum þegnum, en það höfum við gert síðasta áratuginn.

Andstöðuflokkar stj. hafa báðir brugðizt þjóð sinni á þessum miklu alvörutímum. Með athæfi sínu hefur Alþfl. vikið sér undan því að vinna það verk, sem honum er ætlað í íslenzku þjóðlífi. Það hafa kommúnistar hins vegar ekki gert. Þeir gera sína skyldu og vinna sín myrkraverk, eins og þeim er ætlað. Ég hef af góðgirni mælt þeim bót með því að telja, að þeir starfi í þjónustu hugsjóna, sem þeir trúa á og telja sér ekki aðeins heimilt, heldur og skylt, að fórna öllu fyrir, líka frelsi þjóðar sinnar og ættlands. Slíkir menn eru hættulegir, svo hættulegir, að gegn þeir ber öllum, sem unna frelsinu, að sameinast, hvenær sem þess er þörf. Þeirri skyldu hefur Alþfl. brugðizt með því að draga sig út úr stjórnmálum og sitja nú auðum höndum, atkvæða- og áhrifalaus, eins og lítið og óþægt tökubarn kommúnistanna, nöldrandi gagnrýni, sem allir hlæja að, sjálfum sér til minnkunar og vinum sínum til sárrar sorgar.

Sjálfstfl. og Framsfl. hafa gengið til þessa samstarfs vel vitandi um þá örðugleika, sem við er að etja, einnig þá, er stafa af djúptækum skoðanamun milli þessara flokka. Þetta er báðum þessum flokkum til lofs. Enn er of snemmt að spá, hver gifta fylgir þeim að verki. Margt horfir þunglega í bili, og má vera að verðfall, markaðsmissir og aflabrestur vaxi stj. yfir höfuð. Þá er að taka því, og væri bættur skaðinn, ef ný úrræði finnast þjóðinni til bjargar. En þjóðin lifir ekki lengi á líki stjórnarinnar. Kemur þá til kasta Alþfl. og kommúnista að reiða fram réttina. Munu kommúnistar vissulega vilja halda í austurátt og gera þar falt frelsi og fisk fyrir lágt verð og lækkandi. En Alþfl. mun væntanlega hyggjast lina þrautir þjóðarinnar með norrænu samstarfi. Er bróðurhugur frændþjóðanna mikill og mikils virði, en þó mun þá vafalaust verða þröngt í búi á Fróni.

Ég treysti því, að allt fari þetta á annan veg. Ég treysti því, að gifta okkar sé svo mikil, að

ekki brotni allar stoðir atvinnulífsins í senn. Ég treysti því, að ef, og þegar á dalnum harðnar, muni forn og nýr manndómur Íslendinga lýsa sér í því að taka með ró því, sem að höndum ber, og sætta sig við deildan verð. Ég treysti því, að Íslendingar vilji fremur þrengja kost sinn og kjör, ef með þarf, en tefla í tvísýnu sjálfstæði og frelsi þjóðarinnar.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 654, 699, 701, 710, 711, 712, 713).

Brtt. 710, 712 og 713 of seint fram komnar. — Afbrigði um brtt. 710 og 712 leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv. og um brtt. 713 með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég mun nú eigi ræða fjármál ríkisins almennt. Mun ég víkja að þeim í kvöld í sambandi við eldhúsdagsumræðurnar þá, sem eru þáttur í þessari umr. En erindi mitt nú var að mæla fyrir brtt. frá ríkisstj. á þskj. 713. Þessar brtt. eru tvær. Hin fyrri er um launauppbætur til starfsmanna ríkisins. Hv. þingmönnum er kunnugt um aðdragandann. Er óþarfi að fara að rifja það mál upp. Ríkisstj. flytur þessar till., eftir að hún hefur kynnt sér gögn í þessum efnum, m. a. gögn frá mþn. þeirri, sem hefur starfað í þessum málum. Brtt. er um það, að frá 1. júní til ársloka 1950 skuli greiða sérstakar uppbætur eftir því skv. hvaða flokki launal. menn taka laun, hærri uppbætur á lægri laun, en lægri á hærri laun, eins og í till. greinir. Þá leggur ríkisstj. líka til, að lágmarksstarfstími verði lengdur um 3 klst. á viku. Þykir það sanngjörn till., þegar þess er gætt, hve langan vinnutíma menn verða að vinna yfirleitt, til þess að þjóðarbúskapurinn geti gengið, og með tilliti til þess, að víða er lengri starfstími en á skrifstofum ríkisins. Þegar nú herðir að mönnum, þótti stj. ekki ósanngjarnt, um leið og uppbæturnar eru festar, að þá væru gerðar breytingar á starfstíma þeirra, sem skemur vinna en í 38½ klst. á viku. Þetta nær þó ekki til allra, sem skemur vinna, heldur nær eingöngu til skrifstofuvinnu. Það eru nokkrir starfshópar, sem þetta nær ekki til, svo sem loftskeytamenn, símritarar og stúlkur, sem vinna á símstöðvum, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, þar sem svipað stendur á. Þótti ekki sanngjarnt að breyta þeim vinnutíma. Það er ekki eins sjálfsagt og að breyta vinnutíma hjá þeim, sem á skrifstofum vinna. Nú mundi þetta svara til 7 klst. í 5 daga og 3½ klst. í 1 dag, 6. daginn, en hægt er líka að hugsa sér öðruvísi fyrirkomulag á þessu. — Þá hafa eigi enn verið greiddar uppbætur á eftirlaun. En ríkisstj. leggur til, að frá 1. jan. til ársloka 1950 skuli greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega. Þykir stj. hæfilegt að miða við þetta hámark. Yfirleitt er það nú svo hjá öllum almenningi, að hann nýtur eigi annarra eftirlauna en frá tryggingunum. Eru greiddar uppbætur á nokkru hærri fjárhæð en því nemur, er frá tryggingunum kemur.

Þá er 2. brtt. á sama þskj., við 22. gr. XI, nýr liður um heimild handa ríkisstj. að ábyrgjast gagnvart Landsbankanum lán, samtals að upphæð allt að 26 millj. kr., samsvarandi þeirri fjárhæð, sem ríkissjóður hefur til bráðabirgða lánað eigendum nokkurra togara og vélbáta, sem fengu ekki lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þetta er líka alkunnugt mál, og þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir því. Stofnlánadeildina þraut, áður en hún var búin að lána út á öll skipin. Menn gátu ekki leyst skipin út, og eftir lágu bráðabirgðaskuldir. Nú hefur ríkisstj. átt tal um þetta við Landsbankann og telur hægt að komast að því samkomulagi við bankann, að hann taki að sér lánin með stofnlánadeildarkjörum, svo að ríkissjóður biði engan halla af þeim. En þá verður ríkisstj. að ábyrgjast þetta gagnvart Landsbankanum. Mér þykir rétt að taka fram, að það fororð fylgir með í þessu samkomulagi af bankans hálfu, að verði kvaðir lagðar á stofnlánadeildina, þá hverfi þetta til síns fyrra forms. Verður þá að sýna sig á hverjum tíma, hvernig við þessu verði að snúast. En mér finnst eðlilegra að semja um þetta á frjálsum grundvelli við bankann en að fara að setja um það viðaukalöggjöf.

Ég held, að það sé svo ekki þörf á að útskýra þetta nánar fyrir hv. þingmönnum.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram nokkrar brtt. við frv., og eru þær á þskj. 710. Vil ég mæla með þeim örfá orð.

Eins og oft áður hefur komið fram í umræðunum, þá voru af fjvn. á síðasta þ. fluttar brtt. um dálitla lækkun á kostnaði við ríkisreksturinn. Þessar till. voru örfáar samþ., en flestar felldar. Vegna þessarar reynslu vildi meiri hl. n. ekki eiga við það að taka þær upp aftur. Þótti eigi ástæða til þess, því að ráð var fyrir gert, að það yrði jafnþýðingarlaust núna. Ég hef hins vegar reynt að gera sams konar tillögur nú, um að lækka launagreiðslur og annan kostnað. Tek ég það þó fram, að hvergi er gengið lengra en að áætla sömu fjárhæðir nú og á fjárl. síðasta árs, lagt m. ö. o. til að lækka kostnaðinn um þær fjárhæðir, er áætlað er nú að liðirnir hækki um frá síðasta árs fjárl. Ég sé ekki ástæðu til að fara orðum um hverja einstaka brtt.

Fyrst eru þrjár brtt. við 3. gr., um lækkun á launum, sem nemur nokkurri fjárhæð, og að öðru leyti um lækkun á öðrum rekstrarkostnaði. Mest er lækkunin hjá Tóbakseinkasölunni. Þar er gert ráð fyrir að lækka rekstrarkostnaðinn um 200 þús. kr. Hann er 937 þús. kr. í fjárlfrv., og sýnir þetta því allmikla lækkun. Þá eru nokkrar brtt. við 10. gr. Er þar hið sama hugsað, að færa liðina til sömu fjárhæða og eru á fjárl. Við 11. gr. hef ég tekið upp brtt. fjvn. frá í fyrra, þ. e. að fella niður kostnað við prentun hæstaréttardóma. Ég hef heyrt, að þeir væru fjölritaðir. Fá lögfræðingar ein-

tök af þeim, og hafa þeir sagt, að það sé nægjanlegt. Mætti því spara þessa fjárhæð. Einnig hef ég gert brtt. við liðina um sakadómaraembættið, þannig að annar kostnaður lækki úr kr. 181800 í kr. 131800, og sömuleiðis bifreiðakostnað lögreglunnar, úr 200 þús. kr. í 150 þús. kr. Við þessa gr. er líka brtt. við liðinn „sakamál og lögreglumál", að kostnaðurinn lækki úr 200 þús. kr. í 150 þús. kr. Og að síðustu er stærsta brtt. mín: að kostnaðurinn við eftirlit með viðskipta- og verðlagsmálum og við skömmtunarskrifstofu lækki úr kr. 3496000 í kr. 1900000. Í sambandi við þessar stofnanir vil ég geta þess, að árið 1948 kostuðu þær nærri kr. 3500000, en þá var kostnaðurinn við Alþ. 2300000 kr. Þetta kerfi kostaði því þriðjungi meira en Alþ., og þótt skömmtunarskrifstofan sé dregin frá, þá er kostnaðurinn miklu hærri en alþingiskostnaðurinn. Það er því ástæða til að gera verulegar breytingar á þessu, og því hef ég flutt þessa brtt., sem er svipuð því, sem fjvn. flutti brtt. um á síðasta þ. — Samtals nema lækkunartillögurnar rúml. 2 millj. kr., og mun það nema dálitlu á heildarútgjöldum fjárl.

Þá eru það fáein orð út af till. hæstv. ríkisstj. á þskj. 713, sem hæstv. fjmrh. mælti hér fyrir áðan. Ég vildi leyfa mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. ráðh. út af þessari till. Ég sé, að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt till., um stighækkandi uppbætur, er mjög til bóta frá því, sem verið hefur, en eins og ég sagði, þá langar mig til þess að bera fram eina fyrirspurn til hæstv. ráðh., því að mér er ekki kunnugt um, hvort uppbætur þær, sem hér er um að ræða, eigi að greiðast af öllum launum, þ. e. a. s. ef sami maður gegnir fleiri störfum en einu hjá ríkinu, eins og á sér stað um marga. Mig langar til þess að fá um það upplýsingar, hvort þeir eigi þá líka að fá uppbætur fyrir þau aukastörf, sem þeir kynnu að hafa á hendi, hvort það hafi verið gert og hvort meiningin sé að gera það framvegis. Ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um þetta, og þætti því vænt um, ef hæstv. fjmrh. vildi veita þær.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn þess hv. þm., er síðast talaði, verð ég að játa, að mér er ekki kunnugt um það, hvernig þessu hefur verið varið, og ég næ líklega ekki núna í þá, sem hafa þau gögn, er geta veitt upplýsingar um þetta, en skal reyna að gera það við fyrsta tækifæri. Reglan um þetta atriði var tekin upp áður en ég kom í ráðuneytið, en ég hef ekki kynnt mér þetta, svo að ég þori ekki að fullyrða neitt um það, en mér þykir ólíklegt, að það sé gert. Ég skal því athuga þetta við fyrsta tækifæri.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim hv. þm. N-Ísf. og hv. 6. landsk. þm. Till. er á þskj. 712, XVI., um það „að greiða til útvegsmanna og hlutarsjómanna á Vestfjörðum til jafns við framlög sveitarfélaga þar vegna mjög tilfinnanlegs aflabrests á vetrar- og vorvertíð 1950, en þetta er þriðja þorskvertíð í röð, sem hefur brugðizt við Djúp, allt að 150 þús. kr."

Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till., er sú, að vetrar- og vorvertíð hefur nú brugðizt þrisvar sinnum í röð, og þetta sinn mest, þannig að heita má, að fáir eða engir bátar hafi fiskað fyrir tryggingu, sem þó er nokkru lægri en hér fyrir sunnan. Nokkur sveitarfélög hafa ráðizt í það að tryggja útvegsmönnum lágmarksverð fyrir fiskinn, og hefur það valdið þeim miklum erfiðleikum, án þess þó að koma að fullum notum, og má segja, að hallærisástand sé nú þar þrátt fyrir það.

Þrír fyrrv. stjórnarflokkar, Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., höfðu lofað því, að aflatryggingasjóður skyldi taka til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 1949, en þetta loforð hefur ekki verið efnt, og aflatryggingasjóður tekur ekki til starfa fyrr en á miðju þessu ári. Það myndast því eyða í aflatryggingarnar fram að þeim tíma, að aflatryggingasjóðurinn tekur til starfa. Ef aflatryggingasjóðurinn hefði verið tekinn til starfa nú, hefðu útvegsmenn og sjómenn á Vesturlandi getað fengið sitt úr honum, en þar sem svo hefur nú ekki orðið, höfum við freistazt til þess að flytja þessa till., ef Alþingi vildi veita umræddum aðilum hjálp í vandræðum þeirra. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að hvergi hefur aflabresturinn orðið eins mikill og á Vestfjörðum, þó að vertíð hafi brugðizt víða annars staðar. Vonast ég til þess, að þessi till. verði samþ., því að hér er ekki um stóra fjárupphæð að ræða, en Alþingi mundi með því sýna lit á því að koma til móts við sveitarfélög um það að bæta hlutarsjómönnum og útvegsmönnum það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 712 þrjár brtt., sem ég vil nú víkja að nokkrum orðum.

Fyrsta till. er nr. I á þskj., um það, að styrkur til hafnarinnar verði hækkaður úr 200 þús. kr. upp í 250 þús. kr. Höfnin í Hafnarfirði er eins og kunnugt er ákaflega vel gerð af náttúrunnar hendi, en þó skortir mikið á, að hún fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til hafna nú í dag. Þess vegna hefur verið lagt mikið fé til þess að bæta hana frá því 1940, svo að heildarkostnaður síðan hefur numið um 6 millj. kr. Af þessum 6 milljónum hafa bæjarbúar tekið á sínar herðar um 2 milljónir með útsvörum, og hygg ég, að það sé alveg fordæmalaust, að íbúar bæjar hafi lagt eins mikið á sig vegna hafnargerðar eins og bæjarbúar í Hafnarfirði hafa gert. Nú stóðu sakir þannig um s. l. áramót, að Hafnarfjarðarhöfn átti á þriðja hundrað þúsund ógreitt úr ríkissjóði, og ákveðið var að vinna að hafnarbótum í ár fyrir 1 millj. kr., svo að ef ríkissjóður hefði átt að vera sléttur við Hafnarfjörð, hefði hann þurft að leggja fram 600—700 þúsund. Nú lagði ég það til við hv. fjvn., ef sama upphæð kemur til skipta, að framlag til Hafnarfjarðar yrði hækkað upp í 280 þús., en í 450 þús., ef heildarupphæðin hefði hækkað. Nú hefur fjvn. ekki séð sér fært að taka upp þessa till. mína né heldur með öðru

móti að koma til móts við óskir Hafnarfjarðarbúa. Ég hef leitazt við að hafa till. mína sem sanngjarnasta, en hins vegar held ég, að Hafnarfjörður eigi fulla kröfu á því, að fullt tillit verði til hennar tekið og höfninni þar gert eins hátt undir höfði og öðrum, og einnig að tillit sé tekið til þess kostnaðar, sem bæjarbúar hafa sjálfir borið og ég lýsti hér áðan. Eigi að síður var till. fjvn. um 200 þús. kr., og hef ég því leyft mér að leggja það til, að það verði hækkað í 250 þús., og vona ég, að Alþingi sjái sér fært að verða við þeirri sanngjörnu tillögu.

Þá hef ég leyft mér að bera fram aðra brtt. á sama þskj., undir IX, sem er brtt. við 15. gr. um, að þar komi nýr liður: „Til tónlistarfélags Hafnarfjarðar kr. 10000.“ Þar sem tónlistarfélög eru starfandi annars staðar, hefur ríkissjóður tekið þátt í kostnaði þeirra, bæði í Reykjavík, á Ísafirði og Akureyri. Á flestum stöðunum er sú upphæð, sem þannig er veitt, hærri en sú, er hér um ræðir, eða a. m. k. í Reykjavík og á Akureyri, en mun vera sú sama á Ísafirði. Starfsemi tónlistarfélagsins í Hafnarfirði mun vera með svipuðu sniði og annars staðar. Það gerir sér far um að ná í góða hljómlistarmenn til konserthalda, bæði söngleika og instrumentalleika, og heldur þetta 7—10 tónleika á ári. Á síðastl. ári hefur þetta félag haldið uppi skóla, svo að það er eins vel komið að styrkjum eins og önnur tónlistarfélög. Það hefur láðst að bera fram óskir um styrk á réttum tíma, og skal ég viðurkenna það fyrir hönd þeirra, sem það áttu að gera, en ég vænti þess, að þessi till. verði samþ. og henni tekið með sömu velvild og till. um hliðstæð félög á sínum tíma.

Þá er lokatill. mín á sama þskj., undir IX, 2., um, að kostnaður við sjómælingar verði hækkaður úr 100 þús. í 200 þús. kr. Það væri út af fyrir sig ærið fróðleg saga að skýra frá því, hvernig þessum mælingum hefur verið háttað frá upphafi og til þessa tíma, en ég ætla nú ekki að fara út í það núna. Ég vil aðeins láta nægja að geta þess, að megnið af sjómælingunum hefur verið gert af útlendingum og þá oft í íhlaupum, og var það því ekki ábyggilegt og oft ekki gert af þeirri alúð og umhyggju, sem þurft hefði. Þessir menn hafa lagt í þetta mikla vinnu og erfiði, en ekki haft tækifærí til þess að gera það eins vel og á hefði þurft að halda. Ég held, að ströndin við Ísland hafi á sínum tíma verið mæld vel, eftir því sem aðstæður leyfðu, en nú eru gerðar aðrar kröfur og strangari en áður var, og er því nauðsynlegt, að þessar mælingar verði bættar og auknar, enda er sjókortagerð líka orðin fastur liður hjá þeim ríkjum, þar sem lönd liggja að sjó, og á þetta þá því fremur við um okkur, þar sem land okkar er umlukið sjó á alla vegu. Það var því full ástæða til þess, að hér var stofnuð sjómælingadeild, sem ætlað var 150 þús. kr. styrkur, en hefur þó kostað 180—190 þús., þó að sparlega hafi verið á fé haldið. Áður fyrr, eða fyrir stríð, þurfti að taka stór skip á leigu til þess að framkvæma mælingarnar, og eins og gefur að skilja gleypti það mikið af því fé, sem til mælinganna var veitt. Nú er þessu breytt, og hefur verið keyptur bátur handa sjómælingadeildinni af herliðinu, og er rekstrarkostnaður þessara báta það lítill, að það er hægt að halda þeim á floti 4—5 mánuði á sumrinu af sömu mönnum sem stunda svo kortagerð að vetrinum, allt fyrir sömu upphæð og áður var hægt með leiguskipunum á 2 mánuðum eða jafnvel minna. Nú hefur verið settur dýptarmælir í þennan bát og önnur tæki, sem til sjómælinga þarf. Hins vegar hefur þurft að endurnýja gangvélar skipsins, því að þær voru gallaðar, þegar skipið var keypt, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá þær, en þær hafa nú hækkað í verði vegna gengislækkunarinnar, en vélarnar voru ekki fluttar inn fyrir gengislækkunina, en þetta er kostnaður, sem verður að leggja í, svo að aðalatriðið er ekki, hvort þetta verður samþ. núna eða síðar, heldur það, að vélarnar komi núna. Ég vona nú, að Alþ. virði þessa starfsemi að verðleikum og samþ. þessa brtt., því að það er ávinningur fyrir ríkið að fá þetta skip, til þess að starfsemin komi að fullum notum og geti þó verið rekin á sem ódýrastan hátt.

Það eru ýmis önnur atriði, sem ég hefði óskað breytinga á, og hef ég rætt um það við fjvn., en ég hef ekki borið fram brtt. um það vegna viðleitni hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj. um sparsemi og að koma fjárútlátum í hóf, og mun ég þess vegna ekki flytja slíkar brtt., og þó hefði ég haft tilhneigingu til þess að flytja t. d. till. um hækkanir til vitanna, til ljósatækja o. fl., sem hefur hækkað í verði vegna gengislækkunarinnar, en vitanlega er æskilegt, að það verði bætt. En ég mun ekki bera fram till. um það nú, en vitanlega mun tíminn skera úr því, hvort ekki hefði verið ástæða til þess að ráða bót á þessu, en ég nefni aðeins þennan eina lið, sem tilheyrir mínum starfa. Hins vegar get ég ekki gengið fram hjá þeim lið, og vona, að Alþ. taki undir og samþ., ef ég ber fram till. um það.

Um afgreiðslu fjárlaganna að öðru leyti skal ég ekki ræða frekar núna, þó að margt sé hægt um hana að segja, en vildi aðeins halda mér við þær brtt., sem ég hef borið hér fram.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 720, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt samþingsmanni mínum tvær till. á þskj. 712, III. og X. Reyndar flytjum við líka þriðju till., en hún er ekki á þessu þskj. og hefur ekki verið útbýtt enn, en verður það fljótlega. Fyrri till. á þskj. 712 er um hækkun á styrk til hafnargerðar á Eyrarbakka. Hv. fjvn. lagði til við 2. umr., að veittar yrðu 15 þús. kr. til hafnarbóta, og kann ég henni þakkir fyrir það. En svoleiðis stendur nú á þar, að varnargarður hafnarinnar, sem er til varnar sandburði úr Ölfusá, er bilaður, það hefur brotnað úr honum á stóru svæði, svo að óhjákvæmilegt er að gera við hann á þessu sumri. Enn fremur er bryggjan mjög illa farin, og þarf að gera við hana. Loks ber brýna nauð-

syn til þess að dýpka höfnina, því að hún er nú orðin svo grunn, að stærstu bátarnir þar taka orðið niðri. Allt krefst þetta mikils fjármagns, en dráttur á því að gera þessar framkvæmdir veldur því, að síðar verður það enn kostnaðarsamara og krefst enn meira fjármagns. Þeir eiga að vísu nokkurt fé í hafnarsjóði sínum, en þó að það sé lagt við, þá dugir það samt engan veginn til þess að gera þetta. Ég vona því, að Alþ. sjái, að það er hyggilegt að bæta svolitlu við þessa upphæð, því að það er sparnaður fyrir ríkissjóð að gera það núna, þar sem það kemur í veg fyrir enn meiri fjárútlát síðar, ef stórspjöllum verður ekki forðað nú.

Þá er önnur tillagan um, að 50 þús. kr. verði veittar til umbóta og þurrkunar á ræktunarlöndum Stokkseyringa. Á frv. er ekki lagt til, að neitt verði veitt til þessara mannvirkja, enda þótt annars staðar sé ætlazt til, að fé verði veitt í líkum tilgangi. Nú er í ráði hjá Stokkseyringum að gera umbætur á innsiglingunni hjá sér, og verða þær aðgerðir að fara fram í yztu skerjum í brimgarðinum, og þurfa þeir m. a. að sprengja þar mikið. En eins og gefur að skilja og allir vita, sem til þekkja, þá er slíkt ekki hægt nema sjór sé algerlega dauður og stillilogn sé, því að hvað lítill sem sjór er, brýtur á milli skerja, en það er auðvitað ekki auðgert að sjá fyrir veðráttu hér á landi um lengri tíma, það þekkja menn svo vel, að ég þarf ekki að ræða það, en þá er nauðsynlegt að hafa einhverjar aðrar framkvæmdir til þess að nota vinnuaflið í, þegar ekki er verið að vinna í höfninni. Nú stendur svo á, að ræktunarlöndin eru full af vatni, en Stokkseyringar eru þegar byrjaðir á umbótum þarna, — ég ætla, að þeir séu búnir að flytja til sín steyptar pípur, sem ætlað er að leiða vatnið í gegnum malarkambinn og út í sjó. Eru þeir komnir dálítið áleiðis með þetta verk, og ber því brýna nauðsyn til þess að koma þessu mannvirki lengra áleiðis. En þar sem nú svo í viðbót við þessa hafnargerð hagar þannig til um framkvæmdir hafnarinnar að öðru leyti, að nauðsynlegt er, svo að full not verði að vinnuaflinu, hvort sem þeir, sem þarna vinna, geta unnið að hafnarbótunum sjálfum eða ekki, að þeir hafist þá eitthvað annað að, þá verður óhjákvæmilegt að ætla þessum mönnum eitthvert starf í landi, þegar ekki gefur við að vinna við endurbæturnar á höfninni. Með því fyrirkomulagi að ætla verkamönnum, sem að hafnargerðinni starfa, aðeins að vinna að hafnargerðinni einni, gæti það leitt til þess, að það verk yrði um það bil tvisvar eða þrisvar sinnum dýrara en annars mundi verða, og væri þá illa farið með vinnuaflið, ef það yrði svo óhyggilega notað þarna.

Ég sendi nú hv. fjvn. erindi þetta, til árétttingar því, sem Stokkseyringar höfðu sent fjvn. um málið, og benti á þetta, að nauðsynlegt væri að sjá um, að þeir, sem ynnu við hafnargerð þarna, sætu ekki auðum höndum, þegar þeir geta ekki unnið að hafnargerðinni vegna veðurs. Og mig furðar, að hv. fjvn. skuli ekki hafa gert að till. sínum eitthvað í þessu skyni. Ég veit vel, að hv. fjvn. hefur í mörg horn að líta og margs að gæta. En það er mjög hæpin ráðstöfun þetta hjá hv. fjvn. að synja þessari málaleitun. Úr því að varið er stórum fjárhæðum til endurbóta á höfninni, þá er það alveg nauðsynlegt, að þeir menn, sem að þessu verki vinna, þurfi ekki að sitja auðum höndum, þótt ekki gefi til endurbóta á höfninni, því að það er ekki hægt að vinna að endurbótum á höfninni, nema þegar bezt og blíðast er veður, alveg ládauður sjór, svo að ekki arði á steini, því að það er í yzta skerjagarðinum, sem sprengingin þarf að fara fram. Og þeir, sem kunnugir eru sjólagi við suðurströndina, einmitt á þessum stað, vita, hve lítið þarf til þess, að óstætt verði við slíkt verk sem þetta. — Hitt veit ég, að hv. fjvn. hefur skilning á, hvernig sjómönnum á Stokkseyri muni vera innanbrjósts, þegar sjóveður er dágott og skip við veiðar fyrir utan skerin, en svo brýtur á milli skerja, að þeir komast ekki á sjóinn úr landi, þó að gnægð sé fisks á miðunum fyrir utan skerjagarðinn. Það fara menn nærri um, sem stundað hafa sjó og vita, hvaða þýðingu það hefur fyrir þá að komast á sjóinn, og einnig fyrir þjóðarbúið.

Ég veit, að það verður ekki skoðað sem óviðeigandi, þó að ég drepi með örfáum orðum á þá brtt., sem er ekki enn búið að útbýta hér — til þess að spara mér að taka til máls aftur — og við flytjum, hv. samþm. minn, 2. þm. Árn., og ég, um, að húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði verði veittur lítilfjörlegur byggingarstyrkur. Hún hefur ráðizt í mikla stækkun á húsmæðraskóla sínum, vegna þess að skólinn hefur verið svo mikið sóttur, að hún hefur ekki haft pláss fyrir námsmeyjar sínar, nema með því að auka við bygginguna. Hún fékk í fyrra lítils háttar styrk, sem hrekkur skammt til þess verks. Okkar till. nú er um að veita henni 20 þús. kr. styrk í þessu skyni. Og ég vil vænta, að þó að gæta þurfi allrar aðgæzlu í fjármálunum, þá samþ. hæstv. Alþ. samt sem áður þennan lítilfjörlega byggingarstyrk. Það væri illa séð við þessa konu hennar mikla starf og árvekni í þessu starfi, ef henni væri synjað um þessa fyrirgreiðslu, því að hún hefur sannarlega nóg á sinni könnu í sambandi við fjármálin út af byggingarkostnaðinum við skólann, þó að henni verði sýndur þessi litli vottur fyrirgreiðslu, sem hér er um að ræða, til að standa straum af skólabyggingunni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er fyrst og fremst ein brtt., sem ég vildi með nokkrum orðum mæla fyrir. En áður en ég kem að henni, vildi ég leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir brtt., sem hún hefur flutt og er 15. brtt. á þskj. 699, þar sem lagt er til, að tekin verði upp fjárveiting til aflatryggingasjóðs Bolungavíkur samkv. l. nr. 109 frá 1943, 12 þús. kr. Eins og hv. þm. er kunnugt, liggur nú fyrir hv. Ed. frv. um breyt. á l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, sem flutt var af mér í hv. Nd., en er nú komið til síðustu umr. í hv. Ed. Það er samkv. þessu frv., sem hv. fjvn. hefur tekið þessa fjárveitingu upp í till. sínar,

sem er framlag ríkissjóðs á móti framlagi sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík til hlutatryggingasjóðs síns á árinu 1950. Ég þarf ekki að gera grein fyrir, hvernig á þessum sjóði stendur, því að hv. þm. er kunnugt allt um hann, að hann hefur starfað síðan 1939 og er eini hlutatryggingasjóður sjómanna á Íslandi, sem stofnaður hefur verið. Og var hann stofnaður fjórum árum áður en lögin um hlutatryggingafélög voru sett á Alþ., sem var 1943. Nú er það svo, að hæstv. Alþ. hefur fallizt á það að greiða þessum hlutatryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík framlag úr ríkissjóði eins og 1. frá 1943 gera ráð fyrir, fyrir öll árin frá 1943 til 1950. — Það, sem þessi brtt. mín, nr. XIII á þskj. 712, fer fram á, er það, að ríkisstj. verði heimilað að greiða tryggingasjóði sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík 35% af iðgjöldum þeirra greiddum í sjóðinn á árunum 1939—43, að báðum árum meðtöldum, allt að 30 þús. kr. Hv. þm. sjá, að það, sem hér er um að ræða, er í raun og veru það, að lögin frá 1943, sem ég nefndi, verði látin verka aftur fyrir sig, allt til ársins 1939, þannig að þessi hlutatryggingasjóður Bolvíkinga, sem er sá eini slíkur sjóður, sem starfað hefur á öllu landinu fram til þessa dags, fái framlag úr ríkissjóði, sem nemi 0,7% af brúttóaflaverði, sem borizt hefur á land í Bolungavík, á móti framlagi því, sem sjómenn og útgerðarmenn hafa greitt í þennan sjóð sinn. — Ég þarf ekki að eyða tíma þingsins til að fjölyrða um þetta. En ég hygg, að öll sanngirni mæli með því, að hæstv. Alþ. verði við þessari ósk. Og ég vil gefa þá skýringu á því, hve seint þessi brtt. er flutt, þannig að hún kemur ekki fyrr en við 3. umr. fjárl., að það er fyrst fyrir tveimur dögum, sem ég hef fengið símskeyti frá sjóðstjórninni í Bolungavík, þar sem mér er flutt áskorun frá fundi í hlutatryggingafélaginu um að freista þess við hæstv. Alþ., að það fallist á, að félagið fái þetta framlag greitt. Og ástæðan til þess, að sjómenn fara nú fram á þetta, er fyrst og fremst sú, hversu hrapallegur aflabrestur hefur orðið á vetrarvertíðinni síðustu í þessari verstöð, og reyndar í öllum verstöðvum á Vestfjörðum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vont tíðarfar og verulegur aflabrestur hefur valdið því, að hlutir eru nú lægri í vestfirzkum verstöðvum heldur en um mörg undanfarin ár, og afkoma útgerðarmanna og sjómanna þar því nú ein hin allra bágbornasta og verri en lengi hefur þekkzt. Það getur verið, að sumum hv. þm. finnist hér vera nokkuð langt gengið, að óska þess, að þessi l. verði látin verka langt aftur fyrir sig, alla leið til ársins 1939, og segi sem svo, að Alþ. hafi gert vel með því að greiða hlutatryggingasjóði þessum framlög úr ríkissjóði alla leið frá 1944 og til ársins 1950. En ég held nú samt, að þetta nýmæli í því brautryðjendastarfi, sem sjómenn og útgerðarmenn hafa sýnt, verðskuldi þá viðurkenningu, að hæstv. Alþ. samþ. að verja þessum tæpum 30 þús. kr., sem þessi brtt. fer fram á að veittar verði, til þess að styrkja starfsemi þessa sjóðs á mjög erfiðum og viðsjárverðum tímum. Ég held, að stofnun þessa fyrsta hlutatryggingasjóðs hafi verið merkilegt spor í tryggingamálum útgerðarinnar, bæði útgerðarmanna og sjómanna, því að það eru báðir þeir aðilar, sem að þessum sjóði standa. Og það sést á því, að öll útgerð í landinu hefur horfið að því ráði að mynda sér sérstakan hlutatryggingasjóð, er útgerðarmenn og sjómenn nú vænta sér mjög mikils af. Um þetta skal ég svo ekki fara fleiri orðum, en aðeins geta þess að lokum, að þessi sjóður og starf hans hefur haft m. a. þá þýðingu fyrir athafnalífið í Bolungavík, að þar hefur ekki, síðan hann var stofnaður, komið til vinnustöðvana eða annarra slíkra átaka milli útgerðarmanna og sjómanna. Þessi sameiginlegi sjóður, sem báðir þessir aðilar hafa átt hlut að og starfað saman að, hefur þannig lagt grundvöll að vinnufriði í þessari þróttmiklu verstöð, sem hefur verið plássinu mjög drjúgt til giftu og allajafna hlýtur að vera mikils virði. — Ég vænti því, að hv. alþm. samþ. þessa brtt.

Svo vildi ég aðeins minnast hér lítillega á tvær brtt., sem ég er meðflm. að. Fyrst er brtt. á þskj. 712, XII, sem er flutt ásamt hv. 2. þm. Reykv., hv. þm. Mýr. og hv. þm. V-Ísf., um að heimila ríkisstj. að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara 15 þús. kr. byggingarstyrk. Ég vildi aðeins, að hæstv. Alþ. vissi það, að þessi ungi listamaður, sem af öllum mönnum, sem skyn bera á list, er ekki aðeins talinn einn bezti listamaður okkar Íslendinga í höggmyndasmíði, heldur einn hinn bezti núlifandi myndhöggvari á Norðurlöndum — ég vildi aðeins, að hæstv. Alþ. vissi, við hvílíkan aðbúnað þessi ungi listamaður býr. Í hvert skipti, sem kemur hláka og verulegt þíðviðri að vetrarlagi, þá verður þessi listamaður að standa við verk sín í bragga, sem hann býr í ásamt konu sinni — sem einnig er myndhöggvari —, í vatnsstígvélum í vatni upp undir hné. Þannig eru skilyrðin, sem einn hinn bezti myndhöggvari Norðurlanda vinnur við í þessu landi. Það fór svo í fyrra, að brtt. var felld um það, að þessum listamanni yrði veittur 15 þús. kr. byggingarstyrkur. Ég hygg, að það hafi ekki verið vegna þess, að hann hafi átt minnihlutafylgi að fagna hér á Alþ., heldur vegna hins, að nafn hans var þá hnýtt við nafn annars listamanns, sem meiri deilur stóðu um. Ég vænti þess vegna, að að þessu sinni brjóti hæstv. Alþ. ekki þá venju sína að veita ungum og efnilegum listamönnum lítilfjörlegan byggingarstyrk. Það hefur verið venja hér í mörg undanfarin ár að veita listamönnum byggingarstyrki, að vísu fremur lága, en þó viðurkenningu um viðleitni Alþ. til að veita þeim stuðning til að byggja yfir sig.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég er meðflm. að brtt., með hv. þm. Ísaf., á þskj. 712, XVI. Ég þarf ekki að endurtaka ræðu hans, er hann mælti fyrir þessari brtt. En ástandið í verstöðvum á Vestfjörðum er nú þess eðlis, að til þess ber brýna nauðsyn, að komið verði á móti þeim sveitarfélögum, sem lagt hafa fram fé til þess að rétta útgerðinni þar hjálparhönd. Þess vegna hef ég gerzt meðflm. að þessari

brtt. ásamt hv. þm. Ísaf. og hv. 6. landsk. þm. (HV).

Ég tók ekki til máls við 2. umr. fjárl., eins og þó hefur verið háttur minn í sambandi við mál míns kjördæmis og afgreiðslu málaleitana okkar fulltrúa þess hjá hv. fjvn. Ég hef heldur ekki flutt brtt. við fjárl., aðrar en þá, sem ég hef þegar lýst hér, í sambandi við málefni þess. Ég hef heldur ekki í hyggju að gera það nú. Þó er það náttúrlega þannig, að ég, eins og fleiri hv. þm., hefði mjög gjarnan kosið að fá betur tekið okkar málum, varðandi kjördæmi okkar. Vil ég sérstaklega undirstrika það, að hlutur Norður-Ísafjarðarsýslu hefur orðið mjög rýr í afgreiðslu hv. fjvn. á hafnarbótafé og fjárveitingum til lendingarbóta. Það er eingöngu í trausti þess, að unnt verði að fá fé sem viðbótarframlag úr hafnarbótasjóði, sem ég hef ekki flutt brtt. við þessar till. hv. fjvn. Ég veit hins vegar, að hv. fjvn. hefur skipt því fé, sem fyrir hendi er til þessara framkvæmda, samvizkusamlega frá sínu sjónarmiði, — eða vænti, að hún hafi gert það, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það. En ég vænti, að hæstv. ríkisstj. taki til greina aðstöðu þeirra staða og héraða, sem bersýnilega hafa fengið allt of lágar fjárveitingar til hafnargerða. — Um fjárveitingar til vega í mitt kjördæmi verð ég að segja það, að þær eru stórum lægri en það, sem ég hafði farið fram á í bréfi til hv. fjvn. En engu að síður er þó sýndur litur á að veita fé til þeirra vega, sem unnið hefur verið að undanfarið þar, enda þótt hv. fjvn. fáist ekki nú, frekar en endranær á undanförnum árum, til þess að viðurkenna, að Norður-Ísafjarðarsýsla er eitthvert vegalausasta hérað landsins og á þess vegna að fá meira fé en nokkurt annað hérað til þess að halda uppi slíkum framkvæmdum. En það er sjónarmið, sem einu sinni er ríkjandi á Alþ., að vegafé og fé til ýmissa framkvæmda, því er ekki alltaf skipt — og sjaldnast skipt — milli héraða fyrst og fremst með tilliti til þess, hvað búið er að gera þar og hver þörfin er á þeirri stundu, sem fjárl. eru samin. Það er eins og það sé eitthvert annað sjónarmið, sem ráði þar frekar. Og þegar byrjað er að spara, þá er aldrei litið á það sjónarmið, að sparnaðurinn eigi fyrst og fremst að bitna á þeim, sem mest hafa fengið og bezta hafa aðstöðu til dæmis í vegamálum og öðrum framkvæmdum, heldur skorið hlutfallslega niður, alveg án tillits til þess, hvernig aðstaðan er, sérstaklega hve mikið lagt hefur verið fram og hver þörfin er á hverjum stað. Þessi regla er fáránleg og fjarri lagi, að í henni sé nokkur sanngirni. Ég vænti, að þeir tímar komi, að fjárveitinganefndir þingsins, ekki endilega þessi, sem nú starfar vel og dyggilega og er sízt lakari en aðrar fjvn., sjái, að þetta er röng stefna og að það er engin skynsemi, sem liggur þessu til grundvallar. Því fer fjarri.

Að öðru leyti skal ég ekki gera fjárl. að umræðuefni, en vænti þess, að sú brtt., sem ég hef lagt hér megináherzlu á, verði samþ.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 712 II. brtt. varðandi hafnarframlagið til Vestmannaeyjabæjar. Hv. fjvn. hefur ætlað þessari höfn 200 þús. kr. Við 2. umr. fjárlagafrv. fluttu tveir hv. þm. Sósfl. brtt. um að hækka fjárveitinguna upp í 280 þús. kr., og var hún felld. Ég legg til, að þessi upphæð sé 250 þús. kr. Það er náttúrlega ekki hægt fyrir mig að kveða á um það, hvaða mælikvarða hv. fjvn. viðhefur, þegar hún hnitmiðar niður það, sem fer til hafnarmannvirkja. En ég held, að ef litið væri á það, hvar það hefur borgað sig fyrir ríkissjóð að bæta hafnarskilyrði og hvar þau skila fyrstum og mestum arði í ríkissjóð, þá megi bæði einn og annar bera kinnroða fyrir það, hvað Vestmannaeyjahöfn er haldið niðri af alefli, þrátt fyrir þann mikla bátafjölda, sem þarna er gerður út, — hvergi á landinu annar eins á einum stað — og þrátt fyrir það að aflaafköst og gjaldeyrismyndunarafköst eru miklu meiri þar en í nokkurri annarri fiskihöfn, að síldarhöfnum undanskildum, þegar vel árar. Það er ákaflega erfitt fyrir mig að koma mínum umbjóðendum í skilning um, að réttlæti sé í þeim úthlutunum á fé, sem hv. fjvn. hefur tiðkað í hafnarmálum, ekki aðeins á þessu þingi, heldur líka á síðasta þingi, að því er snertir Vestmannaeyjar. Og ég veit að vísu, að hv. fjvn. er öflugt apparat innan þessara veggja. En ég mun nú samt sem áður freista þess að leggja það undir réttdæmi hv. þm., hvort þannig eigi að fara með lífmestu og efnilegustu og blómlegustu verstöðvar landsins, að þær séu settar niður fyrir aðrar, sem eru miklu síðri, og það ekki í eitt skipti, heldur hvað eftir annað.

Þá flyt ég hér að nýju brtt. varðandi flugvallagerðir og lendingarbætur fyrir flugvélar. Ég tók aftur, samkv. tilmælum hv. frsm. fjvn., við 2. umr. málsins brtt. þá, sem ég þá flutti, í þeirri von, að hæstv. flugmálarh. og aðrir í ríkisstj., sem og hv. fjvn., gerðu hér á nokkra bragarbót. Og að vísu hefur verið sýndur vottur í því efni. En ég tel samt, að það sé af mikilli skammsýni gert að skera svo við neglur sér framlög til þessara sérstöku samgöngumála eins og raun ber vitni í till. hv. fjvn. Ég vil taka fram í þessu efni, að gagnrýni mín á þessari till. beinist ekki gegn hv. form. fjvn. og yfir höfuð ekki gegn hv. fjvn., heldur gegn hæstv. ríkisstj. Mér er það satt að segja alveg óskiljanlegt, eftir hvaða röksemdum hæstv. ríkisstj., bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. flugmálarh. sérstaklega, hefur komizt að þeirri niðurstöðu í flugmálunum, að sú tegund samgangnanna geti á þessu ári komizt af með lægri upphæð til að bæta aðstöðu sína til lendingarbóta fyrir flugvélar heldur en 1948. Þá var ætluð rúml. 1½ millj. kr. til flugvallagerða og lendingarbóta fyrir flugvélar. Og menn mega vera vissir um, að þótt nokkurt spor hafi verið stigið í því efni að bæta lendingarskilyrði fyrir flugvélar hér á landi, þá er það ekki nema ákaflega lítil byrjun á því, sem þarf að gera, og því, sem þarf að vera, ef flugsamgöngur eiga að búa við örugg skilyrði hvað lendingarstaði snertir. Sérstaklega kemur það í ljós, hversu skammsýnin er mikil og hversu menn

láta undan áróðri í þessu efni heldur en að brúka sitt hyggjuvit, þegar bornar eru saman fjárveitingar til vega og til flugvallagerðar. Af hverju er munurinn á þessum fjárveitingum svo geysilega mikill? Af engu öðru en því, að það eru fleiri þm., sem toga út fé til vega en til flugvallamála, þó að þeir ættu að réttu lagi að finna hjá sér jafnmikla hvöt til að vinna að því, að flugvallarskilyrði væru góð, því að þótt margt geti viljað til á vegum úti, þá er það lítið í samanburði við það, sem getur viljað til í sambandi við ótrygga flugvelli og erfiðar lendingar vegna hins mikla fjölda af fólki, sem ferðast flugleiðis nú orðið.

Þessar fjárveitingar eru ekki bara til að byggja flugvelli, þó að það sé orðað svo í fjárl., heldur eru það einnig vitar og leiðarljós og merki, sem flugsamgöngur þurfa að hafa, til þess að hægt sé að fljúga með öryggi milli staða hér á landi. Ég hef t. d. fyrir framan mig áætlun, mjög niðurskorna, frá flugráði um, hvernig ætti að fara með 1½ millj. kr. framlag, ef það hefði fengizt, og af þeirri áætlun sést það, að 515 þús. kr. af því þarf til þess að greiða fyrir verk, sem búið er að vinna, þar á meðal 150—200 þús. kr., sem eru ógreiddar fyrir flugvelli á Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum, fyrir radiótæki 65 þús. kr., sem líka er búið að afla, og flugvélaverkstæði á Reykjavíkurflugvelli 200 þús. kr. Flugvélaverkstæðið er komið upp, eins og allir vita. Þarna er flugráð búið að festa fyrir fram hálfa milljón króna af því fé, sem nú kann að verða veitt til flugmála. Þá koma nauðsynlegar framkvæmdir á árinu, og má þar nefna stefnuvita á Suðurnesjum. Stefnuviti þessi er að dómi allra, sem vit hafa á, næsta lífsnauðsynlegur, því að enn þá er það svo, að stefnuviti til að fljúga eftir til Reykjavíkur, þar sem svo oft er þoka og dimmviðri, er hvergi nærri eins og vera skyldi. Það, sem vantar hér, er betri stefnuviti til leiðbeiningar til innflugs á Reykjavíkurflugvöll. Þessi stefnuviti kæmi að vísu fleirum til góða en flugvélum, því að hann yrði einnig skipum hin mesta stoð og stytta. Ég hef heyrt fleygt, að hæstv. flugmálaráðh. hafi átt að segja, að það væru vitamálin, sem ættu að sjá fyrir stefnuvita þessum. En fyrir stuttu síðan heyrði ég hv. þm. Hafnf. lýsa nauðsyn vitamálanna og því, hversu fjárveitingar væru skornar við nögl til vitamála, og er þá sýnilegt, að hann hefur ekki á sínu valdi fé til þessa stefnuvita, sem svo mikil þörf er að koma upp. Það er hér eins og oftar í okkar þjóðfélagi, að ráðherrar eða forstjórar fyrir ýmsum ríkisstofnunum henda á milli sín nauðsynlegum framkvæmdum eins og fótbolta, með þeim forsendum, að þessi og þessi eigi að kosta það, sem um er að ræða, og á meðan er gleymt nauðsyninni og sjálfri framkvæmdinni. Þetta er ein nauðsynlegasta framkvæmdin, sem fyrir liggur á þessu ári.

Þá er endurbót á flugvellinum á Fagurhólsmýri í Öræfum, en eins og menn kannast við, er farið að fljúga þangað ekki aðeins með fólk, heldur og með vörur.

Þá er bryggja á Egilsstöðum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er kunnugt, að það verður að bera farþega á bakinu úr flugvélunum til lands.

Þá er endurbót á flugvellinum í Vestmannaeyjum, til þess að gera hægara innflugið austan frá en nú er, og tel ég það hiklaust lífsnauðsyn fyrir þá, sem fljúga þá leið.

Þá liggur fyrir endurbót á símakerfi vegna veðurstofunnar og alþjóðaflugs. Þetta símakerfi er mjög tæpt og því ekki að treysta. Það er afar áríðandi, að allt hið tekniska sé sem fullkomnast, svo að því megi treysta. Mennirnir eru að sjálfsögðu ófullkomnir, en það má ekki koma fyrir, að mistök verði vegna ófullkomins símakerfis.

Að lokum var fyrirhugað að verja 200 þús. kr. til að undirbúa flugvöll á Akureyri. Ég hef ekki mjög oft flogið norðurleiðina en ég hef þó komið á Melana. Ég býst við, að allir, sem hafa farið þá leið, geti séð, að Melarnir eru ekki neinn framtíðarflugvöllur. Hins vegar eru langmestar ferðir í lofti innanlands á leiðinni Reykjavík-Akureyri, eins og er. Akureyri verður meir og meir nokkurs konar miðstöð fyrir flug á norðurhjara landsins. Þess vegna er ljóst, að Akureyri getur ekki áframhaldandi unað við þau lélegu skilyrði, sem eru þar á vellinum.

En þegar ég nefni Akureyri, Egilsstaði, Vestmannaeyjar eða Sauðárkrók, þá er það ekki bundið við þessa staði fremur en aðra. Þetta er ekki einungis mál þessara kjördæma eða héraða. Enginn veit, hvenær hann þarf að leggja leið sína á þessa staði. Það er ekki kjördæmamál eða mál þessara plássa. Það er alþjóðarmál að gera það, sem unnt er, til að greiða fyrir þessum samgöngum, sem alltaf eru að verða notaðar af fleiri og fleiri mönnum. Það er alþjóðarmál, að Alþingi hlynni að þessum samgöngum móts við það, sem gert er um aðrar samgöngur, en á það tel ég skorta samkvæmt till. hæstv. ríkisstj. og fjvn. En til þess að hv. þm. eigi þess kost að gera bragarbót, flyt ég varatill., ef allt um þrýtur, að það verði þó veitt 1½ millj. kr. Er það þó minna en var gert 1948, og allir vita, að krónan á árinu 1948 hafði allt annað gildi, jafnvel líka til framkvæmda innanlands, en á árinu 1950. Hvernig sem á þetta er litið, hvort sem litið er á samgöngur innanlands eða við útlönd, eða litið á kaupmátt krónunnar fyrr og nú, þá tel ég, að hvorki sé rétt né sanngjarnt né hyggilegt að veita ekki meira til þessara mála en hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. hafa hér lagt til.

Loks hef ég leyft mér að flytja tvær brtt. við 22. gr. Þær eru varðandi tvær þáltill., sem ég hef flutt í Sþ., en þar sem er svo áliðið þings og till. þessar hafa, önnur að óþörfu, en önnur af eðlilegum ástæðum, ekki fengið meðferð hjá fjvn., þá þykir mér rétt að bera þessi mál fram í sambandi við heimildagr. og fá þannig nokkurs konar viljayfirlýsingu frá Alþingi um þessi mál. Önnur snertir mál, sem hefur verið nýlega hreyft hér, að stuðla að því, að loftskeytastengurnar á Melunum verði fluttar burt. Ég hef áður sýnt fram á þá hættu, er af þeim getur stafað, og færi rök að því, að þær eigi að fara burt, og skal ég ekki fjöl-

yrða meir um það. Þessi þáltill. er nýlega komin í hendur fjvn., en þar sem þingi er bráðum lokið, þá efast ég um, að hún komi til fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Ég hef því leyft mér að flytja brtt. um þetta mál við 22. gr. fjárl.

Hin till. er undir sama lið, um vita á Faxaskeri. Hún er flutt fyrir löngu, en fjvn. hefur ekki látið frá sér heyra, hvort hún er með henni eða móti. Af þeim ástæðum vil ég freista þess, hvort Alþingi vill ekki veita stj. heimild til þessarar framkvæmdar, ef svo vel verður, að hæstv. ríkisstj. skyldi fallast á, að þetta yrði gert, ef fé yrði fyrir hendi til þess.

Aðrar brtt. hef ég ekki sjálfur flutt við þetta frv. Ég er þeirrar skoðunar, að það beri að fara varlega í útgjöldin, og ég tel ekki, að með þeim till., sem ég hef flutt af brýnni nauðsyn, sé stefnt út í neinn voða. Mér finnst satt að segja, að till. hv. þm. við þessa umr. séu það hóflegar, að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að óttast, að af þeim stafi nein hætta, jafnvel þó að talsvert af þeim yrði samþ. Flestar till. koma frá ríkisstj. sjálfri. Það á líka svo að vera. Hún á þar mestu um að ráða. Mér er nær að ætla, að aldrei nú um langt skeið hafi við 3. umr. fjárl. verið farið eins hóflega í sakirnar með beiðnir um hækkanir og fjárveitingar eins og nú af hálfu einstakra þm.

Um fjárl. í heild vil ég segja það, — ég hef sagt það áður og segi það enn, — að það er gott, að þeirri stefnu er nú lokið, að fjárl. séu afgr. með svo tæpri niðurstöðu, að sýnilegt sé, að reki í strand, ef illa tekst til, því að við höfum fengið nóg af slíkri fjárlagaafgreiðslu. Og þeir, sem hafa orðið fyrir að framkvæma þá hluti og fara með þau mál, hafa, a. m. k. sumir hverjir, fengið nóga palladóma um fjármálaóreiðu og því um líkt, sem nú gengur hátt í ræðum manna í þingsalnum. Ég á ekki kost á að tala hér við útvarpsumr., svo að ég vil taka hér fram, að það hefur verið keppzt við, bæði af mínum flokksmönnum og Framsóknarforingjunum að tala um 175 millj. kr. halla á fjárl. í þau 3 ár, sem ég var mest riðinn við fjármálastjórnina. Ég hef látið mér hægt um þessa hluti. Ég veit, að þetta er borið fram mikið í áróðursaugnamiði. Ég hef látið nýlega út af þessu afhenda mér útdrátt um afkomu ríkissjóðs, eins og hún er á þessum árum. Það getur ekki verið nákvæmt fyrir öll árin, því að árið 1949 er ekki nærri því gert upp til fulls enn. En það, sem hér er um að ræða, er ekki það, að hér sé eyðsla upp á 175 milljónir. Greiðsluhalli þessara ára er 165 milljónir, en eignaaukning ríkissjóðs á sama tíma er 161 milljón. Þar eru ýmsir hlutir, svo sem strandferðaskip, skólabyggingar og ýmislegt fleira, sem hv. þm. kannast við, þegar nöfnin eru nefnd. Þessu fé hefur því ekki verið kastað á glæ, heldur hefur það farið í fjárfestingu, sem Alþingi, eða a. m. k. meiri hl. þess hefur staðið að að samþ. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna á þetta við þessar umr., af því að ég tek ekki þátt í útvarpsumr. Afkoma ársins 1947 er ekki verri en það, að rekstrarhallinn varð 14 milljónir, þrátt fyrir það að á því ári varð ríkisstj. að taka við skelli af síldarkúfnum, sem aldrei reyndist vera neinn kúfur. 1948 er rekstrarafgangurinn 8 milljónir, þó að greiðsluhallinn væri fleiri milljónir, af því að svo mikið var látið í fjárfestingu. Nú er ráðgert að afgr. fjárl. með rekstrarafgangi. Það hefði verið betur fyrr tekinn upp sá siður. Ég ætla, að áætlun fjvn. um þá hækkun á tekjunum, sem leiðir af gengislækkuninni, sé ákaflega varleg, og hún á að vera það. Þegar fjárl. voru afgr. fyrir árið 1949, gerði ég það nauðugur að áætla verðtollinn 60 milljónir. Lengi fram eftir árinu leit út fyrir, að þar yrði stór skekkja á, en það kom samt sem áður í ljós, að verðtollurinn náði því og meira en það. Þess vegna hlýtur áætlunin, sem nú liggur fyrir, að verðtollurinn verði 78 milljónir, að vera í hæsta máta varleg. Ég vil ekki vera með neina spádóma í því efni, en ég fullyrði, að sú áætlun er í hæsta máta varleg, nema eitthvað algerlega sérstakt komi fyrir, sem svo að segja stíflar innflutning á þeim vörum, sem verðtollurinn er reiknaður af. Söluskatturinn er líka ákaflega varlega áætlaður í till. n. Það er hóflega af stað farið að gera ráð fyrir, að hann verði 47,5 millj. kr., eins og n. gerir ráð fyrir. En þetta er sjálfsagt gott, að spenna ekki allt of hátt áætlunina, heldur gera þeim, sem með fjármálastjórnina eiga að fara, hægara fyrir að vinna bug á þeim halla, sem orðið hefur á ríkisbúskapnum undanfarin ár. Það varð að gera fyrr eða síðar, og ég fyrir mitt leyti fagna því, að þessi stefna skuli vera tekin upp við afgreiðslu fjárl. og fjmrh. verði gert hægara um vik að hafa heilbrigða stjórn í þessum málum en þingið hefur nú um nokkra hríð áður búið í hendur sínum fjmrh.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta mál. Ég vil ekki endurtaka neitt af því, sem ég sagði, þó að hæstv. fjmrh. sé nú að ganga í salinn. *(Fjmrh.:* Ég var í hliðarherbergi og heyrði mál hv. þm.) Ég vil aðeins benda á það, að ég held, að það sé ekki 175 millj. kr. óreiða á ríkissjóði þessi 3 ár, því að fjárfesting ríkisins á þessum þremur árum nemur meira en 160 milljónum.

Ég vona svo, að hv. þm. hafi sannfærzt af þeim rökum, sem ég hef fram fært fyrir þeim hóflegu, en bráðnauðsynlegu brtt., sem ég hef leyft mér að bera fram, og ljái þeim samþykki sitt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Við 2. umr. bárum við þm. Eyf. fram litla brtt. um nokkra hækkun á framlagi til ræktunarvegar í Hrísey til jafns við ræktunarveg í Flatey á Breiðafirði. Fyrir atkvgr. tókum við þessa till. aftur til 3. umr. Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. frsm. um það, að fjvn. mundi vilja stuðla að því, að það væri athugað, hvað mikil þörf væri ræktunarvegna í hinum ýmsu eyjum, þá höfum við fallið frá því að láta þessa till. koma til atkv. við 3. umr. Þó að hún væri áður ekki fyllilega tekin aftur, þá liggur hún ekki fyrir nú. Þetta er ekki fyrir það, að við höfum nokkra trú á því, að þessi rannsókn geti leitt til þeirrar niðurstöðu, að hlutfallið í þessu efni milli t. d. Hríseyjar og Flateyjar á Breiðafirði

eigi að vera 4:10, heldur af þeirri ástæðu, að við vildum reyna að gera þetta til samkomulags, ef á næsta ári gæti orðið nokkur bót á þessu. Við berum ekki heldur fram neina brtt. vegna okkar kjördæmis nú, þó að ég hafi í engu breytt skoðun um það, sem ég lét í ljós við 2. umr., að þetta kjördæmi hefði orðið fyrir sérstöku ranglæti og misrétti í afgreiðslu n., samanborið við önnur kjördæmi. En ástæðan til þess, að við berum ekki fram brtt. um þetta, er sú, að við höfum enga von um, að á þetta verði litið eða slíkar till. yrðu samþ. hér. Og ef það yrði gert, að samþykktar væru slíkar till. frá einstökum þm., gæti afgreiðsla fjárl. yfirleitt farið á ringulreið. Það verður því heldur að þola misrétti en að gera þjóðfélaginu í heild þann skaða, að fjárlagaafgreiðslan verði þó enn meira handahófskennd en hún er með því að fylgja till. fjvn. En hinu er ekki að leyna, að ég álít fyrir mitt leyti, að slík samtök um afgreiðslu fjárl., sem ég býst við, að nú eigi sér stað, þau geti ekki átt sér stað til langframa, þó að nauðsynlegt sé, nema því aðeins að samræmis sé gætt af þeim, sem mestu ráða um þessi mál, og það er fyrst og fremst hæstv. ríkisstj. og hv. fjvn. Ef, eins og manni virðist, það verður þannig ár eftir ár, að sömu kjördæmin sitja á hakanum, og það hefur ekkert að segja, þó að t. d. fjvn. sé sýnt fram á alveg óhjákvæmilega nauðsyn í þeim atriðum, eins og ég hef gert viðvíkjandi minu kjördæmi, en maður að hinu leytinu sér það ár eftir ár, að þau kjördæmi, sem eru svo heppin — skulum við segja, — að þeirra þm. eru fjvn.-menn eða þá ráðherrar, sitja ár eftir ár við hæstu fjárveitingarnar, þá hlýtur þetta náttúrlega að bresta, áður en langur tími líður.

Ég ætla svo að geta um það, að ég hef borið hér fram litla brtt., en það er eitthvað svo undarlegt með það, að ég held, að búið sé að útbýta henni, en finn ekki þskj. (*GJ:* Það er ekki búið að útbýta því enn þá.) Ég þóttist sjá það áðan, en með leyfi hæstv. forseta ætla ég samt að minnast á þessa brtt. — Ég sé, að það eru bornar fram brtt. af einstökum hv. þm. um að heimila ríkisstj. að greiða nokkrum listamönnum byggingarstyrk, bæði myndhöggvurum og öðrum listamönnum. Ég skal nú taka það fram, að ég fyrir mitt leyti álít slíkar heimildir vafasamar. Listamenn eru alls góðs maklegir, það skal ég játa. En það eru fleiri borgarar í landinu, og þess konar styrkir sérstakir eru yfirleitt ekki veittir til húsbygginga öðrum þegnum þjóðfélagsins. Nú, en ef gengið yrði inn á þessa braut á annað borð, þá finnst mér, að Freymóður Jóhannsson málari mætti gjarnan fylgja með, og hef ég því borið fram brtt. um að tengja hann við eina af þessum till., þannig að sú till. kemur ekki til greina nema sú till., sem þetta er borið fram sem viðauki við, verði samþ. Það eru náttúrlega skiptar skoðanir um listgrein Freymóðs Jóhannssonar. Hann þykir ekki nýmóðins af sumum, og áreiðanlegt er það, að hann er ekki klessumálari, sem kallað er, en ég hygg nú samt, að af almenningi í landinu sé hann með allra vinsælustu málurum. Hann hefur byggt hús, sem er svona að mestu leyti frágengið, þó ekki alveg, svo að þetta þarf nú ekki beinlínis til þess að hann geti átt þak yfir höfuðið, bæði fyrir sig og starfsemi sína. En hann á ákaflega erfitt með að standa undir byggingarkostnaðinum, og sem sagt, mér finnst að þessi maður eigi það á allan hátt jafnt skilið og ýmsir aðrir að fá þess konar hjálp, ef inn á þessa braut verður gengið á annað borð, þótt ég hins vegar mæli ekki með, að inn á þá braut verði gengið.

Umr. frestað um stund, en síðar á sama fundi var enn fram haldið 3. umr. um frv. (frh. útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá hefst fundur að nýju, og verður haldið áfram umr. frá því í gærkvöld. Í kvöld verða 3 umferðir, 25 mín., 15 mín. og 10 mín., og verður röð flokkanna þessi: Sjálfstfl., Sósfl., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn verða þessir: Fyrir Sjálfstfl. hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, hæstv. viðskmrh., Björn Ólafsson, og hæstv. atvmrh., Ólafur Thors. Fyrir Sósfl. hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og hv. 2. landsk. þm., Magnús Kjartansson. Fyrir Alþfl. hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, og hv. þm. Ísaf., Finnur Jónsson. Og fyrir Framsfl. hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, og hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Gagnrýni á stjórnvöldin og skylda þeirra að svara til sakar er vissulega einn meginþátturinn í þjóðskipulagi lýðræðisins. En ef gagnrýnin á að koma að notum, verður hún að vera byggð á staðreyndum og vera flutt fram af heilbrigðri skynsemi og sannleiksást. Sá stjórnarandstöðuflokkur, sem þessa gætir, getur vissulega gert mikið gagn og verið þjóð sinni þarfur.

Kommúnistar eru lýðræðinu andsnúnir og trúa ekki á aðferðir þess, nema til þess eins að grafa undan því sjálfu. Frá þeim er því ekki að búast við uppbyggilegri gagnrýni eða þjóðhollri, þar sem þeim er annara um að þjóna öðrum hagsmunum en íslenzkum. Sást það glögglega síðast við atkvgr. við 2. umr. fjárlaga. Þá greiddu kommúnistar atkv. með fjárveitingum til þeirra alþjóðastofnana einna, er Rússar eru þátttakendur í, en á móti hinum. Ákefð þessara þingmanna í að elta Rússa var meira að segja svo mikil, að sumir þeirra greiddu atkv. á móti samningsbundnu tillagi til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Ekki voru það þó nema tveir, sem létu hafa sig til að snúast gegn þessum samtökum á móti sjúkdómunum.

Um Alþfl. er öðru máli að gegna. Hvað sem um hann verður að öðru leyti sagt, er ekki hægt að vefengja, að hann er lýðræðisflokkur og engum slíkum tengslum bundinn við erlenda hagsmuni sem kommúnistar. Allir þekkj-

um við ábyrgðartilfinningu hans, mat hans á málefnum umfram menn og einstaka orðheldni.

Alþfl. lofaði að vera á móti gengislækkun eftir kosningar. Að vísu varð það loforð strax nokkuð andkannalegt, þar sem flokkurinn beitti sér fyrir gengislækkun í miðri kosningahríðinni. Niðurstaðan varð og sú, að Alþfl. einn tapaði í kosningunum. Það var eðlilegt, því að kosningabarátta flokksins braut alveg í bága við það, sem hann áður hafði sagt og gert, því að ef engra róttækra ráðstafana var nú þörf, hvernig gátu forustumenn Alþfl. þá skýrt *afstöðu sína í þessum efnum áður fyrr*?

Hvernig vill Emil Jónsson skýra ummæli sín frá 29. apríl 1947, þegar hann sagði:

„Þegar því þessari baráttu ríkisstj. við dýrtíðina og baráttu fyrir því að þurfa ekki að ráðast á launakjörin til lækkunar er svarað af kommúnistum með kröfum um gagnráðstafanir til hækkunar á grunnkaupi, þá er það ekki verkalýðsmálabarátta, ekki einu sinni pólitísk barátta, eins og hún hefur tíðkazt hér hjá okkur, heldur beinlínis glæpur. Ég kalla það glæpsamlegt, að ætla sér að knýja fram nú hækkanir."

Emil Jónsson og Alþfl. veit, að þennan glæp tókst að drýgja. Almenn grunnkaupshækkun átti sér stað sumarið 1947. Afleiðing hennar ofan á það, sem fyrir var, varð svo sú, eftir því sem Alþýðublaðið 28/9 1947 hefur eftir Stefáni Jóh. Stefánssyni á Alþýðuflokksfundi í Iðnó: „....Hinn hái framleiðslukostnaður hefði valdið því, að sjávarafurðir okkar væru nú svo til óseljanlegar á heimsmarkaðinum við því verði, sem framleiðendur þyrftu að fá, og lægi því í augum uppi, að meginverkefni okkar yrði að lækka framleiðslukostnaðinn, svo að við yrðum samkeppnisfærir við aðrar þjóðir í framtíðinni." Emil Jónsson tók undir þetta og taldi „þjóðinni nauðsynlegt að glöggva sig á því, að hún yrði að neita sér um ýmislegt og temja sér að lifa ekki um efni fram."

Meðal annars fyrir atbeina þessara tveggja ágætismanna var nokkurt spor stigið í lækkunarátt með dýrtíðarlögunum um áramótin 1947 og 1948. En hvort tveggja var, að þau lög voru hvergi nærri fullnægjandi og gerðu í bezta tilfelli ekki betur en að eyða óhollum áhrifum grunnkaupshækkunarinnar frá sumrinu 1947, og að grunnkaupshækkanirnar héldu áfram. Er þar skemmst að minnast þeirra hækkana, sem urðu sumarið 1949. Með því var enn aukinn sá vandi, sem hinir glöggskyggnu forustumenn Alþfl. vöruðu við 1947. Svo að notuð séu hin sönnu orð Emils Jónssonar, var haldið áfram að drýgja glæp á eftir glæp gegn efnahag og atvinnuöryggi íslenzku þjóðarinnar.

Enginn skyldi ætla, að Alþýðuflokksmenn sæju ekki sjálfir, að slíkar aðfarir hlytu að hafa afleiðingar. Skáldið segir:

„Þess bera menn sár um ævilöng ár,
sem aðeins var stundarhlátur."

Það kann að vísu að fylgja því nokkur stundarhlátur að lifa um efni fram, en sá, sem hefur látið glæpamann ginna sig til að gera það, kemst ekki síðar hjá því að finna til afleiðinga þess, enda segir Alþýðublaðið hinn 18. sept. 1948 réttilega:

„Hættan á gengislækkun er nefnilega, þrátt fyrir góðan vilja ríkisstj. til að varðveita gengi krónunnar, stöðugt fyrir hendi, meðan hér er starfandi, því miður með þó nokkrum árangri, flokkur, sem rær að því öllum árum að magna verðbólguna og dýrtíðina með endalausum skrúfugangi kaupgjaldsins og verðlagsins upp á við. En þessi flokkur er, eins og allir vita, kommúnistaflokkurinn. — Frá honum, framar öllum öðrum, stafar gengislækkunarhættan."

Þær tilvitnanir, sem ég hef nú nefnt, og ótal *margt fleira, sýnir, að Alþýðuflokksmönnum* var ljóst, að ef haldið var áfram á kauphækkunarbrautinni, var gengislækkun óhjákvæmileg. Ógæfa Alþfl. er sú, að hann skyldi ekki taka afleiðingum orða sinna og gerða og játa, að gengisfelling varð ekki lengur umflúin. Með þessu hefur Alþfl. bakað sjálfum sér tjón, skaðað þjóðina, en skemmt kommúnistum.

Hitt er rétt og skylt að játa, að Alþfl. var í raun og veru á móti gengislækkun og vildi hindra hana með þeim einu ráðum, sem tiltæk voru, sem sé að stöðva verðbólguna. En forustumenn Alþfl. verða að játa þá staðreynd með okkur hinum, sem með þeim vorum í stjórn, að okkur tókst ekki að stöðva eða lækna verðbólguna. Slíkt verður okkur auðvitað ætíð talið til áfellis. Ýmislegt er þar þó til afbötunar, enda er það óhagganleg sannfæring mín, að ef Framsfl. hefði ekki af innanflokksástæðum efnt til kosninga á s. l. hausti og þar með til ótímabærs ófriðar um þessi mál, hefði Alþfl. tekið þátt í skynsamlegri lausn þeirra í vetur. Þess er og að minnast, að sumt annað tókst betur fyrir þessari fyrrv. stjórn.

Því fór t. d. ekki fjarri, þegar þessi fyrsta stjórn Alþfl. á Íslandi var mynduð, að ýmsir tryðu því, að ómögulegt væri að stjórna Íslandi stundinni lengur, án þess að hafa kommúnista í stjórn. Þessi trú er nú alveg úr sögunni. Hitt er annað mál, að kommúnistar höfðu afl til hins sama, eftir að þeir fóru úr stjórn, sem þeir höfðu ekki síður gert á meðan þeir voru í stjórn, að halda áfram að auka verðbólguna. Og þeir gerðu það vísvitandi um afleiðingar gerða sinna, því að kommúnistar vildu og vilja lækka gengið, að vísu með þeim hætti að reyna að kenna öðrum um. Það er aðeins í samræmi við baráttuaðferðir kommúnista yfirleitt, þegar þeir svo býsnast yfir vöruverðhækkunum, sem af gengisfellingunni leiðir. Auðvitað leiðir af henni vöruverðhækkanir. Launþegar eiga að vísu að fá þær bættar. Engu að síður hljóta þær að vera öllum góðum mönnum harmsefni, en þær eru óhjákvæmileg afleiðing of mikilla áhrifa kommúnista í íslenzku þjóðlífi á undanförnum árum. Enn eru þær þó aðeins svipur hjá sjón miðað við það, sem vera mundi, ef kommúnistar réðu einir.

Kommúnistar hafa oft fjargviðrazt yfir því, að sendiráð Íslands í Moskva væri ekki nógu veglegt. Þeim þykir ekki nóg að hafa þar aðeins einn Íslending útsendan og tign hans ekki nógu umfangsmikil eða dýrðleg, að hann skuli kallaður sendifulltrúi í forföllum sendiherr-

ans, sem lengst af dvelst annars staðar, þar sem Íslendingar hafa meiri störfum að gegna. Kostnaðurinn við dvöl þessa eina manns og fjölskyldu hans í Rússlandi er svo mikill, að heils árs kostnaður með hinu nýja gengi rúblunnar mun verða nær 1400 þús. kr., eftir þær verðlagsbreytingar, sem orðið hafa í Rússlandi, og breytingarnar á gengi rúblu og krónu, sem kunnugt er um. Sendifulltrúinn, Sigurður Hafstað, hefur sent utanríkisráðuneytinu nokkrar skýringar á þessum gífurlega kostnaði.

Það er að vísu búizt við, að sykurverðið hér á landi muni hækka eitthvað bráðlega, en nú er það kr. 2.85 kg. Hækkunin þarf þó að verða býsna mikil til að nálgast verðlagið í Moskva eftir þá skráningu rúblunnar, sem tekur gildi 1. júlí n. k., en þá verður það 47 kr.

Óniðurgreitt smjörverð hér er að vísu hátt, eða kr. 32.50 kg. Í Moskva verður það hins vegar kr. 139.86 og smjörlíkið kr. 87.31.

Kartöflurnar þóttu dýrar hér á kr. 1.10 kg og hafa nú lækkað í 86 aura, en í Moskva munu þær kosta 5.06 kr.

Fyrir kindakjötið þurfa menn að borga í Reykjavík kr. 11.35 eða jafnvel 14.40 kg. Í Moskva kr. 79.15.

Mjólkurlítrinn er dýr í Reykjavík, eða kr. 2.15, en í Moskva kostar hann kr. 15.34.

Þjóðviljinn ætlaði á dögunum alveg að rifna yfir því, að kaffikílóið væri komið upp í 23 kr. Menn skyldu því ætla, að það væri ekki svo dýrt, þar sem kommúnistar réðu einir. Í Moskva mun það bara kosta 323 krónur og 13 aura. Er það þó smáræði hjá tekílóinu, það verður í Moskva kr. 661.78 á móti kr. 15.52 í Reykjavík.

Ég skal ekki hafa þennan samanburð lengri. Hann sýnir, að ekki mun af veita að hafa há laun í Rússlandi. En svo sem kunnugt er, þá er þar launamismunur miklu meiri en hér á landi, og verða þó hæstu launin enn hærri en menn hafa heyrt, ef hinir lægst launuðu fá stóran skammt með þessu verðlagi. Verðsamanburðurinn sýnir, að öllum öðrum ferst fremur en kommúnistum að tala um verðhækkanir. Það er væntanlega vegna þess, að kommúnistar hér á landi hafa heyrt um þetta háa verðlag í Rússlandi, sem þeir eru alltaf að reyna að telja mönnum trú um, að enginn vandi sé að selja íslenzkar vörur eystra með því verði, sem við sjálfir segjum til um. Reynslan er öll önnur. Þrátt fyrir allar fullyrðingar kommúnista eru hinar óhnekkjanlegu staðreyndir þær, að um viðskiptin við Rússland hefur ekki staðið á Íslendingum, heldur Rússum. Á s. l. árum hafa íslenzk stjórnarvöld æ ofan í æ óskað eftir, að reyndir yrðu viðskiptasamningar milli Íslendinga og Rússa. Rússnesk stjórnarvöld hafa yfirleitt ekki sinnt þeim óskum, en fólu þó verzlunarfulltrúa sínum hér á landi, Pantchenko að nafni, sem dvaldi hér árum saman, að ræða við íslenzk stjórnarvöld um viðskipti sumarið 1949.

Í skýrslu þess embættismanns, Gunnlaugs Péturssonar, sem mestan þátt tók í þeim umræðum, segir svo:

„Rússneski verzlunarfulltrúinn skýrði frá því, að Sovétríkin hefðu engan áhuga á að kaupa hraðfrystan fisk. Kvað hann vöru þessa vera allt of dýra. Í öðru lagi hefðu Rússar ekki nægar kæligeymslur fyrir fiskinn, og loks kynni almenningur þar í landi ekki að meta þessa vöru, því að eftirspurn eftir henni væri engin. Taldi hann, að eftir að skömmtun hefði verið afnumin í Sovétríkjunum, væri loku fyrir skotið, að þessi vara gæti gengið út þar. Af hálfu Sovétríkjanna var heldur ekki neinn áhugi á að kaupa þorskalýsi."

Þær vörur, sem Rússar þá virtust hafa hug á að kaupa, voru þær, sem auðseljanlegastar eru, svo sem saltsíld og síldarlýsi. Þessar vörur vildu þeir þó einungis kaupa í vöruskiptum. Um þetta segir enn fremur í tilvitnaðri skýrslu:

„Í viðræðum þessum kom í ljós, að það verð, sem Sovétríkin töldu sér fært að greiða fyrir þessar afurðir okkar, var mun lægra en það verð, sem við höfðum þegar samið um við önnur ríki fyrr á árinu. Þá var verð rússnesku varanna mun hærra en á sams konar vörum annars staðar frá og sumt úr hófi fram, eins og t. d. verð ýmissa kornvara. Var þess því enginn kostur að verðjafna milli útflutnings og innflutnings."

Því fer fjarri, að Íslendingum einum gangi treglega að gera viðskiptasamninga við Rússa. Hin stórkostlega aukning Rússa sjálfra á fiskveiðum sínum gerir það að verkum, að þeir eru sérstaklega ófúsir að kaupa fisk af öðrum þjóðum. Þannig hefur t. d. Sigurður Hafstað, sendifulltrúi Íslands í Moskva, upplýst, að í viðskiptasamningi Svía og Rússa frá 1946 sé gert ráð fyrir, „að Rússar kaupi árlega til 1951 fisk og síld fyrir 20 milljón sænskar krónur. Síðustu árin hafa þeir ekkert keypt af þessum vörum", segir í skýrslu Sigurðar Hafstaðs frá 24. nóv. s. l.

Skýringin á þessu er, eins og ég áðan sagði, vafalaust að nokkru leyti sú, að Rússar hafa í 5 ára áætlun sinni, sem sett var 1946, ákveðið stórkostlega eflingu fiskveiðanna. En hér blandast einnig inn í, að Rússar hafa mjög dregið úr skiptum sínum við aðrar þjóðir en þær, sem tengdar eru þeim sérstökum stjórnmálaböndum. Frægasta dæmið um það er yfirlýsingin frá 31. des. 1948, þegar berum orðum var fram tekið, að rússneska stjórnin mundi minnka viðskiptin við Júgóslavíu niður í ⅛ frá því, sem áður hafði verið, vegna þess að henni líkaði ekki stefna stjórnarinnar í Júgóslavíu. Hefur sú afstaða þeirra ekki enn breytzt, samkvæmt því, sem sagt var í frétt ríkisútvarpsins 27. apríl s. l. Þar segir orðrétt á þessa leið:

„Tító kvaðst því miður verða að telja, að horfur væru ekki góðar á því, að sambúðin við Ráðstjórnarríkin mundi batna. Júgóslavar mundu halda áfram að treysta viðskiptatengsl sín við Vestur-Evrópuríkin, annars mundu Austur-Evrópuríkin svelta þá í hel."

Þessi voru ummæli Títós, og enn þá hafa kommúnistar hér á landi ekki þorað að gera lítið úr orðum hans, í almannaáheyrn að minnsta kosti.

Vinur Brynjólfs Bjarnasonar og sessunautur frá Rússlandi forðum, Kuusinen, gæti og eflaust hvíslað að honum skýringum á því, af

hverju verzlunarsamningar Rússa og Finna hafa í vetur gengið jafntreglega og raun ber vitni um. Og í gærkvöld heyrðu menn, að Áki Jakobsson taldi sig ekki lengur þurfa að hvísla því, að ástæðan til þess, að Rússar vildu ekki verzla við Íslendinga, væri sú, hve vondur maður ég væri. En aðalsönnun vonzku minnar var sú, að ég taldi hentara að hafa aðra trúnaðarmenn um afurðasölu en kommúnistaþingmanninn Lúðvík Jósefsson.

Kommúnistar þykjast nú hafa himin höndum tekið yfir því, að þunglega horfir með sölu ýmissa íslenzkra afurða. Það er rétt, að svo gerir, en allra sízt ber að saka íslenzku ríkisstj. fyrir það. Sést það bezt á því, að það er fyrst eftir að aðrar stjórnir hætta að kaupa íslenzkar afurðir með milliríkjasamningum, svo sem t. d. hraðfrysta fiskinn, sem aðalmarkaðsörðugleikarnir byrja. Íslenzku ríkisstj. hefur sem sé árum saman tekizt að selja þessa vöru, meira að magni og fyrir hærra verð en frjáls markaður sagði til um. Bendir það til allt annars en að íslenzka ríkisstj. hafi legið á liði sínu. Það er þegar ríkisafskiptin úti í löndum hverfa, sem hið sanna í þessu kemur í ljós. Þá verður ber sú staðreynd, að frjáls markaður fyrir vöruna er mun minni en íslenzku stjórninni tókst að útvega, á meðan milliríkjasamningum um ákveðnar sölur varð við komið.

Íslendingar þekkja markaðsörðugleika frá fyrri tímum. Til lausnar á þeim vanda verða allir góðviljaðir menn að leggja sig fram, og mun vissulega ekki standa á starfsbræðrum mínum né mér um það. Víst er, að bjargráðið í þeim efnum er ekki það, að ríkið haldi áfram að taka ábyrgð á verði framleiðslunnar og þar með vera í raun og veru aðalkaupandi hennar. Markaðanna er ekki að leita uppi í stjórnarráði eða hér í sölum Alþingis, heldur hjá neytendum vörunnar úti í löndum.

Kommúnistar kvaka sí og æ um markaði í Rússlandi, sem Rússar sjálfir segja, að eigi séu til. En kommúnistar þegja um þau sannindi, sem allir þekkja, er eitthvað fylgjast með alþjóðamálum, að stefna Rússa er nú einmitt sú að byggja upp sem einangraðast og óháðast efnahagskerfi á þeim miklu landflæmum, er þeir ráða yfir. Þess vegna eru það þeir, sem hafa slitið eða torveldað verzlunartengslin við löndin utan við járntjaldið, en ekki hin frjálsu lönd, sem hafa slitið tengslin við þá.

Enginn skyldi halda, að það væri tóm tilviljun, að kommúnistar snúa hér sannleikanum alveg við, eða þetta væri eina málið, sem Áki Jakobsson segir ekki satt um. Nei, slíkar eru einmitt starfsaðferðir kommúnista.

Menn minnast, að kommúnistar héldu nú í vor upp á ársafmæli uppþots síns hér fyrir framan alþingishúsið 30. marz í fyrra. Á samkomu þessari töluðu nokkrir forsprakkar kommúnista, þar á meðal Áki Jakobsson. Flestar þóttu ræðurnar bragðdaufar. Þó skáru sig úr nokkur ummæli Áka Jakobssonar, sem birt voru að meginefni í blöðum, en Þjóðviljinn mótmælti. Vakti það töluverða athygli, að Þjóðviljinn birti hinar tilkomuminni ræður, en skaut undir stól fagnaðarboðskap hins fyrrverandi ráðherra. En svo vildi til, að fyrirhyggjusamur borgari notaði sér það, að ræðuhöldunum var útvarpað gegnum hátalara, er var á fundarhúsinu. Hann tók ræðurnar því niður á stálþráð. Í ræðu Áka Jakobssonar, þessa háttvirta þingmanns og fyrrv. ráðherra, sem hefur með hátíðlegu heiti, dags. 10. jan. 1944, lagt „drengskap sinn við að rækja með trúmennsku og samvizkusemi þau málflutningsstörf", sem honum verða falin, segir m. a. á þessa leið:

„Ég verð að segja það, að þegar ég sé dómsniðurstöðurnar, þá mundi ég ráðleggja hverjum og einum, sem mæta ætti fyrir dómstóli eins og þessum, sem hérna er, að vera ekki of barnalegur, þegar hann mætir, af því að það virðast vera niðurstöður dómarans, að þegar menn hafa skýrt rétt og satt frá, ja, þá er þeim refsað alveg sérstaklega fyrir það."

Þetta var það, sem Þjóðviljinn þagði um, en stálþráðurinn sagði eftir Áka. Þessi ummæli eru eftirtektarverð um margt. Með þeim er játað, að þeir af sakborningunum, sem sögðu rétt og satt frá, hafi þannig lagt til gögn fyrir dómsáfelling sinni. Með þessu er einnig gefið í skyn, að sumir, sem ekki voru svo „barnalegir" að segja „satt og rétt frá", hafi þar með sloppið.

Af fjórum sakborningum, sem sýknaðir voru í héraði, var Áki Jakobsson verjandi þriggja, maðurinn, sem að eigin sögn segist ráða skjólstæðingum sínum til „að vera ekki svo barnalegir að segja satt og rétt frá."

Út af fyrir sig skiptir það ekki öllu máli, hvort þeir verða þremur eða fjórum fleiri eða færri, sem dæmdir verða fyrir uppþotið 30. marz 1949. Aðalforsprakkarnir, þeir, sem egndu unglingana til óhæfuverkanna, voru hvort eð er fæstir svo „barnalegir" að hafa sig sjálfir mikið í frammi. — Þeir héldu sig flestir í skúmaskotunum, svo sem þeirra er vandi, þegar svipað stendur á.

Hitt er miklu alvarlegra, að einn af þeim mönnum, sem unnið hafa drengskaparheit að því að þjóna réttvísinni í landinu með trúmennsku og samvizkusemi, segir sjálfur í almannaáheyrn, að hann telji „barnalegt" að skýra „satt og rétt frá". Út yfir tekur þó, að þetta skuli vera fyrrverandi ráðherra og ennverandi alþingismaður.

Enginn skyldi heldur halda, að Þjóðviljinn hefði skotið þessum ummælum undan vegna þess, að kommúnistar væru þeim ósammála. Það átti að reyna að þegja þau í hel, vegna þess að ekki þykir hagkvæmt, að menn út í frá fái að kynnast grundvallarreglum þeim, sem kommúnistar fara eftir í starfi sínu, þeim boðskap, sem Lenin orðaði þannig í ritinu „Barnasjúkdómar vinstri stefnunnar í kommúnismanum": „Við verðum að vera reiðubúnir að nota brögð, svik, lögbrot, að skjóta undan og fela sannleikann". — En þegar sagt var frá þessum ummælum hér á landi, ætlaði Þjóðviljinn að ærast.

Kommúnistar segja að vísu, að málaferlin út af afbrotunum frá 30. marz 1949 sé réttarofsókn af minni hálfu, og af því tilefni kaus hátíðarsamkoma á uppþotsafmælinu sérstaka

„nefnd til að undirbúa og skipuleggja réttarvernd.“ Formaður þeirrar nefndar er Þorvaldur nokkur Þórarinsson lögfræðingur. Varð hann almenningi að umræðuefni í vetur, er hann lýsti yfir því á stúdentafundi, að hann væri fús að flytja til Rússlands og setjast þar að. Þessi yfirlýsing gladdi almenning svo, að á örskömmum tíma safnaðist víðs vegar að veruleg fjárhæð til að kosta austurför mannsins og koma honum þannig af höndum Íslendinga. Þegar til kom, reyndist náungi þessi hins vegar hugaðri í munni en hjarta og skorti kjark til að standa við orð sín. Situr hann því enn sem fastast í íbúð þeirri, sem hann á sínum tíma öðlaðist með því að láta bera út á götuna ekkju með nokkur munaðarlaus börn, svo sem frægt er orðið. Úr því að þessi maður er sá fremsti og flekklausasti, sem kommúnistar velja til réttarverndunar hér á landi, þarf ekki að fara mörgum orðum um hina, hvers konar fuglar þeir muni vera, né hvers skjóls ekkjur eða munaðarleysingjar muni eiga að vænta undir verndarvæng þeirra.

Réttarhugmyndir kommúnista lýsa sér vel í yfirlýsingu réttargæzlumannanna í hinum nýju fyrirmyndarstjórnum þeirra austan járntjalds. Ungverski dómsmálaráðherrann sagði t. d. hinn 30. jan. 1948, að „eitt af sönnunargögnunum nú á dögum væri pólitísk afstaða hins ákærða“, og hinn 29. jan. 1949: „Dómararnir verða að hegða sér samkvæmt kenningum Marx og Lenins“, og hinn 16. okt. 1948 sagði aðalsaksóknarinn í Rúmeníu: „Hinn löglærði dómari verður að losa sig við hið lögfræðilega hugarfar.“

Ég held, að Áki Jakobsson þurfi engu að kvíða í þessu. Hann hefur í þessu sem öðru hlýtt boði meistaranna í Moskva og hreinsað sig alveg af því lögfræðilega hugarfari, sem hann kann að hafa kámazt af í lagadeildinni forðum.

Kommúnistar prédika það, að málssóknin á mennina frá 30. marz 1949 sé persónuleg ofsókn af minni hálfu. Auðvitað er ég ekki óskeikull frekar en aðrir, og sannarlega kem ég svo mikið við sögu þessara atburða, að ég get ekki verið dómari um sekt manna þessara eða sýknun. Það er að vísu embættisskylda mín að höfða mál gegn mönnunum frá 30. marz 1949, ella hefði ég sjálfur unnið til refsingar. En aðrir dæma í því máli. Ég kem þar hvergi nærri. Úrslitadómurinn er hjá hæstarétti. En dómarar hæstaréttar njóta vissulega þess trausts, að almenningur veit að engin hætta er á, að saklaus maður verði dæmdur til refsingar af Hæstarétti Íslands. Af einhverjum ástæðum er kommúnistum þó illa við að miklar fréttir berist af störfum hæstaréttar á þessu ári, því að nú hafa þeir flutt till. um að fella niður fjárveitingu til prentunar dóma hans.

Á Íslandi þarf enginn að óttast það, að lögreglan láti hann hverfa, e. t. v. þegjandi og hljóðalaust, þannig að enginn viti árum saman, hvort hann er dauður eða lifandi. Hér skera hlutlausir dómstólar úr málum manna. Flestir Íslendingar telja þetta svo sjálfsagt, að þeir kunna ekki að meta það svo sem vert er. Fátt er geigvænlegra við stefnu kommúnista en það, að þeir vilja svipta borgarana þessari réttarvernd, á sama veg eins og slíkar umræður sem þessar væru óhugsandi í kommúnistísku þjóðfélagi. Þar er gagnrýni svarað með frelsissviptingu, þrælkunarvinnu, útlegð eða lífláti.

Hér er gagnrýnin viðurkennd sem sjálfsagður þáttur heilbrigðs stjórnarfars. Sá, sem ekki getur svarað gagnrýninni með rökum, hlýtur að missa fylgi og hverfa frá völdum. Þessi háttur er óneitanlega óhentugri fyrir lélega valdhafa en hinn kommúnistíski. En hann er almenningi miklu hentari, undirstaða framfara hans og frelsis. Þess vegna munu Íslendingar aldrei ótilneyddir fallast á kenningar kommúnista, heldur óhvikulir halda tryggð við réttaröryggi einstaklinganna, við réttinn til gagnrýni og önnur þau gæði, sem eru prýði menningarinnar, en afneitun kommúnismans.

Einar Olgeirsson: [Handrit að ræðunni hefur glatazt.]

Emil Jónsson: Eins og að líkum lætur mótuðust umræðurnar í gærkvöld að langsamlega mestu leyti af viðhorfi manna til gengislækkunarmálsins og viðbragða hæstv. ríkisstj. til þess að ráða fram úr dýrtíðar- og efnahagsvandamálum þjóðarinnar. — Því var þar lýst mjög ýtarlega af hv. 8. landsk. þm., Stefáni Jóh. Stefánssyni, hverjar afleiðingarnar hafa orðið af ráðstöfunum ríkisstj., svo að ég þarf þar litlu við að bæta; en þessar afleiðingar hafa í stuttu máli orðið þær, að dýrtíðin fer ört vaxandi með hverjum degi, sem líður, og það svo, að hækkunin virðist hvergi ætla að nema staðar við 11—13%, eins og sérfræðingar stj. töldu, heldur er allt útlit fyrir, að hækkunin muni nema upp undir 20% strax í byrjun. Hins vegar virðist mikið ætla að skorta á það, að gengislækkunin komi að því gagni fyrir útveginn, sem til var ætlazt og var grundvöllurinn fyrir þessum aðgerðum hjá stjórnarflokkunum.

Svör ráðherranna, að svo miklu leyti sem um svör var að ræða, voru á þá leið, efnislega, að enginn kostur hefði verið góður. Ástandið hefði verið orðið þannig, að ekki hefði verið um annað að ræða. Leiðin, sem farin var, væri sú skásta — eða raunar sú eina, sem til var — að dómi fræðimanna og sérfræðinga ríkisstj. — og Alþfl. hefði ekki getað bent á neina skárri leið til lausnar á vandanum. Framsóknarráðherrarnir minntust þess sérstaklega, að Alþfl. gæti nú ekki talað hátt, því að hans væri sökin, að miklu leyti, hvernig komið væri. Með gálauslegum ráðstöfunum á gjaldeyriseign þjóðarinnar, hækkuðu kaupgjaldi og stöðugt vaxandi greiðsluhalla á fjárlögum, sem þeir vildu allt kenna við Alþfl., hefði það ástand verið skapað, sem óhjákvæmilega hefði borið í sér þá ráðstöfun, sem gerð var, gengisfellinguna, eins örugglega og nótt hlýtur að fylgja degi.

Ég skal nú með örfáum orðum leyfa mér að athuga þessar fullyrðingar nokkru nánar, bæði það, að gengisfellingin hafi verið bezta — og eina — tiltæka ráðið, að Alþfl. hafi ekkert lagt til málanna, og svo að lokum, að ástandið

hafi verið orðið á þann veg, að ekkert annað hafi verið hægt að gera.

Þeir 2 sérfræðingar, sem unnu að samningu gengislækkunarfrv. og álitsgerðar, er því fylgdi, voru prófessor Ólafur Björnsson, núv. hv. 7. þm. Reykv., og dr. Benjamín Eiríksson. — Það vill nú svo til, að frá þessum vísindamönnum báðum eru til vitnisburðir um málið, sem ég tel rétt að kynna hér eða minna á, því að báðir hafa verið birtir áður.

Prófessor Ólafur Björnsson ritaði grein í Morgunblaðið fyrir um það bil tveim árum um það, hvernig á efnahagsvandamálum okkar skyldi tekið. Þar segir hann, eftir að hafa rætt nokkuð uppbótaleiðina:

„Af því, sem sagt hefur verið, verður að draga þá ályktun, að ef halda eigi áfram á þeirri braut að leysa dýrtíðarvandamálin með niðurgreiðslum og uppbótum, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér, að stórhækka yrði opinberar álögur frá því, sem nú er. Það er fjarri mér að vilja gylla þessa leið með því að halda því fram, að hér yrði um einhverjar smávægilegar fjárhæðir að ræða. Þjóðin mun líka áður en langt líður fá það upplýst hjá réttum aðilum, hvað þessi leið mundi koma til með að kosta í skattaálögum.

Samt sem áður verður sú röksemd ekki borin fram gegn þessari leið, að hún yrði gjaldgetu borgaranna ofvaxin. Menn verða að gera sér ljóst, að sá möguleiki er ekki fyrir hendi, að skjóta sér undan byrðunum. Þjóðin á aðeins um það að velja, í hvaða formi hún vill taka þær á sig. Vilji menn ekki borga hærri opinber gjöld, verða menn að taka á sig tilsvarandi fjárhagslegar fórnir á þann hátt, að peningatekjur þeirra lækki, án þess að verðlag erlendra vara lækki samsvarandi (verðhjöðnunarleiðin), eða þá að greiða erlendar vörur hærra verði, án þess að tekjur þeirra hækki (gengislækkunarleiðin). Vilji menn ekkert af þessu, „leysist" vandamálið á þann hátt, að það verður vöruskortur og atvinnuleysi, þannig að hin óumflýjanlega skerðing lífskjaranna kemur þá í því formi.

Annað mál er svo hitt, hvort skynsamlegt er að leggja hinar óumflýjanlegu byrðar á í formi skatta og annarra opinberra álagna. Má í því sambandi fyrst á það benda, að uppbætur og styrkir úr ríkissjóði eru vitanlega ekki kallaðir ofan af himnum, heldur sótt í vasa borgaranna.

Þrátt fyrir þessa og aðra annmarka, sem á þessari leið eru, verður þó varla séð, að hjá því verði komizt að fara hana enn um skeið að meira eða minna leyti. Menn geta verið þeirrar skoðunar, að það hafi verið heimska að leggja nokkurn tíma út á þessa braut. En ef skyndilega yrði með öllu horfið frá þessum úrræðum, færi ekki hjá því, að gera yrði róttækar breytingar á hagkerfinu, sem hafa mundi stórfellda röskun í för með sér. Óhagræði það, sem stórfelld niðurfærsla peningatekna eða gengislækkun hefðu í för með sér, yrði svo mikið, að slíkt mundi vega upp þá kosti, sem af niðurfellingu uppbótanna mundi leiða.

Hér skal því sleppt, að ræða það atriði, hvernig afla eigi ríkissjóði tekna til þess að standa straum af niðurgreiðslum þeim og uppbótum, sem sjálfsagt verða óhjákvæmilegar enn um skeið. Eðlilegast virðist þó að láta slíkar álögur hvíla sem mest á neyzlu, sem ekki getur talizt bráðnauðsynleg, svo sem neyzlu munaðarvara, hækka skemmtanaskatt, bifreiðaskatt o. s. frv."

Þetta segir nú prófessorinn þá, fyrir tveim árum. En sá einn munur er á uppbótagreiðslum þá og nú, að upphæðin verður að vera hærri nú, sem til bótanna er varið, en eins og menn hafa tekið eftir í greininni, er hæð uppbótagreiðslnanna ekki aðalatriðið í hans augum, og verði upphæðin ekki tekin á þann hátt, verði bara að taka hana öðruvísi, en að hans dómi er uppbótaleiðin þá bezta leiðin.

Dr. Benjamín Eiríksson skilaði skýrslu um efnahagsmálin til fyrrv. stjórnar og mælti að vísu með gengislækkun, en þó aðeins sem einum lið í allviðtækum aðgerðum. Hann segir:

„Það hefur þegar verið um það rætt, að æskilegt væri að bíða með að samræma innlent og erlent verðlag, unz jafnvægi hefur skapazt innanlands. Á næstu 12 mánuðum mun myndast kringum 50 millj. kr. mótvirðissjóður. Hingað til hefur Marshallaðstoðin ekki haft nein áhrif á peningalegt jafnvægi innanlands. En með myndun mótvirðissjóðsins skapast slík áhrif í beinu hlutfalli við stærð hans. Notkun hluta hans til fjárfestingar kemur ekki til greina fyrr en á næsta ári, og æskilegt að bíða með slíka notkun fjárins sem lengst. Sú upphæð, sem er um að ræða — 50 millj. kr. — nægir til þess að tryggja það, að ástandið í dýrtíðarmálunum breytist til muna."

Ráðstafanir þær, sem hann vill láta gera fyrst og fremst, eru þessar:

„1) Dregið sé úr fjárfestingunni í því skyni, að hún verði ekki meiri á hverjum tíma en sem svarar sparifjármynduninni að óbreyttu verðlagi.

2) Lánsfjárþensla bankanna verði stöðvuð með því að gera kröfu til Útvegsbankans og sparisjóðsdeildar Landsbankans, að hvort tveggja auki ekki skuld sína við seðladeildina, að þau leggi fyrir nokkurt handbært fé og byrji síðan að greiða niður skuldir sínar við seðladeildina.

3) Fjármálum ríkisins þarf að haga þannig, að sem mestur tekjuafgangur myndist á rekstrarreikningi."

Og fyrst að þessu loknu vill hann ræða gengislækkun, og hann dregur heldur ekki fjöður yfir þá annmarka, sem gengislækkuninni fylgja. — Þetta segja nú þeir tveir aðalhöfundar gengislækkunarfrumvarpsins.

En það er ekki nóg, að tveir tígulkóngar væru í þessu spili, heldur verða þeir að vera þrír. Hér á Alþingi hefur gefið sig fram þriðji höfundur þessara laga, hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, og hefur viljað eigna sér mjög verulegan þátt í samningu frv. Og það skyldi nú aldrei vera, að áhrifa hans hafi gætt eins mikið og hinna vísindamannanna við samningu frv.? Af fyrri vitnisburðum þeirra, sem ég hef dregið hér fram, freistast maður til að halda, að það

hafi eins — og ekki síður — verið hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, sem réð því, hvernig að málinu var staðið.

Hæstv. atvmrh. sagði í gærkvöld, að Alþfl. hefði í þessu máli kosið sér það hlutskipti að berjast á móti sjálfum sér og sannfæringu sinni og að Alþfl. í hjarta sínu hefði viljað gengislækkunarleiðina, þó að hann nú þyrði ekki að viðurkenna það.

Þetta er vægast sagt mjög fjarri því að vera rétt. Alþfl. hefur ekki viljað fara gengislækkunarleiðina vegna þess, að hann telur, að byrðarnar af viðreisn sjávarútvegsins komi á þann hátt óréttlátlega niður, og verst þar, sem sízt skyldi. Hækkunin á neyzluvörum verður mest á hinum brýnustu lífsnauðsynjum, sem annaðhvort hafa verið lágt eða alls ekki tollaðar innanlands. Menn athugi t. d. hækkunina á kornvörum, kolum, olíu og þess háttar vörum, þar sem gengislækkunin kemur fram með fullum þunga, af því að allur kostnaður, sem neytendur greiða fyrir þessar vörur, er erlendur kostnaður; og athugi svo aftur hækkunina, sem orðið hefur á tóbaki og öðrum hátolluðum munaðarvörum, sem er hverfandi lítil.

Þetta er að okkar áliti rangt, og þetta hefði verið hægt að forðast. Alþfl. vildi á engan hátt skorast undan því að koma sjávarútveginum til hjálpar og að tryggja rekstur hans, en hann taldi, að það hefði verið hægt á svipaðan hátt og áður var gert og gaf góða raun.

Uppbótagreiðslurnar úr ríkissjóði voru 1947 24,2 millj. kr., 1948 25 millj. kr. og 1949 37 millj. kr. Með sérstökum ráðstöfunum var séð fyrir tekjum í ríkissjóð til að standast þessar greiðslur, og ég ætla, að þessir tekjustofnar hafi ekki brugðizt og ríkissjóður hafi á þennan hátt fengið það fé, sem hann þurfti til að standa undir þessum uppbótagreiðslum. Hitt er svo annað mál, að greiðsluhalli varð á fjárlögum öll þessi ár, ekki vegna uppbótagreiðslnanna, því að tekjur á móti þeim voru tryggðar með sérstökum lögum, eins og ég sagði áðan, heldur af allt öðrum ástæðum. Greiðsluhallinn orsakaðist fyrst og fremst af fjárfrekum framkvæmdum, sem ríkissjóður hafði með höndum þessi ár, án þess að séð væri fyrir tekjum á móti þeim, og það er allt annað atriði.

Hv. þm. Vestm., Jóhann Þ. Jósefsson, fyrrv. fjmrh., hefur beðið mig að upplýsa, í hverju greiðsluhallinn 1948—49 er fólginn, sem formaður Sjálfstfl. hlíðraði sér hjá að skýra frá í gærkvöld, þegar hann ræddi um þetta.

Um 24,7 millj. hafa farið í verðbréf og innstæður. Um 35.6 millj. kr. til eignaaukningar ríkisstofnana. Um 39 millj. til nýbygginga, og eru strandferðaskipin þar hvert með 9 millj. kr. lánveitingu. Um 14,3 millj. til greiðslu á ábyrgðum ríkissjóðs. Um 5.8 millj. rekstrarhalli áranna 1947—48. Það eru því samtals um 165,3 millj., sem skuldaaukningin nemur. En eins og sést í yfirlitinu hafa komið eignir að langsamlega mestu leyti á móti. Það er því fráleit fullyrðing að kenna uppbótagreiðslunum um þessa skuldaaukningu.

Nú vilja stjórnarflokkarnir afsaka sig með því, að uppbótagreiðslurnar hefðu þurft að hækka svo mikið frá því, sem þær voru 1949, að það hefði orðið óviðráðanlegt. Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, nefndi í því sambandi 150—200 millj., sem bæta hefði þurft við í beinum sköttum, að manni skildist, til þess að mæta nýjum uppbótum. Þetta er víðs fjarri því að vera rétt. Í frv. því, sem ríkisstjórn Ólafs Thors lagði fram um áramótin um aukinn styrk til handa bátaútveginum, var gert ráð fyrir, að styrkurinn mundi þurfa að tvöfaldast, og geri ég ráð fyrir, að það sé vel í lagt, en samkvæmt því hefði ekki þurft að auka styrkinn til bátaútvegsins nema um 37 millj. miðað við síðast liðið ár.

Hvað styrk til togaranna viðvíkur, er rétt að geta þess, að ég tók svo eftir í skýrslu bankastjóra Landsbankans nú fyrir skömmu í útvarpinu um togarasölurnar, að aðeins 20% af söluandvirðinu hefðu komið heim. Og þegar svo er komið, virðist sýnilegt, að gengislækkun getur lítið hjálpað upp á sakirnar, því að enginn hefur gagn af því auganu, sem hann sér ekki með, og togaraeigendur hafa vissulega lítinn gengishagnað af þeim sterlingspundum, sem þeir verða að greiða í kostnað. Tölur, sem ráðh. nefndi í þessu sambandi, 150—200 millj. kr., hljóta því að verða víðs fjarri raunveruleikanum. Hitt er svo ljóst, að með gengisfellingunni eru á þjóðina lagðar þyngri byrðar en nauðsynlegt er, auk þess sem þeim er ranglátlega skipt. Þjóðin verður að greiða hækkað verð á fiskimjöli, sem hefur að minnsta kosti verið í geipiháu verði, hvort sem það verð hefur verið notað eða ekki. Síldarafurðir virðast, samkv. skýrslu hæstv. atvmrh. nú fyrir skömmu, vera í mjög sæmilegu verði, en komi gott síldarár, verða lagðir því þyngri skattar á þjóðina, því meira sem kann að fiskast af síldinni. Þetta eru allt svo miklir ókostir við gengislækkunina, að Alþfl. telur útilokað að geta fylgt henni. Þetta hefði allt verið hægt að forðast með því að fara uppbótaleiðina. Að sú leið hafi verið lokuð, er bara bull, svo að ekki sé fastara kveðið að orði.

Hvaða mun ætli fólk finni á því, hvort það greiðir hátt verð fyrir vöru að nokkru leyti í ríkissjóð eða beint til útvegsmanna? Það er raunverulega enginn munur á því annar en sá, að í öðru tilfellinu er hægt að haga verðhækkuninni þannig, að hún komi minna við nauðsynjavörukaup hins snauða heldur en lúxusvörukaup hins ríka, en í hinu tilfellinu leggst hún þyngst á þar, sem sízt skyldi. Í öðru tilfellinu er hægt að miða hækkunina við raunverulegar þarfir þess hluta útvegsins, er þarf aðstoðarinnar við, en í hinu tilfellinu hækkar hún jafnt tekjur hinna, sem ekki þurfa þess, — að minnsta kosti ekki eins og hinir eða ekki í bili.

Alþfl. hefur markað sína stefnu skýrt í þessu máli, — hann vildi ekki leysa það á grundvelli gengislækkunar og taldi því betur borgið á annan hátt. Ég tala nú ekki um, ef hann hefði fengið því til leiðar komið, að ríkissjóður tæki að sér innflutningsverzlunina og möguleikar hefðu þannig skapazt til að dreifa skattþunganum betur á þá vöru, sem ekki teldist bein

nauðsynjavara. En þetta máttu andstæðingar Alþfl. ekki heyra nefnt. Um samvinnu á þeim grundvelli var hann jafnan tilbúinn að ræða, en um gengislækkun ekki.

Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, sagði í gærkvöld, að Framsfl. hefði leitað samvinnu við Alþfl. um stjórnarmyndun, en Alþfl. hefði neitað. Þetta er nú beinlínis rangt sagt frá. Ég tók þátt í flestum þeim viðræðum, sem áttu sér stað milli flokkanna um stjórnarmyndun, og ég fullyrði, að tilmælum framsóknarmanna um samvinnu var aldrei neitað. Þvert á móti. Það var fullur vilji fyrir hendi af hálfu Alþfl. um það, að samningar gætu tekizt milli flokkanna um lausn málanna. Það kom fram í þessum umræðum, og það er rétt að geta þess hér, úr því að út í þær hefur verið farið af hæstv. ráðherra, að framsóknarmenn töldu sig vel geta hugsað sér að mynda stjórn með Alþfl., án þess að til gengislækkunar þyrfti að koma, enda var það ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu Alþfl.

Nei, þessar samningaviðræður strönduðu ekki á andstöðu Alþfl., heldur á áhugaleysi Framsfl., sem sennilega hefur þótt einhverra hluta vegna þægilegra að koma hugsjón sinni um gengislækkunina í framkvæmd með Sjálfstfl., því að það var þeirra yfirlýsta stefna, þó að þeir í viðræðum við okkur viðurkenndu þá, að lausn málanna án gengislækkunar kæmi svo sem líka til greina.

Það skal að vísu viðurkennt, að stjórnarmyndun Alþfl. og Framsfl. einna hefði orðið mjög erfið, þar sem þessir flokkar hafa samanlagt ekki meiri hluta þings að baki, heldur aðeins 24 þingmenn af 52, svo að sýnilegt var, að auðvelt mundi að torvelda þeirri stjórn framgang mála og að til kosninga gæti dregið mjög bráðlega. Þessi framkvæmdaatriði urðu öll auðveldari viðfangs í samvinnu við Sjálfstfl., og þegar þar við bætist, að gengislækkunarleiðin virðist hafa staðið huga framsóknarmanna nær en leið Alþfl., þá verður auðskilið, hvers vegna áhuginn á samstarfinu við Alþfl. var takmarkaður. — Nú geri ég ekki ráð fyrir, að framsóknarmenn, og raunar ekki sjálfstæðismenn heldur, muni í bili þess fýsandi að leita eftir dómi kjósenda. Sannleikurinn er sá, að samkomulagið er ekki nema miðlungi gott á stjórnarheimilinu, en hræðslan við kjósendur heldur þeim saman. Þeir eru sér þess meðvitandi, að þetta afkvæmi þeirra hefur vakið óhug og andúð fólksins.

Hæstv. landbrh., Hermann Jónasson, sagði, að nú væru að koma í ljós afleiðingarnar af stjórnarstefnu þeirri, sem fylgt hefði verið að undanförnu, og Alþfl. ætti sinn mikilvæga þátt í henni, því að hann hefði verið með í að koma öllu á höfuðið.

Það er að vísu rétt, að Alþfl. hefur tekið þátt í stjórnarstarfi síðustu ára, en hans hlutverk hefur verið þar fyrst og fremst að koma í veg fyrir íhaldssöm óþurftarverk alþýðunni í landinu til handa. Honum hefur oft tekizt það, en líka oft mistekizt það vegna þess, að hann hefur ekki haft bolmagn á Alþingi til að standa á móti skemmdarverkunum. Og það er nú að koma æ betur í ljós, að spor ýmissa óhappaverka, allt of margra, má einmitt rekja til Hermanns Jónassonar. Það var hann, sem á sínum tíma gekk á gefin loforð við Alþfl., þegar hann rauf samhengið milli kaupgjalds og verðlags landbúnaðarafurða 1940 og hleypti dýrtíðarskriðunni á stað. Það var hann, sem hvað mestan þátt átti í setningu gerðardómslaganna 1942. Það er hann, sem enn á sinn mikla þátt í þeirri aðför að íslenzkri alþýðu, sem nú er hafin með gengislækkunarlögunum. Og ég hef hugboð um, að til hans megi að verulegu leyti rekja orsakirnar til þess, að stjórnarstarf lýðræðisflokkanna var rofið s. l. sumar.

Þessi atriði, sem ég hef nú nefnt, hafa kannske orkað meiru til að sigið hefur á ógæfuhlið í efnahagsmálum okkar Íslendinga en nokkuð annað.

Stefna Alþfl. hefur jafnan verið sú, að leitast við að miða allar aðgerðir við það, að allir hefðu atvinnu, og á því kaupi, sem hæst væri hægt að greiða, til þess að atvinnuvegirnir gætu gengið. Hann hefur gert einu tilraunina, sem gerð hefur verið til að stöðva skriðuna, um áramótin 1947 og 48, og hann hefur líka á það bent, að fölsk kauphækkun, sem enginn fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir, væri engum til góðs, og sízt launþegunum. En Alþfl. hefur um þessi mál öll viljað hafa nána samvinnu við samtök launþega, því að hann gerir sér ljóst, að því aðeins geta nokkrar ráðstafanir í þessum málum komið að notum, að launþegasamtökin standi á bak við þær og séu þeim sammála. — Á þetta hefur ekki verið fallizt nú, og meira að segja smávægilegum brtt. við gengislækkunarlögin, sem allsherjarsamtök launamanna óskuðu eftir, hefur verið neitað og þær felldar af stjórnarflokkunum.

Í þessu felst kannske aðalhættan nú. Við samningu gengislækkunarlaganna virðist höfundum þeirra hafa verið ljóst, að ráðstafanir þyrfti að gera til þess að bæta launþegum að verulegu leyti það tjón, sem þeir verða fyrir vegna gengislækkunarinnar; og stjórnarblöðin, eins og t. d. Morgunblaðið, fullyrtu, að tjónið yrði að fullu bætt. En það verður það nú auðvitað aldrei. Hins vegar virðist nú áhuginn fyrir þessum bótum, bæði við afgreiðslu frv. á Alþingi og síðar, hafa minnkað æði mikið. Á Alþingi í dag hefur þó hæstv. ríkisstj. haft í frammi nokkra viðleitni í þessa átt með uppbótagreiðslum til opinberra starfsmanna og skattaívilnun á lágar tekjur. En það verður stj. að vera ljóst, að á því, hvernig þetta tekst, velta örlög þessara aðgerða.

Ef ekki verður hægt að sætta launþegasamtökin við þær og hafa við þessi samtök fullt samkomulag til að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar, svo að þessi samtök neyðist til mótaðgerða, þá er enn voðinn vís. Þá heldur skriðan áfram að falla og stöðvast ekki fyrr en allt er lagt í rúst, til ómetanlegs tjóns fyrir alla þjóðina og þá auðvitað mest, eins og vant er, fyrir þá, sem af minnstu hafa að má.

Mín skoðun er sú, og okkar Alþýðuflokksmanna, að óheillaspor hafi verið stigið, ávinningurinn fyrir útgerðina hafi orðið hverfandi,

að minnsta kosti allt of lítill, álögurnar á almenning hafi orðið óhæfilega þungar, og nú ríði á að forðast — umfram allt annað — að lengra þurfi að halda á þessari óheillabraut. En það verður aðeins gert með því, að hæstv. ríkisstj. hafi nána samvinnu við stjórn launþegasamtakanna um aðgerðir til stöðvunar. Að vísu er ég vantrúaður á þetta samstarf, aðallega vegna þess, að þegar þessir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., hafa sameinazt, hefur það ávallt leitt til hins mesta ófarnaðar fyrir alþýðu þessa lands.

Gerðardómslög og gengislækkun eru og verða sjálfsagt lengi þau afkvæmi þessara flokka, sem fólk kennir mest á og man bezt, en öll afkvæmi þeirra, þessara íhaldssömu flokka, munu verða þannig, að bezt mun fyrir alla alþýðu landsins að gjalda varhuga við.

Í hinum ofsalegum árásum ráðherranna allra í gærkvöld, þótt á mismunandi hátt væri, á Alþfl. kom fram hræðsla hins seka manns, sem finnur, að hann hefur gert rangt og að það er að komast upp, og það er út af fyrir sig gott. En Alþfl. mun ekki kippa sér upp við það. Hann mun halda sínu striki þrátt fyrir öll frýjuorð og skammir og hiklaust benda alþýðu landsins á það, sem hann telur að betur mætti fara, hvernig svo sem þeir láta. Hann telur að hér hafi verið stigið óheillaspor, óþarflega þungar byrðar lagðar á þjóðina og óréttlátlega, og hann mun ekki linna látum fyrr en það hefur verið lagfært á einhvern veg.

Atvinnuvegirnir, sem bjarga átti, eru líka þannig á vegi staddir — eftir björgunina, að vélbátarnir hafa fengið lægra verð fyrir afurðirnar en áður og eru að stöðvast. Gömlu togararnir hreyfa sig ekki að ráði. Landbúnaðurinn krefst áburðar og fóðurbætis á gamla genginu, og iðnaðurinn er að stöðvast vegna hráefnaskorts, svo að litlu virðist nú hafa verið bjargað, og varla hefði verr farið, þó að gamla aðferðin hefði verið notuð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil fara nokkrum orðum um afgreiðslu fjárlaganna. Hún hefur nokkuð verið gerð að umtalsefni af háttvirtum stjórnarandstæðingum, og þó nokkuð á víð og dreif og samhengislítið.

Það hefur margt óviturlegt verið sagt um gengislækkunina, eins og oft vill verða, þegar menn leggja sig mjög í framkróka, til þess að gera eitthvert málefni sérstaklega tortryggilegt. Menn gerast þá „einfaldir í sinni þjónustu," eins og tekið er til orða á einum stað í öðru sambandi, og sjást ekki fyrir um röksemdirnar.

Ein af hinum fáránlegu fullyrðingum um gengisbreytinguna er sú, að hún hafi gert afgreiðslu fjárlaga litt viðráðanlega. Lítum á þetta ofurlítið nánar. Mér telst svo til, að fjárlagaútgjöldin hækki um sem allra næst 13 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar, en tekjur ríkissjóðs hækka um meira en tvöfalda þá fjárhæð vegna gengisbreytingarinnar, og er því auðséð, að áhrif hennar eru ekki óhagstæð fyrir ríkissjóð. En hér með er sagan þó ekki nema hálfsögð.

Framsóknarmenn bentu á það í fyrra við afgreiðslu fjárlaganna þá, að fjárlög yrðu ekki framar samin — það væri ekki hægt — á þeim fjárhagsgrundvelli, sem þá væri á byggt. Nú liggur þetta þó enn ljósar fyrir en þá. Það er nú augljóst orðið, að ef átt hefði að afgreiða fjárlögin án gengisbreytingar, þá hefði orðið að ætla a. m. k. 90 millj. kr. í uppbætur á afurðir bátaútvegsins eins, og marga milljónatugi í uppbætur á afurðir togaraflotans, ef togararnir hefðu ekki átt að stöðvast gersamlega fyrir löngu. Það hefði því þurft í uppbótagreiðslur mikið á annað hundrað millj. kr., og því hefði öllu orðið að mæta með nýjum tollum og sköttum, að viðbættum launauppbótum og mörgum öðrum lögboðnum útgjöldum, sem nú verður að bæta inn á fjárlagafrv. til leiðréttingar og samtals nema hartnær 30 millj. kr. Það hefði því orðið að afla hátt á annað hundrað millj. kr. með nýjum tollum og sköttum, ef gengisbreytingin hefði ekki verið gerð og ef átt hefði að halda áfram að synda í sama uppbótafeninu og áður.

Það rétta í þessu efni er því, að fullerfitt er, og bregður að vísu til beggja vona um hvort það tekst í framkvæmd, að afgreiða nú greiðsluhallalaus fjárlög, en það hefði verið gersamlega óhugsandi að reyna slíkt, án þess að breyta stórkostlega gengi krónunnar eða fara niðurskurðar- eða verðhjöðnunarleiðina, sem áreiðanlega hefði ekki þótt mildari eða mýkri á einum né neinum, ef hún hefði verið valin.

Þetta var nú um gengislækkunina og fjárlögin. Lítum þá ögn nánar á afgreiðslu fjárlaganna.

Það mun láta nærri, að fjárlagagjöldin hækki, ef allt fer svo sem líklegt er, um 37 millj. kr., eða svo. Ekki er þetta nú glæsileg útkoma, munu sumir hugsa.

Það má skipta gjaldahækkunum í 3 flokka. Fyrst eru hreinar leiðréttingar á frv., þ. e. a. s. settir inn gjaldapóstar, lögboðnir eða áður ákveðnir, sem ekki er, þegar af þeim ástæðum, hægt undan að komast, en þó voru ekki með á fjárlagafrv. Í þessum flokki verður bróðurparturinn af fjárhæðinni, eða sem allra næst 24 millj. kr.

Hér eru t. d. fjárhæðir eins og lögboðin gjöld til aflatryggingasjóðs 1750000 kr., lögboðið framlag til lækkunar á framleiðslukostnaði bátaútvegsins fram að gengislækkun kr. 1700000, lögboðin greiðsla vegna síldarkreppulána frá 1949 kr. 1300000, lögboðnar greiðslur vegna innlausnar á sjóveðum vegna síldarvertíðar 1949 kr. 1500000, lögboðið tillag til hafnarbótasjóðs kr. 1200000 og hækkun fjárveitingar til vegaviðhalds um 1800000 kr. upp í tæpar 13 millj. kr., og er það skoðað sem leiðrétting, þar sem vegaviðhaldið undanfarið hefur kostað meira en 13 millj. kr., en meiningin er að reyna að halda því nú í 12800000 kr., þrátt fyrir hækkun kostnaður við vegaviðhald vegna gengislækkunarinnar.

Langsamlega stærsta fjárhæðin í þessu, sem telja verður leiðréttingar á fjárlagafrv., eru launauppbætur til opinberra starfsmanna, en launauppbætur hafa verið greiddar á opinber

starfslaun síðan í júlí 1949, þótt ekkert væri tillit til þess tekið á fjárlagafrv. Hefur ríkisstj. lagt fram tillögu um það, hvernig þessar launauppbætur verði fyrir árið 1950, eftir að hafa fengið í hendur rannsókn þá á þessum málum, er milliþn. hefur haft með höndum. Uppbót þessi var greidd 20% frá júlí til des. 1949 og 20% í jan. og febr. 1950, en 15% frá því í marz s. l. Að athuguðu máli leggur ríkisstj. til, að þessar uppbætur verði 10—17% frá 1. júní, mismunandi eftir launaflokkum, enda verði vinnutími á skrifstofum lengdur í 38½ stund á viku. En á eftirlaun verði greidd 15% uppbót frá áramótum, þó ekki á hærri fjárhæð en 14400 kr.

Af þessu, sem ég hef nú sagt um brtt. við fjárlögin, sjáum við glöggt, að hækkun fjárlaganna, ef hv. Alþingi fylgir till. meiri hl. fjvn. og ríkisstj., er í raun réttri aðeins leiðréttingar. Þetta sést á því, að ég hef þegar gert grein fyrir 37 millj. hækkun, en það er sem næst sú fjárhæð, er frv. hækkar miðað við till. fjvn. og ríkisstj.

Tillögur um ný útgjöld, nýjar fjárveitingar, eru ekki teljandi frá fjvn. eða ríkisstj. Þær munu nema samtals á milli einnar og tveggja milljóna og er mætt með lækkun á öðrum liðum frv.

Ef við lítum á gjaldahlið fjárlaganna, er meginstefnan sú, að verklegar framkvæmdir og lögboðin útgjöld standa í stað og þó tæplega, þrátt fyrir gengisbreytinguna, og að útgjöld ríkisins yfirleitt standa í stað frá því sem fyrir lá í skuldbindingum, þegar farið var að vinna að fjárlögum eftir stjórnarskiptin, að öðru leyti en því sem beinir rekstrarliðir hækka óhjákvæmilega vegna sjálfrar gengisbreytingarinnar. Þetta þýðir raunverulega lækkun á mjög mörgum fjárveitingum, og raunverulega lækkun á ríkisútgjöldunum, þegar tekið er tillit til hins breytta verðgildis peninganna og þar af leiðandi aukins kostnaðar við framkvæmdir.

Vil ég þá minnast nokkuð á tekjuhlið fjárlaganna.

Samkvæmt þeim brtt., sem fjvn. hefur nú tekið upp, í samráði við ríkisstj., um tekjubálkinn, er gert ráð fyrir, að tekjurnar hækki um 36 millj. kr. Er hér nær eingöngu um áhrif frá gengisbreytingunni að ræða. Yfirleitt er stefnan sú, að halda í gildi gömlu skatta- og tollalöggjöfinni, að undanskilinni nokkurri lækkun á verðtolli og að undanskilinni lækkun á lægsta tekjuskatti, en um það hefur nú verið lagt fram stjfrv. á Alþingi. Hvort þessi tekjuáætlun stenzt, getur reynslan ein sýnt. Hún er byggð á því, að innflutningur og útflutningur verði nokkru lægri en í fyrra, en ekki miklu lægri. Viðskiptahorfur eru nú mjög skuggalegar, eins og kunnugt er. Það er ómögulegt að segja, hve innflutningur og útflutningur verður mikill, eins og raunar sjaldan er hægt, og enn síður nú en áður.

Á þessu sést glöggt það, sem ég hef bent á undanfarið, en dregið hefur verið í efa af stjórnarandstæðingum, að engin minnsta von var um afgreiðslu greiðsluhallalausra fjárlaga með því að fella niður tolla og skatta í stórum stíl. Á þessu getum við enn séð, hvílík reginfjarstæða það var og er, sem stjórnarandstæðingar hafa borið sér í munn, að það væri óþörf áníðsla að framlengja söluskattinn, það væri hægt að fella hann niður. Áætlað er, að hann gefi 47,5 millj. kr. Það hefur þýtt, að fjárlögin hefðu verið afgr. með 47 millj. kr. greiðsluhalla og e. t. v. meir, ef svo færi, að ekki næðist jöfnuður í reyndinni, jafnvel á þeim fjárlögum, sem nú er verið að afgreiða.

Það tekur alveg út yfir, að stjórnarandstæðingar skuli hafa fengið sig til þess að gera hróp að stj. fyrir að framlengja gömlu skattana frá tíð fyrrv. stjórna, þegar þess er gætt, að þessir sömu flokkar hafa verið ákafastir allra flokka í því að leggja á ríkissjóð öll þau útgjöld yfirleitt, sem hann nú verður að standa undir, og hafa ekki sýnt hinn minnsta lit á því að gera nokkrar tillögur til lækkunar á ríkisútgjöldunum eða bent á nokkra stóra liði fjárlaganna, sem niður geti fallið. Stjórnarandstaða, sem hagar sér þannig, er verra en gagnslaus.

Á undanförnum árum hefur ríkissjóður verið rekinn með stórfelldum greiðsluhalla. Á s. l. ári verður greiðsluhallinn vafalaust 40 millj. kr. Það er gífurlegt átak, sem þarf til þess að jafna á einu ári svo gífurlegan halla, einkum þegar þess er gætt, að búast má við því, að innflutningurinn, og þar með grundvöllurinn fyrir tolltekjunum, dragist saman. Það hefði í rauninni, til öryggis, þurft að skera í lögboðnu útgjöldin og verklegu framkvæmdirnar, en mönnum hefur ekki þótt fært að stíga stærra skref í þetta sinn en að láta fjárveitingar til verklegra framkvæmda haldast þær sömu í krónutölu og áður, og þó tæplega það, þrátt fyrir gengisbreytinguna og lækka þær þannig raunverulega. Sama má segja um flesta lögboðnu útgjaldaliðina. Þetta er gert í þeirri von, að þessi raunverulegi niðurskurður á þessum gjöldum og afnám útflutningsuppbótanna, ásamt nærri því algeru bindindi um að bæta neinum nýjum gjöldum á fjárlögin, eða nýrri útgjaldalöggjöf, muni nægja til þess að afnema greiðsluhallann.

Nú munu menn spyrja: Hvers vegna hafa ekki verið skorin niður í fjárlagafrv. útgjöld til sjálfs ríkisrekstrarins og sparað með því að draga saman ríkisbáknið, eins og daglega er tekið til orða?

Þessi fjárlög eru ekki afgreidd fyrr en langt er liðið á fjárhagsárið, af ástæðum, sem ég rek ekki hér. Stjórnin tók ekki við völdum fyrr en um miðjan marz, og eftir það byrjaði hún að vinna ásamt fjvn. að endurskoðun á fjárhag ríkisins og fjárlögunum. Ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við starfrækslu ríkisins eru þess eðlis, að þær þurfa nokkurn aðdraganda. Er það auðskilið mál, þegar þess er gætt, að þær yrðu yfirleitt að vera fólgnar í skipulagsbreytingum, samfærslu starfa, niðurlagningu embætta og öðrum þess háttar ráðstöfunum. Það er því óhugsandi, að slíkar ráðstafanir geti haft nokkur áhrif, sem heitið getur, á greiðslur úr ríkissjóði á því fjárhagsári, sem nú stendur yfir. Ríkisstj. hefur haft svo

fullar hendur verkefna síðan hún tók við, að þess hefur enginn kostur verið, eins og hver maður getur skilið, að rannsaka eða gera ákvarðanir um verulegar ráðstafanir í þessum efnum.

Það hefur verið kappkostað nú við afgreiðslu þessara fjárlaga að taka inn á fjárlögin öll þau útgjöld, sem menn vita að greiða þarf, og reynt að minnka nú bilið milli fjárveitinga og þess, sem borgað er úr ríkissjóði, frá því sem verið hefur undanfarið. Hins vegar hefur hvorki ríkisstj. né fjvn. viljað flytja tillögur til lækkunar á útgjöldum við starfrækslu ríkisins, nema það væri öruggt, að búið væri að gera eða hægt að gera í tæka tíð fullnægjandi ráðstafanir til þess, að sú lækkun yrði annað en á pappírnum. Það væri að svíkja sjálfan sig. Þessi afstaða hefur mótað viðhorf og tillögur um starfrækslukostnaðinn sjálfan. Ríkisstj. er hins vegar ráðin í því að láta fara fram ýtarlega athugun á starfrækslukostnaðinum, með það fyrir augum að koma þar á sparnaði. Mun hún leita sér aðstoðar sérfræðinga í þessu skyni.

Við vonumst fastlega eftir því, að þau fjárlög, sem nú verða afgreidd, standist í framkvæmd, þótt slíkt verði aldrei fullyrt. Og við vonum, að ríkisbúskapurinn verði greiðsluhallalaus á þessu ári. En fari nú svo, að slíkir örðugleikar steðji að, að ríkistekjurnar bregðist, þá mun sá þingmeirihluti, sem að stj. stendur, samt sem áður ekki gefast upp við að afnema greiðsluhallann á ríkisbúskapnum, af þeirri einföldu ástæðu, að hann telur það höfuðatriði til þess að koma jafnvægi á þjóðarbúskapinn. Verður þá þegar í haust að lækka ríkisútgjöldin. Það verður að gera sér það ljóst, að slík útkoma á þessu ári yrði órækur vottur þess, að þjóðarbúskapurinn stendur ekki undir þeirri ríkisstarfrækslu, sem nú er, og þeirri útgjaldalöggjöf, sem sett hefur verið. Ganga verður þá m. a. í að draga úr lögboðnum útgjöldum ríkisins til almennra mála og almennum fjárveitingum til viðbótar því, sem frekast reynist fært að spara af rekstrarkostnaði ríkisins.

Ég vil þá næst snúa mér nokkuð að þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, og árásum stjórnarandstæðinga. Fyrst vil ég segja fáein orð til að kvitta fyrir nokkur ummæli hv. 8. landsk., Stefáns Jóh. Stefánssonar, um Framsfl. Hann reyndi að koma inn þeirri skoðun, og það gerði hv. 5. landsk. þm., Ásmundur Sigurðsson, af veikum mætti líka, að ekki væri gott samræmi í því, sem Framsfl. hefði haldið fram um nauðsynlegar hliðarráðstafanir með gengislækkun, og því, sem framkvæmt væri nú ásamt gengislækkuninni. Í þessu sambandi vitnaði 8. landsk. í ræðu, sem ég flutti við 1. umr. gengislækkunarfrv., þar sem ég með nokkrum orðum lýsti, hvað þyrfti að gera, frá sjónarmiði Framsfl., jafnhliða því að gengið væri fellt. Kvað hann mig hafa lagt áherzlu á eftirfarandi:

Að stóreignaskatturinn væri aukinn og honum breytt frá því, sem frv. gerði ráð fyrir.

Að útvegað væri nýtt fjármagn til landbúnaðarins.

Að gerðar væru ráðstafanir til þess að fá nýtt fjármagn til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum og koma fram lækkun á húsaleigu, og loks:

Að breytt væri um stefnu í verzlunarmálunum, á þann hátt, sem Framsfl. hefði lagt til.

Þetta var allt rétt hjá hv. þm., enda hafði hann þetta eftir prentuðum útdrætti úr ræðunni. Gott og vel. Leggjum þessa yfirlýsingu mína til grundvallar og sjáum, hvað gerzt hefur.

Framsfl. kom fram mikilli hækkun á stóreignaskattinum, og verður hann á hæstu eignum 25% í stað 12% í frv.

Framsfl. tryggði, að nærfellt helmingur af þessum stóreignaskatti rennur til þess að auka lánsfé til landbúnaðarins og til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum.

Framsfl. kom því fram, að verkamannabústaðir, byggingarsjóður sveitanna og ræktunarsjóður fá gengishagnað bankanna, og þannig verður leyst sérstök þörf og m. a. nokkuð bætt úr því algera hirðuleysi, sem í þessum efnum ríkti, þegar Alþýðuflokksmenn höfðu þau með höndum.

Nú, áður en þingi lýkur, verður sett löggjöf um lækkun húsaleigu, sú sama og ég átti við, þegar ég talaði við 1. umr. gengislækkunarfrv.

Eftir eru þá verzlunarmálin. Eftir kosningar hefði átt að vera fyrir hendi meiri hluti fyrir verzlunarstefnu Framsfl., eftir þeirri afstöðu, sem áður hafði komið fram á þingi. Það þótti því líklegt, að það gengi fram, þar sem verkalýðsflokkarnir höfðu það á sínu valdi að hjálpa til að koma fram þessari stefnu, ef þeir meintu eitthvað með tali sínu um að bæta verzlunarástandið. Um þetta mál hefur staðið barátta í þinginu, og hefur nú úrskurður gengið, og er hann á þá lund, að Alþfl. gekk á móti málinu og eyðilagði það í neðri deild fyrir nokkrum dögum. Svo mikið kapp lagði flokkurinn á að koma þessu máli fyrir kattarnef, að einn af þingmönnum flokksins, sem áður hafði tekið afstöðu með málinu og á valt, var bundinn og látinn hjálpa til að eyðileggja það, til þess að öruggt væri, að engin mistök gætu í því orðið.

Framsóknarmenn tryggðu framgang mikilvægra ráðstafana jafnhliða gengisbreytingunni, og í ágreiningsmálinu um verzlunina við Sjálfstfl. áskildu þeir sér, að úrskurður Alþingis gengi, til þess að engu tækifæri væri glatað, og kom þá fram, að þeir, sem hæst tala um endurbætur á verzluninni, sátu á svikráðum við málið.

Málflutningur stjórnarandstæðinga hér í gærkvöld virtist mér vægast sagt furðulegur. Um gagnrýni var þar ekki að ræða, og skal ég sýna fram á það síðar.

Þingmenn stjórnarandstæðinga töluðu eins og gengislækkunin hefði verið gerð að þarflausu, af illkvittni stjórnarflokkanna og ríkisstj. Þeir gerðu ekki hina allra minnstu tilraun til þess að sýna fram á, hvað annað hefði verið hægt að gera, sem hefði gefið betri raun og komið betur niður en gengislækkunin, en þó náð þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi framleiðslustarfsemi og koma í veg fyrir at-

vinnuleysi og hrun. Þeir gengu jafnvel svo langt að halda því fram, að sjávarútvegurinn hefði ekkert gagn af gengislækkuninni, en þeir reyndu hins vegar ekki að draga upp mynd af því, hvernig væri ástatt um afkomumöguleika sjávarútvegsins, ef gengi sterlingspundsins hefði verið haft áfram rúmar 26 kr. Þeir nefndu dæmi um vörur, sem hefðu hækkað, en þeir gerðu ekki grein fyrir, að í gengislögunum eru ákveðnar launauppbætur eftir vísitölu, þegar framleiðslukostnaðurinn hækkar, sem hann að sjálfsögðu hlýtur að gera, vegna gengislækkunarinnar. Sumir gengu jafnvel svo langt að fullyrða út í bláinn, að vísitalan mundi ekki sýna hækkun á framfærslukostnaðinum, þótt hækkun yrði. Jafnframt forðuðust þeir að sjálfsögðu að minnast á það einu orði, hver væri nú hlutur almennings, ef genginu hefði verið haldið óbreyttu, framleiðslan látin stöðvast og atvinnuleysið látið skella yfir með öllum þess hörmungum. Þeir töluðu um, að það, sem kaupa þyrfti til að reka landbúnaðinn, hefði hækkað, en þeir forðuðust að geta þess með einu orði, að verð landbúnaðarvara á að hækka, miðað við aukinn framleiðslukostnað, hvað þá að þeir leiddu getum að, hvernig ástatt væri orðið og mundi verða í landbúnaðinum, ef útflutningsframleiðslan hefði aðgerðarlaust verið látin stöðvast og fótunum kippt undan afkomu fólks við sjávarsíðuna. Ætli bændur hefðu lengi fleytt rjóma í því ástandi?

Neyðarlegt var að heyra, þegar hv. 8. landsk., Stefán Jóh. Stefánsson, var að fárast um erfiðleika bænda af völdum gengislækkunarinnar, þegar þess er gætt, að það hefur verið eftirlætishugmynd þessa hv. þm. í mörg ár að leysa dýrtíðarvandamálið með því að þvinga niður verð á landbúnaðarafurðum einhliða.

Háttv. stjórnarandstæðingum ber að sýna fram á, hvernig hægt hefði verið að komast hjá gengislækkun, eða vera ómerkir ella. Eftir þessu verður gengið og engin miskunn sýnd í því efni. Hvar sem þeir opna sinn munn, munu þeir verða krafðir til reikningsskapar um þetta, og ekki komast undan því, hversu mikla stund sem þeir leggja á að slíta einstök atriði úr samhengi. Það er gagnrýni að sýna fram á galla þess, sem er, í samanburði við það, sem hefði verið hægt að gera, ef rétt hefði verið á haldið. Þetta er gagnrýni, hitt er rógur.

Það er víst ekki of mikið sagt, þótt því sé slegið föstu, að hver sá maður geri sig að viðundri í augum allra hugsandi manna, sem heldur því fram, að gengislækkun hafi verið óþörf, nema því aðeins, að hann geri sig að talsmanni þess, að leggja hefði átt á hátt á annað hundrað milljónir króna í nýjum tollum og ausa í enn nýjar uppbætur, eða talsmanni þess, að skera hefði átt niður stórkostlega kaupgjald, afurðaverð og allar peningagreiðslur, og vilji um leið halda því fram, að þetta hefði komið betur út fyrir bændur, sjávarútvegsmenn og launafólk.

Uppbótaleiðin hefði veitt mönnum a. m. k. jafnþungar búsifjar og gengisbreytingin, en gert allt fjárhagskerfið rotnara og rotnara með hverjum mánuðinum sem leið. Niðurfærsla, eða niðurskurðarleiðin, hefði komið þyngra við almenning en gengisbreytingin, og er það viðurkennt af öllum, sem þessi mál hafa athugað, og ekki síður af stjórnarandstæðingum.

En hvar standa stjórnarandstæðingar þá? Þeir standa uppvísir að því að deila á núverandi ríkisstj. og núverandi stjórnarflokka gegn betri vitund. Stjórnin er að framkvæma hluti, sem stjórnarandstæðingar sjálfir vissu og beinlínis viðurkenndu margir fyrir fram, að væru óumflýjanlegir. Alþýðuflokksmenn viðurkenndu, að uppbótaleiðin var ekki fær og niðurskurðarleiðin ekki heldur. Forkólfar stjórnarandstöðuflokkanna vissu það vel, að gengisbreyting hlaut að verða afleiðing þess öngþveitis, sem orðið var.

Kommúnistum er ekki sjálfrátt. Það vissu menn áður og það vita menn enn. Þeir bjóða málamyndarsamfylkingar, en álykta og hafa ályktað undanfarið enn sterkar en áður um fylgi sitt við Kominformstefnuna, sem jafngildir blindri þjónustu við kommúnistaflokk Rússlands. Þeir hafa talað um samfylkingu um úrlausnir í innanlandsmálum, en álykta gegn öllum úrræðum í fjármálum og atvinnumálum landsins, sem til greina geta komið. Þeir hafa þá einu tilburði við að smíða botn í sitt pólitíska kerald, að ekkert þyrfti að gera annað en rétta út höndina eftir mörkuðum í Austur-Evrópu, mörkuðum, sem undanfarin ár hafa verið og eru enn lokaðir, þrátt fyrir sienderteknar tilraunir íslenzkra stjórnarvalda til þess að selja þar vörur.

Þó er á þessu sá „smávægilegi" ágalli, eftir upplýsingum hv. þm. Siglf. í gærkvöld, að Íslendingar verða þá að hafa ráðherra, sem rússnesku stjórninni líkar við. M. ö. o. er það nú játað opinberlega af einum helzta forustumanni kommúnista blygðunarlaust, að ef þeir fengju að ráða, þá mundu þeir afhenda stjórn erlends ríkis valdið til að ráða því, hverjir ráðherrar yrðu á Íslandi, gegn því að fá að selja þar fisk. Það er undarlegt, að nokkur stjórnmálamaður, hvað þá heldur stjórnmálaflokkur, skuli vera svo djúpt sokkinn að byggja afstöðu sína á öðrum eins grundvelli og þessum.

Kommúnistar munu nú telja uppskerutíma vegna aðsteðjandi erfiðleika, en sáðtímann töldu þeir, þegar þeir komu verðbólguhjólinu yfir dauða punktinn og fengu það til að snúast með hæfilegum hraða. Þó mun þeim varla þykja ávöxturinn þroskaður orðinn. Þess vegna munu þeir leggja allt kapp á að eyðileggja jákvæðan árangur þess, sem hefur verið gert, og láta ekki takast að fyrirbyggja stöðvun og atvinnuleysi.

Að sumu leyti gegnir meiri furðu með Alþfl. Með óviturlegu og óraunhæfu fjasi um gengislækkun hefur hann vafið sig inn í eins konar hjúp, þar sem hann situr algerlega fastur og má sig hvergi hræra um sinn. Frá þessum uppvakningi heyrast mikil óp um gengislækkunina, og þykir hún mikil óhæfa.

Hér hefur verið lækkað gengi og ákveðnar launauppbætur með lögum. Í Bretlandi hefur alþýðuflokkur Bretlands lækkað gengið og sett allt kaupgjald fast. Í Noregi hefur alþýðuflokk-

ur Noregs látið hætta að miklu leyti að greiða niður verðlag á vörum með ríkisfé, með þeim afleiðingum, að verðlag hefur stórhækkað í landinu, en kaupgjaldi er haldið föstu. Alþfl. hér samþykkti gengislækkun 1939, og þá voru lögfestar miklu minni kaupuppbætur en nú. Voru þessar ráðstafanir árás á alþýðuna? Voru þær gerðar af illvilja? Svona mætti halda áfram að nefna dæmi um samræmið.

Alþfl. sýnist á góðri leið með að ærast af ótta við kommúnista. Alþfl. sýnist vera að taka upp þá aðferð að vilja hafa hönd í bagga, þegar sólin skín, en hlaupast frá vandanum, þegar syrtir að, og ætla þá öðrum að taka afleiðingunum af því, sem miður hefur tekizt. Alþfl. hefur grafið sig í fönn. Með þessum og þvílíkum vinnubrögðum getur Alþfl. aldrei orðið neinum að gagni. Það ætti hann að gera sér ljóst. Og hann ætti, og hefði átt á undanförnum árum, að semja sig að háttum alþýðuflokka í nálægum löndum. Þá mundu villur hans hafa orðið færri á undanförnum árum og betur horfa fyrir honum og alþýðustéttum þessa lands, sem nú mega gjalda þeirra flokka beggja, sem telja sig þeirra málsvara.

Stjórnarandstæðingar hafa færzt mikið í fang með árásum sínum á gengislækkunina. Geti þeir sýnt fram á, að hún hafi verið framkvæmd að nauðsynjalausu, eða illum vilja, af löngun til þess að þrengja kosti manna að óþörfu, þá hafa þeir gert skyldu sína með því að gagnrýna hana. En þessu marki ná þeir aldrei, svo sem margsannað hefur verið í þessum umræðum, nema þeir sýni fram á, hvaða önnur betri úrræði voru tiltæk. Það geta þeir aldrei, af ástæðum, sem mönnum eru ljósar orðnar, og þá er þeirra kostur ekki góður. Það kemur sem sé gleggra og gleggra í ljós, að gengislækkun var óumflýjanleg nauðsyn, afleiðing þess, sem áður var orðið. Og þeir bera ekki mikla virðingu fyrir sjálfum sér, sem leggja orku sína í að ófrægja aðra fyrir að framkvæma það, sem þeir sjálfir eru sannfærðir um, að var hið eina, sem hægt var að gera.

Ég ákæri stjórnarandstæðinga fyrir að hafa fallið fyrir freistingu þeirri, sem háskalegust er, að vera ábyrgðarlausir á háskastund og vinna það fyrir von í fylgi þeirra skammsýnustu að vinna skemmdarverk á þeim framkvæmdum, sem þeir sjálfir vita að voru óumflýjanleg nauðsyn.

Þetta er þung ákæra, en hún er sönn. Nú er það þjóðarinnar að hafa vit fyrir þessum mönnum. Láti hún ginnast, munu bíða enn stórfelldari vandkvæði en enn þá hafa orðið, — en sýni menn þann þroska og skilning að snúa baki við þessum mönnum og fylkja sér til stuðnings nauðsynlegum viðreisnarstörfum, þótt ípyngja kunni í bili, þá mun þjóðinni takast að komast hjá því allra versta og tiltölulega léttilega vinna bug á öllum erfiðleikum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Emil Jónsson reyndi að verja afstöðu flokks síns með því að bera í bætifláka fyrir niðurgreiðsluleiðina. Hann vildi vefengja umsögn atvmrh., að þurft hefði 150—200 millj. kr. á þessu ári til niðurgreiðslna, ef þeim hefði verið haldið áfram. Emil Jónsson talaði um 37 millj. í þessu sambandi. Þetta sýnir, hversu hv. þm. er langt úti á þekju í málinu eða að hann lokar augunum fyrir þeim útreikningum, sem birtir hafa verið, enda er það sú eina afstaða, sem hann og flokkur hans geta tekið, til þess að vera samkvæmir sjálfum sér í þeirri furðulegu fjármálastefnu, sem þeir hafa valið sér. Hv. þm. gleymir því, að það var ekki aðeins bátaflotinn, sem var kominn í þrot og þurfti að bjarga. Það var einnig togaraflotinn. Hann væri nú allur stöðvaður og bundinn í höfnum — ef stefna Emils Jónssonar hefði fengið að ráða.

Einar Olgeirsson endurtók æði oft í ræðu sinni í kvöld: Verkin lofa meistarann. Ég hygg, að þetta sé mjög smellin lýsing á sjálfri ræðunni. Hún var mjög gott sýnishorn af hans venjulegu ræðumennsku, óstöðvandi flaumur villandi og rangra fullyrðinga um allt, sem við getum selt Rússum, um öll þau gæði, sem bíða okkar austan járntjaldsins. En hann gleymdi að skýra frá því, hversu mikið hann flýtti sér að komast burt úr rússnesku sælunni, þegar hann var þar síðast. Sjaldan mun órórri maður hafa dvalið nokkra daga í Moskva, eftir því, sem þeir sögðu, sem með honum voru þar.

Ræðan, sem hann hélt hér á Alþingi í kvöld, var sú ræða, sem kommúnistar halda nú um öll Vesturlönd, að boði yfirboðaranna í Moskva.

Talsmaður Alþfl. ræddi í gærkvöld um það sem hvert annað hneyksli, að Sjálfstfl. skyldi hafa efst á stefnuskrá sinni styrkjalausan atvinnurekstur og frjálsa verzlun. Sagði hann, að það væri sama og gefa útgerðarmönnum og kaupsýslumönnum frjálsar hendur til að safna auði.

Það hefur mörgum verið kunnugt, að fátt er meiri þyrnir í augum Alþýðuflokksforingjanna en efnahagsleg velgengni einhverra stétta þjóðfélagsins og þá ekki síst framleiðslustéttanna. En fáa mun hafa órað fyrir því, að þeir teldu það vænlegasta ráðið til að bæta kjör almennings, að útflutningsframleiðslan væri gjaldþrota niðursetningur hjá fjárvana ríkissjóði og verzlunin væri drepin í dróma hafta og svartamarkaðsbrasks.

Það, sem nú veldur mestum erfiðleikum, er sú staðreynd, að þjóðin fær nú minna en áður fyrir það, sem hún framleiðir. Hún fær nú minni erlend gæði fyrir þá framleiðslu, sem hún selur til útlanda, vegna þess að kaupendurnir þar vilja ekki greiða nú jafnhátt verð og áður. Um þetta er við engan að sakast. Þjóðin verður að geta tekið því, sem að höndum ber í þessu efni, án þess að láta pólitíska áróður villa sér sýn. Kommúnistar og Alþfl. reyna að telja landsmönnum trú um, að lækkun gengisins sé nú að keyra hér allt um þverbak. Þeir góðu menn ættu að gera sér grein fyrir, hvar skórinn kreppir. Ekki er það gengislækkuninni að kenna, að freðfiskurinn er nær óseljanlegur eða að ísfiskmarkaðurinn í Bretlandi er að hrynja. Ekki er það gengislækkuninni að kenna, að gjaldeyrisástandið er nú svo erfitt,

að ekki er hægt að halda uppi eðlilegri byggingarstarfsemi, að iðnaðurinn verður að draga saman reksturinn, að verzlunin horfir fram á gjaldþrot og stór hópur námsmanna verður að hætta námi erlendis. Gengislækkunin var neyðarúrræði til þess að rétta hlut útflutningsframleiðslunnar, sem komin var að stöðvun. Vel má svo fara, að þessi ráðstöfun nægi ekki til að standast áföll verðlækkunar og sölutregðu á erlendum markaði. En það sýnir þá betur en nokkuð annað, hversu óumflýjanleg þessi ráðstöfun var og hversu barnalegar eru fullyrðingar þeirra manna, sem halda því fram, að hægt væri að halda framleiðslunni gangandi með því að láta þjóðina greiða allan taprekstur inn með sköttum.

Sjaldan hefur komið greinilegar fram en nú, hversu allt athafnalíf í landinu er háð útflutningsframleiðslunni. Bresti grundvöllurinn undir henni, er allur annar atvinnurekstur í landinu í hættu. Landbúnaðurinn þarfnast véla, áburðar og kjarnfóðurs. Iðnaðurinn þarf erlend hráefni. Byggingariðnaðurinn þarf að flytja inn mikinn hluta byggingarefnisins. Útflutningsframleiðslan sjálf þarf tæki og efni í stórum stíl erlendis frá til starfrækslu sinnar. Sé ekki hægt að fullnægja þörfum þessara atvinnugreina á erlendum vörum, kemur sá skortur fram í atvinnuleysi, vegna þess að reksturinn dregst saman.

Til þess að fullnægja aðkallandi þörf á innfluttum vörum fyrri hluta ársins er talið, að gefa þurfi út leyfi fyrir 390 millj. kr. Af því hafa þegar verið gefin út leyfi fyrir 276 millj. frá áramótum, en ný leyfi, sem þyrfti að gefa út, nema 114 millj. kr. Af þessum 390 millj. er talið að hægt sé að greiða fram til 1. júlí um 240 millj. kr. Skortir þá 150 millj. kr. eingöngu í sterling-gjaldeyri, til þess að hægt sé að greiða fyrir þessar aðkallandi þarfir.

Þess ber og að gæta, að nokkuð af þeim gjaldeyri, sem talið er að hægt sé að greiða, er yfirdráttarheimild í clearingreikningum, sem gert er ráð fyrir að greiða með vörum síðar á árinu.

240 millj. kr., sem hægt væri að flytja inn fyrri hluta ársins, svarar til 140 millj. kr. innflutnings í fyrra. Til samanburðar má geta þess, að fyrri helming síðasta árs var flutt inn fyrir 206 millj. kr. Verður því innflutningurinn nú á sama tíma um 66 millj. kr. minni, miðað við fyrra gengi.

Innflutningsmöguleikar síðara missiri ársins fara eftir því, hvernig síldveiðarnar heppnast. Bregðist þær, verður að taka margt til endurskoðunar, sem þjóðarbúið varðar.

Minnkandi gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa mjög viðtæk áhrif á atvinnuna og fjárfestinguna í landinu. Gert er ráð fyrir að veita á þessu ári leyfi fyrir 4500 standördum af timbri á móti 7000 standördum árið 1949. Af sementi er gert ráð fyrir að veita leyfi til 1. júlí fyrir 18 þús. tonnum, og ef vel gengur með öflun gjaldeyris síðari hluta ársins, að veita 14000 tonn í viðbót. Þetta yrði samtals 32000 tonn á móti innflutningi síðasta árs, er nam um 45000 tonnum.

Af þessum tölum má ráða, hversu mikils samdráttar má vænta í byggingariðnaðinum og þar með fjárfestingunni vegna gjaldeyrisskorts, og er þó líklegt, að samdrátturinn og vöruvöntunin verði enn meiri í ýmsum öðrum greinum byggingarefna en þeirra, sem nú hafa verið nefnd.

Að því er iðnaðinn snertir, má geta þess, að gert er ráð fyrir að veita leyfi undir þessum lið innflutningsáætlunarinnar til 1. júlí 19,7 millj. kr., en síðari hluta ársins 9,3 millj., eða samtals 29 millj. kr. allt árið. Sambærilegar leyfisveitingar 1949 voru 35 millj. kr. Er því ljóst, að einhver samdráttur hlýtur að verða í iðnaðarframleiðslunni, þótt hægt verði að standa við áætlunina, sem engan veginn er víst.

Möguleikar í innflutningi fyrir allt þetta ár eru áætlaðir 325 millj. kr., reiknað með eldra genginu. Innflutningur síðasta árs var 424 millj. kr. — Þessar tölur gefa nokkuð til kynna, hversu rýrnað hafa útflutningsverðmæti þjóðarinnar vegna lækkandi verðs og sölutregðu á erlendum mörkuðum.

Þegar rætt er um gjaldeyrisafkomu þjóðarinnar, er eðlilegt, að athuguð sé afgreiðsla fjárlaganna, því að hvort tveggja bindur nokkuð hvað annað. Afgreiðslunni er að vísu ekki lokið, en nokkuð ljóst liggur nú fyrir, hvernig hún muni verða. Engum gat dulizt, að gengisbreytingin hlaut að hafa mikil áhrif á ýmsa liði fjárlaganna og hækka niðurstöðutölur þeirra. Til dæmis hækka útgjöld einnar stofnunar, landssímans, um margar milljónir. Það ætti ekki heldur að vekja mikla furðu, þótt fjárlögin hækkuðu um leið og erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um nærri 75%. Framlag til verklegra framkvæmda hækkar þó ekki, þrátt fyrir það að erlent efni til þeirra hækkar í verði. Er því raunverulega um talsverða lækkun að ræða á þessum liðum frá því, sem var áður en gengisbreytingin gekk í gildi.

Margir munu telja æskilegt, að eitthvað hefði verið dregið úr útgjöldum fjárlaganna að krónutali. Hins er þá og að gæta, að með hinni stórfelldu gengislækkun hefur efnahagsástandið í landinu gerbreytzt svo, að eftir því sem þessarar ráðstöfunar fer að gæta, dregur úr áhrifum verðþenslunnar. Um það má deila hvort gerlegt sé að framkvæma hvort tveggja, mikla gengislækkun og niðurskurð á fjárlögunum. Þótt breyta þurfi efnahagsástandinu, þá getur verið hættulegt að breyta því of skyndilega á mjög róttækan hátt. Slíkt gæti valdið stöðvun í atvinnulífinu, sem ekki væri nauðsynleg og því síður æskileg. Þess vegna var talið hyggilegra að skera ekki niður krónutölu verklegra framkvæmda skv. fjárlagafrv., þangað til síðar, hver áhrif gengisbreytingin hefur á atvinnuástandið í landinu.

Hinn mikli greiðsluhalli fjárlaganna undanfarin þrjú ár stafar að talsverðu leyti af því, að margir útgjaldaliðir voru ekki teknir í fjárlög, þótt telja mætti víst, að þeir kæmu til útborgunar. Stjórnin hefur talið það ófrávíkjanlegt skilyrði, að fjárlögin verði afgreidd án greiðsluhalla. Einn þáttur í þeirri viðleitni er að taka upp í fjárlögin allar greiðslur, sem ákveðnar eru í lögum eða á annan hátt vitan-

legt er að muni koma til útborgunar. Þetta meðal annars hækkar útgjöld fjárlaganna, en tryggir jafnframt, að minni hætta er á greiðsluhalla, ef tekjuáætlunin fær staðizt.

Hitt er svo annað mál, sem varla verður um deilt, að fyrir næsta fjárhagsár verður að gera miklar breytingar á fjárlögunum til þess að samræma þau þverrandi fjárveltu og minnkandi atvinnutekjum. Til þess þarf undirbúning vegna lagabreytinga og vegna breytingar á ýmsum rekstri ríkisins, sem ýmist mætti draga saman eða leggja niður.

Út af þeim stöðugu árásum, sem Alþfl. heldur uppi á aðgerðir stj. í sambandi við gengislækkunina, væri freistandi að fletta ofan af þeirri dæmalausu hræsni og óvenjulegu einfeldni, sem lýsir sér í allri málafærslu flokksins. Stjórnarblöðin hafa þó til þessa hlíft flokknum í þessu efni í von um að hann komi auga á það, hversu afstaða hans er ábyrgðarlaus og á öndverðum meið við allt skynsamlegt vit. Enginn er forviða, þótt kommúnistarnir hagi sér svo. Enginn ætlast til annars en ábyrgðarleysis af þeim. En hin ábyrgðarlausa og einkennilega afstaða Alþfl. sést fyrst í réttu ljósi, þegar hún er borin saman við ráðstafanir og stefnu skoðanabræðra hans í Bretlandi og Noregi.

Noregur hefur fyrir skömmu orðið að rifa seglin eins og vér Íslendingar, að vísu ekki með beinni gengislækkun, heldur með ráðstöfunum, sem bitna á þjóðinni nákvæmlega á sama hátt. Norska stjórnin hafði frá stríðsbyrjun leitazt við að halda niðri verðlaginu innanlands með gífurlegu framlagi úr ríkissjóði. Síðasta reikningsár var greitt úr ríkissjóði 600 millj. kr. En samkvæmt áætlun mundi framlagið verða að hækka á þessu ári upp í 1050 millj. kr. til þess að halda verðlaginu óbreyttu. Norska stjórnin taldi sig ekki hafa bolmagn til að auka framlag ríkisins um 450 millj. kr. og ákvað því að stinga við fótum og láta verðlagið hækka. Mikil verðhækkun varð á ýmsum matvörum, fatnaði, skófatnaði, veiðarfærum o. fl. Talið er, að verðhækkunin nemi á hverja fjögurra manna fjölskyldu yfir 700 ísl. kr. á ári. Þessar ráðstafanir eru gerðar af ríkisstjórn norskra verkamanna, án þess að nokkur hækkun á kaupi komi þar á móti, að minnsta kosti fyrst í stað. Fulltrúar norskra verkalýðsfélaga, samband vinnuveitenda og bænda hafa samþykkt að styðja þessar ráðstafanir og vinna sameiginlega að því að bjarga landi sínu yfir það erfiðleikatímabil, sem nú fer í hönd.

Brezka verkamannastjórnin lækkaði gengi sterlingspundsins í september s. l. um 30%, eins og kunnugt er. Innkaup erlendra vara hækkaði um 43%. Þrátt fyrir þessa miklu verðhækkun á innfluttum vörum hefur brezka stjórnin staðið ósveigjanleg gegn því, að nokkur kauphækkun væri leyfð vegna þessara ráðstafana.

Hér eiga hlut að máli tvær ríkisstjórnir verkamanna, sem Alþfl. íslenzki hefur í mestum hávegum og telur sér andlega skyldastar. Er munurinn á honum og þessum ríkisstjórnum sá, að þær hafa haft hugrekki og framsýni til að gera það, sem þær telja rétt og óumflýjanlegt, þótt það leggist með nokkrum þunga á bak þeim stéttum, sem þessar ríkisstjórnir styðjast við. En Alþfl. skortir gersamlega hugrekki og manndóm skoðanabræðra sinna í Noregi og Bretlandi. — Hér fordæmir hann, rægir og afflytur hinar sömu ráðstafanir og gerðar voru af þessum erlendu skoðanabræðrum. Hér gengur hann berserksgang gegn ráðstöfunum, sem norskir og brezkir jafnaðarmenn töldu lífsnauðsyn í sínu landi undir svipuðum kringumstæðum. Gerir hann það af sannfæringu? Nei, ef hann hefði einhverja sannfæringu í málinu, þá mundi hann líka hafa ákveðna skoðun á því, hvernig ætti að leysa vandamálin án gengislækkunar og þar af leiðandi verðhækkunar. Hann hefur enga skoðun fram að flytja í því efni. Hann hefur engar tillögur, sem staðizt geta gagnrýni hinna einföldustu.

Sú fullyrðing, að hægt sé að halda útflutningsframleiðslunni uppi með styrkjum úr ríkissjóði, án þess að þjóðin þurfi að súpa af því seyðið í fullum mæli, er of fjarstæðukennd til þess að alþýðuflokksforingjarnir trúi henni sjálfir, enda hafa þeir lýst yfir því, að slík leið sé ekki lengur fær. Þeir hafa heldur aldrei reynt að finna orðum sínum stað með nákvæmum tölum og greinargerð um það, hvernig þetta mætti framkvæma með fallandi afurðaverði á erlendum markaði og hækkandi framleiðslukostnaði innanlands. Þetta er fullyrðing, sem þeir trúa ekki á sjálfir, en þeir nota hana sem skálkaskjól til þess að fela sitt eigið pólitíska hugleysi, hugleysi til að horfast gegn staðreyndunum og erfiðleikunum, hugleysi til að leggja á þjóðina byrði, sem nú er orðin óhjákvæmileg nauðsyn og hlýtur fyrst í stað að vera pólitískt óvinsæl, hugleysi til að gera það sama og skoðanabræður þeirra í Bretlandi og Noregi hafa gert til að leysa svipaða erfiðleika og hér er við að stríða. Kannske mætti kalla hugleysið öðru nafni kommúnistahræðslu.

Fyrir þá, sem til þess hafa skap, eins og nú er komið efnahag þjóðarinnar, er það óneitanlega léttara hlutverk að fordæma gengislækkun, berja sér á brjóst og segjast ekki vilja leggja neinar byrðar á þjóðina heldur en að framkvæma slíkar nauðsynlegar sársaukaráðstafanir. Það er léttara hlutverk, en hitt er svo annað mál, hversu veglegt það er.

Þjóðin lifir aldrei til langframa á hræðslu og rakalausum staðhæfingum. Hún lifir lengst á því að horfast gegn staðreyndunum og sigrast á erfiðleikunum með dugnaði og drengskap.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. eigi eftir að tala hér í kvöld og að honum láist þá ekki að kveðja. Hæstv. ráðherra mun nefnilega vera á förum af landi brott rétt einu sinni á kostnað þjóðarinnar í viðtækasta skilningi. Á mánudaginn kemur hefst í Lundúnum fundur utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna, þessara samtaka, þar sem hugsjónirnar eru vígvélar og morðtól og markmiðið árásarstyrjöld. Þessi sami ráðherra sótti fyrsta fund þessara samtaka fyrir rúmu ári

með nokkuð sérstæðu móti og flutti þá hina frægu klöguræðu sína um íslenzku þjóðina. Í þetta sinn getur ræðan orðið annars eðlis, nú hefur ráðherrann frækilegan sigur að státa af. Hann hefur látið dæma 20 saklausa landa sína í þunga fangelsisdóma í þágu styrjaldarsamtakanna eftir ódæma hneykslanlegan málarekstur. Sú ræða verður ekki kviðabundnar afsakanir og sjálfsréttlæting og skrílslegt þvaður um einstaka menn, eins og orð hans um dómana hér áðan. Þvert á móti mun ráðherrann sýna fram á það með steigurhætti og með fullum rétti, að þessir dómar eru ekki hefnd við 20 einstaklinga, heldur kveðnir upp yfir íslenzkum alþýðusamtökum og öllum þeim, sem vilja, að Íslendingar lifi sem frjáls og friðsöm þjóð í landi sínu. Hér á Íslandi hefur þegar verið hafið í verki það stríð, sem Atlantshafsbandalaginu er ætlað að reka á víðtækasta sviði gegn verkalýðshreyfingu og sósíalisma, og hin nýja ríkisstjórn Íslands hefur þegar staðizt einnig þessa prófraun sína.

Ráðherranum fylgja í utanstefnunni uggur og ótti íslenzku þjóðarinnar. Það er orðin sár reynsla, að valdamenn afturhaldsins, og sérstaklega þessi ráðherra, mega vart tala svo við erlenda ráðamenn, að þeir láti ekki föl íslenzk landsréttindi. Og í styrjaldarsamtökum bandarísk auðvaldsins hafa Íslendingar ekkert fram að leggja annað en land sitt og landsréttindi og geta ekkert borið úr býtum annað en það, að Ísland verði bækistöð þeirra bandarísku morðtóla, sem talin eru geta tortímt öllu mannkyni. Um þetta fer ráðherrann nú að semja — sá hinn sami ráðherra, sem með einræðisvaldi sínu í afurðasölumálum hefur samið af þjóðinni efnahagslegt sjálfstæði, er að koma Íslendingum á vonarvöl og gera þá að bónbjargarmönnum, sem setja traust sitt á gjafakorn og viðreisnarkartöflur úr eyðileggingarhaugum yfirboðaranna fyrir vestan haf. Hver þau ótíðindi verða, sem ráðherrann kemur að þessu sinni með úr för sinni, mun fljótlega koma í ljós.

En þótt þjóðin fylgist af ugg og ótta með hinni nýju utanstefnu Bjarna Benediktssonar, getur hann huggað sig við, að hvað sem hann lætur falt, mun formaður Alþfl. jafnan telja of lítið boðið. Ummæli Stefáns Jóh. Stefánssonar í gær um utanríkisstefnu stjórnarinnar eru önnur traustsyfirlýsing frá hans hendi á tveim mánuðum, og þau ummæli hafa vissulega hljómað kunnuglega í eyrum Íslendinga. En að öðru leyti hljóta ræður þeirra Stefáns Jóh. Stefánssonar og Emils Jónssonar að hafa haft næsta ókunnuglegan blæ. Undanfarin þrjú ár hafa þessir tveir forsprakkar ævinlega talað við hliðstæð tækifæri sem ráðherrar, einlægustu aðdáendur sinnar eigin stjórnar. Allan þennan tíma hafa þeir með óbilandi brjóstheilindum mælt bót sívaxandi tollum og sköttum, borið blak af svörtum markaði, verzlunaróreiðu og húsnæðisleysi, afsakað skipulagða dýrtíð og vöruskort, dásamað kauplækkanir og minnkandi atvinnu og meira að segja lýst gengislækkun sem blessunarríkri ráðstöfun, þegar gengið var fellt í fyrra sinn s. l. haust. Nú koma þessir fyrrverandi ráðherrar fram í nýju gervi, sem konunglegir stjórnarandstæðingar, og nota í þetta sinn sömu brjóstheilindin til mjög réttmætra áfellisdóma yfir tollum og sköttum, svörtum markaði, verzlunaróreiðu, húsnæðisleysi, dýrtíð, vöruskorti, atvinnuleysi og umfram allt gengislækkun. Hinir konunglegu stjórnarandstæðingar Stefán Jóh. Stefánsson og Emil Jónsson virðast þannig vera að húðstrýkja ráðherrana með sömu nöfnum, því að það hefur ekki orðið nokkur minnsta breyting á stjórnarstefnunni í landinu, allar athafnir núverandi stjórnar eru beint áframhald af aðgerðum þeirrar fyrstu, sem Alþfl. hefur myndað.

Því miður er skýringin á þessum umskiptum ekki sú, að Alþýðuflokksleiðtogarnir hafi fundið löngu týnda samvizku sína og endurfæðzt. Það sést m. a. á málflutningnum, sem er í sjálfu sér ósamþykkur og svífur í lausu lofti. Þeir þykjast vera andvígir gengislækkun, en dásama um leið Marshallsamninginn, sem er orsök gengislækkunarinnar og kvað á um hana fyrir tveimur árum, enda var það einmitt fyrsta stjórn Alþfl., sem kvaddi til Íslands hinn bandaríska gengislækkunarfræðing, Benjamín Eiríksson, vorið 1949. Og í gær lýsti hæstv. forsrh. því yfir, að forsprakkar Alþfl. hefðu stutt gengislækkunina á bak við tjöldin, þótt þeim þætti rétt að flíka öðru við almenning. Alþýðuflokksleiðtogarnir hafa allt í einu uppgötvað þrot útflutningsframleiðslunnar og sívaxandi vöruskort, sem mótar daglegt líf hvers alþýðuheimilis og er að leggja iðnaðinn í rúst, en jafnframt votta þeir órofa tryggð Marshallstefnunni, sem njörfar Ísland við heim kreppu, örbirgðar og hruns og er sjálf orsök þess öngþveitis, sem mótar efnahagslíf Íslendinga. Þeir impra enn á sósíalisma við hátíðlegustu tækifæri, en eru jafnframt minnstu og áköfustu þátttakendur í þeirri samábyrgð deyjandi kapítalisma, sem nefnist Atlantshafsbandalag, Marshallsamstarf og Evrópuráð. Það er sem sé mótsögn, þegar þeir lýsa yfir andstöðu við stefnu stjórnarinnar í innanlandsmálum, en votta utanríkisstefnu hennar traust. Stefnan í utanríkismálum, markaðshrunið, auðvaldskreppan, eru meginástæður til þeirrar fátæktar, sem nú er verið að leiða yfir íslenzku þjóðina.

Nei, samvizka Alþýðuflokksleiðtogana er jafnófundin og fyrr — þeir hafa ekki endurfæðzt. Þeim hefur aðeins verið úthlutað nýjum hlutverkum í því sjónarspili, sem afturhaldið leikur látlaust frammi fyrir íslenzkri alþýðu. Þeir eru ekki lengur nothæfir sem ráðherrar um sinn og hefur því verið skipað í ytri víglínu, þar sem þeir eiga að reyna að laða til sín þær þúsundir, sem eru að snúa baki við núverandi stjórnarflokkum, svo að þær glatist ekki hinni sameiginlegu stefnu. Þess vegna hafa þessir ágætu menn, eins og Ólafur Thors kallaði þá í öðru hverju orði í gær, nú fengið leyfi til að fordæma í orði afleiðingar þeirrar stjórnarstefnu, sem þeir eru manna áfjáðastir í að viðhalda.

Sá leikaraskapur, er mótar hin snöggu og al-

geru hlutverkaskipti Alþýðuflokksleiðtoganna, er að verða æ ríkari þáttur í íslenzkum stjórnmálum. Þeir dagar eru nú löngu liðnir, að forsprakkar afturhaldsflokkanna segi nokkurn veginn einlæglega frá skoðunum sínum og ætlunarverkum. Í staðinn er það orðin regla að mæla þvert um hug og reyna með því að gera fólk að sjálfs sín böðlum. Það er ekki aðeins sérgrein Alþfl., heldur einnig eftirlætisiðprótt hinna afturhaldsflokkanna. Er hin blygðunarlausa framkoma Framsfl. síðustu mánuði einstætt dæmi um það. Verður sú niðurlægingarsaga Framsfl. ekki rakin hér, en aðeins minnzt á einn lítinn þátt hennar.

Flestum munu í fersku minni skrif Tímans um húsnæðismál fyrir kosningarnar í vetur, að minnsta kosti þeim þúsundum, sem búa í óhæfu húsnæði við enn krappari kjör en nokkru sinni fyrr. Dag eftir dag skýrði Tíminn nákvæmlega frá hinu erfiða hlutskipti þessa fólks og lýsti jafnframt leiðtogum Framsfl. sem forsprökkum í heilögu stríði gegn húsnæðisskorti og örbirgð. Þess er því miður ekki kostur að rekja þessi skrif, en sem dæmi má nefna eftirfarandi ályktun um húsnæðismálin, sem birtist daginn fyrir jólahátíðina:

„Við Íslendingar þykjumst fyllast ógn og hryllingi þegar við heyrum, að fólk hafi verið dæmt til dauða úti í löndum — kannske í hópum. En er ekki eitthvað af hræsni og yfirdrepsskap í þessum hrolli, meðan svo er ástatt í höfuðstað landsins sem nú hefur verið lýst?

Með þeirri eymd, sem hér er látin viðgangast, er nefnilega verið að dæma til dauða, bæði andlega og líkamlega, hópa barna á ýmsum aldri og jafnvel fullorðið fólk líka. Það er hollast fyrir alla að gera sér afdráttarlaust grein fyrir ástandinu, og síðan getur hver og einn stungið hendinni í eigin barm og hugleitt, hvað af ábyrgðinni hann ber.

Þessir ömurlegu mannabústaðir, sem hér hefur verið lýst og líklega eru verri og ömurlegri en verstu greni Reykjavíkur á dögum Jörundar hundadagakonungs, eru svo að segja allt í kringum bæinn. Í öllum áttum eru þessi fátækrahverfi sprottin upp — þyrpingar af kofaskriflum, yfirfullum af fólki á mismunandi stigum örbirgðar og vonleysis."

En Tíminn lét sér ekki nægja að lýsa, hann kvaðst skera upp herör. Það yrði að bjarga þessu fólki, „og ekkert getur bjargað því og börnum þess nema betri húsakynni." Tíminn kvað knýjandi nauðsyn að gera „tafarlausa áætlun um það, hvernig húsnæðismálin verði leyst ... og framkvæma þá áætlun undanbragðalaust og án tafar, svo að allir Reykvíkingar geti á næstu missirum komizt í húsnæði, sem við verður unað." Hámarki sínu náði þessi herhvöt með áskorun, sem einn af frambjóðendum Framsfl. birti undir fullu nafni um tafarlausar róttækar aðgerðir. En hin nauðsynlega forsenda að öllum róttækum aðgerðum var svo að sjálfsögðu að kjósa Framsfl., þar var sjálfur hornsteinn þeirra bygginga, sem á næstu missirum áttu að rísa handa húsnæðisleysingjunum.

Þetta var sem sagt fyrir kosningar í vetur, og það skal strax tekið fram, að lýsingar Tímans voru óvenjulega skorinorðar og sannar frásagnir um ömurlega þjóðfélagsmeinsemd. Og einmitt þess vegna voru þessi skrif svo alvarleg. Þau vöktu nýjar vonir hjá þúsundum manna, vonir um mannsæmandi lífskjör og uppeldisskilyrði þeirra barna, sem Tíminn sagði að hefðu bókstaflega verið dæmd til dauða af þjóðfélaginu.

En hverjar urðu svo hinar róttæku aðgerðir? Jú, þær hafa komið fram skref af skrefi. Þær hófust á því, að Framsfl. gerði bandalag við íhaldið um stórfelldustu árás, sem gerð hefur verið á lífskjör almennings, gengislækkunina. Hún bitnar harðast á því fólki, sem býr við bágust kjör, á þeim, sem áttu að heita skjólstæðingar Tímans fyrir örfáum mánuðum. Á hverjum einasta degi berast nýjar fréttir um verðhækkanir á brýnustu neyzluvörum, og af þeim er kolahækkunin, sem þó er aðeins rétt byrjuð, sérstök Framsóknarsending til braggabúanna, sem nú munu margir örvænta um að geta framvegis haldið kuldanum utan dyra.

En hinar róttæku aðgerðir Framsfl. hafa ekki aðeins verið almennar árásir á lífskjör Íslendinga, flokkurinn hefur einmitt haft sérstaka og sérstæða forustu í húsnæðismálunum hér á Alþingi. Um sama leyti og herferð Tímans stóð hvað hæst, fluttum við sósialistar frv. hér á þingi um, að lagakaflinn um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis tæki gildi á ný. Það eru framsóknarmenn, einmitt framsóknarmenn, sem nú hafa forustu um að berjast gegn því frv. og hindra samþykkt þess.

Við 2. umr. fjárlaga bárum við sósialistar fram till. um takmarkað fjárframlag til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og enn sem fyrr höfðu framsóknarmenn forgöngu um að fella till., greiddu atkvæði gegn henni allir sem einn undir sérstakri forustu Reykjavíkurþingmannsins Rannveigar Þorsteinsdóttur.

Tillaga Framsóknar um stóríbúðaskatt, sem að vísu var furðulega klaufalega samin, en átti þó að vera tilraun til að bæta úr húsnæðisskortinum, hefur sofið svefninum langa síðan á kosningadaginn.

En þetta hrekkur ekki einu sinni til. Framsfl. hefur ekki aðeins haft forustu um andstöðuna gegn öllum aðgerðum til bóta, heldur hefur honum innan ríkisstj. verið falið að standa fyrir ofsóknum gegn húsnæðisleysingjum og leigjendum, og er það eflaust sérstök illkvittni íhaldsins við þessa þjóna sína. Það er auðsjáanlega ætlunin að samþ. á þessu þingi frv. framsóknarmanna um, að húsaleigulögin skuli felld úr gildi í áföngum á næstu tveimur árum, án þess að nokkrar aðrar aðgerðir séu framkvæmdar í staðinn. Vissulega fylgir húsaleigulögunum nú allmikið misrétti, en það er hégómi hjá því neyðarástandi, sem hlýtur að leiða af afnámi þeirra. Öll húsaleiga kemst á svartan markað, sem fjöldi láglaunamanna fær ekki undir risið og flæmist þannig frá heimilum sínum til vistar í því neyðarhúsnæði, sem Tíminn taldi verra en verstu híbýlin fyrir hálfri annarri öld.

Ég spurði þingmenn Framsfl. að því fyrir

nokkrum dögum, hvernig þeim hefði verið innanbrjósts, þegar þeir lásu lýsingar og áskoranir Tímans í vetur. Neru þeir aðeins saman höndum í hrifningu yfir þeirri snjöllu stjórnmálabrellu að gabba húsnæðisleysingjana til að snúast gegn brýnustu hagsmunum sínum, og er það aðeins aukreitis skemmtun að fella allar umbótatillögur með tilstyrk atkvæða frá húsnæðislausu fólki? Framsóknarþingmennirnir fengust ekki til að gefa neinar skýringar á sálarlífi sínu, enda segja staðreyndirnar sína ömurlegu sögu.

Þetta dæmi er aðeins örlítið brot úr mikilli sögu, sem á við þríflokkana alla. En því hef ég verið svo fjölorður um hlutverk hræsninnar í íslenzkum stjórnmálum, að hún er orðin furðu ríkur og hættulegur þáttur í valdabaráttu auðmannastéttarinnar og þjóna hennar. Án hennar og áhrifa hennar mundi vera öðruvísi umhorfs í íslenzku þjóðlífi. Ég hef ekki dvalizt lengi innan veggja þessa húss, en ég hef þó kynnzt eftirminnilega af eigin raun því hyldýpi, sem er staðfest milli verka afturhaldsflokkanna hér í þinginu og orða þeirra utan þings. Það skiptir engu, hversu augljós og frumstæð réttlætismál eru borin fram, afturhaldsfylkingin stendur fyrir sem samfelldur veggur. Í vetur hafa sósíalistar t. d. aftur og aftur reynt að knýja fram launauppbætur handa þeim, sem minnst hafa efnin, ellilaunafólki og öryrkjum, en árangurslaust, þríflokkarnir felldu það allir. Um tíma var því lofað, að endurskoðun tryggingalagganna skyldi framkvæmd og ellilaun og örorkubætur hækka til hálfs við uppbætur opinberra starfsmanna, en nú virðist einnig eiga að svíkja þau fyrirheit. Sömu sögu er að segja um togaravökulögin og yfirleitt um öll þau mál, sem dregið gætu örlítið úr sárasta sviða gengislækkunar og kreppu.

Það hefur aldrei verið nauðsynlegra en nú, að íslenzk alþýða fylgist með verkum afturhaldsleiðtoganna og láti ekki glepjast af orðum þeirra. Fram undan eru hörð og afdrifarík átök. Annars vegar er gjaldþrota auðstétt, sem hefur glatað allri trú á land og þjóð og kastað sér sem hreppsómaga fyrir fætur bandarískra auðvaldsins með efnahagslegt og stjórnarfarslegt fullveldi landsins. Hins vegar er íslenzk alþýða með trú á landið og auðæfi þess og þrek til að berjast fyrir framtíð sinni eins og jafnan fyrr. En baráttan mun mótast af því, hvort hræsnin á enn um sinn að geta ráðið úrslitum í íslenzku þjóðlífi.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fáir hygg ég trúi því, að málum Íslendinga væri betur borgið eða betur komið nú, þó að hv. þm. Siglf. eða hv. síðasti ræðumaður hefði setzt í sæti utanrrh. Ekki er þetta sagt til lofs ríkisstj. eða þeim manni, sem með utanríkismálin fer, heldur til að minna á þá staðreynd, hverjum kommúnistar þjóna í hverju landi sem er, og læt ég svo útrætt við þá heiðursmenn.

Þessar eldhúsumræður eru að því leyti einkennilegar, að svo virðist sem stjórnarfl., gengislækkunarfl., í stað þess að reyna að réttlæta gerðir sínar og skýra frá stefnu sinni, ætli sér nú að bera elda að Alþfl. og kenna honum um allt, sem miður fer. Það er sérstaklega tvennt, sem borið er fram honum til áfellis. Fyrst það, að hann hefði sett allt á höfuðið, gert allt til bölvunar og hlaðið skuldum á ríkissjóð, á meðan hann tók þátt í stjórn. Hitt er það, að nú vilji hann ekki með nokkru móti vera með í stjórn og bjarga föðurlandinu með gengislækkun. Hann er ásakaður um tvennt í senn, að þjóna íhaldinu og yfirbjóða kommúnista, og þetta hvort tveggja samtímis. Svona eru rökin. Eitt rekur sig á annars horn. Ég fæ nú ekki skilið, ef gengislækkunarmennirnir trúa því sjálfir, sem þeir hafa sagt um gerðir Alþfl.ráðh. fyrr í ríkisstj., hvers vegna þeim ætti að vera það mikið keppikefli að fá Alþfl. með sér í ríkisstj., nema þá ef vera skyldi til þess að geta kennt honum um sínar eigin ávirðingar og komið á hann sök af þeim framkvæmdum, sem ráðh. þeirra einir bera ábyrgð á og eiga að bera ábyrgð á. En til slíks leiks er Alþfl. með öllu ófáanlegur. Ástæðan til þess, að hann vill ekki taka þátt í þessari hæstv. ríkisstj., er í stuttu máli sú, að stefna hennar, stefna gengislækkunarflokkanna, er þveröfug við það, sem Alþfl. telur rétt og þjóðinni fyrir beztu.

Hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni í gærkvöld, að stefnuskrá Alþfl. og Framsfl. væru svo líkar og hagsmunir kjósenda í báðum þessum flokkum svo sameiginlegir, að ef við það væri miðað, ætti að vera auðvelt fyrir þessa flokka að koma sér saman um lausn allra vandamála. Þess vegna kvaðst hann hafa boðið Alþfl. samstarf um að mynda minnihlutastjórn, „sem léti skeika að sköpuðu", en semdi ekki um mál eða framgang mála, og síðan skyldu þessir tveir flokkar ganga saman til kosninga í bandalagi, en allt hafi þetta strandað á íhaldsþjónkun Alþfl. og yfirboðum hans yfir kommúnistafl. Hitt nefndi hæstv. ráðh. ekki einu orði, að slík minnihlutastjórn gat ekkert gert, alls ekkert, og að kosningabandalag tveggja flokka, þar sem annar vildi koma á gengislækkun, en hinn afstýra gengislækkun, var með öllu óhugsandi. — Hæstv. forsrh. fórust þannig orð í gærkvöld, að hann áliti samstarf Alþfl. og Framsfl. nauðsynlegt, en hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum, þegar Alþfl. barðist gegn gengislækkun og varaði við afleiðingum hennar. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að nánara samstarf Alþfl. og Framsfl. sé æskilegt og nauðsynlegt, og að hagsmunir meginþorra kjósenda þessara fl. séu bezt tryggðir með því, að þessir flokkar geti átt samleið, ef rétt er og viturlega á málum haldið. En við slíkt samstarf er ekki unnt að „láta skeika að sköpuðu" um afgreiðslu mála, eins og hæstv. landbrh. orðaði það. Þvert á móti, það er nauðsynlegt skilyrði til þess að samstarfið komi að gagni, að samkomulag sé um, hvað gera skuli, og hugur fylgi máli frá báðum hliðum. Og hvernig áttu þessir flokkar að ganga til kosninga í bandalagi eftir að hafa myndað minnihlutastjórn, sem jafnskjótt hefði orðið að rjúfa þing, þegar annar flokkurinn vildi ganga til kosninga til að knýja fram

gengislækkun, hinn vildi halda áfram uppbótagreiðslum og taka upp landsverzlun til að afnema milliliðagróða og fá framkvæmanlegt og fullkomið verðlagseftirlit? Orð hæstv. ráðh. eru því út í bláinn sögð og markleysa ein. Þar fylgir ekki hugur máli. Þegar möguleikar hins vegar opnuðust fyrir samstarfi við Sjálfstfl., þá fylgdi athöfnin fljótlega orðum og þá fylgdi hugur máli hjá hæstv. landbrh. — Ég vil leyfa mér að vikja aftur orðum að hæstv. forsrh. Það kann að vera, að hann hafi orðið fyrir vonbrigðum vegna afstöðu Alþfl. En hitt veit ég einnig með fullri vissu, að hann hefur orðið fyrir vonbrigðum af sínum eigin flokki. Hann er ekki einn um það. Mér og Alþfl. öllum eru það mikil vonbrigði, hvaða afstöðu Framsfl. tekur til ýmissa mála hér á Alþ. Ég skal nefna aðeins eitt dæmi. Fyrir þessu þingi liggur frv. um breyt. á almannatryggingal. og viðauka við þau. Frv. er samið af milliþn. og mjög rækilega undirbúið. Efni þess er í höfuðdráttum þetta: Bætur til þeirra, sem verst eru settir, eru hækkaðar nokkuð og nýjum bótaflokkum bætt við, meðal þeirra eru dánarbætur til gamalla manna og ekkna og mæðralaun til einstæðra mæðra með 2 börn eða fleiri. Öllum þessum till. er mjög í hóf stillt og miðað við, að tekjustofnar Tryggingastofnunarinnar nægi til að standa straum af þessum viðbótum, án þess að hækka þá. Breytingarnar kosta því þá, sem greiða til trygginganna, ekkert umfram það, sem nú er greitt. Enn fremur er í frv. gert ráð fyrir að greiða uppbætur á ellilífeyri og hliðstæðar bætur, svo að hækkanirnar frá 1946—47 verði hinar sömu, — ekki að hálfu, eins og einn ræðumaður sagði hér, — heldur hinar sömu og hækkanir, sem opinberir starfsmenn hafa fengið á laun sín síðan 1. júlí 1949. Enn fremur er gert ráð fyrir, að framlag hins opinbera til sjúkrasamlaga hækki nokkuð til móts við það, sem iðgjöldin hljóta að hækka vegna hækkana á lyfjum, sjúkrahúsvist o. fl. vegna gengisl. og vegna hækkana á læknakostnaði. Þetta frv. gekk greiðlega gegnum hv. Ed., var samþ. þar með samhljóða atkv., svo og við 1. umr. í hv. Nd. En rétt á eftir tók hæstv. núverandi stj. við völdum, og samkv. hennar ósk hefur þetta frv. legið óhreyft í n. í Nd. í 2 mánuði, og í dag er mér tjáð, að ætlun hæstv. ríkisstj. muni vera að sjá svo um, að það nái ekki fram að ganga. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að hagur gamals fólks og öryrkja verður verri en hann áður var hlutfallslega, borið saman við kjör opinberra starfsmanna og annarra launþega. Var þó ekki, eins og ég áður sagði, tilætlunin, að ríkissjóður legði fram fé í þessu skyni. Mér eru þetta sár vonbrigði, og Alþfl. eru þetta mikil vonbrigði. Og þetta eru stórkostleg vonbrigði fyrir þúsundir af öldruðu fólki og sjúklingum um landið allt. Er lítt skiljanlegt, hvað þessu veldur. Alþfl. hefur haft almannatryggingar á stefnuskrá sinni frá upphafi, barizt fyrir þeim í tugi ára, hann getur ekki, vill ekki taka upp stjórnarsamstarf við flokk eða flokka, sem vilja rýra þær eða skerða. Hæstv. landbrh. sagði stefnuskrár flokkanna svo líkar, að lítið bæri á milli. Það stoðar lítið fyrir hæstv. landbrh. að tala fjálgum orðum um stefnuskrá, ef breytni hans og flokksmanna hans er þveröfug við stefnuskrána, en svo hefur reynzt í þessu máli, og er það því miður aðeins eitt dæmi af fleirum.

Hæstv. atvmrh. lofaði að gera herför að ríkisbákninu, sem hann svo kallaði, þ. e. a. s. að hefjast handa um að skera niður og lækka útgjöld ríkissjóðs. Ekki vil ég bera brigður á, að nauðsynlegt sé og vel megi draga mjög verulega úr útgjöldum ríkissjóðs, og vil ég ljá því mitt lið, ef stungið er niður á réttum stöðum. Hæstv. atvmrh. lét fylgja þessum ummælum fleira og sagði, að nú mætti búast við því, að þær greinar, sem Alþfl. hefði gróðursett, mundu verða höggnar burt. Ég vil ekki fullyrða, að hann eigi þar við tryggingal. En þó er mér ekki grunlaust um, að það, sem þessi hæstv. ríkisstj. mundi fyrst hafa í huga að skera niður, þegar á að fara að spara á fjárl., séu einmitt framlög til þeirra, til félags-, menningar-, mannúðar- og umbótamála, sem Alþfl. hefur komið fram á seinustu árum. Væri vel, ef sá ótti minn reyndist ástæðulaus. En ég vil ekki leyna því, að sá ótti býr ekki aðeins í mínum huga, heldur fjölmargra annarra um landið allt, ekki sízt eftir þá útreið, sem frv., sem ég minntist á áðan, virðist nú eiga að fá.

Hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni þær stórfelldu lagfæringar og hliðarráðstafanir, sem gerðar hefðu verið að tilhlutun Framsfl. í sambandi við afgreiðslu gengislækkunarl. Lítið dregur vesalan. Hann sagðist hafa fengið stóreignaskattinn stórkostlega hækkaðan, upp í 25%. En hann gleymdi að geta þess, að eignaraukaskatturinn, sem lagður var á 1947 og gat orðið 30%, var niður felldur og eftir gefinn, auk þess sem fjöldi félaga var undanþeginn öllum skatti, ekki aðeins samvinnufélög, heldur líka hlutafélög. Það eru fullar líkur til, að stóreignaskatturinn, eins og l. eru nú, verði lægri en hann var fyrst í frv. með viðaukaskattinum frá 1947. — Um endurbætur á húsnæðismálunum held ég að hæstv. ráðh. ætti að vera fáorður. Hv. 8. landsk. þm. gerði því skil í gær. Það er verið að afnema húsaleigul. Það er bjargráðið að gefa húseigendum frjálst að reka leigjendur út á götuna. — Jú, svo eiga neytendur að fá verðlagseftirlitið í sínar hendur. Á hvern hátt? Það á að setja verðlagsdóm, en ef ágreiningur rís milli dómendanna tveggja, þá hefur fulltrúi neytenda ekkert að segja, því að atkv. héraðsdómara ræður eitt úrslitum. Almenningur er því gersamlega áhrifalaus eftir sem áður í þessum efnum. Þetta kallar hæstv. ráðh. að leggja verðlagseftirlitið í hendur neytenda. Skömmtunarseðlarnir eiga öllu að bjarga, en til hvers er að hafa þá og segja fólki að velja á milli verzlana, þegar svo lítið er af vörum, að menn hlaupa í fyrstu búð, þar sem eitthvað fæst, til að fá vörur út á sína seðla? Meðan ekki er úr meiri vörum að velja en skömmtunarseðlarnir hljóða upp á, eða vörurnar hrökkva ekki fyrir seðlunum, þá er þýðingarlaust að tala um val milli verzlana. Þetta vita allir, og er því tillagan borin fram bara til að sýnast.

Hæstv. ríkisstj. er ekki langlíf orðin. Ræður því af líkum, að hún hefur enn litlu til vegar komið til góðs eða ills öðru en því að leiða gengislækkunina í lög. Tilgangur hennar og markmið er að hennar eigin sögn að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum og viðskiptum við útlönd og koma á réttlátari skiptingu teknanna innanlands. Hvorugt hefur tekizt enn, og litlar horfur virðast á því, að í þá átt stefni. Mér virðist þvert á móti stefna í öfuga átt. Aldrei hefur gjaldeyrisástandið verið verra en nú og aldrei meira misræmi í kjörum manna en nú. Hækkandi verðlag rýrir kjör almennings og því meir sem lengra líður frá gildistöku l. Fjárlfrv., sem nú kemur til afgreiðslu, slær öll fyrri met. Á þessu ári á að heimta inn í ríkissjóð 300 millj. kr. Það er um 10—20 millj. kr. meira en fjárl. síðasta árs gerðu ráð fyrir, og þó hafa verið felldar niður uppbótargreiðslur á útflutningsvörur, 30—40 millj. kr. Raunverulega er því hækkunin nálægt hálfu hundraði milljóna. Og öll er svo þessi hækkun fengin með því að hækka „drápsklyfjar tolla og skatta", sem fulltrúar gengislækkunarfl. fyrir síðustu kosningar sögðu að yrði að létta af með „styrkjalausum atvinnurekstri og gengislækkun." Svona er nú um fjárhag ríkissjóðs og áhrif gengislækkunarinnar á hann, en hvað er um afkomu landsmanna og áhrif gengislækkunarinnar á hana, og hvað var mönnum sagt áður en gengislækkunin var samþ., um það, hver áhrif hennar mundu verða? Ég skal taka nokkur sýnishorn af því, með leyfi hæstv. forseta:

„Gengislækkunin er við það miðuð, að hún sé nægileg til þess að koma á jafnvægi í verzluninni við útlönd og því nægileg til að létta höftunum af verzluninni, þeim höftum, sem nú eru í gildi vegna jafnvægisleysis í þjóðarbúskap Íslendinga sjálfra." — Og enn fremur: „Gengislækkunin var áætluð í ríflegra lagi. Það hefur oft verið látið í veðri vaka, að ekki væri hægt að gera neinar ráðstafanir til úrbóta í atvinnu- og fjárhagsvandamálunum, nema slíkar skerðingar hefðu í för með sér skerðingu lífskjara þjóðarinnar í heild, einkum launþega. Þessi hugsunarháttur er að okkar áliti rangur."

Fræðimennirnir, sem hafa undirbúið gengislækkunarfrv., héldu því fram, að „ranga gengið" og höftin hafi haft í för með sér svo mikinn milliliðagróða, að verðhækkun útlendu varanna, sem inn eru fluttar, verði stórum minni en gengisskráningunni nemur, vegna þess að gengisl. tryggi afnám haftanna og frjálsa verzlun og þar með líka verðlækkun. Þetta eru fullyrðingar þeirra, sem undirbjuggu frv., og ríkisstj. gerði þær að sínum. Launþegar áttu því að fá verðhækkanir að fullu bættar eftir á og meiri og tryggari atvinnu og með verðlækkun, þegar nægar birgðir hefðu safnazt af vörum, sem þá voru á svörtum markaði. Allar þessar forsendur hafa sýnt sig að vera falskar forsendur. En ýmsir urðu til þess að trúa þessum fullyrðingum, og því var frv. veitt minni andstaða en ella hefði orðið. Nú er frv. orðið að lögum, og nú er óþarfi að mæla svo lengur. Nú er sagt: „Þetta var síðasta neyðarúrræðið, uppskurður á helsjúkum manni, síðasta tilraunin, sem gerð er. Nú verða allir að taka á sig fórnirnar, ekki aðeins þeir ríku, og þeir mestar, sem minnstu hafa af að taka."

Ég sé, að hæstv. forseti segir mér, að tími minn sé búinn. Ég vil aðeins bæta því við, að áður hefur verið gerð grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessara mála. Hann hefur viljað halda áfram niðurgreiðslum á framleiðsluvörum og taka upp landsverzlun til að afnema milliliðagróða, en hinir flokkarnir hafa ekki viljað samþ. það. Það er rökrétt afleiðing af þessu, að Alþfl. hlaut að verða á móti gengislækkun og stefnu þeirrar ríkisstj., sem bar hana fram og hefur barið hana í gegn.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. Hafnf. segir nú, að Alþfl. hafi aldrei neitað stjórnarsamstarfi. Þetta fara að verða einkennilegar umr., ef á að fara að þræta hér fyrir opinberar tilkynningar, sem gefnar hafa verið út í öllum blöðum. Það var sérstaklega tilkynnt í öllum blöðum bæjarins, að Framsfl. hefði gefizt upp af því, að Alþfl. hefði neitað samstarfi, nema tryggt væri með fullri vissu fyrir fram, að meiri hl. væri fyrir aðkallandi málum á Alþ., og það mátti ekki tryggja með kommúnistum, það átti að leita til Sjálfstfl., og mikið af ræðu form. Alþfl. í gær var réttlæting á því, að Alþfl. ætti ekki að fara í ríkisstj., og öll skrif Alþýðublaðsins eru um það, að Alþfl. eigi ekki að fara í ríkisstj. Eftir bæjarstjórnarkosningarnar fór 3 manna n., hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og ég, á fund eftir fund til þess að ræða stjórnarsamstarf við Alþfl., og alltaf var sama svarið: Við förum ekki í stjórn. — Við skulum ekki gera okkur broslega á því að vera að ræða um það, sem ekki þarf að deila um og öll þjóðin veit. Alþfl. benti aldrei í vetur á neinar leiðir til úrlausnar. Nú finnur hann, að þetta gengur ekki, nú er hann með gömlu uppbótaleiðina, sem hann játar að sé ófær. Hann bendir á að taka tolla af óþörfum vörum, sem ekki eru fluttar inn lengur, vegna þess að ekki er hægt sökum gjaldeyrisskorts að greiða nauðsynlegar vörur, sem eru á hafnarbakkanum, og svo talar hann um það, að það verði næsta auðvelt að bæta þessu ofan á, en hv. 4. þm. Reykv. kemur og talar um drápsklyfjar, sem séu svo ofboðslegar, að þær séu allt að sliga. Það er ekki furða, þó að þessi málflutningur frá hendi Alþfl. sé einkennilegur, vegna þess að hann hefur aldrei neinn málstað í þessum málum, og þess vegna er einn málstaður búinn til í dag og annar á morgun, eftir að Alþýðuflokksmenn hafa gengið hér um á nálum og spurt: Verður gengislækkun í dag eða á morgun? — vegna þess að þeirra útgerðarfyrirtæki voru að fara á höfuðið. En þeir treystu sér ekki til að gera það sjálfir, af því að það var óvinsælt. Þau ósannindi, að ég hafi rofið samninga á Alþfl., hafa verið svo oft hrakin, að ég nenni ekki að endurtaka það. Það er sagt, til að hylja slæman málstað, að Framsfl. hafi rofið sambandið milli kaupgjalds og verðlags, en þetta eru auðvitað sömu ósannindin og það alltaf hefur verið.

Umræður þessar hafa, sem von er, snúizt mest um fyrrverandi ríkisstjórnir, og þá ekki sízt um stjórnarforustu Alþfl. þrjú síðustu árin, er skildi við sjávarútveginn og ríkissjóð á gjaldþrotabarmi. Verk núverandi stjórnar er björgunarstarf — eftir slys. En Alþfl. er rogginn og játar, að hann neiti að taka þátt í björgunarstarfinu, og segir, að fyrirmyndin sé frá dönskum jafnaðarmönnum. En frá hinu er okkur ekki skýrt, hvort danskir jafnaðarmenn hafi stjórnað þrjú árin á undan og ekki aðeins neitað að vera í stjórn, heldur neitað því að hafa nokkra stefnu og nokkra skoðun á því, hvernig ætti að bjarga þjóðinni undan afleiðingum verka sinna — eins og Alþfl. á Íslandi. Það er þessi vinnuaðferð, að hafa enga stefnu nú, þegar vandinn er mestur, sem gárungarnir kalla „að Alþfl. hafi dregið sig út úr pólitík."

Alþýðuflokksmenn deila á Framsfl. fyrir samstarf við Sjálfstfl. Það er ekki furða, svo tregir sem þeir hafa verið til slíks samstarfs áður. Með sósíalistum telur Alþfl. höfuðsynd að vinna, enda sá möguleiki ekki fyrir hendi. Ef Framsfl. á ekki að vinna með Sjálfstfl., þá er sá einn möguleiki eftir að vinna með Alþfl. En hefur Framsfl. vanrækt að gera tilraun til þess? Í gær skýrði ég frá því, hvernig við framsóknarmenn höfum margreynt að ná samstarfi við Alþfl. um umbótamálin eftir síðustu kosningar. Alþfl. hefur hafnað öllum leiðum og neitað að gera nokkrar tillögur um samstarf. Eftir kosningarnar 1946 gerði Framsfl. einnig margendurteknar tilraunir til samninga við þennan flokk. Að lokum bauðst Framsfl. þá til að styðja flokksstjórn Alþfl., og ef hún yrði felld, að ganga út í kosningar í samstarfi við Alþfl. og freista að vinna hreinan meiri hluta saman. Þessar endurteknu tilraunir voru gerðar vegna þess, að okkur framsóknarmönnum skildist vel sú nauðsyn, sem á því var fyrir almenning til sjávar og sveita, sem þessum flokkum fylgir, að samstarf næðist milli þeirra, — þrátt fyrir tregðu Alþýðuflokksforingjanna, sem ráða. Alþfl. sagði nei og aftur nei. Nú spyr ég alla, sem mál mitt heyra. Með hvaða móti gat Framsfl. gengið lengra? Sök Framsfl. ætti þá að vera sú, að hafa ekki látið allt hrynja í vetur, eins og Alþfl. skildi við það, draga sig út úr öllu saman með Alþfl., bíða eftir þriðju kosningunum, til að bjóða Alþfl. samstarf á eftir, í þriðja sinn, sjálfsagt með sama árangri og áður. En þetta mun nú ekki endurtekið fyrst um sinn.

Og við höfum meiri reynslu. Alþfl. neitaði 1946 að fara í stjórn, nema Sjálfstfl. væri með í stjórninni. Framsfl. reyndi þetta samstarf í 3 ár, treystandi því, að sameiginlegir hagsmunir vinnandi fólks, sem stendur á bak við þessa flokka, mundu laða flokkana saman til sameiginlegra átaka innan ríkisstj., fyrir hagsmuni almennings. En þetta reyndist alveg andstætt öllum vonum Framsfl. Alþfl. tók í flestum málum höndum saman við Sjálfstfl. gegn hagsmunum alþýðu manna. Og stefnan virtist sú ein að friða ráðherrastólana. Þess vegna fór líka svo, að þrátt fyrir baráttu Framsfl. endaði þessi ríkisstjórn Alþfl. með því að skilja við þjóðina í því ástandi, sem öllum er nú ljóst orðið. Af óteljandi dæmum er að taka, en táknrænasta dæmið um þessa vinnuaðferð Alþfl. er verzlunarmálin. Ófremdarástandið í þeim undanfarin ár er þjóðinni kunnugt. Alþýðublaðið sá sér að lokum ekki annan kost en að deila hatrammlega á sleifarlagið, svarta markaðinn o. s. frv., en það og Alþfl. afsakaði sig með því, að viðskmrh. Alþfl. réði þar engu. Þetta var og er ósatt. Verzlunarmálin heyrðu að vísu undir alla ríkisstj., ef ágreiningur varð, og þar réð þá afl atkvæða. En Alþfl. hafði oddaaðstöðu í viðskiptanefnd og í fjárhagsráði, og ef Sjálfstfl. áfrýjaði til ríkisstj., gátu ráðherrar Alþfl. þar ráðið úrslitum í öllum ágreiningsmálum. Á þennan hátt réðu Alþýðuflokksmenn stefnunni í verzlunarmálunum í þau þrjú ár, sem fyrrv. ríkisstj. sat. En Alþfl. lét okrið, svartamarkaðsbraskið, rangláta skiptingu innflutnings og öll mestu hagsmunamál almennings lönd og leið, til þess að stj. gæti setið. Nú segist Alþfl. vera brennandi af áhuga í öllum þessum málum, sem hann gat ráðið öllu um þrjú seinustu árin, en gerði ekki neitt. En þegar á reynir, gægist enn það sama fram og áður. Ein áhrifamestu hliðarráðstöfunin í sambandi við gengisbreytinguna er frv. framsóknarmanna um verzlunarmálin, sem nú liggur fyrir þinginu. Alþfl. hefur nú sem einn maður í neðri deild limlest þetta frv. þannig, að ástandið í verzlunarmálunum mundi verða enn verra en það nú er, ef þær tillögur væru lögfestar. Alþfl. hefur sem sé fengið samþykktar tillögur um að lögfesta með kvótareglu það ranglæti gagnvart samvinnufélögunum, sem hann hefur við haldið með völdum sínum síðustu þrjú ár. Hann hefur fengið samþykkt, að öll vörukaup skuli boðin út, ákvæði úr reglugerð Emils Jónssonar, sem var dauður bókstafur, vegna þess að hans eigin menn í viðskiptanefnd treystu sér ekki einu sinni til að framkvæma það. Og loks er ákvæði um að afhenda Sjálfstæðisráðherra mest af því valdi í verzlunarmálunum, sem ríkisstj. hefur nú í heild. En jafnframt lýsir svo formaður Alþfl. yfir því í útvarpsræðu í gærkvöld, að hann hefði sennilega verið samþykkur gengislækkuninni, ef stórfelldar ráðstafanir hefðu verið gerðar að öðru leyti, til dæmis í verzlunarmálunum. Þarna hafið þið svo tillögur Alþfl. í verzlunarmálunum. Þannig hefur Alþfl. farið með þá hliðarráðstöfun, sem lagt var á hans vald að hjálpa til við að samþykkja og er ein stærsta kjarabótin fyrir allan almenning. Ég ætla, úr mörgum dæmum, að velja annað mál, sem líka er eitt af stærstu hagsmunamálum vinnandi fólks. Það eru húsnæðismálin. Alþfl.menn hafa farið með húsnæðismálin undanfarið samfleytt frá 1944—49. Meðan allt flaut í erlendum gjaldeyri og fjármagni, var því sóað í lúxusbyggingar, eins og hver vildi. Þá sátu og við völd kommúnistar, flokksbræður Magnúsar Kjartanssonar, sem var að tala um húsnæðismálin. Fjármagnið var ekki tekið í byggingarsjóð verkamanna, — hann hefur staðið fjárþrota löngum, og nær algerlega á annað ár. Pappírslög eru sett um að greiða hluta af byggingarkostnaði bæjar-

íbúða, þegar fjármagnið var á þrotum. Og það varð hlutskipti næsta húsnæðismálaráðherra Alþfl. að loka fyrir þær greiðslur. Þar með var sá umbótadraumur búinn. Framsóknarmaður hefur farið með þessi mál í tæpa tvo mánuði. Á þeim tíma er búið að setja löggjöf, sem tryggir byggingarsjóði verkamanna meira nýtt fjármagn til viðbótar því, sem hann áður hafði, en hann fékk samtals af ríkisfé í allri stjórnartíð þess ráðherra, sem síðast fór með þessi mál fyrir Alþfl. Og framvegis hefur sjóðnum verið tryggð hlutdeild í stóreignaskattinum, og útvegað hefur verið nýtt fé til íbúðabygginga bæjarfélaga. Tilsvarandi fjármagn hefur verið tryggt til íbúða í sveitum og til ræktunarsjóðs. Og svo leyfa þessir menn sér, sem þannig hafa staðið í stöðu sinni, að koma með ásakanir á Framsfl. Nú þykjast þeir vera fullir af áhuga. Þeir koma með tillögu í þessu skyni um 750 þús. kr. fjárframlag, sömu upphæð og ein villa var seld fyrir hér í bænum sama daginn og tillagan kom fram. Það er ekki furða, þótt hv. 2. landsk. þm., Magnús Kjartansson, sé rogginn af svona tillögu. Og svo er kórónan á verkið rammaklausa í Alþýðublaðinu með fyrirsögninni: „Vill íhaldið og Framsókn ekki útrýma heilsuspillandi íbúðum?“

Þessi tvö dæmi um verzlunarmálin og húsnæðismálin, stærstu og viðkvæmustu hagsmunamál almennings, nægja til þess að sýna vinnuaðferðir þessara manna og samræmið milli athafna, þegar þeir hafa völd, og orða og yfirboða í ábyrgðarlausri stjórnarandstöðu.

Það er enginn efi á því, að frv. um verðlagseftirlit, þar sem neytendum er fengin verðlagseftirlitið í hendur, hefði verið fellt eins og í fyrra, ef ekki hefðu náðst samningar við Sjálfstfl. um það mál.

Í umræðum um stóreignaskattinn kom það fram hjá formanni Alþfl., að hann teldi, að ríkissjóður hefði verið rændur fleiri milljónum króna með því að leggja ekki skattinn á sjóði samvinnufélaganna, og sýnir það einnig, hvernig því máli hefði reitt af, ef ekki hefðu náðst samningar um það fyrir fram.

Reynslan er sú af samstarfi Framsfl. við Alþfl. og Sjálfstfl. sameiginlega, að Framsfl. hefur oftast átt þar við tvo andstæðinga að tefla, og staðreynd er það, að það er Alþfl., sem þarf að gera hreint í sínu húsi, ef hann á ekki að halda áfram að standa í vegi fyrir heilbrigðu samstarfi vinnandi fólks í þessu landi.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef aðeins fáar mínútur til umráða. Þær nægja vegna þess, að í gær lýsti ég skoðunum mínum. Þær standa óhraktar.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, kvartaði undan kaldhug stj. í garð tryggingalaganna. Hann hefur ekki ástæðu til þessa. Hann veit, að stjórnin vill styðja það góða mál eftir getu og ber fullt traust til hans sem forstjóra þeirrar miklu stofnunar.

Hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, reyndi að bera í bætifláka fyrir Alþfl. út af andstöðu flokksins gegn gengisfallinu. Hann er skýr maður, en þessi galdur var honum þó ofvaxinn. Það sést bezt á því, að hann studdi mál sitt helzt með meir en tveggja ára gömlum ummælum prófessors Ólafs Björnssonar, miðuðum við ástandið eins og það þá var. En þá, fyrir meir en tveim árum, voru allir flokkar á máli prófessors Ólafs Björnssonar. Síðan hefur kaupgjald hækkað um 20—40% og afurðaverðið svipað, svo að eitthvað sé nefnt.

En aðalatriðið er, að ef fara átti uppbótaleiðina og fullnægja kröfum bátaútgerðarinnar, hefði til þess þurft 70—95 millj. kr. Ofan á það bætist verðfallið, sem síðan hefur orðið, greiðsluhalli undanfarinna ára 60 millj., og var þá óleystur vandi borgaranna. Það er því ekki víðs fjarri, að hækka hefði þurft skatta um 150—200 millj. kr., eins og Emil Jónsson sagði. Sanni nær er, að þessir skattar hefðu ekki dugað.

En það má Alþfl. eiga, að hann hefur ekki dirfzt að halda því fram, að hægt hefði verið að leggja 200 millj. kr. ofan á þær 100 millj., sem stjórn Stefáns Jóh. Stefánssonar var búin að leggja á þjóðina. Alþýðuflokkurinn kemst því aldrei undan að viðurkenna, að valið var milli gengisfalls og atvinnuleysis.

Emil Jónsson sagði að vísu orðrétt: „Það er bara bull, að uppbótaleiðin sé lokuð.“

Ég veit, að hann meinar þetta ekki. Þjóðin veit, að formaður Alþfl. er á öðru máli, því að í ræðu sinni í gær viðurkenndi hann, að uppbótaleiðin hefði verið farin út um þúfur. Hann lét sér aðeins nægja að bæta við, að það væri ekki sér að kenna. Það get ég vel fallizt á.

Alþfl. stendur varnarlaus og má bera, og ber vafalaust, kinnroða fyrir látalætin og loddaraleikinn í þessu mikla máli. Honum hefði verið sæmra og farsælla að fylgja sannfæringu sinni í þessu máli og styðja gengisbreytinguna. Það er svo sem ekki eins og Alþfl. hefði lagt út í neitt nýtt ævintýri með þessu. Af þrem gengisfellingum síðasta áratugs hefur Alþfl. staðið fyrir eða að tveim.

Kannske tekst engum betur að sanna þjóðinni, hvílíkur afburðamaður hæstv. utanrrh. er, en kommúnistum. Síðasti votturinn er ræða hv. 2. þm. Reykv., Einars Olgeirssonar, hér í kvöld. Ef fróðunni er fleytt ofan af, er lítið eftir annað en skelfing kommúnistadeildar Íslands og móðursjúk hræðsla við Bjarna Benediktsson og svo auðvitað þjónslundin við herrana í Moskva. Af þeim rótum sprettur vaðallinn um voða Marshallhjálparinnar. Eða hvað segja verkamenn um það að stöðva nú þegar virkjun Sogsins til dæmis? En án Marshallhjálpar yrði það með öllu óumflýjanlegt. Eða hefur þjóðin ekki veitt því eftirtekt, að þrátt fyrir aflabrest og misæri höfum við þó getað lifað sómasamlegu lífi, vegna þess að við höfum átt þess kost að greiða ¼ hluta af innflutningi okkar með Marshallfé? Sé Marshallsamstarfið Bjarna Benediktssyni að þakka, skulum við halda áfram að syngja: „Verkið lofar meistarann.“

Sjaldan hefur íslenzkur þingmaður orðið jafnber að því að fagna örðugleikum þjóðar sinnar sem Einar Olgeirsson áðan. Hann kvað

frystan fisk óseljanlegan í Englandi, húrra; hann kvað frystan fisk óseljanlegan í Hollandi, húrra; hann kvað frystan fisk óseljanlegan í Frakklandi, húrra; hann kvað frystan fisk óseljanlegan víðar, húrra; o. s. frv. Hafi nokkur nokkru sinni fært sönnur á það, að kommúnistar fagna glundroða og hruni, þá tókst þessum hv. þingmanni það prýðilega áðan.

Magnús Kjartansson hóf ræðu sína þannig: „Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. eigi eftir að tala hér í kvöld.“ Þingmaðurinn meinti: Ég vona ekki aðeins, ég veit, að Bjarni Benediktsson á ekki eftir að taka til máls hér í kvöld. Þess vegna dirfist ég að reyna að leika mína vesælu rullu, þótt með hálfum hug sé.

Ég þykist mega fullvissa hv. þingmann um, að utanrrh. hefði ekki virt áróður hans svars. Ég er á sama máli.

Þessum umræðum er nú að verða lokið. Þær hafa víst fátt nýtt leitt í ljós.

Ekki er hinn nýi Alþýðuflokkur spánýr. Það eru liðnir nokkrir mánuðir frá því Alþfl. varð að umskipting. Eins og allir vita, færðust þessi ósköp yfir hann eftir kosningarnar á s. l. hausti. Þessi leyndardómsfulla saga, sem varla á sér fordæmi, hefst á því, að flokkurinn mun hafa tekið ákvörðun um að draga sig út úr stjórnmálaerjunum. Nokkrar vikur hefur Alþfl. alltaf haft sömu svörin á reiðum höndum, ef til hans var leitað. Hann minnti að því leyti á páfagauk, sem hefur lært þessar tvær setningar: „Ég er ábyrgur.“ „Málefnin ráða.“

Skömmu síðar hófst flokkurinn handa um framkvæmd stefnuskrár hinnar fyrstu fyrrverandi stjórnar Alþfl. Alþfl. felldi sem kunnugt er minnihlutastjórn Sjálfstfl., en lýsti jafnframt yfir, og þá væntanlega af því að hann er ábyrgur, að myndun nýrrar stjórnar í landinu væri sér með öllu óviðkomandi. „Málefnin ráða,“ virðist flokkurinn skilja þannig, að úr því hann sé ekki lengur í stjórn, heldur í stjórnarandstöðu, þá beri honum líka að vera á móti öllum þeim málum, sem hann áður fylgdi, og með því, sem hann áður deildi á. Þeir, sem ekki vissu þetta fyrr, hafa heyrt það nú við þessar umræður.

Elzt er þó og ellilegust barátta kommúnistanna. Vopnaburður þeirra er jafngamall ofstækistrúnni. Þar helgar tilgangurinn meðalið, en boðorðið stílfærði guð þeirra og meistari — Lenin, er hann sagði:

„Við verðum að vera reiðubúnir að nota brögð, svik, lögbrot, að skjóta undan og fela sannleikann.“

Að íslenzkir kommúnistar eru orðnir vel æfðir í að minnsta kosti sumum þessum listum, hafa menn heyrt hér í kvöld. Það er með því að „skjóta undan“ og „fela sannleikann“, sem þeir glíma við höfuðandstæðing sinn, hæstv. utanrrh., ekki síst er þeir ræða um afurðasölumálin. Án slíkra bragða og undanbragða, án þess að „fela sannleikann“ og „skjóta undan,“ án þess að lemja höfðinu við steininn og neita staðreyndum, yrðu þeir að játa, að þessi mikilhæfasti andstæðingur þeirra hefur allra manna bezt unnið að því að ryðja afurðum Íslendinga braut; og það, sem meira er, náð meiri árangri, líka austan járntjaldsins, en nokkur annar, þegar Rússar einir eru undanskildir. Þeir virðast ekkert vilja við okkur skipta. Til skamms tíma hafa þeir fært fram þau rök, að íslenzk útflutningsvara væri of dýrseld, þ. e. a. s. að kommúnistarnir hafi með óhóflegum kröfum á hendur framleiðslustarfseminni gert vinum sínum, Rússum, ókleift að neyta hinnar gómsætu, íslenzku útflutningsvöru. Í gær upplýstist að vísu alveg ný hlið málsins í ræðu þeirri, er hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, flutti, en hann skýrði frá því, að Rússar vildu ekki kaupa fisk, nema sannfæringin fylgdi með. Þá er þeim viðskiptum lokið.

Nei, í baráttu íslenzkra kommúnista er ekkert nýtt og verður ekkert hagnýtt að óbreyttum heimsstjórnmálum. Það er þjóðin farin að skilja. Af því stafar fylgistap kommúnistanna, sem þá og þegar getur breytzt í hrun, þrátt fyrir hæfni og dugnað ýmissa forustumanna þeirra.

Í öllu þessu moldviðri sýnist mér fátt nýtt, nema þá helzt ef vera skyldi það, að um „sameiningu verkalýðsins“ skyldu menn halda, sumpart af þessum umræðum, en einkum þó af skrifum Alþýðublaðsins og Þjóðviljans að undanförnu, að tekizt hefði „sameining verkalýðsleiðtoganna“. Allt er það þó aðeins stundarfyrirbrigði. Alþfl. er í veiðihug. En þegar fuglinn flýgur upp, þegar fiskurinn dreifist um allan hinn pólitíska sjó, þegar hvergi er veiðivon, þegar leiðtogum Alþfl. skilst, að þeim auðnast ekki að krækja sér í pólitíska ávinning með kommúnistíska beitu á önglinum, munu þeir hverfa aftur heim til föðurtúnanna og taka upp að nýju samstarf við lýðræðisflokkana. Verður þá án efa slátrað alikálfi og glaðzt yfir afturhvarfi hins glataða sonar.

Vissulega munu margir örðugleikar bíða Íslendinga á næstunni. En hver hefur ekki sömu sögu að segja? Og raunar flestir það, sem verra er. Við eigum ekki að aumka sjálfa okkur umfram það, sem efni standa til. Okkur er engin vorkunn. Við erum betur búnir til baráttunnar en nokkur önnur kynslóð, sem lifað hefur í þessu landi. Skorti okkur ekki skilning á rás viðburðanna, samheldni, atorku, manndóm, erum við einfærir um að ráða farsællega fram úr þeim vanda, sem við er og verður að etja. Þá mun okkur auðnast að tryggja fjárhagsafkomu, efnahagsöryggi og hagsæld Íslendinga.

Ég lýk þessari stuttu athugasemd minni með því að minna á kjarna málsins, en hann er, að sá, sem vildi afstýra böli atvinnuleysisins, átti engin úrræði önnur en gengisbreytinguna. Án efa bitnar hún á mörgum, einkum fyrstu mánuðina. En flestir fá þó hlut sinn að mestu bættan. Aðalhættan er sú, að verðfall íslenzkra afurða valdi því, að gengisfellingin nái ekki tilgangi sínum. Þá fá menn að reyna atvinnuleysið, og þá mun þeim skiljast, að þeir, sem börðust gegn krónufallinu og fyrir atvinnuleysi og hruni, voru ógæfumenn íslenzkra stjórnmála.

Ég skora á þjóðina að sýna stillingu og taka með velvilja og samúð þeim tilraunum, sem

nú eru gerðar til þess að bægja fjanda íslenzkrar alþýðu, atvinnuleysinu, frá dyrum hennar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Skrambi húrraði hann Ólafur Thors laglega hér áðan fyrir hruninu á fiskmarkaðinum. Það skyldi þó aldrei hafa verið, að þetta húrra hafi komið frá hjartanu. Hvað verður gert, þegar freðfiskurinn hættir að seljast fyrir Marshallvörur? Verður þá framleiddur saltfiskur í stærri stíl en áður? Hverjir halda utan um hann á Ítalíu, í Grikklandi og á Spáni? Er máske meira hugsað um það? Lifi einokun Bjarnasons og Marabotti, húrra! Lifi einokun Pipinelli, húrra! Lifi einokun Kveldúlfs á saltfisksútflutningnum! Hann verður vafalaust meiri nú; þess vegna er ekkert undarlegt, þó að hæstv. ráðh. bæti við þreföldu húrra fyrir hruni freðfisksmarkaðarins. Það er ekki frá okkur, sem þetta húrra kom. Við höfum sýnt fram á, að hægt væri að breyta þessu.

Hæstv. sjútvmrh. og hæstv. fjmrh. lofa Marshallhjálpina og skilja hvorugur í því, að Íslendingar geti lifað og hugsað án hennar. Þetta er ósatt. Vér Íslendingar höfum næga möguleika til þess að lifa af vinnu okkar, án þess að Bretland og Bandaríkin hjálpi okkur. Það er óþarfi fyrir þessa hæstv. ráðh. að reyna að hræða Íslendinga í sambandi við þetta. Bretland og Þýzkaland hafa lokað mörkuðum fyrir okkur nú, þó að við séum í Marshallsamtökunum. Þessi lönd hefðu ekki lokað mörkuðunum meir fyrir okkur, þó að við værum utan þeirra, heldur en þau nú gera, og jafnvel minna. Og ríkisstj. sjálf hefði þá ekki lokað öðrum mörkuðum fyrir okkur, sem nú eru eyðilagðir.

Ólafur Thors er að þakka Bandaríkjunum „gjafirnar". Hann vill dylja fyrir þjóðinni, hvernig það útlenda auðvald arðrænir okkur, sem gefur nú „Marshall-gjafirnar". Danir gáfu líka hallæriskorn hér fyrr á öldum. En arðrændu þeir oss nokkuð minna fyrir það? — Bandaríkin gefa oss líka hallæriskorn — en þjóðin sér ekki ástæðu til að þakka fyrir þetta, því að þar fylgir böggull skammrifi. Gengislækkunin, þessi vægðarlausa árás á alþýðuna, og allur yfirgangur Bandaríkjamanna á Íslandi er óaðskiljanlegur fylgifiskur Marshallhjálparinnar. — Ég vil minna hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, og aðra á það, að það er ekki búið að ákveða Sogsvirkjunina enn þá, og enn hefur ekki verið samþ. á þinginu það, sem til þess þarf, að hún geti komizt í kring. Og það er ekki búið að fá loforð í Bandaríkjunum til þess að mega nota fé úr jafnvirðissjóði til Sogsvirkjunarinnar.

Í sambandi við Marshallhjálpina vil ég minna á það, sem eitt af okkar beztu skáldum, Stephan G. Stephanson, orti:

„Það er öllum auðvalds-klöfum
efling stór að rausnargjöfum.
Haldist nauðin, eykst við auðinn.
Ekki er kyn, þótt forsjáll viti,
að hag-fjarstæða er hungurdauðinn.
Hitt er, að sérhver gjafabiti
hækkar sjálfgert sölubrauðin,
meðan bljúgar betlihendur
blessa sína tjóngefendur."

Já, þið voruð að hækka rúgbrauðin hér í dag.

Meðferð Bjarna Benediktssonar á sannleikanum sést bezt á því, sem hann sagði, að kostnaður við sendiráðið í Moskva mundi nema 1400000 kr. En fyrir þrem dögum flutti form. hv. fjvn. nefndinni þau boð frá ríkisstj., að nægja mundu 650—700 þús. kr. til þess. Og í samræmi við það eru 650 þús. kr. áætlaðar í brtt. fjvn. við fjárlagafrv. til þessa sendiráðs. — Það er logið bara um fullan helming.

Og þetta var ekki eina lygin í ræðu Bjarna Benediktssonar utanrrh. Hann kom nú aftur með falsaða tilvitnun úr einni bók Lenins, eftir að Brynjólfur Bjarnason hafði áður rekið þessa fölsun ofan í hann og lýst hann opinberan falsara, án þess hann þyrði að mótmæla. En hann hefur nú brjóstheilindi til þess að koma nú aftur með sömu fölsunina. Svona var öll hans ræða, þvættingur. Bjarni Benediktsson kom líka með falsaðar tilvitnanir úr ræðu Áka Jakobssonar um ofsóknardómana út af 30. marz. Ætli Bjarni Benediktsson endi ekki með því að láta dæma Áka Jakobsson fyrir að verja menn fyrir ofsóknum Bjarna Benediktssonar? Það væri eftir honum. Þetta gera þeir í Ameríku.

Upplýsingarnar um verðlagið í Sovétríkjunum eru sams konar ósannindi. Að vísu getur Bjarni Benediktsson gert alla hluti dýra, ef þeir eru reiknaðir í íslenzkum krónum, með því að fella hana í sífellu, svo að dollarinn hækki, eins og hann hefur nú gert. En sannanirnar skulu lagðar fyrir hann óhrekjanlegar um, að lífsafkoma í löndum sósíalismans fer stórbatnandi, á sama tíma og afkomu alþýðu hrakar í þeim löndum, sem utanríkisráðherrar af tagi Bjarna Benediktssonar hafa svikið undir einræði ameríska auðvaldsins. — En auðvitað mun Bjarni Benediktsson halda áfram að neita staðreyndunum. Það er einn liður í blekkingaráróðri íslenzka afturhaldsins, til þess að reyna að sætta íslenzka alþýðu við það, hvernig ríkisstj. rænir og ruplar tekjum og eignum alþýðunnar.

Hæstv. landbrh. talaði hér áðan um, að till. Sósfl. um 750 þús. kr. sem 10% framlag ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða væri smáræði. En þó að sú upphæð væri ekki stór, var hún of stór fyrir Framsókn til að samþ. hana. Framsókn drap hana, um leið og hún gerði ráðstafanir til að ráðast á kjör verkalýðsins.

Eysteinn Jónsson reyndi að rægja Sósfl. að vanda. Hann vildi reyna að snúa út úr orðum Áka Jakobssonar og segja, að Rússar mundu ekki kaupa af Íslendingum, nema Bjarni Benediktsson færi úr ríkisstj. og sósíalisti tæki við. Hvílík bláber della! Er Eysteinn Jónsson búinn að gleyma, að Rússar gerðu stærsta viðskiptasamning, sem gerður hefur verið við Ísland, einmitt við Bjarna Benediktsson, í júní 1947, en að Bjarni sleit því viðskiptasambandi síðar, að undirlagi Ameríkana, fyrir Marshallgjafir. — Út af þessu vil ég segja við valdhaf-

ana: Blessaðir lofið þið Bjarna Benediktssyni að özla eins og hann vill, — lofið þið honum að drattast um allan heim á ráðstefnur í sparnaðarskyni, ef ykkur finnst svona mikill sómi að honum. Lofið þið honum að klaga okkur Íslendinga fyrir valdhöfum og nýlendukúgurum heimsins, fyrir að við séum svo óþekkir, að við viljum ekki beygja okkur góðfúslega undir okið. Það hefur verið kvartað yfir þessu áður erlendis, út af okkur Íslendingum, — Englandskonungur vildi ekki kaupa landið á 16. öld, af því að þjóðin þótti svo balstýrug. — Það getur verið, að Bandaríkin fái sig fullkeypt af því, áður en lýkur, að ætla að brjóta það undir sig. — Lofið þið Bjarna Benediktssyni að özla eins og hann vill, ef ykkur finnst sómi að honum, á ráðstefnur. En lofið þið bara oss Íslendingum að verzla við hvaða þjóðir sem við viljum, Rússa eða þjóðirnar í Suður-Ameríku, Ísrael eða Ítalíu, án þess að þurfa að spyrja Bjarna eða Bjarnason um leyfi. Þið eruð að gefast upp við að útvega markaði fyrir okkar vörur. Þið segið, að hrun sé alls staðar í heiminum. Þið getið ekki tryggt þjóðinni sölu á framleiðsluvörum hennar, svo að hún fái notið þeirra tækja, sem hún fékk með nýsköpuninni. Fyrst þið getið ekki bjargað henni, lofið þið henni þá að bjarga sér sjálfri. Ofurseljið þið hana ekki, bundna á höndum og fótum, engilsaxneska auðvaldinu. — Þessir menn, sem völdin hafa hér, tala um frjálsa verzlun. En samt sem áður fella þeir hverja till., sem við sósialistar komum fram með um að gefa íslenzkri alþýðu meira verzlunarfrelsi, til þess að reka erindi þeirra manna, sem vilja fá íslenzku þjóðina ofurselda sér til að arðræna hana og eyðileggja hana efnahagslega, þegar búið er að brjóta hana á bak aftur og hnekkja því, að alþýðan geti bjargað sér sjálf og myndað sér samtök, til þess að selja sínar vörur. En afskipti ríkisvaldsins í þessum efnum eru hins vegar skipulögð til skaða fyrir þjóðina í heild, til þess að leyfa flokki manna að viðhalda einokun í verzluninni, til gróða fyrir nokkra auðmenn hér innanlands. — Þessir menn, valdhafarnir, tala um frjálsa verzlun. En þeir hata hana og óttast í hjarta sínu. Þeir eru hræddir um sína eigin einokun, hræddir um, að yfirboðurum þeirra í Washington gangi ekki eins vel að kyrkja oss Íslendinga efnahagslega, ef einokun milljónamæringanna í Reykjavík væri aflétt af útflutningi og innflutningi Íslendinga. Og nú vil ég segja við valdhafa Íslendinga: Ef þið ekki þykist vera eða jafnvel ekki viljið vera þau peð á taflborði engilsaxneska auðvaldsins gegn íslenzku þjóðinni, sem ég nú hef lýst, — hví viljið þið þá ekki gefa íslenzku þjóðinni frelsi til þess að bjarga sér sjálf? Frelsi til að selja sínar vörur, kaupa sínar nauðsynjavörur og byggja sín hús — óháð einokunar-skriffinnsku-fjötrum ykkar? Látið þið staðreyndirnar bara tala um það, hvað við getum selt Rússum. Ég hef í tvígang lagt fram tillögur um, að þjóðin fái að einhverju leyti slíkt frelsi, — það olnbogarúm til þess að ráðstafa viðskiptum sínum, sem fyrir 70 árum var skilyrði þess, að íslenzk þjóð gat skapað sér verzlunarsamtök, til þess að brjótast undan oki danskra selstöðuverzlana. Þið hafið neitað þessu — fellt þetta — með orð um frjálsa verzlun á vörunum.

Í 10 síðustu ár hefur íslenzkur verkalýður barizt fyrir sigri. Nú berst íslenzkur verkalýður fyrir lífi sínu. Árásirnar á hann undanfarin ár hafa rýrt kjör hans. Þessar árásir, sem nú hafa verið gerðar á hann, sviptu hann öllu, sem hann hefur unnið síðustu tíu árin. Þær leiða yfir hann aftur atvinnuleysi og sult forstríðsáranna, ef verkalýðurinn ekki sameinast allur, hvar sem er, án tillits til pólitískra skoðana, gegn þessum árásum, gegn þessari afturhaldsstjórn, gegn flokkum hennar, Framsfl. og Sjálfstfl. Við Íslendingar erum nú auðugri en nokkru sinni fyrr. Við höfum mikið vinnuafl og fullkomin tæki. En við erum fordæmdir til þess að láta okkar tækifæri til sjálfsbjargar liggja lítt notuð, ef við eigum að vera ánauðugir undir einokun þess auðhringakerfis, sem núverandi stjórnarfl. beygja okkur undir. Þess vegna verður íslenzk alþýða að berjast á móti einokunarkerfi auðmannastéttarinnar, innlendrar og útlendrar auðmannastéttar, því að milli einræðis auðhringanna og hagsmuna íslenzkrar alþýðu er óbrúandi djúp. Gegn þeirri hættu, sem stafar af innlendu og erlendu auðvaldi, verður íslenzk alþýða að sameinast. Gegn því auðvaldi, sem reiðubúið er að tortíma lýðréttindum hér á landi, eins og það gerði í Þýzkalandi á sínum tíma og eins og það er að gera nú í Ameríku. — Íslenzkur verkalýður þarf að standa saman í órjúfandi bandalagi, til þess að vinna bug á því auðvaldi, sem er að leiða okkur aftur út í atvinnuleysi og skort — því innlenda og erlenda auðvaldi, sem er að undirbúa það að granda okkar innlenda sjálfstæði.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Umræður þessar hafa af hálfu hæstv. ríkisstj. að miklu leyti snúizt upp í ádeilu á Alþfl. fyrir að hann standi utan ríkisstj. og hafi neitað að taka þátt í gengisfellingunni. Gera andmælendur ýmist að bera Alþfl. vammir á brýn eða kvarta yfir að hafa hann ekki með sér í ríkisstjórn.

Síðustu alþingiskosningar snerust að verulegu leyti um gengisfellinguna. Við Alþýðuflokksmenn lýstum yfir í kosningunum, að við værum andstæðir gengislækkun. Kjósendur okkar kusu okkur á þeim forsendum. Við erum fulltrúar á Alþingi fyrir þá, sem eru á móti gengislækkun. Enginn þarf að ganga þess duldinn. Við hefðum brugðizt kjósendum og kosningaloforðum, ef við hefðum snúizt í lið með gengislækkunarmönnunum að loknum kosningum. Bæði Þjóðviljinn og Tíminn sögðu fyrir kosningar, að við myndum svíkja kosningaloforð okkar, og nú eru framsóknarmenn bálvondir yfir því, að við uppfyllum ekki þennan spádóm þeirra. Kemur þar fram, að margur heldur mann af sér mátulega dyggan.

Vonzka framsóknarmanna yfir orðheldni okkar Alþýðuflokksmanna við okkar kosningastefnu er skiljanleg, þegar athuguð eru þeirra

kosningaloforð og þeirra orðheldni, svo sem rakið hefur verið hér í þessum útvarpsumræðum. Kjósendur Framsfl. um allt land spyrja: Hvar er blessun gengislækkunarinnar? Hvar eru hliðarráðstafanirnar, útrýming svarta markaðarins, hvar er hið volduga verðlagseftirlit, afnám húsaleiguokursins, uppfylling loforðanna um næga skömmtunarvöru, breiðu bökin, sem bera áttu byrðarnar o. s. frv., o. s. frv.? Þeir mega lengi spyrja. Svarið verður hið hafa og hjá Bólu-Hjálmari með tóman klyfjahestinn: „loforð öðrum megin og svik hinum megin."

Hæstv. forsrh. kvartaði yfir því hér í gær, að Alþfl. stæði við hlið kommúnista í því að eyðileggja hin góðu áhrif gengislækkunarlaganna. Þetta er ekki rétt. Í fyrsta lagi stendur Alþfl. ekki við hlið kommúnista í þessu máli. Alþfl. er eindreginn í andstöðunni gegn lagasetningunni, en kommúnistafl. hefur m. a. verið með tillögu um að láta útvegsmenn selja helming gjaldeyrisins á svörtum markaði, sem mundi verðfella gjaldeyrinn enn meira, ef hann gæti á þann hátt náð sínu takmarki. Í öðru lagi sjást engin góð áhrif gengislækkunarinnar. Í þriðja lagi hvolfast yfir ríkisstj. andmæli gegn áhrifum gengislækkunarinnar frá framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum. Ekki hefur Alþfl. staðið að fundum bænda austanfjalls eða í Borgarfirði, þar sem bændur hafa gert kröfur til ríkisstj. og mótmælt verðhækkun á tilbúnum áburði, verðhækkun á benzíni og verðhækkun á landbúnaðarvélum! Ekki hefur Alþfl. stjórnað umkvörtunum útvegsmanna, sem sent hafa hverja nefndina á fætur annarri á fund hæstv. atvmrh. til þess að sannfæra hann um, að hagur bátaútvegsins er lakari eftir gengislækkunina en áður. Þetta hafa flest verið ágætir sjálfstæðismenn, og svörin, sem þeir hafa fengið, hafa jafnan verið þessi: „Ætlið þið að drepa Sjálfstfl. með því að segja frá þessu opinberlega?" Og útvegsmannanefndirnar hafa snúið aftur vonsviknar til funda Landssambands útvegsmanna, sagt þar sínar farir ekki sléttar og setið þar hnípnar og ráðvilltar. Þeir hafa eins og bændur, og eins og Alþfl., leitað að blessun gengislækkunarinnar, en eigi fundið hana.

Bjargráðin svonefndu við útgerðina hafa í framkvæmd og höndum núverandi ríkisstj. snúizt upp í bölvun.

Hið sama hefur orðið upp á teningnum hjá sjómönnum, verkamönnum, iðnaðarmönnum, verzlunarmönnum og embættismönnum. Öllum hefur verið lofað öllu fögru af hæstv. ríkisstj., en veruleikinn hefur verið allur annar. Ríkisstj. er blind fyrir þessu. Síðast í gærkvöld ræddi hæstv. forsrh. um „smáfórnir." Staðreyndirnar blasa þó við. Í skjóli gengislækkunarinnar hafa ýmsir braskarar grætt stórfé á innflutningi og útflutningi, án þess að nokkur tilraun sé gerð af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að hafa hendur í hári þeirra. Hins vegar hefur gengislækkunin, eins og hún hefur verið framkvæmd, enn eigi valdið öðru en tjóni og vandræðum í hvívetna.

Þetta er ekki eingöngu reynsla Alþfl., heldur sameiginleg skoðun allra stétta, nema örfárra braskara, sem í skjóli lélegrar lagasetningar og ónógs eftirlits hafa grætt of fjár á gengislækkuninni.

Hin eina björgunarstarfsemi hæstv. ríkisstj., sem sannarlega hefur tekizt, er sú, að bjarga Björgvin Bjarnasyni úr landi. Mér virðist afgreiðsla hæstv. ríkisstj. á því máli vera táknræn fyrir hina svonefndu björgun hennar við atvinnuvegina. Útgerðarmaður fer úr landi með fjögur skip, öll eikarbyggð, eitt er gamalt, en gott síldarskip, sem lengi var með hæstu síldarskipum, tvö eru aðeins 15 ára og eitt er 10 ára gamalt. Skipunum er ágætlega við haldið. Eigandinn býðst til að greiða sjóveðskröfur skipverja með því skilyrði, að hann fái útflutningsleyfi fyrir skipunum. Fyrrv. ríkisstjórn, minnihlutastjórn Sjálfstfl., neitaði um leyfið. Dollarar útflytjandans hækka í verði, krónan er felld, skuldirnar lækka. Framsfl. myndar ríkisstjórn með Sjálfstfl. Samningar hefjast milli ríkisstj. og strokumannsins. Ríkisstj. segir, að Björgvin verði að borga meira en sjóveðskröfurnar. Björgvin fellst á það, en segir um leið: „Ef ég á að borga meira, verð ég að fá útflutning á öllu lausafé mínu á Ísafirði." Ríkisstj. fellst á það og sendir á eftir Björgvin 20 smálestir af herpinótum og fjóra snyrpibáta með vélum og tilheyrandi. Björgvin setur tryggingu fyrir greiðslu á 1.7 millj. kr. Kröfuhafar fyrir tveim millj. króna fá ekki tækifæri til að lýsa þeim, og Björgvin er fyrsti útgerðarmaðurinn, sem fær útstrikað aðstoðarlán hjá ríkissjóði. Kærur fyrir stórkostleg gjaldeyrissvik og annað verra athæfi eru látnar niður falla. Flóttinn frá ákærum, skuldum og skuldbindingum er verðlaunaður með útflutningi skipanna. Hæstv. atvmrh., Ólafur Thors, sagði í gærkvöld, að hann hefði sett kíkinn fyrir blinda augað. Jafnframt fullyrti hann og hafði sér til afsökunar, að hin ágætu skip Ísfirðinga væru fúaduggur. Þannig eru flótti og svik verðlaunuð af hæstv. ríkisstj. Einn treysti Sjálfstfl. sér ekki til þess að framkvæma þetta. Hann þurfti að fá Framsókn í ríkisstj. með sér til að deila ábyrgðinni. Með þessu hefur verið sett fordæmi, sem varla á sinn líka í stjórnmála- eða atvinnusögunni. Útgerðarmaður, sem flýr úr landi með skip sín, setur ríkisstj. skilyrði fyrir lögveðsgreiðslum og fær fulla áheyrn hjá hæstv. ríkisstj., á sama tíma og þeir útvegsmenn, sem heima sitja, eru látnir bíða afgreiðslu.

Ein áhrif gengisfallsins, sem ekki hefur verið bent á, eru verðfall íslenzkra afurða á erlendum markaði. Kaupendum er kunnug gengisfelling krónunnar, og nokkur dæmi munu nú þegar vera til þess, að krafizt hefur verið verðlækkunar á þeim grundvelli. Annars væri óskiljanleg sú verðlækkun, sem orðið hefur á saltfiski, t. d. á Ítalíu. Tíminn leyfir eigi, að ég fari nánar út í þetta mál, en ég vil að lokum víkja nokkrum orðum að hinum eðlilega þætti stjórnarandstöðunnar.

Ýmsar aðgerðir núverandi stjórnarflokka ganga mjög á rétt sjómanna, verkamanna, iðnaðarmanna og annarra launastétta í landinu. Á

þessu þarf að hafa vakandi auga og veita sem öflugasta andstöðu. Þetta er hlutverk Alþfl. Kjósendur kommúnistafl. eru yfirleitt úr sömu stéttum og kjósendur Alþfl., en forustumenn kommúnista sinna fyrst og fremst hagsmunum Rússa, og er því í engu trúandi til að gæta réttar eða hagsmuna launastéttanna.

Hæstv. atvmrh. varð að viðurkenna í gærkvöld, að Alþfl. hefði mörgu góðu til leiðar komið með stjórnmálabaráttu sinni. Þetta eru orð að sönnu. En hinn góði árangur af baráttu Alþfl. hefur ýmist náðst með stjórnarsamvinnu eða í stjórnarandstöðu. Það er Alþfl. eins og einskis annars að ákveða, hverja leið hann telur að hverju sinni líklegasta til árangurs. Hlutverk Alþfl. hefur oft verið það, að fá aðra flokka, þ. á m. Sjálfstfl., til þess að framkvæma hið góða, sem hann annars ekki vildi gera, því að sá flokkur hefur síður en svo verið á sömu línu og postulinn Páll. Stundum hefur þetta tekizt eftir ítrekaðar tilraunir. Félagsmálalöggjöf okkar og kjör almennings í landinu bera þess ljósan vott.

Kommúnistum, sem sífellt eru að reka hornin í Alþfl., skal á það bent, að Alþfl. var stofnaður 1916 og byltingin í Rússlandi var gerð á næsta ári, 1917. Þessi fyrirtæki mega því heita jafngömul. Á þessum árum hefur Alþfl. með starfi sínu í verkalýðsfélögunum og á Alþingi tekizt að bæta stórkostlega kjör alþýðunnar á Íslandi, þannig að hún á við ólíkt betri kjör að búa, og þar að auki fullt frelsi, heldur en alþýðan í hinu volduga Rússlandi, þar sem kommúnisminn er einráður; þar býr alþýðan við kúgun, örbirgð og ófrelsi.

Slíkur er munur á árangri af starfi lýðræðisjafnaðarmanna og kommúnista. Hér á Íslandi hafa kommúnistar tafið framgang jafnaðarstefnunnar með því að berjast harðlega gegn Alþfl., en Alþfl. heldur ótrauður áfram að berjast fyrir stefnu sinni, eins og ég sagði áðan, ýmist í stjórnarsamvinnu eða stjórnarandstöðu, eftir því sem hann telur hagsmunum umbjóðenda sinna bezt borgið hverju sinni. Árangurinn fer eftir því á öllum tímum, hvern stuðning kjósendur veita Alþýðuflokknum.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins einstök atriði úr þeim umr., sem hér fóru fram í gærkvöld og svo aftur nú í kvöld, sem ég vil nefna fyrst. Hv. 8. landsk., Stefán Jóh. Stefánsson, lét svo um mælt í gærkvöld, að ummæli mín 14. marz í vetur, þegar núverandi ríkisstj. tók við, um vilja ríkisstj. til þess að hafa samstarf við stéttarfélögin og forustumenn þeirra, hefðu að engu haldi komið og enginn litur verið á því sýndur að hafa vinsamleg samskipti við stéttarsamtökin. — Ég vil algerlega mótmæla þessu. Ýmis ágreiningsatriði hafa komið fram, og gat stundum orkað tvímælis, hvernig með þau skyldi farið í sambandi við ýmis ákvæði í gengisskráningarlögunum. Þessi atriði öll voru rædd ýtarlega við fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, og var leitazt við af fremsta megni að ná samkomulagi, sem báðir gætu við unað, enda tókst það í ýmsum tilfellum.

Nú í dag hafa verið lögð fram á Alþ. tvö stjfrv., sem einmitt eru árangur þess samstarfs og samkomulags, sem einkennt hefur þessi samskipti. Hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóh. Stefánsson, hefur einmitt nú í dag veitt báðum þessum frv. meðmæli sín, og sýnir það ljóslega, að þau ummæli voru ekki á rökum reist, er hann hafði hér í gærkvöld.

Hv. 4. þm. Reykv., Haraldur Guðmundsson, hallmælti ríkisstj. hér mjög áðan fyrir að hafa stöðvað afgreiðslu frv. til l. um breyt. á tryggingalöggjöfinni, og taldi hann þetta lítt skiljanlega framkomu. — Hv. 4. þm. Reykv. veit það nú vel, að fjárhagur tryggingannna er þannig, að þær geta engin ný útgjöld á sig tekið, nema með nýjum álögum á ríkissjóð, sveitarsjóði og almenning. Af þessum ástæðum er það, að ríkisstj. er mjög hikandi við að styðja framgang þessa frv. á þessu þingi, af því að það felur í sér stórfellda útgjaldahækkun, ekki aðeins fyrir ríkissjóð, heldur og fyrir sveitarsjóði og almenning. Og það er nú svo komið, að margir sveitarsjóðir eru nú í svo miklum fjárhagsörðugleikum, að þeir eru orðnir stórskuldugir við Tryggingastofnunina. Og má vel geta þess, að nú er fyrir hönd nokkurra sveitarfélaga verið að leita samninga við Tryggingastofnun ríkisins um vangreidd framlög þeirra frá síðustu árum. Það liggur því nokkuð ljóst fyrir, að ekki er vænlegt nú að auka enn á þessi útgjöld, eins og komið er. Hins vegar skal ég taka fram, að ríkisstj. skilur mjög vel áhuga hv. 4. þm. Reykv., Haralds Guðmundssonar, forstjóra Tryggingastofnunarinnar, fyrir framgangi þessa frv., og hún viðurkennir, að hann sé öruggur og ágætur forstjóri þessarar merkilegu menningar- og tryggingastofnunar. Og það má segja, að það sé virðingarvert, að bóndi vilji heyja vel, eins og hv. 4. þm. Reykv. mun vilja í þessu sambandi. Og ég skal taka hér fram, að ef þetta frv. verður ekki afgr. á þessu þingi, sem nú situr, sem aðeins getur verið fáa daga enn þá, þá verður það að sjálfsögðu tekið til meðferðar á næsta Alþ. Og þá mun ríkisstj. að sjálfsögðu óska góðs samstarfs við hv. 4. þm. Reykv., forstjóra almannatryggingganna, og hafa hann með í ráðum um framgang málsins þá.

Andstæðingar stj., sérstaklega ræðumenn Alþfl., hafa beint ásökunum til Framsfl. um, að hann hafi ekki gætt þess að vinna að því að setja upp hliðarráðstafanir, sem flokkurinn hafi alltaf talið, að koma yrðu samhliða gengisfellingunni. Þessar ásakanir hafa ekki við nein rök að styðjast. Vil ég í því sambandi benda á eftirfarandi: Í gengisskráningarlögunum kom flokkurinn t. d. því til leiðar, að stóreignaskatturinn var hækkaður til stórra muna, að nokkur hluti hans gengur til íbúðarhúsabygginga í sveitum og þéttbýli, að gengishagnaður bankanna, sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að verði 16 milljónir a. m. k., gengur til ræktunarsjóðs að ⅓, til byggingarsjóðs að ⅓ og til verkamannabústaða og útrýmingar heilsuspillandi íbúða að ⅓. Sett hafa verið á Alþingi fyrir forgöngu flokksins lög um verð-

lagseftirlit og verðlagsdóm, sem leggja valdið í þessum efnum í hendur almennings. Þá hefur Framsfl. lagt fram frv. um að breyta lögum um húsaleigu til stórra bóta. Það frv. mun verða afgreitt, áður en þessu þingi lýkur, — í trássi við Alþfl. og sósialista. Verzlunarfrv. Framsfl. hefur Alþfl. hins vegar enn á ný komið fyrir kattarnef í innilegu samstarfi við Sjálfstfl. og hefur því enn hindrað, að þetta réttlætismál alls almennings í landinu nái fram að ganga.

Stjórnarandstaðan hefur nú í þessum umr. látið alþjóð heyra, hvað hún hefur fram að færa gegn stefnu ríkisstj. og því, sem gert hefur verið til þess að reyna að bæta úr fjárhags- og atvinnulífsógöngum þeim, er þjóðin var og er stödd í. Það getur engum áheyranda hafa dulizt, að stjórnarandstæðingar hafa alls ekki getað bent á nein úrræði. Þeir hafa aðeins getað sagt: Þetta vildum við ekki. — En hvað þeir vildu, það vita þeir ekki, eða látast ekki vita. Hv. þm. Hafnf. var að visu í kvöld með veika tilburði til að reyna að færa rök að því, að hægt hefði verið að fara niðurgreiðsluleiðina sem áður. En óhöndulega tókst honum slíkt, enda margbúið að sanna, að sú leið var alls ekki fær. Með góðgirni mætti helzt segja, að hjá hv. stjórnarandstæðingum hafi komið fram, að þeir hafi viljað bíða og sjá, hvað setti, láta áfram undan síga. En hvers var að bíða? Því er fljótsvarað. Einskis nema hrunsins. Hrunið gat vitanlega verið æskilegt fyrir Sósfl., eða kommúnista hans, sem vilja þjóðlífið feigt. Hins vegar er afstaða Alþfl. óskiljanleg, laus við manndóm, og ég vil segja óafsakanleg. Formaður Alþfl. hafði í hartnær þrjú ár haft forsæti í ríkisstjórn, sem fékk svo bitra reynslu af örðugleikum þeim, sem við er að stríða, að hún gafst upp fyrir þeim. Sigraðir menn hafa engan rétt til að látast ekki vita, hvað við er að etja. En víst er það, að almenningur vildi ekki, að beðið væri. Hann taldi, að ekki mætti lengur reka á reiðanum. Þetta kom greinilega fram í kosningunum s. l. haust. Þess vegna tapaði Alþfl. fylgi. Þess vegna jók Framsfl. einn allra flokka þingmannatölu sína. Hann þorði einn allra flokka að segja þjóðinni, að ekki væri lengur hægt að bíða með aðgerðir. Það hefur líka komið í ljós, að þjóðin yfirleitt hefur tekið rólega og með skilningi þeim ráðstöfunum, sem meiri hluti Alþingis og núverandi ríkisstj. hafa gert í viðréttingarskyni, þrátt fyrir áróður í blöðum stjórnarandstöðunnar og ræðum forkólfa kommúnista og Alþfl. Þetta eflir mjög vonir um, að þjóðin beri gæfu til þess, með sameinuðum átökum, að sigrast á örðugleikunum. Þjóðin var orðin þreytt á sundrunginni á Alþingi. Hún skildi það ekki, eins og vonlegt var, að þingið gæti ekki komið sér saman um myndun ríkisstjórnar og úrlausnir aðkallandi vandamála. Þessi ríkisstjórn tveggja stærstu flokka Alþingis, sem styðst við 36 þingmenn og hefur á bak við sig að flokkafylgi mjög mikinn meiri hluta þjóðarinnar, hún hefur leyst Alþingi undan ámæli þjóðarinnar um stórfellda sundrung og samtakaleysi. Ég skal engu spá, hvernig til kann að takast. En ég fullyrði, að það er vilji þeirra, er stjórnina styðja, að reyna að leysa hin mest aðkallandi vandamál þannig, að þjóðinni geti orðið fyrir beztu. Til þess þarf að sjálfsögðu ráðrúm. Það er fljótlegra að hrapa en klífa brattann. Hér er sannarlega fjall í fang.

Þeir hæstv. ráðherrar, sem hafa talað í þessum umr., og þá sérstaklega hæstv. fjmrh., hafa drepið á nokkur verkefni, sem fyrir liggja. Um það vil ég aðeins segja þetta: Það þarf að undirbúa fjárlög, sem afgreidd geti orðið, svo sem vera ber, fyrir næstu áramót. Það verður að undirbúa þau þannig, að þau séu í samræmi við fjárhagsgetu þjóðarinnar. Það þarf að koma á sparnaði í ríkisrekstri, láta rannsaka, hvernig hægt er að gera starfskerfi ríkisins einfaldara, og breyta því þannig, að það sé ekki ofviða fyrir jafnfámennt og fátækt þjóðfélag og okkar er. Það þarf að endurskoða atvinnuhætti þjóðarinnar og beina atvinnuafli hennar að þeim verkefnum, sem efla hagsæld hennar, og þá fyrst og fremst að framleiðslunni. Ríkisstj. er ákveðin í því að taka þessi verkefni og mörg önnur til meðferðar og úrlausnar nú á næstu mánuðum. Þegar ríkisstj. hefur fengið hæfilegt ráðrúm til þess að sýna, hvað hún vill og getur í þessum efnum og fleirum þeim skyldum, þá er kominn tími til að kveða upp dóm yfir henni og meta þau samtök, er Framsfl. og Sjálfstfl. hafa nú hafið með sér.

Að lokum vil ég segja þetta: Þótt útlitið sé uggvænlegt, má aldrei gleyma þeim sannleik, að „sú þjóð, sem veit sitt hlutverk, er helgast afl um heim, jafnt hátt sem lágt má falla fyrir kraftinum þeim." Það helga afl á þjóðin, ef hún beitir því í krafti einingar sinnar og samtaka. — Ég þakka svo þeim, sem hlustað hafa á þessar umr., og óska öllum landsmönnum nær og fjær árs og friðar. Góða nótt.

Forseti (JPálm): Hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, lauk máli sínu, og er þá þessum útvarpsumr. lokið. Nú verður hálftíma fundarhlé, en að því loknu verður haldið áfram 3. umr. um fjárlagafrv. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 724, 725, 728 og 729, sem voru of seint fram komnar, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 731) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Ég á hér ásamt samþm. mínum, hæstv. forsrh., brtt. á þskj. 720 við 22. gr. Þessi till. er um að veita stj. heimild til að greiða 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur að Löngumýri í Skagafirði. Þetta er fram borið sökum þess, að þessi kona hefur komið þarna upp stofnun, sem er einstök í sinni röð. Hún hefur komið upp myndarlegum kvennaskóla, lagt í hann ½ millj. kr. og gert þetta með svo miklum dugnaði og myndarskap, að allir dást að. Það þarf ekki að orðlengja um það, að þegar slíkt er gert, þá er bæði ríki og héraði gerður greiði. Með privatframtaki er því komið í framkvæmd, sem rík-

ið hefði annars þurft að gera. Og hún hefur gert þetta með þeim árangri, sem ég áður gat um. Ég hygg, að hún hafi fengið 50 eða 75 þús. kr., allt í allt, í byggingarstyrk, og reikna ég þá með því, er hún fékk á síðustu fjárlögum. Það gefur auga leið, að þetta er bara lítill styrkur miðað við kostnaðinn. Ef ríki og sýsla hefðu átt að byggja skólann, hefði þurft að leggja fram stærri fjárhæðir. Ég hygg því, og held, að það sé kunnugra manna mál, að hagsýni sé að styrkja þessa stofnun. Ég hef borið þetta mál undir fræðslumálastjóra, og hann hefur í bréfi til mín sagt, að ríkið verði að styrkja þessa konu. Ég vænti því þess, að Alþ. meti starf hennar og viðleitni að verðleikum og samþ. að greiða þessa litlu upphæð. Ég skal svo ekki þreyta hv. þm. með frekari umr. um þetta. — Það er ýmislegt annað, sem ástæða væri til að minnast á. Það er með mig eins og aðra hv. alþm., við hefðum allir óskir fram að færa, ef ástæður væru ekki þannig, að það er ekki hægt. Það er því bezt að hafa sem fæst orð.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég á aðeins eina brtt., á þskj. 712, við fjárl. að þessu sinni. Hún er þess efnis, að á 15. gr. A. XIV komi nýr liður um 25 þús. kr. styrk til Leikfélags Rvíkur, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur. Ég hygg, að það stafi af misskilningi, að styrkurinn til Leikfélags Reykjavíkur hefur verið felldur niður. Það er öllum kunnugt, að starfsemi félagsins hefur verið með sama hætti s. l. leikár og áður, og það er ósanngjarnt að svipta það styrk, meðan starfsemi þess er óbreytt. Þó að þjóðleikhúsið hafi tekið til starfa, er ekki óeðlilegt, að önnur leikstarfsemi verði styrkt, mér finnst full ástæða til þess, en þessi styrkur, sem lagt er til að félagið fái nú, er miðaður við þá starfsemi, sem félagið innti af hendi fram á síðasta vor. Ég vænti þess, að hv. þm. séu mér sammála um þetta og geti því fallizt á að greiða till. atkv.

Hæstv. ríkisstj. hefur á þskj. 713 borið fram till. um nýjan lið: launahækkanir samkv. 6. gr. l. nr. 22 1950, aðrar launauppbætur og uppbætur á lífeyri og ellilaun. Í till. eru fyrirmæli um, hvernig uppbæturnar skuli greiða, og fela þau fyrst og fremst í sér lækkun launauppbóta frá því, sem verið hefur. Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Ég er meðflm. að brtt. við þessa till. hæstv. stj., en ég geri ráð fyrir því, að hv. 1. flm. færi fram rök okkar. En í tilefni af því, að ég fékk þær upplýsingar í dag, að frv. um breyt. á almannatryggingal. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi, vildi ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvað hún hyggst fyrir um uppbætur til öryrkja og gamalmenna. Í þessu efni eru fyrir hendi skýlaus fyrirmæli Alþ. í viljayfirlýsingu þess í febr. s. l., en hana er að finna sem rökst. dagskrá í nál. fjvn. á þskj. 259. Í þeirri dagskrá, er samþ. var af Alþ., er því slegið föstu, að Tryggingastofnunin haldi þeim sjóðum, sem henni hefur tekizt að safna, og að stofnuninni verði heimilað að greiða úr tryggingasjóði 10% uppbót á ellilífeyri, örorkulífeyri, örorkustyrk og makabætur fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 til 30. júní 1950. „Í trausti þess", segir enn fremur í dagskránni, „að svo verði, telur Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá." Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort ætlunin er að bregðast því fyrirheiti, sem hér er óbeint veitt. Ég vil ekki trúa því, fyrr en ég tek á. Ég vænti upplýsinga frá hæstv. stj. um þetta, áður en umr. lýkur. Ef ekki verður farið eftir yfirlýstum vilja Alþ. í þessu máli, mætti nefna það svik við þá aðila, sem hafa reitt sig á, að taka mætti yfirlýsingu Alþ. gilda.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 712, VI hef ég leyft mér að bera fram brtt. við fjárlagafrv. fyrir 1950, 15. gr. A. VII. 12. lið, um, að styrkur til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi verði hækkaður úr 4500 kr. upp í 10000 kr. Ég vil benda hv. þm. á það, að undanfarið hefur amtsbókasafnið í Stykkishólmi aðeins fengið 4500 kr., en á sama tíma hafa bókasöfnin á Akureyri, Ísafirði og í Hafnarfirði fengið 12000 kr. Þegar tekið er tillit til þess, að fimm eða sex sýslufélög eiga rétt til bóka í safninu í Stykkishólmi, finnst mér full sanngirni mæla með, að það fái 10000 kr. Ég skal geta þess, að sýslusjóður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og hreppssjóður leggja fram tvöfalda þessa upphæð. Ég tel óþarfa að hafa um þetta mörg orð. Ég treysti því, að þm. telji þetta sanngjarnt og greiði till. atkv.

Á þskj. 720, III hef ég borið fram brtt. við 22. gr., liðinn VI, um að greiða Sigurði Birkis söngmálastjóra 15 þús. kr. byggingarstyrk. Þá till. tek ég aftur, því að hún kemur fram í nýrri mynd á þskj. 724, X. Ég vil eindregið mæla með því, að Sigurði Birkis söngmálastjóra verði veittur þessi styrkur. Hann hefur unnið mikið og gott starf í þágu þjóðkirkjunnar, — komið upp tugum kirkjukóra víðs vegar um landið, og starf hans er hvarvetna í dreifbýlinu mjög rómað. Slíkt ber að viðurkenna í verki, og ég leyfi mér að vænta þess, að hv. alþm. samþykki þessa till. um lítils háttar byggingarstyrk til hans.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Nafn mitt stendur hér við örfáar brtt., og get ég notað fá orð til að ræða þær, þar sem meðflm. minn er áður búinn að mæla með þeim.

Það er þá fyrst, á þskj. 712, till. um að hækka nokkuð styrk til lendingarbóta á Eyrarbakka, eða úr 15 þús. í 30 þús. kr. Það hefði nú suma ekki svimað við þessa hækkun stundum, ef öðruvísi hefði staðið á, því að sviminn fer nú ekki alltaf eftir hæð bjarganna, heldur eftir því, hvar þau eru á landinu. — Eyrarbakki hefur löngum átt í vök að verjast í brimlendingu; en enda þótt sjósókn hafi verið þar torveld, hefur Eyrbekkingum þó nýtzt furðanlega vel aflinn, en þess ættu þeir þó sízt að gjalda, að vera drjúgir á litlum afla. Þeir hafa mikla þörf fyrir bætta innsiglingu, því að það er hart, ef fiskurinn liggur utan við landsteinana,

að geta ekki sótt hann tímum saman. Á það ber líka að líta í þessu tilfelli, að not þeirra, sem á Eyrarbakka búa, eru not ríkisins, því að þeir eru landsetar þess, og umbætur á Eyrarbakka eru umbætur á ríkiseign. Fram hjá því atriði má ekki ganga, þegar þetta er vegið og metið. Því kann nú að verða til svarað, að Eyrbekkingar þurfi ekki á þessari 15 þús. kr. viðbót að halda, því að þeir eigi enn óeytt til þessara framkvæmda um 20 þús. kr. En það breytir nú engu í þá átt, og t. d. eru Stokkseyri ætlaðar 35 þús. kr., eða álíka og Eyrarbakki hefði þá nú úr að spila, enda er miklu hagkvæmara með þeim stórvirku tækjum, sem nú er völ á, svo erfið sem þau eru til flutnings, að geta gert stórt átak á einu sumri heldur en mörg smá.

Þá er önnur till. á sama þskj., sem við erum einnig flm. að, og lýtur hún að umbótum og þurrkun á ræktunarlöndum Stokkseyringa. Hér er enn svo háttað, að það, sem gert er fyrir Stokkseyri, er gert fyrir ríkið. Undanfarið hafa Stokkseyringar fengið nokkurt fé til þessara framkvæmda, en skurðgröftur er þar hin mesta nauðsyn. Þar er vatnsagi mikill í jörðu frá Flóaáveitunni fyrst og fremst, og menn eiga erfitt með að verja ræktunarlönd eins og tún og jafnvel matjurtagarða. Um þörf til þessa þykist ég vita að liggi fyrir viðurkenning frá Búnaðarfélagi Íslands, enda er þetta byggt á fullgildum rökum. Við settum aðeins 50 þús. kr. í okkar till., enda þótt beðið hefði verið um 100 þús., og við vorum svo kurteisir að láta fylgja varatill. um ein 30 þúsund — eins og unglingar, sem finna til aðhalds og fara annaðhvort að brúka kjaft eða verða auðmjúkir. Við tókum síðari kostinn og væntum, að það bæti fyrir till. heldur en hitt, en á því er sem sagt brýn nauðsyn, að nokkurt fé verði veitt til þessara framkvæmda, og vonumst við til, að hv. alþm. taki undir þetta mál af skilningi.

Þá erum við flm. að þriðju till., sem er um dálítinn byggingarstyrk til húsmæðraskóla frú Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði, þeirrar ágætu konu. Ég ætlaði nú að fara að segja þetta á óþinglegan hátt, því að okkur lízt báðum vel á Árnýju, en eins og alkunna er, þá er hún ágætur kennari, og færri stúlkur fá vist en vilja við hennar góða skóla. Hún brauzt í því fátæk af eigin rammleik að reisa þetta menntasetur, og hún á að fá að njóta þess dugnaðar, en eigi gjalda. Ég vona, að hv. alþm. líti á það, hve vel þessi góði húsmæðrafræðari er að þessu kominn og þörfin mikil að þeir láti hana njóta þess, hvílíkur kvenkostur hún er og skóli hennar vinsæll og fjölsóttur.

Þá er síðasta till., sem ég er við riðinn, en hv. þm. A-Sk. er frumflm. að, en hún er um utanfararstyrk til Björns Guðfinnssonar prófessors. Hann hefur átt við miklar þjáningar og langvarandi veikindi að stríða. Ég dvaldi með honum um tíma á landsspítalanum s. l. haust og vissi til þess, að lækni hans var mjög umhugað um það, að hann kæmist til frægra lækna í Ameríku til uppskurðar. Það hefur sjö sinnum verið gerður á honum holskurður, og til þess að bjarga nú lífi hans, þarf að gera á honum áttunda skurðinn. Ég ætla ekki að fara fram á nema 25 þús. kr. styrk til hans nú í þessu skyni, og meira að segja aðeins 15 þús. til vara, enda þótt gert væri ráð fyrir, að 45 þús. væri nær sanni. Ég vil svo ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta. Ég veit, að fjárveitingavaldið hefur ekki aflað mikilla dollara um skeið, en vona, að það skilji, að ekki sæmir að líta fyrst og fremst á þetta frá reikningslegu sjónarmiði, eins og um væri að ræða framlög t. d. til véla og báta. Hér er sjálft lífið í hættu og svo *mikil nauðsyn á hjálp, að ekki má undan stýra*, og ég vona, að það litla, sem enn er til í okkur flestum af skilningi handan við dollaraútsýnið, ráði samþykkt þessarar till. Það ræði ég svo ekki frekar, hver einstakur þm. verður að gera þetta upp við sig; ég vona aðeins, að það verði aðaltill., sem samþykki nær.

Ég læt nú staðar numið. Mig hefði að vísu langað til að flytja langtum fleiri brtt. við þessi fjárl., en ég er svo „dresseraður" undir harðri hendi, að ég hafði ekki í fullu tré með það og hef orðið að láta þetta nægja.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér ásamt hv. 8. þm. Reykv. brtt. á þskj. 724 við brtt. hæstv. ríkisstj. á þskj. 713 við frv. til fjárl. Brtt. okkar gengur út á það, að ákvæðið í brtt. ríkisstj. um lengingu vinnutíma á opinberum skrifstofum falli niður. Um leið og ég fylgi þessari till. úr hlaði með nokkrum orðum, get ég ekki látið hjá líða að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til launamálsins. Ég hef átt sæti í n., sem skipuð var á s. l. hausti til endurskoðunar launalaganna. Ég harma það, að ekki varð unnt að ganga fyrr en svo seint frá þessu *nál.*, að ekki vinnst tími til á þessu þingi að afgreiða launalögin. Í till. hæstv. ríkisstj. er þó farið eftir till., sem n. gerði um launauppbæturnar. Þær eru að vísu ekki háar, en ef ekki hefði fylgt lenging vinnutímans, hefði ég talið þessa bráðabirgðalausn ekki óviðunandi. Annars ber þess að gæta, að þessar till. frá launalagan. eru engar kröfur frá B. S. R. B.; þar er um að ræða samkomulag á milli fulltrúa bandalagsins annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar, og hlýtur þar að verða um nokkra tilslökun að ræða frá því, sem æskilegast mætti telja af hálfu opinberra starfsmanna. Ég hefði þó ekki skrifað undir nál., ef ég hefði ekki verið sannfærður um það, að laun opinberra starfsmanna væru þar nokkurn veginn að fullu samræmd eins og annars staðar gerist. Þau laun, sem ákveðin eru opinberum starfsmönnum, eru þó nokkru lægri en laun manna við einkaatvinnurekstur, en þó er mismunur ekki meiri en svo, að sanngjarnt getur talizt, á grunnlaunum ca. 400 kr. á ári miðað við hæsta launaflokk, og er það eftir atvikum viðunandi. Hvað snertir samræmingu á kjörum hinna ýmsu launaflokka, þá var skoðun mín sú, að fyrst og fremst beri að rétta hlut þeirra, sem byggju við lökust kjör. Og til dæmis um, að það sjónarmið hefur verið látið gilda, má t. d. nefna, að samkvæmt till. n. eru laun í hæsta launaflokki ekki meira en 4

sinnum hærri en í lægsta flokki, en í Noregi t. d. eru þau 10 sinnum hærri. Til dæmis má líka nefna, að hjá Skipaútgerð ríkisins hafði þriðjungurinn af starfsfólkinu, sem á skipunum vinnur, hærri laun en ráðherrar, fyrir utan ýmis hlunnindi. Annað dæmi má einnig taka fá Danmörku, þar sem laun presta eru talsvert hærri en meistara í ýmsum iðngreinum, en hér eru prestar aðeins hálfdrættingar á móts við þá. Hvað snertir hærri launaflokkana, vantar talsvert á, að þeirra hlutur sé réttur, og í heild verður að teljast, að opinberir starfsmenn væru ekki illa að því komnir að fá eitthvað meira en gert er ráð fyrir í till. hæstv. ríkisstj. Og ég mun greiða atkvæði með brtt., sem fram eru komnar frá Alþýðuflokksmönnum og sósíalistum við brtt. hæstv. ríkisstj. Ég tel það hóflega í sakirnar farið í þeim till., að ekki geti talizt óábyrg afstaða að greiða þeim atkvæði. Útgjöld, sem af þeim hækkunum stafa, standa a. m. k. að helmingi undir sér sjálf sem skattar. Og ég vona, að mér takist að öðru leyti að sýna þá íhaldssemi, að það geti ekki talizt óábyrg afstaða af mér að fylgja þessum till., þó að ég láti hjá líða að benda á tekjuöflunarleiðir á móti útgjöldum, er af því stafa. Svo er annað mál, hvort laun opinberra starfsmanna eru ekki eftir sem áður of lág. En í sambandi við það kemur bara spurningin um möguleikana á því að bæta kjör manna með launahækkunum. Og varðandi þá spurningu get ég ekki stillt mig um að láta í ljós, að það er ekki kaupgjald og gengi, sem ákveður lífskjörin. Ef svo væri, þá væri útrýming fátæktarinnar einfalt mál — það þyrfti þá ekki annað en hækka hvort tveggja. En að stjórnarflokkarnir hafa takmarkaða trú á slíkum aðgerðum, sést á því, að þeir hafa ekki flutt till. um að skrá dollarinn t. d. á krónu og pundið á 30 aura. Þetta hefðu þeir auðvitað getað gert og ákveðið jafnframt, að kaup Dagsbrúnarverkamanna skyldi vera 20 kr. á klst. En slíkar aðgerðir eru bara álíka gagnslitlar eins og að ætla sér að bæta úr kjötskorti með því að reikna kjötþungann í grömmum í staðinn fyrir kíló.

Um það má deila, hvað sé eðlilegur vinnutími á opinberum skrifstofum. Það er oft talað um, að hann sé óhæfilega stuttur, miðað við vinnutíma manna við framleiðslustörf. En ég vil vekja athygli á því, að það er engin meining, að sami vinnutími eigi að gilda við öll störf. Ég hef bæði unnið við landbúnaðarvinnu og á skrifstofu, og ef ég miða við 9 klst. vinnu við hvor tveggja störfin, þá hygg ég, að flestir, sem þekkja þann samanburð, viti, að maður er ólíku þreyttari eftir að hafa setið á skrifstofu þann tíma. En hvað sem því líður, kann að vera, að eitthvað mætti lengja þann tíma, sem nú er unnið á opinberum skrifstofum. En ég tel þó aðalatriðið að bæta vinnubrögðin, og ég játa, að mér þykir sennilegt, að agi á sumum opinberum skrifstofum mætti vera meiri. En ég álít rangt að lögbjóða lengri vinnutíma, og ég tel, að fyrsta sporið ætti að vera að koma á betra eftirliti með því, hvernig menn rækja störf sín. Það væri réttmæt ráðstöfun og við því er ekkert að segja, og því ber að mæta með velvilja. Hins vegar get ég ekki séð, að lenging vinnutímans mundi bera þann árangur, sem til er ætlazt, og sú ráðstöfun mundi mæta andúð. Ég álít sparnaðinn af henni hæpinn og tel, að sama árangri mætti ná með einfaldara móti, sem mundi ekki mæta eins mikilli andúð. Því vænti ég þess, að hv. alþm. sjái sér fært að veita þessari brtt. okkar nægilegt fylgi, til þess að hún nái fram að ganga.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. beindi fsp. til ríkisstj. varðandi örorkustyrk, ellilífeyri og makabætur, en heimild til að greiða þetta mun renna út í júnílok. Þessi fsp. er borin fram í sambandi við það, ef frv., sem breyta á tryggingal. og óvíst er um afgreiðslu á, strandar nú. Ég vil taka það fram, að ríkisstj. er ljóst, að það verði að fá heimild til að greiða uppbætur áfram, hvað þetta atriði snertir. Lít ég svo á, að eigi sé ástæða til að setja heimild um þetta á fjárl. Er eðlilegra að afgreiða í því skyni einfalda þál., þar eð þetta snertir ekki fjárlagaafgreiðsluna beinlínis. Ætlazt er til, að tryggingarnar greiði þetta, eins og er. Mun ég gera ráðstafanir til þess, ef frv. um breyt. á tryggingal. verður eigi afgreitt, að þá komi til sérstök þál., er heimili ríkisstj. að greiða uppbætur að þessu leyti til ársloka 1950. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Vildi ég taka þetta fram út af fsp. hv. 4. þm. Reykv.

Ég mun ekki fara að gera neinar sérstakar brtt. að umræðuefni að þessu sinni. Ég er aðeins tengdur við eina brtt., 720, IV, er við flytjum, þm. Skagf. Hv. samþm. minn hefur farið orðum um hana, og er ástæðulaust að gera það frekar. En hún fjallar um 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur á Löngumýri í Skagafirði. Ég vil taka það fram og ítreka, ef einhverjir hv. þm. hafa eigi verið við, þegar hv. samþm. minn talaði, að þessi kona hefur komið sér upp húsmæðraskóla af eigin rammleik. Hann kostaði ½ millj. kr. og ríkissjóður hefur lagt fram einar 75 þús. kr. Er þetta einsdæmi um dugnað einnar konu, sem hefur takmarkað fjármagn. Við höfum þó ekki þorað að fara fram á meira til að létta undir í örðugleikum þeim, sem Ingibjörg Jóhannsdóttir á nú við að etja. Vil ég mega vænta þess, að Alþ. samþykki þessa litlu fjárveitingu. Þótt hún sé lítil, þá er hún uppörvun og mundi létta undir með henni að halda áfram því starfi, sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru mér og öðrum Alþýðuflokksmönnum mikil vonbrigði, að hæstv. ríkisstj. skuli eigi hafa séð sér fært að flytja á þessu þingi frv. til nýrra launal. Raunar má segja, að ekki hafi verið hinu bezta við að búast af hæstv. stj. í þeim málum, kjaramálum opinberra starfsmanna, því að núverandi hæstv. stj. hefur beinlínis lækkað laun þeirra frá því, sem ákveðið var á

miðju síðastliðnu ári, en þá fengu þeir 20% launauppbót skv. alþingissamþykkt. Hélt flokksstj. Sjálfstfl. áfram að greiða opinberum starfsmönnum þessa uppbót, en núverandi hæstv. stj. lækkaði hana í 15%. Má því segja, að eigi sé við góðu að búast af hennar hálfu. Engu að síður er það svo, að þetta hefur valdið vonbrigðum. Nokkur huggun er það þó, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt það til, á þskj. 713, að launauppbótargreiðslum verði haldið áfram, þótt fyrirkomulaginu sé breytt á tilhögun þeirra, þar sem uppbætur koma eigi jafnt á öll laun, heldur fara stighækkandi eftir því, sem launin lækka. En sá böggull fylgir skammrifi, að 10% lenging starfstíma á skrifstofum ríkisins á að fylgja, svo að hér verður um tiltölulega mjög litla raunverulega kauphækkun að ræða. Liggur það í augum uppi, að sé tímakaup reiknað, þá hækka launin um lítinn hundraðshluta. Þessa afgreiðslu teljum við Alþýðuflokksmenn ekki við unandi. Leggjum við því til í brtt. 725, III, að launauppbótin sé hækkuð um 30% frá því, er hæstv. stj. leggur til, og felld sé niður lenging vinnutímans, sú er ráð er fyrir gert í brtt. hæstv. stj. Ég vil vekja athygli á því, að mér virðist sem um mistök hafi verið að ræða í brtt. hennar, þar sem gert er ráð fyrir að greiða launauppbæturnar frá 1. júní. Geri ég ráð fyrir, að svo hafi verið hugsað, þar eð komið er fram í maímánuð, að eðlilegt væri að miða greiðslurnar við 1. n. m. En líklega hefur ekki verið athugað, að launauppbæturnar hafa verið greiddar eftir á. Nú hafa engar uppbætur verið greiddar fyrir maímánuð. Hefði því verið eðlilegra að orða till. svo, að launauppbæturnar skuli greiða frá 1. maí. Eðlilegra er að miða ákvæðin við það, frá hvaða tíma uppbæturnar eru greiddar, en eigi þann tíma, er útborgun þeirra fer fram. Því höfum við Alþýðuflokksmenn miðað brtt. okkar við 1. maí. Ég vil þó taka það fram, að jafnvel þótt till. okkar á þskj. 725 verði samþ., þá er eigi að fullu gengið til móts við rökstuddar kröfur starfsmannafélags ríkisstofnana. Hefur verið sýnt fram á, að grunnkaup stéttarfélaga með frjálsum samningsrétti hefur hækkað um 22½% frá febrúarmánuði 1945 til júlíloka 1949, og miðað við grunnkaupshækkanir síðan, má telja, að hækkanir stéttarfélaga nemi alls um 25% frá þeim tíma, er launal. voru sett, svo að segja má, að alls staðar þar, sem launahækkanirnar nema minni hundraðshluta en 25%, séu opinberir starfsmenn orðnir aftur úr miðað við þá, er hækkað hafa kaupið með frjálsum samningsrétti. Við höfum þó eigi talið ástæðu til að freista þess að fá svo miklar hækkanir. Höfum við talið líklegra, að till. mundi ná samþykki, ef henni væri meira í hóf stillt, og því flutt hana eins og hún er á þskj. 725.

Hv. 7. þm. Reykv. lýsti því í ræðu sinni, að eigi hefði verið gengið til fulls til móts við kröfur opinberra starfsmanna í brtt. þeim, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram. Læt ég duga að undirstrika það, sem hann sagði. Stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. ættu að geta treyst því, að hann ýki ekki í þessum efnum. En hann lýsti því, að till. hæstv. stj. væru ranglátar, því færi fjarri, að gengið væri til móts við sanngjarnar kröfur starfsmannanna.

Að síðustu langar mig til að segja örfá orð út af till. hæstv. ríkisstj. um lengri vinnutíma á skrifstofum ríkisins. Ég get lýst því sem minni skoðun, að ég tel vel til greina geta komið að lengja vinnutímann. En þá tel ég að hækka eigi kaupið talsvert miklu meira en í till. hæstv. stj. segir, — því að það, sem hér er raunverulega að gerast, er, að tekið er með annarri hendinni það, sem gefið er með hinni. Það er tekið aftur í lengd vinnutímans, sem gefið er með hækkuðu kaupi. Ef hæstv. ríkisstj. treystir sér til að leggja til, að tímakaup hækkaði um svipaðan hundraðshluta og mánaðarkaupið á að hækka, þá hefði ég ekki á móti því, að vinnutíminn lengdist. En mig langaði til að gera þá fsp. til hæstv. stj., hverjar fyrirætlanir hún hefur, hvað varðar starfsmannafjöldann, langaði til að spyrja, hvaða vit sé í því að lengja vinnutímann, ef eigi er fyrirhugað að segja upp fólki um leið. Varla geta þau áform verið á prjónunum að auka verkefnin á opinberum skrifstofum. Eða hefur hæstv. ríkisstj. þá útþenslu ríkisbáknsins á prjónunum, að 10% meira verði að gera? Hvað á þetta fólk að gera með 10% lengri vinnutíma? Væntanlega er meiningin, að það eigi að vinna. (*HV:* E. t. v. á að fækka.) Er meining hæstv. ríkisstj. að fækka starfsmönnunum um 10%? (*GJ:* Væri það nokkur goðgá?) Ég vil vita um þetta. Á að segja upp tíunda hverjum opinberum starfsmanni? Ef sú er ætlunin, er eigi óeðlilegt, að óskað sé skýringar. Það, sem ég óska að fá að vita, er þetta: Þýðir till. það, að meiningin sé að segja upp tíunda hverjum manni, en þýði hún það ekki, hvað er fólkinu ætlað að gera með 10% lengri vinnutíma? Þetta langaði mig til að vita, og ég hygg, að fleiri langi til þess, og þá sérstaklega opinbera starfsmenn, og þeir bíði svarsins með eftirvæntingu, og þá fyrst og fremst félagar starfsmannafélags ríkisstofnana. Það fer eigi hjá því, að það segi til sín á vinnumarkaðnum, ef ætlun hæstv. ríkisstj. væri sú að segja upp tíunda hverjum starfsmanni, sem nú er í þjónustu ríkisins.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð til að minna á brtt. 728, II, sem fjallar um aukið framlag til sumardvalarheimila, dagheimila og vistarheimila fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Á fjárlagafrv. eru veittar 100 þús. kr. til þessa, en ég legg til, að það verði hækkað í 200 þús. kr. Í hittiðfyrra voru veittar 200 þús. kr. Það var lækkað í fyrra. Urðu þá átök um það á þ. Atkvgr. var tvítekin vegna þess, hversu mjóu munaði. Var það samþ. með örfárra atkv. mun. Þarf eigi að skýra þessa starfsemi fyrir hv. þingmönnum. Er hún eigi sízt nauðsynleg núna, þegar kreppir að bæjunum. Vænti ég þess, að nægilega margir þm. verði sammála um, að rétt sé að færa fjárhæðina til þess, sem hún var áður.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða brtt. þær, sem ég flyt ásamt

fleirum mönnum og ég talaði um fyrr við umr. eða aðrir, heldur minna á brtt. mínar á þskj. 731, þ. e. till. um niðurfellingu nokkurra útgjalda í sambandi við alþjóðastarfsemi. Ég vil taka það fram hér, að þó að fjárlagaafgreiðslan nú eigi að kallast mjög góð — reikningslega séð — án greiðsluhalla og með rekstrarafgangi, þá segir mér þungur hugur um hana í framkvæmd fjárl. Ég er hræddur um, að áætlun teknanna, er byggist á tollum á innfluttum vörum, eigi eftir að sýna sig að bregðast, sökum þess að eins og nú horfir um gjaldeyrismálin, þá komi innflutningsáætlunin ekki til með að standast. Það verður því aðeins, að gífurleg síldveiði verði fyrir Norðurlandi, — með þeirri stjórnarstefnu, sem í frammi hefur verið höfð. Ég er því hræddur um, þegar kemur fram á árið, ef svipað ástand helzt um aflabrögð og verið hefur, að þá bresti meira eða minna sá grundvöllur, sem fjárl. eru byggð á, og verði þá, ef að vanda lætur, hið nauðsynlegasta skorið niður. Við höfum séð tilhneigingarnar, t. d. varðandi almannatryggingarnar og niðurskurð á verklegum framkvæmdum, á sama tíma sem skrifstofubáknið er látið haldast. Vil ég eigi, að þetta þ. liði svo, að ekki komi fram nokkrar ábendingar um, á hvaða liðum mætti spara, ef vilji væri til. Fulltrúi Sósfl. í hv. fjvn., hv. 5. landsk., hefur þegar flutt ýtarlegar brtt. um það og talað fyrir þeim. Þessar litlu till. mínar á þskj. 731 eru um að fella niður kostnað við nokkrar alþjóðastofnanir, er við tökum þátt í. Það er eigi gert af andúð við þessar stofnanir, þótt ég sé andvígur hinum tveim síðastnefndu, efnahagssamvinnunni og Marshallaðstoð. Við sósialistar höfum verið með því, að við gengjum í hinar tvær fyrstnefndu, en ef við eigum að velja á milli, hvort við eigum að vera í Alþjóðavinnumálastofnuninni eða spara við okkur almannatryggingarnar, þá hugsa ég mig ekki um. Þá efast ég ekki um, að við eigum heldur að sleppa því að leggja í kostnað við að senda fulltrúa á þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við getum fengið þær till., sem þar eru samþykktar, og nýtt þær hjá okkur, ef þurfa þykir. Það er rétt að spara þessa liði, en sjá þá heldur fyrir gamalmennum hér heima. Af sömu ástæðum greiði ég atkv. á móti hækkunartillögum hv. fjvn. viðvíkjandi utanríkismálunum. Það er ekki eftir neinu að bíða að skera eitthvað niður af kostnaðinum við sendiráðin erlendis. Mun ég greiða atkv. á móti þeim hækkunum, sem ráð er fyrir gert við sendiráðin. Gátum við fyrir nokkru komizt af með einn sendimann á Norðurlöndum. Það getur verið einn „attacheraður" hjá ríkisstjórnum annarra Norðurlanda. Þá komumst við af með að hafa sendiherra í aðalhöfuðborgum heimsins, þ. e. Washington, London og Moskva, þeim er við þurfum að eiga skipti við. Er hægt að komast af með fjóra sendiherra erlendis á þennan hátt og skipa þá fulltrúa hjá öðrum þjóðum um leið. Sama máli gegnir viðvíkjandi kostnaði við þátttöku okkar í alþjóðaráðstefnum. Það er hægt að sýna meiri sparnað í þessu, og mun ég greiða atkv. á móti þeim hækkunum. Það er ekki til neins og eigi verjandi af Alþ. að heimta sparnað af allri þjóðinni, en sýna enga viðleitni sjálf í þá átt, og það að halda þess konar stefnu áfram er hið sama sem að segja við hana: Það er ekkert að marka, sem við segjum. — Síðan hefur komið yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj., að enginn tími hafi verið til að hugsa um þetta, því að stj. hafi verið svo nýlega mynduð. En það var þó tími til gengislækkunarinnar, hækkana á vöruverði og skerðingar lífskjara almennings í þeim mæli, að enginn sér fyrir endann á. Við vitum þetta. Höfum við og reynslu fyrir því, að þegar meiri hl. fjvn. hefur verið sammála um tillögur til sparnaðar, sem við sósialistar höfum staðið með, þá hafa þær verið felldar, því að þegar þær koma við eyðsluna í ríkisbákninu, kemur það við kaunin á stj. Það má skammta almenningi smátt. En við annan tón kveður, ef fara á að skammta valdhöfunum sjálfum smátt.

Ég ætla ekki að öðru leyti að ræða almenna afgreiðslu fjárl. Það hefur verið gert af fulltrúa okkar sósialista í hv. fjvn. Læt ég með þessu útrætt um það, en vildi persónulega segja þetta.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég er, ásamt þremur öðrum hv. þm., flm. að brtt. við 12. gr. XXI, á þskj. 720, og varatillögu á þskj. 725, þess efnis, að Benedikt Þórarinssyni, fyrrv. bankaritara á Seyðisfirði, verði greitt upp í kostnað hans vegna sjúkravistar í Bandaríkjunum 25 þús. kr., eða 15 þús. kr. til vara.

Það eru fordæmi fyrir því, að mönnum hafi verið veittir styrkir, þegar svo hefur staðið á, að þeir hafa ekki getað leitað sér læknishjálpar hér á landi og orðið að fara af landi burt til þess að fá bót á sjúkdómum sínum. Sjúkdómur Benedikts ágerðist mjög á miðju ári 1942. Það var því í samráði við lækna hér, að hann var sendur til Bandaríkjanna 1944, þar sem hann var undir læknishendi til 1946, lengst af í Baltimore, og voru þar gerðir á honum þrír uppskurðir. Þessar aðgerðir báru þó ekki þann árangur, sem til var ætlazt, og þar sem læknar þorðu ekki að gera fleiri uppskurði á honum í það skipti, hélt Benedikt til Íslands aftur. Þegar heim kom, hóf Benedikt aftur vinnu, en heilsan var ekki betri en það, að í lok ársins 1948 varð hann að hætta eftir læknisráði og lagðist á Landakotsspítala, þar sem hann var þangað til í september 1949, en þá fór hann aftur til Bandaríkjanna eftir eindreginni ráðleggingu Halldórs Hansens yfirlæknis. Kom hann svo aftur heim í byrjun þessa árs, og virðist árangur af þessari för hans hafa orðið sæmilegur, og er Benedikt nú farinn að vinna lítils háttar. En það segir sig sjálft, að þessi för og aðrar, sem Benedikt hefur orðið að leggja á sig, hafa orðið honum mjög dýrar, og er hann því fjárhagslega mjög illa staddur, enda hefur hann á framfæri sínu þrjú börn. Sem dæmi um það, hve þetta hefur verið útgjaldasamt, er t. d. það, að ferðakostnaður af þessari síðustu för var 8 þús. kr., og þá var hann svo óheppinn á síðastl. sumri, að hann fékk ekki tilkynninguna um, að hann gæti komizt á spítala fyrr en

þremur dögum eftir gengislækkunina fyrri, svo að það munaði hann 3 þús. kr. Það er því brýn þörf fyrir hann að fá svolitla aðstoð, og vona ég, að hv. þm. sjái sér fært að greiða atkv. með þessari brtt. okkar.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af brtt., sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm. Brtt. er á þskj. 724, VI, við brtt. hæstv. ríkisstj. á þskj. 713.

Þegar þetta mál var upphaflega til meðferðar hér á þingi fyrir jólin í vetur, var flutt um það þáltill., sem vísað var til fjvn., og klofnaði nefndin um það. Ég lagði þá til, að í stað 20%, sem skyldi fara til allra launaflokka, þá skyldu uppbæturnar á lægstu launaflokkana vera 20%, allt að þeim, sem hafa 650 kr. á mánuði, en síðan skyldu þær fara stiglækkandi, eftir því sem launin hækkuðu, um 1,5% fyrir hvern launaflokk. Þessi till. mín var þá felld, en samþ. að greiða 20% uppbót öllum launaflokkum.

Nú sé ég hins vegar, að hæstv. ríkisstj. hefur að nokkru fallizt á mína till. frá í vetur með því að laga þetta nú að verulegu leyti, en í till. hennar á þskj. 713 er nú gert ráð fyrir, að á laun skv. I.—III. launaflokki komi 10% uppbætur, á IV. flokk 12%, á V.—IX. flokk 15% og að lokum á X.—XV. flokk 17%. Þetta sýnir fullkomlega, að ríkisstj. hefur fallizt á sjónarmið mitt, sem ég hélt fram í vetur, að verulegu leyti. Hins vegar sýnist mér þessi lagfæring ekki eins sanngjörn og í till. minni frá því í vetur, og þess vegna flyt ég hana nú aftur, þar sem lagt er til, að launauppbætur á lægstu launaflokka verði 20%, en fari stiglækkandi. Einnig flyt ég þá brtt. við 2. lið, að í stað 15% komi 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, eins og ég lagði til í vetur. Ég vænti þess nú, að þessi till. mín fái betri undirtektir en í vetur og verði nú samþ.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið langt liðið á nóttu, og menn orðnir þreyttir að hlusta hér á ýmis vísdómsorð, sem sögð hafa verið í allan dag, en með því að mér hefur skilizt, að slíta eigi umr. um þetta mál nú í nótt, neyðist ég til að þreyta hæstv. forseta með því að segja hér fáein orð til viðbótar, til þess að það sé að minnsta kosti hægt að vísa til þeirra, ef hv. þm. eða aðrir þurfa í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Ég hefði viljað óska þess, að hæstv. ríkisstj. væri hér viðstödd, í sambandi við ýmis stórmál, sem hér hafa verið rædd, og meðal annars vegna yfirlýsingar hæstv. forsrh., en hann er víst ekki viðstaddur hér í þinginu núna. En ég vildi nú samt bera þessa fyrirspurn fram, og gæti þá að sjálfsögðu hæstv. landbrh. svarað henni, — mér sýndist hann vera hérna fyrir skömmu, en hann er nú kannske farinn líka. Mér skildist það á hæstv. forsrh. í kvöld, bæði af ræðu hans og eins í einkasamtali, að það væri að minnsta kosti óvíst, að frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Nd. um breyt. á lögunum um almannatryggingar, næði fram að ganga, og vildi ég fá það staðfest af hæstv. ráðh., ef svo er. Ég verð að segja það, að það veldur mér mjög miklum vonbrigðum, ef það er rétt, og ég vildi enn fremur leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þeir hugsi sér ekki heldur að uppfylla það loforð, sem gefið var í haust í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins. Þetta eru svo stórkostleg atriði, að ég vildi gjarnan fá það upplýst, hvort þetta er rétt. Mér er svo umhugað um þessi mál, að ég held, að ég hefði ekki tekið að mér baráttu fyrir afgreiðslu þessara fjárlaga, ef ég hefði vitað það, að þessi mál ættu ekki að ná fram að ganga, og ég kalla það, að með þessu sé verið að koma aftan að þeim mönnum, sem harðast börðust fyrir því, ef það er meiningin að fara svo með afgreiðslu málsins. Nei, ég verð að segja það, að ég hefði nú átt von á sterkari yfirlýsingum um almennar umbætur á ríkisrekstrinum heldur en þeim, sem hæstv. forsrh. gaf í kvöld.

Þá ætla ég að snúa mér að brtt. fjvn. á þskj. 711.

Fyrsta till. er við 2. gr. 17, að þar komi nýr liður: Leyfisgjöld 3500 þús. kr. Þetta er aðeins leiðrétting, og hafði fallið úr þarna, en var tekið upp í niðurstöðutölurnar.

Brtt. nr. 2, við 3. gr., er einnig leiðrétting.

Brtt. 3., við 14. gr., er nýr liður, sem hefur verið tekinn upp af fjvn., þess efnis, að veitt verði til Sverris Markússonar til dýralæknisnáms 5000 kr. Sverrir Markússon er nú eini maðurinn, sem slíkt nám stundar erlendis, sem er bæði langt og erfitt og þar að auki dýrt. Það hefur verið venja að styrkja menn til slíks náms, og vænti ég því, að þessi till. verði samþ.

Brtt. 4. hefur engin áhrif á afkomu fjárlaganna, þar er aðeins um sundurliðun að ræða.

Brtt. 5. er ný till., en hefur heldur ekki nein áhrif á afkomu fjárl., þ. e. a. s., þetta er rekstraráætlun á rafmagnsveitum ríkisins. Það hefur verið venja að hafa þetta í fjárl., og þótti því rétt að hafa það enn, meðal annars til þess, að þingmenn fái yfirlit yfir það, hvernig þessi fyrirtæki eru rekin. Sést af þessu, að ríkissjóði er ætlað að greiða til þessara framkvæmda 420 þús., þótt töluvert sé tekið úr raforkusjóði. Annars er það gleðilegt í sambandi við þetta mál, að sjá, að margar af rafveitum landsins bera sig alveg fjárhagslega, og hefur því rætzt sú áætlun, sem í upphafi var um þær gerð.

Brtt. 6. er aðeins leiðrétting, og þarf ég ekki að fara um hana orðum.

Brtt. 7. er umorðun, án þess að vera nokkur efnisbreyting, og er hún flutt eftir ósk ráðuneytisins.

Þá er loks 8. brtt. í tveim liðum: Í fyrsta lagi að taka allt að 2 millj. kr. lán vegna smíði varðskipa, og í öðru lagi 500 þús. kr. lán til þess að ljúka byggingu þjóðminjasafnsins. Báðar þessar till. eru teknar upp af nefndinni samkv. ósk rn., og hafa þær að sjálfsögðu áhrif á niðurstöðutölur fjárlaganna, og nægir í því sambandi að vísa til þess, sem um það hefur verið sagt áður. Að öðru leyti er ekki ástæða til þess að lýsa brtt. n.

En vegna þess að hv. 2. landsk. þm. hefur gert fyrirspurn út af einu atriði í fjárlögum, þá vil ég gefa skýringu á því. Í sambandi við styrki til manna, sem nám stunda erlendis, vil ég geta þess, að á 14. gr. B. II.a er grunnstyrkurinn 150 þús. kr., eins og það var upphaflega í frv., og gengisauki 125 þús. kr., sem samsvarar þeirri gengisbreytingu, sem orðið hefur. Það er sem sagt allt gert til þess, að sá flokkur nemenda, sem notið hefur þessa styrks, fái jafnmikið og áður í erlendri mynt. Handa þeim mönnum, sem nám stunda í Bandaríkjunum og Sviss, hafa nú komið fram óskir frá menntamálaráði um, að styrkur til þeirra hækki um 25 þús. kr. til viðbótar, sem taka á af næsta lið fyrir neðan. Á þetta hefur fjvn. ekki getað fallizt, og það er rétt, að rn. fjallaði að vísu um þetta efni, en það er ekki rétt, að rn. fyrirskipaði það. Í bréfi rn., dags. 10. maí þ. á., til fjvn. segir svo:

„Hinn 3. dag maímánaðar þ. á. ritaði þetta ráðuneyti fjármálaráðuneytinu svofellt bréf:

„Í framhaldi af bréfi héðan um fjárframlög í ár til íslenzkra námsmanna erlendis, tekur ráðuneytið fram, samkvæmt beiðni formanns menntamálaráðs, að æskilegt er að gera þá tilfærslu, að til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum séu veittar 300 þús. kr. í stað 275 þús. kr., en fjárveiting til annarra námsmanna lækki að sama skapi. Heildarfjárhæðin, kr. 1325 þús., breytist ekki."

Þetta tilkynnist háttvirtri fjárveitinganefnd hér með.

F. h. r.
Birgir Thorlacius."

Þetta er allt annað en ráðuneytið fyrirskipi. Það kemur ekkert fram í þessu bréfi, hvort rn. er sammála þessari ráðstöfun eða ekki. Ég hef síðan átt tal við aðstandendur þessara námsmanna, sem falið var að tala við fjvn., og mér skilst, að þeirra tillögur séu þær sömu og komu frá ríkisstj. á sínum tíma, og beri því að skipta fénu þannig, að þeir, sem áður fengu 150 þús., fái nú 125 þús. kr. í viðbót, eða samtals 275 þús. kr., og framlagið undir b-lið hækki úr 400 þús. í 500 þús. auk gengisauka, 300 þús., og þar af skuli varið 100 þús. til námsmanna í Ameríku og Sviss. Svo er nýr liður, þar sem ákveðið er að verja 250 þús. kr. til námsmanna, sem stunda nám erlendis, en njóta ekki menntamálaráðsstyrks; c-liðurinn er svo augljós, að það er ekki ástæða til þess að ræða hann nánar hér.

Ég sé heldur ekki ástæðu til þess að ræða till. hæstv. atvmrh. í sambandi við veitingu styrks til útvegsmanna þeirra, sem síldveiðar stunduðu sumurin 1948 og 1949. Þetta mál hefur verið rætt í fjvn., og þótt hún beri ekki þessa till. fram, þá er hún henni ekki ósamþykk.

Út af till. hv. 5. landsk. á þskj. 710 vildi ég segja það, sem hv. þm. kannske vita ekki, að þessum brtt. hefur ekki verið hreyft í fjvn., og komu þær mér því mjög á óvart. Í sambandi við þetta get ég látið þess getið, þótt ég sé ekki að kvarta undan samstarfinu við stjórnarandstæðinga í fjvn., að þá var það þessi hv. þm., sem einna fastast sótti á um útgjöld, og þess vegna kom mér það dálítið spánskt fyrir sjónir að sjá þessar brtt. til sparnaðar. Þessar till. voru ekki ræddar af hv. þm. í fjvn., nema að vísu ein till., till. um fjárhagsráð og deildir þess. Þessar tillögur eru því hrein auglýsingastarfsemi, en mér þykir þó gott að vita af því, ef hugarfarsbreyting hefur orðið hjá hv. þm.

Þá eru hér till. frá hæstv. ríkisstj. á þskj. 713. Fyrsta tillagan er um launahækkanir, þ. e. a. s. uppbætur á laun opinberra starfsmanna, og neyðist ég til að fara um hana nokkrum orðum.

Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni og einnig oft síðar, þá hefur það aldrei staðið til, að fjvn. bæri fram slíkar tillögur. Þess var heldur ekki að vænta, þar sem þeir menn, sem sæti eiga í fjvn., stóðu eins og veggur gegn þessum uppbótum á síðastl. hausti. Það var því samkomulag um, að ríkisstj. bæri fram þessar tillögur sjálf. Nú skal ég viðurkenna, að ég get frekar greitt atkvæði með þessu nú en á síðastl. hausti, því að hér er vinnutíminn lengdur samfara uppbótunum. Hæstv. ráðh. sagði þó, að sú lenging vinnutímans næði ekki til loftskeytamanna og símakvenna. En nú er það einmitt vitað, að það eru loftskeytamenn, sem spenna upp kaupið í símaþjónustunni, og þess vegna finnst mér, og vænti þess, að hæstv. ríkisstj. láti athuga það að láta þetta fyrst og fremst ganga yfir þá. Hæstv. ráðh. sagðist ekki vera viss um, hvort þessar uppbætur hafi verið greiddar á einföld, tvöföld, þreföld eða jafnvel fjórföld laun, en mér finnst nú alveg sjálfsagt, að aldrei eigi að greiða þær nema á einföld laun, og vænti ég þess, að það verði athugað. Skal ég svo ekki ræða þetta atriði nánar.

Ég verð þá að ræða nokkuð um það, sem hv. 7. þm. Reykv. og hv. 3. landsk. þm. hafa sagt.

Ég ætla þá fyrst að minnast á till. frá hv. 7. þm. Reykv. Verð ég að segja það, að þegar hv. þm. flutti ræðu sína hér áðan, sem var víst jómfrúrræða þingmannsins, þá datt mér í hug: Ja, ill var þín fyrsta ganga. — Hann hóf mál sitt með því að lýsa því yfir, að hann mundi greiða atkvæði með till., en vonaðist til þess, að hann gæti sýnt svo mikla íhaldssemi í sambandi við annað, að hann yrði ekki sakaður um ábyrgðarleysi. Og þetta er nú prófessor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Svo kom hann með ágætt dæmi til þess að sýna fram á, að gengisbreytingin væri ekki kjaraskerðing, eins og stjórnarandstæðingar hafa haldið fram, og nú vil ég spyrja: Er þá hv. þm. ekki með sömu meinlokuna og stjórnarandstæðingar, þar sem hann vill stytta vinnutímann? Er þá ekki alveg eins mikið ráð fyrir hv. þm. að flytja till. um að stytta vinnutímann niður í einn tíma á dag. Hins vegar ætla ég ekkert að fara að reyna að skýra þessa meinloku út fyrir hv. þingmanni. Annar setur pundið í eina krónu, en hinn vinnutímann í eina klukkustund, og þá er fyrst hagkerfið í landinu orðið eins og það á að vera. Það væri mjög gott að fá meira af slíkum spekingum í þingið, mönn-

um, sem fyrst og fremst eiga að bera ábyrgð á því að það takist, sem verið er að gera, — að sjá um, að hægt sé að leggja hornstein að þeirri byggingu, sem við erum að byggja hér, — en við fyrsta tækifæri koma og brjóta allt niður, sem þeir hafa sjálfir gert í þessum málum. Á þjóðin að taka þá háalvarlega á eftir? (*HV:* Hún gerir það ekki.) Það er ekki hægt að taka þá alvarlega. Það er ekki hægt að taka alvarlega mann, sem ber hér fram brtt. á móti þeirri ríkisstj., sem hann styður, — til þess að minnka vinnutímann og hækka launin.

Þá var hv. 3. landsk. þm. að styðja þessa ágætu stefnu hér. Hann hefur sjálfsagt gert það í einlægni. Svo spurði hann, hvort það væri virkilega meiningin að ætla að segja fólkinu upp. Það væri þá skárri goðgáin. Veit hann ekki, að á undanförnum árum hafa hér verið stofnuð fjölda mörg embætti, ekki vegna þarfar, heldur til þess að veita fólki, sem komið hefur frá námsborðinu, atvinnu? Hvernig hefur þróunin verið í atvinnudeildinni og víðar í þessum málum? Ætli að það væri skaði skeður þó að hreinsað væri til í þessum hreiðrum? (*GÞG:* Hví hefur hv. form. fjvn. ekki gert þetta í tíu ár?) Ef ég hefði verið í ríkisstj., þá væri ég búinn að þurrka út eitthvað af því tagi. Mér fyndist það ekki nein goðgá, heldur hreint og beint skylda þeirrar ríkisstj., sem situr að völdum og sér erfiðleikana, að byrja á að skipuleggja þannig ríkisreksturinn og störf fyrir ríkið, að eitthvað af þeim mönnum færi frá þeim störfum, sem eiga að heita fyrir ríkið, en eru ekki til annars en óþurftar fyrir fjárhag ríkissjóðs, eins og m. a. skömmtunarskrifstofan. — Og hér var í einum skólanum stofnað embætti um það að veita mönnum sálarþjálfun, og var ráðinn til þess Björn nokkur Magnússon að starfa við það við guðfræðideildina að þjálfa sálir þeirra, sem þar eru. (*HV:* Misskilningur hjá hv. þm.) Þeir menn, sem harðast verða úti nú í erfiðleikunum, sem að atvinnuvegunum steðja, krefjast þess beinlínis, að það sé ekki haldið uppi öllu því kerfi embættismanna og þjónustufólks, sem lætur sér nægja að hafa sæmilega góð lífskjör, vinna 5—6 klukkutíma á dag við örugga vinnu og tryggja sér og sínu fólki ágæt lífskjör. Það er ekki þetta, sem þjóðin óskar eftir fyrst og fremst, og ekki þetta, sem getur reist hana við. Og ég veit, að hv. 7. þm. Reykv. er ekki kominn hér á þing til þess að gera kröfur fyrir þessa menn, heldur fyrir þjóðina sem heild, en ekki neina sérstaka kröfugarpa, sem gera slíkar kröfur eins og hér hafa verið gerðar af þessari stétt. Þegar hann áttar sig á þessum málum, þá áttar hann sig á því, að hann er hér til þess að vinna fyrir þjóðina í heild, en ekki til annars. Og þeir menn, sem taka kaup hjá ríkinu, geta ekki lifað til æviloka með meira en full laun, ef enginn er til að vinna fyrir þeim, — þeir geta þá áreiðanlega ekki fengið full laun, eftir að þeir geta ekki annað gert en tuggið smjör og varla það. — Þetta er áreiðanlega ekki það, sem getur bjargað íslenzku þjóðinni, að dekra svona við launamenn, fram yfir aðrar stéttir.

Hv. þm. Ísaf. talaði hér um það, að hann á hér brtt. á þskj. 712, XVI. Mér þykir rétt að skýra frá því hér, að þessi brtt. var til umr. í fjvn. og fékk ekki fylgi meiri hl. n. Hv. 6. landsk. þm. bar þá brtt. fram í n. Og ég get, því miður, heldur ekki mælt með því, að þessi brtt. verði samþ. hér.

Ég nenni nú ekki að vera að fara yfir ýmsar þær till., sem menn hafa mælt fyrir hér, því að þeir eru farnir héðan af fundi svo margir. — Í sambandi við brtt. hv. þm. N-Ísf. um að heimila að greiða inn í hlutatryggingasjóð Bolvíkinga, er það að segja, að fjvn. hefur ekki haft tækifæri til að athuga þetta. Ég geri ekki ráð fyrir, að fjvn. vildi ganga inn á þetta, því að þetta er braut, sem er ekki verjandi, að láta ákvæði laga verka aftur fyrir sig um svo og svo mörg ár. Ég mundi ekki mæla með því fyrir hönd n., að sú brtt. yrði samþ.

Ég vil, að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Eyf., aðeins taka fram, að ég viðurkenni ekki þær ásakanir, sem hann viðhafði oft í umr. hér um störf fjvn. Fjvn. hefur þaulrætt skiptinguna á fé til vega, brúa og hafna og leitað upplýsinga hjá viðkomandi aðilum um þau mál. Og það er alls ekki rétt, sem haldið hefur verið fram, að það hafi ekki verið tekið tillit til og meira að segja fullt tillit til allra þeirra aðstæðna á hverjum stað fyrir sig, sem fyrir hendi eru, þegar n. hefur skipt fénu. Hitt er annað atriði, að fjvn. hefur sjálfsagt ekki þar frekar en í öðru fellt neina Salómonsdóma. Og togstreitan um þessi mál er alltaf sú, að héruðin, sem vanrækt hafa verið árum saman, kalla og krefjast þess, að þau fái eitthvert fé til þessara framkvæmda, og er það ekki nema eðlilegt. En héruðin, sem hafa alltaf fengið stærstu sneiðarnar af þessu fé, hafa viljað halda þessum forréttindum. (*HV:* Og hafa haldið þeim.) Þau héruð hafa fyrst fengið vegi fyrir 2—3 tonna bíla, sem gátu þá bráðlega orðið 6—8 tonna bílar, sem þau höfðu á sínum vegum, og nú hefur þetta breytzt þannig, að um vegina í þessum héruðum fara bílar, sem eru 10—14 tonna, og stór jarðyrkjuverkfæri fara auk þess þar mjög um vegina. Og þá kemur krafan frá þessum héruðum einnig um að byggja brýr, sem þoli þessa þungu bíla, til þess að bera slíka umferð, sem ég lýsti. Aftur á móti verða fyrir þetta ár í þeim héruðum, sem enga vegi eða hverfandi lítla vegi hafa fengið, að vera óbrúaðar. Og þessi afskiptu héruð í þessum greinum vilja ekki viðurkenna, að rétturinn sé svo mikill hjá þessum héruðum, sem meira hafa fengið gert við samgönguleiðir hjá sér, að þau, þó að þau séu fjölmenn, eigi alltaf að sitja fyrir um það að fá umbætur á samgönguleiðum sínum. Og af þeim ástæðum, að Eyjafjarðarsýsla fékk margvíslegar umbætur á sínu vega- og brúakerfi, meðan aðrar sýslur fengu miklu minna fé til þessa, þá hefur Eyjafjarðarsýsla orðið nú að sætta sig við minni skerf í ár til þessara hluta en hún fékk, þegar hún fékk mest samanborið við aðrar sýslur. Það var enginn naglaskapur, sem kom fram af hálfu ríkisins, þegar þurfti að fullgera veginn til Ólafsfjarðar. Síður en svo. Þá voru önnur hér-

uð, sem engu síður þurftu að fá fé til samgöngubóta, látin sitja á hakanum. Þegar því verki var lokið, var ætlazt til þess, að sá skilningur væri hjá hv. 1. þm. Eyf., að önnur héruð ættu þá að fá úrlausn í þessum efnum. En því miður virðist lítið bera á þeim skilningi hv. þm. Og þegar sá skilningur er ekki fyrir hendi, verður að taka réttinn fyrir önnur héruð, sem þau eiga, hvað sem hver segir. Og þetta sjónarmið hefur ráðið úrslitum í niðurstöðum fjvn. um skiptingu þessa fjár. Ég vísa því á bug öllum svigurmælum hv. 1. þm. Eyf. um það, að fjvn. hafi verið ranglát í skiptingunni á vegafénu.

Ég skal ekki mikið ræða frekar um till. hæstv. ríkisstj. í sambandi við flugvellina eða brtt. hv. þm. Vestm. En ég vil endurtaka það, að ég fylgi því aðeins þeirri till. hæstv. ríkisstj., sem fram er borin af fjvn., og greiði atkv. gegn till. hv. þm. Vestm., að hæstv. ríkisstj. bæti úr hverjum þeim erfiðleikum, sem á þessu yfirstandandi ári koma fram og steðja að flugsamgöngunum beinlínis vegna þess, að þessi fjárveiting er skorin niður.

Í sambandi við brtt., sem hv. þm. Vestm. ber fram á öðru sviði, — um að draga úr slysahættu vegna loftskeytastanganna á Melunum, þá hefur þetta mál legið fyrir fjvn. Það hefur legið þar í erindi og verið rætt. Og það hefur ekki þótt ástæða til að leggja þessa byrði á ríkissjóð, sem var talið, að kostaði eitthvað um tvær millj. kr. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því í því erindi að byggja nýtt hús og nýjar stöðvar í sambandi við þetta mál, en það töldum við ekki koma þessu máli við. Í öðru lagi var upplýst, að á sínum tíma hafði herstjórnin, sem hér var, viljað flytja þetta á sinn kostnað, en það hafði ekki verið þegið. Og það er bezt að láta þá menn, sem komu því svo fyrir, að þetta var ekki þegið þá, glíma við þetta nú. Annars er það upplýst, að það sé hægt með sáralitlum kostnaði að lækka þessar stengur svo, að ekki stafi hætta af þeim fyrir flugvélar. En um það hefur ekki enn verið hægt að ná samkomulagi við símamálastjóra, því að hann vill fá meira fé en þarf til þess að færa þetta til.

Um hina till., í sambandi við byggingu vita á Faxaskeri, þá vil ég mótmæla því, að það hafi dregizt óþarflega lengi hjá fjvn. að afgreiða það mál. Og ég veit, að hv. þm. hefur ekki meint það, þó að hann segði það. Það mál var sent til vitamálastjóra og óskað eftir umsögn um málið, sem er ekki komin enn. Nú sagði vitamálastjóri, hv. þm. Hafnf., í dag, að gefnu tilefni, að hann væri búinn að ganga frá bréfinu um þetta mál og það væri alveg neikvætt. Hins vegar hefur ekkert svar komið frá þeirri n., sem á að skipta þessu fé til vitanna og gera till. um, hvar vita skuli byggja, og það hefur aldrei verið nefnt að gefa svar við því. Við vildum í n. fá svar við þessu, en það hefur aldrei verið gert af hálfu hv. þm. Vestm. að leita svars við þessu. Og það er þá bezt, að þeir hv. þm. Vestm. og hv. þm. Hafnf. geti þá bitizt um þetta og kennt hvor öðrum um aðgerðaleysi í þessu efni. En á fjvn. læt ég ekki kasta ásökunum fyrir aðgerðaleysi í þessu. Það hefði sjálfsagt verið hægt að heimta, að hún skilaði nál. um þetta, án þess að vita, hvað hún var að segja. En slík vinnubrögð hefur fjvn. ekki haft í frammi, þegar hún hefur gengið frá málum.

Ég ætla ekki að skipta mér af umr. hv. þm. í sambandi við fjárl. yfirleitt. Hann beindi þeim orðum meir til hæstv. ríkisstj. heldur en fjvn.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á það hér, að það stafaði af misskilningi, að styrkurinn til Leikfélagsins hefði verið felldur niður. Ég vil leiðrétta þennan misskilning, sem kom fram hjá þessum hv. þm., því að málið lá fyrir hjá fjvn., og það lá fyrir bein ósk um það frá ríkisstj. með bréfi um að láta þetta falla niður, taka þetta út, vegna þess, að þjóðleikhúsið væri tekið til starfa, svo að það er ekki af misskilningi hjá fjvn., að liðurinn er látinn falla niður. Ég hef rætt þetta mál við stjórn Leikfélagsins, og þeir hafa skilið, að fjvn. gat ekki gert annað en hún gerði, eins og komið var. Það hafði engin ósk komið fram um að halda þessu inni, en bein fyrirmæli frá hæstv. ríkisstj. um að taka þetta út. Hitt er rangt hjá hv. 4. þm. Reykv., að þetta eigi að standa undir kostnaði við reksturinn á þessu leikári. Það er vitanlegt, að það á að standa undir kostnaðinum til 1. janúar. Hitt kann að vera, að það vanti eitthvað til að standa undir kostnaði við reksturinn frá 1. jan. til sumardagsins fyrsta. En þeir, sem í Leikfélaginu eru, vita ekki um afkomuna á þessum tíma, svo að það er engin goðgá, þó að styrkurinn sé ekki tekinn upp.

Hv. 2. landsk. þm. er hér með till. um að hækka tillag til barnaheimila. Þetta hefur ekki legið fyrir fjvn., svo að ég veit ekki, hvernig n. hefði tekið því. Skal ég því ekkert um það segja. Ég get hins vegar ekki lofað neinu fylgi við það. — Að síðustu vil ég segja, að ég gladdist ákaflega yfir þeirri hugarfarsbreyt., sem orðin er hjá hv. 2. þm. Reykv. Hann er allt í einu farinn að bera hér þungar — ákaflega þungar — áhyggjur af því, hvernig afkoma ríkissjóðs verði. Ja — öðruvísi mér áður brá. Og hann er farinn að gera till. um alls konar niðurskurð á kostnaði á erlendum vettvangi. Af hverju er þessi hugarfarsbreyt. hjá stjórnarandstöðunni? (*HV:* Af hollustu við stjórnina.) Já, af hollustu við stjórnina eða hollustu við Rússa. Já, það er stundum gaman að því, hvað menn geta leikið tveim skjöldum.

Ég sé ekki ástæðu til að þreyta hæstv. forseta frekar, þó að gaman væri að gera nokkrar fleiri aths. — Að það sé léttara að standa níu tíma við slátt heldur en að vinna níu tíma hæga vinnu á skrifstofu, það er ný speki í viðskiptalífinu.

Ég legg svo til, að brtt. fjvn. verði allar samþ. og einnig þær brtt. hæstv. ríkisstj., sem hún hefur lagt fram í samráði við fjvn. Það er að vísu hér ein brtt., sem hún hefur lagt hér fram, án þess að hafa rætt um það við fjvn., og hæstv. ríkisstjórn er að sjálfsögðu frjálst að gera það. En samkvæmt samkomulagi á milli hæstv. ríkisstj. og fjvn. getur hæstv.

ríkisstj. heldur ekki ætlazt til þess, að fjvn. fylgi frekar þeim brtt. en öðrum, sem ekki er samkomulag um milli n. og stj., úr því að ekki hefur verið um hana rætt við fjvn. En það er brtt. um að veita heimild til að greiða sr. Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti og vígslubiskupi full laun á þessu ári, ef hann fer frá embætti á árinu. Mér kom þessi brtt. ákaflega einkennilega fyrir sjónir. Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur er einhver sá merkasti embættismaður, sem verið hefur hér á landi. Hann hefur þjónað embætti í 40 ár. Og ég hygg, að fáir menn á landinu séu jafnkærir embættismenn og jafnkærir því fólki, sem hann hefur starfað með öll þessi ár. Þess vegna skil ég ekki, hvernig hæstv. ríkisstj. sér ástæðu til að hrekja þennan ágæta embættismann frá starfi, því að mér skilst það vera sveigt að því með því að samþ. að veita honum full embættismannslaun, ef hann skyldi láta af störfum á þessu ári, — rétt eftir að fjvn. er búin að óska þess mjög eindregið, í fjórða skipti, að 18. gr. fjárl. sé tekin til róttækrar athugunar, vegna þess ósamræmis, sem er á greininni annars vegar, og vegna þess, að það er alveg óverjandi, að það sé verið að ræða um sérstakar persónur hér á hverju einasta ári, — og m. a. persónur, sem eru jafnmikið elskaðar af þjóðinni eins og Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur er, — og bera það undir atkv., hvort slíkur maður skuli hafa einhvern annan rétt en honum ber samkv. l. Þá er miklu betra að setja það sem lagafyrirmæli í launal., að hver maður, sem lætur af störfum eftir 20, 30 eða 40 ára embættisþjónustu, skuli eiga kröfu á fullum launum, er hann lætur af starfi, svo að það þurfi ekki að deila um þessa hluti. Það væri nær en að halda þeim ósið, að það kemur varla nokkurn tíma fyrir sú fjárlagaafgreiðsla, að það sé ekki verið að deila um vissa menn, hvort þeir eigi að fá full laun, er þeir láta af störfum. Þetta er óþolandi, og það er því verra sem mennirnir eru betri, sem þannig er verið að deila um. Og ég tel það móðgun við hv. fjvn. og Alþ. og þó mesta móðgun við mennina sjálfa, sem um er verið að ræða í hvert skipti, að svona skuli vera farið að. Það ann enginn maður betur en ég sr. Bjarna Jónssyni dómkirkjupresti þess að fá full laun. — En það er reyndar óþarfi, hvernig sem á þetta er litið, að vera með þessa till. nú, því að ef Bjarni Jónsson óskar eftir að láta af starfi á þessu ári, mun hann fá full laun til næsta nýárs, og lengur getur heldur ekki þessi heimild dugað. Þess vegna skil ég ekki, hvað þessi leikaraskapur á að þýða í þessu máli.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, út af ummælum, sem hv. frsm. fjvn., hv. þm. Barð., beindi til mín út af þeirri brtt., sem ég mælti hér fyrir áðan. Það er nú kannske af því, að það er orðið svo áliðið og ég er orðinn syfjaður, að ég átti erfitt með að skilja þann hugsunarhátt, sem lá að baki því, sem þessi hv. þm. sagði. Mér er það ekki fullljóst, þegar hann ályktar sem svo, að úr því að ég vildi ekki sætta mig við að lengja vinnutíma skrifstofufólks, þá gæti ég alveg eins lagt til, að vinnutíminn yrði styttur niður í eina klukkustund á dag, — mér er það ekki vel ljóst, hvernig hann ályktar sem svo, þó að það sé varla ágreiningur um það, að það hljóta að vera takmörk fyrir því, hve vinnutíminn á skrifstofum eigi að vera langur, ef það, að hann sé langur, á ekki að leiða til minnkandi afkasta. T. d. ef vinnutíminn væri 18 stundir, mundu vinnuafköstin rýrna við það. En þó að allir séu sammála um það, að afköst eins manns eru meiri yfir daginn með 10 stunda vinnu á skrifstofu en með 18 stunda vinnu, þá finnst mér erfitt að draga af því þá ályktun, að sá sami maður mundi vinna meira á einni klukkustund en á 10 klst.

Annars, viðkomandi launahækkunum til opinberra starfsmanna og þeim ummælum, sem hv. frsm. fjvn. beindi til mín í sambandi við það, þar sem hann sakaði mig um ábyrgðarleysi fyrir það að hafa lýst fylgi mínu við till., sem stjórnarandstaðan hefur borið fram út af þessum launum, þá vil ég aðeins segja það, að þó að það sé náttúrlega ekki mitt að tala fyrir þeim brtt., sem þessir hv. flokkar hafa borið fram, þá vil ég þó segja, af því að ég er sakaður um ábyrgðarleysi í þessu sambandi, að ég sé nú ekki annað, fyrir það fyrsta, ef maður tekur fyrst till. hv. Sósfl., en að ef gert er upp annars vegar hækkanir, sem mundu verða á fjárl., ef þessar brtt. yrðu samþ., og hins vegar þær lækkanir, sem fulltrúi Sósfl. í fjvn. hefur borið fram till. um, þá efast ég um, að munurinn á þessu yrði svo neinu næmi, svo að hvað fjárhagshliðina snertir, þá tel ég, að þetta sé ekki óábyrg afstaða. Og væri sennilega saga hv. Sósfl. önnur, ef hann hefði aldrei sýnt meira ábyrgðarleysi en með afstöðu sinni til þessara mála. — Aftur á móti, hvað snertir till. hv. Alþfl., þá verður því ekki neitað, að þar yrði um útgjaldaaukningu að ræða, ef brtt. þess flokks yrðu samþ.

En ég benti á það í minni framsöguræðu, að þegar um er að ræða launabætur til opinberra starfsmanna, þá stendur þetta, þegar fram í sækir, mjög verulega undir sér, því að mikið af þessu kemur inn aftur sem skattar. En það, sem er þó aðalatriðið í þessu sambandi, er það, að þegar hinn hv. þm. bar mér það á brýn, að þar sem það hefði verið ég, sem hefði unnið að undirbúningi gengislækkunarfrv., þá kæmi það úr hörðustu átt, að ég legði hönd að verki til þess að kippa grunninum undan áhrifum þeirra ráðstafana, með því að fylgja launahækkunum til opinberra starfsmanna, þá er þess að gæta, að þó að það sé að vísu þýðingarmikið, eins og nú stendur á, að afgr. greiðsluhallalaus fjárlög, ber þess að gæta og er þýðingarmikið að missa ekki sjónar á því, að ríkisbúskapurinn er ekki nema lítill hluti af þjóðarbúskapnum. Tekjur á fjárl. eru ⅛ af þjóðartekjunum, og það er jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem allra mestu máli skiptir, en ekki sjálft jafnvægið á fjárl. Annars vil ég taka fram, að þegar þessi hv. þm. hélt fram, að kaupkröfur opinberra starfsmanna og annarra væru það, sem valdið hefði dýrtíðinni, þá

er því að mínu viti alls ekki þannig varið. Það er ekki hækkun kaups, sem fyrst og fremst hefur skapað dýrtíðina. Það er annað, sem liggur þar til grundvallar, og þá fyrst og fremst hinn mikli fjáraustur bæði úr bönkum og ríkissjóði í sambandi við fjárfestinguna. Kauphækkanir eru aftur á móti aðeins tilraun launþeganna að velta af sér þeirri kjaraskerðingu, sem af fjárfestingunni leiðir, tilraun, sem að vísu er að mínum dómi dæmd til að misheppnast, því að almennar kauphækkanir bæta því miður ekki kjör launþeganna. Ef svo væri, þá væri sjálfsagt að greiða 100 krónur í almennt verkamannakaup á klukkustund og annað kaupgjald eftir því, en því miður er þetta ekki þannig. Kaupgjaldið hefur aðeins áhrif á verðgildi peninganna, en ekki lífskjörin sjálf.

Ég skal viðurkenna, að það er æskilegt að afgr. greiðsluhallalaus fjárl. og ef opinberir starfsmenn ynnu kauplaust, þá væri það auðveldara. En mín skoðun er aðeins sú, að þó að sparnaður á opinberum rekstri sé nauðsynlegur, þá sé það ekki réttasta leiðin að spara við opinbera starfsmenn og greiða þeim miklu lægra kaup en gert er annars staðar. Það var sannað á síðasta hausti, þegar þetta mál lá fyrir þinginu, að kaup iðnlærðra manna í opinberri þjónustu hefði orðið lægra en verkamannakaup, ef verkamaðurinn hafði fulla atvinnu. Ættu allir að sjá, hvað meiningarlaust það er.

Frsm. minni hl. (Ásmundur Sigurðsson): Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef hv. form. fjvn. hefði ekki vikið að mér fáum orðum og farið þar með bein ósannindi. Hann sagði, að ég hefði aldrei borið fram brtt. mínar í fjvn. Ég veit, að hann man það, að strax í haust var rætt um það innan n., hvort við ættum að taka upp þá stefnu að flytja brtt. til lækkunar, og þá hélt ég fram, að það ættum við að gera. En stefna meiri hl. var óbreytt frá því í fyrra, svo að ég taldi ekki þýða að vera að koma margsinnis fram með sömu till. Í n. eru ekki atkvgr. bókaðar, en ég veit, að hann man, að ég var þar á móti ýmsum hækkunartill., t. d. hækkun á framlagi vegna kostnaðar við alþjóðaráðstefnur. Hv. frsm. tók að vísu aftur það, sem hann sagði um síðustu till. mína, en það var aðaltill. Þegar svo frv. kom til 2. umr., spurði ég, hvort það væri meiningin að láta verkefni verðlagsmálanna fara óafgreitt frá n. Hv. form. sagðist þá sjálfur mundu taka upp slag um það og beita sér fyrir, að um það yrði flutt brtt. Og þá varð samkomulag um að bíða með það að sinni. En svo talaði hæstv. fjmrh. í málinu og lýsti eftir brtt. frá minni hl. Þá lofaði ég, að ég skyldi gera einhverja úrlausn, til þess að mín afstaða kæmi skýrt fram. En þegar þessi verðlagsmál voru aftur rædd í nefndinni, komu þau boð, að hæstv. stj. óskaði þess, að þetta yrði óbreytt. Hv. form. kom með þessi skilaboð og það með, að stj. mundi gefa yfirlýsingu um, að þessi mál yrðu tekin til alvarlegrar athugunar síðar meir. Sjálfur var hann að lýsa eftir þessari yfirlýsingu, þótti ekki nóg skýring frá hæstv. forsrh. í umr. í kvöld. Þegar ákveðið var af meiri hl. að láta þetta standa, þá flutti ég till. um að breyta tölunum á þann hátt, sem hér liggur fyrir. Hún var felld með sjö atkvæðum gegn einu eða tveimur. Mig minnir, að hv. 6. landsk. hafi verið með henni auk mín. Ég veit, að hv. 6. landsk., sem hér er staddur, man, að þetta er rétt. Það er því hart, að hv. form. fjvn. skuli halda fram, að ég hafi ekki markað afstöðu mína í n.

Út af því, sem hann var að tala um hinar fráleitu fjárkröfur stjórnarandstöðunnar, sem væru bornar fram gegn betri vitund, vil ég bara að endingu benda honum á, að það voru ekki menn úr stjórnarandstöðunni, heldur tveir hv. þm. úr stuðningsflokkum hæstv. stj., sem hótuðu að sprengja samkomulagið um eitt viðkvæmasta atriðið til verklegra framkvæmda. Það muna fleiri en ég og geta vottað það með mér.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég vil út af þessum ummælum mótmæla því, sem hv. 5. landsk. segir. Ég kannast ekki við, að neinir menn hafi ætlað að sprengja samkomulagið í n. um verklegar framkvæmdir. Það er heilaspuni, sem hv. þm. væri sæmst að viðurkenna. (*HV:* Það lá við sprengingu í vegamálunum. Það voru í tvo daga átök um vegamálin.) Þetta er fjarstæða. Það var ágætt samkomulag um þau. Það hafa oft verið harðari átök um þau en nú.

Það er rétt, að hv. þm. er ekki nema einn af níu nm. En hann gat verið kröfuharður fyrir því, þó að hann hefði ekki atkvæðamagn til að koma því fram.

Ég hef ekki farið með nein ósannindi. Ég sagði, að hann hefði rætt um till. viðvíkjandi fjárhagsráði og skömmtun, og hann veit, hvaða afstöðu ég tók. Þarna var farið fram á, að liðurinn stæði óbreyttur. Og hvað þýddi þá að koma með till. um að breyta tölunum? Hér er fyrst og fremst komið undir framkvæmdinni, en ekki hvaða tölur standa í fjárl. Og ég mótmæli algerlega fullyrðingu hans, að það hafi átt að sprengja samkomulagið í n. um verklegar framkvæmdir. Það er ekkert annað en hugarburður.

Hv. 7. þm. Reykv. átti erfitt með að skilja þann hugsunarhátt, sem væri á bak við orð mín í sambandi við till. um launahækkanir embættismanna. Dæmið, sem ég tók, var til að sýna, hversu fjarstætt hans dæmi var. Það var enginn sérstakur hugsunarháttur, sem lá á bak við það nema að sýna, hvað fáránlegt dæmi hann tók. Og ef hann hefur ekki skilið sitt eigið dæmi, þá er varla að undra, þótt hann skildi ekki mitt.

Mig undrar, að hann skuli halda fram þessari skoðun í sambandi við laun embættismanna. Þekkir hann svo lítið íslenzkt þjóðlíf, að hann haldi, að þjóðin viðurkenni þann hugsunarhátt, að það sé um að gera að hækka laun þeirra manna, sem eru langbezt settir um sína atvinnu og afkomu? Þeir hafa öruggasta afkomu, eins og sjá má á því, að það er þessi aðstaða, sem flestir keppa eftir að komast í. Heldur hann,

að hann geti fengið nokkurn alþýðumann eða nokkurn Íslending með heilbrigðri skynsemi til að trúa því, að það sé leið til einhvers þjóðarbjargræðis að stefna að því, að þessir menn hafi há laun, mikil eftirlaun, stuttan vinnutíma og lítil afköst? Þessu er hann að keppa að. Hann segir, að fjárfestingin orsaki dýrtíðina. Hvaða fjárfesting er það að greiða 14 millj. kr. í laun til embættismanna? Hefur hann nokkra tryggingu fyrir, að þessir menn byggi sér ekki hús fyrir það eða bílskúra eða kaupi sér bíla eða hús fyrir það? Hann hefur enga tryggingu. Hann segir, að launin fari aftur til ríkissjóðs í sköttum. Ef hann er viss um það, hvers vegna er hann þá að berjast fyrir þessum launahækkunum í líf og blóð? Eru þessir menn nokkru bættari, þótt þeir fái að stinga þessum launum niður í vasa sinn stundarkorn, ef þeir verða undireins að borga það aftur í skatta?

Nei, hann er aðeins útsendari þessara manna. Hann er þeirra æðsti postuli til að tryggja þeim þann rétt, sem þeir hafa, tryggja þeim meiri rétt en þeir hafa nú, tryggja þeim lífsþægindi, sem þeir hafa fram yfir aðra, hvað sem það kostar, á kostnað bænda og sjómanna, sem verða að leggja nótt við dag til að afla sér og sínum brýnustu lífsnauðsynja. Þeir þurfa ekki að vinna 5 tíma á dag, þeir þurfa að vinna 16—20 tíma. Þessir menn skilja ekki hugsunarhátt hv. þm. Þjóðin væri illa farin, ef hún skildi hann, eins illa farin og ef meiri hluti þjóðarinnar væru embættismenn til að tryggja sér þau lífskjör, sem hann vill tryggja þessari stétt, sem er bezt sett af öllum stéttum þessa lands. Og það eitt er víst, að það verður ekki embættismannastéttin, sem bjargar þessari þjóð yfir örðugleikana, það verða hinar vinnandi stéttir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 699,1 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 711,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 699,2.a samþ. með 36 shlj. atkv.
— 711,2.a samþ. með 37 shlj. atkv.
— 699,2.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 711,2.b samþ. með 36 shlj. atkv.
— 699,3 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 710,1 felld með 31:10 atkv.
— 710,2—3 felldar með 32:8 atkv.
— 710,4—10 felldar með 29:9 atkv.
— 699,4.1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 699,4.2 samþ. með 30:8 atkv.
— 699,4.3 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 699,4.4 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 699,4.5 samþ. með 27:3 atkv.
— 699,4.6 samþ. með 31:5 atkv.
— 699,4.7—9 samþ. með 31:8 atkv.
— 699,4.10 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 699,4.11—12 samþ. með 33:8 atkv.
— 699,4.13—15 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 710,11 felld með 34:9 atkv.
— 710,12—15 felldar með 30:9 atkv.
Brtt. 710,16 felld með 37:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, MK, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, FRV, HV.

nei: JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS. LJóh, ÓTh, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁÁ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ.

PZ, ÓB, GÞG, HG, JPálm greiddu ekki atkv.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Þó að ég sé því fylgjandi, að dregið sé úr kostnaði við skömmtunarskrifstofuna og ríkisstj. hafi tekið vissar ákvarðanir í þessum efnum, tel ég, að það sé óhugsandi á þann hátt, sem hér er lagt til, og segi því nei.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tek undir ummæli hæstv. viðskmrh. og vil taka fram til viðbótar, að þó að skömmtunarskrifstofan væri lögð niður og verkefni hennar flutt til fjárhagsráðs, væri aldrei hægt að spara nema lítinn hluta af þeirri upphæð, sem hér er lagt til að strika út, þar sem svo áliðið er árs. Það þýðir þess vegna ekki að falsa fjárlögin með því að strika út þessa upphæð, sem ríkissjóður hvort sem er verður að borga, og segi ég því nei.

Gísli Jónsson: Með tilvísun til þess, sem ég hef sagt í framsöguræðunni fyrir fjárl., segi ég nei.

Hannibal Valdimarsson: Í trausti þess, að hæstv. viðskmrh. í fullu samræmi við yfirlýstan vilja sinn að draga úr kostnaði við rekstur þessarar stofnunar flýti þeim undirbúningi, svo að hann geti mjög fljótlega komið til framkvæmda, segi ég já.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Með tilvísun til þeirra fyrirvara, sem komið hafa fram af hálfu hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh., segi ég nei.

Brtt. 724,I.1 felld með 29:15 atkv.
— 720,I samþ. með 27:3 atkv.
— 725,II (varatill.) kom ekki til atkv.
— 725,I samþ. með 34:3 atkv.
— 699,5 samþ. án atkvgr.
— 712,I felld með 30:15 atkv.
— 724,II felld með 34:16 atkv.
— 724,I.2 felld með 30:16 atkv.
— 712,II felld með 32:15 atkv.
— 712,III felld með 30:12 atkv.
— 712,IV felld með 31:13 atkv.
— 699,6 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 699,7 samþ. með 40:1 atkv.
— 724,III felld með 40:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, BrB, EOl, FRV, JÁ, MK, SG, StgrA.

nei: VH, ÁÁ, ÁB, BSt, BÁ, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GJ, ÓB, GÞG, HÁ, HV, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB,

KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StJSt, StSt, StgrSt, JPálm.
ÞÞ, ÁS, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (BBen) fjarstaddur.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Emil Jónsson: Ég tel fráleitt að binda hafnarbótasjóð á þennan hátt, og tel, að svona komi hann ekki að hálfum notum, og segi því nei.

Gísli Jónsson: Ef þessi till. verður samþ., þá stríðir það gegn tilgangi og stefnu gildandi laga um sjóðinn. Ég tel rangt að breyta þeim lögum við afgreiðslu fjárlaga og segi því nei.

Brtt. 711,3 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 699,8 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 701,I felld með 30:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, StgrA, VH, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JóhH, JÁ, MK, RÞ.
nei: SkG, StSt, StgrSt, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GJ, ÓB, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, JPálm.
EE, SB greiddu ekki atkv.
1 þm. (BBen) fjarstaddur.

Brtt. 699,9 samþ. með 39:2 atkv.
— 712,V samþ. með 27:13 atkv.
— 711,4 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 729,I samþ. með 27:17 atkv.
— 712,VI felld með 28:12 atkv.
— 712,VII felld með 31:14 atkv.
— 699,10 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 699,11.a samþ. með 41:1 atkv.
— 699,11.b samþ. með 30:5 atkv.
— 728,I samþ. með 30:17 atkv.
— 712,VIII samþ. með 30:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, StgrA, StgrSt, VH, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BSt, BÁ, BÓ, BrB, EOl, EmJ, EystJ, FRV, FJ, GG, GÞG, HV, HG, JóhH, JÁ, JörB, KS, LJóh, MK, ÓTh, RÞ, SB.
nei: SkG, StSt, ÞÞ, ÁB, BBen, GJ, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JS, JR, KK, PÞ, PO, JPálm.
EE, ÓB, HermJ, JJós, PZ, SÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Mér skilst, að þetta eigi að vera lokastyrkur til félagsins, og er ég ekki á móti honum út af fyrir sig. Hins vegar mun ekki fullráðið enn, hvort félagið heldur áfram að starfa, og alls ekki upplýst, hvaða lokastyrk þarf, ef það hætti. Þess vegna tel ég ekki tímabært að taka ákvörðun um þetta efni, enda alltaf hægt að bæta félaginu upp síðar. Segi ég því nei við þessari till.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég hafði nú eiginlega hugsað mér að greiða atkv. móti þessari till., og það út frá sömu hugsun og hæstv. utanrrh. hefur gert hér grein fyrir, og þá einmitt með það í huga, að félaginu yrði veittur styrkur síðar, þegar frekari upplýsingar liggja fyrir. Hins vegar sé ég, að það verður hagnaður fyrir ríkissjóð að greiða þessa fjárhæð nú, og í trausti þess, að það sé lokagreiðsla, segi ég já.

Brtt. 724,IV felld með 32:11 atkv.
— 712, IX.1 felld með 33:12 atkv.
— 724,V samþ. með 31:15 atkv.
— 712,IX.2 felld með 33:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, HV, HG, JÁ, MK, SG, StJSt, StgrA, ÁÁ, BrB.
nei: EystJ, GG, GJ, ÓB, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, JPálm.
EE, ÁkJ, ÁS greiddu ekki atkv.
2 þm. (BBen, BÓ) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki ræða nauðsynina á að samþ. þetta, og ég hygg, að það komi til gjalda á árinu; en þar eð ekki hefur náðst samkomulag um till., segi ég nei, enda þótt ég hafi annars tilhneigingu til að fylgja brtt. þessari.

Brtt. 699,12 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 712,X felld með 30:10 atkv.
— 712,X. varatill. felld með 30:11 atkv.
— 699,13 samþ. án atkvgr.
— 699,14 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 699,15.a samþ. með 42 shlj. atkv.
— 699,15.b samþ. með 42 shlj. atkv.
— 711,5 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 699,16 samþ. með 38:1 atkv.
— 699,17 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 728,II felld með 33:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓB, HV, JÁ, MK, SG, StgrA, ÁkJ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV.
nei: GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SB, SkG, StSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EystJ, JPálm.
FJ, ÓB, HG, StJSt, ÁÁ greiddu ekki atkv.
2 þm. (StgrSt, EE) fjarstaddir.
Brtt. 699,18 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 731,1—4 felld með 37:9 atkv.
— 699,19.a samþ. án atkvgr.
— 699,19.b samþ. með 35 shlj. atkv.
— 711,6 samþ. án atkvgr.
— 699,19.c samþ. með 34 shlj. atkv.
— 725,III felld með 30:9 atkv.
— 724,VI felld með 32:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, ÓB, GÞG, HV, HG, JÁ, MK, RÞ.
nei: SkG, StSt, StgrA, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EystJ, GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JóhH, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SB, JPálm,
EE, KS greiddu ekki atkv.

Brtt. 729,II tekin aftur.
— 724,VII felld með 34:12 atkv.
— 713,1 samþ. með 31:8 atkv.
— 699,20 samþ. með 34:1 atkv.
— 712,XI felld með 28:12 atkv.
— 712,XI. varatill. felld með 27:17 atkv.
— 699,21 samþ. með 30:15 atkv.
— 720,II samþ. með 27:6 atkv.
— 699,22 samþ. með 27:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, GG, GJ, ÓB, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JR, JörB, KK, ÓTh, PZ, PÞ, RÞ, SÁ, StSt, StgrSt, ÞÞ, JPálm.
nei: ÁS, BrB, EOl, EmJ, FRV, FJ, GÞG, JJós, JÁ, LJóh, MK, PO, SB, SG, SkG, StJSt, StgrA, VH, ÁkJ.
EE, EystJ, HG, JóhH, KS, ÁÁ greiddu ekki atkv.
Brtt. 724,IX felld með 35:4 atkv.
— 724,X felld með 37:5 atkv.
— 712,XII samþ. með 29:15 atkv.
— 720,III felld með 30:8 atkv.
— 724,VIII felld með 30:14 atkv.
— 712,XIII felld með 27:17 atkv.
— 720,IV samþ. með 31:3 atkv.
— 724,XI felld með 28:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, GÞG, HV, HG, JóhH, JÁ, LJóh, MK, RÞ, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁS, BrB, EOl, EE, EmJ.
nei: GG, GJ, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JG, JS, JörB, KK, KS, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BÁ, BBen, BÓ, EystJ, JPálm.
ÓB, JR, ÁkJ, ÁÁ, FRV greiddu ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
Brtt. 724,XII samþ. með 27:4 atkv.
— 711,7 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 701,II samþ. með 31:1 atkv.
— 711,8 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 712,XIV samþ. með 30 shlj. atkv.
— 712,XV.a samþ. með 30:1 atkv.
— 712,XV.b felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JG, JÁ, JörB, LJóh, MK, SÁ, SB, SG, StgrA, ÁkJ, BrB, EOl, EE, FRV, FJ.
nei: GJ, ÓB, GÞG, HÁ, HV, HelgJ, HermJ, JS, KK, ÓTh, PZ, PO, StgrSt, ÞÞ, BBen, EmJ, EystJ, GG, JPálm.
HG, IngJ, JóhH, JR, KS, PÞ, RÞ, SkG, StJSt, StSt, VH, ÁÁ, ÁB, ÁS, BSt, BÁ greiddu ekki atkv.
1 þm. (BÓ) fjarstaddur.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Þetta mál lá fyrir fjvn. Um það var leitað umsagnar vitamálastjórnarinnar. Hún mælti á móti því, að samþ. yrði fjárveiting til þessa verks á undan öðrum framkvæmdum, sem nauðsynlegri eru að hennar dómi. Ég segi því nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil ekki grípa fram í fyrir þeirri nefnd, sem gert hefur till. um það, hvar vitar skuli byggðir, og segi ég því nei.

Sigurður Bjarnason: Ég trúi ekki öðru en Vestmannaeyingar beri eins gott skyn á þessi mál og hv. þm. Ég segi því já.

Emil Jónsson: Út af fyrir sig má rétt vera, að rétt og æskilegt væri að byggja vita á Faxaskeri. Hins vegar liggur ekkert fyrir um það, hvort aðrir staðir gætu ekki gert svipaðar kröfur um slíkar framkvæmdir, og það á undan því verki, sem hér er lagt til að hafið verði. Af þeim sökum segi ég nei.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Landið hefur trúnaðarmenn til að gera till. um vitabyggingar. Þar sem ég treysti þeim fullkomlega til að leysa verk sín af hendi, segi ég nei.

Brtt. 699,23 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 712,XVI felld með 31:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, FRV, FJ, GÞG, HV, JÁ, MK, SB, SG, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ.
nei: EystJ, GG, GJ, ÓB, HÁ, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JG, JS, JR, JörB, KK, KS, LJóh, ÓTh, PZ, PÞ, PO, RÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, VH, ÞÞ, ÁB, BSt, BBen, JPálm.
EE, EmJ, ÁS, BÁ greiddu ekki atkv.
3 þm. (HG, JóhH, BÓ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Ef slíkt fordæmi sem þetta verður samþ., er ekki hægt að neita öðrum stöðum á landinu. Ég segi því nei.

Jörundur Brynjólfsson: Það má vel vera, að það eigi nokkurn rétt á sér að greiða fyrir þessu máli. Hins vegar hefur málið því miður ekki legið fyrir til athugunar og er því ekki upplýst. Nú kemur þing aftur saman í haust, og ætti þá að vinnast tími til að athuga málið að nýju. Ég sé ekki ástæðu til að samþ. það nú og segi nei að þessu sinni.

Brtt. 713,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 742).

24. Tollskrá o. fl. (breyt. á l. nr. 62/1939).

Á 14. fundi í Sþ., 5. jan., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.* [83. mál] (stjfrv., A. 168).

Á 27. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er ekki æskilegt að breyta oft um tollskrá, en það verður þó að taka tillit til breyttra viðhorfa á hverjum tíma og haga sér eftir því.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á tollskránni og eru á þskj. 168, eru til lagfæringa vegna samninga við önnur ríki, t. d. gjöld af áhöldum og efni, sem inn er flutt skv. samningi frá 16. sept. 1948 milli Íslands og alþjóðaflugmálastjórnarinnar. Þá eru í öðru lagi lagfæringar vegna atvinnuveganna, t. d. vegna margarínfeiti, og enn fremur vegna fyrirhugaðrar sementsvinnslu hér á landi. Enn fremur vegna innflutnings á nýju hráefni til veiðarfæra, svonefndu „nylon". Í þriðja lagi eru svo breytingar ýmsar, sem í ljós kemur að nauðsynlegar eru.

Frv. þetta er undirbúið af fyrrv. fjmrh., en ég geri ráð fyrir því, að vafalaust megi telja, að allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði, megi teljast nauðsynlegar, og legg ég því til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 510).

Frsm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 168, um breyt. á l. nr. 62 frá 1939, um tollskrá o. fl., svo og nál. á þskj. 510, eru sammála um að létta undir með iðnframleiðslu á Íslandi svo og að koma til móts við útflutningsframleiðsluna með lækkun tolla á ýmsum vörum, sem nauðsynlegt er að flytja inn til iðnaðarframleiðslu og til nýtingar hráefna, sem framleidd eru hér á landi.

Í sambandi við þetta mál hefur n. leitað til tollstjóra til þess að komast hjá því, að við þessar breyt. kæmi fram ósamræmi í tollskránni.

Fjhn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem er að finna till. um á þskj. 510. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég tel, að hv. þm. hafi yfirleitt kynnt sér málið og séu sammála um, að full sanngirni sé, að þetta frv. sé samþ.

ATKVGR.
Brtt. 510,I samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 510,II samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 532, 604).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 604 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Sþ., 3. maí, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 615).

Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 615, n. 662).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Eins og hv. dm. sjá, er þetta mál komið aftur hér, og leggur n. til, að það verði samþ. með þeirri breyt., sem sjá má á þskj. 662. Í flestum atriðum er þetta frv. tilkomið til þess að leiðrétta og lagfæra tollskrána og þá með tilliti til framleiðslu og iðnaðar og gera hana bærilegri fyrir atvinnulíf landsins heldur en áður var. Ég ætla, að það muni flestir álíta, að með því, sem hér er tekið upp, séu töluverðar úrbætur gerðar fyrir þessar tvær atvinnugreinar, framleiðslu á vörum, sem seldar eru til útlanda, sjávarafurðum, og svo innlendan iðnað. Þá er tekin upp heimild, sem ekki hefur verið áður, en er nauðsynleg fyrir rn. til þess að þurfa ekki af illri nauðsyn að gefa heimildir, sem ekki eiga sér stoð í l. Ég ætla, að ekki þurfi að hafa um þetta lengra mál, því að málið er búið að vera það lengi fyrir þinginu, að allir hv. þm. hafa átt þess kost að bera það saman við núgildandi lagaákvæði. N. leggur sem sagt til, að frv. sé samþ. með breyt., eins og áður segir.

ATKVGR.
Brtt. 662 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 676, 692).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Á milli 2. og 3. umr. barst fjhn. sú málaleitan frá fjmrn. að gera lítils háttar breyt. á tollskránni og koma henni að í þessu frv. Samkv.

g-lið 3. gr. er fjmrn. heimilt að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vörum, sem settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa. Þetta ákvæði hefur í vissum tilfellum ekki þótt tæmandi, t. d. þegar vörur eru settar á land, sem eiga að fara um borð í annarra þjóða skip, sem ekki hafa hér neinn bólstað. Slíkur transitflutningur er leyfður hjá öllum þjóðum, þó að hann sé auðvitað háður tolleftirliti. Kröfur liggja á fjmrn. um undanþágu frá tolli varðandi slíka vörusendingu, og þar sem ekki er talið, að fullnægjandi heimild sé fyrir hendi, er lagt til, að í stað orðanna „settar eru hér á land um stundarsakir til áframhaldsflutnings til annarra landa" komi: sem sendar eru í gegnumflutningi (transit). — Það má að vísu líta á skip undir framandi flaggi sem annað land, og það er vissulega önnur „jurisdiktion". En með því að breyta orðalaginu að siðaðra manna hætti, er leystur sá hnútur, sem hér er um að ræða. Í flestum löndum eru fríhafnir, og verði þessi breyt. lögfest, jafngildir það því, að hér verði í gildi þau ákvæði, er um þær gilda. Það er nauðsynlegt, að um þetta séu skýr fyrirmæli í l., svo að ráðuneytið og tollyfirvöldin lendi ekki í vandræðum í þessu sambandi. N. leit svo á, að þetta væri á rökum reist. Með breyt. er tvírætt orðalag gert ótvírætt.

ATKVGR.
Brtt. 692 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 715).

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 745).

---

25. Togarakaup ríkisins.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um togarakaup ríkisins [11. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Alþ. afgreiddi l. um togarakaup ríkisins á síðasta þingi. Það var alltaf ráð fyrir því gert, að það mundi þurfa að taka lán erlendis til þessara togarakaupa, bæði vegna þess að lántökumöguleikar innanlands voru nokkuð takmarkaðir og þó ekki síður af hinu, að ekki mundi *verða nægilegur gjaldeyrisforði* hér í landinu vegna sölu íslenzkra afurða, heldur yrði einnig að afla sérstaks gjaldeyris og dreifa greiðslunni á lengra tímabil til þessara togarakaupa. Hins vegar voru l. afgr. á Alþ. þannig, að aðeins var veitt heimild til þess að taka lán til þessara kaupa erlendis. En eftir að ríkisstjórnin leitaði fyrir sér um lántöku í Englandi og fékk jákvæð svör, kom í ljós, að það þyrfti að breyta þessum viðkomandi l., til þess að hægt væri að taka slíkt lán í Englandi, sem í boði var til togarakaupanna. Þess vegna voru gefin út í sumar *bráðabirgðalög, sem hér liggur fyrir frv. til* staðfestingar á. Í 2. málsgr. 1. gr. frv. er tekið fram, að ríkisstj. sé heimilt að taka allt að 32.775.000 kr. — eða £ 1.250.000 — að láni til þessara togarakaupa. Þetta lán var svo tekið, eftir að þessi l. voru út gefin. En það þurfti að gera þessa breyt. á gildandi l., til þess að unnt væri að taka þetta lán. — Ég held, að þetta frv. þurfi ekki frekari skýringa við. Legg ég til, að því verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort sú upphæð, sem hér er um að ræða, 32.775.000 kr., eða um 3,3 millj. kr. á skip, sé nægileg til þess að greiða fyrir þessa 10 togara, til að greiða allt, sem þarf að greiða fyrir þá í Englandi, eða hvort gert er ráð fyrir, að einhver viðbótargreiðsla í erlendri mynt þurfi að koma til viðbótar þessu láni, sem tekið hefur verið.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það verður ekki enn þá vitað með vissu, hvað þessir nýju togarar verða dýrir. Það var með samningana á smíði þeirra eins og þeim 32 togurum, sem áður var samið um smíði á í Bretlandi, að það var haft sams konar skilorð af verktaka hálfu um breyt. á verði þeirra, ef breyt. yrði á kaupgjaldi og verðlagi í Englandi á meðan á smíðinni stæði. En þessi lánsfjárupphæð, sem tekin hefur verið að láni, nægir ekki til þess að greiða að fullu andvirði togaranna í Bretlandi, heldur má ætla, að þetta verði 75% af kostnaðarverði togaranna í Bretlandi. Um þetta verður ekki sagt með vissu á þessu stigi málsins. En eins og að líkindum lætur er samningurinn um kaup á þessum togurum á þá lund, að öll greiðsla á þeim, sem greidd er til erlendra verktaka, er greidd í erlendum gjaldeyri eða pundum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 96).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta er staðfesting á brbl. frá s. l. sumri. Sú meginbreyt., sem felst í þessu frv. og brbl. frá l. um togarakaup ríkisins frá s. l. vori, er sú, að það er hækkuð nokkuð heimildin til lántöku vegna togarakaupanna, sem stafar af því, að þegar gengið var nánar í þetta mál, kom í ljós, að togararnir voru dýrari en ráð var fyrir gert. Í l. frá því í vor var heimildin 30 millj. kr., en er nú hækkuð í 32.775.000 kr., og það var gert ráð fyrir því að fá að greiða skipin upp þegar þau hafa verið seld, en sú breyt. er á gerð hér, að lánið er tekið til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Önnur breyt. er ekki á þessu frá því sem var. — Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef áður, í sambandi við frv. það, sem lá fyrir á síðasta þingi frá þáverandi ríkisstj., rætt nokkuð um þessi togarakaup og ætla ekki að ítreka það nú. Það kemur hins vegar á daginn, að það verður því skýrara, því lengra sem líður, að of seint var í þessi togarakaup ráðizt og hvernig þessir togarar verða þess vegna dýrari en ef farið hefði verið að till. okkar sósialista að kaupa þá 1945 eða 1947, meðan peningar voru til erlendis. Nú eru þeir komnir upp í 4½ millj. kr. hver og eiga líklega eftir að hækka, þótt ekki sé tekið tillit til þess, ef gengið yrði fellt gagnvart sterlingspundi, auk þess sem þessir togarar, með því að þeir eru keyptir svona seint, eru ekki komnir fyrr en 1951 og það gagn, sem orðið er af nýsköpunartogurunum, verður því ekki af þeim, en um það er ekki að sakast. En það, sem nú er um að ræða að mínu áliti, er að tryggja það, að þessir togarar verði seldir til þeirra aðila í landinu, sem alveg sérstaklega hafa þörf fyrir þá og sérstakan áhuga hafa fyrir þeim, — og á ég þá við bæjar- og sveitarfélögin í landinu fyrst og fremst. Þegar það frv., sem þetta frv. er breyt. á, var til umr., þá flutti ég brtt. til þess að reyna að tryggja slíkan framgang, en sú brtt. náði ekki fram að ganga. Hins vegar var samþ. till., sem nú er 2. gr. þessa frv., og var sú till. frá hv. þm. V-Húnv., þar sem ríkisstj. er heimilað að ábyrgjast bæjar- og sveitarfélögum allt að 10% af kostnaðarverði skipanna. Virtist tillögumaður, sem flutti till. þá, hafa gengið út frá því í sambandi við þessa 10 togara, sem nú er verið að ræða um að kaupa, að það mundi fást lán úr stofnlánadeildinni. En það er misskilningur, ef þetta hefur verið í hugum manna, því að það mun vera vissa fyrir því, að enginn þessara 10 togara fær lán úr stofnlánadeildinni, nema breytt verði stofnlánadeildarl. Það er þess vegna út í bláinn að bjóða bæjar- og sveitarfélögum, máske að Reykjavík undanskilinni, að kaupa togara, sem kosta 5 millj. kr., með því að lána 10% af verðinu. Ef það er meining þessara manna að gera bæjar- og sveitarfélögum kleift að kaupa þessa togara, þá þarf að gera breyt. á þessum l. eða stofnlánadeildarl. Samkvæmt l. um stofnlánadeildina er gengið út frá, að hægt sé að fá lán, sem nemur 75% af andvirði togaranna, og síðar var samþ. þáltill., sem gerði ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgðist þar að auki lán, sem næmi 10% af andvirðinu, handa þeim, sem þess þyrftu. Þannig gátu þeir bæir, sem fýsti að fá togara, fengið allt að 85% af andvirði þeirra að láni. Og samt sem áður vita allir, að þrátt fyrir þessi 85% áttu bæirnir fullerfitt með að afla sér þessara nauðsynlegu tækja, og ekkert bæjarfélag í landinu nema Akureyri gat lagt fram þessi 15%, sem á vantaði, nema að taka þau að láni, og það þó aðeins fyrir öðrum togaranum, sem það bæjarfélag keypti. Og það, sem kom því til leiðar, að bæjarfélög gátu eignazt togara, var það, að þau fengu þetta lán, sem nam 85%, og hin 15% með hægum kjörum. En nú er engin von til að fá þessi kjör lengur í stofnlánadeildinni, þar eð hún minnkar nú ár frá ári. Landsbankinn hefur skilið ákvæðin um hana þannig, að allar þær afborganir af lánum, sem stofnlánadeildin hefur veitt til togara, skulu jafnóðum og þær eru greiddar renna til seðlabankans. Upphæðir þær, sem þannig hafa verið greiddar til seðlabankans, munu nú nema um 17 millj. kr., þannig að stofnlánadeildin, sem upphaflega byrjaði með 100 millj. kr., hefur nú aðeins 83 millj. kr. til ráðstöfunar. Þannig hafa ekki allir nýsköpunartogararnir fengið lán úr stofnlánadeildinni, en ég hef heyrt, að til að tryggja 7 af nýsköpunartogurunum lán hafi ríkisstj. tekið lán hjá Landsbankanum, og láni síðan þessa fjárhæð til togaranna með stofnlánadeildarvöxtum. Og væri gott að fá þetta upplýst. En ef svo er háttað með 7 af nýsköpunartogurunum, þá má nærri geta, hvernig verður með hina 10 nýju togara, sem pantaðir hafa verið.

Ég flutti í fyrra frv. til laga um breyt. á l. um stofnlánadeildina. Ég vildi breyta þeim þannig: 1) að stofnlánadeildin þyrfti ekki að greiða til Landsbankans þær afborganir, sem greiddar væru af lánum til togaranna, og héldust þá óskertar hjá stofnlánadeildinni þær 100 millj. kr., sem henni voru lagðar í fyrstu, og hefði hún þá fengið endurgreiddar þær 17 millj., sem þegar hafa verið greiddar til seðlabankans, og 2) að vextir þeir, sem Landsb. reiknar stofnlánadeildinni, væru með l. ákveðnir 1%, en þeir eru nú 2,4%, en stofnlánadeildin lánar út gegn 2,5% vöxtum. Það er aðeins reikningsatriði fyrir Landsbankann, hve háa vexti hann reiknar til seðlabankans, en ef stofnlánadeildinni væru reiknuð lánin með 1% vöxtum, gæti hún árlega grætt 1½ millj. kr. og þannig aukið lán sín til sjávarútvegsins. En með núverandi fyrirkomulagi hefur stofnlánadeildin aðeins 0,1% vexti af lánum sínum, þegar seðlabankinn hefur fengið sitt. Það er því bert, að á allan hátt er verið að reyna að hindra stofnlánadeildina í starfi sínu og þurrka hana út, vegna þess, að hún veitir ódýr lán, þar sem hún lánar út gegn 2,5% vöxtum, en vextir annars staðar eru 4%. Frv. mitt í fyrra var sent til sjútvn. og hefur ekki sézt síðan, og eru því ekki líkur til, að hægt verði að breyta stofnlánadeildinni. En mér er kunnugt um það, að margir hv. þm. hafa látið þá skoðun í ljós, að æskilegt væri, að ýmsir bæir fengju togara, sem síðan gætu staðið undir efnahag þeirra, og nú þegar standa þeir undir efnahag ýmissa bæjarfélaga. Þetta þýðir, að það verður að veita fé út um byggðir landsins, en slíkt verður ekki gert nema með ráðstöfunum Alþ., en það verður

ekki gert, ef eðlileg viðskiptalögmál eru látin ráða. Bankastjóri, sem ræður lánveitingum við banka sinn og fylgir venjulegum verzlunarlögmálum, lánar ríkinu og stöndugum mönnum, sem eru góðir viðskiptavinir, en neitar fátækum og þurfandi bæjarfélögum um lán. En ef þetta verður látið vera svo áfram, verður togurunum ráðstafað til ríkustu mannanna og lenda þá einkum á einn stað. Það kostaði mikið erfiði og andstöðu og þá einkum frá þeim flokki, sem telur sig berjast fyrir hag dreifbýlisins, að koma upp nýsköpunartogurunum. Síðan hafa þeir hælt sér af því að koma togurum út um land, en nú reynir á, hvort þeir vilja halda áfram á þeirri braut gegn bankavaldinu í landinu, en það verður ekki gert nema sett séu í l. ákvæði um það, að ríkissjóður láni bæjar- og sveitarfélögum 85% af andvirði togaranna. Ég geri varla ráð fyrir, að hægt sé að nefna nokkurt bæjarfélag á landinu, sem sé fært um að kaupa togara með öðru móti, nema ef til vill Reykjavík, og ef ríkisstj. ætlast til, að eitthvað af þessum nýju togurum fari út um land, verður hún að gera það kleift. Ég býst ekki við, að það þurfi að fjölyrða um það, hvort það hafi meira gildi fyrir bæi úti á landi að fá þessi skilyrði til að eignast togara heldur en Reykjavík og Hafnarfjörð, en þau hafa meiri möguleika til að fá togara, þó að þau fengju ekki þessi kjör, og skal ég samt ekki fullyrða, hvort þeim væri það ekki einnig nauðsynlegt. Ég vil því leyfa mér að bera fram brtt. við 2. gr., en því miður hafði ég hana ekki undirbúna svo snemma, að hún lægi fyrir prentuð. Ég vil lesa till. og þarf að biðja um afbrigði fyrir henni. Hún hljóðar svo: [sjá þskj. 111.]

Með öðrum orðum mundi þetta þýða, að lánið í Bretlandi, sem er að upphæð 32 millj. kr., yrði lánað út til bæjarfélaga af hálfu ríkisins, og enn fremur mundi það heimila ríkisstj. að taka lán til að geta lánað bæjarfélögum allt að 85% af andvirði togaranna, og held ég, að nauðsynlegt sé að afgreiða þessi lánsákvæði í sambandi við þessi bráðabirgðal. Hæstv. ríkisstj. var spurð að því fyrir skömmu, með hvaða kjörum togararnir mundu verða látnir, en einu upplýsingarnar, sem komið hafa, eru frá hæstv. fyrrv. forsrh., sem sagði, að það mundi þurfa allmikla útborgun, sem þýðir mikinn hluta kaupverðsins, helming eða meira. Þetta þýðir, að bæjarfél. geta ekki keypt þessa togara, en þegar bæjarfélögin keyptu einn togara, gerðu þau sér vonir um að fá fleiri keypta síðar, því að það er ökonomiskt rangt að reka einn togara, en ekki fleiri. Geymslupláss og annað slíkt verður jafndýrt fyrir einn eða fleiri togara, og það að gefa þessum aðilum ekki kost á fleiri skipum er að gera rekstur þessa eina dýrari. Við vitum, að útgerð þessara togara berst stórlega í bökkum fjárhagslega, en hún hefur haft stórmikla fjárhagslega þýðingu fyrir viðkomandi bæjarfélag. Ég held því, að rétt sé að gera þessa breyt. á frv. Það er augljóst, að það er miklum erfiðleikum bundið, eins og fjárhagnum er nú komið, að útvega svona stórt lán af hálfu ríkisins, en fjárstraumnum verður ekki snúið til bæjarfélaganna úti um land, nema gera svona inngrip í atvinnulífið. Það verður ekki sagt annað en það, að það, sem gert var á dögum nýsköpunarstj. í þessum efnum, hafi gefizt vel og gefið viðkomandi bæjarfélögum möguleika, sem þau hefðu ekki haft annars. Ég veit, að þessi bæjarfélög þarfnast þessa sérstaklega, og ég veit, að Reykjavík og Hafnarfjörður eru líka í þörf fyrir þessa aðstoð, og er hugsanlegt, að þeim gefist einnig kostur á þessu, því að gert er ráð fyrir, að þau bæjarfélög, sem sjálf ætla að annast reksturinn, hafi forgangsrétt.

Ég vonast eftir, að hv. þingdeild gefi till. þessari gaum. Ég hef sett hana svona fram og bundið við bæina, hins vegar er hægt að hugsa sér að gera á henni breytingar, sem koma að sama gagni. Sum bæjarfélög hafa stofnað hlutafélög um togarana, og hefur bærinn þá að sjálfsögðu haft meiri hluta hlutafjárins, og væri vel hægt að hugsa sér það fyrirkomulag, ef einhver kysi það heldur, en það verður að gefa gaum að þessum málum. — Ég vil svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till. minni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 111) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð í sambandi við brtt. þá, sem hér er komin fram og er allveigamikil og var ekki til umr. í n. Eins og nál. ber með sér, áskildu nm. sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma. Ég álít rétt að fresta nú umr., svo að hægt verði að athuga þetta nánar. Varðandi aðstöðu kaupenda, þá er þetta nokkur breyting frá l. frá því í maí í vor, sem bendir til, að lánsupphæðin í Bretlandi verði notuð til að kaupendur fái vissa hlutdeild í láninu, og í fyrstu var gert ráð fyrir, að kaupverðið yrði greitt upp, en nú á það að ná yfir lengri tíma. En hvað um það, ég vona, að málinu verði frestað um stund, svo að tækifæri gefist til að athuga þessa brtt.

Umr. frestað.

Á 16. og 28. fundi í Nd., 17. des. og 12. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 12, n. 96, 111, 127, 224).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég mun líklega við þær umræður, sem þegar hafa farið fram, hafa gert grein fyrir brtt. minni á þskj. 111, um að tryggja bæjar- og sveitarfélögum forgangsrétt að kaupum á togurum þeim, sem hér er um að ræða. Býst ég eigi við að þurfa að ræða þá till. frekar, og mun eigi rétt að hefja umræður vegna hennar. En um hina brtt., sem ég ber fram, á þskj. 224, er rétt að ræða nokkuð.

Frá því er fest voru kaup á nýju togurunum tíu, hefur dregizt nokkuð að ákveða, hverjir skuli fá þá. Þetta er bagalegt fyrir væntanlega eigendur, því að þeir þurfa að fá að vita, hvernig togararnir eiga að vera útbúnir, hvort þeir munu hafa dieselvél eða gufuvél o. s. frv. Það þótti rétt hér áður, að eigendur gætu innréttað togara sína nógu snemma. Því er nauð-

synlegt að útbýta þeim sem allra fyrst. Vegna þess er till. mín á þskj. 111 komin fram, um forgangsrétt bæjar- og sveitarfélaga o. fl., og álít ég þá heppilegt, að félögunum væri látin í té vitneskja um úthlutunina í tíma. Því er það, að ég, á þskj. 224, legg til, að 5 manna úthlutunarn. sé kosin af Alþ., sú er úthluti togurunum fyrir 29. jan. þ. á. Mér er engin launung á því, að bæjarstjórnakosningar falla á þennan dag. Álít ég meiri möguleika á því, að bæjar- og sveitarfélög fengju umræddan forgangsrétt, ef úthlutunin færi fram fyrir kosningarnar, því að það sýnir sig, að stjórnmálamenn taka meira tillit til hv. kjósenda fyrir kosningar. Því er rétt að ræða málið. — Þá er lagt til, að kaupendum skuli „reiknað kaupverð togaranna í ísl. krónum með þeirri gengisskráningu ísl. krónu gagnvart sterlingspundi, er gildir á úthlutunardegi, hvaða breyting sem verða kann á gengi því, áður en togararnir verða að fullu greiddir.“ Ég vil vekja eftirtekt manna á, að ákvörðunin um togarakaupin var tekin í tíð fyrrv. ríkisstj., af þeim flokkum, sem að henni stóðu, og það var gert undir þeim kringumstæðum, að þeir flokkar bera fulla ábyrgð á því. Þegar árið 1945 voru hinir 30 togarar keyptir, þá sögðu útgerðarmenn, að of snemmt væri að kaupa togara og betra væri að bíða, eins og Bretar gerðu. Verðið mundi lækka, þetta væri angurgapaháttur, og það var m. a. heill stjórnmálaflokkur, er gekkst í þetta og kvað það vera stórhættulegt fyrir landið. Svo voru það þeir menn, sem réðu fjármálum ríkisins, m. a. stjórn Landsbanka Íslands, sem sögðu, að þetta væri flónska. M. ö. o.: Það voru þrír aðilar, sem lögðust á móti togarakaupunum, máttarvöldin: Landsbanki Íslands, útgerðarmenn og einn stjórnmálaflokkur. En hér er nú um tíu togara að ræða. Það er enginn angurgapaháttur eða skýjaglópska. Það var fyrrv. ríkisstj., og hefur hún ráðfært sig við hina vísu feður í fjárhagsráði, sem settir hafa verið sem stórráð yfir fjárfestingarframkvæmdir. Það vantar ekki, að ráðfært hafi verið sig við Landsbankann og fjárhagsráð, enda gerði hæstv. ríkisstj. lítið án samþykkis framkvæmdastj. Landsbanka Íslands. En árið 1945 þurfti að kúska bankastj. En eigi hefur heyrzt, að nú hafi þurft neitt sérstakt knýjandi til að fá lán til hinna tíu togara. Þessir menn vissu, að hér var verið að gera rétt verk. Það var eigi verið að hlaupast í þetta eins og 1945, og nú voru allir þrír aðilarnir sammála, bankinn, útgerðarmenn og stjórnmálaflokkurinn eini. Nú er þetta auðvitað gott, því að landið þarf fleiri togara með. Síðan þarf að úthluta togurunum til kaupenda, og er gefið, að þeir aðilar eiga að fá einhvern undirbúningstíma til kaupanna og eiga ekki að sæta lakari kjörum en er stj. Landsbankans var neydd til stuðnings. Því álít ég nauðsynlegt, að kaupendur að nýju togurunum tíu komi til með að njóta sömu kjara og helzt eigi lakari en þegar nýsköpunartogurunum var úthlutað. Nú hafa togarar hækkað í verði, og er gengið út frá því, að togararnir kosti um 4½ millj. kr. hver, en nýsköpunartogararnir kostuðu um 3¼ millj. kr. Nokkuð af þessari hækkun er að vísu fyrir sakir betri útbúnaðar, og hafa þeir verið lagaðir. Nú er till. komin fram um gengisbreyt. af vissum stjórnmálaflokki, og barizt hefur verið mjög ákveðið fyrir því, að genginu verði breytt á ísl. krónu. Sagði og hæstv. forsrh., að fiskábyrgðirnar mundu verða afnumdar í febrúarmánuði. Nú er ekki unnt að segja nákvæmlega til um hlutfallið, en hækkun verðsins mundi nema um 50%, og verði nú farið að bíða með kaupin, hefði það 7 millj. kr. verð á togurunum í för með sér. Ég býst ekki við, að tilgangur þeirra manna, sem fyrir kaupunum stóðu, sé sá að láta togarana hækka í 7 millj. kr. Geng ég út frá því, að það ætti að vera hægt að ná samkomulagi um, að kaupendur togaranna yrðu aðeins látnir fá togarana á því verði, sem nú þegar er orðið, og sleppt við að fá verðhækkun á sig vegna hugsanlegrar gengisbreyt. — Ég býst við, að þeir menn, er tóku ákvörðunina um kaupin, hafi líka gert sér ljóst, að þeir þyrftu eigi síður markaði nú en árið 1945, þegar Ísland var að basla eitt sér. En árið 1948, er ákvörðunin var tekin um kaup nýju togaranna, voru Íslendingar með völdum vinum, svo að hinir vísu landsfeður munu hafa vitað um hina góðu markaði og eigi vanrækt að tryggja landinu markaði á árinu 1951. Því er eðlilegt, að ríkið beri fulla ábyrgð á því. — Ég tel þess vegna brtt. mína nauðsynlega.

Nú er mikil eftirsókn að togurum. Íslendingar eru reiðubúnir til að veiða á nýjum togurum. Vitum við vel, hverju máli togararnir hafa skipt fyrir þjóðarbúskapinn. Vegna þess þarf að tryggja, að þessir tíu togarar verði eigi síður landinu til blessunar en nýsköpunartogararnir þrjátíu. En það verður eigi gert, ef slengja á breyt. á genginu á hina nýju eigendur, það verður ekki gert, ef á að demba skaðanum af gengisbreyt. á kaupendur þessara 10 nýju togara, sem eftir minni till. ættu að verða bæjarfélögin á Íslandi. Ég vænti þess, að hv. þm. samþ. þessa brtt. Og ef þessi brtt. verður samþ., mundi það e. t. v. verða aðhald gagnvart þeim, sem kynnu að hugsa um að stórbreyta gengi ísl. krónunnar, því að það mundi þá baka ríkissjóði eða bankanum sem í hlut ætti, nokkurn bagga. Og ef brtt. þessi væri samþ., mundi það verða nokkurt aðhald um að lækka ekki stórkostlega gengi ísl. krónunnar.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Af því að þetta er frh. 2. umr., vildi ég aðeins vekja athygli á þeim brtt., sem fram hafa komið í sambandi við þetta mál, og sérstaklega þá brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. um, að ríkisstj. heimilist að lána bæjar- og sveitarfélögum 85% af ábyrgðarverði togaranna og nota til þess m. a. það lán, sem ríkisstj. er með þessum l. heimilað að taka, o. s. frv. Ég vil benda hv. þd. á það, að lítið stoðar að koma fram með slíkar till. sem þessa, þó að það tíðkist enn þá mjög á Alþ. að gera ráð fyrir, að ríkið geti fengið lán í þessu skyni eða hinu. Það er svo komið, að slíkir möguleikar eru raunverulega ekki fyrir hendi. Bankarnir hafa ekki laust fé, opinberar stofn-

anir hafa ekki laust fé, og almenningur kaupir ekki lengur ríkisskuldabréf. Það er öllum kunnugt, að mikið er í umferð af ríkistryggðum skuldabréfum, sem engir kaupendur eru að eins og sakir standa. Ég vildi því einungis vekja athygli á því, að það er í raun og veru alveg tómt mál að tala um slíkar ábyrgðir sem þessar, meðan ástandið er eins og raun ber vitni um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði, vil ég taka þetta fram: Ríkið tekur lán í Bretlandi til þess að kaupa þessa togara fyrir og fær þar með peninga til þess að greiða þá með, og það, sem gengið er út frá í þeim brtt., sem hér eru bornar fram, eins og til dæmis í brtt. á þskj. 111, er það, að þetta lán sé notað: Í fyrsta lagi til að lána það aftur bæjar- og sveitarfélögum, sem séu þannig látin fá forgangsrétt að því að fá þessa togara, sem sé, að ríkið láti bæjar- og sveitarfélög þessi raunverulega verða aðnjótandi þeirra lánskjara, sem það sjálft hlýtur, og að sama skapi sem lánið yrði borgað af togurum ríkisins í Englandi, þá verði aðstaða ríkisins þar með notuð til að gera bæjar- og sveitarfélögum fært að eignast þessa togara á þennan hátt. Hins vegar geng ég út frá því, að viðbótarlán þyrfti að taka, og þó að illa liti út með fjárhag ríkisins nú, þá er ólíklegt, að ekki yrði hægt á þeim tíma, sem um er að ræða, að fá þá viðbót, sem nægði til að framkvæma þetta. Ég held, að ef ríkið getur sjálft fengið til þess lán, innan eða utan lands, að kaupa þessa togara, þá séu möguleikar fyrir hendi til að gera bæjar- og sveitarfélögum kleift að eignast þessa togara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. og 39. fundi í Nd., 17. jan. og 2. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 3. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Vegna þess orðalags, sem er á minni brtt. á þskj. 224, þar sem í henni er gengið út frá því, að þetta frv. sé orðið að lögum fyrir 29. janúar s. l., þá getur sú brtt. ekki komið undir atkv., eins og hún er orðuð. Hún var borin fram það snemma, að ég gerði þá ráð fyrir, að hún gæti komið til atkv. En ég verð að taka hana aftur við þessa umr. og bera hana þá fram aftur við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 224 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 111 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, JÁ, MK, SG, StSt, ÁkJ, ÁS.

nei: BÓ, GG, IngJ, JóhH, JS, JörB, KS, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÁ.

GÞG, HÁ, JG, JR, PÞ, SÁ, ÁÁ, SB greiddu ekki atkv.

8 þm. (EmJ, EystJ, FJ, GTh, HelgJ, JPálm, ÓTh, StJSt) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 127 tekin aftur til 3. umr.

3.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 12, 127, 224).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram tvær brtt. við þetta frv. Eins og hv. þm. muna, hef ég áður borið fram tvær brtt. við 2. umr. málsins. Hin fyrri af þessum brtt. er við 1. gr., á þá lund, að þeim kaupendum íslenzkum, sem fá togara hjá ríkisstj., skuli tryggt, að þeir fái þá með þeirri gengisskráningu á kaupverðinu, sem gilti 1. janúar 1950. Það á að vera meiningin með þessum togarakaupum að tryggja það, að skipin komizt í íslenzka eigu, og ekki aðeins í eigu ríkisstj., heldur fyrst og fremst í þær hendur, sem eru reiðubúnar; og það verður því að búa svo um hnútana, að það verði aðilar innan lands, sem treysti sér til að kaupa þá.

Þegar nýju togararnir voru pantaðir, þó seint væri, þá komu þegar fram margar umsóknir frá aðilum innanlands um að fá þá keypta, enda þótt fjárhagsgeta væri misjöfn. Það var upplýst af fyrrv. forsrh., er hann skýrði frá togarakaupunum upphaflega, að lánsheimild mundi verða um 75% og kaupverð hvers togara um 4½ millj. króna, en gæti þó orðið nokkru hærra. Nú virðast líkur til, að gerð verði gengisbreyting hér á Íslandi á næstunni, a. m. k. hafa framsóknarflokks- og sjálfstæðismenn haft hana á baugi og vísbendingar komið um, að hún væri í vændum, meira að segja frá hæstv. ríkisstjórn. Ef krónan verður lækkuð gagnvart sterlingspundi, er sagt, að útgerðinni yrði bjargað með því. En þótt þessir flokkar hefðu þá trú, gæti samt enginn haldið því fram, að það yrði léttir fyrir útgerð þessara nýju togara, sem um ræðir í þessu frv. Kostnaðarverð þeirra, sem áætlað var 4½ millj., mundi þá að líkindum fara upp í 7 millj. kr. á skip, og alveg gefið, að það yrðu fáir til þess hér innanlands að kaupa þá á 7 millj. kr. stykkið, og jafnókleift yrði að reka þá svo dýra. Þeir, sem fengju þessa togara, yrðu að geta staðið jafnt að vígi um rekstur þeirra og hinir, sem fengu eldri togarana. Gengisfellingin, sem á að vera bjargráð fyrir útgerðina, yrði hvað snertir þessa togara hinn mesti ógreiði, ef hækkun kaupverðs af völdum hennar ætti að skella á þeim aðilum, sem kaupa þá. Gagnvart þeim aðilum ber Alþingi vissa ábyrgð. Með því að fella á sínum tíma tillögur okkar sósíalista um kaup fleiri togara, þegar það var heppilegt og þeir hefðu komið í gagnið án nokkurra þeirra ráðstafana, sem nú þarf að grípa til, þá tók sá meiri hluti, sem felldi þær tillögur, vissa ábyrgð á sig gagnvart þeim aðilum, sem með því voru útilokaðir frá að fá togara á þeim tíma.

Eftir að ákvörðun var tekin um þessi nýju togarakaup, hafa gefizt mörg tækifæri til að borga af skipunum. Hins vegar hefur þessum togurum ekki verið úthlutað til kaupenda né þeim gefinn kostur á að forðast hugsanlega gengislækkun. Ríkisstjórnin getur þannig ekki verið þekkt fyrir að láta afleiðingar gengislækk-

unarinnar skella á kaupendum þessara 10 togara. Það hefur verið tekið fram fyrir hendurnar á þessum aðilum, og ríkisstjórnin verður að taka afleiðingarnar á sínar herðar.

Hins vegar vil ég taka það fram, að þótt ég gagnrýni ýmislegt, sem gerzt hefur í þessu máli, þá er ég ekki að gagnrýna það, að togararnir skuli hafa verið keyptir; þó seint væri hafizt handa, var sú ráðstöfun réttmæt. Og ef sæmileg stjórn væri á efnahagsmálum okkar í heild, þá gætu þessi skip gert fullt gagn. En nú ganga sögur um, að viss máttarvöld hugsi sér að selja togarana til útlanda. Og þrátt fyrir tvennar kosningar hefur ríkisstjórnin ekki fengizt til að láta í ljós, hverjir eigi að fá þá. Það þarf nú ekki að fara í neinar grafgötur um það, hvaðan þessi hugmynd muni vera komin. Kaupin á nýsköpunartogurunum mættu á sínum tíma mikilli andstöðu úr ákveðinni átt, og ekki er ósennilegt, að þessi hugmynd sé undan sömu rifjum runnin. Þjóðina á að losa við sinn „háa lífsstandard", og togarana á að selja útlendingum til að gera þá svo út á Íslandsmið. — En eins og ég sagði, álít ég, að ríkisstjórnin beri ábyrgð gagnvart þeim aðilum íslenzkum, sem neitað var um togarana á sínum tíma, ásamt þeim meiri hluta á Alþingi, sem að því stóð. Og sé það rétt, að þessir flokkar hugsi sér nú að fara út í gengislækkun, þá ætti að vera umbrotalítið að bæta fyrir vanrækslu í þessu efni með því að samþykkja till. mína. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: [sjá þskj. 296.]

Þá hef ég í öðru lagi leyft mér að leggja fram brtt. samhljóða þeirri, sem felld var við 2. umr., og liggur hún hér fyrir skrifleg. Þar er þó aðeins farið fram á 75% lán til kaupanna á togurunum, í stað 85%, sem gert var ráð fyrir á till. á þskj. 111 í samræmi við það, að sú upphæð var lánuð bæjar- og sveitarfélögum út á nýsköpunartogarana. Í 2. gr. frv. er gengið út frá 10% láni aðeins, en ekkert bæjar- eða sveitarfélag er svo statt, að það geti keypt þá með slíkum kjörum. Það hefur verið sagt, að þau gætu fengið lán úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, en úr henni er ekki von um nein lán nema gerð verði breyting á lögunum um stofnlánadeildina, en um þá breytingu hef ég lagt fram frv., sem nú liggur fyrir sjútvn. Þeir togarar, sem ríkisstj. hefur veitt víxillán, gætu þá fengið lán í stofnlánadeildinni, ef þetta frv. yrði að lögum, en samt mundu líða nokkur ár, unz hún gæti veitt slík lán. Ég álít því eðlilegt, að hlaupið sé undir bagga með þeim, sem vilja kaupa þessa togara, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í brtt. minni. Svo er hins vegar spurningin um það, hvort það sé rétt að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að það verði fyrst og fremst bæjar- og sveitarfélög, sem fái þessa togara, en koma um leið í veg fyrir, að einstakir auðmenn hér innanlands eða auðfélög fái þá keypta. Ef þessi brtt. mín yrði samþ., þá væri þar með alls ekki útilokað, að ýmsir fjárhagslega sterkir menn, sem vildu kaupa þá, gerðu það. En þá er það þó stefna Alþingis í þessu máli, sem væntanlega mundi ráða, þ. e. a. s., hverjir eiga að eiga þessa togara, hvort þessi framleiðslutæki eiga að vera einkaeign eða eign bæjar- og sveitarfélaga.

Það hefur oft verið um það talað og ekki hvað sízt í blöðum Framsfl., að það beri að beina fjármagninu meira út á landsbyggðina en gert hefur verið að undanförnu, svo að fólkið haldi ekki áfram að streyma hingað til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þetta verður að gera með því að veita fjármagn til þessara staða til þess að kaupa framleiðslutæki, sem skapa svo mikla atvinnu, að fólk leiti ekki þaðan, en til þess þarf sérstök hlunnindi af hálfu bankanna og hins opinbera. Það þarf að veita þessum stöðum svo rífleg lán, að þeir virkilega treysti sér til þess að ráðast í að kaupa slík framleiðslutæki. En ef hins vegar það, sem kallað hefur verið hið eðlilega lögmál viðskiptalífsins, á að halda áfram, þá verða það ekki bæjar- og sveitarfélögin, sem þetta fá, heldur þeir ríku fyrst og fremst. Ef það er meiningin að stuðla að því, að sveitar- og bæjarfélög fái þessi hlunnindi, þá verður að gera ákvörðun um það nú, en ef hún verður ekki gerð, þá er það öruggt, að þessi framleiðslutæki lenda til hinna ríku einstaklinga og hlutafélaga. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa till. Ég vil taka það fram, að ég álít, að þessi 75% séu það allra minnsta, sem sveitar- og bæjarfélög geta komizt af með, og það sé allt of lítið að hafa ekki nema 10%, eins og lagt er til í 2. gr. frv., því að það verður víst ábyggilega nógu erfitt fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög að slá sér út lán fyrir þessum 25%. Það er ekki til neins að hafa ekki nema 10%, eins og í 2. gr. er sagt. Það er vitanlegt, að nokkur bæjarfélög, sem eiga einn togara, vildu gjarnan fá annan, því að það er vitað, að það er miklu praktiskara að eiga tvo en einn, vegna þess að þeir eru tiltölulega miklu ódýrari í rekstri, enda var okkur það líka ljóst í upphafi, að það var aðeins byrjunin eða vísir að stærri togararekstri. En eins og fjárhagsástandið er núna, þá er það beinlínis lífsnauðsyn fyrir þessi bæjarfélög að fá nú togara til viðbótar.

Þess vegna vonast ég til þess, enda þótt fyrri till. mín um 85% hafi verið felld, að þessi till. finni náð fyrir augum meiri hlutans í hv. deild og verði samþykkt. — Vil ég svo leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim, þar sem þær eru bæði of seint fram komnar og auk þess skriflegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 296 og 297) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt., sem ég tók aftur til 3. umr. Efni till. var í stórum dráttum það, að bæjar- og hreppsfélögum þeim, sem fyrir mestum áföllum hafa orðið að undanförnu vegna aflabrests á síldveiðunum, yrðu tryggð 95% af kostnaði togaranna að láni. Ástæðan til þess að ég flyt þessa brtt. er sú, að þessi bæjar- og hreppsfélög á Norðurlandi og ef til vill einnig á Vesturlandi, sem byggt hafa afkomu sína að mestu leyti á síldveiðum og síldarvinnslu, eru þannig stödd, að ef ekki verður gerbreyting á og tekinn annar atvinnuvegur, þá hlýtur að reka að því fyrr eða síðar, að fólkið gefst hrein-

lega upp í þessari erfiðu baráttu og flyzt þaðan burtu.

Sum bæjarfélög, þar á meðal Siglufjörður, hafa keypt togara, og þó að rekstur hans hafi ekki gengið vel framan af, þá má samt segja, að hann hafi gengið mjög sæmilega síðar. Þar hefur það verið svo, að af þessum sökum hefur verið hægt að hafa góða atvinnu fyrir 30 fjölskyldufeður úr bænum, þó að reksturinn hafi ekki alltaf gengið sem bezt. Siglfirðingar eru sér þess vel meðvitandi, hvað gera þarf, og bæjarstjórnin þar hefur lagt á það megináherzlu að beita sér fyrir því, að upp verði teknir aðrir atvinnuvegir en síldveiðar og verkun, t. d. með því að leggja stund á verkun og veiði annarra fisktegunda, og hafa þeir í því sambandi aukið bátaflota sinn. Einn liður í þessari áætlun er að afla nýs togara og auka bátaútgerðina og fiskvinnslu.

Það kann nú að vera, að mönnum finnist þetta framlag nokkuð mikið, þar sem gengið er út frá 95%, en svo er þó í rauninni ekki, þegar tillit er tekið til þess, hvað viðkomandi bæjareða hreppsfélög þurfa að láta koma á móti. Flestir eru sammála um það, að með sama gengi mundu togararnir kosta um 5 millj. króna, en ef gengisfall yrði nú, — og hér má gera ráð fyrir 27% gengisfalli, — mundi það þýða, að togararnir kostuðu um 7 millj. króna. Við það eru þessi 5% orðin 350 þús. krónur, og það er hreint ekki svo lítið, þegar litið er á atvinnulíf og fjárhag þessara staða, þar sem hann er bundinn við síldveiðar, sem undanfarið hafa brugðizt svo mjög, sem raun ber vitni.

Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, ef Alþingi ætlar að afgreiða þessi lög án þess að slá föstu um lán til kaupanna, því að ef framleiðslutækin eiga að koma að einhverju gagni og staðsetja á þau úti á landi, þá er það óhjákvæmilegt að tryggja þessi lán, og upphæðirnar þurfa að vera stærri en upphaflega hafði verið gert, þegar 85% voru ákveðin, því að ef þessi bæjar- og sveitarfélög á Norðurlandi, sem mest hafa orðið fyrir barðinu á síldarbrestinum, hafa áhuga á þessum kaupum, þá er þeim gersamlega ókleift að drífa upp 15% af kostnaði skipanna, sem mundi þýða 750 þús. kr., og 350 þús. kr. betur, ef gengisfelling yrði, því að eins og kunnugt er, þá hefur ríkisstjórnin tekið lán til þessara kaupa, svo að gengisfellingin mundi hafa sín áhrif á kostnaðinn. Hitt er svo aftur annað mál, að það er mjög óeðlilegt að láta skipin hækka svo mikið í verði, og það mundi gera „rentabilitet" þeirra miklu vafasamara, þ. e. a. s., það er viðbúið, að mjög erfitt verði að láta skipin bera sig, þó að ekki sé verið að gera það enn erfiðara með því að hafa útborgunina allt of mikla. En sem sagt, þannig stendur nú á fyrir bæjar- og sveitarfélögum norðanlands, að þau eru allsendis ófær um að kaupa þessi framleiðslutæki, sem þeim eru svo nauðsynleg, nema samþ. verði till. mín um, að þeim verði tryggð lán 95% af kostnaði skipanna.

Ég vil geta þess, að þetta mál og þessi till. mín hefur verið rætt alveg sérstaklega í bæjarstjórn Siglufjarðar, sem tók það til meðferðar á fundi sínum 11. janúar s. l. og gerði um það svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar þann 11. jan. s. l. var samþykkt einróma að mæla með breytingartillögu við frumvarp til laga um togarakaup ríkisins, flutningsmaður Áki Jakobsson, þingmaður Siglfirðinga.

Bæjarstjórn Siglufjarðar telur breytingartillöguna, ef samþykkt verður, til mikilla hagsbóta fyrir þau bæjarfélög norðanlands, sem hafa orðið fyrir mestum áföllum atvinnulega vegna undanfarinna 5 síldarleysisára, og skorar á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarpið með áorðinni áminnztri breytingu.

Virðingarfyllst
Bæjarstjórinn á Siglufirði
J. Kjartansson."

Þessi ályktun var einróma samþ. þar af fulltrúum allra hinna 4 stjórnmálaflokka. Till. sú, sem ég leyfi mér að bera fram, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: (sjá þskj. 298.]

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (þskj. 298) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru nú þegar komnar þrjár brtt. við þetta frv., og er það sjálfsagt miklu þægilegra ef þær eru prentaðar, svo að þingmenn gætu athugað þær nánar. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvort ekki mundi unnt að fresta umr. þangað til síðar, er till. hafa verið prentaðar, og þá einnig aðrar brtt., sem berast kynnu, ef ástæða þætti til þess að koma fram með nýjar till.

Forseti (SB): Í sambandi við ósk hv. þm. V-Húnv. vil ég taka það fram, að þessu máli hefur verið frestað nokkuð oft og mikið um það rætt, en þar sem nú hafa komið fram 3 skriflegar brtt., þykir það þó rétt að verða við ósk hv. þm. og taka málið út af dagskrá að sinni.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Nd., 9. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 12, 127, 224, 296, 297, 298, 312).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í 1. gr. þessa frv. er ríkisstj. heimilað að láta smíða 10 togara í Englandi með það fyrir augum, að þeir verði síðar seldir einstaklingum, félögum, bæjareða sveitarfélögum. Togaraútgerð hér er nú einkum í höndum hlutafélaga og bæjar- eða sveitarfélaga, en að litlu leyti í höndum einstakra manna. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. á þskj. 312, um það, að á eftir 2. gr. komi ný gr., og er efni hennar það að heimila ríkisstj. að leigja einn eða fleiri togara til útgerðarfélaga sjómanna, en það sé þó háð þeim skilyrðum, að allir skipverjar á togaranum skulu vera félagar í útgerðarfélaginu, og framkvæmdastjóri þess geti einnig verið félagsmaður. Verðmæti aflans, að frádregnum útgerðarkostnaði, skiptist milli félagsmanna eftir hlutaskiptareglum, er þeir sjálfir setja.

Í öðru lagi: Fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir því, að umsamið leigugjald fyrir togara greiðist skilvíslega og að ekki falli sjóveð á togara á leigutímanum. Ég skal ekki full-

yrða, hvort slík útgerðarfélög yrðu stofnuð, þó að till. yrði samþ., en verði hún samþ., tel ég það bendingu til sjómanna um, að þeir geti gert þetta, ef þeir vilja taka útgerðina í sínar hendur. En mér þykir líklegt, að eins og nú er muni togarasjómenn skorta fé til skipakaupa, en gætu ef til vill tekið útgerðina í sínar hendur með þessu móti. Ég tel, að athugandi væri eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af bæjarútgerð, hvort ekki kæmi til mála, að við hliðina á þeim rekstri, sem nú er, komi útgerð með þessu fyrirkomulagi. Ef till. þessi yrði samþ. og slík félög stofnuð, þá yrði síðar að taka til athugunar, með hvaða kjörum eigi að leigja skipin, og má einnig búast við, að sjá yrði ríkissjóði fyrir fé til að kaupa þessa togara og eiga áfram til viðbótar þeim lánum, sem frv. heimilar að taka. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, nema tilefni gefist, en vona, að mönnum sé þetta ljóst.

Forseti (SB): Brtt. á þskj. 312 er of seint fram komin, og þarf því að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðvíkjandi brtt. hv. þm. V-Húnv. er ég hræddur um, að þessi leið yrði lítið farin. Hins vegar er rétt að gera ráð fyrir, að þessi hugmynd um að leigja togarana geti reynzt rétt í öðru sambandi. Sérstaklega má gera ráð fyrir því, ef gengislækkun verður, að ákaflega erfitt verði að kaupa togarana, og má þá gera ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að leigja togarana, ef mínar brtt. verða ekki samþ., en þá væri rétt að heimila ríkinu að leigja þá til bæjarfélaga, ef á daginn kæmi, að leið sú, er hv. þm. V-Húnv. leggur til, yrði ekki farin, og leyfi ég mér þá að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 312: „Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Þá er ríkisstjórninni og heimilt að leigja bæjarfélögum einn eða fleiri af þessum togurum."

Ef till. mínar yrðu ekki samþ., mætti samt sem áður koma þeim þannig til bæjarfélaganna, að haft yrði leiguform í stað söluforms, og kæmi það að sama gagni og sala hvað snerti atvinnuaukningu, og þar, sem annar togari væri fyrir, mundi það þýða minni kostnað og hefði auk þess ýmsa aðra kosti. Ég tilgreini ekkert um leigukjör, því að ég held, að sama sé, hvaða ríkisstj. væri, hún mundi verða nægilega íhaldssöm til að sjá fyrir hag ríkissjóðs og því þýðingarlaust að vera að setja l. um það og heppilegra, að um það yrði frjálst samkomulag á milli ríkisstj. og bæjarfélaganna. Ég vil svo leyfa mér að leggja fram þessa brtt. við brtt. á þskj. 312.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 317) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. frestað.
Á 44. fundi í Nd., 10. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Það eru nú orðnar allmargar brtt., sem fram hafa komið við þetta frv., og stefna þær í ýmsar áttir. Ég verð að segja það um þær yfirleitt, að mér finnst á þessu stigi málsins ekki vera rétt að lögfesta neinar af þeim.

Síðan ákvörðun var tekin um það að láta byggja þessa togara, hafa töluverðar verðbreytingar átt sér stað, og má því búast við því, að skipin verði mun dýrari en í upphafi mátti ætla. Um eitt skeið bárust fjöldamargar umsóknir um þessa togara, þannig að umsóknir voru þrefalt fleiri en tala skipanna, en eftir er nú að sannprófa, hvort þeir menn og þeir aðilar, er þá sóttu um skipin, séu enn sama sinnis. Líka þarf að athuga útlit fyrir endanlegu verði skipanna og möguleikum ríkisstj. til þess að standa undir þessum framkvæmdum, að svo miklu leyti, sem það hefur ekki verið gert eða samþ. að gera. Allt gerir þetta það að verkum, að meðferð málsins verður að vera í höndum ríkisstj. og Alþingis á sínum tíma, og fyrir því tel ég ekki rétt að samþykkja þær brtt., sem fyrir liggja, að svo stöddu, því að farið gæti svo, að samþykkt þeirra kæmi í bága við nauðsynlegar ráðstafanir, sem Alþingi og ríkisstjórn þyrftu að gera á sínum tíma.

Að svo komnu máli ætla ég ekki að fara að ræða hverja einstaka brtt., þær kunna að hafa og hafa sjálfsagt frá einhverju sjónarmiði eitthvað til síns ágætis og þá væntanlega einnig sína galla, en ég segi það um þær í heild, að það er ekki tímabært að fella þær inn í frv. eins og það liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Út af ræðu hæstv. atvmrh. hefði mér þótt vænt um að heyra, hvað hæstv. ríkisstjórn í raun og veru hyggst fyrir um þessi togarakaup. Það er vitanlegt, að margar umsóknir bárust um þessa 10 togara, en hins vegar er ríkisstj. einnig kunnugt um það, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem umsóknirnar sendu, hafa þá gengið út frá því, að þeim yrðu veitt svipuð kjör og við kaup nýsköpunartogaranna. Þá er það einnig vitanlegt, að fjárhagur þessara bæjar- og sveitarfélaga er ekki svo góður — fer jafnvel versnandi —, að hægt sé að búast við því, og jafnvel óhugsandi, að þau geti treyst sér til þess að auka togaraflota sinn, nema að minnsta kosti góðir skilmálar séu fyrir hendi um kaupin, eins og var um kaup nýsköpunartogaranna. Hvað einstaklingana varðar, þá er það nú upplýst, hvernig var með þessa 7 síðustu nýsköpunartogara, svo að það lítur vart betur út núna, að þeir fáist til þess að kaupa, nema þeir fái eins góð kjör og þau, sem þeir fengu um nýsköpunartogaranna.

Það hefur ekkert heyrzt frá hæstv. ríkisstjórn, hvað hún ætli fyrir sér með togarana. En það var talað um það í sambandi við kosningar af hálfu ráðherra úr fyrrv. ríkisstjórn, og góð orð um það gefin, að stuðlað skyldi að því, að viss sveitarfélög gætu fengið togara af þessum 10, sem ákveðið er að fá. Þetta hefur ekki verið upplýst nánar, en ef áhugi væri fyrir hendi hjá þessum ráðh. um, að það sé gert, þá gerir hann það ef til vill. En ef slík loforð eru gefin fá-

tækum bæjarfélögum, þá má búast við því, að vart muni verða síðri lánskjör, sem þau fá, heldur en við kaup nýsköpunartogaranna.

Það er óviðfelldið, ef ekki er gefið upp, hvað ríkisstjórnin hugsar sér að gera við togarana, sérstaklega þegar það hefur heyrzt, að þeir menn, sem stundum ráða meiru um landsmálin en ríkisstjórnin, hugsa sér að selja þá erlendis. En ég efast ekki um það, að ef ríkisstjórnin er með alvarlegar hugleiðingar um þess konar ráðstöfun á togurunum, þá er vilji í þinginu til þess að tryggja það, að þeir verði notaðir hér innanlands, og að veitt verði þá þau kjör, að kaupendum verði kleift að reka þá.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 296 vil ég taka það fram, að það er ekki óeðlilegt, að sérstakur áhugi manna sé fyrir henni, því að það yrði algerlega ókleift fyrir kaupendur að reka skipin, ef gengislækkun yrði framkvæmd og látin koma niður á kaupverði þeirra. Það væri sem sagt ákaflega æskilegt, ef hæstv. ríkisstjórn vildi skýra deildinni frá því, hvað hún ætlast fyrir um þessi efni.

Hitt er aftur annað mál, að ríkisstj. kann að líta svo á, að fyrrv. ríkisstjórn hafi verið heldur svifasein, og því hafi ekki tekizt eins vel með kaupin og unnt hefði verið og þess vegna hefði núverandi ríkisstjórn komizt í þessi vandræði. En ef ríkisstj. er í vandræðum, þá ætti að vera vilji til þess í þinginu að hjálpa ríkisstj. til þess að leysa þau, en til þess að það verði gert, þá verður Alþingi að fá einhverja hugmynd um það, hvað hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir. Þetta mál er nú búið að liggja fyrir í þrjá mánuði, og væri því æskilegt, að þessar upplýsingar færu að koma.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af fyrirspurn þeirri, sem hv. 2. þm. Reykv. beindi til ríkisstj. um það, hvað hún hugsi sér að gera við togarana, er því fljótsvarað, að þann stutta tíma, sem ríkisstjórnin hefur setið, hefur hún ekki haft tíma til þess að sinna þessu máli sérstaklega. Fyrrv. hæstv. ríkisstjórn var búin að gera samninga um þessa togara og tryggja greiðslu kaupverðs þeirra. Um hitt, hverjir geti og vilji kaupa togarana, þá er það að segja, að það hefur ekki verið tekið til endanlegrar athugunar.

Út af brtt. á þskj. 298 um það að tryggja bæjarfélögum norðanlands lán fyrir 95% af kaupverði togaranna, þá vil ég taka það fram, að það er ekki ástæðulaust að benda á þá staðreynd, að flest af þeim bæjarfélögum, sem keyptu eldri togarana, hafa komizt í veruleg vandræði við rekstur þeirra, svo að ríkissjóður hefur verið skuldaður fyrir hátt á aðra millj. króna vegna togara, sem að verulegu leyti voru í eign bæjarfélaga. Í öðru lagi má benda á það, að hjá sumum af þessum bæjarfélögum hefur útgerðin gengið svo erfiðlega, að ekki hefur verið unnt að greiða mannakaup, svo að þau hafa komizt í stórskuldir vegna kaups skipverja. Þetta er ekki sagt sem ásökun á viðkomandi bæjarfélög, heldur til þess að benda á það, hve miklir erfiðleikar eru á því að reka þessi skip og hve mikil áhætta því fylgir. Það getur verið gott að hafa skipin vegna atvinnu í einstökum bæjarfélögum, en það verður líka að taka tillit til þeirrar ábyrgðar, sem samfara því er sett á herðar litlum bæjarfélögum, því að eitt svona skip getur tapað upp undir 200 þús. krónum í einni veiðiför. Að vísu má segja, að öll togaraútgerð sé að komast í þrot, en það er líka þannig, að sum af þessum bæjarfélögum og einstaklingum, sem reka togarana, eru komin í stórkostleg vandræði með að reka þá og standa við smáskuldbindingar vegna þeirra. Þess vegna er það mjög vafasamur greiði við bæjarfélögin að veita þeim svo mikil hlunnindi, að þau geti keypt skipin án þess að leggja út mikið fé, því að áhættan af rekstrinum hvílir þó alltaf eftir sem áður á bæjarfélögunum.

En út af brtt. á þskj. 296, þá hefur hv. flm. væntanlega gert sér grein fyrir því, hvernig sá hluti á að greiðast, sem stafa kynni af lækkuðu gengi, sem enginn veit á þessari stundu, hvort verður, en þessi till. sýnir þá meira ábyrgðarleysi heldur en gert hefur verið hér á Alþingi áður. Innkaupsverð togaranna er um 40 milljónir króna, og ríkissjóður ætti þá að taka á sig þessa kvöð, ef genginu yrði breytt, og það er ekki víst, að það yrði neitt smáfé. Ef það ætti að gera þetta, þá verður að gera einhverjar tillögur um það, hvernig eigi að mæta því. Ég legg því til, að þessi till. verði ekki samþ., af þeim sökum, sem ég hef nú nefnt.

Einar Olgeirsson: Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um brtt. á þskj. 296, þá er raunverulega, þó að sú brtt. væri samþ., ekki verið að tala um neina sérstaka ábyrgð á hendur ríkissjóði, nema í því tilfelli, að Alþingi samþ. að breyta genginu. Þeir, sem kynnu að samþ. á eftir að breyta genginu, verða að gera sér grein fyrir, hvernig þetta eigi að greiðast, sú skuldbinding, sem þeir þar með skella yfir á ríkið. Þetta er aðeins að slá föstu status quo, og þeir, sem á eftir kynnu að samþ. gengisbreytingu, yrðu að gera sér grein fyrir, hvar þeir ætluðu að taka peningana. En þetta yrði ekki eina útgjaldaaukningin, sem ríkissjóði skapaðist með gengisfellingunni. Það eru miklar skuldir, sem ríkið á og ríkisfyrirtæki erlendis. Þessi sterlingspundaskuld er ekki eina útlenda skuldin, sem ríkið skuldar, það eru líka dollaraskuldir. Með gengisfellingu væri því verið að taka ákvörðun um að bæta á ríkið skuldabagga, sem mundi nema nokkrum tugum milljóna, svo að þeir milljónatugir, sem kynnu að bætast á vegna togarakaupanna, eru aðeins einn parturinn. Það er ekki ábyrgðarleysi í þessari till., en það væri ábyrgðarleysi, eftir að búið væri að samþ. till., að fella gengið. Ég get hugsað, að þeir, sem í dag hugsa um að fella gengið á næstu vikum, kynnu að telja það ábyrgðarleysi að hafa samþ. þessa till. í dag. Hins vegar hugsa ég, að það gæti verið nokkur trygging gagnvart þeim, sem þessa togara eiga að fá, að þeim væri á þennan hátt gert kleift að kaupa þá.

Viðvíkjandi erfiðleikum bæjarfélaganna, sem hæstv. ráðh. talaði um, þá er það alveg rétt. En hvað sanna þeir erfiðleikar? Þeir sanna og sýna, að það hefur ekki verið nógu vel búið að þessum bæjarfélögum hvað lánskjör snertir. En ef við erum sammála um, að það hafi verið nauðsyn, að þessi bæjarfélög fengju togarana,

að það sé nauðsyn fyrir þessi bæjarfélög að hafa þessi framleiðslutæki, að þessir togarar séu fjárhagsleg undirstaða hjá fjölmörgum af þessum bæjarfélögum og það, sem þeir afla, og sú vinna, sem þeir þar með skapa, sé svona þýðingarmikið fyrir bæjarfélögin, ef við erum enn fremur sammála um, að það sé nauðsyn að beina nokkru af framleiðslu þjóðarinnar út á land og gera mönnum þar kleift að reka þessi tæki, þá hljótum við að vera sammála um, að við eigum að gera þessum bæjarfélögum kleift að reka þessi skip. Eitt er gefið, að hvernig sem kann að líta út reikningslega hjá slíkum togurum, þá eru þeir fjárhagsleg undirstaða, hvort sem reikningurinn er með tap eða gróða. Það getur gengið svo í 10 ár, að togararnir séu kannske reknir með tapi, eins og kom fyrir bæði í bæjar- og einkaútgerð á tímabilinu 1930—1940, og samt var þessi útgerð undirstaða undir atvinnulífinu. Aðalatriðið er, að tækin séu til og séu notuð, skapi verðmæti og gefi svo og svo mikla vinnu og geri mönnum þannig kleift að lifa á viðkomandi stöðum. Þess vegna er það, að þær kröfur, sem eru gerðar hér um frekari ráðstafanir til stuðnings þessum aðilum, miða í rétta átt, og þess vegna álít ég ákaflega óheppilegt, ef þessar till. eru felldar nú. Ég álít þvert á móti, að það sé rétt að samþ. þær, ef þær breyt. yrðu síðar meir gerðar, sem kynnu að baka ríkissjóði einhver útgjöld í þessu sambandi. En það liggur ekkert opinberlega fyrir, að slíkt sé fyrirhugað nú sem stendur, t. d. gengisbreyting, þó að sögur séu á gangi um slíkt. Það væri því trygging að fá þessa till. samþ., en hinar till. miða á einn og annan hátt að því að tryggja það, að þessi till. komi að notum.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða málið almennt, það hefur verið gert svo mikið. Ég mun ekki heldur ræða þær till., sem hér liggja fyrir, þó að þær séu sumar hverjar í mesta máta umdeilanlegar. Það er aðeins ein till., sem ég hef tilhneigingu til að greiða atkv., þ. e. a. s. að fengnum nánari upplýsingum. Það er till. á þskj. 297, frá hv. 2. þm. Reykv., en í henni er aðalefnið það, að ríkisstj. skuli gefa bæjar- og sveitarfélögum þeim, sem þessa togara vilja kaupa, forgangsrétt að því að kaupa þá, ef þau ætla að kaupa þá til eigin rekstrar. Þetta hygg ég nú, að hafi verið mjög ofarlega í huga fráfarandi stj. að gera, og ég hef enga ástæðu til að ætla, að sú stj., sem nú situr, hafi í hyggju að fara öðruvísi að. En það er niðurlag þessarar brtt., sem gaf mér tilefni til að standa upp. Þar er gert ráð fyrir, að lán, sem veitt er samkvæmt till., séu aðeins veitt til 15 ára. Ég man ekki nákvæmlega að vísu, hvað þetta lán, sem fengið er til kaupanna, er til langs tíma, en ég hygg, að það sé lengra en 15 ár. Og ef það er 20 ár eða lengra, þá er engin ástæða til að hafa lánin til bæjarfélaganna styttri. Ég vil a. m. k., að ekki sé sett neitt þak ákvæði í l., sem gerði ríkisstj. nauðsynlegt að þrengja kosti sveitarfélaganna frá því, sem hún hefur í sínu valdi, ef ákvæðið er ekki til í l., en það tel ég þrengja kosti þeirra, ef ákveðinn er 15 ára lánstími, sem gæti verið 20 ár eða meira að skaðlausu. Ef það skyldi reynast svo, að það væri lengri tími, sem þetta brezka lán er veitt til, — en um það liggja fyrir engar upplýsingar, en þó er búið að taka lánið og ganga frá því, — þá hefði ég tilhneigingu að gera þá brtt. við þessa brtt., að þessi málsliður sé tekinn út og í stað hans komi annar nýr, að lánstíminn verði sá sami og á því láni, sem ríkisstj. hefur tekið í þessu skyni. Í fyrsta lagi þætti mér vænt um að fá að vita, og ég tel sjálfsagt, að það komi fram, áður en frá málinu er gengið, hvort þetta væri svo, og ef það væri svo, að þessi lánstími væri þetta langur, mundi ég bera fram þessa brtt.

Í öðru lagi vil ég setja fram þá hugsun út af þessu gengislækkunarskrafi, sem hér hefur farið fram, — af því að mig minnir, að það, sem borgað var út af skipunum hér heima og á að borga, áður en það lán er notað, sem fengið hefur verið í Bretlandi, — þá langar mig nú að spyrjast fyrir um það, hve mikið af þessu andvirði skipanna hefur þegar verið greitt, og ef það hefur verið greitt annaðhvort að mestu eða öllu leyti, sá hlutinn, sem greiða á hér heima, en ekki er greiddur af láninu, þá tel ég, að sjálfsagt sé, að kaupendur nytu þess þannig, að þeir borguðu jafna krónutölu fyrir þann hluta, sem þeir ekki tækju á sig í erlendum lánum, hvað sem verða kynni um gengisbreytingu síðar, hvort sem því verður breytt eða breytt ekki.

Ég vænti, að ég hafi gert mig nægilega skiljanlegan til þess, að hæstv. ráðh. geti svarað mér, hvort hann telji ekki eðlilegt að hafa þennan hátt á, því að ef stj. er búin að greiða þennan hluta með því gengi, sem nú er, þá er útlátalaust, að væntanlegir kaupendur síðar fengju að njóta þess og greiða það í sömu krónutölu sem stj. hefur þegar greitt út af sinni hálfu. Í þessu er nokkur trygging fyrir kaupanda, ef hann ætti þetta víst.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég get því miður ekki svarað á þessari stund þessari fyrirspurn frá hv. þm. Hafnf. Hins vegar er hægt að fá þessar upplýsingar fljótlega. Það mætti þá fresta umr. í dag, og gætu þessar upplýsingar þá legið fyrir á næsta fundi.

Út af því, sem hv. þm. talaði um greiðslu á þessum skipum, get ég ekki sagt annað en það, að mér finnst öll sanngirni mæla með því, að þessi hluti af andvirðinu verði reiknaður væntanlegum kaupendum með sömu upphæð og stj. greiddi, en ekki verði um hækkun að ræða.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Nd., 20. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég innti eftir því síðast þegar þetta mál var hér til umr., hvort það lán, sem ríkissjóður hefur tekið vegna togarakaupanna, mundi ekki vera til lengri tíma en gert er ráð fyrir í brtt. 297 að lánið verði endurgreitt, en þar er gert ráð fyrir, að lánið verið endurgreitt á 15 árum. Ég lýsti líka yfir,

að ég mundi fylgja þeirri till., þ. e. a. s. eftir að henni hefði verið breytt í samræmi við þær upplýsingar, sem fengjust um þennan lánstíma. Nú hafa mér borizt frá hæstv. fjmrh. upplýsingar um það, að lánstíminn sé 20 ár, eins og ég ætlaði, og vildi ég því leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við brtt. 297, sem fer í þá átt, að í stað 15 ár í 3. málslið till. komi 20 ár, og lánið verði veitt viðkomandi bæjarfélögum til sama tíma og ríkissjóður sjálfur fær lánið. Ég hygg, að þetta þurfi ekki að valda ágreiningi, því að um þetta hljóta allir að vera sammála, enda er þetta til leiðréttingar á till. 297, því að eftir því, sem ég skildi hv. flm., þá hefur hann ætlazt til, að þetta væri svo, þó hann hafi haldið, að lánstíminn væri 15 ár.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 341) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 49. fundi í Nd., 21. febr., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 224 tekin aftur.

— 296 felld með 19:6 atkv.

— 341 samþ. með 19:4 atkv.

— 297, svo breytt, samþ. með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SG, StJSt, StSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JÁ.

nei: JörB, KS, PÞ, PO, SkG, StgrSt, ÁB, BÓ, GTh, IngJ, JPálm, JS, JR, SB.

6 þm. (ÓTh, SÁ, BÁ, EystJ, GG, JóhH) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér hefur skilizt á flm. þessarar till., að hann flytti hana til þess að bæjar- og sveitarfélög eignuðust eitthvað af þessum nýju togurum. Ég vil nú benda á, að eins og frv. er, þá er hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að láta hvíla á skipunum allt enska lánið, en auk þess að lána allt að 10% af kaupverði skipanna. Mér skilst því, að í sumum tilfellum geti aðstoðin, ef þessi till. verður samþ., orðið minni en ella, og m. a. af þeim ástæðum segi ég nei.

Brtt. 127 tekin aftur.

— 298 felld með 20:6 atkv.

— 317 felld með 20:8 atkv.

— 312 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JÁ, JörB, PÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁkJ, ÁB, EystJ.

nei: GTh, IngJ, JS, KS, LJós, PO, SÁ, StJSt, StSt, ÁÁ, BÓ, EOl, EmJ, FJ, SB.

JR, ÁS greiddu ekki atkv.

4 þm. (GG, JóhH, ÓTh, BÁ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., 22. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 346).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 593).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta mál hefur fengið lagalega meðferð í Nd., en síðan hefur sú breyt. á orðið, að gengi íslenzkrar krónu hefur breytzt, þannig að nauðsynlegt er, að tillit verði tekið til þess við afgreiðslu málsins. Til þess að standa straum af mestum hluta andvirðis togaranna tók fyrrv. ríkisstj., með samþykki Alþingis, lán í Englandi, sem er borgað út eftir hendinni, eftir því sem smíði skipanna miðar áfram. Lánsupphæðin var 1250 þúsund sterlingspund. Mun lánið láta nærri, miðað við það gengi, sem var á íslenzkri krónu, 26,22 kr. á móti sterlingspundi. En við gengisbreytinguna, sem ákveðin var, 45,70 kr. á móti sterlingspundi, breyttist þetta svo, að í stað þess að andvirði lánsins var talið 32775 þús. kr. með gamla genginu, er það nú jafnvirði 57125 þús. kr. Þetta þótti allri n. hlýða að koma með brtt. um, eins og sjá má á þskj. 593. Í n. var auk þess rætt um ýmiss konar breyt., sem til mála gætu komið, en ekki svo, að n. yrði ásátt um neinar sérstakar breyt. aðra en þá, er nú hefur verið greint. Hins vegar er rétt að geta þess, að allir nm. hafa áskilið sér frjálsræði til að koma með frekari brtt. við meðferð málsins í d. eða fylgja slíkum till., ef fram kæmu.

Ég ætla, að það þurfi þá ekki fyrir hönd n. að hafa hér lengra mál. N. leggur til, að frv. verði samþ., og er öll sammála um þá breyt., sem áður lýsti ég, og það er fyrir hennar hönd, sem ég hef það fram að færa, auk þeirra aths., sem fylgja frá ýmsum nm. um hugsanlegar breyt. að öðru leyti og afstöðu til þeirra.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo kann nú að fara og er raunar komið á daginn, að eftirsókn eftir þeim togurum, sem hér er um að ræða, verði ekki jafnmikil og ráð var fyrir gert. Það kann því að reynast óþarft að deila um það, hverjir eigi að hafa forkaupsrétt að þessum skipum, en þó vildi ég segja það, meira vegna meginstefnunnar og síðari tíma heldur en að ég geri ráð fyrir, að það reyni svo mikið á það varðandi þessi skip, að ég tel, að ákvæði 2. gr. séu mjög til hins lakara að meginstefnunni til, að þau væru samþ., nánast fyrir tilviljun, í Nd. Það er vitað mál, að ef sú d. hefði þá verið fullskipuð, hefði ákvæðið, eins og það nú er, ekki náð samþykki, en ég tel það að vonum, að slíkt ákvæði gæti

ekki komizt að nema fyrir tilviljun. Með þessari gr. er slegið föstu, að veita eigi sérstakan stuðning til þess, að bæjar- og sveitarfélög reki botnvörpuskipaútgerð, og það mun meiri stuðning en öllum öðrum.

Ég skal ekki út af fyrir sig fara að deila um það, hvort betra sé, að togarar séu í eigu einstaklinga en bæjarfélaga. Ég hef sjálfur átt verulegan þátt í, að Reykjavíkurbær hóf útgerð á botnvörpuskipum, og hef því að meginstefnunni til ekkert við það að athuga. En ég álít það alveg fráleitt, að það eigi af Alþingis hálfu að gera tilraun til að einoka þessi framleiðslufyrirtæki í höndum bæjarfélaga. Ég tel, að það sé eðlilegt, að reynslan skeri úr um það, hvor aðilinn sé þarna hæfari, og bæjarfélögum eru þegar með því, að þau eru skattfrjáls af þessum rekstri til ríkisins, gefin svo mikil forréttindi umfram einstaklinga eða félög þeirra, að þessir aðilar ættu ekki að þurfa að sækjast eftir frekari forréttindum, en þessi lagagrein veitir einmitt slík réttindi. En þó að mörg botnvörpuskip hafi reynzt illa stæð á allra seinustu árum, þá er vitað, að engir eiga frekar í vök að verjast eða gengur lakar en þeim, sem eru í eigu bæjarfélaga úti á landi. Og þess vegna, að fenginni reynslu á þessu tímabili, er sízt af öllu ástæða til að ýta frekar undir það en orðið er, að botnvörpuskipin lendi í höndum þessara aðila. Ég vil því beina því til hv. dm., að þótt það reyni ekki á það um þessi tilteknu skip og komi ekki verulega að skaða varðandi þá meginstefnu, að það er alveg rangt og óþolandi að hafa slíkt ákvæði sem er í 2. gr., enda er það sprottið af þeim aðilum þingsins, sem sízt er að vænta góðra tillagna frá.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að óska, að umr. yrði frestað og málið tekið af dagskrá nú, til þess að tóm gefist til að athuga ofurlítið betur efni frv., borið saman við ástæðurnar eins og þær eru nú orðið.

Forseti (BSt): Ég verð að sjálfsögðu við tilmælum hæstv. fjmrh. um þetta, jafnvel þó að 3. umr. málsins sé eftir.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Ed., 6. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 346, n. 593, 601).

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. frá hæstv. fjmrh.: [Sjá þskj. 667.] Þessi brtt. er of seint komin og auk þess skrifleg. Þarf því tvöföld afbrigði, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég fór fram á það, síðast er málið var á dagskrá, að umr. væri frestað vegna 2. gr., og hef ég nú fyrir hönd ríkisstj. leyft mér að bera fram þá brtt., sem hæstv. forseti hefur nú lesið. Eins og nú er í frv., þá hafa bæjar- og sveitarfélög forkaupsrétt að togurunum, en ríkisstj. þykir réttast að breyta gr. þannig, að enginn sérstakur forkaupsréttur sé ákveðinn. Þá leggur ríkisstj. til, að henni sé heimilt að lána allt að 75% af andvirði skipanna, ef hún getur aflað fjár í því skyni, og skal heimilt að lána þetta hvaða kaupanda sem er.

Forseti (BSt): Með því að hv. frsm. er ekki viðstaddur og ekki heldur annar hv. þm., sem ætlaði að taka til máls, er umr. frestað um stund.

Síðar á fundinum var umr. fram haldið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 601 2 brtt. við frv., við 2. gr., og eru þær á þá leið, að fyrir 75% lánsheimild til bæjarfélaga komi 85%, og í öðru lagi, að vextir verði helmingi lægri en vextir þeir, sem ríkisstjórnin greiðir. Þessir togarar eru alldýrir samkvæmt upplýsingum hæstv. ríkisstjórnar, eða tæpar 8 millj. kr. hver, en það er meira en tvöfalt verð gömlu nýsköpunartogaranna. Fáum mun hafa dottið í hug, er þeir voru keyptir, að þeir mundu verða svo dýrir, en þetta eru syndagjöld fyrir, hve seint þeir voru pantaðir, og svo vegna gengislækkunarinnar. Það er nú uggur í ýmsum, að erfitt muni verða að fá kaupendur að togurunum, og hann mun ekki vera ástæðulaus. En hins vegar mun vera full þörf fyrir okkur að eignast þessa togara, þó að þeir séu dýrir. Þetta munu vera fullkomnustu fiskiskip, sem þjóðin hefur eignazt, sérstaklega vegna þess, að í þeim eru fiskimjölsverksmiðjur, og er slíkt höfuðskilyrði til, að þeir geti borið sig. Þetta eru tæki, sem gefa möguleika á að hverfa frá hinni frumstæðu rányrkju og nýta aflann betur. Ef svo illa skyldi til takast, að togararnir yrðu ekki keyptir og þeir yrðu svo seldir útlendingum, sem síðan mundu gera þá út á okkar mið, mundu þeir frekar verða okkur til tjóns en gagns, og telja sumir, að heppilegra væri fyrir okkur að sökkva þeim en að svo yrði. Þetta frv. er lagt fram til að gera landsmönnum kleift að kaupa skipin, en þá þarf það að vera þannig úr garði gert, að það tryggi slíkt. Það er kunnugt, að mörg bæjarfélög hafa fullan hug á að eignast þessa togara, en það eru ekki mörg bæjarfélög, sem hafa efni á slíku með þeim skilmálum, sem þeim eru hér sett. Það eru ekki mörg bæjarfélög í landinu, sem geta snarað út 25% verðsins, eða nær 2 millj. kr., og er ekki kunnugt um neitt bæjarfélag, sem er ákveðið í því að taka skipin með þessum kjörum. Það hafa borizt allmargar umsóknir um togarana, en þær eru allar með fyrirvara. Þær sýna mikinn áhuga í þessum efnum, og eru flestar þessara umsókna frá bæjar- og sveitarfélögum. Ég hef því borið fram þessar till. til að tryggja, að kaupendur fáist að togurunum. Út frá því, sem ég hef sagt, þá skýrir fyrri till. sig sjálf. Um síðari till., er fjallar um það, að vextir skuli verða 2,5%, er það að segja, að verði hún samþ., þá lætur nærri, að upphæð vaxtanna verði sú sama og fyrir gengislækkunina. Ég held, að slík kjör séu nauðsyn-

leg, eftir að verð skipanna til kaupenda hefur hækkað um helming, og þykir mér rétt, að ríkissjóður taki á sig þennan bagga. Hér hefur verið lögð fram brtt. frá hæstv. fjmrh., sem er á þá leið, að forgangsréttur bæjarfélaga til kaupanna er afnuminn, en ákveðið, að heimilt sé að lána allt að 75% af andvirðinu til kaupenda, einnig til einstaklinga. Ég er því andvígur, að forgangsrétturinn falli niður, því að hann er eina tryggingin fyrir því, að togararnir verði reknir, en ekki stöðvaðir allt í einu eða seldir burtu. Um hitt er ekki nema gott að segja, að ríkið skuli treysta sér til að lána einstaklingum líka, en hjá þessu verður ekki komizt. Það er staðreynd, að Reykjavíkurbær hefur sett það skilyrði fyrir umsókn sinni, að skilmálarnir fyrir forgangsréttinum, að togararnir verði keyptir til eigin rekstrar, falli niður, og ég tel rétt að koma í veg fyrir, að nota megi slíkt sem átyllu til að falla frá kaupunum, og ber því fram till. um að fella þetta skilyrði niður, þó að ég sé annars með því.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 668) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er ósamþykkur því, að 2. gr. verði samþ. óbreytt eins og hún er nú í frv. á þskj. 346, og er ég þar á gagnstæðri skoðun við hv. 1. landsk. þm. Ef gefa á bæjarfélögum forréttindi, þá er nauðsynlegt að tryggja, að togararnir verði gerðir þaðan út, þó að bæjarfélögin geri þá ekki sjálf út. Reykjavíkurbær getur ef til vill tryggt, að svo sé um þá togara, sem hann fær, og er því ekki rétt að binda í l., að hann verði sjálfur að gera skipin út.

Út af brtt. hæstv. fjmrh. vil ég segja það, að mér finnst dálítið undarlegt, að hann skuli setja 75% takmark, því að ég held, að tekið hafi verið allt að 75% enskt lán á skipin, eða 125 þús. sterlingspund á hvert skip, og telst mér svo til, að það muni vera um 73,5%. Ég veit, að í auglýsingunni um skipin er sagt, að þeim fylgi enskt lán, sem nemi a. m. k. 70% kaupverðsins, og þar er gert ráð fyrir því, að 10% verðsins verði greitt við undirskrift kaupsamningsins og 20% við afhendingu skipanna. Ríkið tekur því 5% af því, sem þar er á milli, og finnst mér það harla undarlegt. Það er útilokað að greiða minna en 10% við undirskrift samninganna, en það er um 800 þús. kr. En mér finnst vel koma til mála að gera eitthvað fyrir hvaða kaupanda sem er við þau 20%, sem greiða skal við afhendingu, að sú upphæð verði ekki greidd út, heldur gefin full trygging fyrir henni. Upphæð þessi nemur um 1,6 millj. kr. og auk þess leggst á kostnaður við veiðarfæri og að sækja skipið, og ég tel, að það sé þetta, sem ræða þarf um hér. Hins vegar er svo enska lánið afborgunarlaust næstu 5 árin og síðan eru jafnir vextir og afborganir, þar til lánið er fullgreitt. Gegn þessu stendur svo 1. veðréttur í skipunum, og fylgir skuldin til kaupendanna. Það, sem þarf að gera, er að brúa djúpið milli 10% og enska lánsins, sem hvílir á skipinu. Í sambandi við aðra erfiðleika, svo sem vátryggingu, þá er sanngjarnt að veita aðstoð frá því opinbera, hver sem á í hlut, því að 4—5% af 8 millj. kr., ef kaskotryggt er, er svo mikil upphæð, að fáir hefðu efni á því. Það væri því eðlilegast að tryggja á kasko-interessu á gamla genginu. Og mætti gera það, ef það væri gert með afskiptum hins opinbera, og hygg ég, að hæstv. ríkisstj. muni athuga þetta.

Hv. 1. landsk. sagði, að engum hefði dottið í hug að kaupa skipin, ef þeir hefðu vitað, að þau mundu verða svona dýr. Hvaðan hefur hv. þm. það, að engum hefði dottið í hug að kaupa skipin? Ég get fullvissað hv. þm. um það, að allir þeir aðilar, sem lögðu inn umsókn um skipin, vissu, að þau áttu að kosta þetta í erlendri mynt. Þegar samið var um skipin, lá fyrir, hver verðhækkunin yrði, og hún nam 10%. Það er ekki verðhækkun, þó að keypt séu stærri skip, en verðhækkunin frá fyrri togurunum nam aðeins 10%. Þegar fyrst var samið, gerði ríkisstj. kaup á skipunum, en ekki ýmsum tækjum, sem til þeirra þarf, svo sem radar-miðunarstöð, dýptarmæli o. fl. Verðið hækkaði aðeins um 8000 £, en síðar varð verðhækkun, sem stafaði af stækkun skipanna og radar-miðunartækjum, lýsisbræðslutækjum, kælitækjum o. fl. Óskað var, að þetta yrði tekið inn í samningana, og samið var á sama grundvelli og 1945. Þá var gert ráð fyrir að stækka skipin úr 175 fetum í 183 fet og að grunnverðið yrði 133 þús. £ vegna hækkunar, sem orðið hefði. Síðar var ákveðið að semja sérstaklega um kælitæki, lifrarbræðslu og fiskimjölsverksmiðju, og hleypti þetta verðinu fram. Það hafði ekki verið gert ráð fyrir, að ríkisstj. semdi um þetta, en það var álitið nauðsynlegt, til að þetta yrði eins í öllum skipunum og hægt yrði að fá hagkvæmari samninga, og hækkaði verðið því í um 170 þús. £. Hækkun af beinum verðhækkunum á vinnu og efni er því um 13 þús. £, en hitt stafar af nýjum hlutum, svo að þeim, sem pöntuðu skipin, var þetta fullljóst, og var þetta gert í samráði við þá, en þeir vissu eðlilega ekki um gengisbreytinguna, en ég held, að þetta sé betra fyrir þá heldur en að gera út skipin undir skökku gengi, og eina ráðið til að reka þau er að skrá gengið réttara.

Hv. 1. landsk. sagðist vera á móti afnámi forréttindanna, því að þau væru til að tryggja, að skipin yrðu keypt og gerð út. Ég skil þetta ekki. Ég skil ekki, að það, að öllum sé gert jafnt undir höfði og enginn óréttmæt beittur í því sambandi, hafi slíkt í för með sér, og virðist slíkt vera alger hugsunarvilla. Það er erfitt að gera skip út núna vegna markaðsvandræða, en með því að skipin eru með fiskimjölsverksmiðju, sem að vísu hækkar verð skipanna um 12 þús. £, en hefur um leið í för með sér, að miklu líklegra er, að skipin geti borið sig, þar sem möguleikar eru til að fá 1200—1500 þús. kr. auknar tekjur á ári með núverandi verðlagi og 500—600 þús. kr., ef reiknað er með fiskimjölsverði á s. l. ári, er ég ekki í vafa um, að útgerðarmenn vilja heldur fá þessi skip, jafnvel þó að þeir verði að selja eitthvað af eldri nýsköpunartogurunum, því að þessi útbúnaður getur bjargað útgerðinni; ef ekki þýðir að sigla á markaði, þá mætti salta fiskinn í skipunum og taka allan úrganginn í mjöl, hirða bara bezta fiskinn og setja

afganginn í mjöl, og mundi slíkt mjög tryggja afkomuna.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 346, n. 593, 601, 667, 668).

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við ýmis ummæli, sem hér hafa fallið í umr. Ég hjó eftir því hjá hv. þm. Barð., að hann sagði eitthvað á þá leið, að enska lánið, sem samið hefur verið um og nemur um 1250 þúsund sterlingspundum, mundi langt til nægja fyrir 75% af andvirði skipanna. Nú hefur verið fullyrt, að hver togari kosti um 8 milljónir króna, og skilst mér þá, að þessi útreikningur hv. þm. Barð. fái ekki staðizt og prósenttala sú, sem hann nefndi, of lág, enda mun verð togaranna hafa hækkað frá því, er samningarnir voru gerðir.

Hér er komin fram brtt. frá hæstv. fjmrh. um það að fella niður forgangsrétt bæjar- og sveitarfélaga að togurunum, og verð ég að segja það, að mig furðar á því, að þessi till. skuli fram komin, eins og nú er ástatt í landinu, hafandi það í fersku minni, að t. d. á Patreksfirði voru til skamms tíma tveir togarar, en nú er annar sokkinn, en hinn seldur, svo að fótunum hefur alveg verið kippt undan atvinnulífi bæjarbúa. Þá má minna á það, að frá Ísafirði hafa 4 stór skip verið flutt í burtu og bæjarbúar sviptir mikilli atvinnu. Forgangsákvæðin, sem voru í frv., voru einmitt miðuð við það að koma í veg fyrir þetta, að með einhliða ákvörðunum sé hægt að svipta bæjarfélögin atvinnutækjum og gera bæjarbúa atvinnulausa. Mig furðar því á brtt. hæstv. fjmrh., og er ég henni algerlega andvígur. Ég get og ekki annað séð en að erfiðleikar bæjarfélaganna séu nægilega miklir, þó að forkaupsréttur þeirra sé ekki felldur niður. Hvað vextina snertir, þá virðist það óeðlilegt, að ríkissjóður taki á sig vaxtagreiðslur í þessu sambandi, en málið er ekki svo einfalt. Í gengislækkunarlögunum er sem sagt gert ráð fyrir því, að togararnir eigi að greiða framleiðslugjald, og með tilliti til þess verður að telja eðlilegt að lækka nokkuð til með vaxtagreiðslur þessara skipa. Ég mun því greiða atkv. með till. um, að þessir vextir lækki, og á móti till. hæstv. fjmrh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 593 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 667 (ný 2. gr.) samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, ÞÞ, BBen, GJ, HermJ, KK, LJóh, BSt.

nei: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.

EE, PZ, RÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiríkur Einarsson: Ég vil láta þess getið, að ég ætla ekki að greiða atkv. með neinu, sem lýtur að þessari gr.

Páll Zóphóníasson: Ég hef alltaf skoðað þessa togarasmíð sem glapræði, og ég skoða það enn sem glapræði að kaupa þessa togara og tek því ekki þátt í atkvgr. um þetta mál.

Brtt. 601 og 668 þar með fallnar.

3.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 685, 686).

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég hef borið fram aftur tvær brtt. við 2. gr. frv., á þskj. 686. Þetta eru sömu till. og ég bar fram við 2. umr., aðeins breytt orðalagi í samræmi við þá breyt., er orðið hefur. Þessar till. komu ekki til atkv. við 2. umr., því að till. hæstv. fjmrh. voru samþ. Hins vegar er efni þeirra í fullu gildi, og þess vegna hef ég borið þær aftur fram. Hv. dm. mun þá gefast kostur að taka afstöðu til þeirra. Ég hef mælt fyrir till. við 2. umr. og þarf ekki að endurtaka það.

Forseti (BSt): Brtt. á þskj. 686 hafa ekki beinlínis verið felldar, og mun því mega bera þær upp.

ATKVGR.

Brtt. 686,1 felld með 8:5 atkv.

— 686,2 felld með 7:6 atkv.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 746).

---

26. Sementsverksmiðja.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju [15. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Atvmrh. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki að fara mörgum orðum um þetta frv., því að það mun vera flestum alþm. kunnugt. Ég vil þó geta þess, að er lögin um

sementsverksmiðju voru samþ. á Alþ. 1948, þá lá fyrir bráðabirgðaathugun og þó allýtarleg, byggð á rannsókn á hráefnum til sementsframleiðslu, og kostnaðar- og rekstraráætlun fyrir sementsverksmiðju á Vestfjörðum, þar sem aðgengilegast þótti að afla nauðsynlegra hráefna. Ég taldi þá rétt, eftir að málið hafði verið afgreitt frá þinginu, að láta fara fram frekari athugun, og fékk til enskan sérfræðing, og kynnti hann sér málið, bæði þau gögn, er fyrir lágu, og eins staðsetningu og hráefni. Kom í ljós við þær athuganir, að allmikið skorti á, að málið væri svo undirbúið, að ráðlegt þætti að leggja þegar út í framkvæmdir. Og hvað kostnaðarhliðina snerti taldi hann, að hinn áætlaði 15 millj. kr. kostnaður yrði nær 20 milljónum, og tók hann þó ekki með í reikninginn innflutningstolla og kostnað vegna lóðakaupa fyrir verksmiðjuna. Til þess að ljúka þessari rannsókn að fullu skipaði atvmrn. sérstaka nefnd á s. l. vetri. Vann n. af kappi að þessum rannsóknum og skilaði áliti á s. l. vori. Er það mjög ýtarlegt og virðast niðurstöður n. hafa staðizt enn frekari athuganir, en þær hafa gengið í gegnum hendur firmans F. L. Smidth & Co. í Kaupmannahöfn og engu skeikað, svo að segja. N. tókst með því að gera ýtarlegar tilraunir að finna allmiklar sandbirgðir við Faxaflóa, sem ekki gefa eftir hráefnunum fyrir vestan, og einkum er sandurinn í flóanum skammt frá Akranesi kalkríkari en þar er, eða yfir 90%. Málið er nú þannig gerbreytt orðið, og vonir virðast nú fyrst standa til, að um framleiðslu á þessari vöru verðum við samkeppnisfærir við erlenda framleiðslu. Áætlaður framleiðslukostnaður á tonn er þannig 116 kr. nú á aðalsölustöðum í stað 179—182 kr. á tonn, eins og áður var reiknað með. Þetta munar geysilega miklu og gerir þann gæfumun, að varan verður samkeppnisfær. — Þá tókst n. og að finna þau hráefni, sem vantað hafði áður, þ. e. a. s. kísilsýrunámu, skammt frá Akranesi landi Litla-Sands. Úr þessum hráefnum hefur nú verið gert sement, og segir F. L. Smidth & Co. svo um það, að það sé „første klasse Portlandcement udelukkende af de forhåndenværende materialer i Island". Samkvæmt áætlun þessa firma yrði sementið svo ódýrt, að erlent sement gæti ekki keppt við það.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer fram á þá eina breyt. á l., að heimild sé veitt til lántöku fyrir 30 millj. kr. í stað 15 millj. N. áætlar verksmiðjuna á Akranesi 26 millj., en sams konar verksmiðja á Vestfjörðum mundi kosta um 30—40 millj. kr. En frá því n. skilaði áliti, hefur orðið nokkur hækkun á efni, einkum vélum, vegna gengisfalls sterlingspundsins, þar sem efni í þær sumar þarf að fá frá dollarasvæðinu, og mun sú hækkun nema um 0,9%. Þá kemur líparítnámið til með að kosta um 0,7 millj. kr., eða útbúnaður við það. Stofnkostnaður vegna flutninga, sem gert er ráð fyrir, að fram fari, er áætlaður 0,6 millj. kr., en með því er reiknað, að um helmingur sementsins verði geymdur hér við sjó í Rvík og fluttur á lausum prömmum frá Akranesi og dælt úr þeim í geymslurnar. — Þá bætist enn við kostnaðaráætlun n. kostnaður við uppsetningu straumbreyta og leiðslukerfis, um 0,4 millj. kr. Að þessu viðbættu hækkar áætlunin úr 26 millj. í 28,6 millj. kr., og enn eru líkur til, að hún kynni að hækka nokkuð. Er hér því farið fram á heimild til lántöku að upphæð 30 millj. kr. En það er nú ekki sopið kálið, þótt í ausuna sé komið. Eftir er að afla þess fjár, er til þarf, en mér skilst, að hér sé um svo arðvænlegt og heilbrigt fyrirtæki að ræða, að það ætti að takast að afla fjár og koma verksmiðjunni upp. Og engum blandast hugur um, að hún ætti að geta gert ómetanlegt gagn.

Ég vil að lokum geta þess, að eftir að rannsóknum þeim var lokið, er ég hef nú frá sagt, skipaði atvmrn. nefnd til að gera till. um staðsetningu, þá Jón E. Vestdal verkfræðing, Helga Þorsteinsson framkvæmdastjóra, Sigurð Símonarson múrarameistara og Einar Erlendsson arkitekt, og varð n. sammála um að leggja til, að verksmiðjunni yrði valinn staður á Akranesi.

Mun ég ekki lengja þetta mál frekar, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til iðnn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Þetta frv. og grg., sem því fylgir, bendir óneitanlega til þess, hversu varhugavert það er oft að reiða sig á útreikninga sérfræðinga, sem lagðir eru fyrir þingið og það á að fara eftir. Það er ekki lengra síðan en á s. l. þingi, að lögin um sementsverksmiðju voru staðfest og talið var, að nægja mundu 15 millj. til framkvæmda. Þá var gert ráð fyrir, að verksmiðjan risi á Vestfjörðum, en mér skilst, að væri hún reist þar nú, þyrfti til hennar enn meira lánsfé en hér er farið fram á heimild til. Mér virðist því full ástæða til að beina því til þeirrar hv. n., sem um málið á að fjalla, að hún afgreiði það ekki fyrr en að vel athuguðu því máli, hvort áætlunin muni að fullu standast, að svo miklu leyti sem mögulegt er að skera úr um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 703).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa ræðu um þetta mál, því að það liggur ljóst fyrir. Hér er um að ræða breyt. á hinum eldri l., sem er ekki önnur en sú að samræma ábyrgðarheimildina í l. því kostnaðarverði, sem við seinni tíma rannsóknir hefur verið komizt að niðurstöðu um, að nauðsyn krefði, og sömuleiðis vegna þeirra breyt., sem orðið hafa sökum gengisbreyt. í vetur. — Þegar frv. var lagt fyrir Alþ. í vetur, þá var það sýnt, að hækka þyrfti ábyrgðarheimildina í 30 millj. kr. En breyt., sem hefur orðið við gengisbreyt., er sú, að nú þarf að hækka ábyrgðarheimildina upp í 46 millj. kr. Það er ýtarlegur útreikningur á þessu í bréfi frá sementsverksmiðjustjórninni, sem form. hennar sendi og prentað er hér með sem fskj., og tel ég ekki ástæðu til að fara út í það, því að það liggur fyrir hverjum hv. þm. til yfirlestrar og

athugunar. En niðurstaða þess sýnir, að eins og nú standa sakir, er hér eftir niðurstöðum rannsókna um mjög gott fyrirtæki að ræða, bæði gjaldeyrislega og fjárhagslega séð, og er fyllsta nauðsyn á að hefjast handa um það eins fljótt og verða má að stofna til þessa stórrekstrar, sem hér er stefnt að. Og eftir rannsóknum, sem fram hafa farið, sýnir sig, að þó að það yrði að taka allt andvirði verksmiðjunnar að láni, þá mundi hún borga sig gjaldeyrislega upp á fjórum til fimm árum.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að hv. þd. fallist á þessa breyt. á lögunum.

Emil Jónsson: Herra forseti. Við nm. í iðnn. vorum allir sammála í því, eftir atvikum, að mæla með því, að ábyrgðarheimildin í þessum l. yrði færð úr 15 millj. kr. í 46 millj. kr., eins og kemur fram í nál. okkar. Og hef ég þar reyndar engu við að bæta. Að vísu er það ærið stórt stökk að þurfa að hoppa með stofnkostnað verksmiðjunnar úr 15 millj. kr., sem lögfest var í fyrra, í 46 millj. kr. En verulegur hluti af þessari upphæð er þó af skiljanlegum ástæðum, þar sem það er ein af hinum blessunarríku afleiðingum gengisfellingarinnar, sem þar kemur til greina.

En það var ekki út af þessu, sem ég stóð hér upp, heldur öðru atriði í l., sem hér er verið að breyta. Er svo ákveðið, að ráðh. ákveður stað fyrir verksmiðjuna. Og eins og kunnugt er, þá hefur ráðh. fyrir ári síðan eða tæpu ári ákveðið verksmiðjunni stað á Akranesi. Innan iðnn. kom fram, þegar þetta mál var til umr. í n., að nokkur vafi væri á því, að þarna hefði verið um eins heppilegan stað að ræða og unnt hefði verið, og að æskilegast væri, að þetta mál yrði tekið upp á ný til athugunar. Við, sem vorum þessarar skoðunar, vorum þó ekki á því stigi málsins tilbúnir til að flytja um það brtt., en munum væntanlega gera það við 3. umr., en fylgja málinu eins og það kemur frá n., óbreyttu nú. En við erum sem sagt þeirrar skoðunar, að það væri ekki að ófyrirsynju, að það væri nokkru betur athugað, hvort þarna hefði virkilega tekizt að fá hinn bezta stað, sem völ er á fyrir verksmiðjuna. Ég vildi aðeins koma þessu fram við þessa umr., þó að brtt. verði ekki borin fram um þetta fyrr en við 3. umr.

Pétur Ottesen: Það hefur nú orðið ærið langur dráttur á afgreiðslu þessa máls, og má það merkilegt heita, þar sem öllum ber saman um það, að hér sé um mjög mikið og verulegt hagsmunamál að ræða, hagsmunamál, sem er svo stórfellt, eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um, þannig, að verð á sementi mundi geta lækkað allt að því um helming frá því, sem er, við það að komið yrði upp sementsverksmiðju hér á landi, miðað við þau miklu not, sem við þurfum að hafa af sementi. Og með væntanlega auknum framförum í þessu landi og þá um leið auknum notum á sementi getur það ekki orkað tvímælis, að slíkt fyrirtæki sem þetta sé mjög þarft og nauðsynlegt. — Ég geri ráð fyrir, að þetta frumvarp, þrátt fyrir það, að það hefur átt svona langa dvöl í n., verði nú afgr. frá þessu þingi og að það þurfi þess vegna af þeim ástæðum ekki að verða dráttur á því, að þessu fyrirtæki verði hrundið í framkvæmd. En það leiðir vissulega af sjálfu sér, að af þeim stóru framkvæmdum, sem nú er rætt um, bæði þegar um er að ræða auknar virkjanir hér og áburðarverksmiðju, þá er þetta, að byggja sementsverksmiðju, engan veginn óverulegasti þátturinn í þeim stóru fyrirtækjum, sem hér eru áætlanir um gerðar. Og þetta mál hefur, að því er ýmsir halda fram, þá sérstöðu, að þetta fyrirtæki mun eitt þessara fyrirtækja vera þess eðlis, að hægt muni vera að láta það standa undir sér þannig, að tekið sé lán til þess að öllu leyti, en slíkt á sér ekki stað um hin stóru fyrirtækin önnur, sem hér er um að ræða að hrinda í framkvæmd á næstunni.

Hv. þm. Hafnf. (EmJ) minntist á, að hann hygðist að bera fram brtt. við þetta frv., og að mér skildist í sambandi við staðarvalið fyrir verksmiðjuna, og þá er náttúrlega ekki tímabært að ræða um það við þessa umr., og læt ég það bíða, þar til þær brtt. liggja fyrir og ef þær gefa tilefni til umræðu af minni hálfu. En eftir því, sem hefur frétzt, að hv. þm. Hafnf. hafi farizt orð í n. um þetta, þá geri ég ráð fyrir, að full ástæða verði til, svo framarlega að nýtt ljós hafi ekki runnið upp fyrir honum síðar, að gera nokkrar aths. gagnvart honum í því máli. En það bíður að sjálfsögðu, þangað til slíkar brtt. liggja fyrir.

Ég vildi svo vænta þess — og beini því til hæstv. forseta, um þetta 15. mál þingsins í röðinni, sem lagt hefur nú verið fyrir hæstv. Alþ. á þskj. 16, en nál. um það er reyndar á þskj. 703, og með tilliti líka til nauðsynjarinnar á framgangi þessa máls, þá verði af hæstv. forseta greidd gata þessa máls þannig, að það geti orðið afgreitt frá þessari hv. d. í dag, því að ef þinginu á að ljúka um miðja næstu viku, mun ekki vera hægt að líta svo á, að það sé of mikill tími fyrir hv. Ed., þó að hún hefði þrjá daga virka til athugunar á þessu máli.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð til að bera af mér sakir, út af því, hve málið hefur legið lengi í n. Það var alls ekki af áhugaleysi eða skilningsleysi mínu sem flm. og sem nm., að málið lá svo lengi í n. Og ég hygg, að hið sama megi segja um aðra hv. þm., sem þetta kemur við. En að eðlilegum hætti þá biðum við með að afgreiða málið frá n., þangað til gengið hefði verið til fulls frá þeim stórkostlegu fjárhagsmálum, sem lágu hér fyrir þinginu og þurftu afgreiðslu, því að það var ekkert viðlit að afgreiða þetta mál, sem hér liggur fyrir, fyrr en séð væri, hver áhrif það hefði á kostnað við að stofnsetja sementsverksmiðjuna, hvernig fjármálin væru afgreidd. Þess vegna dróst að afgreiða málið frá n. En svo, eftir að sýnt var, hvernig fjármálunum var skipað, var ekki haldinn fundur í n. í tvo mánuði og n. gat ekki komið því við að afgreiða málið á þeim tíma.

ATKVGR.

Brtt. 703 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 752, 753).

Emil Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls lýsti ég því yfir fyrir hönd okkar tveggja nm. í iðnn., að við mundum flytja brtt. við frv. út af staðsetningu verksmiðjunnar, og höfum við nú gert það, og liggur brtt. fyrir á þskj. 753. Þessi brtt. er, eins og sjá má, þess efnis, að ekki verði tekin ákvörðun um staðsetningu verksmiðjunnar fyrr en allar fáanlegar upplýsingar liggja fyrir um, hvar hún sé bezt og heppilegast niður komin. Eins og hv. þm. er kunnugt, barst Alþingi bréf frá verkfræðingafélaginu 27. febr. s. l., og er í því lýst till., sem samþ. var á fundi félagsins skömmu áður. Þessi till. hefur gefið okkur tilefni til að gera till. um, að þær starfsaðferðir, sem notaðar hafa verið í málinu, verði teknar til athugunar og farið verði yfir þær forsendur, sem liggja til þess, að verksmiðjunni hefur verið valinn staður, og endurskoðun verði látin fara fram á þeirri ákvörðun.

Það hefur komið fram þrálátur orðrómur um, að ekki hafi verið vel vandað til undirbúnings í þessu máli, og hefur iðnn. fengið bréf um það efni frá Haraldi Ásgeirssyni verkfræðingi. Þetta bréf fer í sömu átt og tekur alldjúpt í árinni. Ég skal út af fyrir sig ekki fullyrða neitt um, hvort þessi orðrómur eða bréfið er á öruggum heimildum byggt, en þó segir mér hugur um, að ýmislegt sé vafasamt í sambandi við þessa afgreiðslu n. Það verður líka að vera skilyrðislaus krafa, að þetta mál verði eins vel undirbúið og kostur er á, og um það fjallar till. okkar á þskj. 753. Við teljum ekki tímabært að ákveða verksmiðjunni stað, fyrr en öllum undirbúningi er lokið og gengið hefur verið úr skugga um, hvar ódýrast og bezt verði að framleiða þessa nauðsynjavöru. Staðsetningin hefur líka mikið að segja í sambandi við alla flutninga, þar sem um er að ræða þungavöru, sem mikill kostnaður er að flytja langar leiðir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil leyfa mér að vænta, að þm. fallist á till. okkar og komi með því í veg fyrir, að hrapað verði að þessu máli, enda er málið of þýðingarmikið til að taka ákvörðun um það á einum degi.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég átti raunar von á þessari brtt. frá nokkrum hluta iðnn., enda þótt ég telji hana að ófyrirsynju fram borna. Þm. Hafnf. (EmJ) lét hér orð falla á þá leið, að þetta mál væri ekki eins rækilega undirbúið og skyldi. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þetta sé misskilningur hjá þessum hv. þm., því að allar rannsóknir um þetta efni hafa verið gerðar eins ýtarlega og frekast var kostur, og til sönnunar því vil ég geta þess, að allt hið kemiska og allar áætlanir í sambandi við undirbúning þessa máls hafa verið yfirfarnar af hinu þekkta verkfræðingafirma F. L. Smidth. Þetta fyrirtæki hefur útibú bæði í London og Bandaríkjunum og er þegar orðið heimsfrægt, enda hefur það á að skipa færustu sérfræðingum í hverri grein. Verkfræðingar þessa firma hafa farið yfir þessar áætlanir og útreikninga lið fyrir lið og ekki haggað punkti eða kommu, og meira að segja eru tilboðin frá þeim öllu lægri en íslenzku verkfræðingarnir hafa reiknað út. Þessi undirbúningur er líka enn ýtarlegri fyrir það, að verkfræðinganefndin, sem hafði undirbúninginn með höndum, klofnaði um málið, þar sem einn verkfræðingurinn í n. taldi verksmiðjuna betur setta hér í Rvík. Af þessum ástæðum var farið aftur yfir allar áætlanir og hver liður rannsakaður út af fyrir sig og síðan borið saman, hvaða áhrif hver staðsetning hefði á reksturinn og framleiðsluverðið yfirleitt. Út af þessu var svo gefin mjög ýtarleg greinargerð 1949. Þessi grg. er of löng til að lesa hana hér, en þar er komizt að þeirri niðurstöðu, að framleiðslukostnaðurinn verði allmiklu meiri í Geldinganesi en á Akranesi. Hins vegar kæmi Örfirisey til greina, ef ekki væri búið að ráðstafa henni, til annars, en vegna þrengsla eru varla möguleikar á að reisa sementsverksmiðju þar við hliðina á því fyrirtæki, sem þar er nú. Umferðin er svo geysileg, að aðflutningar mundu án efa teppast. Auk þessa eru svo þær niðurstöður n., að framleiðsla verksmiðjunnar yrði ódýrari á Akranesi en í Geldinganesi. Eftir að þessi n., verkfræðinganefndin, hafði skilað áliti og ágreiningur komið upp í henni, þá taldi ég, sem þá átti sæti í ríkisstj. og fór með þessi mál, rétt, að fleiri menn athuguðu þetta en þangað til höfðu að málinu staðið. Var þá skipuð ný n., þar sem formaður verkfræðingan. átti sæti, en auk hans einn maður frá Akraneskaupstað og tveir menn með sérþekkingu, m. a. með hagsmuni Akraneskaupstaðar fyrir augum. Var einn þeirra Einar Erlendsson arkitekt, þaulkunnugur maður og gerfróður um þetta. Niðurstaða n. varð hin sama og meiri hluta verkfræðingan. Hv. þm. Hafnf. vildi gera broslegan hraðann á störfum n. þessarar og ræddi um grein í Tímanum, þar sem málið „harmoneraði" við það, er síðar kom fram í n. Það er ekki einkennilegt. Maðurinn, sem í Tímann skrifaði, er einn þeirra verkfræðinga, sem stóðu að undirbúningi athugananna og rannsóknunum og lögðu fram niðurstöður sínar. Nú eru allar upplýsingar þannig, þær sem nauðsynlegar eru til að ákveða málið, að þær ganga í sömu átt, svo að eigi er kraftaverk, þó að n. gæti skilað áliti á skömmum tíma, þar sem fyrir lágu athuganir. Þarf því ekki að vera varhugavert, þótt fljótt hafi verið starfað og komizt hafi verið að sömu niðurstöðu og menn þeir, sem áður höfðu starfað.

Þá minntist hv. þm. á samþykkt, sem gerð hafi verið á fundi í Verkfræðingafélagi Íslands. Það er rétt, þessi yfirlýsing liggur fyrir. En varðandi það, hvernig þessi samþykkt er til komin, þá er þar um að segja, að sami verkfræðingur og var í minni hluta vildi eigi láta hlut sinn að óreyndu máli og reyndi að afla skoðun sinni og niðurstöðum fylgis í félaginu. Í þessu félagi eru um 130 verkfræðingar. Málið var rætt á einum fundi frá báðum hliðum, þar sem m. a. formaður verksmiðjustjórnarinnar lagði fram sjónarmið hennar. Það var eigi höfð

atkvgr. á fundinum. Það var ákveðið að boða til fundar síðar, og var það gert. Þann dag var slæmt veður, og menn virtust ekki vera áhugasamir um málið. Af 130 mönnum voru 25 á fundinum, og meðal þeirra 25 voru sennilega sérstakir fylgismenn Haralds Ásgeirssonar, sem vann að samþykktinni. Með 12 atkv. af 25 var svo þessi ályktun samþ., um nauðsynina á endurskoðun staðsetningar verksmiðjunnar, svo að ég tel hana eigi neinn guðsdóm í þessu efni. Þannig liggur í málinu, þótt ég telji það aldrei munu verða of vel rannsakað. Ég vil taka það fram, að rannsóknin var svo ýtarleg, að þeirra hluta vegna var engin nauðsyn á því að taka staðsetningarmálið upp.

Auk þess, sem fyrir liggur í áliti sérfróðra manna, vil ég taka fram sem skoðun mína, að þótt í ljós kæmi, að einhverju muni, sem sé Reykjavík frekar í hag, þá lít ég á það sem enga blessun að hrúga saman meiri háttar fyrirtækjum þjóðarinnar á einn og sama blett í stað þess að dreifa atvinnustarfsemi þjóðarinnar nokkuð út um landið og stofna blómlegt atvinnulíf á fleiri stöðum en einum. Ég held yfirleitt, að það sé skoðun, sem fjöldi stjórnmálamanna um allan heim hafa. Mér hefur verið sagt, að eftir stríðið sé sú skoðun rík í Englandi að dreifa athafnasvæðum þjóðarinnar meira um landið, og einnig er mér sagt, að í Svíþjóð gildi um það sérstök l. eða ákvæði, að þegar nýjar meiri háttar verksmiðjur séu reistar, þá sé þröngt á um leyfi fyrir þær að fá staðsetningu í hinum stærri borgum landsins, heldur sé alveg ákveðin kerfisbundin starfsemi um að dreifa fyrirtækjunum um landið allt eftir því, sem staðhættir leyfa, aðeins af þjóðfélagslegum ástæðum, en eigi vegna þess, að vera kunni ódýrara að hafa þau á sama blettinum en dreifa þeim um landið. Vil ég benda á þetta til viðbótar við þau rök, er áður hafa komið fram, og verð ég að halda fast við það, að nægilega staðgóð rannsókn hafi farið fram á þessu atriði.

Emil Jónsson: Herra forseti. Ég þóttist taka það skýrt fram í fyrstu ræðu minni, að ég legði engan dóm á það, hvort staðsetning n. hefði heppnazt vel eða ekki, hvort réttara sé að hafa verksmiðjuna á Akranesi en annars staðar, en lagði áherzlu á, að þeir möguleikar um staðarval, sem til greina gætu komið, yrðu athugaðir eigi síður en hinir. Frá verkfræðingafélaginu hefur komið athugasemd, sem segir, að grg. sú, sem fyrir liggi um staðsetningu verksmiðjunnar, sé ófullnægjandi. Var þetta samþ., og í skýringum, sem n. hefur fengið frá verkfræðingi þeim, sem hv. þm. Mýr. minntist á, segir svo: „..... verð ég að ályktа það, að hin fyrirhugaða sementsverksmiðja hafi verið staðsett á Akranesi á röngum forsendum.“ Þetta vildi ég láta athuga. Sú n., sem hv. þm. Mýr. skipaði sem atvmrh. á sinni tíð, hefur greinilega ekki varið tíma sínum til þess að athuga þetta. Ég hef það fyrir satt, að þeir staðir, sem til mála geta komið, hafi ekki verið athugaðir. Hv. þm. sagði, að þetta hefði verið athugað svo gaumgæfilega, að betur væri ekki hægt að gera og vísaði til þess, að firmað F. L. Smidth & Co. hafi farið yfir áætlanirnar og engar aths. gert. Hefur þetta firma mælt með staðsetningunni? *(BÁ:* Það sagði ég ekki.) Já, ég tók eftir því. Væri úr vegi, að firmað væri látið segja skoðun sína? Ætti að láta það kveða upp rökstuddan dóm. Væri úr vegi, að þetta firma væri til kvatt til að láta í ljós álit sitt um, hvar verksmiðjunni sé valinn beztur staður? Það mundi geta athugað málið frá þeim sjónarmiðum, sem tekin hafa verið, og öðrum eigi, úr því að allar athuganir liggja fyrir.

Um hitt atriðið, að eigi sé heppilegt að hafa verksmiðjuna hér í höfuðstaðnum, get ég verið sammála hv. þm. Þar geta ýmsar ástæður legið til. En ef verksmiðjurekstur inn á Akranesi á að hafa einhverja yfirburði fram yfir rekstur annars staðar á landinu, þá vil ég, að um það sé hugsað, áður en út í slíkan rekstur er farið, sem mundi skapa ákveðnar fjárhagsbyrðar fyrir bæjarfélagið. Vil ég fá að vita, hversu þær verða miklar og hvort tilvinnandi sé að taka þær á sig vegna rekstrar verksmiðjunnar. Ég sé ekki, að tillagan, eins og hún liggur fyrir, þurfi á neinn hátt að skerða málið. Væri auðvelt að fá umsögn verkfræðingafélagsins. Segjum, að því séu ætlaðir 1—2 mánuðir til að athuga málið. Gæti það fengið sér sérfræðilega aðstoð og verið búið að ganga frá málinu áður en til framkvæmda kæmi. Það liggja engar tölur fyrir um þetta, og er ófyrirgefanlegt — mér liggur við að segja það — að hafa eigi athugað alla möguleika, áður en í þetta stórvirki er ráðizt. Vissulega er það mikið hagsmunaatriði fyrir alla þjóðina, að eigi sé aukið á framleiðslukostnaðinn vegna staðsetningarinnar, sem hefði a. m. k. getað komið til mála, að yrði á annan hátt en ákveðið var. Ég er ekki að ásaka hv. þm. Mýr. eða neinn, sem starfað hefur að málinu. Þeir hafa sjálfsagt gert það, sem í þeirra valdi hefur staðið, en það er komin fram gagnrýni, og um er að ræða, hvort hún sé á rökum reist eða ekki.

Pétur Ottesen: Það er ekki nýtt fyrirbrigði, sem hér kemur fram og hv. þm. Hafnf. hefur sérstaklega gerzt forgöngumaður fyrir, að halda uppi endalausum athugunum og rannsóknum í stað þess, að hafizt sé handa um framkvæmdir. Þó vil ég segja, að fyrr hafa farið fram mjög gaumgæfilegar athuganir og undirbúningur þess, er hér er um að ræða. Það er búið að gera mjög miklar athuganir um, hvar heppilegast sé að reisa verksmiðjuna hér á landi. Fyrstu athuganir beindust í þá átt, að heppilegast væri að reisa sementsverksmiðju á Vestfjörðum, og var það vegna þess, að þar væri hagkvæmast að ná í hráefni þau, sem þarf til að vinna úr sement. Vegna þeirra rannsókna voru fyrstu l. um sementsverksmiðju sett. Þó er því þar eigi slegið föstu, að verksmiðjan verði reist á ákveðnum stað. Við nánari athuganir kom í ljós, að aðrir staðir mundu hagkvæmari til þessara hluta, bæði um öflun hráefnis, og eigi síður var álitið, að verksmiðjunni yrði fenginn staður, þar sem hún liggur vel við samgöngum og dreifingu framleiðslunnar um landið. Þessar rannsóknir hafa farið fram, eins og hv. þm. Mýr. hefur skýrt hér frá, og liggja skjallega fyrir, svo að hver maður getur fengið að kynna sér þær. Þær

hafa leitt í ljós, að upprunalegar till. í þessu voru ekki heppilegar, og niðurstöður bæði um efnisöflun og dreifingu sementsins hafa leitt í ljós, að hagkvæmara er eins og hér er lagt til. En svo sýnist þetta liggja fyrir sem eigi þurfi frekari rannsókna með um þetta. Ég vil benda á, að niðurstöður hafa leitt í ljós, að varðandi skeljasandsöflun hér í flóanum er staðarvalið hið heppilegasta, sem hægt var að gera. Nú þegar hefur verið byrjað að kanna sandlög í flóanum. Hafa tvær ferðir verið farnar í því augnamiði, og sýnir sú könnun, að menn hafa eigi gert sér rangar hugmyndir um gæði skeljasandsins. Verður rannsóknum um þetta haldið áfram til að kanna víðari svið. Þetta er aðalefnið, sem þarf til sementsframleiðslu. Annað efnið er svo allmikið af basaltsandi. Þessi sandur er mjög mikill í höfninni á Akranesi, við veggina á væntanlegri verksmiðju. Þriðja efnið er kísilsandur. En annað efni í stað þess er líparít. Það hefur fundizt í Hvalfirði eða skammt frá þessum stað. Gengið hefur verið úr skugga um við rannsóknir, að þetta allt saman er raunverulegt, hvað efnið snertir, magn og öflun, og sú efnagreining, er farið hefur fram með tilliti til notkunar. Hér verður þess vegna að álíta, að mál þetta hafi verið fullkomlega undirbúið, og eftir er þá að athuga aðstöðuna við að reisa verksmiðjuna. Þetta hefur verið athugað um Akranes, þar sem verksmiðjunni hefur verið ákveðinn staður, og einnig sá staður við Reykjavík, sem álitinn var, að til greina gæti komið. En eins og hv. þm. Mýr. benti á, hefur hinum ákjósanlegasta stað þegar verið ráðstafað til annarra framkvæmda. Er og aðstaðan á Akranesi hagkvæmari en hún hefði verið í Geldinganesi. Ég geri ráð fyrir því, þó að athuganir fari fram suður í Hafnarfirði, — og þangað má rekja orsakirnar til þess, að hv. þm. Hafnf. er að gera aths. við frv., — að þá mundi sú athugun eigi leiða til hagkvæmari niðurstöðu eða breytinga á þeim ákvörðunum, sem hafa verið teknar. Það er vitað, að innan hafnarsvæðisins í Hafnarfirði hefur landinu verið ráðstafað. Ef verksmiðjan yrði sett þar, mundi þurfa að gera mikil mannvirki í sambandi við verksmiðjuna, að því leyti, sem dreifing sementsins færi þar fram á landi. Ég býst við, að e. t. v. séu þau rök ríkari fyrir brtt., — þótt ég sé ekki að gera neinum getsakir og ég þekki hv. þm. Hafnf. að því að vera raunhæfan mann, — að honum hafi verið legið á hálsi við bæjarstjórnarkosningar og e. t. v. alþingiskosningar líka, að hann hafi eigi verið nógu kröfuharður í því, að Hafnarfjörður kæmi til greina sem aðsetur sementsverksmiðju. Ég veit, að það er ástæða til þess, en ég get eigi varizt því að halda, að hann af dómgreind sinni og verkfræðiviti hafi komizt að annarri niðurstöðu. — Ég skal svo geta þess út af staðsetningu verksmiðjunnar á Akranesi og skuldbindingum, að þar er til ákveðinn staður undir hana. Á bærinn helming af lóðinni undir hana og geymslur undir sement og önnur efni. Það, sem á vantar, er í eigu einstakra manna, og bærinn er þegar búinn að festa kaup á því landi, sem nauðsynlegt er undir verksmiðjuna. Nemur upphæðin, sem þarf fyrir lóðina, 238000 kr. Á henni er aðeins eitt fjós, sem eigandinn metur á 15 þús. kr. Gerir hann þá kröfu, að sér verði greidd sú upphæð fyrir að rífa fjósið og flytja það burt. Bæjarstjórn Akraness leit svo á, að henni bæri skylda til að inna þetta af hendi vegna samninga í sambandi við staðsetningu verksmiðjunnar. Auk þessa er eitthvað fleira, sem verið er að semja um og raunar er gert til samræmis við skipulagsuppdráttinn um hagnýtingu þessara lóða. Þessu er þá svo háttað, að Akranesbær hefur gert það, sem í hlut hans hefur komið, lagt lóð til mannvirkisins, sem þegar er tiltæk nú til byggingar á henni. Með tilliti til hagnaðarvonarinnar af þessu í sambandi við hitt, ef flytja þarf sement frá útlöndum, má gera ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. láti eigi dragast úr hömlu að grípa hvert tækifæri, sem er fyrir hendi, til að hrinda þessu nauðsynlega fyrirtæki í framkvæmd. Enn fremur hafa verið gerðar ráðstafanir til hagnýtingar á vatni, er þarf til verksmiðjunnar. Stendur fyrir dyrum að víkka aðfærslupípur að kaupstaðnum, og verður sjálfsagt vikið að því bráðlega. Mun það mál eigi standa í vegi fyrir því, að verksmiðjan verði reist og fái vatn. Er áætlað, að þetta verði látið þannig af mörkum, að vatnið sé tekið hjá hraðfrystihúsinu og dælt inn í verksmiðjuna. Á það að vera nægilegt. Verði búið að stækka vatnsveitukerfið, eins og vel má vera, þá verður undinn bugur að því, að það komi þessum rekstri að gagni, því að þá getur verksmiðjan fengið vatn beint úr vatnsæðakerfi kaupstaðarins. Ég vil aðeins benda á það, að það hefur allur undirbúningur farið fram á Akranesi í sambandi við þessa staðarákvörðun. Og ég sé ekki, að þetta mál standi þannig, að ástæða sé til þess af Alþ. að fara að gera að engu ákvarðanir ríkisstj. í þessum efnum, þar sem engar líkur eru til þess, að frekari rannsókn í þessu máli mundi breyta neitt staðarákvörðuninni. Og ég geri ekki ráð fyrir því, að sú rannsókn leiddi í ljós, að tiltækilegt þætti nú, frekar en áður, að setja verksmiðjuna niður í Reykjavík eða suður í Hafnarfirði. Hitt eru miklu raunhæfari vinnubrögð í þessu mikla nauðsynjamáli, að láta sitja við það, sem orðið er, og hefjast handa um að hrinda verkinu í framkvæmd, á grundvelli þeirrar rannsóknar, sem fyrir liggur. Hv. þm. Hafnf. hefur í sambandi við till. sína um frekari rannsókn málsins borið fyrir sig samþykkt, sem gerð var í verkfræðingafélaginu, en eins og hv. þm. Mýr. sagði, þá er sú samþykkt fram komin fyrir agitation í því félagi af hálfu þess manns, sem upphaflega vildi staðsetja verksmiðjuna á Vestfjörðum, og það þótt síðari niðurstöður hafi sýnt, að það hefði orðið hið mesta óhappaverk, bæði í sambandi við efnisútvegun þar og ekki síður í sambandi við flutninga á sementinu frá Vestfjörðum. Það er ekki mjög langt síðan þessi samþykkt var gerð og löngu eftir að þær niðurstöður voru fengnar, sem leiddu til þess, að staðurinn var ákveðinn á Akranesi. Ef verkfræðingafélagið hefði séð einhverja sérstaka meiningu í þessu frá öðrum sjónarmiðum séð, þá má gera ráð fyrir, svo framarlega sem þar eru vakandi menn, að þeir hefðu hafizt handa um þetta miklu fyrr. Árangurinn af þessari agitation varð líka sá, þrátt fyrir það, að í því

félagi eru 130 menn, og þrátt fyrir það, að tveir fundir voru um þetta mál haldnir, þá tókst ekki að fá á þann fund, sem ályktunina gerði, nema tæplega ⅙ hluta félagsmanna og það þótt vitað væri, að ályktunina ætti að gera á fundinum. Og af þessum ⅙ hluta félagsmanna, sem á fundinum mættu, tókst ekki að fá fullan helming til að greiða atkv. með ályktuninni, sem hv. þm. hefur notað hér sem grundvöll undir þessa brtt. Tólf menn greiddu atkv. með henni, en nokkrir á móti, og aðrir sátu hjá. Þetta er ákaflega veikur grundvöllur til að nota hann sem ástæðu fyrir brtt. hv. þm. Hafnf., og þetta er hrein og bein yfirskotsástæða og það því fremur, sem vitað er, að þetta var ekki til orðið af áhuga fyrir velferð málsins, heldur fyrir agitation af hálfu þess manns, sem varð undir í viðskiptunum í sambandi við staðarákvörðun verksmiðjunnar og hafði upphaflega viljað láta setja hana niður á Vestfjörðum. Ég held þess vegna, að Alþ., sem hefur falið ríkisstj. þetta mál og þar á meðal, að fengnum upplýsingum, að ákveða verksmiðjunni stað, geti ekki talið sér sæmandi að gera að engu ákvarðanir ríkisstj. og þá sérstaklega, þegar ekki liggja sterkari rök fyrir því en hér hefur verið sýnt fram á og þar sem líka málið er tekið upp nú fyrst og fremst fyrir gagnrýni, sem hv. þm. Hafnf. kann að hafa orðið fyrir við tvennar nýafstaðnar kosningar, hvað það snertir, að hann hafi ekki haldið Hafnarfirði fram í þessu efni, og svo fyrir agitation minni hl. í verkfræðingafélaginu, en ávöxtur hennar er svo þessi fárra manna ályktun, sem hér á að nota fyrir grundvöll undir þetta. Ég verð þess vegna að vænta þess, að Alþ. láti við svo búið standa í þessu máli og fari nú ekki að tefja framgang þess með því að fela verkfræðingafélaginu, sem hefur sýnt svona ákaflega litinn áhuga fyrir þessu máli, eins og þessi ályktun bezt sýnir og sannar, frekari rannsókn í málinu en hér er orðin, en slá þá á frest frekari aðgerðum í málinu. Ályktunin var samþ. með 12 atkv. gegn 9, og ættu þá þessir þrír menn að skapa þann sterka grundvöll til þess að fara að hefta eða a. m. k. tefja framgang þessa máls og koma þar á nokkrum glundroða og slíta þar með þann framkvæmdaþráð, sem hafinn er til uppbyggingar þessarar verksmiðju. Ég álít mjög misráðið af Alþ. að gera slíkt, og vil ég mjög mæla því gegn, að menn séu þannig að leika sér með jafnstórt velferðarmál og þetta mál áreiðanlega er.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það hefur náttúrlega enga þýðingu að vera að þrátta um þetta fram og til baka. Ég hef borið fram mínar aths. í upphafi míns máls, og þær hafa ekki verið hraktar af hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. Það, sem kom mér sérstaklega til að standa upp, var það, sem hv. þm. sagði um þær hvatir, sem lægju til grundvallar fyrir brtt. minni, en þær hvatir eru allt aðrar en hann vill vera láta. Ég hef átt sæti í iðnn. og fylgzt með þessu máli í fleiri ár. Það er rétt, að málið hefur tekið mjög miklum breyt. síðan. Það hefur alltaf verið að breytast og meðal annars vegna þess, að það hafa komið fram nýjar upplýsingar svo að segja árlega, sem breytt hafa afstöðu manna til málsins. Og hvað því viðvíkur, að nú sé svo vel í pottinn búið, að engra umbóta sé frekar þörf, þá vil ég leyfa mér að draga það í efa. Án þess að ég sé að draga úr gildi þess starfs, sem þeir menn, sem nú hafa haft með málið að gera, hafa innt af hendi, þá tel ég, að þeir menn séu vandfundnir, sem ekki megi bæta um störf hjá, og eins gæti verið í þessu tilfelli. Hv. þm. Borgf. lauk máli sínu með því að segja, að hann vildi eindregið mæla á móti því, að menn léku sér með svona stórt mál. Ég er honum alveg sammála um það. Fyrir mér er þetta ekki leikur, heldur vil ég fá úr því skorið, hvort til sé nokkur önnur lausn málsins en sú, sem nú hefur verið slegið fastri í bili, en hefur þó sætt harðri gagnrýni, og hvort ekki væri til einhver lagfæring á henni og hvort ekki yrði fundinn betri staður en ákveðinn hefur verið í þessu skyni. Hv. þm. Borgf. minntist á Hafnarfjörð í þessu sambandi og taldi ástæðuna fyrir því, að ég hefði tekið málið upp, vera þá, að ég hefði orðið fyrir gagnrýni fyrir að sinna þessu máli ekki meira. Ég hef vissulega mikinn áhuga fyrir því, að Hafnarfjörður komi til álita í þessu máli, eins og við önnur mál, en ég hef ekki meiri áhuga fyrir því en það, að ég vil láta setja verksmiðjuna þar, sem haganlegast reynist að hafa hana, framleiðslukostnaðurinn getur orðið lægstur og flutningskostnaður minnstur, hráefnaöflun er bezt og framleiðslukostnaðurinn í heild getur verið hvað beztur. Það breytir engu í því máli, að ég hef þá skoðun, að ýmislegt af þeim ágætum, sem hv. þm. taldi upp vegna Akraness, eins og skeljasandsöflun og basaltsöflun, geti orðið eins hagkvæmt eða hagkvæmara annars staðar en á Akranesi. Það er mín persónulega skoðun, en ég ætla ekki að fara út í það að ræða það hér, en vil eingöngu leggja á það áherzlu, að málið verði betur rannsakað.

Vegna umr. um fundarsókn verkfræðingafélagsins skal ég aðeins segja það, að við vitum allir, að það er ekki á hverjum degi, að allir félagsmenn mæti á fundum í félögum sínum, en það má teljast mjög sæmileg fundarsókn, að 25 mæti af 130 félagsmönnum, og þannig var það í þessu tilfelli. Bæði ég og aðrir, sem höfðu ekki tækifæri til að mæta þar, hefðu gjarnan viljað vera þar, og engin agitation fór fram í mín eyru. Við umr. í félaginu voru skoðanir manna æði skiptar, eins og fram kom við afgreiðslu málsins. Rúmur helmingur fundarmanna taldi, að þetta bæri að athuga betur, en tæplega helmingur taldi, að allt væri í því lagi, sem það þyrfti að vera, og vildi engu breyta. Ég veit, að í þessu félagi eru málin mjög sæmilega rædd málefnalega, og ég veit, að það hefur vakað fyrir mönnum þar að reyna að fá þá skynsamlegustu niðurstöðu, sem hægt var að fá frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Og ég verð að segja það, að það ætti nú, með hliðsjón af öllu því, sem hv. þm. Borgf. sérstaklega hefur talið hér upp um yfirburði Akraness í sambandi við sementsverksmiðjuna, ekki að valda honum óróa, þó að málið yrði tekið upp til nánari athugunar og einhver frekari samanburður yrði gerður, svo mikla kosti virðist Akranes hafa umfram aðra staði, að hans dómi. Ég hef sem sagt engu við þetta að bæta, og ég hef túlkað það, sem í brtt.

felst. Það vakir einungis fyrir mér, að fram fari eins fullkomin athugun og hægt er, og ég tel næstum að segja óforsvaranlegt, að málið verði ekki athugað á ný, áður en endanlega verður frá því gengið, eftir þá gagnrýni, sem fram hefur komið frá aðilum, sem hafa kynnt sér málið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þætti vænt um að fá upplýst hér, hvort búið er að festa kaup á vélum til sementsverksmiðjunnar og hvort það muni vera von á þeim nú í ár eða á næsta ári. Hafi þetta verið upplýst í umr. áður, en ég ekki tekið eftir því, þá bið ég afsökunar á því, en ég vildi mjög gjarnan fá upplýst, hve langt þessum málum er nú komið. Ég vil enn fremur, vegna ummæla hv. þm. Mýr. um það, að eitt af eðlilegum rökum fyrir því að staðsetja svona verksmiðju á Akranesi væri, að dreifa þyrfti atvinnutækjunum meira um landið, vekja athygli á því, að ýmis sjónarmið koma þar til greina. Það er alveg rétt, að brýn nauðsyn er á þessu, en ég held það sé ákaflega nauðsynlegt að hugsa slíka dreifingu nokkuð út frá því, hvers konar tæki er hagkvæmast að setja á hvern stað fyrir sig. Ég álít, að á Akranesi væri eðlilegast að bæta við fleiri tækjum til útgerðar, t. d. togurum, og ég veit, að það bæjarfélag hefur haft áhuga fyrir því. Það er vitanlegt, að fyrir Alþ. hefur legið till. um að breyta þannig l. um togarakaup ríkisins, að reyna að gera bæjarfélögum úti um landið mögulegt að fá þessi tæki. Nú hefur þessu verið breytt aftur að tilhlutan eins ráðh. Framsfl., svo að ég býst við, að það sé ákaflega erfitt, eins og þau l. voru afgr., að koma þessum tækjum út um landið. Þó var þarna ákaflega eðlileg aðferð til þess að dreifa meira fjármagninu og skapa undirstöðu undir atvinnuvegina. Hvað sementsverksmiðjuna snertir, þá hygg ég það vera litlum vafa bundið, að not fyrir hennar framleiðslu verða hlutfallslega ákaflega mikil í Reykjavík og nágrenni hennar og á Suðurlandsundirlendinu, ekki aðeins vegna húsabygginga og annars slíks, heldur einnig vegna þeirra miklu virkjana, sem við göngum út frá að eigi að verða á næsta áratug á stórám hér sunnanlands, og ýmislegs fleira slíks, sem fyrirhugað hefur verið og nota þarf til sement í stórum stíl. Og þegar nota þarf svona mikið sement í þéttbýlasta hluta landsins, þá er ákaflega eðlilegt, að slík verksmiðja sé sett niður á sem hagkvæmastan stað í sambandi við þá sementsnotkun. Ég held það hafi komið greinilega fram í minni afstöðu, að ég hef ekki tilhneigingu til að halda í því sambandi fram rétti Reykjavíkur heldur en annarra staða, og ég hef viljað stuðla að því, að meira færi út um landið. En ég álít rétt að beita þeirri aðferð, að þeim greinum framleiðslunnar verði dreift út um landið, sem bezt er og hagkvæmast fyrir þjóðarheildina að koma þannig fyrir. Ég held þess vegna, að það þurfi að athuga málið mjög vel, áður en farið verði að setja sementsverksmiðjuna annars staðar niður en í Reykjavík. Það eru tvö ár frá því að frv. um sementsverksmiðju var afgr., svo að það hefði átt að vera nægur tími til að rannsaka alla þessa aðstöðu til hlítar. Í þessu sambandi vildi ég líka benda á það, að þó að menn hafi undanfarið álitið, að atvinna væri svo mikil hér í Reykjavík, þar sem hún hefur haldizt lengur hér en víða úti um landið, að þess vegna væri ekki rétt að ráðstafa framleiðslutækjum hér til viðbótar, þá vil ég benda á það, að eigi ekki að verða stórkostlegt atvinnuleysi hér í Reykjavík, þá er full þörf á að gera ráðstafanir til atvinnuaukningar hér. Og ef það á að verða sú breyting á atvinnulífi Reykjavíkur, sem þjóðinni er nauðsyn á, og ef draga á verulega úr því, sem nú sérstaklega einkennir Reykjavík, verzluninni og skriffinnskunni, og koma því fólki í hagnýtari störf, sem nú er að allt of miklum hluta í þessum greinum, og um leið að sjá svo um, að það geti búið hér áfram, þá veitir ekki af að skapa ný atvinnuskilyrði, ef ekki á að verða hér stórkostlegt og varanlegt atvinnuleysi.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil svara hv. síðasta ræðumanni því, að það er ekki ákveðið, að sementsverksmiðjan verði byggð á þessu ári, og það er meðal annars vegna þess, að vegna þeirra atburða, sem gerzt hafa frá því að l. voru sett, hefur til þessa ekki legið fyrir ábyrgðarheimild fyrir nægilega háu láni til verksmiðjunnar. Það er allra manna mál, sem um þetta hafa fjallað, að það sé sjálfsagður hlutur að byggja þessa verksmiðju, þó að taka þyrfti allt fé að láni til hennar, vegna þeirra gjaldeyrissparandi möguleika, sem hún veitir. Og ég veit, að hafizt verður handa um það, strax þegar búið er að ganga frá ábyrgðarheimildinni. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að við staðsetningu slíkra fyrirtækja þurfi að athuga, hvert er þeirra eðli og hvernig áhrif það hefur í þjóðfélaginu. Þetta hefur verið gert rækilega í sambandi við sementsverksmiðjuna, og niðurstaða þeirra manna, sem um þetta hafa fjallað, er sú, að með því að hafa sementsgeymslu hér í Reykjavík og flytja sementið laust frá verksmiðjunni og blása sementinu, sem færi til Reykjavíkur og nágrennis hennar og á Suðurlandsundirlendið, inn í slíka geymslu, þá væri hægt að framleiða sementið í heild, þó svo að flutningskostnaður kæmi til greina, ódýrar með því að staðsetja verksmiðjuna á Akranesi en í Reykjavík. En þetta er einmitt hugsað þannig, að sementið sé flutt laust frá verksmiðjunni til Reykjavíkur og í sementsgeymslu þar og dælt þar í geyma, með sáralitlum tilkostnaði. Ég skal geta þess í sambandi við það, sem rætt hefur verið um aðstöðuna á Akranesi að öðru leyti, að eins og allir vita, þá eru þær hráefnanámur, sem fundizt hafa hér í flóanum, nær Akranesi en öðrum stöðum. Akranes er eini staðurinn, þar sem rafmagn er til til framleiðslunnar, þótt byrjað verði á næsta ári. Aftur á móti er ákveðið að vinna að því, að áburðarverksmiðjan komi hér í nágrenni Reykjavíkur, og hún er svo raforkufrek, að það er nauðsynlegt að nota aðallega afgangsraforku, sem til fellur hér, til þeirrar framleiðslu, en að öðru leyti mun sú orka, sem með þarf, fást við næstu virkjun Sogsins. Ég get getið þess, að Hafnarfjörður kom til athugunar í sambandi við staðsetningu sementsverksmiðjunnar, en aðeins lega hans frá Sviðinu er það verri og siglingin lengri og dýrari en frá Akranesi, að það hafði mikið að segja.

Botnlag flóans hefur nú verið kannað með nýjum vélum, fengnum frá Svíþjóð. Það voru gefnar upplýsingar um, að við mundum geta notað þennan sand og dælt honum upp, ef botnlagið væri ½ metri. Nú hefur þetta verið rannsakað, botninn skoðaður og botnlagið hefur reynzt 2½ metri af fínasta kalksandi. Ég vil aðeins benda á þetta af því, að það eru alveg nýjar upplýsingar.

Ég verð að segja það, eins og hv. þm. Borgf. sagði, að mér finnst hv. þm. Hafnf. gera of mikið úr ályktun verkfræðingafélagsins, eins og til hennar var stofnað. Það orkar alltaf tvímælis um undirbúning allra mannvirkja, og ekki sízt svona stórra, og jafnvel þótt verkfræðingafélagið athugi þetta, þá er hætt við, að þeirra niðurstöður orkuðu tvímælis, og þá þyrfti að láta aðra rannsaka það. Það hefur ekki sérstaklega verið borið undir atkv. þeirra, en þeir hafa fylgzt með þessu máli frá byrjun.

Einar Olgeirsson: Það er eitt atriði, er ég vildi beina til hv. þm. Mýr. (BÁ). Hann sagði, að eigi væri unnt að ráðast í kaup á vélum eða annað slíkt vegna þess, að ábyrgðarheimild hafi eigi verið fyrir hendi nægilega há. Hv. þm. var landbrh. í þeirri stj., er sat, þegar l. 1948 voru samþ. Ábyrgðarheimildin hefur alltaf verið of lág, miðað við dollar. Hún hefur verið 15 millj. kr., á nú að verða 30 millj. kr., sem samsvarar breytingunni á dollar frá ágústmánuði og þar til nú. Stj. hefur haft jafnháa heimild, en gleymt dollaragenginu. Það hlýtur því að vera hitt, að hún hefur ekki fengið heimild til að kaupa dollara áður en gengisfellingin átti sér stað *(BÁ:* Þetta er misskilningur.)

ATKVGR.

Brtt. 753 felld með 17:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, ÓB, GÞG, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, SB.

nei: ÁB, BÁ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SkG, StSt, StgrSt.

BÓ, JóhH, KS, ÓTh greiddu ekki atkv.

1 þm. (SÁ) fjarstaddur.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Ingólfur Jónsson: Ég veit ekki, hvort valinn hefur verið hinn bezti hugsanlegi staður. En af því, að ég tel til tafar orðið að þrástagast um, hvar reisa eigi verksmiðjuna, og vegna þess, að ég tel, að ætla megi, að unað verði við þann, er verkfræðinganefndin hefur ákveðið, þá segi ég nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Það er erfitt að vera á móti till. þess efnis, að dómbærir menn verði látnir dæma um heppilegan stað. Ég hef þó tilhneigingu til að álíta, að þref muni hamla framkvæmdum, og ég mundi harma það, ef samþykkt till. yrði til að tefja framgang frv., sem ég legg áherzlu á, að náist. Ég ætla því ekki að greiða atkv. um till., en ég geri ráð fyrir, að þeir, sem með málið fara, afli sér nærtækra upplýsinga, áður en ákveðið er um staðinn. Ég hygg, að tími gefist til þess, enda er lánsfé eigi fyrir hendi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 107. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að mælast til, að þetta frv. nái hér fram að ganga. Það hefur þegar verið samþ. í hv. Nd. Efni þess er það, að framlag til sementsverksmiðjunnar hækki úr 15 millj. kr. í 46 millj. kr. Ég skal viðurkenna, að ég tel, að enn sé ekki lokið þeim undirbúningi, sem fram þarf að fara, áður en ákvörðun er tekin um málið. En hér er líka aðeins um heimild að ræða, og ég þykist geta heitið því, að ef Alþingi veitir þessa heimild, þá sæti málið eðlilegri rannsókn, áður en ákvörðun er tekin um notkun heimildarinnar og framkvæmdir hafnar. Ég vil vekja athygli á því, ef menn vilja láta málið ná fram að ganga, að þá verði ekki gerðar neinar breytingar á því hér í hv. deild. Ég skal einnig viðurkenna, að eðlilegt væri, að málið færi til n. og þá til hv. iðnn., en það væri mun betra fyrir framgang málsins, að hv. þm. gætu samþykkt það án þess að það gengi til nefndar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef nú haldið, að þetta mál ætti ekki að ná fram að ganga, því að því var útbýtt í nóvember. En nú hefur það skyndilega verið tekið fyrir og er komið hingað frá Nd. einn síðasta daginn, sem þing starfar.

Ég vildi nú spyrja hæstv. ráðh., hvort það bæri að skilja ummæli hans svo, að ekki yrði tekin ákvörðun um stað fyrir verksmiðjuna fyrr en Alþingi hefði fengið að athuga það mál. Þegar það mál var rætt, mælti ég gegn því, að verksmiðjunni yrði valinn staður á Önundarfirði, og var mér ámælt fyrir að sækja það mál fast. Það hefur nú sýnt sig við rannsókn, að sá staður er óhæfur, en ég tel Akranes enn óhæfari stað og mun ekki geta fylgt þessu máli, nema yfirlýsing verði gefin um það, að staðurinn fyrir verksmiðjuna verði ekki ákveðinn fyrr en Alþingi er búið að fjalla um málið. Ég ætla mér ekki að fara að halda uppi málþófi um þetta mál, og ef fyrrnefnd yfirlýsing verður gefin af hæstv. ráðh., mun ég ekki fara fram á, að málið fari nú til nefndar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vildi nú mælast til þess, að málið fengi að fara til 2. umr. án þess að það færi til n. Skal ég vera reiðubúinn við 2. eða 3. umr. að svara fyrirspurn hv. þm. Barð., um, hvort ekkert verður gert, sem bindur staðsetningu verksmiðjunnar við Akranes, áður en þing kemur saman í haust. En ef hv. þm. telja yfirlýsingar

mínar ekki nægilega skýrar, þá geta þeir auðvitað krafizt þess, að n. fjalli um málið. En slíkt gæti haft í för með sér, að málinu yrði stefnt í tvísýnu, vegna þess, hve skammur tími er til stefnu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls fór hv. þm. Barð. fram á það, að ég gæfi um það yfirlýsingu, að ekkert yrði ákveðið um staðsetningu þessarar verksmiðju öðruvísi en að Alþ. fengi nýtt tækifæri til þess að fjalla um málið. — Ég hef ekki getað haft nægilegt samband við þá menn, sem ég vildi ræða um þetta við, áður en ég gæti gefið svona yfirlýsingu, og get ég þess vegna ekki gefið hana og sætti mig þá að sjálfsögðu við, að málinu verði vísað til n., ef fyrir því er deildarvilji. — Annað hef ég svo ekki um það að segja.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. atvmrh. sagði, að ég óskaði eftir því, að þessi yfirlýsing yrði gefin. Skal ég í stuttu máli gera grein fyrir, hvers vegna. Eins og ég minntist á hér áðan, háði ég harða baráttu fyrir því, þegar lögin um sementsverksmiðju voru til meðferðar á Alþ. sem frv. og það samþ., að út úr frv. yrði tekin staðsetning verksmiðjunnar, og færði ég þá fyrir því þau rök, að ekki hefði farið fram nægileg rannsókn á því máli. Það varð til þess, að þessu atriði var haldið alveg opnu. Þáverandi atvmrh. lét síðan fara fram rannsókn málsins mjög gaumgæfilega. Og við þá rannsókn kom í ljós, að sá staður, sem talað hafði verið um og stóð eitt sinn til að setja verksmiðjuna á, var með tilliti til hráefnis þannig, að ekki þótti rétt að setja verksmiðjuna þar, og þessi staður var Önundarfjörður. Það hefði verið ákaflega mikið glapræði, ef verksmiðja þessi, sem nú er talið, að muni kosta um 46 millj. kr., hefði verið sett niður á stað, sem ekki væri hentugasti staðurinn til þess. Ef sementsverksmiðjan hefði verið eða væri sett niður í Önundarfirði, þá hefði þurft að flytja hráefni til hennar frá Faxaflóa eða Patreksfirði til Önundarfjarðar. — Nú er mér einnig kunnugt um, um þá rannsókn, sem fram hefur farið í þessu efni í sambandi við Faxaflóa, að menn eru ekki sammála um hana eða þann stað, sem helzt hefur verið talað um að hafa sementsverksmiðjuna á. Mér er ákaflega vel kunnugt um örðugleika, sem hljóta að vera því samfara að sækja hráefni til verksmiðjunnar niður á þrítugt dýpi í hvaða veðri sem er og jafnvel í beztu veðrum, og þá borun, sem á að gera hér í Faxaflóa, er ekki hægt að framkvæma einu sinni í því góðviðri, sem nú er, sem sýnir örðugleikana á hráefnisnámi í botni Flóans. Sannleikurinn er sá, að ýmsir staðir á landinu, svo sem Rangársandur og Landeyjasandur, hafa alls ekki verið rannsakaðir með tilliti til hráefnisöflunar til sementsverksmiðju. Það er fjöldi staða á landinu, þar sem engin rannsókn hefur farið fram um það, hvort þeir séu hæfilegri eða hentugri í þessu efni en þessi, þar sem helzt er fyrirhugað að sækja hráefnið út á djúpið. Rannsókn hefur farið fram á Patreksfirði, sem sýnir, að betri aðstaða er þar að ýmsu leyti um hráefnisvinnslu í þessu sambandi en annars staðar, og hjá Brjánslæk er lýst yfir af viðkomandi aðilum að sé langbezta hráefnið til þessa, sem rannsakað hefur verið hér á landi. Það er sagt um hráefnið í Patreksfirði, að ekki sé hægt að nota það vegna þess, að innsiglingin þar sé ekki nógu góð, en það er mælt af vanþekkingu. En ég mæli með hvorugum þessara staða. Hitt er óráðlegt, ef á að staðsetja verksmiðju slíka sem þessa, sem gert er ráð fyrir, að muni kosta 46 millj. kr., og ef reynslan sýnir svo, að það verður að flytja til hennar efni, sem er tekið langt burtu frá þeim stað, þar sem verksmiðjan er byggð. Og viðkomandi Akranesi hefur ekkert verið sett fram pósitívt annað, sem mæli með þeim stað fyrir sementsverksmiðju, heldur en það, að þar sé til nóg rafmagn.

Ég treysti hins vegar hæstv. atvmrh. til þess að sjá um, að staðsetning verksmiðjunnar verði ekki ákveðin á óheppilegum stað og ekki fyrr en rannsókn hefur farið fram, og í trausti þess skal ég falla frá því í kvöld, að málið fari til n. Ég veit, að það fylgir því svo mikil ábyrgð að staðsetja verksmiðjuna, að mér er óhætt að treysta hæstv. atvmrh. til þess, að hann láti ekkert annað sjónarmið ráða í því sambandi en það, sem verksmiðjurekstrinum verði fyrir beztu og árangrinum af byggingu verksmiðjunnar fyrir þjóðina.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Barð. fyrir hans ummæli og vildi vona, að hann yrði ekki fyrir vonbrigðum af því trausti, sem hann ber til mín í þessu máli. Ég treysti mér ekki nú til að gefa neinar skuldbindandi yfirlýsingar um málið, en það liggur í hlutarins eðli, að sá, sem á að bera ábyrgð á slíku máli, hlýtur að hafa ríka hvöt til þess að hafa fyrir sér gögn og skilríki, sem a. m. k. nægja honum sjálfum til þess að mynda sér skoðun um það, hvar slík verksmiðja skuli staðsett, ef til framkvæmda á að koma. Málið liggur að sönnu þannig fyrir, að hæstv. fyrrv. atvmrh. hafði ákveðið verksmiðjunni stað, en hér er um að ræða heimild til þessarar stóru lántöku, og ef mínar athuganir á málinu beindu til þeirrar niðurstöðu, að það staðarval, sem fram hefur farið, væri ekki rétt, þá mundi ég nú ekki nota mér heimildina til lántökunnar né hrinda verkinu í framkvæmd að svo komnu máli, því að ég tel ekki, að það væri verjanlegt í slíku stórmáli. Hitt veit ég, að mönnum mun ekki þykja nema eðlilegt, að ég mundi ekki að nauðsynjalausu vilja rifta því, sem hv. fyrirrennari minn hefur gert í málinu sem atvmrh. viðkomandi þessari staðsetningu, og ég treysti mér ekki til að gefa bindandi yfirlýsingar um það. Í öðru lagi er hér um heimildarlög

að ræða. Í þriðja lagi er það, að ég teldi mér ekki fært að nota þá heimild, sem í l. er, og hrinda verkinu í framkvæmd, nema að hafa myndað sjálfum mér hugmynd eða skoðanir um það, að staðsetning verksmiðjunnar væri rétt ákveðin, eins og annar undirbúningur málsins. Svo loks bæti ég því við, að að nauðsynjalausu vildi ég ekki þurfa að rifta því, sem fyrirrennari minn hefur gert í málinu. En nauðsyn brýtur lög, svo í þessu máli sem öðrum, og ef athugun, sem fyrir lægi, benti til annars staðarvals frekar en fram hefur komið enn, mundi ég fresta málinu, þannig að þingið gæti fjallað um það að nýju.

Ég tel mig svo ekki þurfa að segja um það meira, en vildi gjarna vona, að málið næði fram að ganga.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það hefur nú alltaf verið stórmál, lagasetningin um byggingu innlendrar sementsverksmiðju. En það er samt alltaf að stækka. Síðast var í lagasetningu gert ráð fyrir því, að mannvirki þetta mundi kosta um 15 millj. kr. Nú er talið, að það muni ekki kosta undir 46 millj. kr., og er sú breyt. ein af hinum blessunarríku áhrifum gengislækkunar krónunnar. Það byrjuðu fleiri frv., sem við fjölluðum um í dag, á svipuðum tölubreytingum. Við vorum áðan að tala um frv. um framkvæmdir í sambandi við raforkuvirkjun Laxár, og það hefst eitthvað á þessa leið: „Í stað allt að 22 millj. kr. komi: 38 millj. kr.“ Og skýringin á því er hin sama og á hækkuninni í sambandi við kostnað við að reisa sementsverksmiðju. Þetta er vegna áhrifa gengislækkunarlaganna.

Ég tek undir það, sem hv. þm. Barð. sagði hér áðan um hringlið með staðarákvörðun fyrir verksmiðjuna. Þegar við fjölluðum um þetta frv. á sínum tíma og frv. lá hér fyrir, þar sem m. a. var ákveðinn tiltekinn staður fyrir verksmiðjuna, þ. e. við Önundarfjörð, þá lágu fyrir með frv. umsagnir allmargra sérfræðinga, sem um málið höfðu fjallað í undirbúningi þess, og töldu þeir, að niðurstöður athugananna bentu til þess, að Flateyri við Önundarfjörð væri bezti staðurinn fyrir verksmiðjuna. Þá hafði farið fram rannsókn á skeljasandi við Brjánslæk og í Patreksfirði, en sérfræðingarnir töldu Önundarfjörð öruggari stað fyrir verksmiðjuna af ýmsum ástæðum, m. a. af því, að hafnarskilyrði væru þar betri. Svo er sú staðarákvörðun tekin úr frv. einnig hér í hv. Ed. og rannsóknunum haldið áfram, og þá komast sérfræðingarnir að þeirri niðurstöðu, að það séu betri skilyrði fyrir þessa verksmiðju á Akranesi. Þá höfðu fundizt leirlög þar, og komið með það í viðbót, að skeljasandur sé hér í botni Faxaflóa, og síðan er vísindalega komizt að þeirri niðurstöðu, að þá sé bezt, að verksmiðjan sé staðsett á Akranesi. En löngu eftir að þessi staðarákvörðun er gerð, er upplýst, að ekki sé búið að rannsaka, hve mikið magn sé af leir þarna á Akranesi. Og fyrst löngu eftir, að ákveðinn hefur verið þar staðurinn fyrir verksmiðjuna, er farið að kynna sér, hve mikið sandmagn sé þarna við Faxaflóa, og kemur þá í ljós, að þrátt fyrir stillur og góðviðri eins og nú er ekki hægt að framkvæma rannsókn á skeljasandsmagninu í Faxaflóa, nema endrum og eins. — Mér virðist þess vegna ekki vera hægt að neita því, að trúnaðarmenn hæstv. ríkisstj., fyrr og síðar, virðast hafa verið nokkuð fljótir til með að taka ákvarðanir um að ráðleggja ríkisstjórnum, hverri á fætur annarri, hvar beri að setja sementsverksmiðjuna niður, að lítt rannsökuðu máli, því að það hlýtur að vera mikils virði fyrir málið, hvort hráefni, sem vinna á úr og framleiðsla verksmiðjunnar byggist á, sé fyrir hendi í það miklu magni, að það tryggi fyrirtækinu nokkra framtíð. En staðurinn fyrir verksmiðjuna er nú ákveðinn í annað sinn, án þess að neitt liggi fyrir um það, hve mikið af skeljasandi er fyrir hendi og hve mikið af leir, sem þarf til þess að tryggja kísil fyrir verksmiðjuna, en þær rannsóknir eiga að fara fram eftir á, og umr. um þetta mál, sem mun kosta ekki undir 46 millj. kr., á svo að hespa af á síðustu stundum þingsins, án þess að málið eigi að fá að vera athugað í n. — Nú má e. t. v. segja, að það megi treysta ábyrgðartilfinningu þess hæstv. ráðh., sem á að fara með þetta mál, og kannske er ástæðulaust að vantreysta honum í því efni, allra helzt þar sem þess mun freistað að flytja verksmiðjuna til Reykjavíkur. (*Atvmrh.:* Því ekki til Keflavíkur?) Mér er sagt, að hjá sumum sé Hafnarfjörður í sigtinu með að fá verksmiðjuna þangað og e. t. v. Keflavík. Og hver veit, nema það finnist leir hér suður með sjó, áður en næsta þing kemur saman, og þá væri líklega talinn upplagður staður fyrir verksmiðjuna þarna við landshöfnina?

Þegar þm. er bent á að byggja á ábyrgðartilfinningu hæstv. ráðh., þá kemur mér í hug sú ábyrgðartilfinning, sem þessi hæstv. atvmrh. sýndi, þegar hann upp á eigið eindæmi gaf útflutningsleyfi fyrir fjórum skipum, sem voru verulegur hluti af þeim atvinnutækjum, sem Ísfirðingar byggðu lífsafkomu sína á. Þar fannst mér honum fatast með ábyrgðartilfinninguna, og ég hygg, að varlega beri að treysta ábyrgðartilfinningu þessa hæstv. ráðh., þannig að málið eigi ekki aftur að koma til kasta Alþ. Ég mundi því heldur vilja styðja þá till. hv. þm. Barð., að málið fari til n., (*GJ:* Ég geri það ekki að till. minni.) svo að hæstv. atvmrh. gæti borið sig saman við sína meðráðh. Og ef hv. þm. Barð. heldur ekki við ósk sína um nefnd, þá held ég, að það sé rétt, að ég beri fram ósk um, að málið fari til n. til athugunar. Ef störfum þessarar hv. d. verður ekki lokið í kvöld, sýnist mér, að hægt muni vera að afgr. málið í n., til þess að n. fái upplýst, hvort hæstv. atvmrh. treystir sér til að gefa þá yfirlýsingu, sem rætt var um hér áðan. Og ákvörðun hans mundi ég fulltreysta, ef hann, eftir að hafa athugað málið, gæti gefið nefnd eða hv. þd. yfirlýsingu um, að endanlega yrði ekki ákveðinn staður fyrir verksmiðjuna, fyrr en fullnaðarrannsókn væri lokið og Alþ. gefinn kostur á að taka endanlega ákvörðun um staðsetninguna. Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að setja verksmiðjuna niður eftir sjónarmiðum hreppapólitíkur, heldur eigi það að gerast eftir vandlegri rannsókn á því, hvar séu að öllu samanlögðu bezt

framtíðarskilyrði fyrir fyrirtækið. Og ekkert annað sjónarmið á þar að ráða, því að annars væri verið að valda fyrirtækinu tjóni, sem alltaf mundi verða á kostnað alþjóðar. Og ég sé ekki heldur, hvað liggur á með það að ákveða endanlega stað fyrir verksmiðjuna, fyrr en öllum rannsóknum í sambandi við málið er lokið. Ef það t. d. kæmi í ljós við rannsókn á sandinum hér í Faxaflóa, að þetta væri ekki nema þunn skán, sem ekki væri byggjandi framtíð á fyrir verksmiðjuna, og e. t. v. væri það sama að segja um leirlögin á Akranesi, að þau væru kannske aðeins nokkurra ára forði, þá sé ég ekki annað en að burtu væri fallinn möguleikinn til að staðsetja verksmiðjuna þar og kannske líka við Faxaflóa, og þá sé e. t. v. betra að halda sig að sandlögunum á Vestfjörðum, sem eru þó á þurru landi, og yrði þá að sigla verksmiðjunni frá Faxaflóa aftur, ef búið væri að setja hana niður þar, en of seint væri séð, að hún væri þar óheppilega sett.

Ég skal ekki segja, hvort þær athugasemdir byggjast á rökum, sem margir sjómenn hafa hreyft, að það gæti orðið skaðlegt fyrir fiskaseiði og ungfiskinn á uppeldissvæðunum í Faxaflóa, ef farið væri með sandtöku að stofna til mikils umróts í sjávarbotninum þar. Slíkur sandur gæti setzt í tálkn fiskanna og drepið stofninn í stórum stíl og enn fremur gæti það rask, sem þarna yrði, eyðilagt hrygningarstöðvar; og ætti að leita um þetta atriði álits sérfræðinga ekki síður en um önnur atriði þessa máls, því að illa borgar sig að eyðileggja hrygningarstöðvarnar í Faxaflóa. Staðsetningin verður svo að fara eftir því, hvort fyrir hendi er nægilegt magn af sandi og kísilríkum leir, en hvorugt þetta er fullrannsakað, og verður þeirri rannsókn sennilega ekki lokið fyrr en næsta Alþingi kemur saman, og ætti hæstv. ráðh. að geta fallizt á að gefa þá yfirlýsingu, sem hv. þm. Barð. fór fram á. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við fram komna till. leyfa mér að láta í ljós, að ég tel það sama og að drepa málið að vísa því til n. Ef það gengi til iðnn., þar sem ég er form., þá mundi verða leitað allra gagna og rannsókn þeirra tæki langan tíma. Ég hef kynnt mér öll gögn málsins, lesið hverja skýrslu og hvert plagg og meira að segja langa greinargerð á ensku, sem út kom s. l. sumar. Ég þykist því vera málinu allvel kunnugur, og ef vísa á málinu til n. með það fyrir augum, að hún afgreiði það í nótt, þá er sú afgreiðsla einskis virði, því að málið þarf mjög rækilega athugun. Þetta mál er nú í harðri deilu í Verkfræðingafélagi Íslands, og hefur þar verið ráðizt hart á dr. Vestdal og margar niðurstöður hans hraktar. Ég endurtek það, að ég ber ótakmarkað traust til hæstv. atvmrh., svo að mér dettur ekki í hug, að þegar hann hefur athugað málið og á að bera ábyrgð á því, geri hann annað en hann telur að sé fyrir beztu, og get ég því fallizt á, að málið sé ekki stöðvað nú. En ef fyrir fram er búið að binda hendur hæstv. ráðh., t. d. með því að gera samning við Akranes um, að ríkið taki að sér stórfelldar hafnarframkvæmdir þar í sambandi við þetta mál, þá er ég á móti framgangi málsins, en ég trúi því ekki, að svo sé um hnútana búið. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. ríkisstj. og hv. d. á, að hér liggur fyrir skýrsla um kostnaðinn við dýpkunarskipið Gretti, og er hann nú um 3 millj. kr. á ári. Víst er, að Grettir er ekki nægilegur til að afla hráefnis í verksmiðjuna, en ef á nú að bæta þessum milljónum ofan á þann kostnað, sem yrði við það, að hráefnis væri aflað á föstu landi, þá er hér ekki um neinar smáfúlgur að ræða. Þar við bætist svo trygging á skipinu og prömmum þess, sem er um 60 þús. kr., og trygging á fólki 14 þús. kr. Drátturinn á skipinu er 135 þús. kr., svo að af þessu sést, hve gífurlegur kostnaðurinn verður, ef flytja á hráefnið frá sjó. Hann getur ekki orðið minni en 2—4 millj. kr. yfir árið. Þessi kostnaður er hjá dr. Vestdal áætlaður eftir dönskum tilboðum, sem eru byggð á því, að hægt sé að reka þetta sem áhald, en ekki sem far undir íslenzkum farmannalögum. Þess er t. d. krafizt, að á skipinu séu 14 menn, sem kosta á sjöunda hundrað þús. kr. á ári, og það verður engu skipi leyft að sækja sandinn út á fertugt dýpi, nema það sé undir sömu reglum. — Það má ekki bregðast, að bezti staðurinn sé valinn undir þessa verksmiðju, og ég treysti hæstv. atvmrh. til þess að láta frekari rannsókn fara fram um það atriði og binda ekki neitt strax. Því fell ég frá till. minni um n. og styð framgang málsins í trausti þess, að hæstv. atvmrh. geri það eitt í málinu, sem því er fyrir beztu.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Barð. (GJ) um það, að ef á að vísa frv. til n., þá er það sama og leggja það til hliðar á þessu þingi. Það sakar ef til vill ekki, en það var þó ætlun ríkisstj., að þessi lánsheimild fengist, en eins og ég sagði, sakar það kannske ekki, þótt frv. stöðvist, því að varla verður ráðizt í framkvæmdir á þessu sumri, en leiðinlegt er þó, ef frv. þarf að daga uppi. Það er tæpast hægt að vænta þess, að samkomulag yrði um það, þótt svo væri ákveðið, að Akranes yrði fellt út úr frv., og ég veit ekki, hvernig menn hugsa sér að koma því inn í frv., að tryggt sé, að Akranes verði ekki fyrir valinu. Mér er þetta mál ekki nægilega kunnugt nú, en ég þekkti það í upphafi og fylgdist nokkuð með því í tvö ár, því að ég lét gera þessa rannsókn fyrst, án þess að raddir um það kæmu frá þinginu. Rannsóknir voru gerðar með sandinn frá sunnanverðum Patreksfirði, og reyndist hann vel, en vissulega þarf að athuga þetta allt betur, en ég álít áhættulaust að samþykkja frv. nú, þar sem engar framkvæmdir verða í sumar og þar sem ríkisstj. mun ekki taka neinar ákvarðanir um stað handa verksmiðjunni fyrr en rannsökuð eru öll atriði, sem með þarf til þess að fá vissu um það, hvar verksmiðjunni er fundinn beztur staður. Margt kemur til greina í því sambandi annað en hráefnið, t. d. rafmagn og það, hversu auðvelt er að flytja framleiðsluna til þeirra

staða, þar sem á að nota hana. Þegar talað var um það, að sandurinn væri eingöngu til þarna vestra, þá var það skoðun eins verkfræðings, að rétt væri að hafa verksmiðjuna á öðrum stað, því að flutningur á sandinum væri ekki dýrari en svo, að betri rafmagnsskilyrði og flutningur á sementi gerði meira en jafna þetta upp. Að pumpa sandinum í skip og flytja hann hingað til Faxaflóa getur orðið ódýrara en flytja sementið vestan að til notkunarstaða. En aðalatriðið er þetta, að ég held, að það sé rangt af hv. d. að tefja málið með því að taka upp umr. um staðarákvarðanir, því að vitað er, að það eru uppi umr. um þetta atriði og nokkur ný hreyfing í þá átt að hugsa sig vel um, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en ég óska, að málið verði afgreitt án þess að því sé vísað til n. Þess er ekki þörf, og tel ég, að hv. þd. sé nokkuð öryggi í þeim vilja ríkisstj. að staðsetja verksmiðjuna ekki nema þar, sem hún verður heppilegast sett allra hluta vegna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði, að hæstv. ríkisstj. mundi ekki fara út í það að ákveða verksmiðjunni stað, nema allt, sem máli skipti, væri fullrannsakað. Í gildandi l. er ekkert ákveðið um staðinn, en það var lagt í vald hæstv. fyrrv. atvmrh. að ákveða hann, þegar niðurstöður rannsókna væru fengnar. Hann notaði þessa heimild og það áður en rannsóknum var lokið um hluti, sem miklu máli skipta, m. a. magn sands og kísilríks leirs. En áður var búið að ákveða verksmiðjunni stað á Flateyri. Það er því tvívegis búið að ákveða staðinn, áður en rannsóknum er lokið, og því er von, að þm. séu tortryggnir á það, að ríkisstj. taki ekki ákvörðun áður en endanleg rannsókn hefur fram farið. Í fylgiskjali með nál. hv. iðnn. Nd. stendur: „Vegna tilmæla formanns iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis eru nefndinni hér með sendar áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað fyrirhugaðrar sementsverksmiðju á Akranesi.“ Það er því búið að ákveða staðinn þar, og það stendur fast, nema hæstv. núv. atvmrh. rifti gerðum fyrirrennara síns, sem hann sagðist helzt vilja komast hjá.

Það er mælzt til þess af hæstv. ríkisstj., að hv. þd. ræði ekki þetta mikla mál upp á 50—60 milljónir, mál, sem er kastað hér inn á allra síðustu dögum þingsins, og það má ekki vísa því til n. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Það á að afgreiða málið eingöngu upp á hið góða andlit hæstv. atvmrh. og treysta á ábyrgðartilfinningu hans, sem sýndi þá ábyrgðartilfinningu, sem ég vitnaði til áðan, að leyfa útflutning mikils hluta atvinnutækja frá einum íslenzkum kaupstað. Ég verð að segja það, að það má búast við, að ekki verði farið eftir endanlegum niðurstöðum rannsókna, eftir allri sögu málsins að dæma. Ég veit ekki, hvort gert er ráð fyrir því í áætlun sérfræðinganna, hvað af því mundi leiða, ef rekstrarstöðvun yrði í verksmiðjunni, ef ekki væri hægt að ná í hráefni úti í Faxaflóa vegna ótíðar. Slíkt getur alltaf komið fyrir, a. m. k. að vetrinum, en það mundi kosta geysimikið og gæti haft úrslitaþýðingu um það, hvort framleiðsla þessarar verksmiðju yrði samkeppnisfær við erlenda framleiðslu. Hér hefur einnig verið minnzt á kostnaðinn við Gretti, en sá kostnaður mundi nú verða enn meiri eftir gengislækkunina. Vafalaust þarf að borga skipshöfninni laun fyrir vaktavinnu, og má því búast við mjög dýru mannahaldi. Svo eru tryggingar og fleira, sem lýst hefur verið, að auki. Ég hef ekki séð, að sérfræðingar hæstv. ríkisstj. hafi gert mikið úr þessu eða því, hve rekstraröryggi fyrirtækisins er minna vegna þess, að þarna er, ef svo mætti segja, byggt á sjávarafla.

Ég verð að segja, að ég er undrandi yfir því, að hv. þm. Barð. skuli mæla gegn því, að frv. gangi til n., þar sem hann er form. Hv. þm. gerði grein fyrir því, að hann væri þessu máli manna kunnugastur, hefði lesið um það öll gögn og skýrslur, bæði á íslenzku og ensku. Og hvert á málið að fara, ef ekki þangað, sem þekkingin á því er mest, og þar ætti það einmitt af þeim sökum að geta haft stutta viðdvöl, en fengið þó þýðingarmikla afgreiðslu vegna staðgóðrar þekkingar hv. þm. Barð. Ég held, að þótt því verði vísað til hv. iðnn., þá geti það náð afgreiðslu á þessu þingi, því að fundum mun ekki ljúka fyrr en í fyrsta lagi aðra nótt. Vænti ég því, að hv. d. telji málið þess virði að vísa því til athugunar í n., þótt lausleg yrði, en full þörf er á því, að n. hefði getað athugað málið rækilega og helzt vísað því til umsagnar verkfræðingafélagsins, sem ætti helzt að geta sagt um það eitthvað af viti. Mér sýnist, að málið hafi ekki komið þar við, en sá félagsskapur ætti að fá tækifæri til þess að gera um það till., og ef hv. iðnn. verður sent málið til meðferðar, en hún telur sig ekki hafa aðstæður til að rannsaka það til hlítar, þá er betra, að því sé vísað frá með rökst. dagskrá en að það verði afgr. út í bláinn og kannske gerðar einhverjar þær vitleysur, sem gætu bitnað á því um alla framtíð.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hygg það réttmæli hjá hv. þm. Barð., að tilgangslaust sé að vísa málinu til n., því að það fær þar ekki á svo stuttum tíma þá rannsókn, sem kann að vanta. Ég er því sammála hv. þm. Barð. og hæstv. landbrh. um það, að það sé sama og láta málið daga uppi, ef því er vísað til n. Ég tel því æskilegt, að málið verði afgreitt án þess. Hitt stendur svo óhaggað, sem ég hef áður sagt, að náttúrlega tekur sá á sig mikla ábyrgð, sem endanlega ákveður verksmiðjunni stað, án þess að hafa kynnt sér öll gögn, sem kostur er á. Ég hef ekki ástæðu til þess að vænta mér trausts frá hv. 6. landsk., úr því að ég batt ekki nokkra fúadalla við bryggju á Ísafirði, en útvegaði þjóðinni allt að tveimur milljónum króna í erlendum gjaldeyri. Hins vænti ég, að svo verði aldrei sagt, að teknar hafi verið fljótfærnislegar ákvarðanir um staðarval fyrir sementsverksmiðjuna, en enn sem komið er hef ég ekki aflað þeirrar þekkingar á málinu sem þarf eins og t. d. hv. þm. Barð. hefur aflað sér. Ég tók ekki við embætti atvmrh. fyrr en fyrir tveimur mán-

uðum, en síðan hef ég lesið ýmis gögn um málið, þar á meðal grg. n., sem um málið fjallaði, en því fer fjarri, að ég hafi þá þekkingu í dag, sem ég teldi mér nauðsynlega, áður en ég gæti tekið ákvarðanir í málinu. En án þess að segja of mikið vil ég taka það fram, að ég tel vafasamt, að málið sé það upplýst, að rétt sé að taka frekari ákvörðun um staðsetningu á þessu stigi málsins. Sömuleiðis vil ég upplýsa, að mér er ekki kunnugt um, að ákvörðun hafi verið tekin um staðinn eða um það, að lagt hafi verið í hafnarbætur á kostnað ríkisins í þessu skyni.

Að lokum vil ég geta þess, að ég mun ekki binda hendur mínar í þessu máli, fyrr en öll gögn liggja fyrir. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að málið verði afgreitt án þess, að nefnd fjalli um það, til þess að það dagi ekki uppi á þessu þingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.
Till. um að vísa frv. til iðnn. felld með 8:2 atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að tefja hér umr., enda er langt liðið á nóttu og þing. En ég get ekki látið það hjá líða að benda á það sem víti fyrir þingið til að varast, hvernig meðferð þessa máls er. Málinu er útbýtt í nóvember s. l. og vísað til nefndar í nóvember. Form. n. boðar aldrei til fundar um það, og þannig gengur það í 6 mánuði. En þegar þessi formaður er farinn úr bænum, þá boðar varaformaðurinn fund um það, og síðan er það drifið í gegnum Nd. í einum hvelli og er nú komið hingað til 3. umr. Þetta er dæmi um það, hvernig á alls ekki að afgreiða mál, og ég vona, að það hendi aldrei neinn formann úr neinni nefnd þessarar deildar. — Ég skal svo ekki fara út í það að ræða frv. sérstaklega, en ég gat bara ekki látið vera að benda á, að þetta er víti, sem varast ber.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 793).

---

27. Gengisskráning o. fl. (breyt. á l. nr. 22/1950).

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. [163. mál] (stjfrv., A. 702).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þegar lögin um gengisskráningu voru til umr. í þinginu, var því lýst yfir af hálfu ríkisstj., að hún mundi athuga og reyna að komast að samkomulagi við A. S. Í., ef kostur væri, um leiðréttingar á misræmi kauptaxtanna hjá hinum ýmsu verkalýðsfélögum á landinu. Ríkisstjórnin hefur athugað þetta mál gaumgæfilega og rætt það við stjórn A. S. Í. Að vísu hefur ekki náðst samkomulag um þessi atriði, en ríkisstj. hefur samt þótt rétt og sanngjarnt að bera fram þá breytingu, sem fram kemur í frv. þessu og er á þá lund, að ekki varði það missi vísitöluuppbóta, þótt verkalýðsfélag færi kauptaxta sinn upp í vegið meðaltal kauptaxta félaga ófaglærðra verkamanna, þó ekki yfir 3 kr. á klukkustund. Tala þessara félaga er nú 74. Þar af eru 59 félög, sem hafa kr. 2.90—3.08 um tímann, og þar af 35 félög, sem hafa yfir kr. 3.00 á tímann, svo hvað þetta snertir er hér ekki um miklar breytingar að ræða, og finnst mér sanngjarnt að mæla með því, að þau félög, sem lægstan taxta hafa, fái heimild til þess að færa hann upp.

Þá er í öðru lagi gerð till. um það í 2. gr., að standi yfir vinnudeila eða samningaumleitanir við gildistöku laganna, skuli það talið jafngilt kjarasamningi fyrir 19. marz 1950, ef deiluaðilar semja síðar um kaupgjald, sem sannanlega lá fyrir sem fast tilboð frá atvinnurekendum fyrir þann dag. Þetta kemur til með að gilda um tvö félög, þ. e. a. s. Flugvirkjafélag Íslands og Bakarasveinafélag Íslands. Þá er og lagt til, að við 11. gr. bætist, að heimilt sé ráðh. að fella niður framleiðslugjaldið af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðjur. Þetta hefur komið til tals og reyndar þegar byrjað á Norðurlandi, að skip veiða fyrir verksmiðjur til fiskimjölsvinnslu; það hefur líka komið til tals hér sunnanlands, en ekki orðið af framkvæmdum. En sýnilegt er, að ekki er hægt fyrir skip og báta að veiða til þessarar vinnslu, ef þeir þurfa að borga þetta 10% framleiðslugjald, þess vegna þótti rétt að fara fram á þessa heimild ráðh. til handa. Það, að í þessari grein er talað um nýjan iðnað, er gert vegna þess, að það þótti rétt að hafa þetta opið, ef slíkt yrði upp tekið, svo að togararnir gætu þá lagt þar upp afla sinn, ef nýr iðnaður á sviði fiskvinnslu yrði settur af stað. Enda er það ekki tilgangur laganna að skattleggja þann atvinnurekstur, sem rekinn er með tapi eða hagnaðarlaust.

Þá þótti nauðsynlegt að kveða nánar á um, á hvern hátt vísitalan skyldi skráð, hvort það skyldi gert í heilum tölum eða brotum. Hingað til hefur hún verið skráð í heilum tölum. Hins vegar var nú ágreiningur um, hvort ætti ekki að skrá hana í brotum til þess að fylgja bókstaf laganna. Til þess nú að koma í veg fyrir ágreining og deilur út af þessu atriði, þótti rétt að setja ákvæði um að skrá vísitöluna eins og áður í heilum tölum og sleppa broti úr stigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í heilt.

Að lokum er svo gert ráð fyrir, að ný grein komi aftan við 16. gr., sem hefur fallið úr við setningu laganna, og þótt undarlegt sé, þá hefur víst enginn tekið eftir því. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mér er kunnugt um það, eins og hæstv. viðskmrh. minntist að vísu á, að stjórn A.S.Í. telur það nokkurs virði, að lögfest verði ákvæðin, sem um ræðir í 2. gr. þessa frv. um breytt skilyrði til launahækkana. En eins og hæstv. ráðh. skýrði frá, þá er þetta út af fyrir sig ekkert allsherjar samkomulag við stjórn A.S.Í. Þó er það víst, að stjórn A.S.Í. telur þetta spor í rétta átt, og þess vegna vil ég mæla með samþykkt frv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. hefur fyrst verið lagt fram í dag, og ég hef aðeins lesið það lauslega yfir, en áður en málið fer til nefndar, vil ég leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við 3. gr. til athugunar fyrir hv. n. Í þessari gr. er gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að fella niður framleiðslugjald af þeim hluta aflans, sem látinn er til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju beint úr skipi eða til framleiðslu annarra afurða í sambandi við nýjan iðnað. Ég geri nú ráð fyrir, að þetta ákvæði sé miðað við það, ef tekin væri upp sú aðferð að vinna fiskimjöl úr góðfiski og þá gert ráð fyrir, að minna verð fáist fyrir fiskinn en ráðgert var þegar lögin voru sett. Ég vildi nú hreyfa því n. til athugunar, hvort hér sé einnig átt við ef fiskimjölsverksmiðja er í skipi og vinnur þar úr einhverjum hluta aflans, sem annars hefði verið fleygt. Skv. orðalagi þessarar gr. virðist mér, að það geti einnig átt við þetta, og tel ég heppilegt, að hv. n. athugi það, því að mér skilst, að þessar verksmiðjur hafi venjulega borið sig vel. Einnig viðvíkjandi því atriði að fella niður framleiðslugjaldið, ef fiskurinn er notaður í sambandi við nýjan iðnað, þá veit ég ekki, hvað hæstv. ríkisstj. á þar við, og vil því beina því til n., að hún athugi þetta atriði.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Áður en þetta frv. fer til n., vil ég lýsa því yfir, að ég tel það til bóta frá því, sem nú er, en í sjálfu sér hefði ekki þurft að lögfesta þetta frv., ef hæstv. ríkisstjórn hefði hlustað á þá gagnrýni, sem kom fram hér á Alþingi, þegar gengislækkunarlögin voru sett, en þá mátti í engu um þoka. En nú hefur hæstv. ríkisstjórn orðið að láta svolítið undan síga, þ. e. a. s., þetta frv. er fyrsta skrefið til undanhalds í þessum gengislækkunarmálum, að vísu lítið, en sýnir þó, að hæstv. ríkisstjórn er orðin hrædd við þessi gengislækkunarbjargráð sín. En ég vil undirstrika, að það er fleira, sem þarf að laga í þessum lögum, og vil ég í því sambandi sérstaklega minnast á togaraháseta og kyndara. Með gengislækkunarlögunum var gerð tilhæfulaus lækkun á kaupi þessara manna. Nú fá þessir menn svona 2000 kr. fyrir túr, eða þ. e. a. s. fyrir mánuð, og þegar veitt er til söltunar, miklu minna. Þetta atriði þarf að taka til verulegrar athugunar, og er nauðsynlegt, að það sé lagað sem fyrst. En ég tel það sem sagt mjög mikilsvert, að hæstv. ríkisstjórn er þegar farin að hörfa og farin að falla frá fullyrðingum sínum, sem hún gaf, þegar lögin voru sett. Og býst ég við, að fleiri spor til undanhalds komi á eftir.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég geri nú ráð fyrir því, að það verði skammgóður vermir hjá hv. þm. Siglf., ef hann heldur, að þessar breytingar, sem hér er gert ráð fyrir að gerðar verði á l., séu tákn um undanhald hjá ríkisstj. Hér er nefnilega aðeins um að ræða breytingar, sem ríkisstj. var búin að lýsa yfir, að mjög væru athugandi og í verulegum atriðum væri hún fylgjandi þeim. Hér er því aðeins um að ræða uppfyllingu á loforði, að vísu ekki föstu, en ríkisstj. lofaði þó að taka þetta til mjög velviljaðrar athugunar.

Í sambandi við það, sem hv. þm. N-Þ. spurði um, hvort hér væri einnig átt við mjölvinnslu um borð í skipunum sjálfum, vil ég taka það fram, að hér er ekki átt við það, heldur einungis fisk, sem settur er í land úr skipunum sjálfum. Ég get líka látið þess getið, að hér er ekki átt við venjulega mjölvinnslu, heldur er hér miðað við, að allur fiskur sé tekinn til vinnslu, sem ekki hefur þótt fært að gera áður. Verð á mjöli hefur verið svo hátt undanfarið, að talið hefur verið fært að setja allan fisk í mjölvinnslu og fá það verð fyrir mjölið, ef framleiðslugjöldin eru ekki lögð á þau skip, sem slíkt gera, sem nægilegt er.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það er nú ekki eðlilegt, að hæstv. ráðh. vilji viðurkenna, að þetta sé skref í undanhaldsátt hjá hæstv. ríkisstjórn, en við þm., sem vorum viðstaddir setningu laganna og sáum stjórnarliðið fella allar till., sem til bóta voru, m. a. till. svipaðar þessum, teljum annað. Mér er alveg sama, þótt hæstv. ríkisstjórn telji þetta ekki undanhald, en við skulum sjá, hvað setur, og vita, hvort þetta reynist ekki undanhald, eins og ég hef sagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 702, n. 732).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. leggur til, að frv. verði samþ., og gerir engar brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þegar sett eru jafnumfangsmikil l. og þau, sem hér er um að ræða, kemur oft fram við síðari athugun, að greinilegar þarf að kveða á um sum ákvæði. Það eru tvö atriði, sem ég ætla að bera fram brtt. við. Eru það að mestu framkvæmdaatriði og varða bæði 12. gr. Í 12. gr. er kveðið svo að orði, að til greiðslu á skattinum skuli heimilt að afhenda eignir með því matsverði, sem ákveðið er í l. Brtt. mín er um það, að heimilt skuli að afhenda fasteignir til greiðslu á skattinum. Upphaflega var gert ráð fyrir, að um fasteignir væri að ræða, en þegar þetta var athugað nánar, kom í ljós, að ekki var nógu skýrt kveðið á um þetta og erfitt gæti orðið fyrir ríkissjóð að taka við skuldabréfum og öðru slíku. — Hin brtt. er borin fram til þess að slá föstum þeim skilningi, að samvinnufélög og hlutafélög skuli greiða þann hluta af skatti, sem eigendum þeirra eða hluthöfum ber að greiða vegna eignar þeirra í félögunum, þar með talin hlutafjár- og stofnfjáreign. Eins og l. eru nú, þykir ekki alveg ljóst, hvort félögin eða eigendurnir sjálfir eiga að borga hlutafjár- og stofnfjáreign. Það var gengið út frá því, að svo væri, en svo að enginn vafi sé á þessu, er brtt. flutt. Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessar skriflegu brtt.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt þessar skriflegu brtt., og vil ég leyfa mér að leita afbrigða fyrir þær.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 774) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að leggja fram eina skriflega brtt. við 1. gr. Hún er á þá lund, að 6. gr. l. orðist svo:

„Vísitala framfærslukostnaðar, sbr. 3. gr., skal reiknuð mánaðarlega, og skal mánaðarlega hækka laun og lækka í samræmi við breytingu visitölunnar."

Þegar gengislækkunarl. voru afgr. í vetur, flutti ég svipaða till. Nú er það vitað, að allmargir þeirra, sem þá voru með l., höfðu ekki gert sér ljóst, hvaða afleiðingar þau mundu hafa, eða þær hafa orðið meiri en þeir bjuggust við. Eitt er augljóst, verðhækkunin er þegar nú orðin svo mikil, að þegar við bætist minnkandi atvinna, hlýtur að skapast neyðarástand, ef launin hækka ekki nema með löngu millibili. Meira að segja stj. sjálf gengur út frá þessu, eins og frv. um skattaívilnanir fyrir þá lægst launuðu ber með sér. Ég held því, að óhjákvæmilegt sé að leiðrétta þetta. Það er vitanlegt, að gamla vísitalan, sem sett er 100 samkvæmt l., er komin hátt á fimmta hundrað stig. Það verður nógu tilfinnanlegt, þó að ekki bætist við, að síðari hækkanir orki fyrst á launin eftir langan tíma. Verði ekkert gert í þessum efnum, er óhjákvæmilegt, að almenningur krefjist grunnkaupshækkana. Ef menn vilja taka tillit til staðreynda, er því nauðsynlegt að gera þessa breyt. Ég vona, að hv. þm. vilji alvarlega athuga þetta.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. Hún er skrifleg og auk þess of seint fram komin, og þarf því að leita afbrigða. *(ÁkJ:* Ég flyt tvær skrifl. brtt., er rétt væri að leita afbrigða fyrir um leið og till. hv. 2. þm. Reykv.). Hv. þm. Siglf. tekur til máls.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er hér með tvær skrifl. brtt. Með fyrri till. vil ég freista þess, ef till. hv. 2. þm. Reykv. verður ekki samþ., að fá því framgengt, að sá hluti af launum háseta, kyndara og matsveina, er þeir fá af sölu afla, verði reiknaður samkvæmt nýja genginu. Þetta er till., sem ég hef komið með áður. Þessi ákvæði hafa komið illa við þessa aðila og, að því er ég tel, líka við yfirmenn. Þó að þetta hafi verið hátt, hafa sölur nú minnkað, og réttara er að semja á ný en að viðhalda tvöföldu gengi og gera samninga félaganna ónothæfa. Ég vil beina því til hæstv. forseta að skoða þetta sem varatill. að felldri till. hv. 2. þm. Reykv. — Hin brtt., sem ég flyt, er við 2. gr. frv., að í stað „3 kr." í fyrstu málsgr. komi: kr. 3.08. Það er það kaupgjald, sem er í Reykjavík og ég tel, að önnur félög megi jafna við. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð og legg hér með fram þessar till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 767 og 775) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil bara lýsa yfir því, að stj. er ekki samþ. till. hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Siglf. Ég vænti þess, að hv. d. geri ekki þær breyt. á frv., er þar er farið fram á.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Mér er þetta mál að ýmsu leyti skylt. Ég átti þátt í undirbúningi þess, og ég er líka form. í fjölmennum launþegasamtökum. Út af till. hv. 2. þm. Reykv. get ég lýst yfir því, að ég mundi vera mjög fús á að greiða henni atkv., ef ég teldi, að hún væri almenningi í hag. En ástæðan til þess, að ég geri það ekki, er sú, að ég dreg það í efa, að hagur launþega verði betri, þó að óendanlega verði greiddar fullar uppbætur. Ég tel, að það mundi hafa í för með sér svo hraðar verðhækkanir, að raunverulegur kaupmáttur launanna yrði ekki meiri. Þegar við dr. Benjamín Eiríksson athuguðum þessi mál, gerðum við lítils háttar athugun á þessu. Það var að vísu lausleg athugun og hefði verið æskilegt, að hún

hefði getað orðið rækilegri. Niðurstaða okkar var sú — miðað við kringumstæður þá — að ef til almennrar launahækkunar kæmi, mundu launþegar taka 60% hver af öðrum, hitt yrði tekið af útgerðinni. En útgerðin er á heljarþröm, og hlutur hennar er miðaður við það minnsta, sem ætla mátti, að gagn yrði að til þess að bæta hag hennar. Hærri uppbætur á kostnað útgerðarinnar mundu því aðeins skapa þörf á nýrri gengislækkun og ekki hafa í för með sér varanlegar kjarabætur fyrir launþega. Hafi þetta verið rétt þá, ætti það að vera rétt nú, því að horfur eru á því, að verðlag úflutningsafurða verði lægra en við miðuðum við.

Ég tel æskilegt, að þetta verði athugað nánar. Þegar frv. kom fram, beitti ég mér fyrir því, að skipuð yrði n. til þess að athuga, hvernig þessi löggjöf mundi koma við hag launafólks, og óskaði sérstaklega, að hún athugaði þetta atriði. Í nefndinni vorum við Jónas Haralz frá B.S.R.B. og Kristinn Gunnarsson frá Alþýðusambandinu. Ég veit, að álitsgerðin er í undirbúningi, en er ekki endanlega frá henni gengið enn. Fróðlegt verður að sjá hana. Ég hef fengið að sjá drög að henni, og í þeim er ekkert komið fram, sem gefur mér ástæðu til að breyta um skoðun. Auðvitað gæti vel komið eitthvað nýtt fram í þessu, og þá skyldi ég verða fyrstur manna til að breyta um skoðun, ef sannanir koma fram í gagnstæða átt. Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni yfir því, að þetta frv. er fram komið. Það bar á góma að reyna að samræma kauphækkanirnar. Meiningin var, að grunnkaupshækkanir féllu niður, ef gengislækkun yrði. En ekki voru settar fram ákveðnar tillögur um það, hvernig ætti að hafa þær, svo að þær yrðu ekki misnotaðar. Ég taldi eðlilegast, að þetta mál yrði samningsatriði á milli launþegasamtakanna og ríkisstj., hver sem hún yrði.

Umr. frestað.

Á 102. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 702, 767, 774, 775).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala meira í þessu máli eftir ræðu hæstv. viðskmrh. Ég skildi í raun og veru hans röksemdir í þessum málum. Hann neitaði einfaldlega þeirri brtt., sem ég hef flutt hér við lögin. Og ég þóttist skilja, á hvaða grundvelli það væri gert, sem sé vegna afstöðu hæstv. ríkisstj. gagnvart baráttu verkalýðsins og þjóðarinnar fyrir bættum kjörum, sem þar kom fram. Vorum við í raun og veru búnir að ræða það áður.

En það var eitt atriði í ræðu hv. 7. þm. Reykv. (ÓB), sem gaf mér tilefni til þess að standa upp. Það voru nokkrar röksemdir í hans ræðu, sem ekki eru til þess fallnar að gefa rétta mynd af þeim vandamálum, sem við er að glíma. Hann sagði, að það væri ólíklegt, að hagur þjóðarinnar yrði betri, þó farið væri að samþ. þær brtt., sem fara fram á að hækka vísitöluna mánaðarlega. — Spurningin, sem liggur fyrir okkur hér, er ekki nein almenn spurning um hagfræðilegar ályktanir, vísindalega niðurstöðu eða annað slíkt, heldur er spursmálið um knöppustu afkomu fjölda manna í þjóðfélaginu, hvort menn hafi nóg til að borða og borga nauðsynlegt húsnæði og hvort menn hafa nóg föt til að klæðast. Við verðum að gá að því, að þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar af hálfu meiri hl. Alþ. og ríkisstjórn, þýða, að það hefur verið ráðizt þannig á afkomu heimilanna hér í Reykjavík og úti um landið, að menn geta ekki veitt sér brýnustu lífsnauðsynjar. Svo framarlega að laun manna verði hækkuð nú, þýðir það það, að menn geti keypt hluti, sem menn annars verða að fara á mis við — brauð, sem menn verða annars að fara á mis við, og mjólk handa börnum sínum, sem menn annars geta ekki keypt eins mikið af. Það hefur orðið svo skyndileg breyting í sambandi við lífsafkomu manna nú, að það stendur nú ekki lengur baráttan um það, hvort menn lifi við betri eða lakari lífskjör, heldur um það, hvort menn hafi nóg eða þá skorti lífsnauðsynjar. Og þá er baráttan orðin alvarleg. Það er nú komið í ljós, að það, sem verið er að skipuleggja, er fátækt — sár og bítandi fátækt hjá almenningi. Og spurningin er þá fyrir þessum mönnum, sem fyrir þessum aðgerðum verða, hvort þeir fái þá hækkun á sínum launum, sem nægi til þess að veita þeim brýnustu lífsnauðsynjar. Og svo framarlega að þjóðfélagið þolir ekki að veita þessum mönnum brýnustu lífsnauðsynjar, þá getur það gert svo vel að byrja annars staðar að knepra við menn. Það er ekki að sjá, að stefnan sé sú, að það eigi að taka af þeim, sem hafa mestu af að má í þjóðfélaginu. Þess vegna er spurningin um það, þegar lögð er fram till. eins og sú, sem hér er fram borin, um að reikna mánaðarlega út vísitölu framfærslukostnaðar og hækka laun og lækka í samræmi við vísitöluna — ekki hvort verkalýðurinn og launþegar fái bætt upp það, sem raunverulega hefur verið stolið af þeim með vísitölubreyt. frá 300 upp í 450 stig, sem þeir ekki fengju uppbætur á, heldur að bæta upp þá dýrtíðarhækkun, sem verður, eftir að farið er að reikna út vísitöluna með 100 sem grunn. Þess vegna er ekki til neins að svara réttlátum kröfum launþega þannig, að hagur þeirra verði ekki betri með því að þeir fái þessa launauppbót. Auðvitað verður hann betri með því. Með því fá launþegar meiri peninga til þess að kaupa nauðsynjar sínar, sem þeir geta ekki komizt af án. Það eru ekki fyrst og fremst launin, sem skapað hafa þessa hækkun á hlutunum. Það eru allar aðrar aðstæður, sem skapa lífsafkomu og sölumöguleika á afurðunum, lífsmöguleika og sölumöguleika okkar. — Raunverulegur kaupmáttur yrði ekki meiri, sagði hv. 7. þm. Reykv. Auðvitað yrði kaupmátturinn meiri hjá almenningi, svo framarlega sem menn fengju upp bætta þá dýrtíð, sem er verið að skella yfir þá. Hins vegar er ætlazt til þess af hálfu þeirra stóratvinnurekenda, sem hér koma til, að minnkuð verði kaupgetan hjá íslenzkum almenningi. En það þýðir sama sem að koma fátæktinni aftur á hjá almenningi. — Það er þess vegna ekki til neins að ætla að verja þessar aðgerðir með því að vera að segja við launþega, að þeirra hagur verði ekki betri fyrir það, að kaupgjald sé hækkað. Hins vegar er enginn kominn til þess að segja, að þó að kaupgjaldið sé hækkað, þá þurfi að hækka vörurnar. Það er

hægt að hækka kaupið á kostnað auðmannastéttarinnar og auðvaldsins í landinu, með því að láta launahækkunina ganga út yfir þá, sem ráða atvinnurekstrinum og hafa gróða í sambandi við verzlun og annað slíkt í þjóðfélaginu. Það er ekki nauðsynlegt, að kaupgjaldshækkun þurfi að þýða vöruverðshækkun. — Þess vegna er það gefið, að öll barátta fyrir kauphækkunum hjá verkalýðnum er barátta fyrir raunverulegum lífskjarabótum þeirra. Það er hins vegar hægt að svíkja þá, þó kauphækkun yrði gerð, um svo og svo mikið af árangri af þeirri hækkun, með því að hækka verðið á vörunum á eftir eða jafnframt. Og það verður gert nú. En hugmyndin — hin hagfræðilega hugmynd —, sem þarna liggur á bak við, er sú, að ráðstafanirnar, sem á að gera, byggjast á því, að auðvald sé ekki til hér í okkar þjóðfélagi, og ekki mikill gróði hjá einstökum mönnum í þjóðfélaginu. En gróði, sem skapast á þessu ári í okkar þjóðfélagi, skiptist á milli atvinnurekendastéttarinnar og heildsalastéttarinnar. Það er hægt að draga úr öllum þessum gróða og halda niðri verði á vörum, ef það er gert á kostnað þessara yfirstétta, sem ég nefndi, þar sem nokkrir aðrir gróðamenn koma einnig til greina. Og hv. 7. þm. Reykv. þarf ekki annað en að athuga, hvað auðvaldsstéttin tekur í sinn hlut af gróðanum, sem myndast í þjóðfélaginu. Auðmannastéttin á á milli 500.000.000 og 600.000.000 kr., þó ekki séu teknir nema 200 eignahæstu aðilarnir. Og það er hægt að ganga á þann gróða, sem myndazt hefur hjá þessari stétt.

Hv. 7. þm. Reykv. vildi segja, að 60% af launahækkunum hefði þau áhrif, að launþegarnir tækju það hver af öðrum. Ef þessi röksemdafærsla er rétt, mundi hann meina, að 14 millj. kr. launahækkunin, sem samþ. var við fjárl., væri tekin að nokkru af verkamönnum og launþegum í þjóðfélaginu, sem hafa verri aðstöðu en opinberir starfsmenn. Og þá þýddi það það fyrst og fremst, að þeir, sem eru sérstakir fulltrúar opinberra starfsmanna og skoða sig sem slíka, ættu að finna skyldu hjá sér — ef 60% af launahækkunum opinberra starfsmanna eru tekin af verkamönnum og öðrum slíkum — alveg sérstaklega siðferðislega skyldu til þess að reyna að bæta þeim kjör sín, sem þetta er tekið af, — til þess að bæta þeim upp það, sem tekið er af þeim með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið. Við vitum líka, að þegar samþ. voru 10—15% uppbætur á laun opinberra starfsmanna, þá eru það menn, sem hafa fasta atvinnu, ekki aðeins allt árið um kring, heldur sumir ævilanga atvinnu. En þegar verið er að ræða um afstöðu verkamanna, þá er um menn að ræða, sem ekki eru öruggir með sína afkomu, nema þann og þann daginn, sem þeir eru í vinnu, og horfa nú fram á það, að þeir verði hvað eftir annað atvinnulausir þann og þann daginn, sem þeir hafa búizt við að fá vinnu, — m. ö. o. eiga við allt það öryggisleysi að búa, sem stafar af atvinnuleysinu. Það væri þess vegna því meiri ástæða til, vegna þeirrar aðstöðu, sem starfsmenn ríkisins nú hafa, og vegna þess, hvernig verkamenn og þeirra fulltrúar hafa barizt fyrir málum opinberra starfsmanna, að þeir, sem skoða sig sem sérstaka fulltrúa fyrir samtök opinberra starfsmanna, ættu sama sinni í því að berjast fyrir hagsbótum þeirra manna, sem verr eru settir í þjóðfélaginu en starfsmenn þess opinbera. — Og ég verð að benda hv. 7. þm. Reykv. á það, einmitt vegna þess, sem hann var að tala um forsendur, sem hefðu verið fyrir gengisskráningarlögunum, þegar þau voru sett, að ég áleit þær forsendur vitlausar, þegar frv. var samþ. Og það má vera undarlegur maður, sem ekki gengur inn á það nú, að þær voru vitlausar og eru vitlausar. Það var þá gengið út frá því að bæta úr þeim vandræðum, sem við hafði verið að etja, með því að lækka gengið. Og það var sagt í grg. frv., sem átti að heita röksemd fyrir þessu, að það ætti að vera hægt að ráða bót á þessu með gengisbreyt. En það sýnir sig, að allar þessar forsendur eru rangar. Það sýnir sig, að það, sem reiknað er með, að fullkomlega sé tryggt með þessum l., er án alls grundvallar. Þetta kom fram strax í þeirri fyrstu n., sem hafði með höndum athugun á þessu máli hér í þinginu — og hv. 7. þm. Reykv. núverandi var stundum á fundum hjá okkur í þeirri n., þegar fulltrúar sjómanna upplýstu það, að það verð, sem hraðfrystihúsin gætu borgað fyrir fiskinn, væri 75 aurar, þar sem gengið var út frá 93 aurum í forsendum nefndarinnar, sem undirbjó frv. Og við héldum fram í n., að þetta væri vitlaus útreikningur hjá þeim, sem undirbjuggu frv., þó að þeir, sem voru með frv., héldu, að þetta væri réttur útreikningur. — Þessi útreikningur þeirra, sem undirbjuggu frv., stóðst svo ekki. — Og ef við ættum svo að fara að breyta genginu af þeim ástæðum, sem stafa af öryggisleysinu og markaðsvöntuninni, þá veit ég ekki, hvert ætti að fara með gengi krónunnar, — ef ætti að lækka hana, þegar enginn fiskur hraðfrystur selst í Englandi. Hvert færi þá gengið? — Það var ekki tekið mark á því, sem við héldum fram í markaðsmálunum. Og þegar við vildum leyfa örlitla frjálsa verzlun, — hvað er þá svar Alþ.? Það að drepa hverja einustu till., sem kemur fram um, að að einhverju leyti sé rýmkað um höftin á verzluninni. Fyrst er búin til löng ritgerð og þar sagt, að þetta eigi að vera undirstaðan, sem öll bjargráðin eigi að hvíla á, frjáls verzlun. Svo sýnir það sig, þegar á að fara að framkvæma þessi lög, gengisbreytingarl., að þetta er allt blekking. Það er ekki meining þeirra, sem hafa sett þessi lög í gegn, að hafa frjálsa verzlun, heldur hitt, að halda við einokun þeirri, utan lands og innan, sem hefur verið í þessum málum. Ég segi ekki, að þetta hafi verið hugsað sem blekking af hálfu núv. 7. þm. Reykv. En hans góða trú viðvíkjandi því, að frjáls verzlun væri forsenda og afleiðing af þessu í senn, sem gert var með því að samþ. gengisbreyt., reynist að vera algerlega blekking gagnvart fólkinu. Þegar alþýðan spyr, hvort hún megi ekki bjarga sér sjálf, — framleiða sinn fisk og selja hann og kaupa sínar nauðsynjavörur, þá er svarið: Nei, þessu verður haldið í föstum skorðum, því að þau yfirvöld, sem hér í Reykjavík ráða, mega ekki missa af sínum einokunarrekstri og gróða í sambandi við þetta allt. Það fæst ekki nein smásmuga í sambandi við þetta. Ég held, að þetta verði hv. 7. þm. Reykv. að athuga, þegar hann talar hér á

móti því, að verkamenn fái leyfi til þess — eða ríkið, réttara sagt — að hliðra til við þá um það, að þeir fái vísitöluna reiknaða út mánaðarlega og launin hækkuð mánaðarlega í samræmi við það. Það er sanngjörn krafa, og það sannarlega, með hliðsjón af þeirri fátækt, sem er að skella yfir almenning sem afleiðing af gengislækkunarlögunum, og ber ekki að standa á móti henni, a. m. k. á þeirri forsendu, sem hv. 7. þm. Reykv. kom fram með. — Launþegar á Íslandi eru alveg tilbúnir í að beita sér sjálfum viðvíkjandi sinni framleiðslu og framleiða með því kaupi, sem þeir fallast á að semja um við atvinnurekendur og fá sitt kaup samkvæmt því, sem reiknað er út mánaðarlega, samkv. því, sem ég hef gert till. um, og að sjá sjálfir um sölu á vörunum úr landi og sjá sjálfir um sitt atvinnulíf. Þeir treysta sér betur til þess en þeim, sem nú stjórna þessu. Og það er hart, þegar sagt er við þá: Það er ekki betra fyrir ykkur að hækka ykkar kaup; þið skuluð sleppa því og una við þá einokun, sem þið eruð beygðir undir, og una við þessi gengisskráningarlög. — Og mér finnst það sízt sitja á hv. 7. þm. Reykv. að tala á móti till. um það, að launþegar fái upp bætta dýrtíðina, sem sjálfur hefur, réttilega, hv. 7. þm. Reykv., þessa fáu daga, sem hann hefur setið hér á þingi, verið að beita sér fyrir því, að starfsmenn hins opinbera fái uppbætur á sín laun. Það er lítið samræmi í því að berjast fyrir því, að starfsmenn hins opinbera, sem er örugg-asta stéttin af öllum launþegum í landinu með tilliti til tekna, — það er lítið samræmi í því hjá þessum hv. þm. að berjast fyrir því, að sú stétt fái uppbætur á sín laun, og tala jafnframt á móti því, að verkamenn fái það sama, verkamenn, sem verða að búa við það að horfa fram á sívaxandi fátækt og versnandi kjör og síaukið atvinnuleysi, vegna þeirra ástæðna, sem gengisbreytingarlögin hafa skapað.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég aðeins taka fram, að það var margt rétt í því hjá honum, að kjör launþega nú séu alls ekki of góð. Ég get verið því sammála. Hjá mörgum er það sjálfsagt þannig, sérstaklega ef atvinnan rýrnar að einhverju leyti, að menn munu eiga erfitt með að afla sér þeirra nauðsynja, sem telja má skilyrði fyrir því, að menn hafi mannsæmandi kjör að lifa við. — En það er að mínu áliti ekki kjarni málsins, heldur hitt, hvort kauphækkanir til samræmis við vísitöluna geti bætt úr þessu. Til þess að kauphækkanir geti bætt kjör launafólks — og um það hygg ég, að sé ekki ágreiningur á milli okkar hv. 2. þm. Reykv. og mín — skilyrðið fyrir því, að svo megi verða, hlýtur að vera, að verðlagið hækki þá ekki til samræmis við kauphækkanirnar. En ástæðan til þess, að ég get ekki fylgt þessari till., er nú liggur fyrir frá hv. 2. þm. Reykv., er sú, að ég óttast, að verðlag muni hækka að sama skapi, svo að launþegar muni verða sízt betur úti. Má í þessu sambandi benda á, að það er staðreynd, að ef t. d. bakarar hækka sitt kaup, hækka brauðin til annarra launþega. Eins má t. d. benda á, að ef byggingarkostnaður hækkar, hækka húseignir í verði og þá um leið húsaleiga. Þess vegna er ástæða til að ætla, að kaup-hækkun geti ekki nema að mjög takmörkuðu leyti bætt kjör launafólks. Hv. 2. þm. Reykv. sagði: Hvernig er það, er þá ekki hægt að taka kauphækkunina af gróðanum og koma í veg fyrir það, að verðlag hækki sem kauphækkuninni nemur, þannig að það gangi út yfir gróðann? — Já, ég skal ekki neita því, að hér í þjóðfélaginu á sér stað mikill gróði, en svar mitt við þessu er aðeins það, að ég álít kauphækkun ekki aðferðina til þess að ná þessum gróða í vasa launafólksins, því að tilfellið er bara það, að sé litið á atvinnurekendur í heild, skiptir ekki þá mjög miklu máli, hvort kaupgjald er hærra eða lægra. Sannleikurinn er bara sá, að hækkað kaupgjald verkar neikvætt á kjör launafólks og kemur fram í hækkuðu verðlagi og rýrnun á verðgildi peninganna. Annað mál er það, hvort launþegar gætu ekki á annan hátt fengið einhverja hlutdeild í þessum hagnaði, en kauphækkun er bara ekki aðferðin til þess að ná því. Hv. 2. þm. Reykv. gerði í þessu sambandi að umtalsefni launauppbót til handa opinberum starfsmönnum. Ég get vel verið svo hreinskilinn að játa, að það er eins með kauphækkun til opinberra starfsmanna og aðrar launahækkanir, að aðrir launþegar koma til með að standa undir þeim. Engum blandast hugur um það, að þegar útgjöld ríkisins vaxa vegna launahækkana, verður að skapa tekjur til að standa undir því, t. d. með tollum og sköttum. Engu að síður getur verið sanngirnismál, að launþegar beri svipað úr býtum og aðrir, sem vinna hliðstæð störf, og virðist ekki nema sanngjarnt að leiðrétta misræmi, sem þar á sér stað.

Um gengislækkunarl. ætla ég ekki að ræða á þessum vettvangi, enda ekki til þess ætlazt. Það var rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., eins og ég sagði, að því miður virðist þróun markaðsmálanna ætla að verða sú, að fiskverðið reynist nokkru lægra en við Benjamín reiknuðum með í áætlun okkar, en finnst ekki slíkt vera sönnun fyrir því, að gengislækkunin hafi verið ónauðsynleg, heldur hygg ég, að það gagnstæða sé tilfellið. Ef það hefði sýnt sig, að fiskverðið hefði t. d. orðið 15 pence í staðinn fyrir 10 pence, hefði kannske mátt segja, að það væri óeðlilegt að lækka gengið svona mikið. En ef fiskverðið yrði kannske ekki 10 pence, heldur aðeins 6—7 pence, fyndist mér það frekar sönnun fyrir því, að gengislækkunin væri óhjákvæmileg eða einhverjar tilsvarandi ráðstafanir gerðar. Og það er blekking að segja, eins og sagt hefur verið í blöðunum, að það sé vegna gengislækkunarinnar, að afkoman er ekki betri en hún er. Réttara væri að segja, að þrátt fyrir gengislækkunina sé afkoman lakari en æskilegt væri. Allir hljóta að sjá, að útgerðarmenn væru ekki betur settir með að fá 26 kr. fyrir pundið en að fá 46 kr., eins og þeir fá nú.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á það atriði í sambandi við okkur dr. Benjamín, þar sem við tölum um frjálsa verzlun. Í þessu sambandi get ég upplýst, að okkur datt aldrei í hug, að hægt væri að gefa verzlunina frjálsa. Hvenær sem það verður, og það er náttúrlega undir atvikum komið og sérstaklega því, hvernig haldið verður á málunum að öðru leyti en að því er snertir gengisskráninguna beint, því að okkur blandast

ekki hugur um það, að gengisbreytingin út af fyrir sig er náttúrlega ekki allra meina bót, heldur verður að gera ýmiss konar hliðarráðstafanir, og undir því er komið, hve skjótur árangur næst af þessu, þ. e. a. s. hliðarráðstöfununum, hvort gengislækkunin getur í þessum efnum náð tilgangi sínum.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég vona, að það sé ekki ætlun hv. d. að fara að ræða þetta mál aftur, eftir þær miklu og löngu umræður, sem málið hefur fengið. Vil ég benda á það, að eigi þetta frv. að komast gegnum þingið á síðustu stundu, sem ég geri ráð fyrir að allir flokkar séu hlynntir, þá vænti ég þess, að menn stilli þessum umræðum mjög í hóf á þessu stigi málsins.

Einar Olgeirsson: Ég hefði nú ekki farið að ræða þetta mál almennt, ef hv. 7. þm. Reykv. hefði ekki gefið sérstakt tilefni til þess, og skal ég reyna að vera eins stuttorður og mér framast er unnt.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um, að það mundu verða miklu lakari kjör hjá almenningi nú, ef atvinna brygðist. En það er ekki aðeins um það að ræða, heldur er beinlínis ofan frá skipulagt atvinnuleysi yfir fólkið, t. d. með ráðstöfunum fjárhagsráðs í sambandi við byggingarleyfi, og er engu líkara en þessar ráðstafanir séu gerðar til þess að reyna að skapa aðstöðu, sem atvinnurekendum yrði heppileg, ef til átaka skyldi koma milli verkalýðsins og atvinnurekenda.

Þá minntist hv. þm. á brauðverðið og talaði um, að ef bakarar hækkuðu kaup sitt, yrði brauðverð að hækka. Bakarar hafa nokkrum sinnum hækkað kaup sitt á undanförnum áratug, án þess að brauðverð hafi hækkað mikið, en þegar gengislækkunin er komin í ljós, er brauðverðið á einni viku hækkað um 50%. Brýnasta nauðsynjavara almennings, sem enginn getur án verið, er hækkuð um hvorki meira né minna en 50%. Það er þarna, sem gengislækkunarl. eru að verki. Hitt er blekking, að halda fram, að þegar verkalýðsmenn á Íslandi hækka sitt kaup, hækki vöruverðið. Það er blekking vegna þess, að helmingurinn af öllu því, sem íslenzkir verkamenn kaupa, eru útlendar vörur, sem lúta öðrum lögmálum en kaupgjald hér á Íslandi. Það er þess vegna alveg út í hött að halda því fram, að þótt einn verkamaður fái laun sín hækkuð hér á Íslandi, þurfi það að hækka vöruverð í landinu.

Hv. 7. þm. Reykv. viðurkenndi, að það væri allmikill gróðamunur og meiri en æskilegt væri, en kauphækkun væri ekki aðferðin til þess að ná hluta af þeim gróða. Þetta er reginfjarstæða, því að kauphækkun er svo að segja einasta aðferðin, sem verkamaðurinn hefur til þess að ná hluta af þessum gróða. Og ef menn álíta, að þessi gróði sé meiri en æskilegt er, ber Alþingi að gera ráðstafanir til þess að minnka þennan gróða og úthluta honum meir til almennings, áður en það gerir kröfur til þess, að menn noti ekki sína kauphækkunaraðferð. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda hv. 7. þm. Reykv. á, þegar hann talar um, að kauphækkanir hafi ekki orðið verkalýðnum til verulega mikils góðs, að þessar kauphækkanir hafa ekki aðeins stórbætt kjör verkalýðsins á Íslandi, heldur einnig stórbætt aðstöðu þjóðarinnar í heild, því að þá **tókst henni að draga til sín miklu** meira af útlendu fjármagni en áður. — En sem sagt, ég ætla ekki að fara að tefja fyrir þessu máli hér. Þó að í því felist engin stór bót, er þó gott, að það nái fram að ganga, og vil ég ekki verða til þess að tefja fyrir því, að það fái afgreiðslu.

ATKVGR.
Brtt. 767 felld með 21:9 atkv.
— 775,1 felld með 18:9 atkv.
— 775,2 felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ, MK.
nei: ÓTh, PÞ, PO, SkG, StSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, SB.
ÓB greiddi ekki atkv.
5 þm. (SÁ, StJSt, StgrSt, ÁÁ, HÁ) fjarstaddir.
Brtt. 774 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 107. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 803).

---

28. Lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum [164. mál] (stjfrv., A. 708).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gat ekki verið við til að mæla fyrir þessu frv., en ég vil segja örfá orð, þannig að hægt sé að koma því til n. nú strax.

Eins og þetta frv. ber með sér, þá er hér um að ræða að veita lækkun á tekjuskatti álögðum á árinu 1950 af hreinum tekjum, sem eru 20000 kr. eða lægri, með þeim takmörkunum, sem um getur í 1. gr. Forsaga þessa máls er sú, að þegar til meðferðar var í vetur frv. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., sem þá varð að l., þá fóru fram ýtarlegar umr. milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins um ýmis mál í sambandi við það, og því var lýst yfir undir meðferð þess frv. hér í þinginu, að ríkisstj. mundi taka til athugunar samkvæmt ósk, sem fram hefði komið frá stjórn Alþýðusambandsins, að lækka að einhverju leyti skatta á lægstu tekjum. Þetta frv. er borið fram samkvæmt þeirri athugun, sem þá var lofað að framkvæma. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að skattur, sem ákveðinn er af þeim tekjum, sem þar um ræðir, lækki um ⅓. Samkvæmt þeim athugunum, sem fram hafa farið, mun þetta nema 2½ millj. kr. Það þótti af ýmsum ástæðum ekki fært á þessu stigi að fara aðra leið en þessa og þá m. a. vegna þess, að ef ætti að fara að breyta persónufrádrættinum nú, þá er það erfitt, vegna þess að viða er búið að ganga frá útreikningi skattsins, og valdi því ríkisstj. þá leið, sem hér hefur verið farin.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil aðeins lýsa yfir, svipað og ég gerði út af frv. um breyt. á l. um gengisskráningu, að það er með þessu frv., sem nú hefur verið lagt fram og hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir, gerð ofurlítil tilraun til þess að ganga svolitið á móts við óskir launþegasamtakanna. Ég hef ekki átt þess kost að gera athugun á því, hvað þetta mundi þýða mikinn persónufrádrátt fyrir láglaunafólk, en það voru aðalkröfur launamanna yfirleitt að hækka persónufrádráttinn frá því, sem nú er í gildandi l. Það kann vel að vera, eins og segir í grg., að úr því að þetta hefur dregizt svona lengi, sé ekki unnt vegna útreikninga úti um land að gera breyt. á persónufrádrættinum öðruvísi en það ylli talsverðu auknu starfi hjá skattanefndum. Ég vil því fyrir mitt leyti, þar sem þetta er lítið spor í áttina, verða við óskum alþýðusamtakanna og mæla með frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 708, n. 733).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. leggur til, að þetta frv. verði samþ., þó að vísu sumir hv. nm. hefðu frekar þá skoðun, að fara bæri þá leið að hækka persónufrádráttinn. — En það er eitt atriði í þessu frv., sem nm. ber ekki saman um. Við tveir nm., ég og hv. 2. þm. Reykv. (EOl), við teljum, að markið, sem sett er þarna fyrir lágtekjum, sé allt of lágt. Við viljum samt ekki fara mjög langt í okkar brtt., en teljum, að þeir, sem hafa 2 þús. kr. á mánuði eða minna, þeir eigi undir öllum kringumstæðum að fá að njóta þessara ívilnana sem lágtekjumenn. Það mun vera um marga verkamenn t. d. að ræða, sem hafa laun þarna á milli 20 þús. kr. og 24 þús. kr. Og þó að við flytjum brtt. með þessum hætti, að við miðum við 24 þús. kr. tekjur sem hámark lágtekna í þessu sambandi, þá teljum við samt, að markið fyrir það, hvað megi teljast lágar tekjur, sé töluvert hærra en við höfum sett hér í brtt. Ég vil þess vegna leyfa mér að afhenda hæstv. forseta svo hljóðandi skrifl. brtt.: „Í stað „20 þúsund" á tveim stöðum í fyrri málsgrein 1. greinar komi: 24 þúsund." Þessi brtt. er aðeins frá tveim mönnum í n.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina skriflegu brtt. frá hv. þm. V-Ísf. og hv. 2. þm. Reykv. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 750) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins út af brtt., sem hv. þm. V.-Ísf. mælti nú fyrir, og hins vegar áliti meiri hl. n., sem ég vildi segja örfá orð. — Þegar farið var að athuga, hvað kleift mundi vera að gera til þess að lækka skatt á lægstu tekjum, var rannsakað, hvernig það verkaði fyrir tekjur ríkisins, og þá var miðað við ýmis tekjubil. Og niðurstaðan varð sú að gera till. þá, sem er í frv. Og þar er miðað við 20 þús. kr. í hreinar tekjur á ári, þ. e. a. s. að frá dregnum stéttarfélagsgjöldum og öðrum gjöldum, sem heimilt er að draga frá við útreikning á skatti, áður en skattur er á lagður. Þetta er mjög nálægt því að vera tekjur verkamanns, sem hefur atvinnu hvern einasta virkan dag á árinu, og nánast miðað við það. Það kom í ljós, að gera mætti ráð fyrir, að það yrðu mjög margir skattþegnar, sem hefðu tekjur um þetta bil. Það sýndi sig, að þó að ekki væri farið lengra en þetta, mundi tapið af þessu fyrir ríkið verða rúmlega 2 millj. kr. Og það munaði þó nokkuð um það, sem þetta tap færi vaxandi, ef takmarkið fyrir lágtekjunum í þessu tilliti væri sett nokkru ofar, og þótti því ekki fært að ganga

lengra í þessu en hér er gert ráð fyrir í frv. Ef brtt. þeirra hv. þm. V-Ísf. og hv. 2. þm. Reykv. væri samþ., mundi skatttapið muna meiru samkv. þessari brtt., og ég held, að óhætt sé að segja, að svo sé teflt á tæpasta vað um afkomu ríkissjóðs, að ég vildi ráða á móti því að samþ. þessa brtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um afkomuhorfur ríkisins í sambandi við þetta, þá er líka önnur afkoma, sem verður að athuga í þessu sambandi. Það er afkoma alþýðuheimila landsins. Ég skil ekki, hvernig alþýðuheimili eiga að komast af hér í Reykjavík, með þeirri dýrtíð sem er, með tekjur upp á 20 þús. kr. á ári. Og ég held, að þó að ríkið leggi eina millj. kr. í viðbót í sölur í sambandi við lækkun tekjuskatts á lágtekjum, þá standi ríkið undir því. Það hefur lagt það þungar byrðar á alþýðuna nú. Hins vegar standa fátækar fjölskyldur ekki undir þessu, sem af því opinbera hefur verið lagt á alþýðuheimilin nú. Ég held, að það megi ekki líta svo einhliða á tekjuþörf ríkissjóðs, að við gleymum að líta á þarfir alþýðuheimilanna, sem þarf að uppfylla, til þess að fólkið þar geti lifað. Og það hefur verið lagt svo þungt álag á alþýðu manna á þessu þingi, að ég held, að það ætti ekki að láta sig muna um þá litlu viðbót, sem þarna er farið fram á, viðkomandi lækkun tekjuskattsins af lágtekjum í brtt. okkar hv. þm. V-Ísf., þó að þarna mundu koma nokkur heimili undir, eins og hv. þm. V-Ísf. sýndi fram á. Vil ég því eindregið mæla með því, að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 750 felld með 19:9 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal eigi tefja málið eða umr. um það. Vil ég aðeins leyfa mér að taka upp brtt., sem flutt var í hv. Nd., en felld þar, þess efnis, að í stað „20 þúsund" á tveim stöðum í fyrri málsgr. 1. gr. komi: 24 þúsund. — Ég held, úr því að viðurkennd er ástæða þess að létta skattabyrðar þeirra manna, sem eru svo tekjulágir, að þeir eiga fullt í fangi með þá dýrtíð, sem er í landinu, að þá séu eigi frambærileg rök fyrir því að hafa upphæð þessa lægri en 24 þúsund kr. Ég tel mig ekki þurfa að færa fram sérstök rök fyrir þessu, en ég vil leyfa mér að flytja hér skriflega brtt. þess efnis, að í stað 20000 kr. á tveimur stöðum í 1. gr. komi 24000 kr., og vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari till.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 792) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 792 felld með 8:4 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 804).

---

29. Skemmtanaskattur og þjóðleikhús o. fl.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús [165. mál] (stjfrv., A. 716).

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur þjóðleikhúsið verið fullgert og er tekið til starfa. Og verður ekki annað séð af því, sem fram er komið undanfarnar vikur, en að þjóðin hafi fagnað því mjög að hafa fengið þetta veglega hús til umráða.

En það fylgir nú nokkur böggull skammrifi, þ. e. þessari gjöf, sem þjóðin fékk nú fyrir skömmu, sem er, að leikhúsbyggingin er enn í stórskuldum, sem nema nú um 3,3 millj. kr., þ. e. a. s. óreiðuskuldum. Og það er nú svo, að þeir, sem að byggingunni hafa unnið nú síðasta misserið, eiga margir hverjir inni þar stórfé. Og það er nú komið svo, að þessi fyrir-

tæki, sem að þessu hafa unnið, eru komin í mikla fjárþröng af þessum sökum.

Það hefur ekki reynzt létt verk að afla nægilegs fjár til þess að standa straum af byggingunni. Það hefur verið tekið að láni fé út á þær tekjur, sem þjóðleikhúsinu reiknast að fá um tíu ár fram í tímann af skemmtanaskattinum. Og nú eru engin ráð til fyrir þjóðleikhúsið til þess að komast út úr þessum skuldum, önnur en að flýja á náðir hæstv. Alþ. og fá það til þess að létta þessa erfiðu aðstöðu sem þjóðleikhúsið er komið í. Jafnvel þó að með ríkisábyrgð sé, er ekki auðvelt nú að fá lán. En það verður að gera eitthvað til þess að komast út úr þessu. Því að svona getur það ekki gengið lengur.

Eins og hv. þm. er kunnugt, þá var skemmtanaskatturinn upphaflega lagður á til þess að standa undir byggingu leikhússins. Það hafa verið gerðar ýmsar áætlanir um bygginguna og kostnaðinn við hana, sem illa hafa staðizt. Og vegna þessa var það gert — vissulega af misskilningi, — að tekjurnar af skemmtanaskattinum voru látnar renna frá leikhúsinu um skeið, af því að menn héldu, að það mundi vera hægt að koma því upp fyrir það fé, sem var fyrir hendi. Hins vegar kom það á daginn, að þetta var alls ófullnægjandi. Og þá var komið aftur til þingsins, til þess að fá leikhúsinu í hendur aftur nokkra hlutdeild í skemmtanaskattinum, svo að það fær 25%. Og það er búið að veðsetja þessi 25% í 10 ár fram í tímann, og vantar samt að ráðstafa á fjórðu millj. kr. skuld.

Nú fer ég fram á, að hluti leikhússins af skemmtanaskattinum verði hækkaður í 45%, á meðan fé er að koma inn til þess að greiða skuldir hússins.

Ég vil taka fram, að ég álít, að félagsheimilasjóður sé alls góðs maklegur. En ég tel, að leikhúsið eigi samt sem áður forgangsrétt í skemmtanaskattinum, þangað til leikhúsbyggingin er að fullu greidd. Það er ekki hægt að standa með þessa stóru byggingu þannig að hafa á henni meira en þrjár millj. kr. áhvílandi skuldir, þar sem hver og einn af þessum skuldareigendum, sem hjá fyrirtækinu eiga, gæti gengið að þessari byggingu og heimtað hana boðna upp. Þetta mál verður því að leysast. Og ég treysti því, að þingið vilji fallast á þá skoðun, að réttmætt sé, að leikhúsið fái þennan hækkaða skerf, sem lagt er til hér í frv., að það fái af skemmtanaskattinum. Þetta mál þarf að fá afgreiðslu, af því að húsinu er lokið. Og ég vænti, að hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, ljúki skjótlega störfum, til þess að hennar álit geti komið fyrir þingið strax á mánudag.

Ég vil að svo búnu óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var mitt hlutskipti í fyrra að leggja til, að l. yrði breytt í svipaða stefnu. Þegar l. voru sett um að skipta skattinum, þá var það gert í þeirri trú, að skatturinn, sem skilinn var eftir fyrir þjóðleikhúsið, nægði fyrir byggingarkostnaðinum. Þær upplýsingar, sem þetta var byggt á, hafa reynzt lítils virði, og valda því ýmsar ástæður, sumar minna afsakanlegar. Mér er nær að halda, að þm. hafi gengið út frá því, þegar l. voru sett, að fyrst yrði það tryggt, að nægilegt fé væri fyrir hendi til þess að ljúka við þjóðleikhússbygginguna. Þegar kostnaðurinn reyndist meiri en áætlað hafði verið, var gripið til þess ráðs að fá þjóðleikhússjóði aftur nokkurn hluta af skattinum. Nú hefur enn komið í ljós, að kostnaðurinn verður meiri en reiknað var með, og þarf því að hækka hundraðshluta þjóðleikhússjóðs. Þó að það sé ekki skemmtilegt að draga frá félagsheimilasjóði, verður ekki hjá því komizt, þar sem telja verður, að þjóðleikhúsið hafi hér fyrsta rétt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það hefur verið um það rætt meðal þm., að þinglausnir yrðu innan skamms, helzt um miðja næstu viku. Er þetta frv. var lagt á borðið í fyrradag, hélt ég ekki, að stj. vildi lögfesta það nú, heldur væri meiningin að kynna þm. þær upplýsingar, sem eru í grg. Eftir ræðu hæstv. menntmrh. er það hins vegar ljóst, að ætlun hans er, að þetta verði lögfest áður en þessu þingi lýkur og að n., er um það á að fjalla, hafi aðeins einn helgidag til umráða. Ég verð að segja, að mér finnst ekki sanngjarnlega á málum haldið gagnvart þm., einkum þegar þess er gætt, að þjóðleikhúsið er ekki stundarfyrirbrigði, og hefði verið nær að taka málið fyrr til athugunar, ef ástæða þótti til að breyta l.

Ef litið er á forsögu málsins, er rétt að líta til ársins 1946, það er ástæðulaust að fara lengra aftur í tímann. Þá er þar til máls að taka, að haustið 1946 var það talið liggja fyrir, að fé það, sem þjóðleikhússjóði hefði áskotnazt í árslok 1947, væri nægilegt fyrir stofnkostnaði. Hér voru þá haldnir fundir menntmn. og byggingarn., og byggingarn. lagði fram skilríki fyrir því, að þetta yrði nægilegt. Því fór fjarri, að gengið væri fram hjá byggingarn. við afgreiðslu málsins. Snemma vors árið 1947 voru sett l., er ákváðu nýja ráðstöfun skemmtanaskattsins, til félagsheimilasjóðs, og hafði íþróttan. tillögurétt varðandi styrkveitingar úr sjóðnum. Frá því að þessi l. voru sett liðu ekki full tvö ár, þar til ljóst var, að upplýsingar þær, sem byggingarn. hafði gefið þinginu, mundu ekki standast. Það kom í ljós seint á árinu 1948, að allmikið fé vantaði til greiðslu stofnkostnaðar þjóðleikhússins. Þá var farið inn á þá braut, sem hæstv. ráðh. gat um, að fresta framkvæmd l. frá 1947 og færa 25% skemmtanaskattsins í byggingarsjóð þjóðleikhússins til þess að standa straum af lánum. Málið var allengi á döfinni, og reynt var að miðla svo málum, að allir mættu sem bezt við una. Ég hygg, að eftir atvikum hafi það tekizt vel. Þessi l. voru samþ. 17. maí 1949 eftir þeim áætlunum, sem þá voru gerðar og fyrir lágu frá forstöðumönnum þjóðleikhússins. Í dag er 13. maí 1950, ekki alveg heilt ár síðan þessi l. voru samþ., og nú er upplýst, að hagur þjóðleikhússins sé þannig, að lausaskuldir þess séu 3.3 millj. kr. og enn fremur hafi verið tekin föst lán, er nemi tæpum 6 millj. kr., auk vaxta. Það vantar því

9—10 millj. kr. til þess að þjóðleikhúsið sé skuldlaust. Það verður ekki annað sagt en að mikið beri á milli þess, sem áætlað var 1947 og 1949, og niðurstöðunnar 1950. Ég veit ekki, í hverju það er fólgið, en væntanlega hefur ráðun. fengið upplýsingar um það frá byggingarn., og sennilega eru till. stj. byggðar upp með hliðsjón af þeim. Ég tel sjálfsagt, að n. fái að kynnast öllum skilríkjum varðandi málið, og ef þau liggja ekki fyrir, að n. fái að kynna sér málið til hlítar, áður en það verður afgr.

Þá tel ég rétt að víkja að því, hvort það er að ófyrirsynju, að félagsheimilasjóður fái þann hluta af skemmtanaskattinum, sem hann nú fær. Ég fullyrði, að svo er ekki, og tel fyllstu ástæðu til að ætla, að sjóðurinn þurfi þessar tekjur. Ég hef ástæðu til að ætla, að íþróttan. ríkisins hafi þegar veitt loforð um stuðning, sem nemi það miklu, að þó að sjóðurinn fengi óskertar tekjur, mundu þær ekki nægja til annars en að standa við þegar gefin loforð. Það kann að vera staðreynd, að fjárhagur þjóðleikhússins sé á þann veg, sem hér er greint frá, og þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig úr því megi bæta án þess að skerða tekjur félagsheimilasjóðs.

L. um skemmtanaskatt eru gömul. Stofninn er frá 1927, en ofan á hann hefur síðan verið lagt álag með sérstökum l., sem verið hafa í gildi eitt ár í senn og verið framlengd árlega. Þetta álag hefur verið óbreytt, að því er ég held, átta síðustu árin, en ekki hefur þetta verið í fastari skorðum en það, að borið hefur við, að stj. hefur gleymt að framlengja það og orðið að gefa út brbl. Ég vil vekja athygli á því, að mér finnst koma til greina að samræma og fella í eina heild öll ákvæði varðandi þetta og búa þá svo um, að þjóðleikhúsið geti staðið straum af skuldum sínum.

Ég skal svo ekki hafa um þetta miklu fleiri orð. Það virðist ósk hæstv. menntmrh. nú að vega enn í sama knérunn og gert var 17. maí 1949, skerða tekjur félagsheimilasjóðs til þess að afla tekna í þjóðleikhússjóð, og hæstv. ráðh. vill, að þetta verði gert svo fljótt, að n. hefur aðeins einn helgan dag til þess að athuga málið. Ég verð að segja, að ég tel þetta ekki sanngjarnt í garð þm.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Tveir ráðh., hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., hafa mælt með þessu frv. og byggt á því, að þetta væri eina ráðið til þess að þjóðleikhúsið gæti staðið við skuldbindingar sínar. Það er sjálfsagt rétt, að þeir líta svo á, að þessi þörf sé fyrir hendi. Hitt virðist á skorta, að þeir geri sér grein fyrir því, að eins stendur á fyrir hinum aðilanum, þeim, er reisa félagsheimili, en félagsheimilin eru samkomustaðir þeirra byggðarlaga, sem þau hafa reist, og nauðsynlegur þáttur í félagslífi hinna dreifðu byggða. Þeir, er að þeim standa, leggja mikið á sig, því að styrkurinn er aðeins lítill hluti af byggingarkostnaði. Það er því í stórum stíl um þegnskylduvinnu að ræða, í fyllstu merkingu orðsins. Fjöldi manna, sérstaklega æskan — og það er gleðilegt — færir þar miklar fórnir. Það mundi reynast ómögulegt að sinna þessu hlutverki, ef meginhluti vinnunnar væri ekki gjafavinna, framlagsvinna án endurgjalds. Þannig er aðstaðan til þess að skapa félagslíf úti um hinar dreifðu byggðir.

Þegar skemmtanaskattinum er skipt milli þjóðleikhússins og félagsheimilanna, leiðir af sjálfu sér, að hvor aðili hagar framkvæmdum í samræmi við fjárvon samkvæmt l. og von um lántöku. Þetta er grundvöllurinn, sem byggt er á. Nú er það vitað, að í báðum tilfellum hefur verið gengið lengra og stofnað til meiri lántöku en full varfærni bauð. Þetta er ljóst um þjóðleikhúsið, og ég ætla, að hlutfallslega svipaðir erfiðleikar steðji að félagsheimilunum. Mér skilst líka, að komið hafi í ljós, eftir því sem haft er eftir íþróttan., að stj. hafi leitað til hennar um að hún léti af hendi fé, en þau svör borizt, að búið væri að ráðstafa fénu. Mér finnst því, að ekki verði gripið til þess að leysa mál þjóðleikhússins með því að stefna aðilum félagsheimilanna í vandræði. Það er engin lausn. Ég vil vekja á því fullkomna athygli, að þó að erfitt kunni að vera að útvega þetta fé fyrir þjóðleikhúsið, þá er það betur sett en hinn aðilinn, því að stj. þjóðleikhússins má taka lán með samþykki ráðh., og er þá vitanlega litið svo á, að ríkissjóður ábyrgist það fyrir þjóðleikhúsið. Þessu er ekki til að dreifa úti um landsbyggðina. Lánin hvíla þar persónulega á hlutaðeigandi aðilum, og ef sjóður félagsheimilanna er skertur, verður þröngt fyrir dyrum og erfitt að standa straum af þeim lánum, sem tekin hafa verið á grundvelli l. Hér er því hallað á veikari aðilann. Ég trúi því ekki, að ekki megi finna annað úrræði. Ég vil því skjóta því til n. og stj. að finna önnur úrræði til þess að leysa þann vanda, sem skapazt hefur við að ljúka byggingu þjóðleikhússins, því að það er vandi, sem þarf að leysa. En það má ekki stofna veikari aðila í vandræði, er torleystari eru en að stj. þjóðleikhússins geti staðið við sínar skuldbindingar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Hv. þm. A-Sk. minntist eitthvað á íþróttan., en hún getur, því miður, ekki orðið að miklu liði í þessum efnum. Ég vildi hins vegar taka undir það, sem hv. tveir síðustu ræðumenn hafa sagt, og það er ekki af neinni manngæzku við æskuna utan Reykjavíkur, heldur líka fyrir hönd æskunnar í Reykjavík. Ég held, að enginn geti lokað augunum fyrir nauðsyn þess að afla fjár til félagsheimila, svo að æskan úti á landi fái betri aðstöðu til félagslífs en verið hefur. Hitt er annað mál, að þessa er nauðsyn fyrir þjóðleikhúsið, og er þá komið að efni þessa máls, sem ræða verður sérstaklega. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þjóðleikhúsið væri svo illa á vegi statt fjárhagslega, að það yrði að bjóða það upp. *(Viðskmrh.:* Ég sagði, að hægt væri að bjóða það upp.) En það eru fleiri þannig á vegi staddir nú, að við liggur, að selt sé á uppboði. Mönnum þykja engin býsn, þó að framleiðslutæki, eins og Hæringur, séu auglýst á uppboði. Og þó er þar ekki annað en greiðslu frestað og eftirgjöf af hálfu þess opinbera, sem

hefur forðað meiri hluta veiðiflotans frá uppboði. Þetta mættu menn vel hugleiða í þessu sambandi, og gat ég ekki stillt mig um að benda á slíkar staðreyndir. Hitt er annað mál, að úr því að leikhúsið hefur svo nýlega verið opnað, kemur ekki til mála að fara að auglýsa það, og mun ég koma í veg fyrir það eftir því, sem í valdi mínu stendur. En ég vildi vekja athygli hv. alþm. á því, hversu ástatt er í þjóðfélaginu. Það er margt annað en þjóðleikhúsið, sem þörf er á að rétta hjálparhönd, og þá helzt í framleiðslustarfseminni, og þótt þarfir leikhússins séu miklar, þá er eigi minni þörfin fyrir félagsheimili úti um allt land. Þetta er þá í sambandi við það, sem ráðherra minntist á um uppboð á þjóðleikhúsinu, og getur verið, að það hafi verið eitthvað of sagt hjá mér.

Þá vil ég líka leiða athygli að fjárhagshliðinni. Við vorum nú að afgreiða fjárl. í gær, og það gekk furðu erfiðlega með sumar brtt., t. d. tvær, sem voru fluttar af mér. En nú vantar Guðlaug Rósinkranz nokkrar krónur. Hæstv. fjmrh. segir, að þær vanti, og þá á að vera „eðlilegt að hækka". Þetta er nú svo og svo, að þegar búið er að afgreiða fjárl., þá séu hækkanir bara eðlilegar, ef peninga vantar einhvers staðar. Ég er ekki andstæður þessu máli. Mun ég greiða atkv. með því til n. og jafnvel lengra, en ég vildi eigi láta umr. líða svo, að eigi sé bent á þetta, annars vegar varðandi uppboðin og hins vegar varðandi hinar eðlilegu hækkanir.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég viðhafði ekki þau orð, að til stæði að bjóða upp þjóðleikhúsið, heldur að þeir, sem krófur eiga um fjárgreiðslu á hendur því, hafi rétt til að heimta, að leikhúsið sé boðið upp. Ég mæli því eigi bót, að verið er að bjóða upp aðra hluti, framleiðslutæki þjóðarinnar — síður en svo — og harma það mjög. Ég held, að sómi okkar muni ekki vaxa við það, að þjóðleikhúsið, sem búið er að vera að byggja í 20 ár og nýlega hefur verið opnað, kæmi í Lögbirtingi næstu vikur. Ég vanmet á engan hátt fjárþörfina fyrir félagsheimilasjóð og það hlutverk, sem félagsheimilin gegna í sveitum landsins, en þetta frv. er fram komið af brýnni þörf. Sé ég ekki aðra leið til bjargar en þessa. Á ríkisstj. hvílir engin kvöð að greiða fyrir leikhúsið, og þar eð hæstv. fjmrh. bresta allar heimildir til að veita greiðslur fyrir leikhúsið, er eigi í annað hús að venda en leita til þeirrar stjórnar, er haft hefur byggingu þess með höndum. Ég afsaka ekki á nokkurn hátt útreikningana af þessari byggingu. Þeir hafa verið gerðir til að standast, en að líkindum hefur enginn þeirra staðizt. Það er fyllilega réttmætt af hv. þm. A-Sk. að ávíta þessa meðhöndlun á málinu, ef svo má segja. Ég skil þó ekki, að hægt sé að segja, hverjum mönnum sé hér um að kenna. En maður verður hálfhvumsa, þegar litið er á einn lið áætlunarinnar og hinn næsta og það sést, að þeir liðir hafa farið yfir 100% fram úr áætlun. M. ö. o.: Það, sem áætlað var, að þyrfti til að gera hið sérstaka verk, sem ákveðið var, varð tvöfalt hærra. Ég er sem sagt ekkert að afsaka þetta. En þetta mál verður að leysa, og sé ég eigi aðra leið en þessa.

Hv. þm. Borgf. sagði, að það væri verkefni ríkisstj. að leysa þennan vanda þjóðleikhússins. Má þá segja, að það sé alveg eins kvöð á ríkisstj. að leysa fjárþörf félagsheimilanna. En ég tel, að leikhúsið eigi forgangsrétt að skemmtanaskattinum. En þegar leikhúsið er fullgreitt, má deila um, hver eigi að koma næst, og mun ég ekki mótmæla því, að félagsheimilasjóður komi næst. Ég vil í sambandi við það benda á eitt atriði. Hér er eigi verið að taka allan styrkinn frá félagsheimilunum, en allar líkur benda til þess, að erfitt muni verða á næstunni að fá fjárfestingarleyfi til byggingar nýrra félagsheimila, svo að fjárþörfin til nýrra félagsheimila verður ekki brýn. Ég vænti þess, að hv. þingmenn, þótt þeir séu á mismunandi skoðunum um þetta mál, muni leggjast á eitt að leysa það á þann veg, að það verði okkur hvorki til tjóns né vansa.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. — Þetta mál hefur áður verið í þ., og kemur það dálítið fram, að verið er að deila um fjárhæð, sem hefur verið tekin af þjóðleikhússjóði, sem eigi var talinn þurfa hennar með. *Alþ. hefur hér gengið á bak orða* sinna með því að taka skemmtanaskattinn til annarra þarfa, áður en menn vissu, hvort þjóðleikhúsið kynni að þurfa hans með. En þar sem þeir deila um þetta, gat ég ekki látið hjá líða að minnast á hvildarheimili verkamanna.

Við opnun þjóðleikhússins voru haldnar ræður um hið stóra afrek á sviði listarinnar. Við værum svo stór þjóð, að við hefðum byggt yfir listina. En sömu menn hafa ekki hugsað um það, að fyrir 2—3 árum voru menn búnir að ákveða það að svipta þjóðleikhúsið reifunum, áður en það var í heiminn borið. Getur vel verið, að ég hafi þessa skoðun vegna þess, að ákveðið var, að alþýða Reykjavíkur skyldi ekki fá inni í félagsheimilunum.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér er um að ræða breyt. á l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Eins og bent hefur verið á af öðrum, hafa frv. um þetta legið tvisvar áður fyrir þ. fyrir skömmu. Í bæði skiptin voru þau til athugunar í menntmn. þessarar hv. d., en eigi í fjhn. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðh., hvort hann vilji eigi fallast á að breyta till. sinni svo, að málið fari til hv. menntmn., því að undanfarið hefur það verið þar til meðferðar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta mörgum orðum við það, sem sagt hefur verið um málið við þessa umr. Mér virðist það dálítið hæpið, sem fram hefur komið frá ýmsum við þessa umr., að þjóðleikhúsið eigi lagalegan rétt til skemmtanaskattsins. Ég hef aldrei getað skilið, að það ætti neinn sérstakan rétt til hans. Þar sem skemmtanaskatturinn er, er um að ræða tekjustofn, sem eðlilegt er, að sé tekjustofn fyrir ríkissjóð, og hann getur verið ákveðinn með l., þó að ekkert sé byggt. Þótt þ. hafi tekið upp þann hátt að á-

kveða, að þessi tekjustofn skyldi nytjaður til þessarar framkvæmdar, þá kemur ókunnuglega fyrir að heyra menn segja, að þjóðleikhúsið eigi rétt til hans og þ. hafi gert eitthvað rangt með því að verja þeim tekjum til annarra hluta. Ég verð að segja, að það er mjög fjarri lagi að halda slíku fram. Nú, — þetta vildi ég gjarnan láta koma fram, því að ég hef ekki heyrt, að þetta hafi komið annars staðar frá.

Ég skal ekki gera að umræðuefni þessa framkvæmd eða þær áætlanir, er gerðar hafa verið. Það hefur verið rætt sérstaklega af hv. þm. A-Sk. En hvað sem líður þeirri staðreynd, að engan veginn hafa verið borgaðar upp þær skuldir, sem á þjóðleikhúsinu hvíla, þá finnst mér neyðarúrræði að taka inn í þetta stjfrv. aðrar framkvæmdir, sem í sjálfu sér eru alveg eins nauðsynlegar og eiga eins mikinn rétt á að fá fé og þjóðleikhúsið. Ég vildi, eiginlega í framhaldi af orðum hv. þm. A-Sk., skjóta því til hv. n., sem málið fær til meðferðar, hvort eigi væri ráð að afla þjóðleikhúsinu tekna án þess að taka þær frá öðrum framkvæmdum, og ekki tiltækilegt að hækka skemmtanaskattinn um það, sem nemur þessum 20%, og sú fjárhæð gengi þá til þjóðleikhússins. Ég vildi skjóta því fram án þess að gera það að till. minni, til athugunar fyrir hv. n., og í framhaldi af því, sem hv. þm. A-Sk. mælti hér áðan.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. menntmrh., að vafi kynni á því að leika, hvort hægt yrði að byggja félagsheimili á næstu árum sökum skorts á byggingarefni. Út af því vil ég ítreka það, sem ég gat um áðan, að þannig mun vera háttað, að þegar er búið að veita loforð um stuðning við þau félagsheimili, sem byrjað er á að reisa víðs vegar um land. Það eru loforð, er tekjurnar munu ekki neitt árið fram á árið 1952 gera betur en hrökkva til að efna.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði örfá orð og lét þau orð falla, að þeir, sem staðið hefðu að setningu l. um skemmtanaskattinn, hefðu svo sem verið að svipta þjóðleikhúsið reifunum. Sú lagasetning var gerð með vitund þeirra forráðamanna hússins, sem fjölluðu um byggingu þess. — Þá kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að eigi hefði verið tekið tillit til félagsskapar verkamanna, þegar l. voru sett um félagsheimili. Í því sambandi vil ég minna á, að þegar l. voru sett, þá var um það rætt, hvort hægt yrði að fella saman félagsheimili í sveitum og hvíldarheimili fyrir verkamenn í bæjum, og sást þá, að það mundi eigi henta, því að í félagsheimilum sveitanna var eigi gert ráð fyrir aðstöðu til dvalar, svefnherbergjum o. þ. h., en það þyrfti að vera, ef þar ættu að dveljast verkamenn að sumri til. Var þá bent á, að teknir yrðu upp samningar við verkalýðsfélögin um afnot af heimavistarskólum sveitanna. Ég vil drepa á þetta varðandi orð hv. 6. þm. Reykv.

Forseti (SB): Ég skal geta þess, að hæstv. menntmrh. hefur fallizt á, að málið fari til þeirrar n., þar sem það hefur verið áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 18:5 atkv.

Á 101., 102. og 103. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Nd., 16. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 716, n. 761 og 766).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. N. hefur haft þetta frv. til athugunar og afgr. það á þann veg, að 3 nm., hv. 9. landsk. þm., hv. 3. landsk. þm. og ég, hafa orðið sammála um að mæla með afgreiðslu þess óbreytts. 2 hv. nm., þeir hv. 5. landsk. og hv. þm. A-Sk., telja sig ekki geta mælt með frv. óbreyttu, og munu gera grein fyrir sinni afstöðu. Við, sem að því stóðum að mæla með frv. óbreyttu, gerðum okkur að vísu ljóst, að hér væri að ýmsu leyti um óyndisúrræði að ræða. En þar sem brýn nauðsyn ber til þess, að séð verði fyrir skuldamálum þjóðleikhússins, og við treystum okkur ekki til að bera fram aðra till. í þessu efni, mælum við sem sagt með því, að hv. d. afgr. þetta frv. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. í d., lét ég í ljós þá skoðun, að það kæmi nokkuð seint fyrir þessa hv. d., í annað stað gagnrýndi ég nokkuð, hve geysilegur munur væri á áætlununum um byggingarkostnað þjóðleikhússins og því, sem niðurstöður væru taldar sýna. Ég skal nú ekki eyða tíma í að fara nánar út í þessi atriði, en mun víkja að því nál., sem ég hef lagt fram á þskj. 766. Eftir að þetta mál var hér til 1. umr. s. l. laugardag, hélt menntmn. einn fund. Engin skilríki lágu fyrir n. um það, af hverju sá mikli byggingarkostnaður þjóðleikhússins, sem þm. er sagt að orðið hafi, stafar. Engin skilríki lágu fyrir n. um það, hverjum þjóðleikhúsið skuldar. Ekki var heldur neitt upplýst um það, hvort byggingu þjóðleikhússins sé raunverulega að fullu lokið, þannig að allur kostnaður, sem færast kunni sem stofnkostnaður hússins, sé kominn til greina nú þegar. Í því sambandi má benda á, að svo kynni að vera, að einhverjir teldu þörf á að lagfæra nokkuð utan húss og færa það til byggingarkostnaðar. En það lá ekkert fyrir n. um þetta atriði, né heldur, hvort byggingarn. þjóðleikhússins, sem svo er kölluð og hefur staðið fyrir byggingu hússins, er ætlað að starfa áfram eða ekki. Ég sé í frv., sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj., að það á að ganga í gildi, ef að l. verður, 1. júní þ. á., og þar segir í 2. gr. frv., „Byggingarn. þjóðleikhússins er heimilt að taka lán.“ Þetta virðist benda til þess, að byggingarn. eigi enn, þó að þetta frv. verði að l., að vera virkur aðili í þessu máli, en engar upplýsingar hefur menntmn. fengið um þetta atriði heldur. Þegar af þessum ástæðum þótti mér málið illa upplýst og ekki nægilega vel undirbúið og gat því naumast,

þegar af þessum ástæðum, verið alveg skilyrðislaust með því. En svo kemur fleira til. Hér er um allmikið fjárhagsmál að ræða, sem snertir sérstaklega eina starfsgrein félagslegs eðlis í landinu, félagsheimilasjóð, sem stendur straum af stofnkostnaði félagsheimilanna að verulegu leyti, eins og l. eru nú. En frá þeim var gengið í fyrra með skiptingu á skemmtanaskattinum, og þá fær félagsheimilasjóður 40% af skemmtanaskattinum. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að minnka þetta framlag til félagsheimilasjóðs um helming, færa hluta hans af heildarskattinum niður í 20%. Skemmtanaskatturinn í heild mun hafa numið undanfarin ár 2—3 millj. kr., eða nánar tiltekið frá 2 og upp í 2½ millj. kr. ár hvert. Eins og l. eru nú um skipting skemmtanaskattsins, fær þjóðleikhúsið til umráða helming þessa fjár, eða 50% af skattinum. 25% á að fara til rekstrar þjóðleikhússins og 25% til að standa straum af stofnkostnaði hússins. En með þessu frv. er gert ráð fyrir, að þjóðleikhúsið eitt fái 70% af skattinum. Hér er því um tilfærslu að ræða, sem skv. frv. nemur 20% eða ⅕ af skemmtanaskattinum, eins og hann er í heild. Af þessu má sjá, að frv. stefnir að því að færa frá félagsheimilasjóði 400 til 500 þús. kr. árlega. Þær upplýsingar eru í grg. þessa frv., að skuldir þjóðleikhússins í heild nemi milli 9 og 10 millj. kr., 6 millj. séu föst lán, en 3,3 millj. séu lausar skuldir. Nú liggur það í augum uppi, að 3,3 millj. kr. af lausaskuldunum verða ekki greiddar á þessu ári með þeim hluta af skemmtanaskatinum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að fari til þjóðleikhússins. Í fyrsta lagi vegna þess, að þótt frv. gilti heilt ár, þá mundi fjárhæðin ekki vera nema um 400 þús. kr., og nú er ætlazt til þess, að frv. komi í gildi 1. júní, þannig að það gildir aðeins síðustu 7 mánuði ársins. Það liggur því í augum uppi, að skuldamál þjóðleikhússins verða ekki leyst á þann hátt einan að gera þá tilfærslu á milli félagsheimilasjóðs og þjóðleikhússins eins og hér er stefnt að. Það hlýtur að vera óhjákvæmilegt að taka lán vegna lausaskulda þjóðleikhússins, hvort sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. Og með því fé, sem hér er ráðgert að færa á milli, mundi það taka 6 til 8 ár að greiða afborganir af 3,3 millj. kr. Nú má gera ráð fyrir, að einhverjir vextir falli á slík lán, svo að þegar það bætist við, þá sjáum við í hendi okkar, að hér er um alllangt tímabil að ræða, sem gert er ráð fyrir, að þetta frv. eigi að gilda. Að því er snertir þjóðleikhúsið, verður því útkoman sú, að hvort sem frv. er samþ. eða ekki, þá verður óhjákvæmilegt að taka lán vegna lausaskuldanna og leysa málið á þann hátt, en sú hliðin, sem snýr að félagsheimilasjóði, er á þá leið, að með þessu er stefnt að því að færa frá honum a. m. k. 400 þús. kr. tekjur, sem honum ber nú árlega um alllangt árabil, eða að því er ætla má í 8 til 10 ár.

Ég hefði talið á allan hátt eðlilegra og fara betur á því, að þetta frv. yrði ekki knúið í gegn nú og að þetta mál í heild yrði athugað nokkru gerr en tími vinnst til á þessum síðustu klukkutímum, sem þing situr, og leitazt verði eftir, þegar þing kemur saman í október í haust, að gera þá nýjar till. í málinu og byggja þær þannig upp, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, gætu sem bezt við unað. En ég er þess fullviss, ef málið verður afgr. eins og það liggur fyrir nú, að þá verður ekki ánægja með þá afgreiðslu, og það er mjög vafasamt, að þetta verði þá lokaorðið í málinu. Á það vil ég enn fremur benda, sem ég reyndar tók fram við 1. umr. málsins, að ákvæðin um skemmtanaskatt eru nokkuð á víð og dreif, eins og þeim er nú fyrir komið, og m. a. af þeim ástæðum er tímabært að fella þau saman í eina heild, flokka skemmtanaskattinn jafnvel öllu meir heldur en gert er enn í gildandi lagaákvæðum. Og vildi ég þá vekja athygli á því í sambandi við slíka endurskoðun, að reynt væri að miðla málum á þann hátt, að hægt væri með sómasamlegu móti að taka tillit til þeirrar skuldar, sem nú hvílir á þjóðleikhúsinu.

Af þessum ástæðum, sem ég hef nú dregið fram hér, í fyrsta lagi vegna þess, að mál þetta er alls ekki vel upplýst og engin skilríki liggja fyrir um það, sem bak við þetta mál liggur, og í öðru lagi vegna þess, að hér er einhliða stefnt að því að færa tekjur frá félagsheimilasjóði til þjóðleikhússins, án þess að nokkrar aðrar leiðir séu athugaðar, og í þriðja lagi vegna þess, að það er fullkomlega tímabært að fella saman í eina heild gildandi ákvæði um skemmtanaskatt og endurskoða málið allt í sambandi við það, þá legg ég til, að frv. þetta verði að þessu sinni afgr. með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er á þskj. 766.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Hv. þm. A-Sk. segir, að ef þetta frv. verði samþ., þá yrði það ekki síðasta orðið í málinu. Það mætti kannske segja honum um leið, að ef þetta frv. verður ekki samþ., þá verður það heldur ekki síðasta orðið í málinu. Út af því, sem hann sagði um undirbúning málsins, þá sé ég ekki, að það skipti máli eins og sakir standa. Það er upplýst, hvernig fjárreiður leikhússins eru, og það er öllum ljóst, að þessar skuldir verður að inna af hendi, og ég hef áður lýst því yfir, að ég sé enga leið til þess að inna þessar skuldir af hendi nema á þennan hátt. Það getur vel verið, að hv. þm. sjái einhver ráð til þess að greiða þessar skuldir, en ég sé ekki, hvernig það á að verða. Hvað snertir byggingarnefndina, þá er hún enn þá við störf, enda eðlilegt, að hún haldi sínu starfi, þangað til búið er að ganga frá byggingunni, eins og í upphafi var til ætlazt, og skila henni skuldlausri eða sjá fyrir því, hvernig skuldirnar ætti að greiða, enda skiptir það ekki miklu máli, hvort byggingarnefndin starfar, eins og nú er komið, að öðru leyti en því, að mér skilst, að hv. þm. sé hræddur um, að ef hún starfi áfram, þá verði haldið áfram að byggja þjóðleikhúsið. Ég hygg, að þetta sé ástæðulaus ótti, því að húsinu er að öllu leyti að verða lokið. Það kann að vera eitthvað smávegis eftir, ég hef heyrt, að það væri eftir að ljúka við raflögn, en það mun ekki heldur vera annað, sem um er að ræða.

Skemmtanaskattur sá, sem hér er verið að deila um, kemur 90% frá Reykjavík. Frá Reykjavík kemur 2,4 millj. króna skemmtanaskattsins, en allur mun skemmtanaskatturinn vera 2,6—2,8 millj. króna. Af þessum 2,4 millj. króna borga kvikmyndahúsin í Reykjavík nærri 1½ millj. króna. Það lítur svo út, að Reykjavík sé að deila hér um þessi fjármál, en ef slík deila stendur milli Reykjavíkur og sveitanna, þá sýnist ekki ósanngjarnt, að Reykjavík fengi ríflegan skerf af þessum skatti til þjóðleikhússins, sem upphaflega er ætlaður til þess að ljúka byggingu þjóðleikhússins. Hins vegar er þjóðleikhúsið ekki byggt fyrir Reykjavík, það er byggt fyrir allt landið. Ég hef hugsað mér vegna þeirra undirtekta, sem málið hefur fengið, að koma með miðlunartill. í málinu. Ég álít það í rauninni þrautalendingu að koma með till. um að hækka skemmtanaskattinn. En ég sé ekki, að það sé um neitt annað að velja en að koma með till. í þá átt og að lækka þá till., sem gerð var um að taka af félagsheimilasjóði, um 10%, þannig að í stað 45% til þjóðleikhússins komi 35% og að hlutur félagsheimilasjóðs hækki sem því svarar og að heimild sé gefin til þess að hækka megi skemmtanaskattinn um 10%. Ég tel til lítils gagns, þó að þessi 10% fengjust frá félagsheimilasjóði, ef ekkert kemur í viðbót, og þess vegna er farið inn á þessa leið, að gera till. um að hækka skemmtanaskattinn. Hins vegar vil ég benda á það, að skemmtanaskatturinn í heild er í talsverðri hættu. Þeir aðilar, sem gefið hafa mestan skatt hér í bænum, kvikmyndahúsin, þau eru þannig sett nú, að stærstu kvikmyndahúsin hafa 2—3 myndir í fórum sínum, sem þau geta sýnt enn þá. Það er gert ráð fyrir því, að kvikmyndahúsin hér í Reykjavík verði að loka einhvern tíma yfir sumarið. Ef að því kæmi, að kvikmyndahúsin yrðu að loka, þá er sýnilegt, að það mundi höggva stórt skarð í þær tekjur, sem eiga að renna í þennan sjóð. Mér finnst æði hart aðgöngu að þurfa að hækka skemmtanaskattinn á Reykvíkingum til þess að þjóðleikhúsið geti fengið þann skerf af skemmtanaskattinum, sem það í rauninni á siðferðislega heimtingu á. En ég segi, hækkun skemmtanaskattsins er hækkun á skemmtanaskattinum í Reykjavík, þar sem Reykjavík stendur undir 90% af skattinum. Ég leyfi mér svo að leggja fram þessa till. til hæstv. forseta með beiðni um, að fyrir henni verði leitað afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 808) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir og er stjfrv., er um það að breyta þeim l., sem nú eru í gildi um skemmtanaskatt og þjóðleikhús. Upphaflega, þegar frv. var flutt hér í þessari hv. deild um samkomuhúsasjóð, ætluðust flm. til þess, að ¾ af tekjum þess sjóðs gengju til samkomuhúsabygginga í sveitum landsins. Frv. var ekki samþ. þannig, heldur skyldi 50% ganga til sveitanna, 10% til kvikmynda og 40% til byggingar þjóðleikhúss. Á s. l. ári var þessum l. breytt aftur, og þá var sjóðurinn skertur til félagsheimila í sveitum, þannig að framlagið var fært úr 50% niður í 40%, og hefur verið svo síðan, þangað til nú, að ætlað er að breyta því þannig, að það verði ekki nema 20%, sem fer til félagsheimila í sveitum, en 70% til þjóðleikhússins, 25% í rekstrarsjóð og 45% í byggingarsjóð. Það er rétt, sem hæstv. menntmrh. segir, að þjóðleikhúsið á að vera fyrir landið allt, þó að það standi í Reykjavík, og ég býst við því, að öll þjóðin fagni því, að þjóðleikhúsið er komið, og það er ekki það, sem hér er verið að deila um, hvort þjóðleikhúsið á að vera eign þjóðarinnar eða eign Reykjavíkur einnar, heldur er það það, hvort réttlátt sé að taka meginhlutann af skemmtanaskattinum til þess að standa undir byggingu þjóðleikhússins og láta allt að helming þjóðarinnar, sem á erfitt með að njóta áhrifa þjóðleikhússins, aðeins fá 20% af skemmtanaskattinum.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að 90% skemmtanaskattsins kæmi frá Reykjavík, en 10% annars staðar að; skemmtanaskatturinn væri þess vegna lagður á Reykjavík fyrst og fremst, og þess vegna væri réttlátt, að Reykjavík eða þjóðleikhúsið fengi bróðurpartinn af þessum tekjum. Það mun rétt vera, að meginhlutinn af skemmtanaskattinum er innheimtur hér í Reykjavík, — en hvers vegna? Vegna þess, að fólkið hefur aðstöðu til að skemmta sér í Reykjavík, en víða annars staðar á landinu enga aðstöðu til þess, og það er vegna þessarar aðstöðu í Reykjavík, sem fólkið vill helzt vera þar og flýr úr sveitinni, vegna þess að það hefur ekki þar neitt svipaða aðstöðu til skemmtana og samkomuhalds eins og hér í Reykjavík. Það er þess vegna, sem meira en ⅓ þjóðarinnar býr nú í Reykjavík, það er þess vegna, sem við eigum nú stærstu höfuðborg í heimi miðað við fólksfjölda í landinu. Það er ekki vegna þess, að ég unni ekki Reykjavík alls góðs og vilji ekki hennar hag og sóma sem mestan, en ég verð þó að segja, að Reykjavík er orðin of stór miðað við okkar litla og fámenna þjóðfélag, og það er tími til þess kominn að spyrna við fótum og gera ráðstafanir til þess, að fólksstraumurinn utan af landsbyggðinni stöðvist og fólkið vilji vera einhvers staðar annars staðar á landinu en aðeins í Reykjavík, og það er þröngsýni þeirra manna, sem í Reykjavík búa, að viðurkenna ekki þetta þjóðlega sjónarmið, að það er nauðsynlegt fyrir Íslendinga, ef þeir vilja búa sem sjálfstæð menningarþjóð í þessu landi, að gera vistlegt og verandi annars staðar en á þessum eina stað. Það munu margir segja, að það hafi verið gerðar ýmsar tilraunir í þessa átt undanfarin ár, að skapa sæmileg lífsskilyrði annars staðar í landinu, það hafi verið varið miklu fé til samgangna, til vega, til brúargerða, til símalagninga o. s. frv. En við verðum að viðurkenna, ef við skoðum þetta allt í réttu ljósi, að það hefur ekki verið nóg að því gert og að húsakostur í sveitum er tilfinnanlegur bæði hvað snertir samkomuhús og íbúðarhús, ef við miðum við þau þægindi, sem íbúðir hér í Reykjavík hafa að bjóða saman-

borið við það, sem fjöldinn allur verður að sætta sig við, sem ekki býr hér á þessum stað.

Ástæðan til þess, að upphaflega var flutt hér frv. um samkomuhúsasjóð, var sú augljósa staðreynd, að fólkið í sveitunum hafði ekki möguleika á því að koma saman til skemmtanahalds samanborið við það, sem var í þéttbýlinu. Það hefur ekki litið að segja fyrir fólk í strjálbýlinu að eiga þess kost að hafa sameiginlegan samkomustað, vistlegan og góðan, til þess að geta haldið þar sína fundi og til þess að geta þar séð leikþætti, kvikmyndir o. s. frv. og fylgjast þannig með menningunni og þeim áhrifum, sem fólkið á svo hægt með að njóta hér í þéttbýlinu. Staðreynd er, að eftir að þessi l. voru sett, hafa mörg félagsheimili verið byggð víðs vegar um landið, og eftirsókn eftir slíkum félagsheimilum er geysimikil. Ég get til upplýsingar gefið hv. dm. nokkurt yfirlit yfir það, hvað hefur verið gert undanfarin ár og hvað hefur verið sótt um að gera af þessu tagi næstu ár, hvað mikill kostnaður fylgir þessum framkvæmdum, og sést þá svart á hvítu, hvort ekki er þörf á því að halda þessari hlutfallstölu í skemmtanaskattinum til þessara bygginga. Það kemur í ljós af skýrslu, sem ég hef í höndum frá stjórn félagsheimilasjóðs, að styrkur til félagsheimila í sveitum, sem eru í smíðum eða þegar er lokið, er 419000 kr. samtals, og ef litið er á skrá yfir aðila, sem unnið hafa að byggingu félagsheimila á s. l. ári, og kostnaðaráætlun við framkvæmdir frá áramótum 1949—1950, þá er hér kostnaðaráætlun 18 félagsheimila 5410000 kr. og 40% af því er 2160000 kr. Þetta eru félagsheimili, sem væntanlega á að ljúka á árinu 1950 og fjárfestingarleyfi eru til fyrir.

Þá eru það félagsheimili, sem sótt hafa um fjárfestingarleyfi á árinu 1950. Það eru hvorki meira né minna en 39 félagsheimili, sem kosta 14728000 kr., og 40% af þeirri upphæð eru 5,9 millj. kr., og það er gert ráð fyrir að byggja þetta á árunum 1951—1952, ef fjárfestingarleyfi fást. En þó aðeins sé haft í huga það, sem er í smíðum, og það, sem fjárfestingarleyfi er til fyrir, þá er það samtals um 6 millj. kr., eða talsvert á þriðju milljón, sem 40% gerir af því, og á að fást til útborgunar á árunum 1950—51. Þeir, sem ráðizt hafa í byggingu þessara húsa, hafa gert það með þeirri vissu, að þeir fengju 40% af kostnaðinum greiddan. Það er þess vegna verið að koma aftan að þessu fólki, sem ráðizt hefur í þessar félagsheimilabyggingar, ef nú á að taka 20% af því, eftir að búið er að stofna til skulda og ráðast í þessar byggingar. Það er alls ekki sæmandi fyrir Alþ. að haga sér þannig við þessi fátæku félög, sem hafa ráðizt í þessar byggingar, og það er ekki hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að ganga fram hjá þessum staðreyndum. Ég ætla, eftir að ég hef lesið þetta yfirlit yfir hæstv. ríkisstj. og þm., að þeir geri sér glögga grein fyrir því, að það er ekki sæmandi fyrir Alþ. að fara þannig aftan að þessum félögum, sem byggt hafa þessar byggingar, og ræna 20% af byggingarkostnaðinum eftir á, þegar það gerist á sama tíma, að byggingarefni hefur hækkað um allt að 50% frá því að byrjað var á þessum framkvæmdum, þ. e. byggingarefni, sem notað verður hér eftir á þessu ári. Mun ekki verða nægilega erfitt að koma þessum húsum áfram, þó ekki sé skorið niður af þessum 40%, sem reiknað var með í upphafi? Ríkisstj. segir, að þjóðleikhúsið skuldi mikið fé og það verði ekki hjá því komizt að taka meiri hlutann af skemmtanaskattinum til þess að borga þessa skuld, — ríkisstj. hafi engin önnur ráð. Ég held ég verði að segja, að það er ekki góð yfirlýsing hjá hæstv. ríkisstjórn, að hún sé svo úrræðalaus, að hún sjái engin önnur ráð en að ræna það fólk, sem þegar er byrjað á byggingu félagsheimila, þeim styrk, sem það hefur reiknað með samkvæmt lögum, sem gerð voru á Alþingi á s. l. ári. Ég verð að segja, að það er ekkert undarlegt, þó að fólk úti í sveitunum hafi reiknað með því, að a. m. k. stæðu þessi l., sem gerð voru í fyrra um 40% styrk til félagsheimila, lengur en eitt ár og það mætti hefja framkvæmdir með þeirri vissu, að staðið væri við þá skuldbindingu, sem í þessum l. felst. En það virðist svo, að hæstv. ríkisstj. hafi þrek til þess að bera fram till. um, í fyrsta lagi að skerða þessi 40% um helming, og í öðru lagi, eftir að hún hefur mætt mikilli mótspyrnu hér á Alþ., að lækka þessa skerðingu um helming, að í staðinn fyrir 20% fái félagsheimilasjóður að halda 30%, samkvæmt till. hæstv. menntmrh. Og með þessum 10% hyggst hæstv. ríkisstj. að bjarga fjárreiðum þjóðleikhússins. Ég verð að segja, að ef allt veltur á því, að hæstv. ríkisstj. fái þessi 10% til þess að borga skuldir þjóðleikhússins, þá er hæstv. ríkisstj. úrræðaminni en ég hafði búizt við. Ég verð að segja, að enda þótt fjárhagur ríkisins sé slæmur eins og sakir standa, þá getur ekki allt oltið á því, að þjóðleikhúsið fái 10% af skemmtanaskattinum, vegna þess að þessi 10% er ekki svo ýkja stór upphæð. Ég var ekki hér á Alþ. á laugardaginn, þegar þetta frv. var til 1. umr., og heyrði ekki þá, hvað sagt var um þetta. Hins vegar hefur verið upplýst um það, hvað þessar lausaskuldir eru miklar, ég hef heyrt eitthvað um það, að þær væru talsvert á 4 millj. kr. 10% af skemmtanaskattinum verður lengi að borga þá upphæð, — og 10% af skemmtanaskattinum borgar aldrei þá upphæð. Hæstv. ríkisstj. verður þess vegna að finna önnur úrræði, og það er ekki sæmandi þeirri ríkisstj., sem nú situr, að bera svona lagað fram; hún ætti að taka þetta frv. til baka, yrði þá hennar vegur meiri.

Hv. þm. A-Sk. hefur borið fram rökstudda dagskrá, og ég er henni fylgjandi. Hann bendir á það í dagskránni, að ríkisstj. eða byggingarn. þjóðleikhússins hafi heimild til þess í l. að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, og það er vitanlega ekkert annað að gera en að taka lán og borga þessar lausaskuldir upp. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að finna úrræði og hafa möguleika til þess að gera þetta. Hún má ekki auglýsa svo vanmátt sinn og úrræðaleysi hér á Alþ., að hún sjái engin önnur úrræði en að taka 10% af fátækum félögum úti í sveitum, sem eru að basla við að koma upp ráðýrum húsum. Hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að

kvikmyndahúsin yrðu ef til vill að loka um skeið hér í Reykjavík vegna þess, að þau fengju ekki myndir til að sýna, og skemmtanaskatturinn mundi þá lækka. Það er auðvitað, að ef það kemur fyrir, að þau þurfi að loka, þá lækkar skemmtanaskatturinn, þá minnka einnig þessi 10%, sem hér um ræðir, og munar enn þá minna um það en áður, og þá lækkar einnig styrkur félagsheimilasjóðs, þannig að það tekur lengri tíma að uppfylla þær skyldur, sem l. hafa um það að borga 40% til félagsheimila úti um land. En það eru engin rök fyrir málinu, að hæstv. ríkisstj. bendir á þessa staðreynd, nema síður sé, það eru rök fyrir því, að því síður sé ástæða til þess að vera að seilast eftir þessum 10%. Það liggur fyrir, að skemmtanaskatturinn ef til vill minnkar vegna þess, að kvikmyndahúsin hafi ekki nýjar kvikmyndir til þess að sýna.

Ég held, að það sé ástæðulaust að fjölyrða meira um þetta að svo stöddu. Ég vænti þess, að hv. d. felli till. hæstv. ráðh. um þessi 10% af þeim ástæðum, sem ég hef bent á, og frv. síðan í heild sinni vegna hinnar augljósu staðreyndar, að félagsheimilin, sem þegar er verið að reisa úti um sveitir, treysta á að fá 40% af byggingarkostnaði og geta ekki án þess verið, og samkvæmt þeirri skýrslu, sem ég las upp áðan, er það líka staðreynd, að á næstu árum, ef fjárfestingarleyfi fást, liggur fyrir að byggja nær 40 félagsheimili, sem þegar er búið að sækja um fjárfestingarleyfi fyrir, auk þeirra mörgu, sem enn hafa ekki gefið sig fram vegna ýmiss konar annarra ástæðna.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væru lítil rök fyrir þessu máli að benda á, að skemmtanaskatturinn gæti brostið. Það er nú svo. Hv. þm. gaf upplýsingar, sem mér eru kunnar, en ég hef ekki viljað draga inn í málið, það er um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir félagsheimilasjóðanna eða þeirra byggingarfélaga, sem þeir eiga að standa undir. Ég sé ekki betur en að með þessum 20 millj. kr., sem hér er fyrirhugað að byggja félagsheimili fyrir í landinu á næstu 2 árum, sé stefnt út í sömu ófæruna eins og skólabyggingar landsins hafa stefnt út í undanfarin ár. Og það er stundum þannig, að sveitirnar hafa verið narraðar til þess að byggja *sem félagsheimili stórhýsi*, með því fjárloforði, að ríkissjóður mundi greiða ¾ hluta andvirðis húsanna. En svo er bara komið að því, að sveitirnar eru búnar að stofna til skulda svo hundruðum þús. og millj. kr. skiptir upp á þessi loforð. Og árangurinn er sá, að við lok þessa árs skuldar ríkissjóður sveitunum og héruðunum vegna þessa líklega um 20 millj. kr., sem er á fjárl. gert ráð fyrir að greiða aðeins örlítið brot af. Ég bendi á, hvaða þýðingu það getur haft að gera svona ráðstafanir, eins og gert hefur verið þarna. Og það er alveg það sama, sem gera á með framkvæmdum, sem félagsheimilasjóður á að styrkja. Jafnvel viðvíkjandi þessum 6 millj. kr., sem á að byggja fyrir á þessu ári, er engin von til, að fé frá félagsheimilasjóði geti staðið undir þeim framkvæmdum. Og er þá furða, þó bent sé hér á, að það geti einnig haft alvarlegar afleiðingar fyrir félagsheimilasjóð, ef skemmtanaskatturinn brestur, þegar búið er að háspenna þessar fyrirætlanir eins og hér er gert, hvað þá ef farið er út í það á næstu árum hér á eftir að byggja félagsheimili fyrir 14 millj. kr. úr félagsheimilasjóði? Hvernig hugsar hv. þm. sér, að skemmtanaskatturinn, jafnvel þó hann ekki bresti, eigi að standa undir þessum 14 millj. kr. framlögum? Og hvernig á þá að láta héruðin og sveitirnar standa undir sínum hluta, sem þeim vafalaust gengur fullerfitt að fá, þó þau fengju það tillag, sem þau gera ráð fyrir að fá frá félagsheimilasjóði, sem hlýtur að bresta? Það sýnist því ekki vera neitt óskynsamlegt, að með þessar fyrirætlanir félagsheimilasjóðs væri farið hægar en gert er ráð fyrir af þeim góðu, bjartsýnu mönnum, sem ég er ekki að amast við út af fyrir sig, sem hafa mikinn áhuga á að reisa félagsheimili. En menn verða bara að kunna fótum sínum forráð, svo í þessu sem öðrum efnum. — Það má segja, að það gangi ekki betur að sjá þessum félagsheimilum borgið með því að taka af skemmtanaskattinum til annars. Það er rétt. En þessu verður ekki heldur borgið með því að láta það haldast, að hann renni til félagsheimilasjóðs. Og er þá ekki skynsamlegra að fara svolítið hægar í þessi mál og reyna að koma húsunum af, sem byrjað er á, en ekki láta þau standa hálfgerð úti um byggðirnar? Og ég fullyrði, að þær áætlanir, sem hér hefur verið lýst viðkomandi byggingu félagsheimila, þær fá ekki staðizt, og það ekki, þó að félagsheimilasjóður fengi þar sinn fulla skerf, eins og hefur verið ákveðið í lögum.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er aðallega vegna þess, að ég veit ekki, hvort ég á þess kost að vera við atkvgr., sem ég vildi þó vera staðinn að því að hafa verið — ja, með eða móti þessu voldugasta máli þingsins — ef ekki veraldarinnar — sem hér eru umr. um, félagsheimilunum. Hér er komið upp hitamál, sem menn kappræða um.

Þetta frv., sem liggur hér fyrir, er viðleitni ríkisstj. til að losa þjóðleikhúsið úr hengingarskuldum. Og það hefur verið álitið, að ef þessi lagabreyt. næði fram að ganga, mundi lánast *að finna bráðabirgðalausn til þess að hjálpa* þjóðleikhúsinu til að greiða verstu óreiðuskuldirnar, sem á því hvíla. Hitt vita allir hv. alþm., að ef einhver skaðast við þessar ráðstafanir í ár, þá verður það baggi á ríkissjóði, og félagsheimilin fá sitt aftur. Félagsheimilin eiga svo miklu fylgi að fagna á Alþ. og eru það mikið nauðsynjamál og eiga svo miklum skilningi að fagna, að þau þurfa aldrei að hlíta því, að það verði níðzt á þeim, ef nokkur annar kostur er fyrir hendi. Hv. þm. vita þetta. Og þess vegna skil ég ekki, hvers vegna svona mál getur orðið að hitamáli. Mér vitanlega vakir ekkert fyrir ríkisstj. annað en að skapa sér úrræði til þess að ná í peninga til bráðabirgða í þessari aðkallandi nauðsyn. Það má deila um það, enda þótt ég ætli að láta það liggja á milli hluta,

hvort bar fyrr að taka og framkvæma, félagsheimilabyggingar eða byggingu leikhússins. En hitt er það, að það er þjóðarskömm við opnun þjóðleikhússins, að yfir því skuli hvíla skuggi meira en þriggja millj. kr. óreiðuskulda. Og það er vitað mál — og það vita þeir spekingar, sem sitja í ríkisstj., eins og minn kæri sessunautur, hv. 2. þm. Rang., að ríkið á ekki margra góðra kosta völ um að fá fé í þessu skyni. Ég er kjördæmisþm., eins og hann, og menn hafa verið gerðir út á minn fund vegna þessara mála, eins og hans. Og ég þykist þjóna hagsmunum minna umbjóðenda, eins og hann sinna umbjóðenda, þó ég vilji skafa þann smánarblett af Alþ. að gera ekki einhverjar ráðstafanir til þess að þjóðleikhúsið verði ekki selt á uppboði. Og ég vil, að þessir spekingar, eins og hv. 2. þm. Rang. — sem komið hefur í þjóðleikhúsið og vafalaust skemmt sér þar vel, eins og ég — ég vil, að þeir sjái þá einhverja leið til þess að borga þetta, sem á leikhúsinu hvílir, þessar hengingarskuldir, sem yfir þjóðleikhúsinu vofa. Og við sjáum ekki annan kost til þess að skera snöruna af hálsi okkar metnaðar í þessu efni en að fá þetta frv. samþ. En ef aðrir benda á leiðir skynsamlegri til þess, mun ég verða manna fúsastur — þegar þau ráð eru fyrir hendi — til að hverfa frá þessu neyðarúrræði, sem hér í frv. er um að ræða. En ef það er staðreynd, að þjóðleikhúsið skuldi þetta — og það er staðreynd — og ef einstakir menn þessa þjóðfélags geta gengið að þessari eign, þjóðleikhúsinu, og heimtað það boðið upp vegna skulda, sem á því hvíla, þá er það þriðja einnig staðreynd, að okkur ber að hindra þetta. Og það hvílir á ykkur, þeim hv. vinum mínum og samfl.mönnum og samherjum, bæði í Sjálfstfl. og líka mínum ágæta samstarfsflokki, Framsfl. — Það hvílir á ykkur að benda á leið í þessum efnum, ef þið viljið ekki fylgja þessari leið, sem hér er fram sett.

Ég hef ekki meira að segja um þetta í bili, en harma það, ef ég get ekki verið viðstaddur atkvgr. og því ekki með atkv. mínu staðið við þessa sannfæringu mína.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Rang. hafði þau orð hér áðan, að hann áliti ekki Alþ. sæmandi að ræna. Ég er hissa á svona yfirlýsingu hv. þm. og frá þeim flokki, sem hann talar fyrir. Því að ég veit ekki betur en þessi hv. þm. hafi, ásamt öðrum hv. þm. úr stjórnarliðinu, verið að taka þátt í því undanfarið á þinginu að ræna menn í stærri stíl en nokkurn tíma hefur áður þekkzt á Íslandi, — hafi skipulagt ránsherferð á hendur alþýðumönnum, sparifjáreigendum og á hendur þeim, sem berjast fyrir lífinu til sveita og sjávar. Ég er hissa á því, að hv. 2. þm. Rang. ætlar að hneykslast á því, að það sé verið að ræna félagsheimilin. Ástandið er nú þannig, að það er búið að ræna af hálfu þessa hv. þm. og hans stjórnmálaflokks og Framsfl. — með samtökum beggja þessara flokka — svo tugum millj. kr. skiptir af íslenzku þjóðinni. Og mér finnst það bera vott um nokkuð undarlega tilfinningu fyrir því, hvar rænt er, ef hv. þm. ætlar að hneykslast á því, að það skuli eiga að ræna 200 þús. eða 400 þús. kr. frá félagsheimilasjóði, eftir að önnur miklu stærri ránsherferð hefur verið farin á hendur þjóðinni. Ég held því, að þessi siðferðislega vandlæting eigi alls ekki við, þegar rætt er um þetta mál. Það er búið að binda félagsheimilunum úti um landið miklu þyngri bagga með þeim ráðstöfunum, sem Alþ. hefur gert undanfarið með hækkun á verði byggingarefnis og annars slíks, heldur en með því, sem hér er verið að tala um.

Hins vegar er það auðséð í sambandi við þetta mál, sem fyrir liggur, að þegar hæstv. menntmrh. kemur fram með till. um hækkun tekna þjóðleikhússins af skemmtanaskattinum, þá rís upp það vald, sem einu sinni var kallað byggðavaldið á Íslandi, — það rís nú upp í stjórnarflokkunum, þegar kemur fram till. frá hæstv. menntmrh. um að bjarga þjóðleikhúsinu. Það ris upp gegn því, að tekið sé tillagið, sem rennur til félagsheimilasjóðs, þó að tekið hafi verið frá þjóðleikhúsinu sjálfu það áður, sem því var ætlað að fá af skemmtanaskattinum. En þegar hæstv. ráðh. lætur undan því valdi og kemur fram með till. um að hækka skemmtanaskattinn, hvað þýðir það? Hann er tilfinnanlega hár sem stendur, og það fer minnkandi, sem alþýða manna hefur af fé, til þess að veita sér fyrir þessar tiltölulega litlu skemmtanir, sem hún hefur efni á að sækja. Og ef á að hækka skemmtanaskattinn, þýðir það annað ránið í viðbót frá þessu þingi. Ég býst því við, að þeir menn, sem mótmæla því svo kröftuglega, þegar á að ræna félagsheimilin, sem þeir svo kalla, mótmæli því eins kröftuglega, þegar á að hækka skemmtanaskattinn, sem er skattur af þeim skemmtunum, sem alþýða manna getur veitt sér. 90% af skemmtanaskattinum kemur frá Reykvíkingum. Og það virðist vera svo, að þm. utan af landi, sem hafa mótmælt ráninu gagnvart félagsheimilunum, virðist ætla að sætta sig við, að alþýðan í Reykjavík sé rænd í þessu efni, í viðbót við aðra bagga, sem henni hafa verið lagðir á herðar. Félagsheimilin úti um landið þurfa vissulega á sínu fé að halda. En það er siðferðisraun á þá, sem telja sig fulltrúa dreifbýlisins, hvar þeir ætla að taka peninga, þegar þeir ætla að taka peninga, sem koma úr Reykjavík, til þess að dreifa út um land vegna félagsheimilanna. Það leggst lítið fyrir þá kappana, ef þeir ætla að ráða þar á garðinn í þessum efnum, sem hann er lægstur, og í viðbót við það, sem lagt hefur verið yfirleitt á alþýðuna, ætla að vera með í að leggja hækkaðan skemmtanaskatt á Reykvíkinga. Ætli það væri ekki meiri karlmennska fyrir þá, sem telja sig fulltrúa dreifbýlisins, að taka álag til þess að bjarga félagsheimilunum af því auðmagni og þeim gróða, sem safnast saman hér í Reykjavík?

Hæstv. atvmrh. lýsti hér eftir till. áðan um það, hvar væri hægt að taka þessa peninga, sem þarf til þjóðleikhússins. Ég skal gefa honum ávísun á peninga til þess. Það er hér rétt hinum megin við okkur, sem hægt er að taka þá. Þar safnast fyrir tuga millj. kr. gróði í Reykjavík. Ég býst við, að það þýði ekkert að vísa

hv. stjórnarflokkum á peninga í fjárhirzlum auðmannanna. En ég skal vísa þeim á að taka þann gróða, sem er hjá ríkinu. Það er vitanlegt, að það safnast fyrir hjá ríkisbönkunum um 30 millj. kr. gróði á ári. Ef t. d. tekin er seðlad. Landsbankans — þar á ég ekki við sparisjóðsdeildina — þá hefur hún 7 til 9 millj. kr. í hreinan gróða árlega. Er ástæða til að láta svona gróða safnast fyrir hjá ríkisbanka, þegar drepþungir skattar eru lagðir á alþýðuna? Það er meira að segja svo, að ríkið er látið borga úr ríkissjóði stórfé í háum vöxtum til þessara stofnana. Þessir vextir eru svo píndir út úr almenningi. — Ef 10% skattur væri lagður á gróða seðlabankans á ári, þá er það vissulega meira en hálf millj. kr. og upp undir 750 þús. kr. Það er álitleg fúlga, bara þessi 10% ein, sem gæti fyllilega jafnazt á við það, sem lagt er hér til að taka af félagsheimilunum. Og ætli það væri ekki nær fyrir það byggðavald, sem hér þykist vera að rísa upp nú út af félagsheimilunum — þó að það sýni sig ekki, þegar meira liggur við fyrir sveitirnar — að þora að koma fram og taka þessa hálfu millj. sína með eins konar skemmtanaskatti á seðlabanka Landsbankans? Það væri alveg óhætt að taka það fé, án þess að nokkur þyrfti að kvarta undan því. Ég veit, að þeim mönnum, sem tala hér nú skarpast um að vernda félagsheimilin, þeim mun fatast, ef farið er að minnast á það auðmagn, sem safnast saman hér í Reykjavík, eins og þá sé verið að tala um eitthvað, sem ekki megi snerta við. Það má sífellt snerta við því að skerða kjör almennings. Þau mega versna, svo að skapist ódýrt vinnuafl í sveit hv. 2. þm. Rang. Það má sjálfsagt fyrir honum reka fólkið, sem húsvillt er, þegar búið er að afnema húsaleigulögin, upp í sveit, eins og því var vísað á atvinnuleysisárunum fyrir stríð, — það gæti ekki fengið að reisa hús nú, af því að ekki væru peningar til þess, heldur fengi það að hírast sem ódýrt vinnufólk á sveitaheimilum. — Ég held, að þeir þingfulltrúar, sem sérstaklega þykjast vera á þingi fyrir bændur, ættu að þora að berjast á móti því auðvaldi, sem þeir hafa verið undirlægjur fyrir og þeir hafa þjónað hér á þingi. Og það virðist ekki útheimta ákaflega mikla hugdirfsku að taka af þeirri stofnun, sem ríkið á sjálft og safnar saman mestum auði hér í Reykjavík. Ég álít það, sem kemur fram hjá þeim hv. þm., sem telja sig fulltrúa sveitanna, þegar þeir taka vel og skörulega til máls fyrir félagsheimilin, en þora ekki að taka peningana handa þeim þar, sem þeir liggja fyrir, — ég tel það þröngsýni, sem sé alveg óþolandi. Það er ekki hægt endalaust að níðast á alþýðu manna í Reykjavík. Það er búið að höggva nokkuð oft í þann knérunn á þessu þingi. Og það má sannarlega fara að gera þær kröfur til þeirra, sem telja sig fulltrúa sveitanna sérstaklega, að þeir fari að skilja það út frá hagsmunasjónarmiðum bændanna sjálfra, að það verður ekki endalaust hægt að borga bændum með því móti að ganga gífurlega á hluta alþýðunnar í bæjunum. Bændur í sveitum og alþýðan í kaupstöðunum eiga að standa saman í sinni baráttu. Og þá er illa farið, ef bændastéttin lætur nota atkvæðamagn sitt hér á Alþ. til þess að beita því á móti alþýðunni í bæjunum. Þessar stéttir eiga að snúa saman bökum til þess að berjast, en ekki láta auðmenn og aðra nota sig til að berjast hvora gegn annarri.

Það var gerð tilraun til þess að vita, hvort fylgi fengist hjá hv. þm. til að spara með því að skera ofurlítið niður skriffinnskukerfið hér í Reykjavík, sem mætti skera niður. Það voru till., sem námu um hálfri millj. kr. Ég veit ekki til, að neinn úr stjórnarflokkunum hafi greitt atkv. með þeim till. að skera niður skriffinnskukerfið hér í Reykjavík. Það hefði mátt taka þar fé til þess að bjarga félagsheimilunum, sem hv. þm. stjórnarfl. nú bera fyrir brjósti, og það svo, að þeir hafa nú þorað í fyrsta skipti á þessu þingi að rísa upp á móti sinni eigin stjórn — þó að þeir hafi beygt sig annars fyrir henni, hvað harðvítug sem hún hefur verið gagnvart hagsmunum alþýðunnar. Þegar við lögðum til að spara eitthvað á útgjaldaliðum ríkisins, þá var hver einasta hönd hjá stjórnarliðinu uppi á móti því til að fella það. Nú þykir þessum sömu fulltrúum rétt að slá undan í þessu, með því að hækka skemmtanaskattinn í Reykjavík.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um, að þetta væri prinsípmál, eitt af þeim málum, sem sýndu, hvort menn vildu, að fjármagnið streymdi út í dreifbýlið. Ef honum og öðrum hv. þm. úr stjórnarflokkunum hefði verið alvara með að láta fjármagnið fara til dreifbýlisins meira en nú er, þá hefðu þeir átt að athuga það fyrr á þessu þingi. Það hefur ekki staðið á okkur sósialistum með að reyna að koma því fram, að fjármagninu yrði beint til atvinnutækja úti um landið. En það hefur oft verið sýnt fram á það, hversu það hefur strandað á stjórnarflokkunum. Til þess að beina fjármagninu út um sveitirnar og landsbyggðina, þá þarf að breyta sjálfri fjármálapólitík landsins. Það þarf að reka bankana — og fyrst og fremst seðlabankann — út frá því sjónarmiði að setja fjármagnið þar, sem þjóðin sem heild þarfnast þess, með tilliti til þess, hvað verður að álíta heppilegast vegna þarfar þjóðarinnar fyrir það, — en ekki eftir því, hvar það gefur mestan gróða fyrir lánsstofnunina í hvert skipti. Það eru þessi gróðasjónarmið, þessi reikningslegu sjónarmið, sem hafa ráðið fjármálapólitíkinni fram að þessu. Það eru þessi gróðasjónarmið, sem við sósialistar höfum barizt á móti. Stundum hefur okkur tekizt að knýja það fram, að tillit hefur verið tekið til þarfa byggðanna úti um landið, en ekki bara gróðasjónarmiða lánsstofnananna. Í samb. við nýsköpunartogarana, er þeir voru staðsettir úti um landið og þegar knúð voru fram l. á Alþ., þar sem gert var mögulegt, að bæir úti um landið, sem sjálfir áttu ekki neitt, gætu tekið togara til kaups, þá kostaði það harðvítuga baráttu við landsbankavaldið að knýja slíkt fram. En síðan hefur alltaf verið látið undan því valdi á hverju einasta sviði. Þær ríkisstjórnir, sem hafa verið á undanförnum árum, hafa, í mótsetningu við það, sem gert var viðkomandi nýsköpunartogurunum, sem

fóru út á land, alltaf látið undan síga fyrir þessu valdi. Og það er af því, að það gróðasjónarmið, sem ræður, þegar fjármagnið er sett þar sem gróðavænlegast er að setja það, það er það sjónarmið, sem er eðlilegast sjónarmið fyrir auðvaldsskipulag. Ef hins vegar það sjónarmið er ríkjandi að beina fjármagninu þangað, sem mest er þörfin fyrir það, þá er það sjónarmið, sem er andstætt við þann hugsunarhátt, sem venjulega ríkir í auðvaldsskipulagi, það sjónarmið miðast við þjóðarvilja og þjóðarþarfir, en ekki við gróða eingöngu af lánsfénu. En af því að miðað hefur verið við gróðann af lánsfénu og lánað hefur verið fyrst og fremst með tilliti til þess, hefur gengið svo erfiðlega að fá fjármagninu veitt til þess úti um landið, sem þjóðin þarfnast, og þá sérstaklega í þarfir útflutningsframleiðslunnar. Það er vitanlegt, að hefðu þær till., sem við höfum borið fram um þetta, verið samþ., þá hefði það þýtt meiri útflutningsframleiðslu úti um landið, og þá hefði framleiðslan úti um landið fengið meiri gróða yfir að ráða. Og einmitt byggðirnar úti um landið hefðu þá fengið betri aðstöðu til þess að ná í fjármagn. Það hefði aftur ýtt undir atvinnuvegina úti um landið. En í hvert skipti, sem við höfum komið fram með slíkar till., hefur hv. 2. þm. Rang. og meginið af stjórnarflokkunum staðið á móti þeim. Í hvert skipti, sem reynt hefur á um það, hvort dreifbýlið ætti að fá samþ. slíkar réttarbætur á Alþ., hafa þeir, sem telja sig fulltrúa dreifbýlisins, verið andstæðir slíkum ráðstöfunum, þegar lagt hefur verið til, að fjármagninu yrði beint til dreifbýlisins, vegna þess að þeir hafa beinlínis gengið í þjónustu þeirra sjónarmiða, sem undanfarið hafa ráðið, bæði hjá landsbankastjórninni og þeim ríkisstjórnum, sem undanfarið hafa setið. — Eigi þess vegna að blanda inn í umr. um mál það, er fyrir liggur, spursmálinu um það, hvert skuli beina fjármagninu og hvort því skuli beina til dreifbýlisins meir en gert hefur verið á undantörnum árum, þá held ég, að sá áhugi, sem hv. 2. þm. Rang. virðist telja sig hafa í þeim efnum, mætti koma hjá honum og hans flokki meir fram í því, sem meira er virði í þessum efnum en það, er snertir þetta mál, sem fyrir liggur.

Það er og hægur vandi að tryggja hvort sem væri þjóðleikhúsinu eða félagsheimilum úti um sveitir landsins það, sem samsvarar rúmlega hálfri milljón kr. á ári, með því að leggja 10% skatt á hreinan gróða seðlabanka Landsbankans. — Hitt vil ég svo minna á, að Alþ. hefur skyldum að gegna við Reykjavík og þær menningarstofnanir, sem þar eru settar á fót, vegna þess að Reykjavík er höfuðborg. Og ég vil sérstaklega minna fulltrúa sveitanna — sem telja sig vera — á það — og ekki síst framsóknarmenn — að upphaflega eru lög um skemmtanaskatt og þjóðleikhús reyndar sett — ef ég man rétt 1927 — á eingöngu til þess að koma þjóðleikhúsinu upp. Skemmtanask. var lagður á í upphafi vegna þjóðleikhússins, og hann hefur fyrst og fremst verið tekinn af Reykvíkingum, eða um 90%. Ég held því, að þeir, sem nú í nafni sveitanna mótmæla harðast þessu frv., mættu minnast þess, að það hefur ekki verið sveitunum dýrt að koma upp þjóðleikhúsinu. En þó að það sé að sjálfsögðu staðsett í höfuðborginni, þá er það menningarmiðstöð fyrir allt landið, og þess vegna málefni allra landsmanna, að vandamál þess verði leyst. Ég held, að við ættum að reyna að leysa þetta vandamál á þeim grundvelli, sem ég hef bent á, og tryggja með með því tvennt í einu, að félagsheimilasjóður haldi sínum hluta og vel það og vandamál þjóðleikhússins leysist líka, enda verði þetta gert á kostnað þeirra aðila, sem græða, þegar aðrir tapa. Ég er alveg á móti þeirri leið að hækka skemmtanaskattinn, enda óþarft, ef fylgt er þeirri leið, sem auglýst var eftir af hæstv. ráðh. og ég hef nú bent á.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil benda á það að gefnu tilefni og til að forðast misskilning, að 10% hækkun á skemmtanaskattinum kemur til með að nema frá 5 og upp í 15 aura hækkun á aðgöngumiðum.

Að því er snertir brtt. 2. þm. Reykv., þá held ég, að sú till. bæti lítið úr í þessu máli. Það hefur áður verið viðkvæðið hjá þessum hv. þm., ef fé hefur vantað, að ekkert væri annað en sækja það í Landsbankann, en það mætti þá ef til vill líka segja, að það væri ekkert annað en sækja féð í S. Í. S. Ég vil benda á í sambandi við þessi ummæli um Landsbankann og þann mikla gróða, sem þar á að safnast, að bankinn hefur ekki afskrifað útistandandi vexti og skuldir, sem þó eru jafnvel mjög vafasamar og jafnvel sumt fyrirsjáanlega tapað. Hins vegar mun það venja erlendis, að bankar afskrifa vafasamar skuldir. Þetta breytir bókfærðum rekstrarafgangi bankanna auðvitað mjög mikið. Hefði Landsbankinn fylgt þessari reglu, minnkaði stórum sá gróði bankans, sem nú kemur fram á pappírnum. Eins og allir vita, er sjávarútvegurinn áhættusamur og hefur gefið þá raun nú undanfarið, að þeir, sem við hann fást, hafa ekki alltaf getað staðið í skilum. Nú er mjög mikið af fé Landsbankans í slíkum óvissum lánum, og er því raunverulega ekki hægt að segja neitt með vissu um rekstrarafgang bankans fyrr en vitað er, hvernig næstu síldarvertíð reiðir af.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Það hefur mikið verið rætt og ritað um það átak, sem þjóðin hafi gert með því að reisa þjóðleikhúsið og varla verið nokkur orð nógu stór til að lýsa því þjóðþrifafyrirtæki. En nú, nokkrum dögum síðar, er Alþingi að gera þetta merka menningarsetur nær óstarfhæft vegna skulda, sem á því hvíla og ekki þola bið. — Ég ætla fyrst að víkja nokkrum orðum að 2. þm. Rang. í sambandi við þetta mál. Þessi hv. þm. var að tala um þann órétt, sem fælist í því að taka nú skemmtanaskattinn af félagsheimilunum til að ljúka skuldum þjóðleikhússins. Það getur vel verið, að þeir, sem að félagsheimilunum standa, telji sig með þessu beitta órétti, því að það er alltaf svo, að sá, sem hefur fengið einhvern rétt, telur það ranglæti að vera sviptur honum. Hins vegar er þessi afstaða hv. 2. þm. Rang.

ekki í fullu samræmi við afstöðu hans til búnaðarmálasjóðs forðum. Þá var það réttlætissjónarmiðið, að þeir, sem mest hefðu lagt í þann sjóð, ættu að fá mest úr honum, alveg burt séð frá þörfinni. Nú er það upplýst, að um 90% af skemmtanaskattinum er innheimt af Reykvíkingum, og ætti því eftir búnaðarmálasjóðskenningunni sú upphæð að falla til Reykjavíkur aftur, og sannarlega veitti mörgum félagasamtökum hér í Reykjavík ekki af aðstoð til að reisa yfir sig þak. Skemmtanaskatturinn hefur haft þær afleiðingar fyrir hin ýmsu félög í bænum, að þau hafa ekki getað byggt yfir sig, enda var ágóði af skemmtunum næstum einu tekjurnar, sem þessi félög höfðu til umráða. Oft hefur þessi skattur komið mjög hart niður, eins og t. d. í sambandi við jólatrésskemmtanir verkalýðsfélaganna, sem ekki hafa einu sinni verið skattfrjálsar. En þetta hefur verið látið óátalið af Reykvíkingum, af því að þeir vildu leggja mikið fram til þess að eignast þjóðleikhús. Nú er þetta mikla menningartæki fullbúið, en á við erfiðleika að glíma vegna skulda, sem á því hvíla. Það verður að leysa úr þessum vanda, svo að leikhúsið geti starfað óhindrað að sínu mikla menningarhlutverki, að færa orðsins list í lifandi búning, og við getum haldið áfram að sjá persónur Fjalla-Eyvindar og Íslandsklukkunnar ljóslifandi á leiksviðinu. Og til þess að leysa þennan vanda tel ég sjálfsagt að nota skemmtanaskattinn, enda var hann upphaflega lagður á með það fyrir augum, þó að lögunum um hann væri síðar breytt, og það vegna þess, að rangar upplýsingar lágu fyrir um kostnaðinn við þjóðleikhúsið.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 2. og 6. þm. Reykv. hafa verið að tala hér um menningargildi þjóðleikhússins, eins og það væri aðalágreiningsefnið í þessum umr. Þetta er bara alls ekki það, sem um er deilt. Við erum allir sammála um, að þjóðleikhúsið sé þörf og merk menningarstofnun, og við erum líka allir sammála um, að leysa beri úr þeim vanda, sem þessi stofnun er í vegna skulda, sem á henni hvíla. Hins vegar stendur deilan um það, hvernig eigi að leysa úr þessum vanda, og það eru fleiri en við, sem andmælum þessu frv. hér á Alþingi, sem andvígir erum þeirri leið að taka það framlag, sem félagsheimilunum nú er ætlað með lögum, til að greiða skuldir þjóðleikhússins, þó að hv. 2. þm. Reykv. vildi gera lítið úr þeirri andstöðu. Ég vil benda á nokkra aðila, sem þegar hafa sent mótmæli við þessu frv., og jafnframt geta þess, að þeir aðilar eru ekki síður hér í Reykjavík en úti á landi. Fyrst má nefna U. M. F. Í., þá stórstúkuna, bandalag skáta, íþróttabandalag Reykjavíkur, einnig íþróttafélögin og sundfélögin. Mörg fleiri félög mætti nefna, en þess gerist ekki þörf, því að af þessu má sjá, að það er um að ræða óstaðbundna andstöðu við þetta frv. eins og það liggur fyrir og það af hálfu gagnmerkra samtaka, sem hafa meira viðsýni en 2. þm. Reykv. Hv. 2. þm. Reykv. hefur viljað láta í það skína, að við, sem andvígir erum frv., værum að mæla gegn þjóðleikhúsinu. Þetta eru alger öfugmæli hjá hv. 2. þm. Reykv., sem ekki hafa við nokkur rök að styðjast. Við viljum þjóðleikhúsinu allt það bezta og teljum jafnsjálfsagt og hann, að leyst verði úr vandræðum þess, þó að við getum ekki fallizt á þessa leið. Annars er það nú ekki neitt nýtt, þó að þessi þm. fari með rakalausar staðhæfingar, sem ekki hafa við neitt að styðjast. Hann hefur t. d. í allan vetur hrópað alla sína andstæðinga út sem auðvaldsþjóna og arðræningja, sem ekkert hugsuðu um annað en hvernig þeir ættu að ræna alþýðuna. Hann hefur lýst öllum aðgerðum Alþingis til að ráða fram úr vandræðum atvinnuveganna sem ósvífnum árásum á lífskjör almennings í landinu, enda þótt verið væri að forða algerri stöðvun atvinnulífsins og þar með atvinnuleysi og eymd hjá öllum almenningi. Hv. þm. bregður því ekki, þó að þessi þm. fari með öfugmæli og blekkingar í sambandi við þetta mál. Allur málflutningur þessa þm. hefur miðað að því að gera erfiðara fyrir í því björgunarstarfi, sem Alþingi hefur verið að berjast við til þess að forða hruni, og hann hefur snúizt gegn öllum þeim leiðum, sem bent hefur verið á, án þess þó að benda sjálfur á nokkur úrræði, sem til bjargar mættu verða. Svo er þessi maður að tala um þjónkun. Hann þjónar ekki íslenzkum hagsmunum, en þó sýnir hann sennilega meiri þjónkun og hans flokkur en nokkur annar, því að hann þjónar erlendum hagsmunum og kýs þá þjónustu heldur en að veita lið til þess að ráða fram úr þeim örðugleikum, sem íslenzkt atvinnulíf nú á við að stríða. Hv. þm. eru farnir að sjá í gegnum þann blekkingavef, sem 2. þm. Reykv. er að þyrla upp hér á Alþingi ásamt flokksbræðrum sínum, og þess vegna eru þeir hættir að taka mark á stóryrðunum um landráð, þjónkun og arðrán, þau eru alveg hætt að hitta nokkurt mark. Þessir flokksbræður kæra sig ekkert um, að ráðið verði fram úr þeim örðugleikum, sem íslenzkt atvinnulíf á nú við að stríða, því að öngþveitið í atvinnulífinu og atvinnuleysi ásamt þeirri örbirgð, sem af því leiðir, er einmitt jarðvegurinn fyrir þá stefnu, sem þeir berjast fyrir. Og þess vegna er hrópað um landráð og arðrán, þegar fram koma till. til að leysa úr vandræðum atvinnulífsins. Þetta er kjarni málsins, og þess vegna bregður þm. ekki við stóryrði hv. 2. þm. Reykv. og flokksbræðra hans. Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að skemmtanaskatturinn væri allur innheimtur hér í Reykjavík og þess vegna ætti hann ekki að renna í félagsheimilasjóð, heldur til leikhússins. Hv. 6. þm. Reykv. er ekki einn um þessa skoðun. Hann er þar á sömu línu og flokksbróðir hans 2. þm. Reykv. Það er annars einkennilegt, hvað þessir menn geta verið þröngsýnir gagnvart hinum dreifðu byggðum, og það er eins og þeir geti alls ekki skilið, að vandamál dreifbýlisins eru vandamál allrar þjóðarinnar, enda þótt það sé alltaf að koma betur og betur í ljós. Ég get líka bent þessum hv. þm. á, að það á líka að reisa félagsheimili í kaupstöðunum, og ég veit um mörg félög hér, sem bíða þess með mikilli eftirvæntingu að fá aðstoð úr félagsheimilasjóði til að reisa félags-

heimili, þó að þeir staðir, sem mesta hafa þörfina, verði auðvitað látnir sitja fyrir. Ég vil að lokum láta það koma skýrt fram, að ég vantreysti ekki svo hv. ríkisstjórn, að ég telji hana ekki hafa nægileg úrræði til að afla þessara 250 þús. kr., sem hér er um að ræða, á annan hátt en þann að taka þær frá félagsheimilunum. Það á ekki að velta á því, hvort þjóðleikhúsið verður rekið áfram eða fær þessar 250 þús. kr. Ég mótmæli þeirri skoðun, og ég verð að segja, að mér finnst sú afstaða hæstv. ríkisstj. mjög lítilmótleg, og hún getur raunar varla risið undir slíku; hún ætti að taka þessa till. sína aftur. Það er áreiðanlegt, að þjóðleikhúsið heldur áfram að starfa, þó þessi litla upphæð sé ekki tekin af félagsheimilunum. Og ég vil leyfa mér að upplýsa hæstv. menntmrh. um það, að þessi upphæð nemur ekki meiru en 250 þús. kr. En það tekst ekki að sannfæra nokkurn mann um það, að framtíð þjóðleikhússins sé undir því komin, að þessi upphæð sé tekin úr félagsheimilasjóði. Og við eigum líka ríkisstjórn, sem stendur hvorki né fellur með 250 þús. kr. Hins vegar kann að vera eðlilegt, að ríkisstjórnin spyrji, hvaðan eigi að taka það fé, sem hér um ræðir. En enda þótt hún tæki nú þessi 10% af skemmtanaskattinum, verður hún eftir sem áður að afla sér lánsfjár til að standa skil á greiðslum þjóðleikhússins. Og geti hún aflað sér þess fjár, sem hún þarf á að halda umfram þessi 250 þúsund, þá getur hún eins aflað þeirra um leið. Hæstv. ríkisstjórn nýtur það mikils trausts bæði hjá Landsbankanum og fleiri stofnunum, að hún getur bjargað þessu máli öðruvísi en að taka fé af fátækum félögum, sem ekki mega við þessari skerðingu á framlögum, þótt lítil séu. Og 250 þús. kr. eru svo lítill partur af þeim milljónum, sem hér er um að ræða, að það er ekki sæmandi fyrir hæstv. ríkisstjórn að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, til að afla þeirrar fjárupphæðar; enda getur hún aflað hennar með mörgu móti öðru.

Ég tel, að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um þetta. Er hv. þm. hafa athugað málið og gert sér þess grein, að hér er aðeins um það að ræða, hvort taka á 250 þús. kr. af fátækum félögum víðs vegar um land eða ekki, þá munu þeir sjá, að þessi till. hæstv. ríkisstj. hlýtur að snúast upp í hreint grín, ef gera á þetta að kappsmáli. Og ég er það mikill stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., að ég kæri mig ekki um að stuðla að því, og vil leyfa mér að benda henni á, að bezt muni vera að láta þessa till. ekki koma undir atkvæði.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Hv. 2. þm. Rang. tók hér upp hvað eftir annað, að hér væri aðeins um 250 þús. kr. að ræða. Ég verð nú að segja, að ég veit ekki, hvaðan hann fær þá upphæð, því að samtals er hér farið fram á ½ millj. árlega, en ekki 250 þúsund. Og ég skil raunar ekkert í jafngreindum manni og hv. 2. þm. Rang., að hann skuli vera að reyna að berja aðra eins firru inn í höfuð manna. Það er verið að biðja um 500 þús. á ári til þess að ljúka skuldinni, þar til hún er greidd. Þetta er svo ljóst, að ég þarf ekki að fara um það fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það hafa verið haldnar nokkrar ræður um þetta mál síðan ég gerði grein fyrir tillögunni um rökstudda dagskrá. Finnst mér, að margt af því, sem fram hefur komið í ræðum sumra hv. þm., t. d. hv. 2. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv., liggi fyrir utan kjarna málsins, sem hér er til umræðu. Ég mun því ekki hirða um að taka þær til athugunar nú, a. m. k. ekki í bili, en hins vegar get ég ekki látið vera að svara nokkuð athugasemdum hæstv. menntmrh.

Hæstv. menntmrh. viðurkenndi það, sem ég hafði bent á, að málinu, sem flutt er til þess að sjá farborða lausaskuldum þjóðleikhússins, verður ekki borgið, nema lán verði tekið til þess, og það verður gert, hvort heldur sem þetta frv. verður samþ. eða ekki. Það er staðreynd.

Það er líka staðreynd, að á árunum 1946 og 1947 lágu fyrir um það áætlanir, að þjóðleikhúsinu yrði að fullu borgið, ef það fengi skemmtanaskattinn að fullu til ársloka 1947.

Það er enn fremur staðreynd, að á öndverðu ári 1949 kom það í ljós, að þjóðleikhúsið vantaði verulega fjárhæð til þess að greiða stofnkostnaðinn, og var þá búizt við því, að það þyrfti rúmlega 4 milljónir króna til viðbótar. Þá er það einnig staðreynd, að núna í maí 1950 koma enn nýjar kröfur, þannig að í viðbót við það, sem veitt var í fyrra, vantar nú 4—5 millj. króna.

Ég verð að segja það, að það er fátítt, að einu fyrirtæki skeiki svona mikið í áætlunum sínum, a. m. k. á svona skömmum tíma eins og hér er um að ræða. Það hefur ekki verið upplýst í hv. menntmn., hvort hér er um endanlegt uppgjör að ræða, og hvort stofnkostnaðurinn sé allur bundinn í þessum skuldum, 10 millj. króna. Hæstv. menntmrh. segir, að byggingunni sé ekki alveg lokið og að byggingarnefnd þjóðleikhússins eigi að vera virk áfram. En væri þá ekki ástæða til þess fyrir Alþingi að fá upplýsingar um það, hvaða verk þar eru ógerð, og hvað það er, sem vinna þarf, áður en gengið er frá málinu endanlega?

Hæstv. menntmrh. drap á það í ræðu sinni, sem reyndar hefur einnig komið fram hjá ýmsum öðrum, að skemmtanaskatturinn hafi í öndverðu verið settur á vegna þjóðleikhússins og það ætti því forgangsrétt á honum. Við skulum nú athuga þetta nánar. Skemmtanaskatturinn er nú fyrst og fremst settur á sem tekjustofn fyrir ríkið, sem það getur notað og hefði notað á einhvern annan hátt, þó að ekkert þjóðleikhús hefði verið í smíðum. Þetta kom fyrst fram í heimildarlögum um skemmtanaskatt 1918, sem þá var á lagður til þarfa ríkissjóðs. Í öðru lagi er það, að á árunum 1930—1940 runnu tekjurnar af skemmtanaskattinum til ríkissjóðs, en ekki til þjóðleikhússins. Auðvitað var þetta gert af brýnni nauðsyn, en ef kenningin, sem menntmrh. kom fram með, er rétt, að þjóðleikhúsið eigi forgangsrétt á þess-

um skatti, þá átti það einnig forgangsrétt á honum milli 1930 og 1940, og ber þá ríkissjóði að endurgreiða þennan skatt, sem þá rann í ríkissjóð. Hefur hæstv. ráðherra ekki athugað það? Í þriðja lagi vil ég benda á það, að á síðari árum hafa verið uppi um það tillögur að hækka skemmtanaskattinn, og þá hefur verið litið svo á í því sambandi, að þetta væri tekjustofn, sem ráðstafa mætti án tillits til þjóðleikhússins. Í því sambandi vil ég benda á það, að 1946 var starfandi nefnd hagfræðinga og gerði meðal annars áætlun um þjóðartekjur. Í áliti þeirra segir á bls. 75—76, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin vill enn fremur vekja athygli á því, að hækka mætti til mikilla muna skemmtanaskatt á kvikmyndasýningum og dansskemmtunum. Tekjur af þessum skatti eru nú um 2 millj. króna á ári, og munu nú ¾ af upphæðinni vera vegna kvikmyndasýninga. Aðgangur að kvikmyndasýningum kostar óeðlilega lítið samanborið við flest annað, og mætti því að skaðlausu jafnvel þrefalda skattinn á þeim."

Þarna er ekki litið á skemmtanaskattinn sem tekjustofn í beinum tengslum við þjóðleikhúsið, heldur sem tekjustofn, sem ríkið gæti og vert væri að það notaði sér.

Þá kom það fram hjá hæstv. ráðh., að um það bil 90% af öllum skemmtanaskattinum væru innheimt í Reykjavík. Ég tel það alveg víst, að hæstv. ráðh. hafi undir höndum gögn, sem sýni þetta, og vil ég ekki bera neinar brigður á það, en hins vegar vil ég benda á það, að fjöldi fólks utan af landi er beinlínis þvingað til þess að dvelja í Reykjavík langdvölum. Það er fólk, sem vill afla sér einhverrar menntunar, það verður allt að koma hingað, vegna þess að menntastofnanir í sérgreinum eru allar saman komnar hér í Reykjavík. Í annan stað er fjöldi Reykvíkinga þjónustumenn ríkisins, sem af þjóðfélagslegum ástæðum geta ekki verið búsettir annars staðar en hér, og vegna þess þjóðfélagslega fyrirkomulags greiða þeir auðvitað skemmtanaskattinn hér. En þegar litið er á málefni Reykjavíkur í sambandi við þetta mál, gætir töluverðs misskilnings hjá hv. ræðumönnum, þegar þeir álíta, að félagsheimilin séu aðeins vegna sveitanna og félagsheimilasjóður sé eingöngu til styrktar sveitunum. En þetta er hreinn misskilningur, því að lögin um félagsheimilasjóð ná alveg jafnt til kaupstaða og sveita. Það virðist vera full ástæða til þess að taka þetta fram. Félagsheimilasjóður tekur því einnig til félagsheimila í Reykjavík. Öll ópólitísk félög, svo sem ungmennafélög, búnaðarfélög, íþróttafélög o. fl., hafa jafnan rétt til þess að fá hluta af byggingarkostnaði félagsheimila sinna greiddan úr félagsheimilasjóði, án tillits til þess, hvort þau eru reist í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum eða sveitum. Og ég held, að svo mikil þörf sem er á félagsheimilum í sveitum, þá sé hún hreint ekki minni í kaupstöðum. Margir Reykvíkingar þurfa að eiga fleiri heimili en eitt, sumir þeirra eiga sumarbústaði úti um sveitir, en sveitamenn eiga þess ekki kost. Það er eins með unglingana og þessa menn, æskan þarf að efla þrótt sinn og efla félagslíf, bæði utan Reykjavíkur og í Reykjavík, og til þess þarf að skapa henni skilyrði. Þau erindi, sem liggja fyrir Alþingi frá ýmsum félagasamtökum í Reykjavík, sýna það glögglega, að unga fólkið í Reykjavík lítur á þetta öðrum augum en hv. þm. Reykv. virðast gera. Hér liggja fyrir mótmæli gegn þessu frv. frá Ungmennafélagi Íslands, undirritað af stjórn þess. Hér liggja enn fremur mótmæli frá stórstúku Íslands. Hér liggja fyrir mótmæli frá Bandalagi íslenzkra skáta. Hér liggja fyrir mótmæli frá stjórn félagsheimilasjóðs, sem mikil kynni hefur af framkvæmdum þeirra mála, sem sjóðurinn styður. Það liggja fyrir mótmæli frá bandalagi æskulýðsfélaga Reykjavíkur. Það liggja fyrir mótmæli frá íþróttafélögunum í Reykjavík. Það liggja fyrir mótmæli frá íþróttabandalagi Reykjavíkur. Það liggja fyrir mótmæli frá stjórn kvenfélagasambands Íslands o. fl.

Þá hef ég og í höndum lista yfir þau félagsheimili, sem í smíðum eru eða undirbúningi. Þeim er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru félagsheimili, sem langt eru komin, en eiga vangoldinn styrk, sem búið er að lofa þeim. Í þessum flokki eru félagsheimili í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, svo að af því geta menn séð, að það eru ekki bara útkjálkarnir, heldur einnig höfuðborgin og næsta nágrenni hennar, sem hér eiga hlut að máli. Í öðrum flokki eru félagsheimili, sem gerð hefur verið fullkomin áætlun um byggingu þeirra og áætlun um kostnað við bygginguna. Þar af eru tvö heimili í Reykjavík og auk þess nokkur í nágrenni bæjarins. — Í þriðja flokki eru svo heimili, þar sem hafinn er undirbúningur að félagsheimilum, án þess að fyrir liggi fullkomin áætlun um framkvæmdir eða kostnað.

Ég hygg, að þessi dæmi, sem ég hef nú sýnt, séu fullkomlega skýr til þess að sýna, hve mikill misskilningur það er að líta á þetta mál sem baráttumál sveitanna gegn Reykjavík.

Þá er að athuga það, sem hæstv. menntmrh. sagði um, að 90% af skattinum sé innheimt í Reykjavík. En við skulum þá líka athuga það ofurlítið, hvernig skattinum er svo skipt niður aftur. 50% af honum rennur til þjóðleikhússins, 25% í byggingarsjóð og 25% í rekstrarsjóð. Þá renna 10% til lestrarfélaga og kennslukvikmynda, þar af ⅔ til kennslukvikmyndanna, og ég fullyrði það, að Reykjavíkurskólarnir hafi mest not þeirra, vegna aðstöðu sinnar til þess að sýna þær. Ég held, að það megi fullyrða, að stærsti hlutinn af þessu renni til menningarauka og hagsbóta fyrir Reykjavík. Þá eru komin 56,7%. Þá á Reykjavík jafnan rétt til félagsheimilanna og framlaga til þeirra eins og félög í sveitum úti, og enn fremur er það upplýst, að byggingarkostnaður slíkra húsa hér í Reykjavík er hreint ekki minni en úti á landi, og það er upplýst í þessu sambandi, að tvö af þeim húsum, sem þannig á að byggja í Reykjavík, eigi að kosta miklu meira en nokkurt hús úti á landi. Þegar allt þetta er dregið saman, þá held ég, að Reykjavík fari hreint ekki varhluta af þessu, og þegar þess er enn fremur

gætt, að fjöldi fólks utan af landi hlýtur að greiða skattinn hér vegna þjóðfélagslegra aðstæðna, þá sést það enn betur, að Reykjavík ber ekki skertan hlut frá borði. En þá er komið að þeirri spurningu, hvort þingmenn Reykjavíkur telji það nú tímabært að dreifa meira menntastofnunum út um landið. Það er atriði, sem vert er að taka til athugunar hér á þingi. En það hefur nú borið svo við, síðan ég tók sæti á þingi fyrir átta árum, að það hefur reynzt harla erfitt að koma þeirri stefnu í lög og framkvæmd. Ég er þess albúinn að rifja upp dæmi um slíkt; það eru til nægar bækur til að sýna það, en við skulum samt láta nægja núna að byrja með nokkur dæmi eftir minni. Árið 1943 var það mjög til umræðu að breyta lögunum um kennaraskóla Íslands. Var þá leitað upplýsinga skólastjórans, hvaðan nemendur skólans kæmu. Kom þá í ljós, að um langt árabil voru yfir 80% nemendanna utan af landi, og meiri hlutinn af því fólki hverfur aftur út á landsbyggðina að afloknu prófi. Þá flutti hv. þáverandi og núverandi þm. N-Þ. frv. þess efnis, að kennaraskólanum yrði útvegaður staður utan Reykjavíkur á jarðhitasvæði, þar sem hentugt væri að hafa æfingaskóla. Málið hlaut engan byr þá. Síðan var það tekið upp aftur af mér og hv. þm. N-Þ., en hlaut engan byr. En 1946 voru sett ný lög um kennaraskólann og æfingaskólann, og þá er það tekið fram, að skólinn eigi að vera í Reykjavík, þó að 80% af nemendum hans séu utan af landi.

Húsmæðrakennaraskólinn er fyrst stofnaður með reglug. þar um 1942. Þar er svo fyrir mælt, að námstímanum skuli skipt í þrjú kennslumisseri, og eigi kennsla að fara fram að sumu leyti í Reykjavík, en að sumu leyti úti á landi, og fór sú kennsla fram á Laugarvatni. Þegar lögin voru sett um þennan skóla 1947, þá kom það upp úr kafinu, að það olli miklum erfiðleikum að láta skólann starfa á Laugarvatni. Var þessu því breytt frá því, sem áður var, og ákveðið í lögunum, að skólinn skuli starfa í Reykjavík og nágrenni hennar. En það þótti þá nauðsynlegt vegna þess, að búrekstur er ein námsgrein, að setja „og nágrenni hennar," líklega vegna þess, að Austurvöllur hafi þótt of lítill til þeirrar kennslu. Ég hef nú nefnt þetta sem örfá dæmi, en fleiri dæmi er hægt að finna í bókum um þetta, en ég skal nú ekki fara lengra í þetta að sinni. En þessi dæmi ættu að nægja til þess að sýna það, að það er megnasti misskilningur, ef Reykjavíkur-þm. halda, að hér sé um eitthvert baráttumál milli Reykjavíkur annars vegar og dreifbýlisins hins vegar að ræða. En hins vegar vil ég taka það fram, að það væri rétt að taka nú upp þá stefnu að dreifa þeim stofnunum, sem ríkið rekur, meira út á land en verið hefur.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi segja það við hv. 2. þm. Rang. og jafnvel við hv. þm. A-Sk., að þeir mundu ekki hafa hent af sér skónum til þess að bjarga skólunum. — En viðvíkjandi því, sem tekið hefur verið fram af hv. 2. þm. Rang., sem hv. þm. A-Sk. las nú upp líka — það var um félagsheimilin, sem umr. hafa nú snúizt mjög um —, þá hefur nú verið farið út í að ræða um skólabyggingar og talað um, hvernig þetta hefur verið rekið, er skólar hafa verið byggðir, að of miklir skólar hafi verið byggðir í kaupstöðunum og of lítið af þeim í sveitunum, og farið hefur verið út í að rekja sögu skólabygginganna. — Og þá er Laugarvatnsskólabyggingin. — Og ég er ekki viss í því, ef sú saga væri rifjuð upp frá rótum, að það yrði fallegri saga en jafnvel það, sem þeir eru að segja um byggingu þjóðleikhússins. — En hitt er vitanlegt, og getur verið rök hjá mönnum, sem telja þjóðleikhúsið ekki þarfa stofnun, að of mikið sé fyrir það gert frá því sjónarmiði. Og það eru engin rök fyrir hendi á móti því önnur en þau. Því að ég er viss um, að þessir menn gera sér ekki nokkra grein fyrir því, hvað einstaklingar hafa fórnað, þar til það var orðin almenn hugmynd, að það þyrfti að byggja þjóðleikhús. Því að allar þær fórnir og allt það starf, sem einstaklingar hafa lagt á sig, það hefur sannfært þjóðina um, að það þyrfti að byggja þjóðleikhús. — Og þegar það loks er komið, er deilan um það að taka nokkuð af þeim fjármunum til annars, sem lögfest hefur verið á sínum tíma, að það eigi að byggja þjóðleikhús fyrir. Og hefðu þessir menn ráðið, sem nú vilja taka þetta frá þjóðleikhúsinu, þá hefði það aldrei verið byggt. Enda sýnir það dálítið, hvaða hug Alþ. hefur borið til þessa máls, að fyrst er því komið inn hjá mönnum, að það sé þess vert að byggja þjóðleikhús, en síðan, þegar skrokkur hússins er kominn upp, eru allar tekjurnar, sem því eru ætlaðar, teknar í ríkissjóð, sem hv. þm. A-Sk. er að vitna í og fyrrv. hv. þm. S-Þ. kallaði þjófnað frá þjóðleikhúsinu á sínum tíma.

Og viðvíkjandi því, sem sagt hefur verið um félagsheimilin, þá er ákaflega hjartnæmt að heyra hjá þessum mönnum, hvað þessi félög í Reykjavík séu mörg, sem mótmæla þessu, sem farið er fram á í frv., sem fyrir liggur. En öll þessi félög fá stóran styrk úr ríkissjóði. Og þegar verið var að tala um félög, sem áttu að hafa rétt til félagsheimilaframlags, þá var einn félagsskapur þó undanskilinn, sem ekki átti neina hlutdeild í þessu efni, að það voru verkalýðsfélögin. Þau máttu ekki vera með. Og í allri ástúðinni gagnvart félagsskap ýmiss konar hér í Reykjavík var ómögulegt, að verkalýðsfélögin mættu vera þarna með, og það var fellt úr einmitt af þessum sömu mönnum. Og það var líka dregið út, að þessi félög hefðu orlofsheimili eða hvíldarheimili væru byggð fyrir félagsmenn. Og svo segja þeir, þessir menn, að félögin í Reykjavik eigi líka að njóta góðs af félagsheimilasjóði, sem getur verið satt, svo langt sem það nær. — Reykjavík skilur, að þjóðleikhúsið er virðuleg menningarstofnun. En þessir menn, sem virðast vera á móti því, skilja það ekki — þeim dettur það ekki í hug — og halda líkast til, að þegar búið er að koma því upp, þá sé ákaflega gott að stæra sig af því, að þetta sé mikið átak — en vilja kippa af því mögulegum til starfa.

Og á annað vil ég benda hv. þm. A-Sk. Fyrst

þegar hann kom með frv. um félagsheimili, var honum ekki farið að detta í hug að taka skemmtanaskattinn fyrir þau. En af því að það voru ekki nein ráð til þess að ná í peninga í félagsheimilin, þá datt þeim í hug — honum og öðrum, sem með honum voru —, að þarna væri leið til að ná í peninga, með því að taka af skemmtanaskattinum, þegar búið var að ákveða, að hann færi til þjóðleikhússins. Sömu menn halda, að nú sé hægt að fá tekjulindir fyrir þessa starfsemi. En hvers vegna koma þeir þá ekki með tekjulindirnar?

Ég er sannfærður um, að ekki hefur byggingarnefnd og því síður aðrir haft hugmynd um, hve mikið mundi kosta að koma upp svona byggingu eins og þjóðleikhúsinu, hve mikið rafmagn þyrfti til þess að byggja upp svona fyrirtæki, sem er ekki undarlegt. Því að þeim skeikar verkfræðingunum um fyrirtæki, sem þeir vita, til hvers eiga að vera, og þó vana menn hafi verið um að ræða, hafa áætlanir þeirra um ýmis mannvirki ekki staðizt. Og því fremur, þegar verið er að byggja upp þjóðleikhús, sem þeir höfðu ekki hugmynd um, hve mikils þurfti með til að fullgera. Og menn vissu ekki, hvernig ætti að innrétta það, þegar búið var að byggja kassann. Og þó margt megi finna að byggingu þjóðleikhússins og framkvæmdum í því sambandi, þá finnst mér dálítið hart, eftir að jafnmikið hefur verið sagt um þessa byggingu og hún talin svo mikið menningarfyrirtæki fyrir íslenzku þjóðina, að einmitt á sama tíma, sem allir eru stoltir yfir því hér heima, þessu átaki, sem gert hefur verið í sambandi við þjóðleikhúsið, þá skuli menn vera til, sem eru æstir yfir því, þó einhvern tíma sé gengið á það fé, til að taka það handa þjóðleikhúsinu, sem ég tel, að ranglega hafi verið tekið frá þjóðleikhúsinu, þó að það sé látið til annarra hluta um eitthvert árabil.

Ásmundur Sigurðsson: Af því að ég skrifaði undir nál. meiri hl. n., þar sem því var lýst, að ég hefði þá afstöðu um málið, að ég væri á móti því að samþ. frv. óbreytt, en hins vegar teldi ég rétt að veita ríkisstj. heimild til þess að koma þessu á réttan kjöl, vil ég gera grein fyrir afstöðu minni með nokkrum orðum.

Mér virðist helzt til mikið úr því gert á þingi nú, hvað þetta sé stórkostlegt vandamál, sem hér liggur fyrir. Og mér virðist það vera vantraust á ríkisstj. að telja það vera ómögulegt að leysa þetta öðruvísi en með því að samþ. þetta frv. Fjárl. hafa verið samþ. upp á 300 millj. kr. Þar eru sparaðar 30 millj. kr., sem lagðar voru á á síðasta ári. Þar er enn fremur bætt nokkrum milljónum við, svo að fjárl. eru um 40 millj. hærri en á síðasta ári. — Og svo eru þessi vandræði með þjóðleikhúsið, þar sem um er að ræða þrjár millj. kr., skuld við þessa verktaka, að mér skilst, sem ekki er búið að greiða þeim. Og það lítur helzt út fyrir, eftir ræðum manna, að hæstv. ríkisstj. verði að segja af sér, ef henni er ekki fengið þetta fé upp í hendurnar. Mér finnst það vantraust á ríkisstj., hvernig þetta mál hefur verið útfært hér á þingi. Og ef hæstv. ríkisstj. getur ekki leyst úr þessu máli, sem hér er rætt um, án þess að fá þennan hluta skemmtanaskattsins, þá hygg ég, að henni muni verða enn erfiðara að leysa önnur meiri vandamál, sem vafalaust munu koma fyrir, áður en margir mánuðir eru liðnir.

Í hverju eru þessi vandræði fólgin, sem hér er rætt um í sambandi við þjóðleikhúsið? Það liggja fyrir ljósar upplýsingar um það, að þessar rúmar þrjár milljónir kr., sem hér er um að ræða, eru óumsamdar skuldir. Og þær á að greiða með þessum hluta af skemmtanaskattinum, og mun þó þurfa allt að átta ár til þess að greiða þessar skuldir upp. Nú liggur fyrir, að það verður að semja um þessar skuldir og fá bráðabirgðalán til þess að greiða þær. Og það er haft á orði, að ef þessar skuldir verða ekki greiddar mjög bráðlega, verði hægt að ganga að húsinu og heimta það boðið upp. Og þá liggur augljóst fyrir, að ekki er hægt að bíða í átta ár með það, að skuldin sé greidd, því að þá verður búið að selja það á einhverju af þessum átta árum. — Nei, það verður að greiða þessa skuld nú. Og deilan er um það, hvort það á að endurgreiða lán, sem þyrfti til að greiða þessa skuld með, á átta árum með því að taka til þess þennan hluta af skemmtanaskattinum, sem hér er rætt um, eða hvort á að greiða þetta með öðrum útgjöldum ríkisins á annan hátt. Þetta er aðalatriði málsins, sem hér er um að ræða. Þess vegna finnst mér hér gengið nokkuð langt, þegar í það er látið skína, að þetta sé svo stórt vandamál fyrir ríkisstj., að hún geti ekki leyst það á nokkurn annan hátt en þann, sem lagt er til í þessu frv. Og ef svo er í raun og veru, held ég, að illa gangi henni með erfiðari málin.

Þegar þetta mál var rætt í menntmn., þá kom m. a. mjög sú skoðun fram hjá hv. þm. A-Sk., að hækka mætti skemmtanaskattinn. Ég var á móti því þá og er á móti því enn. Hins vegar lagði ég það til málanna, að það ætti að gefa stjórninni heimild til lántöku, til þess að koma þessu á fastan grundvöll, og síðan kæmi það til greina í sambandi við fjármál ríkisins á hverjum tíma, hvernig ætti að greiða þessi lán eins og önnur lán, sem á húsinu hvíla, sem eru meiri en þessi upphæð, sem hér er um að ræða í frv. að koma fyrir.

Ég tek undir með þeim mönnum, sem halda fram, að það sé mjög óaðgengilegt að taka þennan hluta skemmtanaskattsins, fyrst á annað borð er búið að ráðstafa honum eins og gert hefur verið. Og í því sambandi vil ég minna á, að ég held, að það hafi fyrr verið gert að taka skemmtanaskattinn til annars en leikhússins, og ekki til ákveðinna hluta eins og hér er gert, heldur beint í ríkissjóð, til almennra þarfa ríkisins. Og ef honum í þessi ár, sem hann hefur verið látinn renna þannig, hefði verið beint í þjóðleikhúsið, þá hefði verið búið að byggja það fyrir stríð, og það orðið gróðafyrirtæki á stríðsárunum. Það má því segja, að ríkissjóður skuldi þjóðleikhúsinu þessa upphæð. Vitanlega væri sú upphæð, sem farið hefur beint í ríkissjóð af skemmtanaskattinum, ef reiknuð væri saman, minni að krónutölu en nú mundu

vera hliðstæðar tekjur, en hins vegar meira virði hver króna þá. Og hefði mátt byggja fyrir þann skemmtanaskatt þjóðleikhúsið og ljúka því. — Ég er ekki á móti þjóðleikhúsinu. Ég gleðst af því, að það er komið upp. Og ég tel, að það sé ríkisstjórnarinnar að leysa úr þessu máli nú eins og öðrum og meiri vandamálum, sem koma fyrir og allir vissu, að mundu koma fyrir. Og ég fæ ekki skilið, hve mikið er úr því gert, að það sé ómögulegt að leysa þetta á nokkurn annan hátt en þennan, sem til er tekinn í frv. Mér sýnist það liggja ljóst fyrir, að það hlýtur að verða að taka bráðabirgðalán til þess að greiða með þessar lausaskuldir. Og þá sýnist mér, að það geti verið mál seinna að leysa úr því, hvernig eigi að leysa það endanlega, og að það sé þá eðlilegasta lausnin, eftir forsögu þessa máls, að það, sem þarf til þess að borga þessar lausaskuldir, sé tekið beint inn á fjárlög sem aðrar greiðslur ríkisins.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skaut hér fram hugmynd í minni ræðu áðan um tekjuöflun og gat þess, að með því móti yrði hægt að ná í tekjur hjá aðila, sem lítið hefði verið gengið á, þegar þungar álögur hefðu verið lagðar á aðra í þjóðfélaginu. Ég stakk upp á því að taka 10% af gróða seðladeildar Landsbankans, sem mundi nema, þessi 10%, 700000 til 800000 kr. á ári, og þessar tekjur væri hægt að nota annaðhvort handa þjóðleikhúsinu eða félagsheimilunum, allt eftir því, hvernig skemmtanaskattsmálið nú væri afgr. Ég gaf þeim mönnum, sem bera félagsheimilin fyrir brjósti, tækifæri til þess að sýna, hvort þeir vildu útvega félagsheimilunum tekjur, kannske ekki samsvarandi þeim, sem þau nú hafa, heldur líka meiri. — Nú hafa þrír hv. fulltrúar stjórnarinnar talað í þessum efnum, hæstv. ráðh. og tveir hv. stjórnarfl.-þm. Hæstv. menntmrh. sagði, að það mætti eiginlega ómögulega leggja neinar álögur á seðladeild Landsbankans; hann hefði ekki afskrifað skuldir, og þess vegna væri viðbúið, að hann ætti ekki nógu mikið til, ef svo og svo mikið af lánum, sem hann á hjá útvegsmönnum, reyndist tapað fé. Landsbankinn á nú upp undir 100 millj. kr. skuldlausar eignir, og það þótt hús hans sé metið á eina krónu. Og eign hans hér hinum megin við okkur, sem Landsbankinn á, er miklu, miklu meiri en nokkurn tíma kæmi til greina, að þau töp mundu nema á útgerðinni, sem nú eru óafskrifuð. — Ég veit hins vegar, hvað það er, sem veldur því, að hæstv. viðskmrh. skuli taka svona dauflega í að leggja nokkuð á Landsbankann í þessum efnum. Það kom fram einu sinni fyrr á þinginu, að hæstv. viðskmrh. tók undir till., sem ég var með um að ríkið borgaði óþarflega mikla vexti af lánum hjá Landsbankanum, þannig að ríkissjóður væri beinlínis skattlagður handa Landsbankanum, og skömmu síðar kom stjórnin með frv. í þessu, einmitt um að skylda Landsbankann til að lána með lægri vöxtum en nú handa 17 togurum, en það hefur aldrei fengizt afgr. af þinginu. Og allar umr. hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. um að spara fé með því að láta ekki Landsbankann græða eins mikið á vöxtum frá ríkinu hafa því orðið til einskis. Það er eins og Alþ. ráði ekki hér, heldur er eins og útlánastofnun, sem er hér við hliðina á okkur, segi Alþ. fyrir verkum. Það hefur hvað eftir annað verið svo, að þegar menn, sem kosnir eru af stjórninni, hafa sínar hugmyndir, ef þær fara í bága við reikningslega hagsmuni þeirrar stofnunar — sem þjóðin á — þá eru hugmyndir þessar slegnar niður með peningavaldinu, sem Landsbankinn hefur. Ég veit ekki, hvort hæstv. menntmrh. hefur hug til þess að minnast á þetta og til þess að reyna að aftra því, — af því að ríkisstj. hæstv. er orðin eins og bandingi hjá Landsbankanum — eins og vesall skuldari, sem ekki þorir að segja nokkurn skapaðan hlut. En hæstv. menntmrh. þorði a. m. k. að finna tylliástæðu fyrir þessu. — Og hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. A-Sk., sem hér töluðu á eftir honum úr stjórnarliðinu og báðir hefðu átt að koma inn á þessa hugmynd, þar sem ég benti á tekjustofn til handa félagsheimilasjóði, ef stjfrv., sem hér liggur fyrir, yrði samþ., eða handa þjóðleikhúsinu, ef það verður ekki samþ., hafa hvorugur minnzt á þetta. Af hverju? Líklega er ekki langt að leita að ástæðunni. Ætli það sé ekki af því, að þeirra hugmynd sé að hækka skemmtanaskattinn — og þá sé allt í lagi? Ef álögin eiga að lenda á alþýðustéttunum, þá er allt í lagi að þeirra áliti, að því er virðist, en þegar bent er á, að Landsbankinn geti lagt fram fé til þessa, þá megi hann ráða því að leggja þungar fjárhagslegar byrðar á ríkissjóðinn. — Ég benti á, út af því, sem hv. 2. þm. Rang. stagaðist á og hæstv. menntmrh. leiðrétti, að spurningin stendur ekki um hálfa eða einn fjórða úr milljón, heldur um á 4. millj. kr., sem þarf að útvega lánsfé til að greiða. Og þessar till. ríkisstj. og þessi till., sem ég skaut hér fram, þær hafa sitt gildi í því, að þær eru tekjustofn, hvor fyrir sig, sem á vissu árabili mundi gefa þessa upphæð. — Ég skal síðar koma að því, hve mikið traust muni vera hægt að hafa til ríkisstj. til þess að skaffa þessar 4 millj. kr. Og mér finnst þeir gefast fljótt upp í áhuganum fyrir félagsheimilunum og traustinu til ríkisstj. í því sambandi, þegar þessir hv. þm., sem töluðu fyrir félagsheimilunum, komu ekki að neinu leyti inn á það, hvort réttmætt væri að taka tekjustofn til þeirra, sem lenda mundi á peningavaldinu hér í Reykjavík, en virðast ekkert hafa við það að athuga að hækka skemmtanaskattinn, vegna þess að hann lendir fyrst og fremst á Reykvíkingum almennt og á alþýðunni ekki síst.

Þá minntist hv. 2. þm. Rang. á það — og fór út í stjórnmálaumr. almennt í sambandi við það — já, hann minntist á, að hann hefði nú verið að bjarga atvinnulífinu, og að þeir þingmenn sveitanna, eins og hann sagði, hefðu nú verið að vinna afrek á þessu þingi til þess að bjarga atvinnulífinu. — Ja, mikil er trú þín! Og mikið er gott fyrir hv. 2. þm. Rang. að geta staðið í þessum hugmyndum, þegar hann heldur heim frá þessu þokkalega þingi og fer nú að tala við bændurna þarna í Rangárvallasýslu um áburðarverðið og annað slíkt — að

geta þá staðið í þessum hugmyndum, að hann hafi verið að bjarga atvinnulífinu og þjóðinni, — þegar fyrstu bændurnir koma til með að segja honum, að þeir hafi ekki tekið áburð, sem þeir hafi pantað, og hafi lítið til þess að bera á túnin, vegna þess að hv. þm. þeirra hafi tvöfaldað eða þrefaldað áburðarverðið. Ósköp held ég, að honum gangi tregt að sannfæra þá um, að hann hafi bjargað atvinnulífinu. Og svipað verður að segja í sambandi við fóðurbætiskaup bænda og annað slíkt. Ég veit ekki betur en að það hafi rignt mótmælum út af því, að áburðarverðið hækkaði allt of mikið, og kröfum um, að ríkisstj. léti greiða þessa vöru niður og hún yrði seld á gamla verðinu. Bændur hafa, sem sagt, komið saman á fundum hjá sér, til þess að reyna að fá ríkisstj. til að bjarga þeim frá þessu bjargráði hv. 2. þm. Rang. Kannast þessi hv. þm. ekki við, að ýmsir hv. þm. hafa látið þau orð falla, að þeir hefðu aldrei greitt atkv. með þessum bjargráðum, ef þeir hefðu vitað, hvað þau þýddu og hvað þetta var? Og þó að hv. 2. þm. Rang. sé nú í þessari sælu trú, að hann hafi bjargað atvinnulífinu, mun hann reka sig á, að hans umbjóðendur líta öðruvísi á það mál. Og ég býst við, að sama yrði ofan á, ef hann talaði við sjómenn, sem verið hafa úr Rangárvallasýslu á vertíð í vetur. Ég tala nú ekki um, ef hann talar við útgerðarmenn, sem leggja upp í frystihúsin og ekki er borgað frá hraðfrystihúsunum það, sem gert var ráð fyrir í grg. fyrir bjargráðafrv. ríkisstjórnarinnar, og hafa ekki neitt fengið hækkað fiskverðið, sem sagt var, að hlyti að hækka í 93 aura pr. kg. Ég býst við, að bjargráð hv. 2. þm. Rang. séu ekki neitt dásömuð af þessum mönnum. — Og fyrst þessi hv. þm. sagði, að atvinnuleysi væri nú komið í landinu, ef hann hefði ekki bjargað atvinnulífinu, — vill hann þá ekki ganga um göturnar hér í Reykjavík — þó hann fari ekki út um landið — vill hann ekki tala við fólkið hér, sem mundi segja honum, að atvinnuleysi er nú þegar komið hér, því miður. Og svo fjötraðir eru verkamenn hér og fiskimenn og allir Íslendingar vegna þessara ráðstafana, sem hv. 2. þm. Rang. hefur tekið þátt í og kallar nú bjargráð, að menn fá ekki tækifæri til að bjarga sér sjálfir, þeir menn, sem hæstv. ríkisstj. segir, að hún geti ekki bjargað meir en hún gerði í vetur. En það er fellt allt, sem kemur fram um það, að menn fái að mynda sín samtök um að reyna að bjarga sér sjálfir. — Svo kemur hv. 2. þm. Rang. með það, að þetta, sem ég hafi verið að krítisera það, sem gert hefur verið og kallað bjargráð, það geri ég ekki vegna þess, að neinum íslenzkum verkamanni þyki vont að vera atvinnulaus, né vegna þess, að neitt fólk finni til undan því, að brauð, smjör og smjörlíki og annað þ. h. sé hækkað í verði, eða að neinum finnist sárt að geta ekki staðið í skilum með það, sem menn hafa undirgengizt, vegna þeirra verðhækkana, sem nú skella yfir, — nei, það á ekki að hafa verið út af neinu slíku, sem við, sem börðumst á móti gengislækkunarfrv., gerðum það. Það á auðvitað að vera eftir fyrirskipunum frá Moskvu. — Hv. 2. þm. Rang. gerði áðan í sinni ræðu það, sem yfirleitt hefur ekki verið gert hér á þingi, að grípa til svo aumlegra og lélegra röksemda, að venjulega láta stjórnarflokkarnir sér nægja að láta flokksblöðin flytja það, en telja fyrir neðan sína virðingu að nota það sjálfir. Ég tel ekki nema sjálfsagt, að Morgunblaðið tali þannig, en hv. þm. ætti ekki að láta sér sæma að tala hér eins og Morgunblaðið. Við sjáum það daglega, sem börðumst á móti gengislækkuninni, að það er svo sem auðvitað, að ótætis kommúnistarnir hafa verið á móti henni samkvæmt fyrirskipun frá Moskvu, en ekki gert það frá sjálfum sér. Alþfl. er svo aftan í ótætis kommúnistunum, því að hann hefur ekki heldur gert það af sjálfu sér. Heldur hv. þm., að svona röksemdir séu boðlegar í umr. milli þm.? Ég vil minna þennan hv. þm. á það, fyrst svona mikill skrekkur er hlaupinn í hann út af ótætis kommúnistunum, að einu sinni áður hefur hann orðið skelkaður á svipaðan hátt. Það var fyrir nokkrum árum, — mér datt þetta í hug af því, að hann var að upplýsa till. frá okkar hálfu, — átti hann og fleiri þm. í hans flokki þátt í því að lækka verð á afurðum bænda og lækka kaupgjald með l. frá Alþingi. Það var haustið 1944. Þá mynduðust samtök milli Sósfl., Alþfl. og Sjálfstfl. Auðvitað hefur þessi hv. þm. þá gengið með þá hugmynd, að allt, sem við kæmum nærri, sé samkv. fyrirskipunum frá Moskvu. Hann hefur verið hræddur um, að nýsköpunarstefnan væri komin frá þeim vonda Stalin og Alþfl. og Sjálfstfl. væru að falla í ægilegt net. Hvað gerði hv. þm. þá? Hann var svo hræddur við að taka afstöðu með þeirri stj., sem Sjálfstfl. myndaði þá, að hann var í andstöðu við þá stj. þann tíma, sem hún var við völd. Það er sú stj., sem Sjálfstfl. hefur verið stoltastur yfir að hafa tekið þátt í, enda er það í eina skiptið, sem þessi flokkur hefur orðið að gagni fyrir þjóðina, og jafnvel þá var hv. 2. þm. Rang. svo hræddur við ótætis kommúnistana, að hann þorði ekki að vera með. Ég veit ekki, hvort hann hefur séð eftir því á eftir. Ég er hræddur um, ef hv. þm. ætlar að halda sér með röksemdir sínar í þeirri hæð, sem hann gerði í sambandi við þetta, þá verði erfitt að ræða við hann á því stigi, sem þm. ættu að ræða hver við annan. Ef við ætlum að fara út í deilur um þetta, þá mundi ég biðja hann að athuga, hvað hann sjálfur var að gera, þegar hann samþ. gengislækkunina, ef hann hefur trú á því, að menn hlýði fyrirskipunum annars staðar frá, hvort hann hafi ekki flett upp Marshallsamningnum í stjórnartíðindunum frá 1948, 238 bls., 4. gr., og athugað, hvernig gengislækkunin er til komin. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynnir ríkisstjórn Íslands við og við ráðgert dollaraverð slíkra vara, þjónustu og tæknilegra upplýsinga, og ríkisstjórn Íslands leggur síðan inn á hinn sérstaka reikning samsvarandi upphæð í krónum samkvæmt því gengi, sem á hverjum tíma hefur orðið samkomulag um við alþjóðagjaldeyrissjóðinn.“

Þessi alþjóðagjaldeyrissjóður sendi sinn fulltrúa hingað heim til Íslands. Sá fulltrúi til-

kynnti síðan, hvað gengið skyldi verða á íslenzku krónunni. Ríkisstj. lýsti yfir, að hún hefði orðið hissa, — það var hæstv. atvmrh., sem gerði það, — hissa yfir því, að það væri svona mikil gengislækkun, sem fulltrúi alþjóðagjaldeyrissjóðsins áleit nauðsynlega. Þm. stjórnarflokkanna sinntu valdboðinu frá gjaldeyrissjóðnum, sem framkvæmdi það í samræmi við Marshallsamninginn, 2. málsgr. 4. gr., ef til vill sem skilyrði fyrir því, að þær fjárveitingar fengjust til Íslands, sem Marshallaðstoðin hefur hugsað sér að senda. Ég get vel fyrirgefið hv. 2. þm. Rang. þetta tal, sem hefur sjálfsagt verið í gamni, en ef hann ætlar að fara að tala í alvöru eins og Morgunblaðið, þá ætti hann að athuga þá samninga, sem hans stj. framkvæmdi og gerðir voru samkv. valdboði utanlands frá, sem ráðh. stj. voru hissa á, með þeim afleiðingum, sem þm. stjórnarflokkanna hefðu ekki búizt við, að mundu verða. Þessi þjóðholli þm. ætti því ekki að undirstrika það, þegar slíkt mál er til umr., að þjóðin hafi grætt á gengislækkuninni. Hún hefur þvert á móti rúinerað Íslendinga.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um, að hann hefði verið að tryggja brauð öllum alþýðufjölskyldum með gengislækkuninni. Ein fyrsta afleiðingin var sú, að brauðið hækkaði um 50%. Það er búið að hækka smjörið um 100%, smjörlíki hefur hækkað líka. Allar brýnustu nauðsynjavörur almennings, sem reynt hefur verið að halda niðri, hafa hækkað. Og um leið er atvinnuleysið leitt yfir almenning. Þetta halda þessir menn, að sé til hagsbóta fyrir þjóðina. Þetta á að vera til að bjarga fólkinu. Það er verið að leiða sult yfir þjóðina, sult, sem fólkið hefur sem betur fer ekki haft af að segja síðasta áratuginn. Það er því ekki undarlegt, þó að slík atriði sem þessi dragist inn í mál eins og það, sem hér liggur nú fyrir.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um okkar till. viðvíkjandi fjárl., og þær voru auðvitað allar til að sýnast. Mikið af þeim till., sem þar voru um sparnað, var samsvarandi þeim till., sem meiri hl. fjvn. flutti í fyrra. Ég man ekki, hvort hv. þm. var í fjvn. þá, en ég býst við, að það hafi ekki verið nein synd af hálfu fjvn. að flytja þær, og þá ekki heldur synd að greiða atkv. með þeim. En þá voru þær fluttar af stjórnarflokkunum. Og þá finnst mér, að það hafi ekki heldur verið synd, þó að stjórnarliðið gæfist upp við sparnaðinn, að sýna einhverja viðleitni í þá átt. Okkur er ljóst, hvílíkur ofurþungi álaga hvílir á almenningi, svo mikill, að hann er að sliga landsmenn. Það þarf enginn að halda, að öll þessi gjöld komi til með að rukkast inn eins og áður, þegar atvinnulífið og fólkið er að brotna undan þessum þunga. Svo sló hann upp í grín og sagði, að það væri svo sjálfsagt að treysta stj. til að bjarga þessu. Hann treystir stj. vel til að bjarga þessum 4 milljónum. Ég er kunnugur því, hvernig hefur gengið fyrir hæstv. stj. að bjarga öðrum 4 milljónum. Það er framlag til Sogsvirkjunarinnar. Ég veit vel, hvernig það mál hefur dregizt og strandað, af því að hæstv. ríkisstj. treystir sér ekki til að leggja fram þessar milljónir þrátt fyrir góðan vilja. Það er ekki búið að tryggja sér þær enn þá. Það kemur af því, sem ég gat um í upphafi míns máls. Hæstv. stj. er þannig undir nöglinni hjá Landsbankavaldinu í landinu, að þótt hún eigi að vera húsbóndi yfir því, þá er hún næstum því eins og betlari. Hún er að biðja Landsbankann að lána sér svona hluti. Það, sem við þm. eigum að gera, það er að gefa stj. kjark og vald, svo að hún geti talað við landsbankastjórnina eins og húsbóndi á sínu heimili. Ég veit vel, að það er ekki þægilegt fyrir stj. að eiga að ganga fyrir dyr Landsbankans og biðja hann að lána sér. Ríkið er í miklum skuldum við bankann. Ég held því, að það væri viðkunnanlegt að láta bankann vita, að hér er vald, sem segir, hvað á að gera við þann gróða, sem bankinn fær. Þegar svo er reytt af öllum almenningi, að hann hefur varla til hnífs og skeiðar, þá er engin ástæða til, að stofnun, sem ríkið á, græði 17—19 milljónir á hverju ári. Það, sem við þm. eigum að gera, er að láta stj. vita, að hún hafi þingið bak við sig í þessu efni. Það er eins og hvert annað grín að segja, að stj. bjargi þessu, þjóðleikhúsið verði ekki boðið upp. Ég get ekki treyst hæstv. stj. svona mikið. Ég er hræddur um, að hæstv. stj. bjargi litlu í þessu efni. Mér finnst bjargráðin ekki hafa tekizt það vel í vetur hjá hæstv. stj., þó að hún hafi notið aðstoðar svona þjóðhollra þm. eins og hv. 2. þm. Rang., að það muni ganga vel, þegar stj. á að bjarga sér upp á eigin spýtur. Ég held þess vegna, að það hefði verið betra að gefa hæstv. stj. heimild til að leggja þennan skatt á gróða Landsbankans, svo að hún hafi það í pokahorninu, þegar hún færi að tala um það, hvort hann vildi láta 4 milljónir. Stj. mundi vera kurteis og segja: Ég vil ekki gera þetta, en það er bara þingið, sem er svona vitlaust, og ég neyðist til þess, af því að ég fæ ekki peninga. — Ég held, að þegar þingið vill veita hæstv. stj. svona vald, þá eigi hún að taka mannlega á móti, þiggja það og nota sér það, en að segja, að stj. bjargi því einhvern veginn, það finnst mér lítilmannlegt. Mér finnst satt að segja, að það verði hlaupið frá öllum atriðum varðandi fjármál þjóðarinnar í slíkri vitleysu, eins og kemur fram í smámáli eins og þessu, því að ég kalla þetta smámál, að mér finnst, að það hefði ekki mátt vera minna en þingið hefði tekið sjálft ákvarðanir í þessu máli, en ekki kastað öllu á herðar ríkisstjórninni. Með því að gera ekkert er þjóðleikhúsið sett í þá hættu, að það verði sett á uppboð. Það verður vitanlega ekki farið langt með það, þó að það verði boðið upp. En það er annað, sem er miklu meira vert, og það er það, að þingið hafi mannskap í sér til að benda hæstv. ríkisstj. og gefa henni heimild til að nota þann tekjustofn, sem auðvelt er fyrir þingið að gefa henni vald til og það hjá þeim aðila, sem á engan hátt hefur orðið fyrir þungum búsifjum af þeim hörðu álögum, sem aðrir hafa orðið að bera.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 766, frá minni hl.

menntmn., felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JR, PÞ, PO, SÁ, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, SB.

nei: EystJ, FJ, ÓB, GÞG, JóhH, JörB, KS, MK, ÓTh, SG, StJSt, StSt, StgrSt, BÓ, EOl, EmJ.

GG, SkG greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

Brtt. 808,1 felld með 16:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GG, ÓB, JóhH, JPálm, JS, JörB, KS, ÓTh, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, SB.

nei: HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JÁ, JR, MK, PÞ, PO, SÁ, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, FJ.

GÞG, EmJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Ég tel, að ef þessi brtt. verður samþ., þá verði minna tjón af samþykkt þessa frv., og segi þess vegna já.

1. gr. felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, SG, StJSt, StSt, BÓ, EOl, EmJ, EystJ, FJ, ÓB, GÞG, JóhH, JörB, KS, MK.

nei: PÞ, PO, SÁ, SkG, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JR, SB.

StgrSt greiddi ekki atkv.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jörundur Brynjólfsson: Ég greiddi atkv. með þeirri till., sem hæstv. menntmrh. bar fram, því að ég taldi hana koma á meira jafnvægi gagnvart þeirri löggjöf, sem um þetta efni fjallar, milli félagsheimilanna og þjóðleikhússins, og þar sem á því er mjög brýn nauðsyn að koma betri skipan á fjárreiður þjóðleikhússins, vildi ég vinna það til að greiða fyrir því, að þetta mætti takast. Nú horfir málið hins vegar miklu verr við, en þar sem þetta er 2. umr. og ekki loku fyrir það skotið, að leiðrétta megi nokkuð frá því, sem nú er ákveðið í 1. gr. frv., þá mun ég þó ekki með atkv. mínu bregða fæti fyrir nokkra leiðréttingu þjóðleikhúsinu til handa, og þess vegna segi ég já, í trausti þess, að samþykkt verði við 3. umr. brtt. við þessa gr., sem gengur í sömu átt og brtt. hæstv. menntmrh., sem felld var hér áðan.

Brtt. 808,2 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 18:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JörB, ÓTh.

nei: PO, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, ÓB, JÁ, JR, MK.

GÞG, JóhH, KS, SB greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÁ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

1. mgr. 3. gr. samþ. með 18:4 atkv.

2.—3. mgr. 3. gr. felldar með 20:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv.

Á 106. fundi í Nd., 16. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 809, 810).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 810. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. við þetta frv., og er hún á þskj. 810. Þetta er nokkurs konar miðlunartill., og er breytingin fólgin í því, að skatturinn verði 32% til félagsheimilanna, 8% til kennslukvikmynda og bókasafna, en 60% til þjóðleikhússins. Auk þess gerir till. ráð fyrir, að við 3. gr. bætist ákvæði, sem felld voru úr við 2. umr., en þau eru nauðsynleg til samræmis. Ég vil taka fram, til að forðast misskilning, að ég mun ekki nota hækkunarheimildina á skemmtanaskattinum, ef ekkert framlag verður tryggt annars staðar frá, til greiðslu á þeim skuldum þjóðleikhússins, sem hér er um að ræða.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umræðum um þetta mál hingað til. Þess hefur ekki heldur verið þörf, því að aðrir hafa flutt þau rök, sem til þess hníga, og sýnt fram á, að þetta mál er ekki reist á þeim grundvelli, að rétt sé eða skynsamlegt að samþykkja það.

Það er óþarft að rifja upp sögu þessa máls frekar en gert hefur verið. Ég vil þó geta þess til nánari skýringar, að þegar þetta mál var hér fyrir Alþingi 1947 og horfið var að því að skipta skemmtanaskattinum, þá var það gert á þeirri forsendu, að hæfilega væri séð fyrir þjóðleikhúsbyggingunni, enda stuðzt við upplýsingar þeirra, sem um það verk áttu að sjá. Það er því algerlega rangt, sem fram hefur komið í þessum umr., að um einhverja rányrkju hafi verið að ræða, þegar frv. um félagsheimili var samþ. Það er enn fremur rangt, að þjóðleikhúsið hafi verið svipt öllum tekjum 1947. Ég veit ekki betur en það hafi eftir þeim lögum átt að halda 40% af skemmtanaskattinum. Hins vegar átti félagsheimilasjóðurinn að fá 50%. Allt tal um rányrkju af hendi Alþingis er því tilhæfulaust slúður, þar sem þessi skipting var byggð á upplýsingum, sem byggingarnefndin gaf Alþingi. Á s. l. ári var svo aftur gerð breyting á þessari skiptingu, þannig að hlutur þjóðleikhússins var aukinn og átti nú að ganga til rekstrar þess. Var sú skipting ákveðin þannig, að þjóðleikhúsið fékk 50%, félagsheimilasjóðurinn 40%, en lestrarfélög og kennslukvikmyndir 10%.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. lagt til, að hlutur félagsheimilasjóðs verði lækkaður niður í 20%, en þjóðleikhúsið fái 70%. Ég skal ekki vefengja þær upplýsingar, að þjóðleikhúsið þurfi á þessu fé að halda, en vil hins vegar taka undir með

2. þm. Rang., 5. landsk. þm. og þm. A-Sk., að ég trúi ekki, að hæstv. ríkisstj. sé svo runninn mergur, að hún eigi ekki aðrar leiðir til að afla þessara 250 þús. kr., sem líkur eru fyrir, að þessi breyting muni færa þjóðleikhúsinu eftir síðustu brtt. hæstv. ráðh. Hæstv. ríkisstj. er þá úrræðaminni en ég hef haldið til þessa.

Það er alger óþarfi að setja okkur, sem andvígir erum þessari leið til að auka tekjur þjóðleikhússins, upp við vegg og lýsa okkur sem óvinum lista og menningar og þá þjóðleikhússins um leið. Við gætum á sama hátt og með jafnmiklum rétti lýst formælendur þessa frv. erkióvini allra þeirra, sem ekki eiga neitt félagsheimili eða hálfgerð hús, er liggja undir skemmdum, en okkur dettur slíkt ekki í hug, því að við vitum, að þessir menn hafa líka áhuga fyrir félagsheimilum. Það er líka áreiðanlega óhætt að fullyrða, að við, sem ekki viljum skerða hlut félagsheimilasjóðs vegna þeirrar brýnu þarfar, sem honum er ætlað að leysa, unnum þjóðleikhúsinu alls góðs og teljum sjálfsagt, að óreiðuskuldir þess verði greiddar, þó að við viljum velja til þess aðrar leiðir en þetta frv. gerir ráð fyrir. Það hefur verið minnzt á þetta svokallaða byggðavald hér í þessum umræðum og talað um, að það rísi nú rétt einu sinni upp í fjandskap við kaupstaðina. Það má nú margt um þetta svokallaða byggðavald á Alþingi Íslendinga segja, bæði í sambandi við þetta þing og önnur, en út í þá sálma ætla ég ekki að fara. Hins vegar vil ég geta þess, að sé nokkuð við byggðavaldið að sakast, þá er það fyrst það, að það hefur ekki verið nægilega notað undanfarið. Þetta segi ég ekki af neinu vanmati á okkar ágætu höfuðborg, nema síður sé, heldur eingöngu frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Það er því algerlega óþarft af hv. forsvarsmönnum þjóðleikhússins, sem kalla sig, að vera með eitthvert goms eða svigurmæli um, að hið svokallaða byggðavald geri sig of breitt. (*Viðskmrh.:* Hver var að tala um það?) Það hafa ýmsir gert. Sannleikurinn er sá, að hæstv. menntmrh. hefur sótt þetta mál meira af kappi en forsjá, enda kemur það greinilega í ljós í sambandi við þá brtt., sem hann hefur nú flutt. Hv. þm. sjá, hvernig nú á að bjarga þjóðleikhúsinu. Lestrarfélög og kennslukvikmyndir, sem hafa haft 10% af skemmtanaskattinum, eiga að lækka um 2%. Þessi 2% eiga að bjarga þjóðleikhúsinu, og eftir að þau hafa verið tryggð því til handa, á Fjalla-Eyvindur að geta gengið áfram. Gerið þið svo vel. — Þetta er fjarstæða, og eins er um aðra liði þessa frv. og þær breytingar, sem gerðar hafa verið á því. Það er alveg ástæðulaust að ráðast að félagsheimilasjóðnum, sem nú þegar er þyngri skyldum hlaðinn en hann getur undir risið, hvað þá ef af honum er skorið. Ég vil því leyfa mér að vænta, að hv. þm. verði á móti þessu frv. ásamt öllum þeim breytingum, sem fram hafa komið, og það verði gert á þeirri forsendu, að þm. treysti hæstv. ríkisstj. til að finna önnur úrræði til að afla fjár til þess að okkar glæsilega þjóðleikhús verði leyst úr skuldafjötrum og því tryggður betri rekstur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þetta frv. hefur líka víðar mætt andúð en hér á Alþingi, þó að það eigi ekki langan aldur að baki, og má í því sambandi benda á mótmæli æskulýðsfélaganna, og þar er það ekki eingöngu byggðavaldið, sem mótmælir frv., heldur líka æskulýðsfélögin hér í höfuðstaðnum, enda er félagsheimilasjóðurinn ekki bundinn við sveitirnar einar, þó að gert sé ráð fyrir, að hann leysi fyrst þörfina þar, sem hún er brýnust.

Ég vil svo áður en ég lýk máli mínu segja það, að það dregur til nýrra vega í okkar þjóðfélagi, ef hið glæsilega menningarsetur, þjóðleikhúsið, þarf að fara á uppboð, eins og heyrzt hefur í þessum umræðum. Mér þótti satt að segja leitt og ekki samboðið hæstv. menntmrh. að hafa orð á slíku, og ég verð að endurtaka það, að það bregður þá til nýs og það ekki góðs, ef þetta glæsilega musteri þarf að fara á uppboð vegna þess að ekki séu nein úrræði til að greiða iðnaðarmönnum og öðrum, sem við það hafa unnið. Oft hefur verið útvegað fé til húsbyggingar í Reykjavík og það ómerkilegri byggginga en þjóðleikhússins. Húseignir í Reykjavík eru nú einhverjar þær beztu og arðvænlegustu eignir, sem nokkur Íslendingur á, og þar af leiðandi ein öruggustu veð fyrir lánum. Hins vegar hefur verið erfitt að fá fé til húsbygginga úti á landi, og af þeim ástæðum standa nú mörg félagsheimili ófullgerð og sum jafnvel undir skemmdum. Ég álít, að það sé vilji Alþingis og þjóðarinnar í heild, að skjótt verði brugðizt við þeim vanda, sem þjóðleikhúsið er í, og ríkisstj. beri skylda til að ráða fram úr því vandamáli, en bara án þess að slátra lambi fátæka mannsins um leið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. í sambandi við það vandamál, sem hér er til umræðu, en það er í fyrsta lagi, að meiri hluti þm. virðist vera andvígur hækkun á skemmtanaskattinum. Í öðru lagi hefur komið fram, að félagsheimilasjóð vanti meira fé, og í þriðja lagi er aðkallandi að leysa úr brýnni þörf þjóðleikhússins í sambandi við skuldir, sem á því hvíla. Brtt. minni er ætlað að leysa allan þennan vanda.

Till. mín er um það, að Landsbanki Íslands hlaupi nú undir bagga, hjálpi þjóðleikhúsinu og láni því fé. Árlegur rekstrarafgangur seðladeildarinnar er nú 6—8 millj. kr., og á bankinn að lána 10%, eða 600—800 þús. kr. á ári. Eða ef hentugra þykir, má hafa það svo, að það séu 300—400 þús. kr. til þjóðleikhússins og 300—400 þús. til félagsheimilasjóðs. Ég býst við, að ef þetta verður samþ., þá megi þjóðleikhúsið vel við una. Jafnframt leyfi ég mér að leggja til, að fyrirsögn frv. breytist. — Ég held, að 2. greinin mundi verða nokkuð raunhæfari þannig en í þeirri mynd, sem hún er nú. Ég veit ekki, hvaða lánsstofnun mundi vilja lána út á þær tekjur, skv. 1. gr. óbreyttri, en ef 1. gr. yrði orðuð eins og ég legg til, þá yrði lán auðsótt. — Ég vil biðja forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt. minni, þar sem hún er of seint fram komin og þar að auki skrifleg.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 812) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal ekki halda uppi löngum umr., því að þetta mál virðist fullrætt af báðum aðilum. Og þótt þetta mál sé sótt af kappi, þá hef ég reynt að stilla ræðum mjög í hóf, en það hefur stappað nærri, að skort hafi á fulla kurteisi hjá sumum andstöðumönnum þessa máls.

Hv. þm. N-Ísf. sagði í ræðu sinni, að ég hefði sagt, að þjóðleikhúsið hefði verið svipt skattinum. Þetta sagði ég aldrei. Hitt sagði ég, að þjóðleikhúsið hefði haft siðferðislegan rétt til alls skattsins. Hitt er svo annað mál, að á þessu hefur illa verið haldið af þeim mönnum, sem hafa haft fjárráð hússins. — Hv. þm. sagði, að hann tryði því varla, að ríkisstj. gæti ekki greitt þessar 250 þús. Þetta er sami misskilningurinn og hjá hv. 2. þm. Rang. Hér er um að ræða 3—4 millj., en 250 þús. kr. á ári, og er það annað en 250 þús. út af fyrir sig. Svona rangfærslur eru aðeins til að villa. Hv. þm. talaði um það með fjálgleik og mörgum orðum, að hér væri verið að ráðast á byggðavaldið. Ég vísa þessu algerlega frá mér. Þetta hefur komið hér inn í umræðurnar af allt öðrum mönnum. — Hv. þm. taldi það óviðkunnanlegt af mér að minnast á það, að hægt væri að bjóða upp þjóðleikhúsið. Það má hver hneykslast á þessu, sem vill, en eigi að síður er þetta sú sorglega staðreynd. Þjóðin er búin að byggja hús fyrir meira en 2 tugi millj. og skuldar 2—3 milljónir, og er fögnuðurinn í sambandi við þessa byggingu vissulega beiskjublandinn, ef lánveitendur geta krafizt þess, að húsið sé boðið upp. Ef hv. þm. N-Ísf. er mjög umhugað að forða þjóðleikhúsinu frá slíku, er fyrsta skilyrðið það að horfast í augu við veruleikann.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. málsins átti ég eftir athugasemd, en nennti þá ekki að eyða tíma í að svara hv. 2. þm. Reykv. Hann ræddi ekki um þjóðleikhúsið, heldur almennt um þjóðmál. Ég vil ekki þreyta hv. þingmenn á að svara honum. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um skemmtanaskattinn.

Hæstv. menntmrh. talaði um það tvisvar, að það væri um misskilning að ræða, að ráðherra teldi, að allt væri í vandræðum nema ríkisstj. fengi 250 þús. kr. frá sveitunum. En hæstv. ráðh. ætlar nú að slá af, skv. brtt. á þskj. 810, og sætta sig við að fá 200 þús. kr. á ári, því að hann leggur til, að félagsheimilasjóður fái 32% í stað 40%. Ég segi það enn, sem ég sagði hér fyrr í kvöld, að ef hæstv. ríkisstjórn er í vandræðum að afla sér þessara 200 þús., þá verður hún jafnt í vandræðum að afla sér fjár, þótt þessi till. verði samþ. Eins og sakir standa, þá nema óreiðuskuldir þjóðleikhússins nú á 4. millj. króna, og nú er um það að ræða, hvernig á að borga verktökunum. Það verður jafntorvelt viðfangs, þótt þessi till. verði samþ. Ríkissjóður verður að taka lán til að greiða þessa skuld. En ríkisstj. virðist vera ákaflega vonlítil um rekstur þessa fyrirtækis. Það má þó minna á það, hvaða tekjur þjóðleikhúsið fær. Það fær 50% af skemmtanaskattinum — eða um 1250 þús. kr. á ári. Að öðru leyti verður maður að áætla tekjur þess eftir líkum, þar sem engin reynsla er komin á rekstur þess. Ég hygg, að gera megi ráð fyrir a. m. k. 200—250 leikkvöldum á ári. Tekjur hvers kvölds eru 12500—13000 kr. Og ef maður reiknar með lægri tölunni — eða 200 leikkvöldum — þá gerir það 2½ millj. kr. Þá verða bruttótekjur þess 3 millj. og 750 þús. kr. Hver er svo rekstrarkostnaður hússins ásamt vaxtaafborgunum? Ég get ekki svarað því, því að engum er það kunnugt. En hitt er staðreynd, að árlegar tekjur þjóðleikhússins nema hátt á 4. millj. kr. Þess vegna þykir mér ekki ólíklegt, að það geti sjálft staðið undir vöxtum og rekstrarkostnaði sínum. Svo að það er engin fjarstæða að halda, að það geti borið sig, nema hæstv. ríkisstjórn haldi, að ekki sé hægt að reka opinber hús nema með tapi. Þegar líkur benda til, að hægt sé að reka hús þetta án taps, þá er ekki tímabært að sækja fé til sveitanna.

Hæstv. menntmrh. sagði, að þjóðleikhúsið hefði siðferðislegan rétt til alls skemmtanaskattsins. Það var leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skyldi koma með þetta, því að ég segi, að þjóðleikhúsið hafi ekki einungis siðferðislega kröfu, heldur lagalega kröfu á þann hluta skemmtanaskattsins, sem rann í ríkissjóð á árunum 1930—1940. Ef hæstv. ráðh. vill heimta inn þetta, þá ætti hann að gera það.

Um brtt. hv. 2. þm. Reykv., að taka 10% af gróða Landsbankans, þá býst ég við, að hv. þingmenn taki till. ekki alvarlega. Hv. þm. talaði um, að Landsbankinn ætti nú 100 millj. í skuldlausri eign. Ég segi nú bara, að svo er guði fyrir að þakka, að Landsbankinn á þessa eign, en mér dettur ekki í hug að fara að fjargviðrast út af því. Því frekar getur Landsbankinn lánað þjóðinni eitthvað. Það þarf enginn að sjá ofsjónum yfir því, þótt Landsbankinn eigi eitthvað. — Það er rétt, að þetta mál er nú orðið þaulrætt. Ég hygg, að ríkisstj. hafi líka fengið þá ráðningu, sem hún á skilið, fyrst hún tók ekki þann kostinn, sem ég ráðlagði henni í upphafi málsins að draga málið til baka.

Gísli Guðmundsson: Í brtt. menntmrh. við frv. við þessa umr. er gert ráð fyrir að lækka þann hluta skattsins, sem rennur til lestrarfélaga, úr 10% í 8%, en af þessu fé renni ⅛ til lestrarfélaga, en ⅞ til kennslukvikmynda. Mér finnst satt að segja þessi upphæð til lestrarfélaga ekki svo há, að hægt sé að lækka hana, þegar það þarf að skipta henni á milli mjög margra aðila. Hins vegar er það svo, að þessi styrkur hefur töluvert örvandi áhrif á lestrarfélögin. Þetta er einn þarfasti menningarfélagsskapurinn í strjálbýlinu. — Ég leyfi mér að flytja skrifl. brtt., sem miðar að því, að þessi litli hluti, sem rennur til lestrarfélaganna, verði ekki skertur. Það mundi þá einnig vera nær lagi að skipta þessum hluta skattsins að jöfnu á milli lestrarfélaganna og kennslukvikmyndanna. Nú er til sæmilegt safn af kennslukvik-

myndum, og kæmi það því ekki eins hart niður. Ég vænti þess, að hv. þingmenn fari ekki að lækka þessa upphæð.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 813) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 812,1 felld með 23:4 atkv.

— 813 samþ. með 19:4 atkv.

— 810,1, svo breytt, felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StSt, StgrSt, BÓ, EmJ, EystJ, FJ, GG, ÓB, GÞG, JóhH, JörB, KS, ÓTh.

nei: PÞ, PO, SÁ, SG, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JÁ, JR, MK, SB.

2 þm. (StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu.:

Magnús Kjartansson: Ég er samþykkur frv. í upphaflegri mynd þess, en er andvígur 10% álagi á skemmtanaskattinn. Hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki nota heimildina, ef þessar till. verða felldar, og þar sem ég vil ekki á neitt hætta, segi ég nei.

Brtt. 810,2 og 812,2 komu ekki til atkv.

Frv. samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, JG, JPálm, JS, JörB, PÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, EystJ, GG.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JR, MK, PO, SG, ÁkJ, ÁS, BÓ, EOl, FJ.

GÞG, KS, ÓTh, EmJ, ÓB, SB greiddu ekki atkv.

2 þm. (StJSt, ÁÁ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jörundur Brynjólfsson: Þetta er að vísu tilgangslítið mál nú, þar eð hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki nota heimildina, sem felst í 1. gr. frv. Eigi að síður vil ég freista þess, að hv. Ed. lagfæri frv., og segi því já.

Jóhann Hafstein: Þetta er tilgangslítið mál nú, og segi ég því nei.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Þar sem ég mun ekki nota heimildina í 1. gr. og 2. gr. frv. er marklaus, segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Ég greiði ekki atkv. með tilvísun til grg. hæstv. menntmrh.

Frv. afgr. til Ed.

Á 112. fundi í Ed., 17. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, KK, LJóh, RÞ, VH, ÞÞ, BSt.

nei: HV, StgrA, FRV.

PZ greiddi ekki atkv.

6 þm. (HG, HermJ, JJós, BBen, BrB, EE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Hannibal Valdimarsson: Ég fæ ekki séð, að þetta frv. sé um neitt, og er það því einskis virði. Ég segi því nei.

Steingrímur Aðalsteinsson: Þar sem hér er um afturgöngu að ræða og málið virðist nú lítils virði, sé ég ekki ástæðu til þess að veita afbrigði og segi þess vegna nei.

Finnbogi R. Valdimarsson: Þar sem hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir, að þetta mál varði litlu, segi ég nei.

Gísli Jónsson: Mér heyrðist hæstv. atvmrh. óska eftir, að þessu máli yrði frestað þar til í fyrramálið. Mér finnst ekki heldur rétt að vísa málinu til 2. umr. nema hæstv. menntmrh. og aðrir þeir, sem hafa borið frv. fram, geri fyrst grein fyrir því hér. Ef það er meiningin að taka málið fyrir nú og líka á fundi á morgun, er hættulaust, að umr. sé frestað nú. Og úr því að komið hafa fram tilmæli um það að fresta umr., tel ég rétt að verða við því.

Umr. frestað.

Á 113. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Við 2. umr. mun ég bera fram brtt. við þetta frv., sem nú er komið frá hv. Nd. Ríkisstj. telur ákaflega brýna og aðkallandi þörf á því, að leyst verði úr fjárhagsvandræðum byggingarsjóðs þjóðleikhússins, og telur, að þær ráðstafanir, sem gerðar eru með frv., sem samþ. var í gærkvöld, fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður til að bjarga við málinu. Þess vegna mun ég nú við 2. umr. leggja fram brtt. um frekari fjáröflun, sem ríkisstj. væntir, ef samþ. verða, að geti orðið til að bjarga þessu máli nokkurn veginn í höfn, a. m. k. nú fyrst í stað. Ég vænti þess, ef hv. d. sér sér fært að samþ. frv. með þeim breyt., sem lagðar verða fram, að málið fái afgreiðslu í hv. d. í dag.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er upplýst, að verið sé að bíða eftir þskj., sem við ættum helzt að hafa hér fyrir framan okkur í sambandi við þetta mál. En ég vildi þá biðja hæstv. menntmrh. að gefa hv. d. upplýsingar um það, hvernig status þessarar stofnunar er og hve mikill byggingarkostnaðurinn er orðinn og fleira viðvíkjandi því, sem nánar skýrir það, í hvaða óefni er komið og hverju þarf að bjarga og jafnvel, hvernig það er hugsað af hæstv. ríkisstj. Mér finnst, að tímann mætti nota til þess á meðan beðið er.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Eins og tekið var fram í því frv., sem lagt var fyrir hv. Nd., er talið, að skuldir þjóðleikhúss-

ins séu nú milli 9 og 10 millj. kr. Af þessu er búið að ráðstafa með lánum um 6 millj. kr., lánum, sem hafa fengizt með því að veðsetja þær tekjur, sem byggingarsjóður leikhússins fær af þeim 25% af skemmtanaskattinum, sem samkv. núgildandi l. renna til hans. Það, sem nú er mest aðkallandi, er aðallega byggingarkostnaðurinn, skuldir vegna byggingarvinnu og efnis, og það er talið, að þær skuldir, sem nú hvíla á leikhúsinu, muni nema 3,3 millj. kr., og mér er sagt, — ég skal taka það fram, að ég ber enga ábyrgð á því, — að þá muni öll kurl vera komin til grafar að því er snertir endanlegan byggingarkostnað þjóðleikhússins. Af þessum 3,3 millj. kr. munu 2 millj. kr. vera skuldir við þá, sem hafa unnið nú undanfarna mánuði við leikhúsið, og eru það bæði vinnu- og efnisskuldir. Skuldir hjá einstökum firmum nema hundruðum þúsunda og hjá einstökum verktökum tugum þúsunda. Fyrir utan þann vansa, sem af því leiðir að geta ekki greitt þessar skuldir, þá er ekki hægt að líta fram hjá því, að margir af þessum verktökum, sem eiga stórfé hjá þjóðleikhúsinu, eru komnir í mjög mikil vandræði vegna vanskila þess, og þau vanskil geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá menn, sem hér eiga hlut að máli. Þeir hafa sýnt talsvert mikið langlundargeð í þessu máli og sérstaklega vegna þess, að þeir hafa staðið í þeirri trú, að gerðar yrðu einhverjar ráðstafanir til þess að greiða úr fjárhagsörðugleikunum áður en þingi yrði slitið. Stj. hefur gert athuganir á ýmsum liðum til þess að afla fjár til að greiða þetta, en hún hefur ekki getað fundið neinar leiðir, sem gætu greitt úr þessu, aðrar en þær, sem hún hefur lagt til að farnar verði. Hún væntir þess, ef hún fær þær heimildir, sem hér er lagt til að fá, þá muni hún geta fengið nóg fé til að greiða þessar aðkallandi vinnuskuldir, sem nú hvíla á húsinu — og hvíla kannske enn þyngra á þeim verktökum, sem kröfur eiga á þjóðleikhúsið.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Mér þykir það undarlegt, að ekki skuli verða meiri umr. um þetta mál. Það hefur nú verið samþ. í hv. Nd. frv. um breyt. á l. um skemmtanaskatt og þjóðleikhúsið, sem felur það í sér að gefa ríkisstj. heimild til að innheimta skemmtanaskattinn með 10% álagi, til þess að greiða þessar áhvílandi skuldir þjóðleikhússins. Það hefur nú þótt ærið furðulegt, að þessir bakreikningar skuli nú koma, þar sem gert var ráð fyrir því, þegar l. var breytt, að þjóðleikhúsið hefði þegar fengið það, sem nauðsynlegt væri til byggingarinnar. Svo kom það í ljós á síðasta þingi, að enn vantaði 4 millj. kr., en þá var fullyrt, að það mundi nægja. Nú gefur hæstv. menntmrh. þær upplýsingar, að enn þá vanti mikið fé, 10 millj. kr., að mér skilst. (*Viðskmrh.:* Skuldin er það, en það er búið að útvega 6 millj. kr.) Og vantar þá 3 til 4 millj. kr. Þetta er náttúrlega alveg furðulegt og eins það, hvernig ýmislegt hefur verið í sambandi við byggingu hússins. Ég er algerlega andvígur því, að sú leið sé farin til að greiða skuldirnar að hækka skemmtanaskattinn. Þetta er nú síðasta till. um nýjar álögur á almenning, sem fram hefur komið á þessu þingi, sem nú er að ljúka, en það hefur lagt meiri skatta á þjóðina en nokkurt annað þing, svo að um met mun vera að ræða í sögu Alþ. En þingi lýkur nú með því, að enn á að leggja á 10% skemmtanaskatt, og langmestan hluta hans eiga Reykvíkingar að greiða. En mikill hluti skattsins á svo að renna til félagsheimila í sveitum. Ég er algerlega andvígur þessu og tel, að einhver önnur ráð þurfi að finna. Þar sem nú er komið að þingslitum, þykir mér líklegt, að það verði ekki gert nú á þessu þingi, en það verður að gerast á næsta þingi. Ég get bent á ótal margt, sem frekar ætti að grípa til en þetta. En þar sem það er algerlega ósamrýmanlegt þessu frv., þá mun ég einnig greiða atkv. á móti brtt. frá hæstv. menntmrh. Hann hefur, að mér er tjáð, sjálfur lýst því yfir, að skatturinn verði ekki innheimtur nema því aðeins, að brtt. hans verði samþ. Það eru vitaskuld ekki nema skripalæti að samþ. frv., ef álagið verður ekki tekið hvort sem er, og þar sem ég er á móti frv. og vil, að það verði fellt, þá mun ég einnig greiða atkv. móti brtt. hæstv. ráðh.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég tók það fram í hv. Nd., að ef frv. færi þannig frá þinginu, að það yrði ekki annað en heimild til að hækka skemmtanaskattinn, þá mundi það ekki verða framkvæmt, en það heyrir ekki til, ef sú breyting er gerð á frv., sem þýðir það, að þá fengjust tekjur, sem nægðu til þess, ásamt skatthækkun þessari, að greiða það, sem með þarf.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:4 atkv.

Á 114. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 809, 814).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef engu við það að bæta, sem ég sagði um brtt. á þskj. 814, en ég sé, að í d-lið 1. brtt. kemur fram misskilningur, vegna þess að meiningin var, að skipt væri til helminga hluta lestrarfélaga og kennslukvikmynda, eins og það var samþ. í hv. Nd. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram brtt. um það, að í stað þess, að ⅓ hluti skuli renna til lestrarfélaga og ⅔ hlutar til kennslukvikmynda, þá komi ½ hluti í hvorn stað.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svohljóðandi skrifleg brtt. frá menntmrh., við brtt. á þskj. 814: „d-liður 1. tölul. breytist þannig, að í stað „⅓“ komi: ½ — og í stað „⅔“ komi: ½.“ Brtt. er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 815) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég er andvígur 1. gr. þessa frv., um hækkun á skemmtanaskattinum, og mun því greiða atkv. gegn henni. Ég tel, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að auka enn á þennan skatt, auk þess sem þess er að gæta, að langmestur hluti hans fellur til frá stærstu kaupstöðunum, en samkv. gildandi l. og eftir þessu frv. er ætlazt til, að honum sé dreift til annarra hluta landsins umfram það, sem eðlilegt getur talizt. Hins vegar tel ég nauðsyn að viðurkenna þá staðreynd, að afla verði meira fjár en gert hefur verið til að greiða óreiðuskuldir þjóðleikhússins, og ég tel, að ekki verði hjá því komizt. Ég get því fallizt á 1. brtt. á þskj. 814 heldur en ekki neitt, en vil láta þess getið jafnframt, að ég tel, að meira af skattinum hefði átt að renna til greiðslu á lausaskuldum þjóðleikhússins en hér er gert ráð fyrir. — Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. gæfi neinar upplýsingar um 2. brtt. á þskj. 814 né hverra tekna af þessu mætti vænta eða hver rök væru fyrir því, að leitað er á þennan stað eftir tekjum fyrir þjóðleikhúsið. Ef ég man rétt, þá var einkasala á viðtækjum stofnsett til þess að tryggja mönnum fyrst og fremst góð og hentug tæki, sem menn mættu reiða sig á, að væru örugg og ekki seld dýrara verði en nauðsyn krefði. Nú mun hafa farið svo í framkvæmdinni, að hagnaður mun hafa orðið af einkasölunni, og mun hann hafa runnið til útvarpsins. Mig vantar upplýsingar um það, hvað langt þessar tekjur hrökkva til greiðslu á skuldum þjóðleikhússins, og enn fremur viðkomandi því, sem lögð var áherzla á, þegar viðtækjaverzlunin var stofnsett, að hún skyldi útvega góð og hentug tæki, en ekki vera rekin til fjáröflunar eða til að græða á henni.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal viðurkenna, að það er hálfgert neyðarúrræði að hækka skemmtanaskattinn til þess að ná þessum tekjum. En ég vil í því sambandi upplýsa, að álagið á kvikmyndasýningar hér í Reykjavík, ef þessi skattur verður að l., er 5—15 aurar á sæti, 5 aurar á almenn sæti og 15 aurar á dýrustu sæti, og það má kannske segja, að álagið sé ekki mjög tilfinnanlegt.

Hvað snertir viðtækjaverzlunina, þá kann vel að vera, að það sé langt sótt að fara þangað til þess að taka upp tekjur fyrir leikhúsið. Hins vegar er rekstur útvarpsins ekki háður tekjum viðtækjaverzlunarinnar, þannig að hér er ekki verið að veikja rekstur útvarpsins með þessu. Þetta eru tekjur, sem renna í einn sjóð, sem að vísu er gert ráð fyrir, að gangi til þess að safna í byggingarsjóð útvarpsins, sem nú er kominn upp í 5 millj. kr., en er, eftir því sem ég bezt veit, allur í útlánum. Ég skal lýsa yfir, að gefnu tilefni, að það er ekki meining mín eða ríkisstj. að hækka verð á viðtækjum til þess að ná hærri tekjum en ella í því augnamiði, sem hér er að stefnt. Um tekjur, sem af þessu geta runnið, er ekki gott að segja. Á fjárl. er áætlað, að tekjuafgangur af rekstri viðtækjaverzlunarinnar verði 156000 kr. Þetta fer að sjálfsögðu mjög mikið eftir því, hvernig aðstaðan verður fyrir viðtækjaverzlunina að fá innflutning á viðtækjum; það hefur gengið stirðlega á þessu ári, hversu sem úr kann að rætast seinni hluta ársins. Tekjur viðtækjaverzlunarinnar hafa þess vegna verið misjafnar frá ári til árs, eftir því hve mikill innflutningur er á tækjum. En ég hygg að þegar á allt er litið, þá þurfi ekki að gera ráð fyrir því, að þær tekjur, sem af þessu fást, verði minni en áætlað er í fjárl.

ATKVGR.

Brtt. 815 samþ. með 10 shlj. atkv.

— 814,1, svo breytt, (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 10:5 atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 9:6 atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort hann telji þessa brtt., 814,2, frambærilega. Ég fæ ekki betur séð en að með henni sé verið að breyta þeim fjárl., sem þetta þing hefur nýlega afgr. Á fjárl. er gert ráð fyrir, að rekstrarafgangur viðtækjaverzlunarinnar sé færður þar til tekna á 2. gr. fjárl., eins og er um rekstrarafgang ríkisstofnana. Ef nú er tekin hér ákvörðun um það, að þetta skuli renna í þjóðleikhússjóð og ráðstafað á ákveðinn hátt öðruvísi en í fjárl., þá skilst mér, að það breyti niðurstöðu fjárl. Ég lít hins vegar þannig á, að með einföldum l. sé ekki hægt að breyta fjárl., og óska eftir úrskurði hæstv. forseta um það, hvort þessi till. sé frambærileg.

Forseti (BSt): Ég lít svo á, að till. sé frambærileg. Að vísu breytir það l., sem eru í gildi, en Alþ. er heimilt að breyta l., og ég sé ekki, að fjárl. séu þar nein undantekning frá öðrum l. Hitt er svo matsatriði fyrir hv. þm., hvort þeir telja rétt að samþ. svona till. En ég sé mér ekki fært að vísa neinni till. frá á þessum grundvelli. Till. yrði að koma í bága við stjskr. sjálfa, ef ætti að vera hægt að vísa henni frá, því það er heimilt að breyta l. með nýrri lögum.

Brtt. 814,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 9:4 atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 814,3 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

— 814,4 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 115. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 816).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja málið og ekki rekja allan þess sorgarferil og ósannindi, sem okkur þm. hafa verið sögð af þeim mönnum, sem þessu stjórna. En af því að mér virðist, að hér eigi að leika sama leikinn, þá langar mig til að spyrja hæstv.

ráðh., í fyrsta lagi: Hvað kostar þessi breyt., sem eftir er af byggingu þjóðleikhússins. Það er gert ráð fyrir því, að allar þær tekjur, sem hér er verið að afla, eigi að renna til þess að borga byggingarskuld þá, sem nú er. Með hverju á að borga það, sem eftir er að gera? Ég skal ekki fara inn á þann svikaferil, sem farinn hefur verið í þessu máli í fleiri ár á Alþ.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég get ekki tekið til min þau ummæli, sem hv. 1. þm. N-M. hafði um svikaferil í þessu sambandi og annað því um líkt. Ég skal játa, að það er mjög leitt, hvernig þær áætlanir, sem gerðar hafa verið, hafa staðizt. Það verður rannsakað á réttum vettvangi, en það getur ekki bjargað þessu máli, sem um er að ræða hér, að deila um það hér í þingsalnum. Ég hef ekki aðrar upplýsingar í þessu máli en þær, sem mér eru gefnar af þeim mönnum, sem að þessu standa, og ég sel ekki þær upplýsingar dýrara en ég keypti, og ég ber enga ábyrgð á, að þær upplýsingar séu réttar. Mér hefur verið sagt, að þjóðleikhúsbyggingunni sé svo að segja lokið, það geti verið eitthvað smávegis eftir, sem lítið kosti. Það hefur verið auglýst eftir reikningum á þjóðleikhúsið, og síðustu niðurstöðutölur þeirrar rannsóknar eru þær, sem liggja fyrir hér í þinginu í því frv., sem lagt er fram, þar sem talað er um, að ógreiddar skuldir leikhússins séu 3.3 millj. kr. — Aðrar upplýsingar get ég ekki gefið á þessu stigi, og ég tek enga ábyrgð á, að þær séu réttar.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil aðeins í sambandi við þetta mál beina þeirri ósk til hæstv. menntmrh., að hann sæi um það, að alþm. gætu fengið sundurliðaða reikninga þjóðleikhúsbyggingarinnar eins fljótt og unnt er.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal fúslega verða við þeim tilmælum að senda þm. sundurliðaðan byggingarreikning þjóðleikhússins strax og hægt er að gera reikninginn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Ég var í gærkvöld saman með þjóðleikhússtjóra af tilviljun og spurði hann hins sama. Hann sagði: Það er ekki nærri búið, og hvað það kostar mikið, sem er eftir, það hef ég ekki hugmynd um, en það er mjög mikið. Þeim ber því illa saman, honum og hæstv. ráðherra.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. nefndi sögu þjóðleikhússins sorgarsögu, og ég held, að það sé ýmislegt dramatískt við þá sögu.

Þeir tveir þættir, sem sérstaklega snúa að alþm., eru þeir, að 1946 er leitað til Alþ. vegna þessarar byggingar, og þá var Alþ. tjáð, að að mundi vanta 2—3 millj. kr. til þess að ljúka byggingunni. 1947 var talið sjá svo fyrir endann á byggingu hússins og kostnaði í sambandi við það, að talið var óhætt að hætta að ætla þjóðleikhúsbyggingunni tekjur af skemmtanaskattinum. En nú, um það leyti, sem húsið er opnað, þá er upplýst, að það vanti 3—4 millj. kr. til hússins eftir að unnið hafði verið að húsinu sleitulaust þessi s. l. 2—3 ár, sem liðin eru síðan. Ég minnist þess, að skýrslur voru gefnar um, hvernig þjóðleikhúsbyggingin stæði, og upplýsingar um fjárreiður fyrirtækisins. Eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. menntmrh. hefur gefið, virðist þetta standa þannig, að byggingin sé nú í 20 millj. kr. og skuld sé 9—10 millj., þar af borgaðar 6 millj. og eftir séu í skuld 3—4 millj. En hæstv. ráðh. segir: Ég get þó ekki borið ábyrgð á, að þessar upplýsingar séu réttar, — þetta er eftir því, sem mér er tjáð. Hér er varnagli, að óvissa sé um það, að þessar upplýsingar séu réttar, sem bornar eru á borð fyrir þm. Ég vil þess vegna spyrja: Hefur engin grg. komið frá þessari byggingarn. þjóðleikhússins, — eru látnar nægja einhverjar munnlegar ágizkanir þessara manna og það talin nægileg gögn til þess að leggja fyrir Alþ.? Það hefur a. m. k. ekki verið upplýst enn, að af n. hafi verið heimtuð gögn um byggingarframkvæmdir hússins, og því síður er upplýst, að uppgjör muni liggja fyrir. Þá væri hægt að segja um leið og málið lægi fyrir Alþ.: Þetta er svona skv. skilagrein byggingarn., og hún verður að standa ábyrg fyrir því, að rétt sé upplýst. Hér er bara sagt: Ég þori ekki að ábyrgjast, þið megið varla hafa það eftir mér. — Það er upplýst af hv. 1. þm. N-M., að það muni vera eftir þó nokkuð við húsið enn, auk þess vitum við, að eftir er að búa vissa hluta hússins að húsgögnum, og það kostar áreiðanlega mörg hundruð þúsund, sem eftir er að gera, og gæti nálgast milljón í viðbót. Við erum þess vegna í fullri óvissu um það, hvað leikhús Íslendinga kostar, um það leyti sem það stendur algerlega fullbúið. Ég verð að segja, að þegar þessi bygging, þó vegleg sé, er komin á þriðja tug milljóna, þá er það fyrir mér há upphæð, þegar tillit er tekið til þess, að stofnunin var fokheld fyrir stríð, á normal tíma. Þessi upphæð finnst mér svo há, að ég hefði talið fyllstu ástæðu til þess, að sá hæstv. ráðh., sem var á undan núv. hæstv. menntmrh., hefði krafizt skilagreinar af byggingarn.

Um afstöðu mína til þessa máls vil ég segja það, að ég er andvígur því að hækka skemmtanaskattinn til þess að leggja á þessa hít. Ég held, að það sé farið að draga það úr peningaflóðinu, að ekki sé rétt að fara að setja þennan skatt á ný ofan á allt annað. Ég hefði líka haldið, að það væri á móti stefnu ríkisstj. að stofna nú til hækkana, þegar búið er að leggja ærnar byrðar á borgarana með gengislækkun og með nýjum sköttum á annan hátt. Mér er alveg sama, þó að þessi skattur sé að mestu leyti á Reykjavík, skemmtanaskatturinn er orðinn gífurlega hár, í sumum tilfellum 40% af brúttó innkomnum tekjum samkv. innkomnum skemmtanaskatti, og það er gífurleg álagning. Þá er það tilfærslan eða skiptingin á innkomnum skemmtanaskatti. Þar virðist mér vera farin mjög svo óviðkunnanleg leið. Ég hefði haldið, að þegar þjóðleikhúsið er endanlega fullgert, og það hefur til þessa hlotið í

sinn hlut 50% af skemmtanaskattinum, þá hefði verið eðlileg lagabreyt. að láta þennan hluta af skemmtanaskattinum hverfa og láta meginhlutann af honum renna út um byggðir landsins og kaupstaði til þess að byggja þar upp, meðan enn er ekki sæmilega búið að samkomuhúsunum þar, því sannast að segja er það blettur á íslenzkri menningu, hvernig samkomuhús og hús landslýðurinn hefur við að búa. Það eru yfirleitt gamlir timburhjallar, sem varla er hægt að halda heitum á vetrardegi, og húsgögnin í þessum húsum eru víðast hvar úti á landi — og jafnvel í sumum kaupstöðum — baklaus bekkjaskrifli. Þar er ekkert, sem fullnægir fegurðartilfinningu manna. Þar eru ekki frumstæðustu þægindi. Og full þörf hefði verið að leggja í það verulegt fjármagn, meginhluta skemmtanaskattsins, sem inn kemur í landinu, að bæta þarna nokkuð úr. Félagsheimilunum hefur verið ætlað til þessa að fá 50% af skemmtanaskattinum. En þeirra hlut á að færa niður í 35% eftir till. hæstv. menntmrh. Í byggingu eru nú allmörg félagsheimili úti um landið. Aðstandendur þeirra hafa reiknað með þessum lögboðna tekjustofni þeim til handa, og eru í miðjum klíðum með byggingarnar og standa nú uppi enn meir ráðþrota en áður, þegar þessi tekjustofn þeirra, sem þeir byggðu á, er tekinn í annað. — Já, það er eins og að orði var kveðið í hv. Nd.: Hér er verið að gera það, sem á máli biblíunnar heitir að slátra lambi fátæka mannsins handa þeim ríka. — Enn þá lægra er þó lotið fyrir óreiðuskuldum þjóðleikhússins, þegar farið er að tala um að taka 2% af þeim 10% af skemmtanaskattinum, *sem rennur til lestrarfélaga úti um sveitir* landsins og til þess að koma upp vísi að kennslukvikmyndasafni fyrir skólana, sem eru kennslutækjalausir að heita má. Ég held, að starfsemi hinna fátækari lestrarfélaga sé einhver hin þýðingarmesta menningarstarfsemi, sem rekin er úti um byggðir landsins og fyrir minnst fé. Nú á að skerða hana vegna þjóðleikhússins. Og þegar ætlunin var að koma upp dálitlu safni af kennslukvikmyndum, sem er viðurkennt, að séu einhver hin gagnmestu kennslutæki, sem kennarar geti fengið, þá á að koma í veg fyrir, að þetta safn geti orðið nothæfur þáttur í kennslustarfinu í landinu, og það á að koma í veg fyrir, að þetta geti orðið, með því að skerða tekjumöguleikana, sem áttu að vera undirstaðan undir því, að þessi kennslutæki yrðu keypt og notuð, — og þetta á að gera vegna þjóðleikhússins. Ég verð að segja, að þegar farið er inn á svona brautir, get ég ekki dregið af því aðra ályktun en þá, að hæstv. ríkisstj. sé komin í algert úrræðaleysi um það að afla fjár til að greiða þær vinnulaunaskuldir og efniskaupaskuldir, sem þjóðleikhúsið er í og óráðstafað er. Og mér þykir þetta furðulegt. Ég er sannfærður um, að ef hæstv. ríkisstjórn hefði reiknað með þessu, meðan hv. fjvn. var að störfum og hafði ekki gengið frá till. sínum, þá hefði mátt skera einhvern ósómann út úr fjárl., sem tekur hundrað þús. kr. og jafnvel milljónir, ef ríkisstj. hefði verið búin að ganga úr skugga um, að hér þyrfti að koma fyrir þriggja til fjögurra milljóna óreiðuskuldum fyrir þjóðleikhúsið. Það hefði verið alveg vandræðalaust fyrir ríkisreksturinn að leggja niður svo sem tíu til tuttugu embætti — og það hefði verið hægt að spara margan óþarfann, sem á fjárl. er ætlað verulegt fé til. Og hefði það verið ólíkt viðkunnanlegra en að taka þann litla skilding, sem átti að fara til lestrarfélaga og til þess að koma upp ofurlitlum vísi að kennslukvikmyndasafni, og til þess að gera mögulegt að starfa að þessum þætti félagslífs úti um byggðir landsins, bæði úti um sveitir og í sjávarþorpum. Þetta er sem sé, að mínu áliti, viðbjóðsleg fjáröflunarleið, sem sett er fram hér af hæstv. ríkisstjórn.

Nýjasta brtt., sem hér er svo bætt við nú, er um að taka hugsanlegar tekjur af viðtækjaverzlun ríkisins, — það er kannske afsakanleg leið. En þó er óviðkunnanlegt, hvernig að er þarna farið, því að það er þó búið að ganga frá fjárl. og búið að ætla ríkisútvarpinu tekjur af þessum verzlunarrekstri, eins og á undanförnum árum, og það er komið aftan að þessari stofnun nú, eftir dúk og disk, þegar þetta er tekið út úr rekstri ríkisútvarpsins. Ég skal ekki segja, hvaða óþægindum það veldur ríkisútvarpinu, að þarna sé gerð breyt. á l. um útvarpsreksturinn og þessar tekjur teknar. Má vera, að það sé ekki tilfinnanlegt að taka þannig þessar tekjur af viðtækjaverzluninni, sem munu hafa átt að renna í byggingarsjóð útvarpsins, en ekki að standa undir rekstrargjöldum ársins 1950.

Af því, sem ég nú hef sagt, má ljóst vera, að *ég er á móti þeirri ásælni, sem kemur fram í* því, að hæstv. ráðh. kemur fram með till. um, að taka skuli þær tekjur, sem félagsheimilasjóði hefur verið ætlað að fá. Og ég er á móti því, að rýrðar séu þær litlu tekjur, sem lestrarfélögunum voru ætlaðar. Og ég er andvígur því, að þær smávægilegu tekjur, sem áttu að ganga til kennslukvikmyndasafns, séu rýrðar. Ég er andvígur því, að skemmtanaskatturinn hækki, þegar mjög er farið að draga úr tekjum manna og efnahagur almennings farinn að þrengjast, og tel það ganga í þveröfuga átt við það, sem hæstv. ríkisstjórn hefur látið í veðri vaka. — Í fáum orðum sagt: Ég er á móti þessum till. og á móti málinu í heild.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er nú enginn tími til að þreyta umr. um þetta mál á þessum tíma, þegar komið er að þinglausnum. Enda skal ég ekki gera það. En svo mikið er víst, að hvernig sem þessar framkvæmdir hafa farið úr hendi, þ. e. bygging þjóðleikhússins, sem nú er um rætt — og ég undirstrika þetta nú, þegar háværar raddir heyrast um, að þessar framkvæmdir hafi orðið verulega miklu dýrari en þurft hefði að vera, — þá er svo mikið víst, að þessar framkvæmdir eru gerðar af aðila, sem er löglega til þess kosinn og samkv. lögum, sem Alþ. hefur staðið að. Það er þess vegna tvímælalaust, þegar talað er um það, hvað þurfi að borga síðar, að þær kvaðir hefur ríkið tekið á sig að greiða þær

kröfur, með því að skipa þá nefnd, sem unnið hefur þessi verk og hefur skuldbundið ríkið á löglegan hátt gagnvart þeim aðilum, sem eiga hjá þjóðleikhúsinu. — Ég tel það of snemmt að dæma um það nú, hvernig þetta verk hefur farið úr hendi, þó maður hafi heyrt ýmsar sögur um það, og þær ekki allar fallegar. — En ég vil aðeins benda á það, að það getur tæpast talizt eðlileg málfærsla að beina þeim ásökunum gegn núverandi ríkisstjórn, að átelja hana fyrir það, hvernig þessi bygging hefur farið úr hendi. (*HV:* Það er ekki gert.) Og það, sem mér finnst vera aðallega ráðizt á ríkisstj. fyrir, er það, að hún tekur við allri þessari skuldasúpu, sem þarna er fyrir hendi, og reynir að ráða fram úr málunum. — Það er ekki hægt að taka lán lengur. Og það er verið að reyna að ráða fram úr vandræðunum. Það er hægt að segja, að það hefði mátt spara á fjárl. En það er ekki létt að vinna það verk, þegar komið er fram á mitt ár, að spara á fjárl. til að taka þessa upphæð, sem hér vantar, með þeim sparnaði. En það er gott að minnast þess, að ýmsir hv. þm. heita því að vera mjög skeleggir, þegar að því kemur að færa niður útgjöldin á fjárl. Því að það eru allar líkur til þess, að það þurfi á þeim dugnaði að halda, og gott að fá yfirlýsingar um það. Og það er ekki víst, að það standi á ríkisstj. með að koma með þær till., og gott að eiga þá von á fylgi við þær.

En viðkomandi þessu máli, sem hér liggur fyrir, þá er það um það að segja, að ég hef ekki heyrt neinn hv. þm. benda á, hver leið sé nú tiltæk til að greiða þessa skuldasúpu, sem ríkisstj. verður þarna að taka við. Ég heyrði engar till. um það í hv. Nd. í gær. Og ég heyri engar till. hér um þetta, og ég lái engum það. Því að það er ekki víða hægt að leita að tekjum. En því erfiðara er þá að ásaka núv. ríkisstjórn, þó að þær leiðir, sem farnar eru til tekjuöflunar í þessu efni, séu ekki þannig, að maður geti verið ánægður með þær, hvorki ríkisstj. né hv. þm.

Viðkomandi þeim ráðstöfunum, sem þarna eru gerðar, get ég sagt það, að um leið og ég fresta því að beina ásökunum gegn hinum þrem mönnum, sem staðið hafa að þessari byggingu eða framkvæmd hennar, — þeim fulltrúum, sem Alþ. hefur falið þetta verk a. m. k. óbeinlínis, með því að leggja það í hendur þess ráðh., sem skipað hefur þá menn, — ég ætla að fresta öllum ásökunum á hendur þessum mönnum, — sem er enda ekki hægt, eins og samningarnir eru orðaðir, að ásaka þá án þess að rannsaka málið, — þá legg ég til og mun beita áhrifum mínum til þess, að málið verði rannsakað og það að sjálfsögðu lagt fyrir hv. Alþ. Því að vitanlega eiga hv. þm. kröfu til þess, í þessu máli eins og öðrum, að fá að skyggnast nákvæmlega inn í þá reikninga og þau vinnubrögð, sem þarna hafa átt sér stað viðkomandi þessari byggingu. En hv. þm. ættu að muna það í þessu máli, að það er ekki núv. ríkisstj., sem hefur unnið þetta verk. Og í öðru lagi ættu hv. þm. að muna hitt, að það er erfiðara í að komast en um það að tala að afla tekna til þess að greiða þessa skuldasúpu, þar sem verið er að berjast við að afgr. tekjuhallalaus fjárl. Það má lengi segja, að það sé hægt að bæta þessu inn á fjárl. En einhvers staðar verður að nema staðar. Og við teljum, að við höfum numið staðar, þegar fjárl. hafa verið afgr.

E. t. v. hafa þeir menn, sem séð hafa um framkvæmd þessarar byggingar, sér til afsökunar einmitt þetta, að fyrir tveimur til þremur árum var fullyrt, að nóg fé væri til til þess að ljúka byggingu þjóðleikhússins. Eftir nokkur ár vantar svo þrjár til fjórar millj. kr. Og það er ekki fyrr en fyrir tveimur til þremur mánuðum eða svo, sem vitneskja fæst um það, að nú vantar stórfé enn til þess að fullgera þjóðleikhúsið. Og náttúrlega hefur það verið svo, þar sem þrír menn gegndu í þessu efni trúnaðarstörfum fyrir þessa framkvæmd, að fært hefur þótt að trúa yfirlýsingum þeirra um það, að nægilegt fjármagn væri til til þess að vinna verkin, sem þeir eru að vinna, þegar þeir senda yfirlýsinguna um það til hlutaðeigandi ráðh., sem gert var fyrir þremur árum, og svo aftur síðar. — Hitt er annað mál, að ástæða er til að rannsaka, hvort svona nefnd á að starfa áfram, og þá fyrst og fremst rannsaka, hvernig hún hefur rækt störf sín. Og það mun ekki standa á því, að ég hygg, að það verði gert. A. m. k. vil ég beita mínum áhrifum til þess, að svo verði gert. Því að það er ekki hægt að þola það í opinberum framkvæmdum, að slík vinnubrögð séu viðhöfð, án þess að það mál sé rannsakað. Það er mín skoðun í því máli.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og endursent Nd.

Á 108. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. á því að skýra mikið frá þeim breytingum, sem gerðar voru á frv., en þær eru einkum fólgnar í því, að 32% af skemmtanaskattinum fara til byggingarsjóðs þjóðleikhússins, en 25% af skattinum í rekstrarsjóð. Enn fremur rennur hagnaður af viðtækjaverzlun ríkisins næstu 3 ár í byggingarsjóð, og vona ég, að hv. þm. taki þessu vel.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir þetta ekki góð afgreiðsla á þessu máli, en vil leitast við að bæta það með því að leggja fram till. um, að 2. gr. falli niður, og vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. Hún er skrifleg og of seint komin fram og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 817) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ed. hefur gert nokkra breytingu á frv., m. a. þá, að hagnaðurinn af viðtækjaverzluninni næstu 3 ár falli til þjóðleikhússins, og á fjárl. nú er gert ráð fyrir, að það muni verða um 150 þús. kr. Nú er vitað, að minna hefur verið flutt inn af þessum vörum upp á síðkastið, svo að gera má ráð fyrir, að þessi hagnaður muni minnka, en hins vegar má gera ráð fyrir, að menn vilji, að hagnaðurinn verði sem mestur til að höggva skarð í skuldir hússins. Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort í ráði væri að hækka álagningu á þessari vöru til að afla sem mestra tekna. Og teldi ég illa farið, ef svo væri.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég lýsti því yfir í Ed., að það mundi ekki verða gert, og endurtek þá yfirlýsingu hér.

ATKVGR.
Brtt. 817 felld með 18:8 atkv.
Frv. samþ. með 21:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 818).

30. Bæjarstjórn í Húsavík.

Á 4. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um bæjarstjórn í Húsavík [27. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 5. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. kemur fram, er eðlileg og réttmæt. Húsavík er einn elzti verzlunarstaður landsins og nú orðin stærsta kauptún í landinu. Þar eru yfir 1200 íbúar, og þannig fleiri en í kaupstöðunum: Sauðárkróki, Ólafsfirði og Seyðisfirði. — Engin ástæða er til að ætla, að ekki verði framhald í Húsavík á þeirri mannfjölgun, sem þar hefur orðið, svo vel sem kauptúnið er sett til lands og sjávar. Það er auðskilið mál, að slíkur hreppur hefur svo margt umleikis, að hann á ekki fulla samstöðu með venjulegum sveitahreppum. Í Húsavík er umfangsmikill hafnarrekstur, rafmagnsveita, vatnsveita, gagnfræðaskóli o. s. frv. Sveitarfélagið þarf að geta ráðið sér framkvæmdastjóra eða bæjarstjóra, því að vafasamt er, að hægt sé að fá í kjör slíkan starfsmann. Þetta meðal annars kallar eftir bæjarréttindum.

Frumvarpið er samið í öllum atriðum eftir löggjöf síðustu ára um bæjarstjórnir og sérstaklega lögum um kaupstaðarréttindi Sauðárkróks. Ég samdi það þannig til þess að tryggja því sem skjótasta afgreiðslu. Ég veit enga meinbugi á málinu. Ég tel, að það sé eins og vagn, sem horfir rétt á beinni braut og óhætt má setja í gang og aka áfram fullum hraða. En það mundi ég telja fullan hraða, ef frv. yrði að lögum á þessu ári, svo að fyrstu bæjarstjórnarkosningar í Húsavík gætu farið fram í n. k. janúar, því að þá er reglulegt kjörtímabil úti. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. Alþ. hafi þennan hraða á, og leyfi mér enn fremur að leggja til, að frv. verði að lokinni umræðu hér í hv. deild vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Forsrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Ég mun ekki ræða frv. þetta neitt, en ég vil aðeins geta þess, að í samræmi við þál. hefur nú verið samið frv. um sveitarráðsmenn, þar sem gert er ráð fyrir, að sérstakur ráðsmaður sé á þeim stöðum, sem hafa yfir 500 íbúa. Verður þessu frv. væntanlega útbýtt hér um helgina. Kæmi þá til athugunar fyrir hv. flm. þessa frv., hvort þar væri um að ræða fullnægjandi ákvæði fyrir Húsavík. Geri ég þó raunar ráð fyrir, að hann muni líta svo á, að Húsavík ætti samt sem áður að fá kaupstaðarréttindi. En ég vildi sem sagt aðeins láta þessa getið, en ekki taka að svo komnu afstöðu með eða móti frv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þá yfirlýsingu, sem hann hefur hér gefið, að von sé á frv. um sérstaka skipun á stjórn stærri kauptúna, eða frv. um sveitarráðsmenn. Ég hafði einmitt hugsað mér í sambandi við þetta frv. að spyrja hæstv. ríkisstj., hvað hún hefði gert út af þeirri till., sem samþ. var af Alþ. 25. febr. 1949 og við þm. Eyf. bárum fram. Þar sem nú er von á frv., hef ég í raun og veru ekki meira um þetta að segja að svo stöddu annað en það, að ég fagna því, að það skuli nú koma fram. Ég vil þó taka fram í þessu sambandi, að þar sem sveitar- og bæjarstjórnarkosningar fara nú fram í janúarmánuði n. k., tel ég áríðandi, að löggjöf þessi gangi í gildi fyrir áramót, eða áður en þessar kosningar fara fram. Mér virðist svo sem það skiptist í tvö horn með hin stærri kauptún eftir því, hvort sýslumaður hefur þar aðsetur eða ekki. Ef hann býr í kauptúninu, eins og á Húsavík, er það sama og enginn kostnaðarauki fyrir ríkissjóð að gera hann að bæjarfógeta. Aftur á móti munu kauptún, sem gerzt hafa bæjarfélög, hafa komizt að raun um það, að þeirra eigin útgjöld hafa vaxið, og það er ábyggilega spursmál, hvort það út af fyrir sig er svo mikið hagsmunamál fyrir kauptún að slíta tengslin við nærliggjandi sýslu, heldur er það þetta, að í stærri kauptúnum er ekki hægt að fá menn til að gegna oddvitastörfum í hjáverkum, og er því nauðsynlegt að fá þar sérstaka menn til að gegna sömu störfum og bæjarstjórar vinna í kaupstöðunum. Með þessu, sem ég nú hef sagt, er ég alls ekki að boða það, að ég sé á móti þessu frv., sem hér er til umr., meðfram vegna þess, að mér sýnist það útlátalítið fyrir ríkissjóð, þótt það verði að lögum. En það er áreiðanlega rétt leið, sem nú hillir undir, að þessum málum verði þannig skipað, að láta hin stærri kauptún hafa starfsmenn til að hafa framkvæmdastjórnina á hendi, og ég fagna því, að frv. um þetta efni er í þann veginn að koma fram á hv. Alþingi.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er vitanlega mjög heppilegt fyrir sveitarfélög almennt, ef lög verða samþ. þess efnis, að þau megi ráða sér framkvæmdastjóra, því að oft er það bagalegt að þurfa að kjósa slíkan starfsmann sem oddvita, en þrátt fyrir það óska ég eindregið, að frv. þetta, sem nú er til umr., verði að lögum, því að margt er það fleira, sem gerir það eðlilegt, að þorp, sem hafa á annað þúsund íbúa, fái bæjarréttindi. Ýmis löggjöf er nú orðið einmitt miðuð við slíka skiptingu sveitarfélaga í bæi og hreppa eftir mannfjölda. Síðastl. ár fórum við Húsvíkingar t. d. þess á leit við hið opinbera að fá frá ríkinu þátttöku í lögreglumálum kauptúnsins, en var synjað. Hins vegar var látið í það skína, að ekki hefði verið hægt að færast undan þessu, ef Húsavík hefði haft kaupstaðarréttindi. Nefni ég þetta sem eitt dæmi þess, hve réttmætt það er, að svo fjölmenn kauptún sem Húsavík er fái bæjarréttindi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 31, n. 83).

Frsm. (Finnbogi R. Valdimarsson): Herra forseti. Eins og segir í nál., þá hefur n. orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta nái samþykki með tveimur smávægilegum breytingum; skal ég gera grein fyrir þeim bráðlega, en vildi fyrst segja um þetta nokkur orð almennt.

Um sveitarstjórnarmál í landinu gilda almennu sveitarstjórnarlögin frá 1927 og sérstök lög fyrir kaupstaði, sem nú eru orðnir 12 að tölu. Þau kveða t. d. á um starfssvið sýslumanna, sem eru til eftirlits með starfi hreppsnefnda og fara með héraðsstjórn. Í sveitarstjórnarlögunum er ekki greint á milli sveita og smærri þorpa, eins og t. d. Húsavík hefur verið. Í 4. gr. laganna er að vísu kveðið svo á, að ef þorp vex og verður svo stórt, að fólksfjöldi nemi yfir 300 íbúum, þá megi kjósa í þorpinu sérstaka hreppsnefnd, en þó það haldi áfram að vaxa langt yfir þessa tölu, verður það áfram undir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna. Þá hefur það komið í ljós, að ýmsir annmarkar eru á sveitarstjórnarlögunum. Þau fela til dæmis í sér ákvæði, sem takmarka um of valdsvið hreppsnefnda, svo sem í því efni að ákveða laun þeirra, er fara með sveitarstjórnarmál; en störf þeirra hafa aukizt mjög á síðari árum af margvíslegum orsökum. Sé t. d. þorp í vexti innan sveitarfélagsins, lenda framkvæmdastörfin á oddvitanum, og í æ vaxandi mæli hafa þeir verið innlimaðir í hið almenna stjórnarkerfi, sem fleiri og fleiri verða stöðugt sammála um að kalla skriffinnskubákn. Þetta er meginástæðan, sem fram er færð, er stærri kauptún leita eftir bæjarréttindum, enda þótt það komi ekki fram í grg. fyrir þessu frv. En á því er enginn efi, að Húsavík er með stærstu kauptúnum landsins og stjórn þess umfangsmikil, og ég tel víst, að þar hafi komið í ljós erfiðleikar á framkvæmd sveitarstjórnarmála, sem geri það að verkum, að bæjarréttindi séu æskileg fyrir kauptúnið; og ég býst við, að Húsavík eigi rétt á að fá þessi eftirsóttu bæjarréttindi, þar sem íbúatala er þar komin talsvert á annað þúsund.

Elztu lögin, sem sett voru um sérstök bæjarréttindi, voru fyrir Rvík árið 1872, síðan Akureyri 1883, Ísafjörð 1917, Siglufjörð og Vestmannaeyjar 1918, Seyðisfjörð 1919, Neskaupstað 1928, Hafnarfjörð 1929, Akranes 1941. Ólafsfjörð 1944, Sauðárkrók 1947 og Keflavík 1949. Þau lög, sem síðar hafa verið sett, hafa verið sniðin hver eftir öðrum, og það frv., sem hér liggur fyrir, er t. d. sniðið eftir lögunum um Keflavík og Sauðárkrók. Bar heilbr.- og félmn. það saman og sá, að það kom til athugunar, hvort hér væri nú rétt að farið. Í frv. eru t. d. ákvæði, sem liggur við að telja megi úrelt, og er mér ekki grunlaust um, að flm. hefði kosið, að ýmislegt væri þar öðruvísi, en hann mun hafa óttazt, að það kynni að tefja fyrir frv. að gera þar breytingar á, því að hann leggur áherzlu á, að afgreiðslu þess verði hraðað. En ef nú ætti að fara að gera efnisbreytingar á frv., mundi það leiða af sér, að það styngi mjög í stúf við síðari lög, án þess þó að talizt gæti, að um raunverulega endurskoðun væri að ræða á lagafyrirmælum um þessi efni. Því virtist n. sem það mundi vera betri vinnubrögð, að sett væru almenn bæjarstjórnarlög, og þau gætu síðan gilt fyrir þau kauptún, sem yxu svo upp, að þau fengju kaupstaðarréttindi samkvæmt þeim.

N. hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. með tveimur smábreytingum. Fyrri brtt., sem liggur fyrir á þskj. 83, er við 11. gr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt almennum hafnarlögum". — Það kom sem sagt í ljós, að áður gild ákvæði um þetta voru numin úr gildi með almennu hafnarlögunum frá 1946. — Hin brtt. fjallar um ákvæði til bráðabirgða, og er lagt til, að greinin um þau orðist svo: „Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps fer með stjórn kaupstaðarins, þangað til bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram". En í frv. er ekki gert ráð fyrir, að á slíku ákvæði þurfi að halda, en það virðist svo sem einhver tími muni líða á milli þess, að þetta frv. nái staðfestingu og bæjarstjórnarkosningar fari fram, og því er þetta ákvæði nauðsynlegt. Frekari breytingar lagði n. ekki til, og enda þótt ýmislegt sé athugavert, svo sem ákvæði 7. og 16. gr., sem ég hefði kosið að væru öðruvísi, þótti mér ekki rétt að flytja um það brtt., eins og málið er vaxið.

Það, hvort sérstakar þarfir mæli með því, að Húsavík fái bæjarréttindi, það tel ég augljóst, að svo er; hún er orðin með allra stærstu kauptúnum landsins að íbúatölu og stjórn mála hlýtur því að vera allumfangsmikil. Þar hafa verið miklar framfarir, og er þorpið með hinum fegurstu í landinu og fyrir gestsaugað a. m. k. með miklum menningarbrag og meiri en í

þorpum víða hvar, því miður. Hv. flm. þessa frv. hefur staðið framarlega í stjórn kauptúnsins, og mun hann því bezt þekkja þarfir þess. N. sér því enga ástæðu til að tefja framgang málsins, eins og það er vaxið, með frekari brtt., enda þótt rök séu fyrir nauðsyn þeirra.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil þakka heilbr.- og félmn. fyrir meðferð hennar á frv. og sömuleiðis hv. frsm. fyrir greinargóða framsögu og einnig sérstaklega fyrir vinsamleg orð, sem hann lét falla í garð Húsavíkur.

Þegar ég samdi frv., taldi ég rétt að miða við það, að það gæti náð samþykki og orðið að lögum fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar, sem ætlunin er að fari fram í næsta mánuði. — Þegar ég athugaði þá löggjöf, sem ég hlaut að sníða þetta frv. eftir, þá verð ég að segja, að mér fannst hún ekki eins góð og ég hefði talið æskilegt, en ég vildi þó ekki breyta þar miklu, ef það kynni að verða til tafar málinu. Mér virtust sum ákvæði laganna úrelt orðin, svo sem þau, að bæjarstjórn skuli skylduð til að sækja um það til ráðuneytis, ef hún ætlar t. d. að eyða innstæðu, ganga í ábyrgð eða selja eða kaupa fasteign, án tillits til, hvort um stórt eða smátt er að ræða. En ég tók þessi ákvæði óbreytt upp í frumvarpið, af því að ég vildi ekki stofna til tafa í afgreiðslu, og þar sem ég veit, að þeim hefur alls ekki verið beitt samkvæmt bókstafnum, heldur anda, þá treysti ég því, að heimildin gildi í framkvæmdinni gagnvart Húsavík sem öðrum stöðum og hinn óeðlilega strangi bókstafur komi ekki að sök. Hitt væri þó að sjálfsögðu rétt, að Alþingi tæki bæjarstjórnarlöggjöfina í landinu hið fyrsta til gaggerrar endurskoðunar, og teldi ég þá heppilegt, að ein lög væru látin gilda fyrir alla kaupstaði, er heimiluðu félmrn. að veita kauptúnahreppum, sem það þætti henta, leyfi til að taka sér bæjarréttindi án sérlagasetningar í hvert sinn.

Við brtt. þær, sem n. leggur fram við frv. og hv. frsm. lýsti, hef ég ekkert verulegt að athuga. Ég tel þær ekki nauðsynlegar, en þó alls ekki til hins verra, og get því vel fallizt á þær og greitt þeim atkv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 83,a (ný 11. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 83,b samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði um stundarsakir, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 90).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Af því að flm. frv. á eigi sæti í þessari hv. d., vildi ég leyfa mér að vekja athygli á því, að æskilegt væri, að þetta frv., sem vafalaust verður að l. á þessu þ., yrði afgr. sem allra fyrst og helzt næstu daga. Það er æskilegt vegna þess, að bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar fara fram í næsta mánuði. Væri því æskilegt, að kosningar í hinum væntanlega kaupstað gætu þá einnig farið fram skv. hinum nýju l. Vil ég því vænta þess, að n. sú, er málið fær til meðferðar og væntanlega verður allshn., taki það til athugunar og afgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 112).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta frv. er að efni til í samræmi við önnur frv. um sama efni, sem flutt hafa verið hér á þinginu og hv. þm. er kunnugt um. Er yngsta frv., sem flutt hefur verið þess efnis, um bæjarstjórn í Keflavík, og annað nýlega um bæjarstjórn á Sauðárkróki. Þetta frv., sem hér um ræðir, víkur ekki að efni til neitt frá þessum frv., og leggur n. einróma til, að það verði samþ. — Ég vil taka fram, að flm. lagði áherzlu á að hraða þessu máli, og var því skotið á allsherjarnefndarfundi í gær með litlum fyrirvara og náðist því ekki til nema 3. nm. Síðan hefur annar þeirra, sem fjarverandi var, hv. þm. Siglf., tjáð mér, að hann væri samþykkur þessu, og tel ég víst, að svo sé einnig um fimmta nm.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—22. gr. og ákvæði um stundarsakir samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 132).

31. Skipun læknishéraða.

Á 6. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1944, um breyt. á l. nr. 44/1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna. [41. mál] (þmfrv., A. 56).

Á 7. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 19 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 94).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta mál á 2 fundum. Hún sendi það til landlæknis, sem mælti með, að frv. næði fram að ganga, og mælir n. einnig einróma með, að svo verði. Sú breyting er hér gerð á, að Selfosshéraði er skipt í tvennt: Selfosshérað og Hveragerðishérað. Í hinu nýja Hveragerðishéraði verður 874 manns, en eftir í Selfosshéraði verður samt sem áður 1700 manns, en í venjulegu læknishéraði eru 800—900 manns, svo að Selfosshérað er samt sem áður stærra en venjulegt læknishérað, en Hveragerði hefur viðunandi stærð. Fyrir nokkru var Eyrarbakkahéraði skipt, og eru um 1000 manns í Eyrarbakkahéraði og um það bil helmingurinn í þorpinu. Það er löng leið frá Hveragerði til Selfoss; og lengra en frá Eyrarbakka að Selfossi, svo að hafi verið ástæða til að skipta Eyrarbakkahéraði á sínum tíma, þá er full ástæða til að skipta Selfosshéraði nú og greina þessa 3 hreppa frá og mynda Hveragerðishérað, enda standa að baki þessu máli óskir þessara 3 hreppa, auk þess sem sýslunefnd Árnessýslu hefur skorað á Alþ. og landlækni að koma þessu í framkvæmd.
Þá vildi n. leggja til, að smábreyting, formsatriði, verði gerð á frv., þ. e. að breyta röð héraðanna í upptalningunni og auk þess að breyta nafni á Síðuhéraði í Kirkjubæjarhérað til samræmis við það, að læknirinn flytur nú frá Breiðabólstað á Síðu að Kirkjubæjarklaustri, en venjan er sú, að nafn héraðsins fari eftir aðsetri læknisins.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti til heilbr.- og félmn. fyrir góða afgreiðslu málsins. Ég vil einnig mæla með brtt. n. við 2. gr. Sakir þess, hve hagkvæmt er að koma fastri skipan á þetta mál um næstu áramót, væri æskilegt, að frv. gengi rösklega gegnum þingið og hlyti lagagildi. Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann greiði götu þess, svo að það verði afgr. fyrir hátíðar.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál, en ég vildi aðeins benda á, að fyrir nokkrum árum var mikið rætt á Alþ. um þessi mál, og þá varð sú skoðun ofan á, að heppilegra væri að hafa aðra skipan en hér er gert ráð fyrir, sem sé að hafa héruðin stærri og tvo lækna í héraði, eins og nú er í Egilsstaðahéraði. Ég tel þá skipan að ýmsu leyti heppilegri. Þá var gert ráð fyrir því, að um leið og læknarnir yrðu tveir, væri séð um að koma upp sjúkrahúsi, sem auðveldara yrði að starfrækja með tveimur læknum, en það er nær ókleift með einum. En ég sé, að það er einhliða vilji héraðsbúa, að horfið verði að þessu ráði, og landlæknir er því meðmæltur, eftir því sem fram kemur hjá n. — Ég vildi bara benda á þá skoðun, sem fyrir nokkrum árum var ríkjandi í þessum efnum, og ég held, að hún sé heppilegri. Ég er viss um, að áður en langt líður kemur sjúkrahús við Selfoss og þá verða þar sjálfsagt tveir læknar. Ég efast um, að þá þurfi bæði lækni á Eyrarbakka og í Hveragerði. Það er vitað, að erfiðara er að fá menn í fámenn héruð. Ég veit þó, að Hveragerði verður ekki læknislaust, því að það er svo nærri Reykjavík, en á þeim stöðum er hægast að fá lækna. Ég vildi aðeins benda á þetta, án þess að hafa áhrif á gang málsins að þessu sinni.

ATKVGR.
Brtt. 94,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 94,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 94,3 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 107).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 16. fundi í Ed., 16. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil gjarnan rifja dálítið upp gang þessa máls hér á Alþ. síðast, er þessi lög voru til umr., því að þau voru þá mjög umdeild, og skiptust menn þar einkum um tvær gerólíkar stefnur. — Í fyrsta lagi var stefna landlæknis, sem leit svo á, að fækka bæri læknishéruðunum og stækka þau, reisa þar spítala og hafa tvo lækna í stað

eins í hverju, því að svo þyrfti að vera, þar sem spítalar væru. Rökstuddi hann þetta m. a. með því, að vegakerfi væri nú komið um allt land, ár brúaðar og samgöngur yfirleitt svo góðar, að hægara væri fyrir læknana að ná frá einum stað yfir stærra svæði. Með þessari stefnu kom hann því fram, að lagt var niður læknishérað austur á landi og reistur spítali á Egilsstöðum, sem þar hefur verið starfrækt síðan.

Hin stefnan var þveröfug við þetta, og aðalforvígismenn hennar voru þá þm. Str. og þm. Snæf. (GTh). Þar var því haldið fram, að læknishéruðin þyrftu að smækka, og í skjóli þeirrar stefnu var stofnað Borðeyrarlæknishérað og Suður-Snæfellsneslæknishérað, sem bæði hafa verið til á pappírnum síðan, enda þótt engir læknar hafi fengizt til þeirra. Síðan var kosin milliþinganefnd í málið samkvæmt till. 4. þm. Reykv. (HG), og átti hún að gera út um það, hvor stefnan skyldi verða ofan á um læknishéruðin. Sá maður, sem Sjálfstfl. treysti bezt og flaggaði með alls staðar, var skipaður í nefnd þessa, Gunnar Thoroddsen. Þar á eftir var hann svo settur í nefnd þá, er átti að fjalla um réttindi og skyldur embættismanna, og síðar í stjórnarskrárnefnd. Fyrir störf sín í læknishéraðanefndinni mun hann hafa fengið 2000 krónur fyrsta árið. Hve mikið hann hefur fengið síðar, er mér ókunnugt. En frá nefndinni hefur ekkert heyrzt. En síðan lögunum var breytt síðast eru nú liðin 5 ár. Og nú er þetta mál búið að fara í gegnum Nd., og á nefnd þessa var þar ekki minnzt, nema því var hreyft eitthvað af 1. þm. Rang.

Ég vil nú krefjast þess af nefnd þeirri, sem þetta mál fær til meðferðar, að hún heimti að fá nú álit milliþinganefndarinnar skýlaust.

Yfir þeirri breytingu, sem ég gat um áðan, að gerð var á Austurlandi, er þar almenn óánægja. En sérstaklega er hún vegna þess, að þar hafa ekki alltaf verið tveir læknar við spítalann á Egilsstöðum. Annars er ég tilleiðanlegur til að halda, að stefna landlæknis sé sú, er eigi framtíðina fyrir sér. Og ég spái því, að það líði ekki á löngu — ekki mörg ár, þar til þm. Árn. óskar eftir fjárframlögum úr ríkissjóði til sjúkrahúsbyggingar á Selfossi, og síðan mun verða afar stutt þar til þeir heimta, að þar verði tveir læknar. Sú þróun mun vera sú eðlilega og heilbrigða, og vil ég biðja n. að athuga þetta. En alveg sérstaklega vil ég krefjast þess, að milliþinganefndin frá 1944 verði af n. krafin sagna um þetta mál. Henni ber skylda til að skila um það áliti. Það verður að teljast alveg kostuleg ráðstöfun að skipa aftur og aftur í slíkar nefndir menn, sem aldrei koma neinu frá sér. 7. þm. Reykv. (GTh) lét ekki sjá sig við neina umræðu um þetta mál í Nd., og því síður gaf hann í því sambandi nokkra skýrslu eða upplýsingar, og sú n., sem um málið fjallaði þar, óskaði víst heldur ekki upplýsinga frá honum.

Ég vil ekki verða neinn meinsmaður þess, að þarna verði bætt við læknishéraði; en auðveldara mun að fá þangað lækni en víða annars staðar. En ég vil beina því til n., að hún krefji milliþinganefndina upplýsinga í þessu máli, og eins að hún kynni sér, hvort landlæknir hefur sömu skoðun og áður eða honum hefur snúizt hugur, því ef svo væri, þá á að fá það upplýst.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Þetta mál hefur nú legið fyrir í Nd. og náð samþykki þar, en það er um skiptingu Selfosslæknishéraðs í tvö héruð — Selfosslæknishérað og Hveragerðislæknishérað. Áður náði Eyrarbakkalæknishérað yfir þau tvö læknishéruð, sem nú er gert ráð fyrir, að skipt verði í þrennt. Þegar Selfoss varð fjölmennara þorp en Eyrarbakki, komu upp raddir um, að lækni þyrfti að fá að Selfossi, og var þá Eyrarbakkahéraði skipt í tvennt, í öðru læknishéraðinu voru Eyrarbakki og Stokkseyri, en í hinu átta hreppar og læknissetur á Selfossi. Nú hefur orðið sú þróun, að fólksfjöldi hefur aukizt mjög á Selfossi og í Hveragerði, svo að í héraðinu eru nú 2574 menn samkvæmt upplýsingum frá landlækni. Ef frv. þetta næði fram að ganga, yrðu þannig 874 menn í Hveragerðislæknishéraði, sem næði yfir Hveragerði og Selvogs- og Ölfushreppa, en í Selfosshéraði 1700 manns.

Frv. þetta er flutt samkvæmt eindregnum óskum íbúanna í hinu væntanlega læknishéraði, sem hafa reynt að fá lækni út af fyrir sig og á s. l. hausti ráðið til sín lækni og gengizt undir að greiða honum laun. Reynsla þeirra hefur orðið sú, að oft væri erfitt að ná til læknis. Læknirinn á Selfossi er yfirhlaðinn störfum og í rauninni óvinnandi verk fyrir einn mann að gegna þeim, ef hann hefur enga hjálp. Hveragerðisbúar hafa af þeim sökum orðið að sækja lækni niður á Eyrarbakka. Hveragerðisbúar hafa borið það mál upp á sýslufundum í Árnessýslu í undanfarin 2 ár, og þar hefur málið verið tekið fyrir af sýslunefndinni. Hefur hún fallizt á það, að rétt sé að skipta læknishéraðinu í tvö héruð, eins og fram kemur hér í frv.

Það má deila um það, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. N-M., hvaða reglur séu heppilegastar í þessum málum og hvort breyta þurfi um stefnu við afgreiðslu þessa frv. En mér er kunnugt, að hv. nefnd, sem um frv. fjallaði í Nd. og mælir með því, að það verði samþ., hefur leitað álits landlæknis um málið, og mælir hann einnig með því, að það verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

En það er eitt, sem ég kann ekki við í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og það er það, að héraðslækninum á Selfossi skuli ekki veitt tækifæri til þess að fylgjast með afgreiðslu þess, því að þótt hann komi ekki til með að hafa nein áhrif á afgreiðslu málsins hér á þingi, þá er það þó ekki nema kurteisisskylda gagnvart honum, sem hefur mikla hagsmuni við afgreiðslu þess, en ég geri ekki ráð fyrir, að hann mundi gera neina tilraun til þess að stöðva framgang málsins með áhrifum sínum.

En ég vil vekja athygli á einu atriði, sem laga þyrfti. Í a-lið 2. gr. hefur Selfosshreppur fallið niður í upptalningu hreppa læknishéraðsins. Þetta á rót sína að rekja til þess, að Sandvíkurhreppi hefur nú verið skipt í tvennt,

Selfosshrepp og Sandvíkurhrepp, svo að þarna á Selfosshreppur að koma inn í. Ég býst við því, að það megi laga þetta án þess, að frv. fari aftur í gegnum hv. Nd.

Að endingu vil ég svo leyfa mér að vona, að Ed. taki þessu máli vel og samþ. frv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. N-M.

Ég hygg, að það sé rétt, að þegar lög voru samþ. um breyt. á l. um skipun læknishéraða fyrir mörgum árum, þá hafi ég verið hlynntur því, að sérstök milliþn. væri skipuð til þess að athuga málið og gera till. um það. En að því er þetta mál varðar, þá hygg ég, að það liggi svo ljóst fyrir, að ónauðsynlegt sé að bíða eftir áliti fimm ára gamallar milliþn., því að þá væri ekki hægt að ljúka málinu fyrir áramót. Það, sem mælir með því, að þetta sé gert, er í fyrsta lagi það, að landlæknir mælir með þessari breytingu. Í öðru lagi er þegar víst, að læknir muni fást, og í þriðja lagi, að hreppárnir, sem þarna eiga hlut að máli, eru þessu mjög fylgjandi, og þegar hafa verið gerðar ráðstafanir og húsnæði fengið handa lækninum þegar eftir áramót. Auk þess er mér það vel kunnugt, að sjúkrasamlaginu vestan Ölfusár er þetta mjög mikið kappsmál, að l. um hið nýja hérað verði komin fyrir áramót. En hvað sem líður störfum og áliti milliþn. þeirrar, er hv. 1. þm. N-M. talaði hér um, þá er það þó alveg ljóst, að þetta læknishérað hefur hér sérstöðu að gegna. Það gildir hér ekki það sama og um þessi fámennu héruð, eins og Borgarfjörð eystra og önnur, þar sem ókleift hefur verið að fá lækni, en eins og ég tók fram áðan, þá er hægt að fá lækni í Hveragerði nú strax. Allt þetta er svo veigamikið, að það ætti að vera nægilegt til þess að rökstyðja afgreiðslu þess, án tillits til þess, hvort milliþn. leggi til, að það verði samþ. Vona ég svo, að deildin samþykki frv. og hraði afgreiðslu þess svo, að það geti tekið gildi um áramót.

Forseti (BSt): Ég vil taka það fram út af ummælum hv. 2. þm. Árn., að ég lít svo á, að í a-lið 2. gr. frv. sé ótvírætt átt við Sandvíkurhrepp eins og hann var áður en skipting hans fór fram. Þess vegna get ég ekki litið svo á, að það sé nein efnisbreyting, þó að Selfosshrepp verði bætt þarna inn í, og ef ekki væri um aðra breyt. að ræða, þá teldi ég ekki neina ástæðu til þess að senda málið aftur til hv. Nd., þótt Selfosshrepp verði bætt inn í, og ekki sízt þar sem læknishéraðið á að heita Selfosshérað, og liggur það þá í augum uppi, að Selfosshreppur hlýtur að vera í því héraði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér finnst það vera alveg nauðsynlegt að breyta 2. gr. frv., staflið a, en ég tel það hæpið að breyta því eins og hæstv. forseti hefur nú sagt. En hins vegar er það náttúrlega á valdi forseta að gera það, en ekki mínu. Ég geri ráð fyrir því, að þetta mál verði látið fara til nefndar eins og önnur mál og það þurfi ekki að hraða afgreiðslu þess mikið. Ég hef ekki getað séð það í neinum gögnum, sem frv. fylgdu, að það þyrfti endilega að flýta þessu svo, að það yrði afgreitt fyrir áramót. Í 4. gr. segir að vísu: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1950", en ég sé ekki, að það sé neitt aðalatriði. Mér finnst það sjálfsagt, að n. fái þetta mál til meðferðar og tali við héraðslækninn á Selfossi um þessa breytingu. Það væri ekki nema sérstök kurteisisskylda, því að þetta mál snertir hann óneitanlega mjög mikið fjárhagslega og það er ekki nema sjálfsagt að leita álits hans á því.

Ég ætla ekki að fara að ræða málið efnislega, en mikið af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði um l. um skipun læknishéraða, er rétt. Um þetta var mikið rætt á sínum tíma. Það er vafasamur hagnaður að því að vera að fjölga læknishéruðum og auka á útgjöld ríkisins, ef ekki fást svo læknar til þess að gegna embættunum. Þess vegna er það rétt að fá að vita, á hvaða stigi störf milliþn. eru.

En ég vil hins vegar í sambandi við hina venjulegu rætni, sem virðist vera meðfæddur eiginleiki hjá þessum hv. þm., benda honum á, að honum hefði verið nær að bera fram fyrirspurn um þetta í Sþ., þar sem Gunnar Thoroddsen á sæti og gæti svarað ásökunum þessa hv. þm., heldur en að vera að baknaga þingbróður sinn og rægja hann hér í þessari deild, þar sem hann veit, að hann getur ekki tekið til máls og svarað þessum ásökunum hv. þm. Þetta athæfi hv. þm. er alveg óþinghæft og ber harðlega að víta, að nota hvert einasta tækifæri til þess að núa mönnum, sem ekki eiga sæti hér í deildinni, því um nasir, að þeir hafi ekki gert skyldu sína. Ég vil bara beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. N-M., hvað hans ágæti vinur og flokksbróðir, Eysteinn Jónsson fyrrverandi menntmrh., hefur gert í þessu máli í sinni stjórnartíð. Hvers vegna hefur hann ekki spurt hann um þetta?

Að endingu vil ég svo mælast til þess, að hv. þm. legði niður þann ósið að vera að baknaga og rægja þingbræður sína öllum stundum, þegar þeir eru ekki viðstaddir til þess að bera hönd fyrir sig, sérstaklega af því að vitað er, að það er ekki allt sannleikanum samkvæmt, sem þessi hv. þm. fer með við þessi tækifæri.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég veit ekki til þess, að ég hafi sagt hér nein þau orð um Gunnar Thoroddsen, sem ekki voru sönn. Ef hv. þm. Barð. getur bent mér á annað, þá geri hann það. En ég sagði, að hann væri í n. og ekki bólaði neitt á áliti hennar. Ég hef tvisvar sinnum gert fyrirspurn um þetta í Sþ., en því hefur ekki verið svarað, en hvort Gunnar Thoroddsen hefur verið þar staddur, veit ég ekkert um. Eysteinn Jónsson hefur líka, meðan hann var ráðherra, skrifað n. um þetta, en ekki fengið álit hennar enn. Hvort þm. Barð. hefur þá verið í þinginu, veit ég hins vegar ekki. En þetta hefur sem sagt tvívegis verið gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 9 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 107, n. 136).

Afbrigði um nál., sem var skriflegt og of seint fram komið, leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað frv. á fundi, en hefur ekki haft tíma til að láta prenta nál. Frv. er komið frá Nd. og hefur nú verið prentað upp á þskj. 107 með leiðréttingu, og er þar nú komið, eins og hv. þm. sjá, Selfosshérað, sem af vangá hafði fallið burt. Formaður n. og einn nm. annar hafa átt tal við Lúðvík Norðdal héraðslækni á Selfossi, og sagði hann, að ekki hefði verið leitað til sín um þetta mál, og sagðist ekki geta mælt með því. En n. var sammála um að mæla með, að frv. nái fram að ganga, og verða þannig við óskum frá vesturhreppum Árnessýslu og óskar eftir, að frv. verði samþ. fyrir nýár.

Þá hefur komið fram till. frá hv. 1. þm. N-M. þess efnis, að Egilsstaðahéraði verði tryggður forgangsréttur að aðstoðarlækni. Og jafnframt þessu var n. tjáð, að landlæknir teldi, að væri till. þessi samþ., þá teldi hann þurfa nýja viðbót við frv., og hefði þá þurft að prenta allt frv. upp, og einnig vildi hann láta breyta nafni á l. og nefna þau l. um læknaskipun. N. var kunnugt um till. hv. 1. þm. N-M., en vill ekki tefja fyrir afgreiðslu frv. með þessari brtt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get ekki vel skilið þá afstöðu hv. n. að vilja ekki mæla með þessari brtt. minni. Hún á rót sína að rekja til þess, að 1944, þegar Brekkuhéraði og Hjaltastaðahéraði var slegið saman í Egilsstaðahérað, var það vilji landlæknis, að þegar um stór héruð væri að ræða, sem komið hefðu sér upp sjúkrahúsi, skyldu vera þar tveir læknar. Breytingin 1942 var gerð vegna þess, hve erfitt var að fá lækna í hin smærri héruð, en jafnframt var heimilað að ráða 4 lækna með fullum launum, svonefnda fjórðungslækna, sem skyldu starfa í læknislausum héruðum, unz þangað fengjust nýir læknar, og jafnframt til að koma í stað héraðslæknanna, þegar þeir væru í leyfum, en þegar áðurnefnd breyting var gerð á Fljótsdalshéraði, 1944, var bætt við 5. lækninum, en þá jafnframt gert ráð fyrir, að Egilsstaðahérað sæti fyrir honum. En nú hefur orðið sú raun á, að aðeins einn fjórðungslæknir hefur fengizt, Lárus Jónsson, sem hefur starfað á Norðurlandi undanfarin ár. En þegar fengizt hafa læknar að Egilsstöðum, hafa þeir sjaldnast verið þar til lengdar, og með brtt. minni er ekki farið fram á annað en það, að 5. fjórðungslæknirinn, sem raunar á ekki að vera fjórðungslæknir, sé eingöngu á Egilsstöðum, en sé ekki notaður sem vikari fyrir lækna um alla Austfirði. Og hljóðar till. mín svo: „Egilsstaðahérað skal ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna, enda hvílir eigi á þeim aðstoðarlækni kvöð sú um þjónustu í öðrum héruðum, er um ræðir í lögum nr. 52 1942." Læknir þessi yrði þá einn af þessum 5 uppbótarlæknum, en væri undanþeginn þeirri kvöð að vera vikari fyrir aðra lækna hingað og þangað, en yrði eingöngu á Egilsstöðum, eins og gert var ráð fyrir við breytinguna 1944, þó að framkvæmdin yrði önnur. Ég vil því leggja fram þessa brtt. og skil ekkert í hv. n. að vilja ekki flytja hana, því að hún tefur málið aðeins um einn dag. Þá skil ég ekki í því, að n. skyldi ekki vilja flytja brtt. landlæknis, því að það verður að vera hægt að ganga að l. um læknaskipun á einum stað, en nú eru þau hingað og þangað. Það hefði náttúrlega þurft að gera miklu fleiri breytingar á þessum málum, og eins og ég sagði áðan, var reynt að samræma skoðanir manna í þessum efnum, og í því skyni var skipuð milliþn. í málinu, en hún hefur ekki enn skilað áliti. Nú er þessum málum svo háttað, að til eru héruð eins og Borðeyri, þar sem enginn læknir er starfandi, en samt sem áður eru greidd þangað full læknislaun, og rennur helmingur þeirra til læknisins á Hvammstanga, en hinn helmingurinn rennur í sjóð heima í héraðinu. Sama má segja um Suður-Snæfellsnes, þar sem helmingur læknislaunanna rennur til lækna í næstu héruðum og hinn helmingurinn í sjóð í héraðinu. Eins er um Hesteyrarhérað, sem var áður fjölmennt hérað, en telur nú aðeins um 60 manns í Sléttuhreppi. Þar er helmingur launanna greiddur til læknisins á Ísafirði, en hinn helmingurinn í sjóð. Sama má segja um Borgarfjarðarhérað, sem var gert lítið með sameiningu læknishéraðanna á Fljótsdalshéraði, svo að þar eru nú aðeins um 300 manns. Það þarf því að athuga öll l., sem þetta varðar, og athuga, hvort ekki er rétt að hafa fleiri en einn lækni í þeim héruðum, þar sem eru sjúkrahús og héruðin eru stór. Þetta þarf allt að athuga vel, en ég get fallizt á, að því verði slegið á frest í bili, en ég mun leggja fram brtt. mína og vona fastlega, að hún verði samþ. Hún tryggir, að aðstoðarlæknirinn verði ekki tekinn frá Egilsstöðum. 1942 var ákveðið, að vikararnir skyldu vera 4, og 1944 var þeim 5. bætt við og jafnframt tekið fram, að hann skyldi vera á Egilsstöðum.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi till. frá hv. 1. þm. N-M.: [Sjá þskj. 137]. Till. þessi er of seint fram komin og skrifleg og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Ég vil vekja athygli hv. d. á því, án þess að blanda mér inn í umr., að frv. kemst ekki fram fyrir jól, nema um það verði samkomulag, þar sem ég vil ekki tefja umr. um önnur þýðingarmeiri mál vegna þess.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal verða stuttorður í sambandi við þetta mál. Ég hefði helzt kosið að fresta þessu, þar til heildarendurskoðun á þessari löggjöf hefur farið fram, og verði þessi brtt. samþ., þá mun ég bera fram heildartill., því að mörgu er þörf að breyta, og meginástæðan fyrir því, að ég var

ekki með brtt., þegar hún kom fyrir í n., var sú, að það mun tefja málið, en ekki það, að ég sé raunar á móti henni. Þá hefur landlæknir sagt, að ef læknislaust væri á Seyðisfirði, en 2 læknar á Egilsstöðum, þá væri ófært að mega ekki hreyfa annan lækninn þaðan. Hvað viðkemur breytingunni í Árnessýslu, þá virðist hún ekki aðkallandi, og læknirinn á Selfossi, Lúðvík Norðdal, segist raunar vera á móti henni og hún sé þarflaus og heppilegra væri að setja þar aðstoðarlækni. En mér er ljóst, að þróunin stefnir í þá átt, að þetta verði sérstakt hérað, enda liggja fyrir óskir um þetta frá héraðsbúum og sýslunefnd, og mun ég því ekki verða á móti þessu. — Þá tel ég óhjákvæmilegt að kalla eftir áliti frá milliþn. í þessum málum, einkum þar sem landlæknir er form. hennar og gæti því rekið á eftir, að hún starfaði, og vil ég því ekki styðja till. hans, meðan n. skilar ekki áliti.

Þá vil ég algerlega vísa á bug öllum ásökunum á Gunnar Thoroddsen í þessum málum sem alveg tilhæfulausum. Ekki get ég heldur fallizt á framkvæmdir á Suður-Snæfellsnesi, þar sem ekkert hefur verið gert, síðan Stykkishólmshéraði var skipt, og óvíst, hvort héraðið hefur einu sinni verið auglýst, og árangurinn af þessari skiptingu er svo ekki annar en sá, að hálf læknislaun eru greidd til læknanna í Stykkishólmi og Ólafsvík, og hefur þetta því ekki annað í för með sér en hækkuð laun til þessara lækna og þar með aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Þá er Hesteyrar- og Ögurhéruðum þjónað af lækninum á Ísafirði og hefur hann með því móti um 20 þús. kr. í grunnlaun, hálf laun í Hesteyrar- og Ögurhéruðum og full laun á Ísafirði. Þessi háttur á heilbrigðismálunum er óþolandi og undarlegt, að menn skuli árum saman þola stjórn slíks landlæknis, sem einkum virðist hafa áhuga á að parta niður læknishéruðin.

Ég skal fylgja frv. út úr deildinni, en tel mikla þörf á að fá álit mþn., þar sem landlæknir er formaður.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Barð. um landlækni, tel ég það í fyllsta máta ósanngjarnt að ásaka hann fyrir það, að ekki fást læknar í fámenn héruð. Mér er kunnugt um það, að hann hefur manna mest varað við því að fjölga héruðunum, vegna þess, hve erfitt væri að fá lækna í fámenn héruð. Þetta er auðvitað slæmt, að fá ekki lækna þangað, en að saka landlækni um það er algerlega ósæmilegt.

Forseti (BSt): Ég vil benda á það, áður en gengið verður til atkv., að þskj. 107 hefur verið prentað upp og Selfosshreppi bætt þar inn. Ég tel þetta sjálfsagða breytingu, sem flm. hafi ætlazt til að væri, en fallið hefur niður af vangá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 137 felld með 10:2 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., s.d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 142).

---

32. Skemmtanaskattur.

Á 15. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1950 [67. mál] (þmfrv., A. 105).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. er eitt af þeim, sem eru endurnýjun á fyrri l., og er nauðsynlegt að fá þessi l. endurnýjuð, til þess að skatturinn lækki ekki. Ég býst við, að almennt sé ætlað, að skemmtanaskattur megi sízt við því, að hann sé lækkaður. Hann fullnægir jafnvel eigi því, sem hann er ætlaður til. Vil ég því mælast til þess, að frv. fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d., svo að takast megi að afgreiða málið fyrir jól.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 17. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hér er um að ræða endurnýjun á eldri lögum, og er óhætt að segja, að þeir sjóðir, er þetta fé hefur runnið til, eru þannig stæðir, að ekki mun af veita, að þeir fái það áfram. *(PZ:* Þarf þá ekki að hækka þetta?) Fyrst er að leggja til, að komið verði í veg fyrir lækkun, en úr því að undirtektir eru svo greiðar, ætti því að vera borgið. Það er sjaldan, að menn eru hvattir til þess með framíköllunum að hækka skatta.

Páll Zóphóníasson: Ég vil enn láta í ljós viðvíkjandi framlengingu á þessum gjöldum, að ég tel, að þurft hefði að áætla þau öll í sambandi við fjárhagsáætlun næsta árs. Eins og ég benti á á síðasta þingi, tel ég rangt að breyta oft sömu lögunum og mun því sitja hjá. Það á að taka öll þessi gjöld til athugunar við fjárhagsáætlun næsta árs, en ekki að framlengja þau hvert fyrir sig alveg án tillits til þess, hvort þau geta staðið þegar þörf ríkissjóðs er athuguð hins vegar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Það hefur ekki komið fram till. um að vísa málinu til n., en ég get upplýst, að fjhn. hefur þegar athugað málið nokkuð, þó ekki formlega. *(ÞÞ:* Er ekki rétt að vísa málinu til n., svo að n. geti skilað áliti?) Ég skoða orð hv. 11. landsk. sem till. um að vísa málinu til n.

Frv. vísað til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt nál. fjhn. um frv. þetta, og hljóðar það svo: [Sjá þskj. 138]. Það er of skammt liðið frá 1. umr., og þarf því afbrigði fyrir málinu. Auk þess þarf að leita afbrigða vegna hins skrifl. nál.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og áður er getið, er dálítið önnur afgreiðsla á þessu nál. en venja er, vegna þess, hve tíminn hefur verið naumur, en n. hefur samþ. nál. og gaf mér umboð til að afhenda forseta það, og hef ég gert það og hæstv. forseti lesið það upp. Annars er óþarfi að orðlengja um frv. Þetta er Nd.-frv. og samþ. þar og er ekki annað en framlenging á l., er gilda á yfirstandandi ári. Ekki er ástæða til að fella l. niður, heldur framlengja gildi þeirra til næsta árs. N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., en einn nm. var ekki við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 143).

---

33. Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Á 4. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Ed.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip* [32. mál] (þmfrv., A. 39).

Á 6. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. er hér flutt á ný. Það var hér fyrir síðasta þingi og var þá afgr. með rökst. dagskrá um það, að því væri vísað til samkomulags milli Samábyrgðarinnar og Bátaábyrgðarfélagsins, hvort félagið héldi áfram þeirri undanþágu, sem það hefur haft fram að þessu. Þetta er að vísu dálítið óvenjuleg málsmeðferð hjá d., því að í mörg skipti áður hefur þingið veitt þessu gamla félagi undanþágu frá því að heyra undir l. frá 31. maí 1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip og þar aðallega komið til mála hinn hái aldur félagsins. Það er um 80 ára gamalt og hefur með góðum árangri starfað sjálfstætt fram að þessu. Það er engum til skaða, þótt það sé til, því að það er góður viðskiptavinur Samábyrgðarinnar. En félagsmenn leggja mikla áherzlu á, að það fái framvegis eins og hingað til að starfa á sinn sjálfstæða hátt, og vil ég vona, að Alþingi og fyrst og fremst þessi d. fallist á, að svo megi verða.

Ég ætla, að það sé óþarfi með jafnmikilli grg. sem fylgir þessu frv. að orðlengja frekar um málið.

Ég mun svo, þegar málið kemur fyrir n., biðja hana þess að fá við hana að tala um þær samkomulagstilraunir, sem hún treysti og síðasta þing, að mundu bera góðan árangur, og skýra henni frá, hvað mér virðist milli hafa borið, þannig að árangur náðist ekki.

Ég vil svo biðja um, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 85).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur, eins og hv. þm. er kunnugt, oft áður legið fyrir Alþingi, og er því efni þess vel kunnugt dm. Sjútvn. hefur nú haft málið til meðferðar og leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt. Málið hefur jafnan verið afgreitt þannig á undanförnum þingum, að veitt hefur verið tímabundin undanþága til handa Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja að starfa sjálfstætt. En undanþáguheimild sú, sem nú gildir, er bundin við næstu áramót, og ber því nauðsyn til að hraða meðferð málsins, svo að það geti orðið að l. fyrir áramót. Á síðasta Alþingi var málið afgreitt þannig, að því var vísað frá í trausti þess, að viðkomandi aðilar gætu náð um það samkomulagi fyrir n. k. áramót. En þetta samkomulag hefur ekki náðst, og halda stjórnendur og meðlimir Bátaábyrgðarfélagsins fast við það, að félagið fái að starfa áfram óháð, og hafa sent til Alþingis erindi undirritað af 65 vélbátaeigendum um það, að frv. nái fram að ganga. Stjórn Samábyrgðarinnar hefur hins vegar lagt til, að gefin verði heimild í l., að ráðherra geti í samráði við Samábyrgðina veitt Bátaábyrgðarfélaginu undanþágu frá ári til árs til þess að starfa áfram á sama grundvelli og áður. Liggur í þessu viðurkenning á því, að það fyrirkomulag sé félaginu fyrir beztu, en Samábyrgðinni ekki til tjóns, eins og sakir standa. Þótti því n. rétt að mæla með því, að frv. verði samþ., einkum af því, að félagið hefur jafnan búið við góðan hag og átt þess kost að geta boðið viðskiptavinum sínum upp á betri kjör en Samábyrgðin. Raddir komu fram í n., aðallega frá hv. 4. landsk., um að tímabinda undanþáguna við 5 ár, en við nánari athugun þótti ekki ástæða til þess. N. leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þá fyrst taka það fram, að afstaða mín til þessa frv. fer ekki eftir afstöðu minni til tryggingamálanna almennt. Mér þykir eftir atvikum rétt, að þetta félag fái að starfa áfram, en það, sem kom mér aðallega til að biðja um orðið, var það, að ég vildi beina því til hv. n., hvort hin góða afkoma Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja muni ekki stafa af því, að það hafi getað haft betra eftirlit með viðgerðum og því um líku heldur en Samábyrgðin, sem starfar fyrir allt landið. Ef þetta kæmi á daginn, þá væri ástæða til að skipta verksviði Samábyrgðarinnar í hverfi eða deildir, ef þannig mætti ná betra eftirliti og þar af leiðandi hagstæðari afkomu Samábyrgðarinnar, sem aftur mundi leiða til þess, að hún gæti boðið viðskiptavinum sínum betri kjör. Þessu vildi ég beina til hv. n.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm., að n. leggur einróma til, að frv. þetta verði samþ. Hins vegar, eins og hv. þm. tók fram, hreyfði ég því í n., hvort ekki væri rétt að tímabinda þessa undanþágu, sem frv. gerir ráð fyrir, t. d. við 2 ár, en ekki 5 eins og hv. frsm. sagði. En þetta gerði ég m. a. af því, að ég tel rétt, að á þeim tíma, sem undanþágan gildir, sé unnið að því að samræma þetta undir eitt kerfi um land allt. Annars væri ástæða til að ræða nokkuð tryggingamálin almennt, því að þau munu nú ekki vera í því lagi, sem fyllilega er æskilegt. Ég held sem sagt, að þessar tryggingar, sem nú eru hjá Samábyrgðinni, séu í rauninni of lágar og ófullnægjandi fyrir bátaútveginn með því verðlagi, sem nú er í landinu, og ef þessi rekstur Bátaábyrgðarfélagsins í Vestmannaeyjum og undanþágan, sem þeir óska eftir að fá, er byggð á því, sem mér skilst að sé, að draga úr tryggingum þeirra báta, sem í því félagi eru, þá held ég, að þar sé ekki stefnt í rétta átt. Ég álít ástæðu til þess að endurskoða þessi tryggingamál í heild, þ. e. a. s. lögin um Samábyrgðina verði endurskoðuð með það fyrir augum, að það sé gengið betur frá tryggingum flotans en gert er samkvæmt þeim l. Ég er dálítið hræddur um, með þeim erfiðleikum, sem bátaflotinn nú á í, að það verði nokkuð erfitt fyrir eigendur bátanna að fá út á þá þau lán, sem þeim eru nauðsynleg til að geta haldið rekstrinum áfram næstu ár, ef þeir eru ekki betur tryggðir en nú, sízt af öllu hjá þeim félögum, sem hafa kannske enn þá veikari tryggingu heldur en er samkvæmt l. um Samtrygginguna. Ég impraði því á því í n., að það hefði verið rétt að veita þessa undanþágu nú um stuttan tíma og á þeim tíma færi fram slík endurskoðun á tryggingunum almennt sem ég minntist hér á. Ég held, að þá hlyti að verða hægt að fá þann grundvöll fyrir þessar tryggingar um land allt, að ekki væri ástæða til að undanþiggja einstök félög, heldur ætti sú regla, sem þá yrði sett, að gilda fyrir landið allt. Ég hef hins vegar ekki gert um það neina brtt. á þessu stigi, og vafasamt, að ég geri það undir meðferð málsins, en ég hef talið rétt að láta þessa skoðun koma fram, og það er sú skoðun, sem liggur til grundvallar því, að ég impraði á því, að þessi undanþága væri ekki höfð ótímabundin, heldur t. d. 2 ár, og sá tími yrði notaður til að endurskoða þessi mál í heild. Ég flyt sem sagt ekki um þetta brtt., en mér þætti ekki ósennilegt, að eigendur þeirra báta, sem undir Samábyrgðina heyra, muni fyrr en síðar telja sig knúða til þess að óska eftir einhverjum breyt. á þessum grundvelli tryggingana, og því þykir mér sennilegt, að þetta geti komið á dagskrá aftur með þeim hætti, að þetta yrði samræmt meira en nú er og einstök félög ekki undanþegin. Ef það er svo, að rekstur og fyrirkomulag þessa félags í Vestmannaeyjum er

hagkvæmara en almennt gerist hjá Samábyrgðinni, þá ætti að vera hægt að styðjast við þá reynslu og leggja hana til grundvallar fyrir þeirri endurskoðun, sem ég tel æskilegt að fram fari á þessum málum, þá væri hægt að nota það til hagsbóta, ekki aðeins fyrir Vestmannaeyjar, heldur fyrir landið allt, ef það er til fyrirmyndar.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir góða og greiða afgr. á þessu máli og hv. frsm. fyrir það, að hann dró fram, að því er mér virtist, öll meginatriði, sem liggja til grundvallar fyrir því, að þessi sterka ósk er fram komin, þar sem eigendur 65 báta í Vestmannaeyjum hafa sent Alþ. undirskrifaða áskorun um, að málið gangi fram. Það var rétt fram tekið hjá hv. frsm., að þetta mál er búið að koma hér fyrir oft áður og hefur fengið lítils háttar fyrirgreiðslu, en þó ekki það, sem þessir menn sættu sig við.

Ég held það sé ekki ástæða til að fara út í tryggingamálin almennt, og mér þótti vænt um að heyra, að hv. 1. þm. N-M. sagðist ekki binda afstöðu sína til þessa máls við það, sem snerti tryggingamálin almennt, þó að þar væri að sjálfsögðu margt, sem þyrfti athugunar.

Ég held, að sú góða afkoma, sem Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefur haft hingað til, standi að nokkru leyti í sambandi við það, að það hefur einmitt ekki tekið á sig jafnmikinn hluta af ábyrgðinni og tíðkast hjá öðrum félögum. Hv. þm., sem síðast talaði, taldi, að það þyrfti að vera hærri styrkur og meiri hlutur tryggður, og það kann að vera rétt frá vissu sjónarmiði, en þess ber að gæta, að því meiri hlutur sem tryggður er og því minna sem hver eigandi hefur í sjálfsábyrgð, því þyngri verða iðgjöldin, og mér skildist það á forstjóra Samábyrgðarinnar, að það stæði á því að fá iðgjöldin greidd og af slæmum fjárhag útgerðarinnar kæmi það, hvað erfitt væri að leysa af hendi tryggingariðgjöld af bátunum, og það gefur auga leið, að því hærri sem tryggingin er, því hærri eru iðgjöldin. Ég hef orðið fyrir því t. d. í privatrekstri að missa ég held 2 báta, sem tryggðir voru í Bátaábyrgðarfélaginu, og okkar hlutur var ekki stór. Það var langt frá, að við gætum skaffað okkur hálfan bát fyrir þá tryggingarfjárhæð, sem við fengum, en ef alltaf á að elta verðið og hafa trygginguna mjög háa prósentu, þá leiðir af því, að iðgjöldin verða þung. Það er að vísu rétt til getið hjá hv. 1. þm. N-M., að talsvert af því, sem kann að hafa sparazt hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, hefur sparazt þann veg, að þeir geta haft betra eftirlit með viðgerðum báta, þegar eitthvað verður að, heldur en hægt er þar, sem um viðlendari tryggingarsvæði er að ræða en á þessum stað er.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta meir. Ég held, að það sé hyggilega gert af sjútvn. að fallast á þann einlæga vilja, sem fram kemur í óskum Vestmanneyinganna til Alþ. í þessu máli, og það er rétt að horfa ekki fram hjá því, að það er þeim metnaðarmál, að þetta félag, sem komið er hátt á níræðisaldur, sé ekki dregið inn í kerfi, sem þeir álíta sér óhentugt að vera í, og þeir óska að fá að standa á eigin fótum framvegis eins og hingað til, og þeir gera ekki kröfur um, að aðrir landsmenn hlaupi undir bagga með þeim í áföllum. Þeir greiða sín endurtryggingariðgjöld til Samábyrgðarinnar, ég held 100 þús. kr. á ári, svo að það virðist ekki vera nein hætta á ferðinni, þó að þessir menn fái að starfa áfram á þeim grundvelli, sem þeir hafa starfað á. — Ég vil þakka hv. frsm. fyrir það, að hann benti á nauðsynina á að fá þetta lögfest fyrir áramót, því að sú heimild, sem gildir fyrir félagið, rennur út einmitt á því tímabili.

Frsm. (Gísli Jónsson): Úf af fyrirspurn frá hv. 1. þm. N-M. vildi ég segja nokkur orð. Lögunum um vátryggingu skipa er síðast breytt á þinginu 1947, þeim var breytt 1941, og 1938 var þeim breytt til þess að fella inn í þau ýmislegt, sem nauðsynlegt var að setja inn í l. með tilliti til þeirrar reynslu, sem af þeim hafði fengizt. Árið 1941 er farið inn á þá stefnu, sem hv. þm. ræddi um, að láta héruðin eða staðina hugsa sem mest um þetta sjálf, þ. e. a. s. að deildirnar væru settar svo margar í landinu, að hver deild hefði fullkomið yfirlit yfir vátryggingu, viðgerðir, tjón o. s. frv., á þann hátt, sem þm. minntist á, m. a. að Breiðafjörður yrði sérstök deild, Vestfirðir sérstök deild að undanteknum Ísafirði o. s. frv. En þetta leiddi til þess, að Samábyrgðin komst í vandræði og gera varð upp sumar þessar deildir vegna þess, hversu þær voru fámennar og náðu yfir lítil svæði, og með breyt. 1947 er farið inn á að þrengja þetta niður í 8 deildir um allt landið, vegna þess að reynslan knúði á í þessum efnum, og það er eðli tryggingarinna, að því stærra sem tryggingasvæðið er, því hentugra ætti að vera með tryggingarfélög. Þess vegna urðu menn að breyta og stækka svæðin. Ég álít, að það hafi verið rétt stefna og sé ekki heppilegt að hverfa að hinni stefnunni aftur. — Í sambandi við þetta var líka gerð önnur breyt. á l., sem þótti nauðsynleg, það var að samræma matsverð á því, sem tryggt var, það mat var áður á valdi hverrar deildar fyrir sig, og það er ein ástæðan fyrir því, að Vestmannaeyjar vilja ekki vera í þessu heildarkerfi, að þeir vilja ekki vera skyldugir til þess að hlíta því ákvæði l. En það kom mjög fram í reynslu þessara ára, að matsverðið var annað á jafnstórum bátum, jafngóðum og jafndýrum, og að þeir voru keyptir eða byggðir mismunandi eftir því, úr hvaða deild þeir voru. Þetta þótti Alþ. 1947 ótækt, og við tókum það upp í sjútvn. þessarar d. að krefjast þess, að matsverðið yrði samræmt, að sama mat yrði á sams konar bátum, úr hvaða deild sem þeir væru í landinu, og þetta var gert með breyt. á l. 1947. Þá kom einnig til greina, hvað mikið ætti að hafa til frádráttar, áður en tjón væri greitt, þ. e. efni og viðhald, í hverri deild, og það er einmitt það, sem deildin í Vestmannaeyjum, eins og hæstv. atvmrh. minntist á, lét ganga út yfir viðskiptamennina, sem tryggðu mikið af hinum smærri áföllum. Hin smærri tjón eru ekki greidd af vátryggingar-

félaginu, og fyrir það eru vátryggingariðgjöldin í Vestmannaeyjum svo lág sem raun er á, auk þess sem það félag hefur starfað í 90 ár að því að birgja sig upp með sjóði, sem standa á bak við, og getur hjálpað til, þegar illa árar, að grípa til þeirra. Þeir vilja ekki láta þessa sjóði renna inn í Samábyrgðina. Þetta eru meginástæðurnar fyrir þeim ágreiningi, sem hefur verið milli þessara félaga.

Samkvæmt þessum l. eiga allar deildir að endurtryggja 75% af upphæðinni hjá Samábyrgðinni. Ég veit ekki, hvort deildin í Vestmannaeyjum notfærir sér þetta, þar sem hún starfar sjálfstætt, þó tel ég það líklegt. Hitt er svo annað atriði, að af því að deildin í Vestmannaeyjum hefur þennan fjárstyrk bak við sig, af því að hún vátryggir með meiri frádrætti fyrir einstaklinga, þá er hægt að afla betri kjara fyrir endurtryggingar fyrir hana en önnur endurtryggingarfélög, af því að hún er sérstök fyrir sig. Þetta er hægt að gera hjá hverri deild, en það stendur þarna betur á, sumpart vegna þess að það þykir betra fyrirkomulag að láta þetta ganga út yfir eigendurna sjálfa. En sannleikurinn er sá, að niðurstaðan verður hin sama, því ef maður verður fyrir tjóni upp á 4000 kr. og fær borgaðar 4000 kr., þá verður það ekkert annað en lækkun á iðgjaldi. En þetta er ástæðan fyrir því, að þetta er eins og það er í Vestmannaeyjum.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, og ég hygg, að erfitt sé að fara inn á það kerfi, og n. telur það ekki heppilegt frekar en hv. 4. landsk., að setja meiri ábyrgð á eigendurna sjálfa og lækka iðgjöldin heldur en að halda því kerfi, sem Samábyrgðin hefur um iðgjöld og tryggja a. m. k. 90% verðmætis. En stefnan er sú að tryggja að fullu fyrir því tjóni, sem verður á hverjum tíma. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram. Mér skilst, að hv. 1. þm. N-M. hafi ekki verið að fullu kunnugur þessu kerfi og þessum l. eins og þau eru nú. Vona ég, að honum séu þetta nægar upplýsingar í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég hafði ekki búizt við því, að málinu yrði hraðað svo mjög, að það yrði afgr. frá d. í dag, og minntist ég því ekki áðan, þegar málið var til 2. umr., á atriði, sem ég ætlaði mér að minnast á við sjútvn. milli umr., en það virðist ekki eiga að verða neinn tími til þess að drepa á það við 3. umr. En það er það, að mér finnst í rauninni ástæða til, þegar þetta bátaábyrgðarfélag í Vestmannaeyjum nú með þessu frv., ef að l. verður, er algerlega undanþegið ákvæðum l. um Samábyrgðina, eins og hér er tekið fram, að það væri sett inn til viðbótar þeim ákvæðum, að því skuli skylt að tryggja skip og báta í Vestmannaeyjum, og það væri líka ákvæði um það, að þetta félag skyldi endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Ég býst við, að menn telji það sjálfsagt, en ég álít líka sjálfsagt að hafa ákvæði um það í l. Ég er hins vegar ekki tilbúinn með brtt. um þetta atriði, en vildi vekja hér máls á þessu og skjóta því til form. sjútvn., hvort honum finnist ekki ástæða til að setja þetta í l., að það sé ekki aðeins gengið út frá því sem sjálfsögðu, að félagið geri þetta, heldur sé um þetta lagaákvæði.

Frsm. (Gísli Jónsson): Þetta hefði að sjálfsögðu verið tekið til greina, hefði það komið fram í n., en í n. minntist hv. þm. ekki á það. En það liggur einhvers staðar fyrir yfirlýsing frá stjórn þessa félags um, að þeir skuldbindi sig til að endurtryggja í Samábyrgðinni á sama hátt eins og önnur félög. Ef hins vegar þetta er ekki gert, þá liggur opið fyrir að setja þetta ákvæði í l., svo að ég sé ekki ástæðu til að tefja málið á þessu stigi þess vegna. Ég óska þess vegna, að málið gangi óbreytt frá hv. d. í þetta skipti.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég er reiðubúinn til þess, ef það mætti vera fullnægjandi fyrir hv. 4. landsk. þm., að gefa þá yfirlýsingu hér í d., að ég flyt þetta mál hér og bið um þessa sérstöku undanþágu með þeim skilningi, að tekið verði við henni, ef hún fæst, með því skilyrði, að samvinnan hjá samtryggingu Bátaábyrgðarfél. Vestmannaeyja og Samábyrgðarinnar og endurtrygging þess hjá Samábyrgðinni verði útfærð á nákvæmlega sama hátt og hefur verið síðan Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var stofnuð. Það hefur alltaf verið og verður að vera að baktryggja hjá Samábyrgðinni, það er sjálfsagður hlutur. Ég gef þessa yfirlýsingu á þeim forsendum og tel Alþ. laust allra mála, ef vikið yrði frá því af félagsins hálfu.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 12. fundi í Nd., 13. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Hæstv. atvmrh. er flm. þessa frv. í Ed., en hann gat ekki mætt hér nú og bað mig æskja þess, að þetta mál, sem fengið hefur afgreiðslu í Ed., fái að ganga til 2. umr. og að henni lokinni til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 123).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi hér á Alþ. Frv. var borið fram í Ed. og gekk í gegnum þá deild, án þess að nokkrar breytingar væru á því gerðar. Þess má og geta, að sjútvn. Ed. stóð einhuga að afgreiðslu málsins.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hefur, þrátt fyrir ákvæði gildandi l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, fengið leyfi til þess nú um skeið að halda áfram sjálfstæðri starfsemi. Félagið hefur fengið undanþágur fyrir því, en ávallt tímabundnar, og hefur sá tími verið lengst 2 ár í senn, en nú síðast eitt ár, og rennur það leyfi út um næstu áramót. Vestmanneyingar hafa jafnan sótt fast að mega reka félag þetta áfram, en það er elzta félag þessarar tegundar hér á landi, og hefur það um næstu áramót starfað í 87 ár. Fyrir Alþ. liggur nú fyrir áskorun frá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, eða stjórn þess, og frá eigendum og útgerðarmönnum 67 skipa í Vestmannaeyjum, og er hér um samhljóða áskorun að ræða, að Alþ. veiti félaginu starfsleyfi áfram. En þrátt fyrir þetta eru og verða náin tengsl á milli þessa félags og annarra bátaábyrgðarfélaga í landinu, sem l. um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip taka til, enda kaupir félagið allar endurtryggingar hjá Samábyrgðinni, og hefur þessi sérstaða félagsins að engu valdið vandræðum fyrir heildarstarfsemina á þessu sviði.

Sjútvn. hafði orðræður við forstjóra Samábyrgðarinnar, og var hann sammála n., að félagið fengi að halda áfram starfsemi sinni. Fátt eitt bar því í milli forstjórans og sjútvn. Þó varð nokkur skoðanamunur um það, hvort eða hver leið væri valin í veitingu þessarar undanþágu. Þetta kemur fram í bréfi, sem stjórn Samábyrgðarinnar sendi Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, dags. 5. sept. s. l., en það er prentað í grg. með frv., en þar er lagt til, að félaginu verði gefnar svipaðar undanþágur, til 2—3 ára í senn, en slíkt hefur tíðkazt undanfarið. Hér ber því ekki í milli að félagið starfi áfram, heldur aðeins um leiðina. Hér virðist því bera að sama brunni, en Alþ. hefur alltaf vald til að grípa inn í, þótt starfsemi félagsins sé færð í fastari skorður, ef í ljós kæmi, að starfsemi félagsins kæmi í bága við heildarstarfsemi bátatrygginganna í landinu. — Ég hef svo ekkert frekar um þetta að segja af hálfu n., en hún leggur til, að frv. verði samþ.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég stend hér upp til að þakka sjútvn. góða og skjóta afgreiðslu þessa máls, svo skjóta, að hægt verður að afgr. frv. fyrir áramót, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Borgf. að nauðsynlegt væri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 144).

---

34. Almannatryggingar (framlenging heimilda í l. nr. 92/1948).

Á 17. fundi í Ed., 19. des., var útbýtt:

Frv. til l. um framlengingu heimilda í l. nr. 92 29. des. 1948, um viðauka við l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar [71. mál] (þmfrv., A. 117).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram í varúðarskyni, ef ekki reyndist unnt að ljúka fyrir nýár afgreiðslu á 68. máli þingsins, sem felur í sér allmiklar breyt. á almannatryggingalögunum. Heimildirnar frá síðasta þingi falla sem sé niður 31. des. 1949. Með þessu frv. er aftur á móti gert ráð fyrir, að heimildirnar gildi allt árið 1950. En ef hitt frv. verður samþ., þá verði inn í það tekið ákvæði, sem felli þetta frv. úr gildi. — Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., en heilbr.- og félmn. mun ræða málið og athuga milli funda, og mun n. taka málið upp, ef hún álítur, að hitt málið nái ekki fram að ganga nú fyrir jólin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Nefndin hefur borið sig saman um það, hvort hitt frv. muni ná fram að ganga fyrir nýár, og telur litlar líkur til þess, en óskar, að þessu máli verði hraðað svo sem unnt er, svo að það nái fram að ganga núna fyrir jólin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., 20. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.
Till. um að vísa málinu til heilbr.- og félmn. felld með 14:7 atkv.

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 159).

---

35. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (í jan.).

Á 11. fundi í Sþ., 19. des.,var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 [77. mál] (þmfrv., A. 135).

Á 19. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Menn kannast við sams konar frv. frá undanförnum þingum, og að sjálfsögðu hefur n. flutt þetta frv. fyrir hæstv. fjmrh. Um brtt. skal ég ekki tala nú, því að það liggur ekki fyrir fyrr en við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, 141, 148).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 148. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef flutt brtt. á þskj. 148 um það, að í staðinn fyrir „1. apríl", sem stendur í frv., komi: 1. febrúar. — Nú kann það að vísu vel að vera, að ekki auðnist að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir 1. febr. og yrði því að veita frekari frest. En ég tel það fullkomið hneyksli, að ár eftir ár skuli vera gefnar slíkar heimildir sem þessar, eða m. ö. o., að Alþ. skuli ekki ganga frá afgreiðslu fjárlaga fyrir þann tíma, er þau eiga að taka gildi. Og ég vil einmitt með því, að veittur sé sem skemmstur frestur í einu um svona greiðslur, undirstrika það, að það eigi ekki að láta þetta svona til ganga framvegis og ekki eigi að láta þetta ástand vara langt fram eftir árinu.

ATKVGR.
Brtt. 148 samþ. með 16:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, JG, JÁ, JörB, LJós, PÞ, SG, SkG, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, GG, HÁ.
nei: IngJ, JóhH, JPálm, JS, KS, ÓTh, PO, ÁÁ, BÓ, EmJ, FJ, GTh, SB.
6 þm. (JR, SÁ, StJSt, StSt, StgrSt, GÞG) fjarstaddir.
1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Finnur Jónsson: Ég tel það alveg rétt hjá hv. þm. V-Húnv., að það sé til mikils skaða að geta ekki afgr. fjárlög fyrir áramót. Hins vegar hefur Framsfl., með því að framkalla kosningar á þeim tíma sem hann gerði, komið alveg í veg fyrir, að hægt væri að gera þetta á þessu ári. Ég sé hins vegar, að frestur sá, sem veittur er í þessu efni í brtt. hv. þm. V-Húnv., breytir ekki því, að hægt verði að koma fjárl. til afgreiðslu á réttum tíma. Ég tel þá brtt. því endileysu, og segi nei.

Brtt. 141 kom ekki til atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 154).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 160).

---

36. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (1. framlenging III. kafla).

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var útbýtt:
Frv. til l. um framlengingu á III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [76. mál] (þmfrv., A. 130).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Fjhn. hefur flutt frv. þetta eftir beiðni frá hæstv. fjmrh. Í grg. hefur láðst að geta þess, að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins, en frv. verður endurprentað og útbýtt í þessari hv. d. á morgun.
Hæstv. fjmrh. hefur þótt leika nokkur vafi á því, hvort 3. kafli l. um dýrtíðarráðstafanir mundi halda gildi árið 1950, en það er vafalaust rétt, að hæstv. ríkisstj. taki allan vafa af um þetta. Það er og kunnugt hv. þm., að fyrir Alþ. liggur nú eitt frv. um breyt. á þeim kafla l., sem hér um ræðir. Fjhn. hefur sent fjármálaráðuneytinu frv. og væntir umsagnar þess um málið.
Að lokum vil ég segja það, að ég tel það ekki neinum breyt. né vanda valda, þótt hér liggi fyrir frv. um breyt. á þessum kafla l., þótt öll tvímæli verði af því tekin, hvort l. gildi áfram, og n. mun taka til athugunar, hvort rétt sé að samþ. það eða ekki.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir, að hæstv. ráðh. mundi gera grein fyrir þessu máli, en sá kafli, sem hér um ræðir, er úr dýrtíðarl., sem sett voru síðast liðið ár, en í þeim kafla er greint frá því, hvað gera skuli við útflutningsvörur sjávarútvegsins, og fjallar sá kafli einnig um tekjuöflun. Ég tel það réttan skilning, sem kemur fram í þessu frv., að það beri að taka til nýrrar meðferðar, hvort þessir skattar skuli standa áfram, því að þótt ekki sé tekið fram berum orðum, að þeir skuli falla úr gildi 31. des., þá gerir löggjöfin ráð fyrir, að þeir gildi það tímabil, og er þetta mjög greinilegt með kaflann um söluskattinn, enda þykist ég sjá það á því, að þetta frv. er komið fram, að einhver dráttur verði á því, að einhverjar ráðstafanir verði gerðar af þingsins hendi í dýrtíðarmálunum almennt, vegna bátaútvegsins og aðrar slíkar. Ríkisstj. hefur ekki haft þær till. tilbúnar, annars hefði hún lagt þær fram í einni keðju, eins og gert hefur verið. Er þá spurningin, hvort eðlilegt sé að framlengja þessa tekjuöflun, án þess að nokkuð sé um það vitað, hvað lagt verði til um ráðstafanir í þessu skyni að öðru leyti. Einu rökin, sem mæla með því, að þessi þáttur sé tekinn út úr, eru þau, að ef við verðum fyrir því óláni, að það dragist fram yfir áramót t. d. að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna útvegsins, þá er mjög slæmt, að úr gildi falli skattar eða tollar, sem verða svo, ef til vill, örlitlu síðar teknir upp aftur. En þetta eru líka einu rökin, sem ég sé frambærileg fyrir því að taka þennan kafla sérstaklega. Af þessum ástæðum mun ég fyrir mitt leyti — og ég hygg, að ég tali þar fyrir hönd Framsfl. — vera því fylgjandi, að þessi gjöld verði framlengd um stuttan tíma, t. d. til janúarloka, jafnvel þótt ekkert liggi fyrir um það, hvað gert verði í dýrtíðarmálunum að öðru leyti. Það sýnist vera alveg nægilegt að framlengja þennan kafla til janúarloka, því að þá hljóta einhverjar nýjar ákvarðanir að hafa verið gerðar og heildarráðstafanir vegna útvegsins. Mér virðist, að með því að greiða á þennan hátt fyrir málinu, þá sé fyrirbyggt, að niður verði felldir um örstuttan tíma skattar, sem síðan verða, ef til vill, teknir upp aftur. Fyrir hinu eru hins vegar engin frambærileg rök, að framlengja þessi gjöld um lengri tíma, án þess að skil séu gerð fyrir því, hvað gert verði í heild varðandi útvegsmálin og dýrtíðarmálin.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem hv. frsm. n. sagði um þetta frv. Það liggur alveg ljóst fyrir. En viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, skal ég taka fram hér nokkur atriði. Aðaltekjuliðurinn í þessum kafla frv. er, eins og menn vita, söluskatturinn, sem er áætlaður í fjárl. fyrir næsta ár 36 millj. kr. Fyrrv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, að þessi skattur verði framlengdur, en mér skilst, að ástæðan til þess, að ekki var fyrr gengið í það að framlengja þennan kafla l., sé sú, að menn væru yfirleitt þeirrar skoðunar, að þess þyrfti ekki með, því að hæstv. ríkisstj. hefði að sjálfsögðu annars komið með till. um að framlengja þennan stóra tekjustofn, sem hún tekur upp í sitt fjárlfrv., þ. e. a. s. söluskattinn. Annar liður í þessum kafla er 32. gr., þar eru leyfisgjöld, sem skal innheimta á árinu 1949 með 100% álagi, sem að vísu er tímabundið. En þessa aukningu þarf beinlínis til þess að standa undir kostnaðinum við fjárhagsráð og stofnanir þess, þannig að það er hrein yfirsjón hjá fyrrv. stj. að hafa ekki þegar verið búin að framlengja þessa tekjuauka, sem var alveg sjálfsagt og hlýtur að koma inn í fjárlfrv. Þetta kemur núna vegna þess, að menn héldu yfirleitt, að skattarnir væru ekki tímabundnir, en það hefur komið fram nú síðar mjög ákveðið álit frá ýmsum lögfræðingum, að það muni ekki geta staðizt, þegar öll l. séu tekin til athugunar í heild, og þess vegna þótti ríkisstj. rétt, að tekið væri fyrir allan vafa um þetta. Þá er eftir 30. gr., gjöld fyrir innflutningsleyfi. Fyrir þessum gjöldum er ekki gert ráð í fjárlfrv., en þar sem ekki enn þá er vafalaust, hvort gengið verður frá nokkrum ráðstöfunum vegna dýrtíðarinnar og til styrktar atvinnuvegunum, þá þykir sjálfsagt að láta þessa tekjustofna ekki falla niður, meðan ekki er vitað, hvort á þeim þarf að halda í þessu skyni. Og það er, eins og hv. 1. þm. S-M. tók fram, mjög óheppilegt að láta tekjustofna eða tolla falla niður í stuttan tíma eftir árslok, ef þeir á annað borð eru teknir upp síðar á árinu. Mér finnst alveg ástæðulaust að binda þessa framlengingu við janúarlok. Í fyrsta lagi þýðir það ekki með söluskattinn eða þær tekjur, sem fjárhagsráð hefur til að standa undir sínum rekstri. Það er sýnilegt, að þeir tekjustofnar verða að gilda allt árið, svo að það er aðeins tvíverknaður að hugsa sér að framlengja þann kafla til janúarloka. Hins vegar hefur Alþ. í hendi sér að nema úr gildi, hvenær sem er, tekjuöflun samkvæmt 30. gr., ef það kærir sig um.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt, eins og kom fram í umr., að ýmsir menn munu hafa gengið út frá því, að l., sérstaklega í III. kafla hvað tekjurnar snertir, mundu gilda áfram almennt. Þegar maður fer hins vegar að athuga þau, virðist greinilegt, að löggjafinn hefur hugsað sér þetta bundið við einstök ár. Í 24. gr. er t. d. talað sérstaklega um 1949 og ákveðna dagsetningu á því ári, en ekkert talað um árið á eftir eða á hverju ári skuli gera þetta. Eins er þetta í 29. gr., þar sem er ákvæði um, að tolltekjur á árinu 1949 renni í dýrtíðarsjóð, en þetta tekur ekki til fleiri ára. Samt er þessi kafli einvörðungu um dýrtíðarsjóð. Í 32. gr. er eingöngu talað um árið 1949. Ég held þess vegna, að þegar farið er að athuga þetta nánar, hljóti maður að líta svo á, að skilningur þeirra lögfræðinga sé réttur, sem telja, að kaflinn framlengist ekki af sjálfu sér og sé bundinn við árið 1949. Enda er þetta í samræmi við öll tekjuöflunarl., sem lögð eru fyrir þingið. Í hvert einasta skipti er sagt: Þessi skattur á bara að gilda fyrir næsta ár, það er engin hætta á, að hann verði framlengdur. Venjulega hefur sú hugsun verið ríkjandi og sérstaklega hjá þeim, sem fyrir tollunum og álögunum hafa mælt, en samt hefur það varla komið fyrir um nokkurn skatt, sem ég man eftir, nema einn einasta, að þeir hafi ekki verið framlengdir. Ég held þess vegna, að við umr. um þetta frv. verði n. að taka afstöðu frá því sjónarmiði, hvort menn séu með því að framlengja einmitt þessa skatta og þessar álögur áfram eða hvort menn eru á móti því, en ekki frá hinu sjónarmiðinu, hvort menn eru að skera úr juridisku vafaatriði um gildi þessa kafla l. Þegar þessi III. kafli dýrtíðarl. var samþ., voru sósíalistar á móti honum, og ég mun fyrir mitt leyti vera á móti honum nú. Ég álít þess vegna, að úr því að málið er komið inn á þingið á þennan hátt, þá sé gefið tilefni til að ræða einstök atriði í sambandi við þennan kafla dýrtíðarl. Það liggja nú þegar fyrir brtt., og er ekki nema eðlilegt, að þær fái afgreiðslu. Ég mun ekki ræða þetta við 1. umr., heldur 2. umr. þessa máls. Ég get nú satt að segja ekki séð, að það sé almennt nein ógæfa, þó að skattar kynnu að falla niður eða tollar, eins og hv. 1. þm. S-M. var að minnast á hér áðan, og mig minnir nú, að einmitt sá flokkur, sem fer með ríkisstjórn í landinu nú, hafi sérstaklega lofað að lækka skatta og tolla. Hver veit nema þessi kafli yrði betri eða réttlátari, þegar farið væri að leggja á tollana á nýja árinu, heldur en hann varð, þegar þessir skattar voru lagðir á? Síðan þetta þing kom saman, hef ég ekki heyrt neitt annað frá þessum nýkjörnu þm. en að afnema beri þessa skatta, sem lagðir eru á í III. kafla. Ég held því, að þetta verði hv. þm. kærkomið tækifæri til að létta ofurlítið álögunum af þjóðinni og þeim beri að fagna því, þó að tilefnið kunni að vera juridiskur misskilningur í sambandi við 1. Við 2. umr. málsins verður hins vegar tækifæri til þess að koma nánar inn á þau atriði.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, vegna tilefnis, sem hæstv. fjmrh. gaf til þess, að ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að það þyrfti að framlengja tekjustofna í löggjöf, og ég sé líka, að núverandi atvmrh., fyrrv. fjmrh., hefur verið á sömu skoðun, því að í grg. fjárlfrv. stendur, með leyfi hæstv. forseta, í athugasemd við 2. gr.:

„Í athugasemd við 19. gr. er gerð grein fyrir mikilli lækkun á framlögum til dýrtíðarráðstafana. Í samræmi við það er ekki gert ráð fyrir, að framlengdir verði tekjustofnar samkv. dýrtíðarl., nema söluskatturinn, sem óhjákvæmi-

legt er að halda óbreyttum næsta ár, til þess að hægt verði að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög."

Það er augljóst, að menn hafa álitið, að framlengingar væri þörf, enda er enginn ágreiningur um það. Ég vil svo aðeins segja það, að gefnu tilefni frá hæstv. fjmrh., að það hafi verið yfirsjón hjá fyrrv. fjmrh. að leggja ekki fram frv. um framlengingu söluskattsins með fjárlfrv., að mér finnst hæpið að gera mikið úr því, þegar þess er gætt, að stjórnarskipti voru fyrir dyrum, þegar núv. atvmrh. lagði sitt fjárlfrv. fram Ég tel því ekki ástæðu til að ámæla honum fyrir það, þó að ekki væri lagt fram slíkt framlengingarfrv., þar sem eðlilegt var, að það biði þá eftir mati þess, sem við tæki. Varðandi það, hve lengi framlengingin skuli standa, sagði hæstv. fjmrh., að hann sæi ekki ástæðu til annars en að framlengja kaflann fyrir allt árið. En ég sé ekki ástæðu til að framlengja þetta lengur en t. d. til mánaðamóta jan.—febrúar. Það verður að taka þetta mál fastari tökum fyrir þann tíma. Þetta er aðeins liður úr stærra máli, og mér virðist því ekki ástæða til, að framlenging þessi nái lengra fram í tímann, þar sem verður að taka þetta í sambandi við dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna. Ég tel, að með því að framlengja l. þennan tíma sé öruggt, að enginn skattur falli niður, sem menn eru sammála um, að eigi að standa áfram.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Mér finnst skylt, að ég skýri hér fyrir hæstv. Alþ. þær ástæður, sem gerðu það að verkum, að ég lagði það til, að söluskatturinn héldist áfram í fjárlfrv., án þess að lagt væri fram sérstakt frv. til framlengingar honum. Ef það var eingöngu vegna þess, að sú skoðun var ríkjandi í fjmrn., hjá þeim lögfræðingum, sem ég hafði samráð við um þetta efni, að dýrtíðarl. framlengdust „automatiskt", ef svo má segja, þ. e. frá þessu ári til næsta árs, að undanskildu því ákvæði, að breyta yrði til orðalagi eða dagsetningu, svo greinilegt sé, að þau eigi við það ár, sem um ræðir. Vegna þessa taldi ég ekki nauðsynlegt að svo komnu máli að leggja fram sérstakt frv. til framlengingar söluskattinum né öðrum sköttum, þar sem ég var þeirrar skoðunar, að ábyrgðarmálið sjálft yrði að taka til gagngerrar breytingar og sennilega skipulagsbreytingar, þegar Alþingi kæmi saman. En aftur á móti taldi ég alls ekki fært að gera ekki ráð fyrir, að fé yrði fyrir hendi til niðurgreiðslu á dýrtíðinni, sem svo er kallað. Eins og hv. þm. mega sjá, er í frv. gerð áætlun um söluskattinn út af fyrir sig, 36 millj. kr. Í 19. gr. er talinn útgjaldaliður til dýrtíðarráðstafana, sem er áætlaður 33,5 millj. kr., og var þar átt við niðurgreiðslur afurða og varnings til neytenda. Nú tók ég eftir því í ræðu hv. 1. þm. S-M., að hann talaði um, að ekki væri nema ein ástæða til fyrir því, að rétt væri að framlengja þennan III. kafla í heild, en hún væri sú, að hann væri til reiðu, ef horfið yrði að því ráði að taka upp ábyrgðargreiðslu á fiski. Það er nú álit þeirra góðu lögfræðinga, sem hér um hafa fjallað síðustu vikur, að framlengja þurfi með lögum þessa skattstofna, ef þeir eigi að vera í gildi áfram, — sem ekki var ríkjandi álit, þegar ég samdi frv., en ég fellst á, að sé um einhvern vafa að ræða í þessum efnum, þá sé rétt að Alþ. segi ákveðið til um það, — en fyrst svo er, þá er á það bendandi, að hér er hvað söluskattinn áhrærir svo að segja hliðstæð upphæð; það, sem er í fjárl., er áætlað, að renni til niðurgreiðslu innanlands. Ég tel þess vegna, að fyrsta og veigamesta ástæðan til að framlengja þennan tekjustofn sé sú, að hafa alltaf fé til reiðu til þess að halda áfram niðurgreiðslum innanlands. Ef það er ekki skoðun hv. 1. þm. S-M., þá hlýtur hann að hafa fyrir augum annað tveggja, að niðurgreiðslurnar falli með öllu niður og viðnámi gegn dýrtíðinni, sem hefur verið framkvæmt með því móti, verði þá hætt, eða þá að hann hefur einhvern annan tekjustofn í huga framvegis fyrir ríkissjóð til þess að mæta ýmsum útgjöldum. Þar getur ekki verið nema um tvennt að ræða. Um tekjustofna samkvæmt dýrtíðarl. annars er það að segja, að þegar á síðasta ári fulltrúar úr fjárhagsráði og fulltrúar frá tollyfirvöldunum og fleiri sátu á rökstólum og lögðu fram fyrir ríkisstj. þessa tekjuliði og till. um tekjur og áætlanir samkv. því, þá hafa þeir sjálfsagt haft í huga miklu meiri innflutning á ýmsum þeim vörum, sem áttu að verða undirstaða fyrir þessari tekjuöflun, heldur en raun varð á. Og minnist ég þess sérstaklega, að hv. þm. V-Húnv. var þar einn af helztu ráðgjöfum ríkisstj. í þessu máli, og er hann víst ekki í hópi þeirra manna, sem vilja láta telja sig óvarkára eða skeytingarlausa um fjármál ríkisins, eins og nú er látið af hans flokki hljóma í okkar garð. Sannleikurinn er sá, að reynslan hefur sýnt, að þessir tekjustofnar, sem stj. hefur byggt vonir sínar á, hafa stórlega brugðizt, og fullyrðingar, sem hafa verið hafðar í frammi um aukinn innflutning á neyzluvörum, sem mundu gefa ríkissjóði tekjur til að standa undir fiskábyrgðinni og öðrum niðurgreiðslum, hafa reynzt mjög út í loftið. Þess vegna er hér um að ræða meginpartinn, söluskattinn, og honum er sérstaklega ætlað að standa undir niðurgreiðslu innlendu afurðanna eða varnings og afurða á innlendum markaði. Það mun síðar koma í ljós, hversu mikið, og verður skýrar frá því sagt, hversu mjög sá grundvöllur er ótraustur, sem lagður er fyrir dýrtíðartekjuöflun í einstökum atriðum. Ég ræði það ekki frekar að sinni.

Ég hefði að sjálfsögðu, ef það hefði verið talið vafalaust, þegar fjárlfrv. var samið, lagt fram frv. til framlengingar á söluskattinum og eins um tekjur samkv. 32. gr. sér, en ég vísa til þess, sem ég sagði áðan, að á þeim tíma var það ekki talið vafaatriði, að þessir tekjustofnar héldust í gildi, og hreyfði ég þess vegna ekki neinum aðgerðum í því efni að flytja þau frv., sem hér um ræðir. Það er augljóst mál, að söluskatturinn er meginuppistaðan, a. m. k. ¾ eða ⅘ þeirra tekna, sem um ræðir, og í fjárlfrv. er svo að segja tilsvarandi upphæð áætluð til að halda niðri verðbólgunni innan-

lands með þessum tekjum, og er þá augljóst, að eigi þær ekki að haldast áfram, þá verður annaðhvort að fella niður þennan útgjaldalið eða þá að koma með nýjar tekjur í staðinn. Á þetta vildi ég benda, því að það virðist hafa farið fram hjá hv. 1. þm. S-M., þegar hann hélt því fram, að ekki væri nema ein ástæða til að framlengja þessa tekjuöflun, en hún var sú, að ef horfið yrði að greiðslum uppbóta á sjávarafurðir í janúarmánuði, þá þyrftu þessar tekjur að haldast. En ég segi það, að meginhlutann af þessum tekjum þarf ríkissjóður að fá hvort sem er, ef hann á að halda þeirri stefnu, sem haldið er við í fjárlfrv., sem fyrir liggur, sem sé þeirri, að halda áfram að berjast á móti hækkun á verðlagi á innlendum markaði, til þess að halda niðri dýrtíðinni, berjast á móti því með þeim aðferðum, sem beitt hefur verið hingað til og við beittum, hv. 1. þm. S-M. og ég, meðan við vorum í fyrrv. ríkisstjórn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég mun aðeins segja nokkur orð á þessu stigi málsins. Ég skal fyrst og fremst geta þess, að ég var þeirrar skoðunar, þegar dýrtíðarl. voru afgr. í lok síðasta árs, að tekjukaflinn gilti aðeins fyrir árið, sem nú er að enda. Og það held ég, að hafi verið tilætlun ríkisstj., þegar hún samdi þetta frv. og hafði sína lögfræðilegu ráðunauta með í því starfi. En eins og hins vegar högum var háttað, þegar Alþ. kom saman, sá ég fyrir mitt leyti sem stjórnarformaður enga ástæðu til þess, þegar stj. hafði beiðzt lausnar, að gera till. um það við fjmrn., að framlengt yrði meira eða minna af dýrtíðarl. Hitt er mér alveg ljóst, að það má ekki ske um þessi áramót, að allar þær tekjur til ríkissjóðs falli niður, sem innheimtar eru eftir 3. kafla dýrtíðarl., hvað sem gert verður í dýrtíðar- og fjárhagsmálum yfirleitt, en um það má deila, hvort sumar af þessum fjáröflunarleiðum séu heppilegar eða hvort þær hafi gefið þann árangur, sem ætlað var í upphafi. Eins og hv. frsm. fjhn., hv. þm. V-Ísf., gat um í upphafi, liggur þegar fyrir þessari d. frv. um að afnema eða breyta f-lið 30. gr., sem er um gjald af innflutningi rafmagnstækja til heimilisnotkunar, og vörubílstjórar hafa leitað til þingfl. og kvartað undan vissum álögum í sambandi við vörubifreiðar. Álít ég koma til athugunar, annaðhvort nú, þegar þetta frv. er afgr., eða eftir lok þessa árs, að breyta l., ef þau verða óbreytt hvað snertir þessa liði, einkum ef það kemur í ljós, að þau gefi miklu minni tekjur en áætlað var, og skildist mér á hæstv. atvmrh., sem var fjmrh., að svo hafi verið um suma þessa liði. En ég álít ábyrgðarlaust að vera á móti því á þessu stigi, þegar komið er að áramótum, að heimilt sé áfram að innheimta meginhluta þessara tekjustofna, hvað sem síðar verður gert, og ég tel óhjákvæmilegt að framlengja í heild höfuðatriði 3. kafla dýrtíðarl., sem afgr. voru í lok s. l. árs. Ég tel því sjálfsagt, að frv. verði í einhverri mynd samþ., annaðhvort að öllu leyti eða með vissum breyt., sem geti komið til athugunar nú eða upp úr nýári með sérstakri löggjöf þá.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins fáein orð út af því, að hæstv. atvmrh. talaði um, að eitthvað hefði farið fram hjá mér í þessum efnum, og þá helzt það, að það væri hægt að hólfa þetta þannig niður, að söluskatturinn hefði verið ætlaður til þess að standa undir niðurborgunum innan lands og kæmi fiskábyrgðinni ekkert við, og þess vegna væri hægt að taka þetta svona út úr. Í þessu sambandi vil ég ekki viðurkenna, að neitt hafi farið framhjá mér. En ríkisstj. hefur staðið þannig að þessu máli, að ekki er hægt við þessar umr. að skoða það allt í heild, af því ekki eru till. um neitt annað en þennan eina þátt. Ég vil einnig benda á það í þessu sambandi, að dýrtíðarsjóði eru með dýrtíðarlöggjöfinni ætlaðar 36 millj. kr. í söluskatt, 22 millj. kr. af tolltekjum ríkissjóðs og 15 millj. í öðrum gjöldum, eða samtals 70—80 millj. kr., sem þessum sjóði er ætlað. Af þessu sjáum við, að málið er ekki einfalt, það er aðeins þáttur úr miklu stærra máli, og ég get ekki fallizt á, að það sé eðlilegt að slíta það úr samhengi eins og hér er gert. Ég sé hins vegar annmarka á því að láta þetta falla niður um stundarsakir, en það mun yfirlýst, að þetta sé framlenging um stundarsakir, meðan verið er að fjalla um þetta í heild, og sést þá, hvað af því verður látið gilda áfram og hvað ekki. Með þessu er ég ekki að spá neinu um það, að hægt sé að afnema söluskattinn, ég læt það liggja milli hluta. Það verður að skoða það mál í einni heild, því að það er ekki hægt að framlengja um lengri tíma þessi gjöld án þess að málið sé tekið upp í heild, enda engin ástæða til þess, þegar þingið situr allan janúarmánuð og getur þá haft í hendi sér, hvernig þessu verður háttað framvegis.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil aðeins taka það fram, að ég var ekki að halda því fram að söluskatturinn upphaflega hafi verið sérstaklega ætlaður til þess að standa við dýrtíðargreiðslur innanlands, en ég bendi hv. 1. þm. S-M. á þá einföldu staðreynd, að í fjárlfrv., sem ég lagði fram, er gert ráð fyrir 33½ millj. kr. til niðurgreiðslu á þessum vörum hér innanlands, til þess að halda niðri verðlagi, og lítið eitt hærri upphæð sett tekjumegin, sem kallað er söluskattur. Mín meining var, að söluskatturinn héldist, og virtist ekki mundu af því veita, ef halda ætti áfram að verja fé til niðurgreiðslu innanlands, og ég held, að hvorki hv. 1. þm. S-M. né ég komist hjá því að draga af þessu þá ályktun, að ef á að halda þessum útgjaldalið, þá verði annað tveggja söluskatturinn eða þá nýr tekjuliður að koma tekjumegin til þess að standast þau útgjöld.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23:4 atkv.

Á 19. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, 139, 140).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enn fremur var of seint útbýtt brtt. á þskj. 147. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hef borið fram brtt. um það, að framlenging þessa skatts nái ekki nema til 1. marz í staðinn fyrir til ársloka samkvæmt frv. Þessa till. hef ég haft á þennan veg með tilliti til annarrar brtt. við það frv. um bráðabirgðafjárgreiðslur, sem áðan var á dagskrá. Ég geri ráð fyrir, fyrst fordæmi eru um að fjárl. séu afgr. eftir febrúarlok, þá sé ekki vissa fyrir, að afgreiðsla náist á þeim tíma. Ég geri á sama hátt ráð fyrir því, að allsherjar yfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu eða till. um fjáröflun yfirleitt verði ekki komnar á afgreiðslustig fyrr en um sama leyti, fyrir 1. marz. Það verður vafalaust að ákveða um fiskverðið sjálft og ábyrgð ríkissjóðs fyrir þann tíma, en mér segir svo hugur um, hvernig svo sem því verður háttað, að það verði ekki búið að gera fullnægjandi till. um fjáröflun, hvorki til þess né annars, í sambandi við fjárl. þess árs, fyrr en í fyrsta lagi í febrúarlok. Af þessum ástæðum hef ég gert þessa till., og ég geri ráð fyrir, að um bæði frv. sé frekar farið of stutt en of langt í því að gefa ríkisstj. og Alþ. hæfilegan tíma til þessa starfs.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 139 brtt. við 1. gr. frv., um að ákveðnir liðir í 30. gr. l. verði ekki framlengdir og falli niður. Þessir liðir eru viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi. D-liður er um það, að af innflutningsleyfum fyrir bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum skuli greiða 50% af leyfisfjárhæð, e-liður, af innflutningsleyfum fyrir hjólbörðum og slöngum, 25% af leyfisfjárhæð, og f-liður, af innflutningsleyfum fyrir rafmagnstækjum til heimilisnota, öðrum en eldavélum og þvottavélum, 100% af leyfisfjárhæð, en af leyfum fyrir þvottavélum 50%.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa komið mjög ítrekuð tilmæli frá húsmæðrum um að fella niður þennan f-lið, og frá bílstjórum, sérstaklega vörubílstjórum, að fella niður þessi gjöld af bifreiðavarahlutum. Hins vegar er þetta ekki neinn stór tekjustofn fyrir ríkið í þessum kafla dýrtíðarl., en tilfinnanlegt fyrir einstaklinga, sem þetta lendir á. Ég vil því vona, að hv. þd. geti orðið með því að samþ. þessa brtt., það væri þar með sýnt nokkurt réttlæti gagnvart þeim mönnum, sem þarna verða óeðlilega fyrir barðinu á álögum ríkisins. Það er almennt viðurkennt, að því er heyrzt hefur á þingfl. undanfarið, að innflutningsgjöld á heimilistækjum séu ranglát, og hvað bifreiðastjórana snertir og álögur á þá, þá er það vitanlegt, að þeir standa verr að vígi nú heldur en þegar þessar álögur voru lagðar á að standa undir þeim, þar sem þeirra vinna fer minnkandi og atvinnuleysi er farið að gera vart við sig. Ég vona þess vegna, að hv. d. geti samþ. þessa till. á þskj. 139.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 150) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af tímatakmarki því, sem sett er í frv., get ég fyrir mitt leyti sætt mig við þá brtt., sem komin er fram á þskj. 140, um að tímatakmarkið sé bundið við 1. marz 1950. Ég tel óheppilegt að samþ., eins og komið er fram á öðru þskj., að heimildin gildi ekki nema til 1. febrúar, og sýnilegt, að þyrfti að framlengja það á ný í lok janúar, ef það tímatakmark yrði sett nú. Um brtt. 150 og 139 vil ég segja það, að mér þykir óviðeigandi, að við þessa framlengingu sé verið að koma með brtt. um, að eitthvað af þessum liðum falli niður. Í því sambandi má benda á, að f-liður 30. gr. er þegar til athugunar í n., og virðist eðlilegt, að málið fái afgreiðslu á venjulegan hátt. Um þá liði, sem brtt. 139 fjallar um, get ég upplýst, að ríkissjóður hafði upp úr þeim á þessu ári yfir 4 millj. kr., liðirnir d og e hafa samtals gefið um 2.800.000 kr., svo að hvað þessa liði snertir, þá eru þeir verulegur hluti af þessum tekjum. Ég get skilið, að bifreiðastjórum og bifreiðaeigendum, sem verða fyrir þessari hækkun, þyki það nokkuð erfitt, það er eins og um marga aðra tolla og hækkanir, sem menn verða að standa undir. En ég sé ekki ástæðu til við framlengingu frv. að samþ. slíkar brtt.

Finnur Jónsson: Ég beindi þeim tilmælum til hæstv. forsrh. undir umr. um fjárl., að hann léti í ljós sína skoðun á því, hvernig hægt verði að brúa bilið milli tímans frá því um áramót og þangað til gerðar verða einhverjar ráðstafanir fyrir þá útvegsmenn, sem nú stunda sjó. Að vísu má segja sem svo, að menn hafi oft áður ekki vitað um fiskverðið, og kann að vera nokkuð rétt í því. En hins vegar veit ég ekki, hvort heppilegt er fyrir Alþ. að framlengja einungis annan þátt þessara l., sem eru álögur til ríkissjóðs, sem þá samkv. 1. gr. III. kafla l. eru ætlaðar til ákveðinna nota. Sú gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands."

Um áramót fellur úr gildi I. kafli l., og þess vegna virðist óviðkunnanlegt að taka fé í ríkissjóðinn til ákveðinna nota, sem með niðurfellingu þess kafla eru felld úr gildi. Það má segja, að karlarnir séu ekki of góðir til þess að róa nokkra daga án þess að vita, hvaða verð þeir fá, en þeir selja fiskinn upp úr sjó og þurfa að vita, hvað þeir eiga að fá fyrir hann, og eins sá, sem kaupir fiskinn. Ég vil leyfa mér að benda á þennan ágalla á því að framlengja þennan III. kafla án þess að geta nokkuð um I. kaflann, sem er fiskábyrgðin. Að vísu er ekki almennt farið að róa sunnanlands, en á Vestfjörðum er aðalfiskitíminn gjarnan á þessum tíma, ef gefur á sjó, og þess

vegna vildi ég heyra, hvort hæstv. forsrh. gæti gefið mér einhver svör viðvíkjandi þessu, hvort hægt er að fá einhverjar upplýsingar um það frá ríkisstj., hvaða lágmarksverð skuli gilda.

Skúli Guðmundsson: Frv. þetta er flutt af fjhn. Nd., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um málið. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 14 um það, að þessi framlenging III. kaflans gildi aðeins í einn mánuð, til 1. febrúar 1950. Tel ég ástæðulaust að framlengja þetta til lengri tíma, því að fyrir þann tíma er alveg óhjákvæmilegt, ef ekki á að verða alger stöðvun á útflutningsframleiðslunni, að gera ráðstafanir til þess að svo verði ekki, og þar sem það mál, sem þetta frv. fjallar um, er einn liður í því stóra viðfangsefni, þá tel ég alveg nóg að framlengja til 1. febr. heimildina til þessarar gjaldainnheimtu. Ég hef því flutt þessa till., og fylgi mitt við frv. fer eftir því, hvernig henni verður tekið í d.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það var út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. til mín. Ég geri ráð fyrir, að þetta mál liggi nokkuð ljóst fyrir eftir þær umr., sem farið hafa fram um það, bæði undir umr. um málið sjálft og einnig í sambandi við fyrirspurn frá hv. 1. þm. S-M. varðandi það, hvað ríkisstj. hyggist fyrir um till. til að hindra stöðvun útvegsins um áramótin. Efnislega liggur málið þannig fyrir, að till. um framlengingu á þessum tekjukafla, III. kafla dýrtíðarl., er fram komin vegna þess, að hvorki ríkisstj. né Alþ. hafa ráðið við sig enn þá, hvaða leið skuli fara til að leysa vandann, sem við er að etja. En ég hygg, að öllum komi saman um, að það sé óeðlilegt, að skattar, sem gilt hafa 1949 og ætlazt er til að gildi 1950, ef niðurgreiðsluleiðin væri farin, séu felldir niður einhvern stuttan tíma í ársbyrjun 1950. Til þess að girða fyrir, að svo verði, er tekjukaflinn borinn fram. Það er rétt, að þessar tekjur eru ætlaðar ýmist til verðuppbóta eða niðurgreiðslna, en þó er þess að gæta, að megintekjuliður III. kafla, söluskatturinn, er áætlaður í fjárl. til niðurgreiðslna á innlendri framleiðslu. Þetta er sú hlið málsins. Hin hliðin, hvort ríkisstj. treysti sér á þessu stigi til þess að gefa einhverjar yfirlýsingar um, að þeir, sem á sjó róa frá 1. jan. og þar til Alþ. tekur nánari ákvörðun um þetta mál, skuli a. m. k. njóta þeirra friðinda, sem nú eru í l. varðandi ábyrgð á framleiðsluvöru sinni — þeirri fyrirspurn verð ég að svara neitandi; ríkisstj. hefur ekkert vald til þess. Ég vil hins vegar í þessu sambandi geta þess, að ríkisstj. gerði tilraun til að ná samkomulagi við útgerðarmenn og ræddi við nefnd frá LÍÚ um bráðabirgðalausn til að tryggja þá, sem sjó stunda á meðan Alþ. hefur ekki tekið sínar ákvarðanir og endanlegt verð hefur verið ákveðið. En þessar samningaumleitanir leiddu ekki til neinnar niðurstöðu. Frekari upplýsingar treysti ég mér ekki til að gefa á þessu stigi málsins, og veit ég, að hv. þm. skilur þetta.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Reykv. leyft mér að flytja skriflega brtt. við brtt. á þskj. 150 frá hv. 9. landsk., þannig að aftan við „1950" í 1. gr. bætist: að undanteknum liðunum d og f í 30. gr., sem falli niður. En d-liðurinn nær til innflutningsgjalda af bifreiðavarahlutum og bifreiðavélum. Enda þótt vitað sé, að ríkissjóður megi ekki við því að missa miklar tekjur, held ég, að ekki verði komizt hjá að létta af þessu gjaldi, sem hefur komið mjög hart niður á framleiðslunni í landinu og er sérstaklega tilfinnanlegt, þegar um þunga bíla er að ræða. Ég vona því, að hv. Alþ. samþ. þessa till., um leið og ég tel sanngjarnt að samþ. einnig till. á þskj. 150 með þessari breytingu. Þetta er ekki heldur svo há upphæð, og þó að segja megi, að ríkissjóð muni nú um allt, þá er þetta svo óréttlátt ákvæði, að það verður að afnema það.

Kristín Sigurðardóttir: Herra forseti. Till. á þskj. 150 er bein afleiðing af frv., sem flutt var hér um að fella niður f-lið 30. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sem fjallar um skatt af heimilisvélum. Mál þetta er áhugamál allra húsmæðra; ég vildi því ekki eiga neitt á hættu, ef brtt. hv. 2. þm. Reykv. yrði felld, því að þar eru allir liðirnir d., e. og f. saman. Ég kem því með þessa brtt., ef hv. þm. gætu frekar fallizt á að fella niður þennan eina lið heldur en alla þrjá liðina. Ég er þó ekki á móti hinum till., en vil mæla með minni till. og vona, að hún verði samþ.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir meðferð þessa máls. Hér hafa komið fram till. um að framlengja þessi gjöld, og á það að vara aðeins til skamms tíma eða til bráðabirgða, eða til 1. febr. í till. hv. þm. V-Húnv. og til 1. marz í till. hv. þm. V-Ísf. Ég verð því að segja, að ég undrast stórlega, að þm. frá stjórnarflokkunum skuli koma fram með till. um að taka út þessa einstöku liði, því að ég fæ ekki séð, að það hafi mikið að segja, þó að þetta haldist enn þennan stutta tíma. Ég er því stórlega undrandi yfir þessari framkomu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 152) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil í tilefni af ræðu hv. 1. þm. S-M. gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Þegar málið var til umr. í fjhn., komu engar till. til breytinga fram frá einstökum nefndarmönnum. Það má segja, að þetta muni ekki miklu, þar sem aðeins er um bráðabirgðaframlengingu að ræða. Ég er annar flm. þessarar till., og stafar það af því, að ég er þeirrar skoðunar, að skattur þessi verði aldrei framtíðartekjulind, og munu menn þegar hafa fengið þá reynslu af honum. Þá hef ég einnig síðan málið lá fyrir fjhn. kynnt mér sérstaklega afstöðu bílstjóra hér til þessa máls, og hafa vörubílstjórar gert á-

lyktun varðandi þetta atriði og gert grein fyrir erfiðleikum sínum. Þar sem auk þess er vitað um, að innan þessarar stéttar er nú lítið um atvinnu, þá hef ég gerzt meðflm. að þessari till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að hv. þm. Sjálfstfl. hafa séð nauðsyn þess að breyta frv. þessu, sem fjmrh. flokksins hefur beðið fjhn. að flytja. Það er gott að fá þessar till., en mér þykir leitt, að e-liðurinn skuli ekki hafa verið tekinn með líka frá mér. Ég mun því verða með d- og f-lið og skil ekki í, að Sjálfstfl. verði á móti e-lið, þar sem hann hefur tekið hinum svo vel. Hv. 1. þm. S-M. virtist vera mjög undrandi yfir þessum till. og að meginþorri þingfl. sjálfstæðismanna skuli vera á móti fjármálastj. hæstv. fjmrh., en aftur á móti stendur Framsfl. með honum, og eru því engin undur, þó að hv. 1. þm. S-M. sé hátíðlegur. Ég vona svo að lokum, að e-liðurinn verði tekinn með hinum liðunum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það voru ekki mörg orð, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, en það kom berlega í ljós, að það voru ekki einlægar óskir hans, að þessar undanþágur fáist, þar sem hann storkar mönnum til að vera á móti þessum till., og skulum við nú sjá, hvað gerist í málinu. Ég vil því biðja hæstv. forseta um 5 mín. fundarhlé, svo að ég geti kallað flokksmenn mína saman á fund til viðræðna um brtt.

Forseti (SB): Samkvæmt ósk hæstv. forsrh. mun ég nú gefa 5 mín. fundarhlé. — [Fundarhlé.]

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það hefur orðið að samkomulagi, að brtt. á þskj. 150 verði tekin aftur og einnig skrifl. brtt., sem lögð hefur verið fram. Og ég vil í því sambandi lýsa yfir, að ég vil gjarnan mæla með því, að tollurinn í f-lið laganna verði felldur niður, tollur af heimilisvélum, þegar til kemur, að þáltill. sú, sem nú liggur fyrir þinginu því viðkomandi, kemur úr nefnd og verður til umr., og að ég muni taka hina liðina, sem þar er um að ræða, til velviljaðrar athugunar. Í þriðja lagi skal ég fyrir mitt leyti ganga inn á, að framlenging sú, sem frv. er um, gildi til 1. febrúar, í staðinn fyrir 1. marz, eins og ég var áður búinn að lýsa yfir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram út af skrifl. brtt., að þeir menn, sem þar eiga sérstaklega hlut að máli, áttu tal við mig í dag um allan sinn hag og fóru eindregið þess á leit, að að einhverju yrði létt af þeim þungbæru sköttum, sem á þeim hvíldu. Ég tel þess vegna mjög réttlátt, að það verði athugað, eftir því sem föng standa til. En ég er á móti því, að slík till. verði samþ., að ekki meira athuguðu máli en nú er.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég held, að það, sem þeir vöruflutningar með bifreiðum, sem atvinnuvegir margra landsmanna hvíla á, þurfi, sé afnám þessarar álagningar, en ekki fyrst og fremst loforð fyrir kosningar eða loforð nú um velviljaðar athuganir. Ég mun því halda fast við mína brtt., að hún komi til atkvæða nú. Og mun ég við 3. umr. prófa fylgi fyrir því að fella burt einstaka liði frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Í sambandi við skrifl. brtt., sem ég lýsti, get ég fallizt á að taka hana aftur að þessu sinni, þar sem fyrir liggur, að samþ. á frv. til hálfs, og þar sem gera má ráð fyrir, að ekki verði fluttir inn bifreiðavarahlutir á þessum tíma, sem frv. á að gilda sem lög, og þar sem hæstv. ríkisstjórn enn fremur hefur lýst yfir, að hún muni taka efni brtt. minnar til velviljaðrar athugunar.

ATKVGR.

Brtt. 150 og 152 teknar aftur.

— 147 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 140 þar með fallin.

— 139 felld með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, ÁS, EOl, JÁ, LJós, SG.

nei: ÁÁ, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, JörB, KS, ÓTh, PO, SB.

ÁB, EmJ, FJ, HelgJ, JG, PÞ, SkG greiddu ekki atkv.

6 þm. (GÞG, JR, SÁ, StJSt, StSt, StgrSt) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Með tilvísun til ummæla hæstv. ráðh. áðan og þess samkomulags, að lög þessi gildi aðeins til 1. febr., segi ég nei.

Kristín Sigurðardóttir: Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. áðan segi ég nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:6 atkv.

Á 20. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 153).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt að freista þess að bæta nokkuð afgreiðslu þessa máls á þinginu. Það er þá viðvíkjandi því, að með þessu frv., eins og það nú liggur fyrir, er meiningin að framlengja aðeins III. kafla laganna um dýrtíðarráðstafanir. Ég held, eins og hv. þm. Ísaf. minntist líka hér á nokkuð áðan, að þetta sé ekki rétt, formlega séð, hvað það snertir að framlengja álagningarnar, en að láta falla niður þá ábyrgð, sem álagningarnar eru settar vegna. Það mun að vísu vera rétt, eins og

hæstv. forsrh. lýsti yfir, að enn sem komið er er ekki hægt að ná samkomulagi um eða afgr. I. kafla laga þessara, um fiskábyrgðina, þannig að það tryggi nægilegt öryggi fyrir útgerðina. En ég sé hins vegar ekki, af hverju sá kafli mætti ekki haldast í gildi, þangað til þar yrðu gerðar breyt. um. Ég býst við, að allir hv. þm. séu sammála um það, að sú ábyrgð, sem þar er ákveðin, 65 aurar, sé allt of lág. En ég sé enga beina lógiska ástæðu til þess að fella niður þennan kafla þar fyrir. Ég skal viðurkenna, að það mun vera langt frá því, að ábyrgð þessa kafla muni koma útgerðinni nú af stað. En ég fæ ekki séð, að það sé lógiskt eða praktiskt að fella þennan kafla burt. Ég sé ekki, að ástæða sé til annars en að láta hann haldast eins og III. kaflann. Það er gert ráð fyrir því í frv., sem hér liggur fyrir, að III. kafli þessara laga verði framlengdur fyrir allt árið. En ef þingið sér sér fært að framlengja III. kaflann, fæ ég ekki séð annað en að eins megi framlengja I. kafla l., og vil bera fram brtt. þess efnis við 1. gr. frv., að á eftir orðinu: „ákvæði" komi: I. og, — þannig að frvgr. byrji svo: Ákvæði I. og III. kafla laga — o. s. frv. Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt., af því að hún er skrifl. og of seint fram komin.

Þá vildi ég freista þess að reyna að fá samþ. brtt. við 30. gr., sem gengur ekki eins langt og sú, sem felld var hér við 2. umr. þessa máls. Brtt., eins og hún var frá mér, hvað snertir d- og e-liðinn, hefði gilt um hjólbarða, slöngur og bifreiðavarahluti fyrir allar bifreiðar. En ég vil nú freista þess að fá þetta innflutningsgjald undanþegið, þegar um vörubíla er að ræða. Það þýðir, að tollabyrðum væri létt af innflutningi til viðhalds þeim bifreiðum, sem notaðar eru í þágu atvinnulífsins. Mín brtt. um þetta mundi hljóða svo: „Við 1. gr. Aftan við orðið „1950" bætist: þó þannig, að á eftir e-lið 30. gr. komi: Innflutningsgjald á þeim vörum, sem um getur í d- og e-lið, skal þó ekki greiða af slíkum vörum, sem ætlaðar eru vörubifreiðum". — Þetta er praktiskt, og þetta er líka framkvæmanlegt, af því að það eru alveg sérstakar tegundir, bæði af varahlutum og hjólbörðum og öðru slíku, sem notað er fyrir vörubifreiðar. En hæstv. ríkisstj. mundi samt sem áður geta haft verulegan hluta af þeim tekjum, sem hún fær af þessum liðum. — Mun ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari skriflegu brtt. minni.

Þá er mér ekki grunlaust um, að margir hv. þm. hafi greitt atkv. á móti þeirri brtt., sem ég flutti við 2. umr., vegna þess að d-, e- og f-liðir voru þar saman. Og vil ég freista þess, hvort f-liðurinn einn mundi ekki fást samþ. og undanþágan látin gilda aðeins um heimilistækin. Það kunna ýmsir á meðal hv. þm. að vilja láta þessa undanþágu gilda um heimilistækin, þó þeir vilji ekki láta hana ná til hluta til viðhalds vörubifreiðum. Vil ég því, að greinilega komi fram vilji hv. þm. um þetta efni. Vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir skrifl. brtt. frá mér, sem hljóði svo: „Við 1. gr. Aftan við orðið „1950" bætist: að undanteknum liðnum f. í 30. gr., sem falli niður".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 156, 157 og 158) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Vegna einnar af þessum till., þeirrar um að I. kafli laganna um dýrtíðarráðstafanir verði látinn gilda til 1. febrúar n. k., vil ég upplýsa það, sem ég reyndar sagði í öðru sambandi áður, eða endurtaka það, að í viðræðum, sem fram fóru á milli þar til kjörinna fulltrúa útvegsmanna annars vegar og ríkisstj. hins vegar um slíkan framgang málsins, þá tjáðu umboðsmenn útvegsmanna sig andvíga þessari till.

Um hitt sé ég ekki ástæðu til að ræða. — Maður gæti nærri því haldið, að það ætti að fara að kjósa einhvers staðar bráðlega.

ATKVGR.

Brtt. 156 felld með 15:4 atkv.
— 157 felld með 16:5 atkv.
— 158 felld með 16:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, JÁ, LJós, SG, ÁkJ, ÁS.
nei: BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, HÁ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JörB, ÓTh, PO, ÁÁ, ÁB, SB.
EmJ, FJ, KS, PÞ, SkG greiddu ekki atkv.
8 þm. (GÞG, HelgJ, JS, JR, SÁ, StJSt, StSt, StgrSt) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Emil Jónsson: Efnislega er ég þessu samþykkur, en þar sem lýst hefur verið yfir, að þetta verði tekið til athugunar og ráðstafanir gerðar að því loknu, greiði ég ekki atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég ætla að fylgja því, að III. kafli verði framlengdur óbreyttur, og segi því nei.

Kristín Sigurðardóttir: Með tilliti til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. áðan greiði ég ekki atkv.

Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Ég geri nú varla ráð fyrir, að þetta frv. fari í nefnd, þar sem ekki verða fleiri fundir í Nd., og deildin mun því ekki gera breytingar á frv.; en ég vil þó ekki láta þetta frv. koma til atkvæða án þess að gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Með þessu frv. er farið fram á að framlengja stóra nefskatta og tollaálögur, einar þær stærstu, sem Alþingi hefur nokkru sinni samþykkt. Ég var andvígur þessum lögum, er þau

voru sett, og tel þau eitt mesta óheillaspor, er Alþingi hefur stigið. Ég er því andvígur framlengingu á þeim, hvort sem er til lengri tíma eða skemmri. Enda þótt frv. kveði aðeins á um framlengingu laganna til janúarloka, mun ég samt sem áður greiða atkv. á móti því. Og ég held, að ef nokkuð gæti orðið til þess að ýta undir það, að þau mál, sem nú kalla að, yrðu tekin til tafarlausrar og ýtarlegrar athugunar, þá væri það að fella þetta frv.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. hafi ekki vitað af þessum fundi, annars mundi hann hafa verið hér til þess að undirstrika nauðsyn þessa frv., sem Nd. hefur nú raunar viðurkennt. — Ef söluskatturinn yrði felldur niður, yrði að finna a. m. k. aðrar 33—36 milljónir til þess að mæta útgjöldum á fjárlagafrv., eða fella niður útgjaldaliði sem því svaraði. — Söluskatturinn er í lög tekinn í sambandi við svokallaðar dýrtíðarráðstafanir, og hefur hann verið einn meginþáttur laganna, sem sett voru til þess að afla fjár til þeirra ráðstafana, og þó ekki hrokkið til. — Annað í III. kafla dýrtíðarlaganna eru tollar og leyfisgjöld, sem vel má vera, að séu að einhverju leyti óheppileg, en þótti samt þörf á til að mæta útgjöldunum á síðasta þingi. Og væru þeir liðir úr gildi felldir nú, gæti myndazt bil framan af árinu, þar sem þessir tollar og skattar yrðu ekki innheimtir, en yrðu svo e. t. v. í lögum síðar á árinu. Það væri óheppilegt, og ég held þetta sé ástæðan fyrir því, að Nd. féllst á að láta þá halda áfram til 1. febrúar.

Er ég samdi fjárl., tók ég aðeins söluskattinn með það fyrir augum að halda honum sem tekjuöflunarlið, hliðstætt við það, að á 19. gr. var tekinn inn 33½ millj. kr. útgjaldaliður til niðurgreiðslu á vörum.

Annars skal ég ekki ræða þetta frekar nú. Ég geri ráð fyrir því, að deildin fallist á, að ekki sé hyggilegt að láta þennan tekjustofn falla niður fyrst um sinn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 24. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 161).

---

37. Ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Á 16. fundi í Nd., 17. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur [69. mál] (þmfrv., A. 113).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Sjútvn. hefur ákveðið að flytja þetta frv. eftir beiðni sjútvmrn., og hafa einstakir nm. óbundnar hendur um fylgi við frv. eða brtt., sem fram kunna að koma. Frv. er framhald af því, sem áður hefur verið gert hér á Alþ. og stendur í sambandi við ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur. Leggur sjútvn. til, að frv. verði vísað til 2. umr.

Pétur Ottesen: Eins og hv. form. sjútvn. drap á, hefur sjútvn. ekki viljað skorast undan því að verða við þeim tilmælum ríkisstj. að flytja þetta frv., en hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um fylgi við frv., og tekur það til mín og máske fleiri manna í n. Ástæðan fyrir því, að ég er andvígur þessu frv. um að framlengja þann rétt, sem hér er um að ræða, er sú, að það er ákaflega brýn og alveg óhjákvæmileg nauðsyn fyrir Íslendinga að beita sér fyrir því af alefli að geta fengið sér til handa afmarkaðan nokkru rýmri rétt á fiskimiðum við strendur landsins en nú er. Við urðum fyrir því óláni ásamt mörgu öðru í sambúðinni við Dani, að þeir gerðu um síðustu aldamót, að Íslendingum forspurðum, samninga við Englendinga um 3 mílna landhelgi hér við land, en samkv. fornum l. hafði landhelgin áður verið 4 mílur. Þessi breyting hefur haft miklar og alvarlegar afleiðingar fyrir Íslendinga og einkum og sér í lagi í sambandi við það, að þá voru að hefjast hér við land botnvörpuveiðar, sem mjög hafa færzt í aukana síðan og alltaf orðið stórvirkari og stórvirkari, með þeim afleiðingum, að sýnileg fiskþurrð er að verða við strendur þessa lands, og er nú svo komið, að segja má, að allar horfur séu á því, ef ekki verður breyting á, að útlendir fiskimenn, sem sækja mjög á þessi mið, muni bráðlega éta Íslendinga upp úr skinninu, ef svo mætti að orði komast. En nú hafa af hálfu Íslendinga verið bornar fram óskir, sem miða að því að bæta úr þessu. Einn þáttur þeirra óska okkar er að

reyna að njóta þeirrar aðstöðu, sem við höfum í samstarfinu við hinar frjálsu þjóðir, til að leggja grundvöll að þessu máli, sem okkur gæti orðið nokkurt lið að. Það var vel á veg komið og undirbúið í hafrannsóknaráði, sem fulltrúar helztu fiskveiðiþjóða Norðurlanda eiga sæti í, að hér yrði haldinn fundur í sumar, þar sem ákveðin yrði friðun Faxaflóa um tiltekinn tíma sem einn þáttur í undirbúningi þess að hefja hér víðtæka friðun á fiskimiðum við landið, og var ekki annað vitað en að þær þjóðir allar, sem fulltrúa áttu í hafrannsóknaráði, þar á meðal Englendingar, stæðu að því, að þessi tilraun yrði gerð, og var búið að ákveða bæði stund og stað á s. l. sumri, þegar þessi fundur skyldi haldinn. En þegar til alvörunnar kom, skárust Englendingar úr leik og neituðu að senda fulltrúa á þennan fund, og þar sem Englendingar tóku Íslendingum svo í þessu máli, fórst þetta fyrir. Englendingar hafa þannig ekki viljað afsala sér þeim réttindum, sem þeir öðluðust í samningunum við Dani, að Íslendingum forspurðum, og vildu þar af leiðandi ekki slaka til um þessi mál. Aðrar þjóðir hafa svo farið að dæmi þeirra, og má náttúrlega gera ráð fyrir, að við getum einnig af þeirra hálfu mætt andstöðu í sambandi við kröfur okkar. Ég álít því mjög varhugavert fyrir Íslendinga að veita einni eða annarri þjóð þann rétt, sem Íslendingar einir hafa nú um veiði innan þriggja mílna landhelgi, en það er það, sem farið er fram á, að gert verði eftirleiðis, eða þann tíma, sem gert er ráð fyrir að l. um þetta efni taki til. Ég álít mjög varhugavert að vera enn að framlengja þennan rétt, sem vitanlega var með öllu úr sögunni við sambandsslit Íslands og Danmerkur. Ég vildi þess vegna fyrir mitt leyti frekar hvetja til þess, að þetta frv. næði ekki fram að ganga nú og horfið yrði frá því að veita þennan rétt, því að það mundi geta valdið okkur nokkrum erfiðleikum í þeirri sókn, sem við eigum nú fyrir höndum og verðum óhjákvæmilega að hefja um að færa út landhelgina í kringum strendur landsins, því að ekki er ólíklegt, að þeir menn, sem við mundum með þeim hætti stjaka frá um fiskimið við útfærslu landhelginnar, mundu benda til þess, að þarna væri einni erlendri þjóð veittur réttur, og mundi ekki þykja mikið samræmi í slíkri framkomu af hálfu Íslendinga.

Ég vildi láta þessi orð falla um þetta frv., um leið og ég lýsi þeirri afstöðu minni, að ég er andvígur framgangi þess.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki tefja umr., en stóð aðeins upp til að mæla með því, að þetta frv. nái fram að ganga. Nær þetta aðeins til þeirra Færeyinga, er stunda fiskveiðar með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og opnum bátum. Þetta hefur nú verið í gildi fram að þessu, og ekki lokið enn þá þeim málum, sem standa í sambandi við skilnaðinn, eins og fram er tekið í grg., og finnst mér ósennilegt, að það verði Íslendingum nokkuð til baga að halda þessu áfram enn um sinn, og vildi ég því mæla með þessu frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil þakka n. fyrir að flytja þetta frv., þó að hún hafi óbundnar hendur um afstöðu til þess. — Ég tel, að hv. þm. Borgf. (PO) hafi í ræðu sinni blandað saman tveimur óskyldum málum. Annars vegar er viðleitni Íslendinga til þess að fá viðurkennda stærri landhelgi umhverfis landið, og hins vegar er lokasamningur okkar við Dani í sambandi við sambandsslitin, sem urðu 1944. Ég tek fyllilega undir það, sem hv. þm. Borgf. sagði um nauðsyn þess, að við legðum allt kapp á það að fá viðurkennda stærri landhelgi, enda hefur verið ötullega að því unnið hin síðari ár. Fyrir nokkru voru sett lög, sem heimiluðu ríkisstj. Íslands að yfirlýsa friðað svæði umhverfis landið. Í beinu sambandi við þá löggjöf var viðleitni Íslendinga til þess að fá friðaðan Faxaflóa, og það er rétt, að búið var á s. l. sumri að bjóða til fundar hér á landi til þess að fá alþjóðlegt samþykki á slíkri friðun. Það er rétt, að Bretar neituðu þátttöku í þeim fundi, en það er ekki rétt — og það tel ég mér skylt að leiðrétta hjá hv. þm. Borgf. —, að Bretar hafi gert það vegna þess, að þeir hafi vitnað í eða byggt á samningnum frá 1901. Það töldu Bretar þessu máli óskylt, heldur töldu þeir ekki ástæðu til þess að taka þátt í þessum fundi af því, að þeir töldu eðlilegt, að þessu máli yrði fram haldið innan þess ramma, sem samið var um í London 1946, frekar en 1945, um friðun fiskimiða á þessum slóðum. Við skulum að vísu ekki dylja okkur þess, að Bretar hafa ekki sama áhuga fyrir Faxaflóa og við, en þeir viðurkenndu þó í svari sínu, að þeir væru að meginstefnu til ekki andvígir þessari friðun og byggðu í engu á samningnum frá 1901, heldur eingöngu á þessum samningi í London frá 1946 og töldu, að eðlilegast væri, að Íslendingar, sem þá höfðu ekki staðfest þennan samning, hreyfðu málinu innan ramma þess samnings. Við töldum, að þetta sjónarmið Breta væri rangt. Það er að vísu mál út af fyrir sig um staðfestingu á samningnum frá 1946, sem ekki skal farið út í í þessum efnum, en það kemur ekki við neinum skiptum okkar við Dani eða þeirri samningsgerð, sem Danastjórn gerði fyrir hönd okkar Íslendinga 1901. Getur það því legið í þagnargildi í þessu sambandi. En afleiðingar af afstöðu Breta urðu þær, að íslenzka ríkisstj. sagði upp samningnum frá 1901 til þess að hafa frjálsari hendur um þessi mál. Í framhaldi af setningu l. frá 1948 og uppsögn samningsins frá 1901 hafa svo fulltrúar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum tekið upp baráttu fyrir því, að landhelgismál Íslendinga yrðu tekin sem 4. efsti liður á dagskrá lögfræðinganefndar Sþ. Bretar voru því mjög andvígir, að lögfræðinganefndin tæki málið á dagskrá svo ofarlega, og er það ánægjulegur sigur fyrir Íslendinga að fá þessu framgengt, og sýnir þetta gildi samstarfs okkar í alþjóðasamvinnu, að fá þetta fram þvert ofan í vilja brezka stórveldisins, og hefði annað eins og þetta einhvern tíma þótt tíðindum sæta. En þótt þarna hafi unnizt ánægjulegur sigur, þá er þetta aðeins eitt af fyrstu skrefunum í sókn Íslendinga að því marki að fá viðurkennda stærri landhelgi,

en þetta gefur góð fyrirheit um, að því marki verði náð, ef á málum er haldið með festu og allir möguleikar eru nýttir. Þurfum við því alls ekki að vera vonlausir um að fá á næstunni viðurkennda stækkun landhelgi okkar. Ég hef nú sýnt fram á, að að því hefur undanfarið verið unnið með þó nokkrum árangri, og drep ég á þetta af því, að hv. þm. Borgf. kom nokkuð inn á þetta mál, enda þótt það sé alveg óskylt því máli, sem hér er til umr. Samþykkt þessa frv. spillir í engu möguleikum okkar til að víkka út landhelgina. Hér er eingöngu um það að ræða að veita Færeyingum mjög takmörkuð réttindi til fiskveiða í íslenzkri landhelgi, og tel ég, að ekki beri að skoða það mál í sambandi við hið meira málið, sem er stækkun landhelginnar, og tel það engan veginn líklegt til þess að spilla fyrir framgangi í þeim efnum. En ef við felldum þetta frv., þá mundi það verða til þess að baka okkur allmikla örðugleika í sambandi við önnur atriði. Við eigum enn eftir að semja við Dani um nokkur atriði varðandi alger sambandsslit Danmerkur og Íslands, og eru það Danir, sem nú sækja á um að hraða þeim samningum. Ég hef álitið, að ekkert lægi á í þeim efnum, og tel, að af Íslands hálfu sé það beinlínis rangt að hraða þessum samningum, fyrr en málin liggja ljósara fyrir en þau gera í dag. Þessi atriði, sem ég hef minnzt á, eru annars vegar handritamálið og hins vegar kröfur okkar um réttindi á Grænlandi. Ég held, að handritamálið nálgist brátt heppilega lausn, og tel, að það mundi spilla fyrir málinu, ef við hefðum í svipinn uppi frekari kröfugerðir. Ef um endanleg sambandsslit væri að ræða, yrðum við að bera fram formlegar réttindakröfur um handritin, en slíkt mundi, eins og sakir standa, aðeins spilla fyrir framgangi málsins. Sama er að segja um kröfur okkar til Grænlands. Ég hef nú raunar ekki eins mikla trú á réttindum okkar í því efni sem hv. þm. Borgf., en ég hef þó þegar stofnað til rannsóknar færustu lögfræðinga á rétti okkar til Grænlands, og ef Íslendingar þyrftu að semja endanlega um þessi mál, áður en við höfum gert upp hug okkar um kröfurnar til Grænlands, þá geta Íslendingar glatað rétti, sem þeir e. t. v. kynnu að eiga. Ég held því, að það sé í alla staði skynsamlegra að hraða ekki þessum samningum. Að vísu tel ég, að við mundum í sjálfu sér ekki glata miklum rétti, en við værum settir í afstöðu, sem kæmi okkur mjög illa. Ef við nú viljum ekki samþ. þetta litla frv., þá er erfitt að skjóta endanlegri samningsgerð um full sambandsslit á frest, ef Danir vilja knýja um í því efni. Því held ég, að það sé beint hagsmunamál Íslendinga að samþykkja þetta frv. að þessu sinni, og ég tel engan veginn hugsanlegt, að það spilli fyrir stækkun landhelginnar, og sé ég því aðeins einhliða hag í að samþ. frv. Réttindin, sem Færeyingar fá með samþykkt þessa frv., eru svo lítil, að þau skaða okkur ekki. Ég hef að vísu heyrt hér á göngum þingsins, að þeir hafi tekið sér meiri rétt en þeim var heimill, en það er hreint löggæzluatriði og þarf ekki að koma í veg fyrir, að þetta frv. verði samþ. Skora ég því á hv. þm. að veita frv. góðan og greiðan framgang.

Pétur Ottesen: Ég get ekki fallizt á það, sem hæstv. dómsmrh. hélt fram, að ég hafi blandað saman óskyldum málum, og þóttist ég gera fullskýra grein fyrir því í minni fyrri ræðu, að ef við verðum að gera einhliða samþykkt um að færa út landhelgina, þá getum við ekki komizt hjá erfiðleikum í viðskiptum við aðrar þjóðir, sem við viljum bægja frá okkar landhelgi, ef þessi réttindi Færeyinga verða látin haldast. Hvað mundu þeir útlendingar segja, sem við vildum reka úr okkar landhelgi, þegar við höfum ekki einasta veitt einni þjóð rétt til fiskveiða í landhelgi, heldur og veitt henni atvinnurétt í landi? Ég held, að aðstaða okkar í þessu tilfelli yrði allerfið. Ég vil því mótmæla þeim skilningi hæstv. dómsmrh., að ég hafi blandað saman tveim óskyldum málum. Mér finnst fara vel á því, að samningnum við Breta skuli hafa verið sagt upp, og ber að þakka það, en það hefði ekki farið síður vel á því, að samtímis hefði verið niður felld sú undanþága, sem hér um ræðir. Það hefði verið í samræmi hvað við annað. Hæstv. dómsmrh. heldur því fram, að það geti valdið erfiðleikum í samningum Íslendinga við Dani, ef þessi réttindi eru niður felld. Ég get ekki heldur fallizt á þetta sjónarmið. Hæstv. ráðh. nefndi tvö atriði, handritin, sem við höfum skýlausan rétt til og eigum að guðs og manna lögum, og svo kröfu Íslendinga til Grænlands. Varðandi handritin er vitað, að við eigum þau, en á sínum tíma var það eina leiðin til þess að bjarga þeim frá skemmdum að koma þeim í bili í betri geymslu en hér var til, og þannig eru þau flest til Danmerkur komin og mikill hluti þeirra fyrir milligöngu íslenzks manns, sem um aldamótin 1700 innti hér af hendi jarðamat og hafði því óvenjugóða aðstöðu til þess að ná þessum handritum. Þannig er ástatt um handritin. Íslendingar eiga þau með fullum rétti, og það er aðeins tímaspursmál, hvenær Danir sjá sóma sinn í því að skila þeim aftur. Við vitum, hve langan tíma það tók að endurheimta hið glataða sjálfstæði, svo að við kippum okkur ekkert upp við það, þótt það taki sinn tíma að endurheimta handritin. Íslendingar fá þau, eins og þeir endurheimtu sjálfstæði og frelsi, og það á að geta gerzt án þess að við offrum fyrir það dýrmætum réttindum. Viðvíkjandi Grænlandi dettur mér ekki í hug, að við fáum rétt okkar viðurkenndan nema fyrir alþjóðadómstóli. Ég hef fyrir löngu vakið athygli á því máli hér á Alþingi, og ef þeirri rödd hefði verið gaumur gefinn, þá er ástæða til að ætla, að dómur væri nú fallinn. Málinu hefur þó nokkuð þokað áfram, svo að það er nú í athugun hjá færustu lögfræðingum þessa lands, og efast ég ekki um, að málstaður Íslands reynist góður og gildur og til úrslita dragi innan skamms. Hins vegar kemur ekki til mála að semja við Dani um nokkurn rétt á Grænlandi, fyrr en úr því er skorið, hver réttur okkar er, og það hlýtur að verða gert alveg án tillits til þess, hvort Færeyingar hafa þessi réttindi eða ekki.

Við þurfum náttúrlega ekkert að semja við Dani um Grænland, ef rétturinn fellur okkar megin, en ef hann gerir það ekki, þá fer það eftir atvikum, hvað við þurfum að semja um. Það hefur verið talað um það, að þessi réttindi, sem Færeyingum eru veitt með frv., séu Íslendingum lítils virði, og ef þau eru lítils virði fyrir Íslendinga, þá eru þau sennilega einnig lítils virði fyrir Færeyinga. En það þykir þó ómaksins vert af hálfu Dana, sem ráða og regera á færeyskri grund, að leita eftir þessum réttindum, enda eru þessi réttindi svo mikil, að Færeyingar geta flutt svo og svo mikið af fiskiflota sínum til veiða innan íslenzkrar landhelgi, og þeir geta einnig sett sig niður hér og hvar um landið og gert út. Auk þess geta þeir siglt skútum sínum inn á hvern vog og stundað handfæraveiðar upp við landsteina. Þetta eru því ekki lítilsverð hlunnindi, og þegar fiskigöngur koma skyndilega upp að landi, eins og sjómenn kannast við, þá geta þeir eyðilagt mikla veiði fyrir íslenzkum skipum. Og enda þótt í frv. standi, að réttur þeirra sé eingöngu bundinn við fiskveiðar á handfæri, þá held ég, að í framkvæmdinni séu það minnst handfæraveiðar, heldur hreint og beint venjulegar línuveiðar og lóðaveiðar, sem þeir stunda, og það er gert í skjóli þeirrar undanþágu, sem í þessu frv. felst. Mér skildist að vísu á hæstv. dómsmrh., að þetta væri að kenna slælegri landhelgisgæzlu, og væri þá gott að fá um það nánari upplýsingar.

Að lokum vil ég svo undirstrika það, að hér er ekki um þýðingarlítið mál að ræða, og það getur stritt í verulegum atriðum á móti íslenzkum hagsmunum, og höfuðgallinn er sá, að hægt er að benda á þessi fríðindi Færeyinga sem röksemd gegn því, að við færum út okkar landhelgi.

Ég held svo, að það séu ekki fleiri atriði, sem ég sé ástæðu til að taka fram að sinni, og þykist ég hafa gert skýra grein fyrir þeirri afstöðu minni að mæla gegn þessu frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins mæla nokkur orð með þessu frv., eins og ég hef á undanförnum þingum mælt með samhljóða frv. Ég hygg, að Íslendingar hafi ekki orðið varir við neinar búsifjar af því, þótt Færeyingar fengju þessi mjög takmörkuðu réttindi, sem þeir áður höfðu. Meðan ekki er lokið samningum milli Íslands og Danmerkur, tel ég rétt að verða við þessari ósk okkar gömlu og góðu vinaþjóðar, Færeyinga, einkum þegar þess er gætt, að hér er bæði um takmörkuð og tímabundin réttindi að ræða. Varðandi endanlega samninga milli Íslands og Danmerkur væri æskilegt, að þeim væri hraðað, eftir því sem föng eru á, en eins og utanrrh. réttilega tók fram, eru það einkum tvö atriði, sem á stendur, án þess þó að um sé að kenna viljaleysi samningsaðila. Annars vegar eru handritin, en þar er okkar siðferðislegi réttur ótvíræður, hvað sem hinum lagalega líður, enda mun nú vera vaxandi skilningur Dana á þessum ótvíræða rétti okkar. Dönsk nefnd mun nú fjalla um þetta mál af hálfu Dana, og skilar hún væntanlega áliti innan skamms, og tel ég, að við getum verið vongóðir um úrslitin. — Um hitt málið, það er að segja Grænland og rétt okkar til þess, er það að segja, að sérstök n., sem hæstv. utanrrh. hefur skipað og í eiga sæti færustu menn okkar í lögum og rétti, hefur málið til athugunar, og væri æskilegt, að sú n. gæti skilað áliti svo fljótt sem auðið er, til þess að kleift sé að ljúka samningum við Dani fljótt. Það er óskandi, að við getum leyst þessi lokaskipti við okkar gömlu og góðu vinaþjóð, enda þótt stundum hafi kastazt í kekki, á friðsaman og farsælan hátt, og í von um, að þessara endanlegu samninga verði ekki langt að bíða, tel ég heppilegt og rétt að samþykkja þessi takmörkuðu og tímabundnu réttindi til handa Færeyingum, sem þeir hafa hér haft og óska eftir að halda fyrst um sinn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna ummæla síðasta ræðumanns um það, að n., sem fjallar um rétt okkar Íslendinga til Grænlands, skili fljótt áliti, þá vil ég benda á, að allmikið verk er að rannsaka það mál og fara í gegnum allt það, sem fram hefur komið í því sambandi, og ætti þeim, sem stutt hafa fjárframlög ríkisins til rita Jóns Dúasonar og væntanlega þekkja þau skrif, að vera það ljóst. Það er því ekki hægt að segja um, hvenær nál. um þetta efni verður tilbúið, enda nauðsynlegt, að öll gögn verði gaumgæfilega rannsökuð. Hins vegar efa ég ekki, að n. mun kappkosta að hraða störfum sínum, eftir því sem föng eru á. Það má deila um rétt okkar til Grænlands, og því nauðsynlegt, að rannsókn liggi fyrir í því máli, áður en lengra er haldið. Þm. Borgf. sagði að vísu, að eftir guðs og manna lögum ættum við rétt til Grænlands. Ég er nú ekki svo kunnugur guðs lögum í slíkum málum, að ég geti um þau dæmt, en hitt veit ég, að um mannalögin hefur verið deilt. Ég er ekki með þessu að gera lítið úr rétti okkar Íslendinga, heldur vil ég aðeins benda á, að heppilegt mun vera að halda lipurlega á málinu, ef góður árangur á að nást, og það mun ekki standa á mínu fylgi við málið, ef niðurstaða n. verður sú, að okkar sé rétturinn og okkur mikils virði. (*PO:* Gott, að ráðh. styður málið.) Við þm. Borgf. munum eins og hingað til standa saman í öllum góðum málum. — Þm. Borgf. var að spyrja um skilning minn á ákvæði því, sem hér um ræðir, og er ekki um það að deila, að íslenzk málvenja ræður í því sambandi.

Að lokum vil ég segja það sem höfuðatriði í þessu máli, að á meðan Íslendingar hugsa sér að gera kröfu til Grænlands, þá er óhagkvæmt að ljúka samningum við Dani fyrr en vitað er, hvaða kröfur við ætlum að gera, því að það gæti spillt mjög fyrir málinu að slíta það úr tengslum við aðra samninga. Ég tel því, að við eigum að halda dyrunum opnum, þar til málið liggur ljóst fyrir, því að það getur reynzt erfitt að opna, ef öllu væri læst nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 18. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sams konar frv. hefur undanfarin ár verið samþ. hér á Alþ., og hygg ég, að málið hafi ágreiningslítið að þessu sinni gengið gegnum hv. Nd. Ég tel það vera hagkvæmara fyrir Íslendinga að samþ. þetta frv. nú, því að greinilegt er, að ef það yrði fellt, þá mundi það ýta undir þær óskir, sem Danir hafa nú uppi, með að ljúka svokölluðum samningum, sem vita að sambandsslitunum, hið allra fyrsta. Dönsk stjórnarvöld leita nú á um það, að þessum samningum sé lokið, en ég tel hagkvæmara að láta það doka við nú í bili, þar til betur sést, hvernig sum mál horfa við og þá einkanlega, hverjar eða hvort Íslendingar vilja gera nokkrar kröfur til Grænlands og eins hver úrslit handritamálsins verða í Danmörku. Þess vegna tel ég, að það sé beint hagsmunamál af hálfu Íslendinga, hvað sem öðru líður, að þetta frv. verði endurnýjað nú. Sumir segja að vísu, að frekari veiðar en heimilaðar eru í frv. hafi verið þolaðar í skjóli þeirra, en ef svo er, þá er það framkvæmdaratriði, sem sjálfsagt er að kippa í lag, en er ekki ástæða þess vegna að stöðva frv. Ég legg áherzlu á, að frv. gangi greiðlega í gegn. Það er, eins og sakir standa, bráðabirgðafyrirmæli og horfir til góðs.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég varð ekki var við, að óskir kæmu fram um það, að þetta frv. færi til n., en ég teldi þó rétt, að svo væri. Í því sambandi vildi ég vísa til mótmæla, sem komu fram í hv. Nd. móti þessu máli, og enn hefur það borið við, sem ég tel mér skylt að segja frá hér í þessari hv. d., að mér hafa borizt mjög mikil mótmæli frá mínu kjördæmi gegn einmitt þeim réttindum Færeyinga að fiska hér með þilskipum á handfæri. Þetta kann að þykja undarlegt, en þeir málavextir eru fyrir hendi, að þorsknetaveiðar færast í aukana í Vestmannaeyjum og afkoma þeirra byggist einmitt á þeirri tegund veiða. Í seinni tíð hafa borizt miklar umkvartanir yfir því, að færaskip Færeyinga trufli þessa veiði, vegna þess að niðurburður af fiski, þar sem þorskanet eru, raskar fiskveiðum á þessum slóðum. Ég mundi því leggja fram þessi mótmæli við sjútvn., og væri það því hennar að meta, hvort þau skyldu að einhverju höfð, sem ég ætla, að hún hlyti að álíta. Ég sé mér ekki fært að koma þeim að öðruvísi en segja frá þeim. Ég sé ekki heldur, að þetta mál sé svo aðkallandi, að það þurfi endilega að afgreiðast áður en þingi er frestað. En jafnvel þótt svo væri, þá skal ég ná í þessi plögg og afhenda þau hv. n., svo að hún gæti fljótlega á þau litið. Með tilliti til þessa vildi ég mjög æskja, að málið yrði tekið til meðferðar í sjútvn., áður en 2. umr. þess fer fram.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér skildist á orðum hæstv. utanrrh., að hann óskaði mjög eindregið, að þessu máli yrði lokið nú fyrir jólafrí. Mér skildist einnig á hans yfirlýsingu, að hann teldi þetta mjög mikið hagsmunamál fyrir íslenzku þjóðina. Mér hefur skilizt, að hér ætti að ljúka fundum í kvöld eða nótt, svo að vísa þessu máli til n. er annaðhvort aðeins til málamynda, því að hún mundi tæplega fá tækifæri til þess að athuga gögn þau, sem hæstv. atvmrh. minntist á, eða þá að málið verður að tefjast á þessu stigi. Met ég meira ummæli hæstv. utanrrh., sem hann sjálfsagt hefði ekki látið falla hér nema að gerhugsuðu máli, heldur en hagsmuni einstakra aðila í landinu, eins og kom fram hjá hæstv. atvmrh. Mun ég því á þessu stigi málsins álíta, að ef mjög liggur á málinu, þá væri æskilegt að setja það ekki til n. Ég vil ekki hafa á móti því að taka málið í n., en ég get ekki lofað að afgreiða málið, ef fundum verður slitið í nótt, og því síður er hægt að gefa út prentað nál.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mig hefur hent það stundum áður, að menn hafa heyrt mig segja töluvert meira en ég þykist sjálfur hafa sagt. Ég bið menn fyrirgefningar á því, ef orð mín hafa hljómað svo, að þetta væri mjög mikið hagsmunamál íslenzku þjóðarinnar. En ég hugði mig eingöngu hafa sagt, að Íslendingar hefðu hagsmuni af því, að frv. yrði endurnýjað nú, og að knýja ekki á, að þessum samningum við Dani yrði hraðað, vegna þess að ef þetta frv. mundi leiða til þess, að þeir yrðu að doka við, þá hefðum við einnig hagsmuni af því að samþ. það. Að segja, að þetta sé mjög mikið hagsmunamál Íslendinga, — hafi ég sagt það, sem ég ætlaði mér ekki, — þá er það áreiðanlega ofmælt. Ég gerði grein fyrir, í hverju þeir hagsmunir lægju og að ég telji, eftir atvikum, rétt að samþ. frv. Ég skal hins vegar játa, að ef einhver byggðarlög telja sig hafa orðið fyrir verulegum búsifjum af þessum sökum, horfir málið öðruvísi við en ég ætlaði. Fram að þessu hef ég ekki heyrt, og ekki fyrr en hæstv. atvmrh. sagði það

hér áðan, nokkurn mann halda því fram, að Íslendingar geti haft tjón af því einu, að Færeyingar fiskuðu á nokkrum skipum, með handfærum, í landhelgi. Menn hafa sagt, að þetta geti haft óbeinar afleiðingar o. s. frv., en að veiðarnar beinlínis yrðu til tjóns, svo að nokkru næmi, hef ég ekki heyrt fyrr. En ef svo er, þá er það nýtt viðhorf í málinu, og þá er sjálfsagt að athuga það. Ef engin gagnrök eru önnur en þau, sem hæstv. atvmrh. talaði um, þá hefði ég talið rétt, að þetta mál næði fram að ganga nefndarlaust, en úr því að hæstv. atvmrh. leggur upp úr því og þykist hafa gögn í höndunum fyrir skoðun sinni, vil ég ekki standa á móti því, að n. athugi málið. Ég geri ráð fyrir því, að ef til vill sé þetta svo einfalt, að eigi að síður yrði hægt að afgreiða málið fljótt, og ef hæstv. atvmrh. gæti lagt þessi gögn fram nú þegar, þá gæti n. athugað málið fljótlega og afgreitt það í kvöld eða fyrramálið. Ég er því miður bundinn í kvöld og get ekki verið hér á fundi, en ég vildi beina því til n., sem ég tel rétt að fái málið, að ef hún telur málið varhugavert, eftir að fram eru komin gögn, og ef hún telur, að á þeim sé að byggja, þá sé betra að láta málið dragast fram yfir áramótin en fella það hreinlega. Hitt er ég sannfærður um, að Íslendingar hafa hagsmuni af því, eins og sakir standa, að ýta ekki um of á, að þessum lokasamningum við Dani sé flýtt, þó að þeir sæki nokkuð á það við okkur, að frá þeim sé gengið til fulls.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég get í raun og veru sagt það sama og hæstv. utanrrh., að hvað mig snertir var mér það ekki verulega ljóst, að mótmæli væru mikil fyrir hendi gegn þessari veiði Færeyinga, fyrr en nú, að það vitnaðist, að þetta mál væri á dagskrá hér á þingi. Og þau mótmæli eru í stórum dráttum eins og ég hef lýst og frá mínu kjördæmi komin. Ég teldi mig bregðast því trausti, sem kjósendur mínir hafa sýnt mér gagnvart málafylgju fyrir kjördæmið á þingi, ef ég léti undir höfuð leggjast að segja hv. d. frá þessu. Þessi mótmæli liggja í símskeyti, sem er í stjórnarráðinu og ég get náð fljótlega í. Ég geri ekki ráð fyrir, að þau séu ýtarleg, þar sem þau eru í símskeyti, en það gæti vel verið nauðsynlegt, að tekin væru upp nokkur þingvitni eða því um líkt í Vestmannaeyjum, varðandi þennan skaða, sem menn þar telja sig hafa af handfæraveiðum færeysku fiskiskipanna innan landhelgi og innan um þorsknetaveiðar. Ég spurði ýtarlega um það, hvort þetta væri ekki utan landhelgi, en var sagt, að svo væri ekki, heldur væri hér um að ræða veiði innan íslenzkrar landhelgi. Ég hef enga löngun til að tefja fyrir þessu máli, en ég geri hins vegar ekki ráð fyrir, að það geri verulegan mun fyrir íslenzka hagsmuni, hvort málið verður afgreitt nú fyrir nýár eða nokkrum dögum eftir áramót. Þær aths., sem ég hef flutt hér, eru eingöngu fram komnar af því, að ég tel mér ekki fært að þegja yfir því, þegar ég hef í höndum mér símuð mótmæli frá þeim Eyjamönnum, sem telja sér óhagræði að því, sem hér á að leyfa. En verði það ofan á, að málinu verði vísað til n., skal ég þegar í stað gera ráðstafanir til að ná í skeytið og koma því til hv. n., og þá hef ég þó a. m. k. gert tilraun til að koma málstað þessara manna hér á framfæri, áður en endanleg afgreiðsla á frv. á sér stað.

Forseti (BSt): Hv. dm. hafa nú nýskeð verið á fundi í Sþ., þar sem hv. forseti þingsins kvaddi það og boðaði, að það væri síðasti fundur Sþ. fyrir jólin og d. mundu einna helzt ljúka störfum í kvöld. Ég vil því benda á það, að verði þessu máli vísað til n., þá verður það vitanlega að bíða betri tíma, að fullnaðarafgreiðsla þess fari fram, nema hv. n. treysti sér til að hafa afgreiðslu málsins svo hraða, að síðari umr. geti farið fram í kvöld.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., utan dagskrár, mælti

dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Áður en gengið er til dagskrár, vil ég minna á, að síðustu dagana fyrir jól kom til d. og sjútvn. frv. um fiskveiðaréttindi Dana hér við land. Þótti ekki fært vegna mótmæla, sem bárust frá einni verstöð landsins, Vestmannaeyjum, að afgr. málið fyrir jól eins og ég óskaði eftir. Sá ég ekki fært að leggjast á móti því, að málið fengi hæfilega athugun, úr því að efnislegar aths. komu fram. Hins vegar horfir þetta mál þannig við gagnvart viðskiptum okkar við annað ríki, að það mundi af því leiða vafninga, ef frv. væri ekki samþ. eða fellt. Nú tel ég rétt, að menn leggi mat á þetta frv. eftir atvikum málsins, og vil ekki hafa áhrif á, að menn taki afstöðu til málsins frá óeðlilegu sjónarmiði. En ég vildi mælast til þess, að afgreiðslu frv. yrði hraðað, þannig að enginn ónauðsynlegur dráttur ætti sér stað.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af fyrirspurn frá hæstv. dómsmrh. skal ég leyfa mér að upplýsa, að sjútvn. sendi þetta mál til umsagnar Fiskifélagi Íslands fyrir jól og óskaði eftir að fá svar áður en þing kæmi saman. Þetta svar er ekki komið enn þá, en ég skal gera ráðstafanir í dag til að kalla eftir því. Hins vegar komu önnur gögn til n. í sambandi við málið, en fundur hefur ekki verið í sjútvn. af þeim ástæðum, að sumir nm. voru ekki komnir til þings fyrr en nú síðustu daga. Næsti fundur n. verður í fyrramálið kl. 11, og skal ég þá reyna að fá málið afgr. á fundinum, a. m. k. tekið fyrir.

Á 35. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 113, n. 231).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þessu máli var vísað til sjútvn. rétt fyrir jólin og tekið þá strax fyrir, samkv. ósk hæstv. dómsmrh., enda var ætlunin að ljúka því af fyrir jólafrí, þar sem hér var um að ræða framlengingu á lagaákvæði, sem féll úr gildi 31. des. s. l.

Á fyrsta fundi n. mætti hæstv. atvmrh. og lagði þar fram mótmæli gegn samþykkt þessa frv. frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja og skipstjóra- og stýrimannafélaginu Verðandi í Vestmannaeyjum, og hefur n. talið rétt að birta þau hér á þskj. 231. Þau hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við leyfum oss hér með að fara fram á það við Alþingi, að það í sambandi við afgreiðslu málaleitunar dönsku ríkisstjórnarinnar gagnvart fiskveiðum Færeyinga hér við land leyfi ekki erlendum skipum veiðar innan landhelgi eða á hinu kortlagða þorskanetasvæði við Vestmannaeyjar með hvers konar veiðarfærum.

Við viljum benda á þá staðreynd, að er handfæraskipin hefja veiðar á netasvæðinu, tæla þau fiskinn frá botni og stórspilla með því þorskanetaveiðunum."

Ég skal ekki efnislega fara út í þessi mótmæli, en vil benda á, að aðalástæðan, sem gefin er í þeim, virðist vera nokkuð vafasöm. Hins vegar er það vitað, að af annarri ástæðu getur það verið nokkuð vafasamt að leyfa handfæraveiðar á þorskanetasvæðum, þ. e. a. s., að netin geta verið dregin upp og þau stórskemmd. En vegna þessara mótmæla vildi n. ekki hraða málinu um of og þótti rétt að bera það undir Fiskifélag Íslands og sendi það því til F. Í. ásamt mótmælum Vestmanneyinga til umsagnar. N. barst umsögn Fiskifélagsins þann 5. þ. m., og er það bréf birt sem fskj. II með nál. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum móttekið bréf hv. sjávarútvegsnefndar, dags. 21. f. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 85 9. okt. 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur, ásamt umsögn Útvegsbændafélags Vestmannaeyja.

Á fundi í gær samþykkti stjórnin að mæla með frv. þessu, þó með þeim fyrirvara, að Færeyingum verði sett það skilyrði fyrir áframhaldandi heimild til handfæraveiða í landhelgi, að þeir stundi ekki veiðar á kortlögðum þorskanetasvæðum."

Eftir að n. fékk þessi gögn, þótti henni ekki rétt, að athuguðu máli, að setja þau skilyrði, sem hér um ræðir, inn í frv., þar sem það mundi þýða, að tekinn yrði sá réttur af Færeyingum, sem þeir hafa haft til veiða með handfærum utan landhelgi, en aðalástæða n. var sú, að ekki hafði verið um þetta rætt við dönsku ríkisstj. eða þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og n. þótti ekki rétt að setja svona skilyrði, nema að undangengnu samkomulagi við nefnda aðila. Í sambandi við þetta má geta þess, að landhelgisgæzlan hefur látið kortleggja þessi netasvæði bæði við Vestmannaeyjar og Reykjanes, og ná þau hvort tveggja töluvert út fyrir landhelgislínu. Reynt hefur því verið að ná samkomulagi við þær ýmsu þjóðir, sem hér stunda fiskveiðar, að veiða ekki með dragnót, botnvörpu eða handlínu á hinum kortlögðu svæðum á tímabilinu frá 1. febr. til 15. maí. Einnig hefur sérstaklega verið reynt að ná samkomulagi við sömu aðila um að veiða ekki innan Garðskaga. Af þessum umleitunum hefur orðið góður árangur, því að þessir aðilar hafa fríviljuglega fallizt á að stunda ekki veiðar á þessum svæðum á fyrrnefndum tíma. Tjón hefur því ekki orðið af þeim ástæðum á veiðarfærum. Það eru því tilmæli n. til hæstv. atvmrh., að hann leiti samkomulags við dönsku ríkisstj. eða viðkomandi aðila, að Færeyingar stundi ekki veiðar á hinu kortlagða svæði á umræddum tíma árs, þrátt fyrir það leyfi, sem þetta frv. veitir. Bregðist það, mót von n., nær það ekki lengra, því að ekki er hægt að draga samþykkt frv., þar til vitað er um árangur þeirra samkomulagsumleitana. En þá kæmi ekki til mála, að áliti n., að veita slíkt leyfi framar, þótt svo kynni að vera, að ekki hefði að fullu verið gengið frá skilnaðarmálinu á milli ríkjanna.

Af framansögðu mælir n. með því, að undanþágan verði veitt í þetta skipti, en að sjálfsögðu þýðir það ekki tilmæli eða fyrirheit n. um, að slíkt verði tekið upp sem varanlegt atriði í endanlegu samkomulagi milli þjóðanna og ekki heldur þótt gengið verði að því að veiða ekki á hinum kortlögðu svæðum. — Þetta þótti mér rétt að taka fram. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar, en að síðustu vil ég segja þetta: N. reyndi að hraða málinu sem hún gat, en þótti ekki rétt að koma með það fram fyrr en þessi gögn lægju fyrir, og vona ég, að hæstv. ráðh. skilji það.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil þakka n. fyrir málið og þykir mér niðurstaða hennar vera mjög sanngjörn. Að svo miklu leyti sem það kemur undir mína gerð að afgreiða þetta mál og framkvæma óskir hv. n., þá skal það verða gert. Ég vil þó taka fram, að ekki er fært fyrir okkur að banna með öllu Færeyingum né öðrum þjóðum veiðar á netasvæðunum öllum, nema með breyttri og stækkaðri landhelgi. Það væri að vísu hægt að setja l. um friðun fiskigangna kringum landið, en óvíst er, hvort önnur ríki mundu viðurkenna slíka einhliða ráðstöfun um bann við fiskveiðum á ýmsum góðum fiskveiðasvæðum. Til slíkra ráðstafana þyrfti því að sjálfsögðu milliríkjasamninga. Þetta vildi ég aðeins taka fram út af því, að talað hefur verið um í sambandi við þetta mál að banna Færeyingum með öllu veiðar á netasvæðunum sunnanlands, sem vitað er að ná á ýmsum stöðum út fyrir núverandi landhelgislínu.

Ég vil svo þakka hv. n. góða niðurstöðu og skora á hæstv. forseta að hraða málinu í hv. deild, því að í frv. er miðað við, að þessi l. taki gildi um áramót.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. flutti ræðu sína, en ég sé, að hv. n. hefur tekið til greina þær óskir, sem ég flutti fyrir hönd umbjóðenda minna varðandi ráðstafanir til að

fyrirbyggja, að þetta leyfi hafi í för með sér tjón á veiðarfærum á þorskanetasvæðunum. Mér skilst, að n. ætlist til, að ríkisstj. reyni að komast að samkomulagi við Færeyinga um, að þeir forðist að veiða þar, sem þorskanetin eru. Ég vil vona, að sá hæstv. ráðh., sem þetta heyrir undir, taki það til greina, þar sem þetta virðist vera eðlilegur háttur á framkvæmd málsins, ekki sízt þar sem Færeyingar vita, að þeir eiga undir högg að sækja hjá Íslendingum, varðandi rétt til veiða hér við land. Ég vil svo þakka n. hennar gerðir í málinu og tel, að ef sá háttur er á hafður, sem n. bendir á, þá muni mega komast að því, sem Vestmanneyingar meintu með sínu bréfi, því að ég sé ekki í fljótu bragði, að hægt sé að hafa annan hátt á, og mér virðist n. og sá hæstv. ráðh., sem hefur með málið að gera, sammála um þetta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

---

38. Einkasala á tóbaki.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki* [9. mál] (þmfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, er hér ríkiseinkasala á tóbaki og hefur verið um alllangt skeið. Ríkið hefur eitt rétt til þess að flytja tóbak til landsins og verzla með það í heildsölu. Hins vegar er smásöluverzlun með þessa vöru ekki í höndum ríkisins, en í l. einkasölunnar er ákveðið, að þeir, sem kaupa tóbak frá ríkiseinkasölunni, skuli borga flutningskostnað fyrir þá vöru þaðan til annarra verzlunarstaða. Í l. um tóbakseinkasöluna eru einnig ákvæði um það, að ríkisstj. ákveði smásöluverð á tóbaki, og hefur þetta verið framkvæmt þannig, að smásöluverð á tóbaki er nú hærra á verzlunarstöðum utan Reykjavíkur heldur en í Reykjavík, sem flutningskostnaði nemur frá heildsölu til smásöluverzlana utan Reykjavíkur. Ég legg til í þessu frv., að á þessu verði gerð sú breyt., að ríkiseinkasalan borgi flutningskostnað fyrir tóbak frá heildsölunni til annarra verzlunarstaða og smásöluverðið verði hið sama á öllum stöðum á landinu. Ég vil benda á það, að þetta misjafna verð á tóbakinu til tóbakssalanna er bein afleiðing af ríkiseinkasölufyrirkomulaginu. Meðan verzlunin var frjáls með þessa vöru, þá höfðu verzlanir utan Reykjavíkur möguleika til þess að fá tóbakið beint frá útlöndum, og mun verðið á vörunni þá ekki hafa verið hærra á hinum smærri verzlunarstöðum heldur en hinum stærri, eins og nú er. M. a. af þessum ástæðum er það sanngirnismál, að ríkiseinkasalan taki á sig að borga þennan flutningskostnað og tóbakið verði selt á sama verði, hvar sem er á landinu. — Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, því að hér er ekki á neinn hátt um torskilið mál að ræða. Vænti ég því, að þessu máli verði vinsamlega tekið af hv. þdm., og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 214).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta var til athugunar í fjhn. Fjhn. sendi það á sínum tíma til Tóbakseinkasölu ríkisins til athugunar og umsagnar. Svar hefur borizt frá forstjóra Tóbakseinkasölunnar, og er bréf hans birt sem fskj. með nál., á þskj. 214. Í bréfi þessu lýsir forstjórinn sig samþykkan því, að sú breyt. verði gerð, sem frv. fjallar um. Hann getur þess að vísu í bréfi sínu, að hann teldi nægilegt að lögfesta ákvæði 2. gr. frv., sem er um það, að ríkisstj. ákveði hámarksverð tóbaks í smásölu og skuli það vera hið sama um allt land, og þá muni hin breyt., sem 1. gr. frv. hljóðar um, koma af sjálfu sér. Ég tel aftur á móti, að réttara sé að láta 1. gr. frv. standa, þar sem sagt er, að Tóbakseinkasalan skuli greiða kostnað við flutning á tóbaki til verzlunarstaða innanlands, vegna þess að það er undantekning frá reglunni. Venjan er sú, að smásöluverzlanir verða að borga flutningskostnað fyrir þær vörur, sem þær kaupa frá heildsölum í Reykjavík, en heildsalarnir borga ekki þann kostnað. — Eins og fram kemur í nál., mælir fjhn. með því, að frv. sé samþ. eins og það liggur fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Forstöðumaður Tóbakseinkasölunnar átti tal um þetta við fjmrn., áður en hann sendi álit sitt til fjhn., og varð það að samkomulagi milli hans og fjmrn., að sanngjarnt væri, að þessi breyt. kæmist á. Ég fyrir mitt leyti tel það eðlilegt, að verð á tóbaksvörum sé það sama um allt land, og úr því að lagabreyt. þarf að verða

í sambandi við þetta, þá sé ég ekki annað en að það geti alveg eins náðst með því að láta þetta frv. koma til framkvæmda, í stað þess að gera þá breyt., sem forstjórinn leggur til, að gerð verði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 3 umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 258).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn., þ. e. a. s. 4 af 5 nm., er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Fimmti nefndarmaðurinn var ekki mættur, er málið var afgreitt, og get ég ekkert sagt um afstöðu hans.

Efni frv. er, að framvegis skuli tóbaksvörur seldar með sama verði um land allt, en hingað til hefur verið lögð á aukaálagning vegna flutningskostnaðar utan Rvíkur.

Fjhn. er sömu skoðunar og flm. og hv. Nd., að það sé alveg eðlilegt og sanngjarnt, að þessar vörur séu seldar með sama verði um land allt og fyrirtækið sjálft greiði flutningskostnað út um land, en það er hverfandi lítill hluti af verði tóbaksins. N. er sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 277).

---

39. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (í febr.).

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 114 1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 [101. mál] (þmfrv., A. 268).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Þegar sýnilegt var, að fjárlög yrðu ekki afgreidd fyrir áramót, var fengin heimild til að halda áfram nauðsynlegum greiðslum ríkissjóðs til 1. febr. Þar sem fjárlög hafa enn ekki verið afgreidd, er nauðsynlegt að fá framlengda þessa heimild, og er farið fram á í frv. þessu, að hún gildi til 1. apríl.

Óþarft er að vekja sérstaka athygli á því, hverja nauðsyn ber hér til. Þetta er nú komið á síðasta dag, og vil ég leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að reynt verði að afgreiða málið í dag. Fjhn. hefur athugað málið, og það er hún, sem flytur það.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Augljóst er, að það verður að afgreiða þetta mál í dag, svo að heimild sé til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur. Spurningin er aðeins, hvað heimildin á að gilda lengi. Ég álít hæfilegt, að hún yrði framlengd um einn mánuð aðeins, eða til 1. marz, og vil ég við þessa umræðu geta þess, að fram mun koma við 2. umr. brtt. í þá átt.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli deildarinnar á því, að engir mögulleikar munu vera á því, að fjárlög verði afgreidd fyrir 1. marz, og sýnilegt, að það hlýtur að koma til frekari framlengingar. Þar sem hér er ekki um neina heimild að ræða, sem hætta er á að verði misnotuð, og fellur úr gildi um leið og fjárlög hafa verið afgreidd, þá get ég ekki séð neina meinbugi á því, að hún fái gildi þann tíma, sem frv. gerir ráð fyrir, úr því að fjárlög verða tæplega afgreidd innan þess tíma.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það má vel vera, að svo fari, að fjárlög verði ekki afgreidd í febrúar, en þá má ráða fram úr þessu, ef á þarf að halda, er þar að kemur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leggja fram brtt. þess efnis, að í stað „1. apríl" komi: 1. marz.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 274) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 274 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, JörB, MK, RÞ, SG, SkG, StgrSt, ÁS, BÁ, EOl, EystJ, FJ, GG, GÞG, HÁ, JG.
nei: JPálm, JS, JR, KS, PO, StSt, BÓ, EmJ, IngJ, JóhH, SB.
StJSt greiddi ekki atkv.
7 þm. (ÓTh, SÁ, ÁkJ, ÁÁ, ÁB, GTh, HelgJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Jón Pálmason): Ég lít svo á, að ekki séu nokkrar líkur til, að fjárlög verði samþ. fyrir febrúarlok, og sé því þýðingarlaust að samþ. þessa brtt. Hins vegar falla þessi lög úr gildi strax og fjárlög hafa verið samþ. Ég segi því nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 275).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 42. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þegar ljóst varð, að fjárl. yrðu eigi afgreidd fyrir áramót, þá flutti ég frv. til l. um sérstaka heimild, þá er l. nr. 114 1949 sýna. En þessi heimild átti eingöngu að gilda til 1. febr., og í dag er því hinn síðasti dagur, áður en l. falla úr gildi. Er því full nauðsyn á, að þetta frv. fái nú afgreiðslu úr Ed. í dag, og vænti ég þess, að þessi hv. d. geti fallizt á, að frv. gangi í gegnum d., án þess að því verði vísað til n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 278).

---

40. Búfjárrækt.

Á 15. fundi í Nd., 16. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 22. marz 1948, um búfjárrækt [66. mál] (þmfrv., A. 103).

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. ósk fyrrv. hæstv. landbrh. og er í 1. gr. aðeins leiðrétting á prentvillu, sem slæðzt hefur inn í l., þegar þau voru sett. Hvað 2. gr. snertir hefur af vangá ekki verið gætt að setja ákvæði í l. um, að brot nái einnig til reglugerða, sem settar verða samkv. þeim. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynjamál, sem óþarft er að ræða. Um 3. gr. er það að segja, að sennilega hefur þar einnig slæðzt inn í l. prentvilla, því að þar segir, að numin séu úr gildi l. nr. 31 1931, en á að sjálfsögðu að vera l. nr. 32 1931. Ég vænti þess, að þar sem þetta eru aðeins leiðréttingar við fyrrnefnd l., þá geti hv. deild orðið n. sammála um að samþykkja þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 11. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 252).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá landbn. Nd. og er flutt að beiðni ríkisstj., sem hefur látið semja það og leggja fyrir n.

Við að bera saman frv. og lögin, sem á að breyta, kemur í ljós, að í Stjórnartíðindunum hefur misprentazt kr. 3.00 fyrir kr. 30.00, þ. e. 3. verðlaun fyrir stóðhesta. Þetta blað Stjórnartíðindanna var umprentað síðan og sent öllum, sem fá Stjórnartíðindin, og n. telur því óþarft að vera nú að samþykkja breytingu á þessari prentvillu, sem búið er að breyta, og leggur því til, að 1. gr. frv. falli niður.

2. gr. gerir ráð fyrir þeirri breyt., að inn í fyrri málsgr. 83. gr. laganna, sem breyta á, bætist orðin „og reglugerða." Eins og 2. gr. frv. ber með sér og útskýring á henni í greinargerð, eru teknar fram sektir fyrir brot á lögunum, en engin ákvæði eru um sektir fyrir brot á reglugerðarákvæðum. Nú er búið að setja reglugerð, sem lýtur að þessum lögum, og hafði ég haldið, að sektir við broti á lögunum giltu einnig um brot á reglugerðinni. En ég hef talað við hæstaréttardómara og fleiri af lögfróðustu mönnum landsins, og telja þeir, að betra og tryggara sé að bæta inn þessum orðum, því að oft séu sett reglugerðarákvæði, sem ekki standi beint í lögum. Því telja þeir þessa lagabreytingu nauðsynlega varðandi sekt við brotum á reglugerðarákvæðum.

Þá er loks 3. gr. frv., og er breytingin, sem hún felur í sér, að vísu aðeins leiðrétting á prentvillu, það stendur skakkt númer á búfjárræktarlögunum frá 1931. En þótt þetta sé augljós prentvilla, þar eð lögin eru annars nefnd rétt, þá þykir rétt að leiðrétta þessa prentvillu nú, úr því að lögunum er breytt á annað borð.

Þá hefur okkur einnig sýnzt rétt, einkum með tilliti til árstímans, sem við erum nú á, að bæta aftan við frv. nýrri grein um það, að lögin öðlist þegar gildi. Teljum við það rétt með tilliti til sýninga á búfé í vor.

N. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. með framangreindum breytingum, sem um getur á þskj. 252.

ATKVGR.
Brtt. 252,1 (1. gr. falli burt) samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. (verða 1.—2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 252,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 288).

---

41. Útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Á 42. fundi í Ed., 31. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum [102. mál] (þmfrv., A. 269).

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Þann 20. f. m. var hér til 1. umr. frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 25. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, sem prentað er á þskj. 244, en þá hafði hæstv. sjútvmrh. farið þess á leit við sjútvn., að hún flytti frv. þetta. Þá kom fram í þeim umr., að athuga þyrfti, hverjar nauðsynlegar breytingar væri aðkallandi að gera á þessum l., um stofnlánadeild sjávarútvegsins. Sjútvn. tók frv. þetta til athugunar á ný og komst að þeirri niðurstöðu, að umr. yrðu talsverðar um þetta mál og að ef til vill kæmu fram sterkar kröfur

um, að ýmsu yrði breytt í frv. Bráðabirgðaákvæðið, sem sett var með l. nr. 41 29. apríl 1946, um gjald það, er um ræðir í l. nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, er tekið upp í 4. gr. l. nr. 81 1947, tölul. 1. b., en þar stendur, að gjaldið til fiskrannsóknastöðvar falli niður í árslok 1949. Er sjútvn. hafði rætt þetta mál, þótti rétt að bera nýtt frv. fram, og er því þetta frv. breyt. á l. frá 1947. Hinn 31. des. 1949 féll þetta ákvæði úr gildi, og er því ekki hægt að innheimta þetta útflutningsgjald af fiski, sem var ⅛%, fyrr en frv. þetta verður lögfest. Með tilliti til þessa vil ég spyrja forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að halda fundi um málið í dag og ljúka umr., og ætti þá að vera hægt að koma málinu í gegnum hv. Nd. á morgun.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Út af því, sem hv. frsm. sagði, vil ég taka fram, hvort það orki ekki tvímælis, að gjaldið falli niður fyrir janúarmánuð. Má búast við, að í janúar hafi eitthvað fallið til í sjóðinn. Ef svo er, að gjald hafi verið tekið fyrir janúar, þá verkar þetta aftur fyrir sig. Ég bendi á þetta, því að svipað hefur komið fyrir, t. d. með benzín, og væri þá rétt að setja í gr., að ákvæði frv. giltu frá 1. jan. 1950. Þetta er ekkert kappsmál af minni hálfu; vildi aðeins benda á þetta.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. N-M. vil ég upplýsa, að það er ekki unnt fyrir sjútvn. né verksvið hennar að rukka inn tekjur ríkissjóðs. Varðandi það, hvort ákvæði þessa frv., ef samþ. verður, nái til þess fjár, sem til hefur fallið í janúarmánuði, þá var þetta nokkuð rætt í n., en hún taldi hvorki þinglegt né hægt að láta l. verka aftur fyrir sig, auk þess sem það er ekki í verkahring sjútvn. að ákveða, hvernig gjaldið skuli innheimt þennan tíma. Hins vegar er svo rétt að tryggja, að hægt sé að innheimta féð í framtíðinni, og óskar n. því þess, að frv. nái fram að ganga óbreytt eins og það er á þskj. 269.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 40. fundi í Nd., 3. febr., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 303).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og þarf skjóta afgr. Það fjallar um framlengingu á l., sem féllu úr gildi nú um áramótin. Frv. fylgdi ýtarleg grg., og leyfi ég mér að vísa til hennar. Sjútvn. er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt, og væntir þess, að það fái skjóta afgreiðslu, og vill mælast til þess af hæstv. forseta, að málið verði afgreitt í dag, þar sem slíks er augljós þörf, þar eð nær hálfur annar mánuður er liðinn síðan l. féllu úr gildi.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta missögn í grg. og harma að hún skyldi slæðast þangað, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn 18. marz s. á. (þ. e. 1947) tilkynnti háskólaráð, að það leyfði, að fyrirhuguð bygging fyrir fisk- og fiskiðnrannsóknir yrði reist á lóð háskólans. Leyfi þetta var þó bundið því skilyrði, að háskólaráð ákveði stað fyrir bygginguna á lóðinni og samþykkti teikningar að byggingunni. Um miðjan janúar 1948 tilkynnti byggingarnefndin háskólaráði, að endanlegar teikningar af byggingunni lægju nú fyrir, og mæltist til, að háskólaráð gerði bindandi samþykkt um, að byggingin yrði reist á lóð háskólans. Á fundi hinn 12. marz synjaði háskólaráð loks um lóð undir bygginguna þrátt fyrir þau loforð, sem áður höfðu verið gefin."

Ég átti sæti í háskólaráði, þegar þetta mál var afgreitt, og verð að láta þess getið, að hér er rangt með farið. Vilyrði það, sem háskólaráð gaf fyrir lóð 1947, var bundið fleiri skilyrðum, m. a. því, að l. um atvinnudeild háskólans yrði breytt þannig, að hún yrði ein af deildum háskólans, en nú er ekkert annað samband á milli þessara stofnana en það, að hin fyrrnefnda heitir atvinnudeild háskólans. En það var stefna forráðamanna skólans að breyta hinu losaralega fyrirkomulagi, sem er á atvinnudeildinni, og gera hana að sérstakri deild innan skólans, og það var skoðun þeirra, að ekki bæri að ráðstafa neinu af hinni takmörkuðu lóð, sem skólinn hefur til umráða, nema þetta yrði ofan á. En svo varð ekki og ekkert

fyrirheit gefið af ráðh. um, að þessu yrði breytt. Háskólaráð taldi sig því ekki bundið af þessu loforði, þar eð skilyrðum var ekki fullnægt, og synjaði um lóðina 12. marz. Þetta vildi ég leiðrétta og þykir miður, að þessi missögn skyldi slæðast inn í grg. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 321).

---

42. Ættaróðal og erfðaábúð.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð [91. mál] (þmfrv., A. 198).

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, vegna þess að þessu litla frv. fylgir allýtarleg grg. Þó skal ég aðeins minnast á nokkur atriði.

Frv. þetta er samið af nýbýlastjórn, sem sendi það ríkisstj., sem svo óskaði eftir, að hv. landbn. þessarar hv. d. flytti þetta frv.

Það, að nýbýlastjórn hefur lagt til, að gerð verði breyt. á núgildandi l. um þetta, stafar af því, að þegar þessi l. voru sett, sem mun upphaflega hafa verið 1936, þá var, þegar um veðsetningu nýbýla var að ræða, miðað við það ástand, sem þá var. Þá var það hámark, sem sett var í l. fyrir veðsetningu, sett eftir því verðlagi, sem þá var gildandi um byggingarkostnað og ræktunarkostnað, og þá var það talið fullnægjandi, sem í l. var ákveðið. Þegar l. voru endurskoðuð 1943, þá var að vísu komin nokkur röskun á þetta. En vegna þess, að þá var allt óvíst um verðlag og allt þess konar eftir stríðið, sem þá stóð yfir, þótti ekki ástæða þá til þess að breyta þessum ákvæðum, sem voru í l. frá upphafi. Þau voru því þá látin standa óbreytt. En afleiðingin af hinni stórkostlegu röskun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði síðan l. voru fyrst sett, hefur orðið sú, að með þeirri breyting á byggingarkostnaðinum má kalla útilokað, að þeir, sem sitja óðalsjarðir eða hafa jarðir á erfðaleigu, geti fengið lán, sem þeim séu að gagni til bygginga eða ræktunar. Ég lít því svo á, að ef þessu fyrirkomulagi í þessu efni væri haldið, mundi það skapa algera kyrrstöðu hjá þessum hluta bændastéttarinnar viðkomandi byggingum og ræktun. Þetta gildir jafnt um óðalsbændur og þá, sem hafa erfðaleiguábúð. — Það hefur þá líka bætzt við þetta, að í upphafi, fyrst eftir að ættaróðals- og erfðaábúðarlöggjöfin var sett, munu þær jarðir sérstaklega hafa verið gerðar að óðalsjörðum, sem búið var að gera allmikið á, hýsa og koma þar á allmikilli ræktun. Það var því ekki mikil þörf á breyt. á l. þeirra vegna. En með l. frá 1946, um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, var sett það skilyrði, að því aðeins væru þessar jarðir seldar einstaklingum, að þær væru gerðar að ættaróðulum þessara manna. En allur þorri þessara jarða voru lítt hýstar og ræktun á þeim skammt á veg komin. Það hefur því komið harðast niður á þessum hópi manna, sem keypt hafa jarðir, sem áður voru í eigu ríkisins, og þurfa nú af nauðsyn að byggja á þeim. Þeir eru því mjög illa settir að þessu leyti og því óumflýjanlegt að breyta þessum ákvæðum af þeim sökum.

Þá þótti nýbýlastjórn sjálfsagt, að þetta tæki ekki aðeins til óðalsjarða, heldur líka til þeirra jarða, sem eru í erfðaábúð, vegna þess að í þessum kafla l. gilda alveg sömu ákvæði þar, og væri því sjálfsagt, að þetta næði til beggja flokka þessara jarða.

Um breyt. á 2. gr. er það að segja, að þar er numið burt hámarkið fyrir lánveitingunni. En í þess stað er heimilað að taka lán til umbóta á jörðunum, og það einskorðað við byggingarsjóð Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands. Þar með telja nýbýlastjórn og landbn., að það sé fengið nauðsynlegt aðhald í fyrsta lagi um, að hvorki verði lánuð óeðlilega há lán, vegna ákvæða, sem eru í lögum þessara lánsstofnana, og í öðru lagi sé jafnframt tryggt, að þessum lánum sé beinlínis varið til umbóta á viðkomandi jörðum, sem geri þær verðmætari og hæfari til búrekstrar heldur en áður. N. lítur svo á, að með þessu móti sé þetta tryggt eins vel og unnt er og ekki sé ástæða til að óttast sérstaklega, að þetta verði misskilið. Aftur á móti vill n. ekki leyfa, að annars staðar séu tekin lán út á þessar jarðir, því að þá er það aðhald úr sögunni, sem er nauðsynlegt.

Ég tel svo ekki ástæðu að ræða þetta frekar. Ég vænti þess, að d. taki þessu máli vel, og vona, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 128, 233).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 233. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Nefndin hefur leyft sér að flytja við frv. þetta tvær smábreytingar.

Fyrri liðurinn er efnisbreyting. Í lögunum er svo ákveðið, að ættarjarðir þurfi að hafa verið í eigu eða ábúð sömu ættar í 100 ár. N. lítur svo á, að þar sé um óþarflega langan tíma að ræða, þar sem gert er ráð fyrir setu fjögurra ættliða á jörðinni, og telur nægilegt að miða við þrjá ættliði eða 75 ár. — Það má geta þess, að þessi ákvæði eru sett til þess og verka þannig, að þau tryggja ættmönnum jörðina og eiga þannig þátt í að hindra, að hún lendi í braski, og þau tengja bændur fastar við þessar jarðir en annars væri. Það er þannig áreiðanlega ávinningur, að fleiri en færri jarðir komi undir þessi ákvæði, og leggur því nefndin til, að tímatakmarkið sé lækkað.

Annar liðurinn er leiðrétting á því, sem láðst hefur hjá þeim, sem undirbjuggu frv., að taka fram, að lögin öðlist þegar gildi.

Ég vil svo leyfa mér að æskja þess, að þetta nái samþykki og málinu verði vísað áfram.

ATKVGR.
Brtt. 233,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 233,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Sþ., 18. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).

Á 39. fundi í Ed., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 286, 287).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þrír af nm. landbn. hafa skrifað undir nál. Frv. hefur verið fyrir Nd. og er komið til okkar þaðan. Nm. voru sammála þeim breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., en breyttu þó ýmsu, mest til skýringar á frv. og til þess að ekki yrði um það villzt, við hvað er átt. Þótt fyrsta breyt. nm. sé öðruvísi orðuð, má heita, að hún sé hér um bil eins að efni til og í frv., þó ekki alveg. Það þótti rétt að láta ekki vextina, sem áður voru taldir í d-lið, hverfa, svo að ekki þurfi að segja upp lánum, þó að leitað sé til byggingarsjóðs eða ræktunarsjóðs. — 2. gr. er látin haldast, en skýrari ákvæði tekin upp í 3. gr. um, að jörð, sem búin er að vera í eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur, verði ættaróðal. Annars er í lögunum miðað við 100 ár, en hér við 75 ár eða lengur, og að jörðin sé enn í eigu ættarinnar, er lögin öðlast gildi. Þá er gert ráð fyrir því, að þetta ákvæði taki einnig jafnóðum til jarða, sem fullnægja þessum skilyrðum, en við töldum ekki nægilega skýrt kveðið á um það í lögunum, að svo yrði eo ipse. Um 3. brtt. er það að segja, að það láðist að breyta 100 í 75 í 27. gr. laganna, er málið var til meðferðar í Nd. Þá töldum við rétt, að þess væri getið í afsals- og veðmálabókum, að jörð sé ættaróðal. Það hefur töluverða þýðingu fyrir lánsstofnanirnar. Ég legg svo til, að frv. sé samþ. með þeim breyt., sem við höfum borið fram.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. Eins og tekið er fram í nál., var ég ekki viðstaddur, er frv. var afgr. í n., og hef ég því ekki tekið þátt í meðferð málsins. Það má því segja, að það sé óþarfi af mér að segja nokkuð um afstöðu mína, og það því fremur, að ég geri engar brtt. Þó vildi ég taka það fram, að þessi breyt. er gerð í góðu skyni og reynt að tryggja sanngirni í þessum efnum. En samt er þetta þó hálfgert fitl. Það má segja, að það sé sanngjarnt að miða við 75 ár í stað 100, en það er þó nokkuð út í bláinn, og segja má, ef talið er of hátt að miða við 100 ár, að svo sé einnig um 75 ár. Þar er einnig um handahófsákvörðun að ræða. Tilgangurinn er, að vaskur, traustur og starfsamur kynstofn njóti sín sem bezt jörðinni til góðs, og vel gæti staðið svo á, að eftir 50 ár eða 34 ár hefði maður sannað verðskuldun sína fyrir ættaróðali. Þetta getur alltaf verið álitamál, og því er bezt að hafa ekki tölurnar mjög skorðaðar. En sem sagt, úr því að verið er að ákveða tímatakmark í frv., get ég ekki verið á móti því.

Það er einskorðað í frv., hvaða skuldir megi hvíla á jörðinni, og er þar eðlilega miðað við Búnaðarbanka Íslands og starfsemi hans, en mér flaug í hug, að ef athafnir á slíkri jörð væru meiri en svo, að Búnaðarbankinn væri fær um að sinna öllum eðlilegum beiðnum, væri alger útilokun í þessum efnum nokkuð hæpin og varhugaverð. Reynslan gefur bezta tilsögn um það, hvernig lögin komi að beztum notum.

Með þessum athugasemdum er ég ekki að mótmæla frv., en vildi vekja athygli á því, að þróunin verður að skera úr um það, hvað bezt hentar í þessum efnum, og sníða verður löggjöfina eftir því. Með þessum athugasemdum greiði ég atkv. með frv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Þegar ég tók til máls í fyrra skiptið, má vera, að ég hafi ekki tekið nægilega skýrt fram, hver er megintilgangur frv. Samkvæmt d-lið 1. gr. l. nú mega ekki hvíla hærri veð-

skuldir á jörðinni en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 4% af fasteignamatsverði jarðarinnar. Samkvæmt þeirri breyt., sem n. leggur til að gerð verði, á þetta ákvæði ekki að ná til vaxta af skuldum við byggingarsjóð og ræktunarsjóð, hins vegar tekur það til allra annarra lána. Ef á að viðhalda jörðunum, verður að breyta til í þessa átt. Þetta vildi ég taka fram.

ATKVGR.

Brtt. 287,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 287,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 287,3 (2 nýjar gr., verða 4.—5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—5. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 295).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 326).

---

43. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands [88. mál] (þmfrv., A. 187).

Á 29. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Það má nú segja, að með lögunum um bjargráðasjóð Íslands, sem samþ. voru á Alþ. 1913, hafi verið gerð tilraun til þess að koma á framfæri merkilegri hugmynd um það, að þjóðin reyndi að búa sig í sæmilegu árferði undir þau áföll, sem hún iðulega verður fyrir af náttúrunnar völdum, bæði af ísum og harðindum og öðrum óblíðum atvikum af náttúrunnar völdum. Og má segja, að þarna hafi verið myndarlega af stað farið, þar sem þjóðinni var ætlað, einstaklingum og héruðum og landinu í heild, að leggja á sig þau gjöld, sem á þess tíma mælikvarða, er þetta var ákveðið, voru mjög há, alls 50 aurar á hvern mann á landinu, sem mundi vera nú á mann um 5 kr. En einhvern veginn virðast þessi lög ekki hafa náð tilgangi sínum. Það virðist, að ekki hafi orðið úr þeim það, sem til stóð, og það smátt og smátt hafa fallið úr vitund þjóðarinnar, að þau væru til. Ég hygg, að ástæðan til þessa sé það form, sem lögin eru byggð á. Þau eru nokkuð þunglamaleg að formi til og erfið í vöfum. Og reynslan er sú, að þessi merkilega stofnun hefur verið mjög lítið notuð. Þar með hefur dofnað áhuginn fyrir þessu. Að vísu var gerð breyt. á l. 1925, sem átti að verða sú endurbót á þeim, að sjóðurinn yrði starfhæfari heldur en reynslan hafði sýnt að þeim tíma, að hann hafði verið eftir lögunum eins og þau voru í fyrstu. En sú breyt. hefur ekki fyllilega nægt í þessu efni. Þessari löggjöf hefur því ekki verið fylgt eftir á þann hátt, sem efni stóðu til og vert hefði verið, borið saman við hugmyndina sjálfa, sem var tilefni hennar, sem sé að tryggja þjóðfélagið gegn áföllum af harðindum og annarri þeirri óáran, sem við þekkjum vel frá sögu þjóðarinnar fyrr og síðar, að vilja heimsækja þetta land. Þannig hefur ekkert verið gert til þess að hækka þessi gjöld smátt og smátt. Og meira að segja á tíu ára tímabili voru þau alveg afnumin, þannig að sjóðnum féllu þá engar tekjur. Þetta hefur orðið til þess, að hann er máttvana og ekki eins öflugur og hann hefði getað orðið, ef vel hefði verið að honum búið.

Af þessum ástæðum er eins og mönnum detti ekki í hug að leita til bjargráðasjóðs vegna áfalla, sem eðlilegt hefði verið, að hann stæði að að bæta úr að einhverju leyti. Ég tel aðalgallann á formi sjóðsins vera, að starfsemi hans sé um of takmörkuð við sýslufélögin, og að sjóðurinn sem heild er í eins konar liðum, þannig að hann verður ekki notaður, nema fyrir tilverknað sýslufélaga og ábyrgða, sem sýslufélög veita. Og eins og nú er komið, eru sýslunefndir mjög tregar að veita ábyrgðir og tregar til þess að taka þessi mál í sínar hendur. Og einstaklingar veigra sér við að leita aðstoðar sýslunefnda eða hreppsnefnda, þó að þeir þurfi á láni eða styrk að halda, þannig að þeir hafa heldur leitað allt annað heldur en til bjargráðasjóðsins.

Í sambandi við þau harðindi, sem urðu hér á landi á síðasta vori, var farið að athuga þessi mál ofurlítið nánar. Þá kom fram, að sums staðar var óskað eftir hjálp bjargráðasjóðs, styrkjum eða lánum, vegna áfalla, sem menn hafa orðið fyrir vegna mikilla kaupa á fóðurbæti og miklum fóðurkostnaði, og auk þess vegna fjárfellis, sem varð í ýmsum sveitum. Þá rak bjargráðasjóðsstjórnin sig á það, að mjög var örðugt að leysa þessi mál gegnum bjargráðasjóðinn, með því fyrirkomulagi, sem er á stjórn hans og rekstri. Og það er mjög vafasamt, að hægt sé, með óbreyttum l. um stjórn hans og rekstur, að aðstoða þau byggðarfélög,

sem hafa óskað eftir aðstoð vegna harðindanna í vor. Þess vegna var það, að núverandi stjórn bjargráðasjóðs tók sig til og gerði tilraun til þess að gera nokkrar breyt. á þessum l. og leitast við að gera sjóðinn starfhæfari og léttari í vöfum, til þess að hann geti frekar fullnægt um aðstoð þeim tilgangi, sem fyrir þeim vakti, sem settu hann upphaflega á stofn. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er árangur af þeim athugunum, og vil ég fara um það nokkrum orðum.

Ýmsar gr. frv. eru óbreyttar frá því, sem verið hefur í l., en öðrum er breytt, sem ég skal lítillega minnast á.

Í fyrsta lagi er lagt til, að gjald til bjargráðasjóðsins verði hækkað upp í 2 kr. fyrir hvern mann, sem heimilisfastur er innan hvers sýslu- eða bæjarfélags. Þetta gjald kemur í stað 25 aura gjalds, sem áður var þannig innheimt til sjóðsins og hefur staðið í l. ákvæði um síðan 1913. Í öðru lagi er lagt til, að jafnhátt framlag verði greitt á móti frá ríkinu, eða 2 kr. á hvern mann, í stað 25 aura, sem nú gildir. Á þennan hátt er reynt að fylgjast með og mæta þeim breyt., sem orðið hafa á gildi peninganna frá því er sjóðurinn upphaflega var stofnaður. Og ef þetta verður samþ., mundi sjóðurinn fljótt vaxa og verða nógu öflugur til þess að standa að einhverju leyti undir þeim kvöðum, sem á hann eru lagðar. Rétt virðist annaðhvort að gera, að leggja sjóð þennan alveg niður og veita þessum málum í annan farveg, eða efla hann svo, að hann geti staðið undir þeirri styrktar- og hjálparstarfsemi, sem honum er ætlað.

Þá er breyt. á 4. gr. Nú er stjórn sjóðsins skipuð 5 mönnum, tveimur frá Búnaðarfélagi Íslands og tveimur frá Fiskifélagi Íslands og skrifstofustjóranum í félmrn. En við leggjum til, að stjórn sjóðsins verði aðeins skipuð þrem mönnum, formanni Búnaðarfélags Íslands, eins og nú er, forseta Fiskifélags Íslands, eins og líka nú er, og skrifstofustjóranum í félmrn. Teljum við nægilegt, að stjórn sjóðsins sé skipuð þrem mönnum, og yrði það léttara í vöfum.

Svo er breyting á endurskoðunarákvæðum.

Þá kem ég að 9. gr., og í henni felst ein höfuðbreyt. Í lögum, sem nú gilda, er ákveðið, að sveitarfélögin, bæjarfélögin og sýslufélögin eigi sem séreign allt það fé, sem fellur til sjóðsins frá hverju sveitarfélagi, en sameiginlegi sjóðurinn myndist aðeins af því fé, sem ríkið leggur fram. Við leggjum til, að þessu verði breytt þannig, að aðeins helmingur af því fé, sem rennur í sjóðinn frá bæjar- og sveitarfélögum, verði séreign þeirra, en hinn helmingurinn renni inn í sameiginlega sjóðinn. Þetta er í samræmi við það, að við leggjum til, að aðalstarfsemi sjóðsins verði í gegnum almenna sjóðinn. Og þess vegna leggjum við líka áherzlu á, að hann aukist sem mest. Hins vegar teljum við, að sjálfsagt sé, að einstök sýslu- og bæjarfélög eigi nokkurn hluta af sjóðnum, sem þau geti ráðstafað samkvæmt reglum, sem þau setji sér þar um, en aðalsjóðurinn verði fyrir meginstarfsgreinar sjóðsins.

Í l., sem nú gilda um bjargráðasjóð, var gert ráð fyrir því, að sýslunefndir og bæjarstjórnir gerðu sérstaka samþykkt um hagnýtingu séreignarinnar í sjóðnum. En mér vitanlega hafa þessar reglur ekki verið gerðar, nema mjög óvíða, og vafasamt er, hvort þær hafi þá nokkurn tíma verið framkvæmdar, þannig að allt er á huldu um notkun sjóðsins. Þess vegna hefur þótt rétt að fella þessi ákvæði niður. En við teljum upp í 11. og 12. gr. frv., á hvern hátt heimilt skuli vera að verja fé úr sjóðnum, þ. e. þegar hallæri verður í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé. Við getum hugsað okkur, að tjón eins og varð í Neskaupstað í Norðfirði nýlega verði bætt upp með fé úr bjargráðasjóði, að þannig verði úr sjóðnum heimilt að bæta upp ýmis áföll, sem enginn getur við ráðið. Og ætti að vera unnt að gera það, með styrk eða lánum, eftir því sem stjórn sjóðsins álítur, að þurfi í hvert skipti. Við ætlumst til þess, samkv. 12. gr., að þessi hjálp mætti verða veitt sem styrkur, í öðru lagi með lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga og í þriðja lagi með lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Það kom mjög glögglega fram t. d. á síðasta hausti, að margir þeir bændur, sem afhroð höfðu hlotið vegna vorharðindanna í vor og sóttu um aðstoð þess vegna, t. d. með lánum úr þessum sjóði, þeir höfðu fasteignir, sem þeir vildu veðsetja, og óskuðu heldur að njóta lána á þann hátt en að þurfa að knékrjúpa sýslufélögum eða sveitarfélögum, sem treg voru að ganga í slíkar ábyrgðir. En þetta var ekki unnt að veita, vegna reglna sjóðsins. Og viljum við því ekki binda trygginguna fyrir lánum úr sjóðnum við sýslu- eða sveitarábyrgðir eingöngu.

Í 13. gr. er hér ákveði um það, að ef horfur eru á því að hausti, eða ekki verði unnt að afla nægilegs fóðra og fóðurefna fyrir menn eða skepnur, svo duga mundi, ef illa vetraði, þá sé bjargráðasjóði heimilt að leggja fram lánsfé, til þess að veita það að láni einstökum sveitarfélögum, sem vildu tryggja sig gegn harðindum með því að afla sér viðaukafóðra. Á þessu er og verður hin mesta nauðsyn. Okkur hættir alltaf til að gleyma þeirri hættu, sem steðjar alltaf að landinu með hinum óreglubundnu ísaárum, sem hér hafa komið, þó ekki hafi það verið nú um skeið, en geta komið í framtíðinni. — Það er einnig hér ákvæði í 14. gr. um það, að ef sjóðurinn reyndist þess ekki megnugur, vegna mikilla harðinda eða óáranar, borið saman við getu hans, að veita til stuðnings mönnum vegna hallæris lán, sem eftir væri sótt, þá sé ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast svo hátt lán sem þurfa þykir fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, meðan bjargráðasjóðurinn er ekki fær um að veita þessi lán. M. ö. o. breyt. frá eldri l. í þessu efni eru þannig, að áður var lánastarfsemin til eins sýslu- eða bæjarfélags bundin við séreign þess sýslu- eða bæjarfélags í sjóðnum. En hér er gert ráð fyrir, að ef hallæri er hjá einstökum sýslu- eða bæjarfélögum, þá sé heimilt að veita

þeim lán úr sameiginlega sjóðnum. Og sömuleiðis ef sjóðurinn er ekki megnugur að veita nauðsynleg lán, þá megi grípa til lána úr ríkissjóði honum til aðstoðar, sem aftur eiga að greiðast ríkissjóði, þegar sjóðnum vex aftur fiskur um hrygg á hinum betri tímabilum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni. En ég vænti þess, að allir, sem hafa áhuga á þessu máli, reyni að leggja saman um það að fá þessum merkilega sjóði — vil ég segja — það form, sem fellur við þjóðfélagsháttu eins og nú er komið málum og líkur eru til, að geti orðið til þess að fyrirbyggja eða draga úr þeim áföllum, sem þjóðfélagið ella yrði fyrir af völdum harðinda og annarrar óáranar af náttúrunnar völdum.

Ég veit ekki vel, í hvaða nefnd þetta mál ætti að fara. Það gæti farið í allshn. En þegar það var á ferð hér síðast á þinginu, var það í landbn., og ég held, að ég geri það að till. minni, að því verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 257).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað frv., sem prentað er á þskj. 187, um bjargráðasjóð Íslands. N. hefur orðið sammála um, að þær breytingar, sem lagt er til að gera á l. með frv. þessu, séu til bóta. Meginbreytingin er sú, að framlag einstaklinga og ríkissjóðs er hækkað til muna, enda eru l. í núverandi formi úrelt orðin. Má merkilegt heita, að ekki skuli fyrr hafa verið hafizt handa um endurskoðun þessara l. Önnur aðalbreyt., sem nú er verið að gera á l., er sú, að rýmkað er um afnot af sjóðnum í harðindum og hallærum. Forstöðumaður sjóðsins og skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins hafa samið og gert að till. sinni þær breyt., sem hér er gert ráð fyrir. Eins og ég hef lýst, þá er n. sammála um afgreiðslu málsins, en hún hefur hins vegar lagt til, að þessar breytingar verði gerðar á frv. á þskj. 187:

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Bjargráðastjórn skal gæta vel að öllu, er bendir til þess, að yfirvofandi hallærishætta sé fram undan, og skal hún vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstafanir, sem miða að því að afstýra hallæri.

Samkvæmt 5. gr. frv. er rekstur bjargráðasjóðsins ákveðinn í miðju frv., en n. hefur talið rétt að færa það atriði til loka frv. N. hefur einnig umorðað fyrri partinn, en þar er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins orðalagsbreytingu.

2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til þess að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds. Sú hækkun rennur óskipt í séreignarsjóð viðkomandi sýslu- eða bæjarfélags.

Sú gr. er umorðuð. Þar er í frv. t. d. talað um, að stjórnarráðið geti veitt sýslunefndum og bæjarstjórnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið, en venja mun vera nú orðið að hafa „ráðherra“ frekar en „stjórnarráð“ í lagasetningum seinni ára.

3. Við 12. gr. Greinin verði 13. gr. og fyrsta málsgrein hennar orðist svo:

Nú hrökkva ekki til þess að afstýra hallæri þær ráðstafanir, sem 11. og 12. gr. gera ráð fyrir, og er þá bjargráðastjórninni heimilt að veita aðstoð úr sameignarsjóði með þeim hætti, er hér segir:

Hér er skipt um röð gr. Okkur fannst það eðlilegra, og verður því 13. gr. 12. gr.

Þá er brtt. við 14. gr., að í stað orðanna „svo hátt lán sem þurfa þykir“ komi: nauðsynlegt lán.

Varðandi 15. gr., sem verður ný gr., þá er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglugerð um rekstur sjóðsins, sbr. 5. gr. frv.

Það er ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta, en ég vil taka það fram, að nm. voru einhuga um þær brtt., sem n. gerði við frv., og það er einnig ósk nm., að frv. nái samþykki hins háa Alþingis og verði afgr. á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 257,1 (ný 5. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 257,2 (ný 10. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 257,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 257,4 (13. gr. verði 12. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 257,5 samþ. með 20 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 257,6 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

15. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 265, 272).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 272. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru tvær smávægilegar brtt., sem landbn. hefur gert við frv. og liggja fyrir á þskj. 272. Ég vil geta þess, að ég hef ekki náð í nema fáa nefndarmenn til þess að ráðgast við þá um þetta. En fyrri brtt. er aðeins orðalagsbreyting, þar sem óeðlilegt þykir að ákveða stofnun sjóðsins í lögum 1950, úr því hann er löngu til orðinn, og er því lagt til, að upphaf gr. orðist svo: „Bjargráðasjóður skal vera allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn.“ Verði þessi

till. samþ., leiðir af því, að síðasti málsliður greinarinnar fellur niður.

Hin brtt. er við 4. gr. og er einnig smávægileg. Þykir fara allt eins vel á því að segja, að fé, sem þarf að geyma fyrir sjóðinn, skuli ávaxtað í banka með ríkisábyrgð eins og takmarka það við Landsbankann eða Búnaðarbankann.

ATKVGR.

Brtt. 272,1.a samþ. með 22 shlj. atkv.
— 272,1.b samþ. með 25 shlj. atkv.
— 272,2 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Sþ., 1. febr., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 273).

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 273, n. 322, 323).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var lagt fyrir Nd. af fyrrv. landbrh., Bjarna Ásgeirssyni; voru gerðar þar á því nokkrar breytingar á tveimur þskj., sem allar voru samþ., og kom frv. til okkar eins og það liggur nú fyrir á þskj. 273. Landbn. hefur borið það saman við lög um bjargráðasjóð og lánveitingar úr sjóðnum og að því loknu gert við frv. þær brtt., sem liggja fyrir á þskj. 323 og ég skal nú skýra nokkuð, en koma að því loknu inn á þær breytingar, sem verða á bjargráðasjóði, ef frv. þetta verður að lögum.

Fyrsta brtt. er við 1. gr. og er orðalagsbreyting. Það þykir óeðlilegt að skilgreina ekki nafnið, en með þeirri breytingu, sem við leggjum til, er það gert með tilvísun til gömlu laganna, sem eru grundvöllur hinnar nýju lagasetningar.

Önnur brtt. er við 2. gr., og er þar lagt til að hafa orðið „bjargráðasjóðsgjald“ í stað „bjargráðagjald“, og þótti okkur það eðlilegra.

Þá er brtt. við 4. gr., sem líka er orðabreyting, og er þar gert ráð fyrir, að stjórn sjóðsins heiti bjargráðastjórn, en í frv. á þskj. 273 kemur það ekki fram. Annars vil ég benda á, að stjórn sjóðsins skipa nú 3 en ekki 5 menn eins og áður. Hún var áður skipuð lögum samkvæmt af skrifstofustjóranum í atvinnumálaráðuneytinu, en þó það væru lög, var nú svo orðið, að skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins var formaður sjóðsstjórnar. Ríkisstjórnin hafði breytt þessu þrátt fyrir lögin. Með honum voru tveir menn kosnir af fiskiþingi og búnaðarþingi, og formenn Fiskifélagsins og Búnaðarfélagsins. Samkvæmt frv. á skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins að vera formaður sjóðsstjórnar og formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands meðstjórnendur. En brtt. n. við 4. gr. er aðeins um nafnið á sjóðsstjórninni.

Um 6. gr. hefur n. gert till., sem er talsverð breyting, en þar er sagt, að reikningshald sjóðsins og reikningarnir skuli endurskoðaðir af endurskoðunardeild stjórnarráðsins og endurskoðendum ríkisreikninga án sérstaks endurgjalds. Hins vegar hafa þeir verið endurskoðaðir af þremur sjóðgæzlumönnum og átti svo að leggja þá fyrir Alþingi; en ég hef nú setið hér síðan 1934, og þeir hafa aldrei komið hingað; hins vegar er mér sagt, að sjóðgæzlumenn hafi athugað þá samvizkusamlega, en ekkert sé við þá að athuga. En eðlilegt virðist, að þessu sé hagað svo sem n. leggur til.

Brtt. við 7. gr. er í samræmi við það, sem áður er sagt.

Brtt. við 8. gr. breytir henni verulega frá því, sem er á þskj. 273. Við gátum ekki almennilega skilið, hvernig hún var hugsuð þar. Það eru fyrst og fremst innheimtumennirnir, sem reikna gjöldin út og þurfa að fá manntalsskýrslur prestanna í hendur; sveitarstjórnirnar þurfa þess ekki. Og þess vegna breytum við 8. gr. í það horf, að innheimtumenn bjargráðasjóðs skuli fá skýrslurnar.

Þetta eru aðalbreytingarnar. Þær brtt., sem hér koma á eftir, eru minni háttar, nema liður brtt. við 10. gr., sem er efnisbreyting.

Þá er enn till. um það að bæta inn ákvæði við 10. gr. frv., sem miðar að því að hækka gjaldið í séreignarsjóðinn, þegar þess gerist þörf, en þó aldrei meira en sem nemur helmingi, það er að segja viðbótargjaldið getur ekki orðið meira en ein króna, sem sýslan getur lagt á með leyfi ráðherra. Þegar svo stendur á, að sýsla óttast einhver skakkaföll, getur hún þannig með leyfi ráðherra hækkað sitt framlag, og er lagt til, að ríkissjóður megi leggja fram helming á móti, eða aldrei meira en 50 aura.

Það kann að vera, að þeir menn, sem alltaf vilja vita fótum sínum forráð, álíti, að þetta sé dálítið óviðfelldið í framkvæmd, þar sem ekki er hægt að reikna með þessu fyrir fram, en þess er þó að gæta, að fyrst þarf viðkomandi sýslunefnd að fjalla um þetta og samþykkja og sækja síðan um það til ráðherra, og venjulega er það nú svo, að þetta mundi eiga sér stað einmitt á sama tíma og Alþingi stendur yfir, því að það er alveg undantekning, að sýslufundir séu ekki einmitt haldnir á sama tíma og Alþingi stendur yfir. Ráðherra ætti því alltaf að vita um þetta það snemma, að hægt sé að taka tillit til þess á fjárlögum. Þess vegna er þetta ákvæði alveg áhættulaust fyrir þá að samþykkja, sem hafa fjárlögin efst í huga, og mér finnst ekki nema rétt og eðlilegt, að ríkisheildin komi á móti viðkomandi sýslufélögum, þegar svona stendur á.

Þetta eru nú þær breytingar, sem við leggj-

um til, að gerðar verði á bjargráðasjóðslögunum, og má í fám orðum segja, að í því felist þær breytingar, að gjaldið í bjargráðasjóð er hækkað úr 25 aurum upp í 2 krónur. Hlutfallinu milli sameignarsjóðs og séreignarsjóðs er breytt. Stjórnina skipa þrír menn í stað fimm. Endurskoðun er hagað öðruvísi en áður var. Heimild er veitt fyrir einstök sýslufélög að auka séreignarsjóði sína með því að auka gjöldin um eina krónu á mann, og komi framlag frá ríkinu á móti. Þá er lánveitingum breytt og hagað öðruvísi en áður var. Áður var heimilt að lána sýslu- og bæjarfélögum og fóðurbirgðafélögum, og var heimilt að lána til þess að tryggja fleira en það, sem var afleiðing harðinda, t. d. var heimilt að lána hreppsfélögum, er koma á fót hjá sér bústofnlánadeildum, og má segja, að þetta hafi verið dálítið notað hér áður fyrr, en hins vegar hefur þessi heimild ekki verið notuð nú um 20 ára skeið, og má segja eins og allar aðstæður eru, að litlar líkur séu til þess, að hún verði notuð. Hins vegar var áður óheimilt að lána einstökum mönnum úr sjóðnum, en núna má eftir 13. gr. lána þeim. Það getur oft komið fyrir, að einstaka menn verði hart úti af völdum náttúrunnar, þó að hreppseða sveitarfélög vilji ekki fara að taka lán fyrir þá. Nú væri hins vegar gott að hafa þetta ákvæði, sérstaklega þegar miðað er við harðindin síðast liðið vor, þar sem margir einstaklingar urðu mjög illa settir, en einstök sveitarfélög sjá kannske ekki ástæðu til þess að hjálpa þeim. Þá gerir þetta frv. enn ráð fyrir einni breytingu. Bjargráðasjóður var á sínum tíma stofnaður til þess að fyrirbyggja tjón af völdum hallæris og til þess að veita lán í sama skyni og koma í veg fyrir bjargarskort almennt, en hér er einnig tekið upp það atvik, þegar tjón af náttúrunnar völdum hefur í för með sér mikla röskun á afkomu manna, og er nýjasta dæmið um það skriðufallið í Neskaupstað. Þar er um að ræða tjón, sem þetta frv. heimilar viðkomandi bæjarstjórn lán til þess að laga þær skemmdir eftir ástæðum, en það er hins vegar ekki heimilt eftir gömlu lögunum. Tilfelli eins og þetta og það, þegar snjóflóðið drap fé á Snæfjallaströnd, komust ekki undir gömlu lögin. Þegar snjóflóðið drap fé á Snæfjallaströnd, þá var veitt fé úr ríkissjóði til þess að mæta þessu tjóni, en það hefði ekki þurft að gera, ef þetta ákvæði hefði verið í gömlu lögunum, því að þá hefði fé komið úr þessum sjóði.

Þetta eru nú þær helztu breytingar, sem n. hefur fallizt á að gerðar væru. Þegar n. afgreiddi þetta frv., vantaði þá hv. 4. þm. Reykv. (HG) og hv. 7. landsk. þm. (FRV) og hafa þeir því ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins; get ég því ekki sagt um afstöðu þeirra, en við hinir 3 leggjum til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 273, með þeim breytingum, sem eru á þskj. 323.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér skilst, að ef frv. þetta verður samþ. eins og hv. n. leggur til, með þeim breyt., sem eru á þskj. 323, þá eigi þessi sjóður ekki eingöngu að vera bjargráðasjóður fyrir landbúnaðinn, heldur einnig fyrir ýmiss konar áföll, og bendir 4. gr. eindregið til þess. En nú er ekki nægilega skýrt tekið fram í 1. gr., til hvers bæjarfélög megi nota sjóðinn. Það er ekki tekið annað fram en að það sé hallæri, ef bæjarfélög verði af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum frá hörðrétti eða felli. Það skilst ekki nægilega vel, hvaða tjón af náttúrunnar völdum eigi að bæta, hvort það er af völdum snjóflóða, skriðufalla og jarðskjálfta og hvort annað tjón af náttúruvöldum eigi að koma hér undir, og hef ég þá sérstaklega Reykjavík í huga, því að þegar tillit er tekið til þess, hvað það er mikill hluti, sem Reykjavík leggur í sameignarsjóðinn og önnur bæjarfélög á móti ríkissjóði, þá finnst mér, að sjóðurinn ætti einnig að geta náð til annars tjóns en af náttúruvöldum, að minnsta kosti fyrir bæjarfélögin, þegar búið er að áttfalda gjaldið í sjóðinn, svo að það kemur árlega á annað hundrað þús. kr. frá Reykjavík og jafnmikið á móti úr ríkissjóði, svo að mér finnst, að sjóðurinn ætti því að geta mætt öðrum áföllum en snjóflóðum og jarðskjálftum að því er það varðar. Þess vegna vil ég beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort ekki sé nauðsynlegt að setja um það skýr ákvæði og tryggja, til hvers Reykjavík megi nota fé.

Þá vil ég einnig beina þeirri spurningu til hv. frsm., hvort það sé almenn regla eða hafi verið það undanfarið, að sveitarfélögin greiði þetta sjálf af sínum tekjum, eða hvort þetta sé lagt á eins og hver annar nefskattur á hvern íbúa, án tillits til efnahags. Hefði ef til vill verið rétt að taka þetta fram í löggjöfinni, einkum ef það á að fara að gera breytingar hvort sem er.

Það, sem olli því aðallega, að ég stóð hér upp, er það, að ég tel það eðlilegt, þegar svo er komið, að gjöldin eru 8-földuð og með leyfi ráðherra er hægt að hækka þau um 50% til viðbótar, að leitað sé umsagnar þm., hvort ekki sé rétt, að í stað „ráðherra" í 10. gr. komi „fjármálaráðherra" og eins í 8. brtt. nefndarinnar á þskj. 323, því mér finnst sannarlega nóg af því komið, þó ekki sé lengra haldið í þá átt, að láta ráðherra í annarri stjórnardeild en fjmrn. samþykkja stórfelldar útgjaldahækkanir fyrir ríkissjóð. Ég er hins vegar ekkert á móti því, að það verði látið koma í staðinn sameiginlegt leyfi viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra, ef nefndin gæti fallizt á það, en mér finnst það alveg ótækt að ganga fram hjá fjmrh. Reynslan hefur sýnt það, að það ástand hefur skapazt, að fjármálin hafa komizt í megnasta ólestur af því, að einstaka ráðherrar hafa óskað eftir valdi til þess að ákveða og ákveðið framlög, án þess að hafa um það nokkur samráð við fjármálaráðherra.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar núna, en ég sé að þetta frv. muni hafa í för með sér um 300 þús. kr. aukin gjöld, sem sjálfsagt þyrfti að taka á fjárlög núna, og mun ég ef til vill ræða það nánar síðar.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn frá hv. þm. Barð.,

hver ætti að greiða þetta gjald, vil ég segja, að það kemur ákaflega greinilega fram í 2. gr., að það eru sveitarfélögin sjálf, sem eiga að greiða það af útsvarstekjum sínum. Það liggur ákaflega ljóst fyrir, en hv. þm. hefur bara ekki verið búinn að lesa það nógu vel.

Ég skal svo lofa að taka það til athugunar í nefndinni, hvort ástæða er til þess að setja fjármálaráðherra í stað ráðherra, eins og það er nú í gr. Ég geri ráð fyrir því, ef eitthvert sveitarfélag vill leggja einnar krónu kvöð á hvert mannsbarn, þá leggi ríkið ½ framlag á móti, og áður en félagsmálaráðherra, sem sjóðurinn heyrir undir, tekur á sig þá kvöð, muni hann ráðfæra sig við fjármálaráðherra, en ég skal sem sagt athuga það milli umr., hvort nefndinni finnst ástæða til þess að breyta þessu á þann veg, sem hv. þm. Barð. benti á, eða hvort ástæða þyki til þess að hafa þá báða í sameiningu, félmrh. og fjmrh.

Í þriðja lagi var það svo um Reykjavík. Já, það er alveg rétt, að gjöldin yrðu hækkuð í Reykjavík eins og annars staðar á landinu, og gjöldin eru til þess að mæta harðrétti og hallæri, en þó að Reykjavík hafi þá sérstöðu, að hún t. d. tekur 15—18 millj. kr. í útsvar af verzlunarágóða á vörum, sem fara út um land, og búast megi við því, að hún þurfi ekki að líða harðrétti eða hallæri, þá gæti þó svo farið, að stórir hópar manna þyrftu á aðstoð þessari að halda. Útgjöldin hækka, það er alveg satt, en það fer fyrst og fremst í sameiginlega sjóðinn, sem kaupstaðirnir eiga alveg sama rétt til og aðrir. Ég skal taka annað dæmi, ég skal ekki taka sjálft verulega dæmið, en ég skal samt taka dæmi. Ef það t. d. eyðileggst bryggja, sem íbúar þorps byggja afkomu sína að verulegu leyti á, þá væri það tjón af náttúruvöldum, og gæti þá bjargráðasjóðurinn hlaupið undir bagga og þannig stundum létt af byrðum ríkisins, sem stundum áður hafa fallið beint á herðar þess, eins og ég gat um áðan, t. d. þegar snjóflóðið drap fé á Snæfjallaströndinni og í sambandi við skriðuföllin í Neskaupstað. Það liggur alveg opið fyrir, að þetta ætti að bæta úr sjóðnum. Við munum nú athuga þetta nánar, en annars er það oftast svo, að það verður að vera á mati sjóðsstjórnar byggt, hvort ástæða er til þess að hlaupa undir bagga með viðkomandi aðilum, og einnig að meta það, hvenær skuli teljast hallæri og hvað harðrétti og hvað eigi að heyra undir hvað og hvar mörkin eigi að draga. Það verður aldrei hægt að koma þessu öðruvísi fyrir en að láta það vera komið undir mati sjóðsstjórnar, það verður að vera matsatriði hverju sinni. Þetta skulum við athuga á milli umr., en ég trúi því samt varla, að Jónasi Guðmundssyni og Bjarna Ásgeirssyni takist betur en tókst 1913 að finna reglur, sem útiloka, að ekki þurfi einhvern tíma að koma til kasta sjóðsstjórnarinnar að meta.

Gísli Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð, herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. N-M. fyrir það, að hann skyldi lofa, að þetta yrði tekið til nánari athugunar í n. milli umr. En út af orðum hv. þm. um Reykjavík, þá er það misskilningur, ef hann heldur það, að ég sé á nokkurn hátt að tregðast við því, að Rvík legði í sjóðinn, heldur vildi ég aðeins, að tryggt væri með ákvæðum í lögunum, til hvers hún mætti nota það fé, sem í séreignarsjóðinn kæmi. En það er ljóst, að séreignarsjóður Reykjavíkur kemur til með að aukast hraðar en annars staðar á landinu, og mér skilst, að það sé ekki hægt að nota hann nema eftir því, sem nú er tekið fram í 1. grein, og það eru þá ekki nema svo tiltölulega mjög fá atvik, sem þar undir gætu komið. En ef hins vegar ætti að fara að nota það til þess að gera við bryggjur, þá er ég hræddur um, að sjóðurinn dygði heldur skammt, því að sjóðurinn mundi þá bókstaflega þurrkast út á skömmum tíma.

En ég benti á þetta vegna þess, að mér skildist, að það þyrftu að vera ákvæði um þetta, sem taka það nánar fram, hvaða kröfurétt viðkomandi staðir eiga í þessu efni á sjóðinn yfirleitt.

ATKVGR.
Brtt. 323,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 323,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 323,3 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 323,4 (ný 6. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 323,5 samþ. með 10 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 323,6 (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 323,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 323,8 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 323,9 samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 323,10 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Fyrir hönd landbn. lofaði ég hv. þm. Barð. því við síðustu umr. um þetta mál að taka til athugunar á fundi n. tvær athugasemdir, sem hann þá gerði við frv. Þetta var rætt á fundi n. í morgun. Við sáum okkur ekki fært að setja inn í þessi l. nein sérákvæði um hina einstöku sérsjóði, sem héruðin eiga. Það er ætlazt til þess, að sýslun. eða bæjarstj. setji um það sérstakar reglur, sem ríkisstj. svo samþ. Þær geta orðið misjafnar í ýmsum héruðum og verða það vafalaust, en okkur fannst, að við gætum ekki gengið lengra en það, að hver sýslun. og bæjarstjórn geti sett um það sérreglur innan ramma l. og eftir því, sem ráðh. vill samþ. Hitt atriðið var það, að hv. þm. Barð. vill breyta þeim ákvæðum 10. gr., þar sem talað er

um, að ráðh. geti veitt sýslun. og bæjarstj. heimild til þess að hækka bjargráðasjóðsgjaldið. Hann benti á það, að þessi l. heyra nú undir félmrn. Og þau munu væntanlega gera það áfram, en þó veit maður ekki, hvernig ríkisstj. kann að skipta með sér verkum, og sá ráðh., sem hefði með höndum yfirstjórn þessa sjóðs, gæti, án þess að fjmrh. gæti fylgzt með því, lagt þær kvaðir á ríkissjóð að leggja fé á móti, ef bæjarfélag eða sýsla vill auka sinn séreignarsjóð fljótt og meira en l. gera ráð fyrir. Má þá eftir 10. gr. hækka iðgjaldið upp í 3 kr., og er þá ríkissjóði skylt að leggja fram, auk þess, sem fyrir er mælt í 3. gr., fé, er nemur hálfu viðbótargjaldinu, og það á að renna í séreignarsjóð viðkomandi sveitarfélaga. Hv. þm. Barð. óttast, að annar ráðh. legði kvaðir á ríkissjóð, án þess að fjmrh. vissi um það. Hann benti hér réttilega á það, að fjmrh. á að bera ábyrgð á fjárreiðum ríkisins öllum saman. N. fannst geta komið til mála breyting á þessu og fól mér að tala við hv. þm. Barð., og hefur okkur komið saman um það, — það er líka í samráði við þá nm., sem á fundinum voru, — að í stað „Ráðherra" í upphafi 10. gr. komi: „Ríkisstjórnin". Þá er ætlazt til, að það sé bæði fjmrh. og sá ráðh., sem þetta heyrir undir, sem veiti samþykki sitt til hækkunarinnar. Í 2. málsgr. 10. gr. stendur: „með leyfi ráðherra", en verður þá: „með leyfi ríkisstjórnarinnar". Ef þessar tvær breyt. verða gerðar, þá er það að okkar dómi tryggt, að hver sá ráðh., sem l. heyra undir, getur ekki gert þetta einn eða í blóra við fjmrh., heldur verður að bera það, sem gert verður, undir hann. Mér skildist, að hv. þm. Barð. gæti vel við þessar breyt. unað, enda virðist mér, að með þessu sé náð því, sem hann taldi að þyrfti að ná, góðri samvinnu milli ráðh., sem fer með þessi mál, og fjmrh. á hverjum tíma. Ég leyfi mér svo að leggja þessar brtt. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 342) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. tjáði hv. d., að n. hefði ekki séð sér fært að setja sérákvæði um séreignarsjóði sýslu- eða bæjarfélaga. Mér er það ljóst, að eftir að málið er komið í það horf, sem það nú er komið í, og sjóðurinn fær nokkru meira fé til umráða, þá kunna að koma kröfur um það síðar meir. Reynslan mun sýna, að það kunni að verða þörf á því seinna. Ég sé ekki ástæðu til að tefja framgang málsins, þó að þessi breyting sé ekki tekin með nú. Ég hef einnig getað fallizt á þær brtt., sem fram eru komnar og gerðar eru í samráði við mig, og ég lýsi mig fylgjandi frv.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er sérstaklega eitt atriði í þessu frv., sem ég get a. m. k. ekki að svo komnu máli fallizt á að hafa á þann veg, sem hér er ráð fyrir gert. Það er um skiptingu á sjóðnum milli sameignarsjóðs og séreignarsjóða sveitarfélaga. Það var svo í l. áður, að þessi skipting var þannig, að séreignarsjóðir sveitarfélaga áttu sjálfir allt það fé, sem þau lögðu í sjóðinn. Að vísu var það miklu minna en nú er gert ráð fyrir, að þau leggi í sjóðinn, en prinsípið var það, að viðkomandi sveitarfélag átti sem séreign það fé, sem það hafði lagt í sjóðinn, en sameignarsjóður aðeins það fé, sem ríkissjóður lagði fram. Nú er þessu breytt þannig, að sameignarsjóður fær aukið ríkisframlag og helming af því fé, sem sveitarfélögin gjalda til sjóðsins. Í raun og veru væri kannske réttasta leiðin í þessu að hafa enga skiptingu á þessu, heldur að sjóðurinn væri allur sameignarsjóður, sem allir landsmenn hefðu aðgang að, þegar þannig lagað tjón yrði, sem ætti að bæta með fé úr sjóðnum, og þá yrði enginn reipdráttur um þetta milli einstakra sveitarfélaga, eftir því hvar menn eru búsettir í landinu. En fyrst haldið er í þessa skiptingu á sjóðnum í sameignarsjóð og séreignarsjóði sveitarfélaga, þá sé ég ekki, hvaða rök liggja til þess, að verið sé að rýra sérsjóði sveitarfélaga hlutfallslega á þann hátt, sem nú er ætlazt til að gert sé. Mér finnst, að sé skiptingunni haldið á annað borð, þá eigi sveitarfélögin að hafa í sínum sjóðum allt það fé, sem frá þeim er runnið. Það er að vísu sagt, að með þessari breyt. á l. sé tilgangurinn sá, að sameignarsjóður hafi meira fé til umráða og verði þá þess megnugur að hlaupa undir baggann, þar sem stór tjón kunna að verða. Ég sé ekki, að þetta gefi ástæðu til að gera þessa breytingu á skiptingu sjóðanna. Þegar tjón verður, hvort sem það er meira eða minna, þá á samkvæmt l. alltaf fyrst og fremst að grípa til séreignarinnar, og eftir því sem hún er minni — eins og hún verður með þessari skiptingu — þá hrekkur séreignarsjóður viðkomandi sveitarfélags auðvitað skemmra og verður þá fyrr að grípa til sameignarsjóðsins. Sé hins vegar séreignarsjóðurinn myndaður af öllu því fé, sem í hann hefur runnið, endist hann lengur, og er þá í mörgum tilfellum ekki þörf á að grípa til sameignarsjóðsins. En hvernig sem með þetta er farið, þá verður það heildarfjármagn, sem bjargráðasjóður hefur yfir að ráða, alltaf það sama, svo að ég sé þess vegna ekki, að þessi skipting sé nein trygging fyrir því, að frekar verði hægt að bæta tjón eða lána. Ég álít miklu eðlilegra, að ef þessari skiptingu er haldið, þá hafi sveitarfélögin í sínum sjóði allt fé, sem frá þeim er komið, og sameignarsjóður það, sem ríkið leggur fram, og vexti af því. Sá sjóður verður a. m. k. alltaf eins hár og allir séreignarsjóðirnir til samans, svo að mér virðist, að samanborið við séreignarsjóðina, þá muni hann verða tiltölulega mikill varasjóður til að grípa til, þegar séreignarsjóðurinn hrekkur ekki. Ég álít sem sagt, að ekki sé ástæða til að breyta þessu hlutfalli prinsípielt frá því, sem verið hefur áður, og ég leyfi mér því að leggja fram skriflega brtt., sem fjallar um það, að haldið verði sömu hlutföllum, og er hún þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Við 9. gr. Greinin orðist svo: Það fé, sem ríkissjóður leggur sjóðnum til samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal það fé, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign

þeirrar sýslu eða kaupstaðar, er gjaldið greiddi, og leggjast vextir af því við séreignina.“ Eins og ég tók fram áðan, álít ég kannske heppilegast að hafa sjóðinn bara í einu lagi, svo að allt saman verði sameignarsjóður. En af því að þessi skipting hefur verið áður, þá geri ég ráð fyrir því, að hv. þdm. geti frekar fallizt á þá skipan, og hef ég því bundið mína till. við það, sem áður var í l.

Úr því að ég er staðinn upp, vil ég aðeins benda á það, að ég tel það dálítið vafasamt, að það ákvæði, sem hér er í 11. gr. l., sé kannske í öllum tilfellum heppilegt, en það er talað um, að veita megi bætur vegna hallæris eða harðinda, og er það í gr. orðað svo: „enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu.“ Það er sem sagt skilyrði fyrir því, að tjónið verði bætt, að það, sem skemmzt hefur, hafi verið óvátryggt með öllu. Hugsunin í þessu er sú, að vátryggingarnar, ef fyrir hendi eru á annað borð, séu þannig, að tjónið verði nokkurn veginn eða kannske alveg bætt með þeim. Og þá leiðir það af sjálfu sér, að ekki þarf að bæta tjónið úr bjargráðasjóði. Hins vegar held ég, að allmörg dæmi séu um það, að þótt hlutir séu vátryggðir, t. d. fasteignir, þá er vátryggingin svo lág, að ef eignin eyðileggst, þá verður eigandinn þrátt fyrir vátrygginguna fyrir stórtjóni. Ég álít dálítið vafasamt, að það eigi að binda það skilyrðislaust við það, að ekki megi bæta tjón, ef eignin er eitthvað vátryggð, jafnvel svo lágt, að eigandinn verði fyrir stórtjóni. Ég held, að mælikvarðinn verði að vera sá, hvort um svo mikið tjón sé að ræða, að ástæða sé til þess að bæta það, en hitt sé aukaatriði, hvort eignin hefur verið vátryggð, ef þrátt fyrir vátrygginguna verður um að ræða stórtjón fyrir eigandann. Ég hef ekki gert till. um þetta, en mér virðist rétt að benda á það, því að ég hygg, að slík tilfelli hafi átt sér stað og geti eins hér eftir átt sér stað. Ég sé ekki ástæðu til að tefja málið við 3. umr. af þeim sökum, en ef hv. n. vildi athuga þetta nánar, væri æskilegt, að það yrði gert.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 343) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. gerði grein fyrir sinni brtt. og talaði auk þess nokkuð um 11. gr., sem hann taldi, að mundi þurfa að breyta. Ég held, að það sé óþarfi. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvað hér geti verið um að ræða, sem er vátryggt og mundi koma undir bætur úr sjóðnum, og ég finn þar eiginlega ekki annað en búfé. Og sé það vátryggt eftir l. um tryggingu á búfé, þá fæst það búfé, sem ferst, bætt að þrem fjórðu, og ég held, að maður mundi ekki sjá ástæðu til að bæta það meir, ef það væri tryggt. Ég held, að það sé mjög óvenjulegt að tryggja bryggjur gegn sjóflóðum, skriðuföllum eða snjóflóðum, og fyrir því er mjög óvenjulegt að tryggja. Ég held þess vegna, að ekki sé þörf á að breyta þessu. Hvað hitt atriðið snertir, að hlutföllin milli séreignarsjóðs og sameignarsjóða verði eins og þau áður voru, þá er það við það að athuga, að þegar þessi breyting er gerð — en fyrrv. landbrh., sem hefur verið í stjórn sjóðsins í mörg ár, og núverandi formaður sjóðsstjórnar, skrifstofustjórinn í félagsmálaráðun., leggja það til, að þessi breyting sé gerð — þá vakir það að mínu áliti fyrir þeim, að það hefur viljað ganga svo til öll þau mörgu ár síðan 1913, að séreignarsjóðurinn hefur tiltölulega lítið aukizt. Það hefur verið leyft og er enn leyft viðkomandi héraðsstjórnum — sem hafa þar fyrsta rétt til þess að ráða yfir, þó að þær verði að bera það undir ráðh. síðar, — að láta beinar greiðslur úr sjóðnum til þess að mæta stórum skakkaföllum. Þetta hefur hvað eftir annað verið gert, og þess vegna eru eignir margra sýslufélaga í séreignarsjóðnum sama sem engar. Sameignarsjóðnum hefur hins vegar ekki verið ætlað að fara inn á þetta svið, en hefur fyrst og fremst verið ætlað að mæta þessum skakkaföllum með lánveitingum. Og ég held, þegar þeir hafa breytt þessum hlutföllum, þá hafi þeir gert það til að efla þann hluta sjóðsins, sem fyrst og fremst var ætlað að vaxa, svo að hann gæti mætt þessum stærri skakkaföllum með því að hlaupa undir bagga með landsmönnum, en að minni áherzla hafi verið lögð á það að láta þann sjóð vaxa, sem gat horfið, ef stærri skakkaföll urðu í því héraði, ef viðkomandi héraðsstjórnir lögðu á það mikla áherzlu. Ég álít þetta, án þess að ég sé þó alveg viss um, að þetta hafi vakað fyrir þeim. Ég held, að þegar þessir tveir menn, og sérstaklega landbrh., sem búinn er að vera í stjórn sjóðsins í meir en 20 ár og fylgjast með honum á seinni tíma — og hinir stjórnarnefndarmennirnir hafa fylgzt með honum líka — þegar það er eiginlega öll stjórn sjóðsins, sem óskaði eftir þessari breyt. á l., sem gert er ráð fyrir í frv., þá held ég, að við eigum ekki að breyta þessu ákvæði frv. nú, heldur eigum við að lofa sameiginlega sjóðnum, sem á að vera lánsstofnun, að vaxa, en láta hina sjóðina heldur vaxa hægar, þ. e. séreignarsjóðina, sem reynslan hefur sýnt, að geta orðið eyðslufé, — án þess að ég ætlji það að neinu leyti, að svo hefur orðið um séreignarsjóðina, því að það mun ekki hafa verið látið fé úr þeim sjóðum, nema full ástæða hafi verið til. En reynslan hefur orðið sú, að þeir sjóðir hafa vaxið lítið. Þess vegna álít ég, að við eigum ekki að breyta þessu hlutfalli, og þess vegna ekki að samþ. þessa brtt. frá hv. 4. landsk. þm.

ATKVGR.

Brtt. 343 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, StgrA, BrB, GJ, BSt.

nei: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, BBen, EE, JJós.

HG greiddi ekki atkv.

4 þm. (LJóh, FRV, GÍG, HermJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Gísli Jónsson: Mér þykir miklu eðlilegra, að skiptingin á fénu sé eins og hún hefur verið áður og eins og gert er ráð fyrir í tillgr., og sé ekki annað en að það sé hægt að fyrirbyggja, að sjóðsfénu sé eytt um of, þó sú skipan verði höfð, og segi því já.

Brtt. 342 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 49. fundi í Nd., 21. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 344).
Á 50. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Frv. er nú komið frá Ed., og hafa þar verið gerðar á því nokkrar breytingar. Flestar þeirra eru smávægilegar og tvær aðeins leiðréttingar á prentvillum. Segja má, að aðeins sé um eina efnisbreytingu að ræða, en það er breyt. á 10. gr., þar sem ákveðið er, að ef einstök sýslufélög nota sér heimild laganna til að leggja fram meira fé til bjargráðasjóðs viðkomandi héraðs en tilskilið er, þá skuli ríkissjóður greiða hálft gjald þar á móti. Ég hygg, að landbrh. geti fyrir sitt leyti fallizt á þessa breytingu, en hinar aðrar fela aðeins í sér smávægilegar orðalagsbreyt., sem hvorki gerir til né frá um, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

---

44. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (í marz).

Á 51. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 114 1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 [119. mál] (þmfrv., A. 354).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Af sérstökum ástæðum fór það fram hjá mér í gær, að málið var á dagskrá, og ég var því ekki viðstaddur, þegar það var tekið fyrir. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Eins og hv. þm. vita, ná heimildir þessar til greiðslu úr ríkissjóði ekki lengra en til 1. n. m., þannig að næstkomandi miðvikudag getur ríkissjóður ekki innt af hendi venjulegar kaupgreiðslur og annað aðkallandi, ef þessi heimild er ekki framlengd. Ég vænti þess vegna, að takast megi að afgreiða þetta frv. út úr þessari hv. d. í dag, svo að það gæti þá að minnsta kosti komizt í gegnum hv. Ed. á mánudag.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að óhjákvæmilegt er að framlengja þessar greiðsluheimildir, vegna þess að enn hafa ekki verið afgr. fjárl. fyrir yfirstandandi ár. En ég vil leyfa mér að leggja fram skriflega brtt. við þetta frv., að efni til um það, að heimildin gildi til 1. apríl, en ekki til 1. maí, eins og stendur í frv. Ég tel, að Alþ. eigi að setja sér það takmark að reyna að ljúka afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir 1. apríl. Vil ég svo óska þess, að hæstv. forseti taki þessa brtt. mína til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 364) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Ég get eftir atvikum fallizt á það, að fresturinn sé styttur, þannig að framlengingin gildi einn mánuð, eins og segir í brtt. hv. þm. V-Húnv. Það kemur þá til Alþ. að framlengja þessi l. einu sinni enn þá, ef fjárl. verða ekki afgreidd fyrir 1. apríl.

ATKVGR.
Brtt. 364 samþ. með 21 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 366).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Það er óþarfi að hafa langar skýringar við þetta frv. Þær heimildir, sem nú eru til um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, renna út 1. n. m., vegna þess að fjárl. hafa ekki verið afgr. Því er nauðsynlegt, ef venjulegar greiðslur eiga ekki að stöðvast næsta miðvikudag, að framlenging fáist á þessum heimildum. Þetta frv. hefur þegar verið samþ. í Nd. í dag með þeirri breyt., að heimildin gildi til 1. apríl, þannig að það sé um eins mánaðar framlengingu að ræða. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hv. d., að þessu

verði hraðað og málið afgr. í dag og ekki sett í nefnd.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Lög þau, sem hér er verið að breyta, eru nr. 114/1949. Í þeim l. segir í 1. gr.: „Til 1. febr. 1950 er ríkisstj. heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1949, öll venjuleg rekstrarútgjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn." Samkvæmt 14. gr. fjárl. fyrir árið 1949, II. b., er veittur námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs, kr. 350000. Nú hefur menntamálaráð ritað fjmrh. bréf og fjmrh. sent það til fjvn. og spurt, hvort n. vilji mæla með því, að þessar greiðslur fari fram, þar sem fjárl. hafa ekki verið afgreidd. Ég lít svo á, að rétt sé, að þessar greiðslur fari fram, en vildi fá að heyra álit hæstv. fjmrh. á því, hvort orðin: „önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna" — heimili ráðh. að greiða a. m. k. fyrsta ársfjórðung ¼ af þeim námsstyrk, eða allt að þeirri upphæð, sem veitt var 1949. Ég minnist á þetta hér vegna þess, að það er aðkallandi, að þeir, sem fengu þennan styrk og búast við að fá hann, geti fengið hann mánaðarlega og sú greiðsla sé ekki tafin. Ég vildi heyra frá hæstv. ráðh., hvort hann telur ekki fært að greiða þetta eftir ákvæðum l. eða hvort hann telur nauðsynlegt að koma með brtt. til að tryggja, að þetta sé greitt, því að það er ótækt, að námsfólk í útlöndum, sem byggir sína afkomu á þessum styrk, þurfi að bíða eftir því t. d. til 1. apríl eða 1. maí, þegar fjárl. verða afgreidd, og geti þar af leiðandi ekki fengið sinn styrk.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Þetta atriði hefur verið athugað, og sé ég ekki betur en að þessi heimild nái yfir þessa liði, sem hv. þm. Barð. nefndi, þar sem hér er um fasta liði í fjárl. að ræða, og ég tel eftir atvikum rétt, að út á þessa liði sé greitt 3—4 mánuði samkv. þeim styrkjum, sem voru á síðustu fjárl., og mun ég gera ráðstafanir til þess, að það verði athugað á sínum stað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 64. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 367).

---

45. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (í apríl).

Á 77. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 114 1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 [136. mál] (þmfrv., A. 506).

Á sama fundi var frv. tekið til umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. flytur þetta frv. fyrir tilmæli fjmrh. Hér er um endurtekna framlengingu að ræða, sem eins og ástatt er er sjálfsögð, og mælir n. með frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Forseti. Það þarf ekki langa framsöguræðu fyrir þessu máli, því að öllum hv. þm. er kunnugt, að heimildin til fjárgreiðslu úr ríkissjóði er úti þann 1. apríl. Það er líka vitað, að fjárl. eru ekki afgreidd

enn. Hins vegar standa vonir til, að þeim verði lokið fyrir 1. maí, og þess vegna farið fram á, að heimildin verði framlengd til þess tíma. — Ég fjölyrði ekki frekar um þetta, en ég óska, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari lokinni. Hins vegar held ég, að ekki sé ástæða til að vísa málinu til nefndar, og vænti, að hv. d. geti fallizt á það.

Haraldur Guðmundsson: Forseti. Ég geri ráð fyrir, að eins og málum er komið sé óhjákvæmilegt að samþ. þá framlengingu á heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði, sem hér er farið fram á. Ég get líka eftir atvikum fallizt á þá tilhögun, að málið gangi ekki til n., enda er ekki líklegt, að það hafi neina þýðingu, því að hæstv. stj. hefur það á sínu valdi, að ekki verði gerðar breytingar á frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: LJóh, StgrA, BrB, EE, GJ, HG, HermJ, KK, RÞ.
8 þm. (SV, VH, ÞÞ, BSt, BBen FRV, HV, JJós) fjarstaddir.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, LJóh, ÞÞ, EE, GJ, HV, HG, JJós, RÞ.
StgrA, BrB, FRV greiddu ekki atkv.
5 þm. (SV, VH, BSt, BBen, HermJ) fjarstaddir.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

46. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (3. framlenging III. kafla).

Á 77. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [137. mál] (þmfrv., A. 507).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Ásgeir Ásgeirsson: Fjhn. flytur þetta frv. samkvæmt beiðni fjmrh. samkvæmt þeirri reglu að flytja stjfrv. til þess að greiða fyrir því, að þau komist inn í þingið. Þetta er formsatriði til þess að gera þetta einfaldara, en segir ekkert til um fylgi nm. við frv. Hæstv. fjmrh. mun hafa framsögu um frv., en ég mun gera grein fyrir mínu atkv. síðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og hv. þm. hafa gert sér ljóst, er mjög mikið undir því komið, hvernig tekst til um afgreiðslu fjárl. Nú hefur verið ráðizt í það að breyta l. um skráningu íslenzkrar krónu, með það fyrir augum að bæta afkomu útflutningsatvinnuveganna og reyna að skapa fjárhagslegt jafnvægi. Eitt höfuðatriði þess að þetta ætti að takast og höfuðundirstaðan var það, að þinginu auðnaðist að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., þ. e. a. s. fjárl., sem í reyndinni yrðu greiðsluhallalaus, þannig að tekjur ríkissjóðs borguðu öll venjuleg rekstrarútgjöld og einnig þau framlög, sem ríkið veitir til verklegra framkvæmda, og greiðslur til þess að greiða fastar afborganir af skuldum ríkisins. Undanfarin ár hefur þetta ekki tekizt, eins og kunnugt er, og afleiðingarnar hafa orðið mjög slæmar. Nú er rétt og almennt tekið fram, að þetta verður áreiðanlega ekki auðvelt verkefni, og kemur auðvitað gleggra í ljós síðar. En ég tel mér skylt í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, um framlengingu á söluskattinum og nokkrum lagaheimildum, að gefa mönnum ofur litla hugmynd um það, hvernig þetta horfir eftir gengisbreytinguna, en það getur ekki orðið nema ófullkomið vegna þess, að þó að fjmrn. hafi starfað að því síðan stjórnarskiptin urðu að fá yfirlit um áhrif gengisbreyt. á fjárl., þá er því starfi ekki að fullu lokið enn þá. Því er þannig varið, að til þess að fá yfirlit um þetta þarf margs að gæta, bæði að reikna út, hvaða áhrif gengisbreyt. hefur á einstaka rekstrarliði, og einnig að komast að niðurstöðu um það, hvaða áhrif gengisbreyt. hefur á afkomu ýmissa ríkisstofnana, og í því sambandi veltur niðurstaðan oft á því, hvaða ákvarðanir er hægt að taka um auknar tekjur handa þessum stofnunum til að mæta auknum útgjöldum vegna gengisbreytingarinnar. Af þessu leiðir, að þessi rannsókn verður æðimikið verk og niðurstöður liggja ekki að fullu fyrir enn þá. — En það er fleira, sem þarf að athuga í þessu sambandi en bein áhrif gengisbreyt. Það þarf einnig að gæta þess, hvort Alþ. hefur gert ráðstafanir, sem gera það nauðsynlegt að breyta fjárl. frá

því, sem þau eru, til þess að þau sýni rétta mynd af þeim ákvörðunum, sem þegar hafa verið gerðar, og þessar athuganir hafa einnig staðið yfir og eru að sumu leyti nokkru lengra komnar en athuganir á áhrifum gengisbreytingarinnar, og kemur þetta dálítið fram í því, sem ég segi á eftir.

Ég ætla þá að reyna að gefa hv. þm. ofur litla hugmynd um horfurnar í þessum efnum og íhuga fyrst um gjaldahlið fjárl. Þá er þess að gæta, að í fjárlfrv., eins og það liggur fyrir nú, er ekki gert ráð fyrir neinni launauppbót handa starfsmönnum ríkisins, þó að hún hafi verið greidd um margra mánaða skeið. Nú er augljóst, að þessum uppbótum verður ekki svipt með öllu frá því, sem þær hafa verið að undanförnu, og meðan ekki er vitað, hvort sett verða ný launal., þá verður að halda þessum greiðslum áfram. Hér er því um mikil útgjöld að ræða fyrir ríkissjóðinn, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlfrv. Þá er þess að gæta, að gengislækkunarlöggjöfin hlýtur að hafa í för með sér einhverjar auknar launagreiðslur fyrir ríkið. Það er erfitt að spá um það, því að ekki er vitað, hvort hækkun verður á vísitölunni eða hver hún kann að verða 1. júlí, þegar síðasta breyt. á launum eftir löggjöfinni fer fram. En einhver hækkun hlýtur að verða á launagreiðslum af þessum ástæðum, líklega einhvers staðar á milli 10—15 millj. kr. alls.

Þá þykir mér rétt að geta þess, að við athugun á fjárl. og ýmissi annarri löggjöf og við það að kynna mér nokkuð ýmislegt af því, sem til stendur í sambandi við gjöld ríkisins, þá hefur komið í ljós, að allverulega pósta vantar í fjárl. annað en þetta, óviðkomandi gengislækkuninni, til þess að þar komi öll kurl til grafar. Ég get ekki gefið nauðsynlegt yfirlit um þetta, því að þar eru mörg álitamál, sem þarf að meta, en það eru margir lögboðnir póstar, sem hljóta að koma til greina, þó að ekki verði ákvarðað, hvað stórir þeir eru. Ég vil benda á, að það er ekki í fjárlfrv. gert ráð fyrir framlagi til aflatryggingasjóðs, en hann á að fá 1.3 millj. kr. úr ríkissjóði, sem þarf að setja í fjárl. Enn fremur var í dýrtíðarlöggjöfinni frá í vetur gert ráð fyrir framlögum til þess að lækka framleiðslukostnað bátaútvegsins, og það mun verða 1.7 millj. kr. fram að þeim tíma, sem gengislækkunin tekur við. Í þeirri sömu löggjöf er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilt að greiða allt að 1.5 millj. kr. til þess að létta sjóveðum af bátum, en það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um það, að hve miklu leyti þessi heimild verður notuð, en mér skilst á hæstv. atvmrh., að líkur séu fyrir því, að það verði notað eitthvað af þessu, og þá þarf það, sem notað verður, óhjákvæmilega að koma á fjárl. Enn fremur vil ég geta þess, að það hefur verið með löggjöf, sem sett hefur verið á þinginu, eiginlega skotið loku fyrir það, að framkvæmdasjóður ríkisins geti lagt fram það fé, sem nauðsynlegt er til þess að hann geti leyst af hendi sitt hlutverk, þ. e. að kaupa stórar ræktunarvélar. Honum var ætlað fé af eignaraukaskattinum, en nú er loku fyrir það skotið, það verður því að taka tillit til þessa við afgreiðslu fjárl. Einnig vil ég nefna, að það eru uppi háværar raddir um það, og er það byggt á sanngirni, að ríkið hlaupi undir bagga með því námsfólki erlendis, sem verður fyrir þungum búsifjum af gengislækkuninni, og yrði það einnig að koma á fjárl. Ég vil í þessu sambandi einnig minnast á það, að ég sé alveg í hendi mér, að vegaviðhaldið er lægra sett á fjárl. en vonir eru til, að vegunum verði haldið í sæmilegu lagi með, og hlyti að verða að hækka þá fúlgu allverulega. Og þannig mætti enn telja fleiri liði, sem ég vil ekki vera að þreyta hv. alþm. á. En hér er um stórar fjárhæðir að ræða til viðbótar þeim liðum, sem ég greindi áðan, þegar ég ræddi um launamálin, og ekki eru enn að fullu metnir, en er alveg auðséð, að verða 10—15 millj. kr., en fer eftir því, hversu miklu er hægt að ná upp aftur við auknar tekjur þeirra ríkisstofnana, sem þurfa að auka útgjöld sín af þessu.

Af þessu er augljóst, að aðallega vegna þess, að á fjárl. vantar stórar fúlgur og sumt er þegar greitt úr ríkissjóði, og sumpart vegna áhrifa frá gengisbreytingunni, verður að auka gjaldahlið fjárl. um nokkra milljónatugi, ef þau eiga að sýna rétta mynd af þeim ákvörðunum, sem þingið hefur tekið í löggjöf og varðandi framkvæmdir. Hvort svo væri hægt að mæta þessu með einhverri tilfærslu, vil ég ekki segja neitt um á þessu stigi, en ég þykist sjá, að með þessu verði erfitt um vik í því efni, eftir að hafa athugað fjárl., og mun það verða rætt síðar.

Þá er það um tekjuhliðina að segja, að nokkur rannsókn hefur farið fram á því, en þó er erfitt um vik, vegna þess að þá þarf að reikna innflutning til landsins, og þar er um að ræða áætlaðan innflutning. Það er augljóst, að ef afgreiða á greiðsluhallalaus fjárl., þá verður að framlengja þá skatta og gjöld, sem í gildi eru, og er þó borin von, að niðurstaðan geti orðið slík, að um greiðsluhallalausa afgreiðslu verði að ræða, vegna þess að þótt við reiknum með jafnmiklum innflutningi og í fyrra, þá munu innflutningsgjöldin ekki gera betur en að jafna þær fúlgur, sem ég hef talið, og þó tæplega það. En um innflutningshorfurnar er eiginlega ómögulegt að sjá eins og horfir í dag. — Af þessu leiðir, að hér hefur verið lagt fram þetta frv. um framlengingu á þessum tekjustofnum, þar sem leyfisgjöldin eru að miklu leyti felld niður. Það var áður búið að fella niður leyfisgjöldin af gúmmíi og hlutum til bifreiða og heimilisvélum, og nú er fellt niður gjald af kvikmyndum og vörubílum, en hins vegar er haldið aðeins gjaldi af fólksbifreiðum og nokkru lægra gjaldi af ferðamannagjaldeyri, 25% í staðinn fyrir 75% áður. Það hefði verið æskilegt að geta fellt þessi leyfisgjöld niður, en það er síður en svo, að það veiti af því að hafa það til ráðstöfunar, sem inn kæmi af þessu, þó að það sé ekki meira en ca. 3½ millj. kr. Svo vil ég geta þess, að það er mjög eftir því leitað, að reynt yrði að lækka skatta á lægstu tekjum, þ. e. a. s. tekjuskattinn, og er það mál í athugun hjá ríkisstj., og hygg ég, að hún hafi fullan hug á að mæta þessum óskum að einhverju leyti.

Þetta er þá í örfáum orðum það, sem ég vildi

segja til skýringar þessu frv. Það, sem er höfuðatriðið fyrir Alþ. nú, það er að sjá fótum sínum forráð við afgreiðslu fjárl. og horfast í augu við það, að skattalækkun getur ekki byggzt á öðru en því að lækka rekstrargjöldin. Hún getur ekki byggzt á því, að hún komi fram sem halli á fjárl. og auknar lausaskuldir í bönkunum. Höfuðatriði málsins er það, að þingið sjái fótum sínum forráð og horfist í augu við, að lækkun skatta hefur í för með sér lækkuð útgjöld ríkisins. Slíkt er eigi mögulegt, og verður að horfast í augu við það.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég skal ekki bera á móti því, að nauðsynlegt sé, að jöfnuður sé á fjárl. Jöfnuður á fjárl. er eitt af þeim skilyrðum, sem nauðsynlegust eru, til þess að heilbrigð fjármálastarfsemi í landinu geti þrifizt. En þarna koma fleiri atriði til greina. Það er hægt að vinna þannig að jöfnuði á fjárl., að það spilli tilganginum með honum.

Þegar frv. til l. um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. var samþ., munu flestir hafa búizt við, að III. kafli l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, mundi verða felldur niður. Með þeim álögum, sem þar voru teknar, var að vissu leyti píndur út hinn síðasti eyrir af ýmsum vörutegundum til þess að halda sjávarútveginum gangandi. Með greindum III. kafla var, ef þannig má að orði komast, gengislækkun framkvæmd fyrir fram á tilteknu sviði. Þessar álögur ættu því að falla niður, þegar gengisfallið kemur til framkvæmda. Annars er um tvöfalda gengislækkun að ræða. Það kemur á óvart, þegar felldar eru niður uppbótargreiðslur, að þá skuli vera lagt til að halda við álögum vegna uppbótargreiðslna til sjávarútvegsins, sem felldar eru niður. Ég er hræddur um, að sumum útgerðarmönnum og frystihúsaeigendum hafi þótt þetta vera peningur sinn og þeir kunni að koma og mælast til, að skattarnir séu innheimtir áfram og heimti aukna tryggingu. — Ég sagði, að fleiri atriði kæmu til greina, þótt greiðslujöfnuður á fjárl. sé höfuðatriði, eins og það að halda niðri dýrtíðinni í landinu. Söluskatturinn, sem hér er lagt til, að innheimtur verði, veldur 3% hækkun vísitölunnar og samsvarar 9 stigum gömlu vísitölunnar. En slík breyting vísitölunnar vinnur á móti tilgangi gengisskráningarlaganna yfirleitt. Það var verið að blanda inn í þetta mál mörgum atriðum, er vinna á móti höfuðtilgangi þeirra. Það er m. a. eitt höfuðatriði, að það á að líta á það sem gengisgróða, sem er í rauninni gengismismunur. Það á að líta á hann sem verðmæti og úthluta honum. En þetta vinnur á móti tilgangi l., eins og hitt, að innheimta söluskatt, og torveldar því framkvæmd þeirra.

Í þessu frv. er þar að auki lagt til, að greiða skuli viðbótargjöld „af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð". Nú er gengisbreytingin gerð til að koma á sæmilegu jafngengi við önnur lönd. En óviðeigandi er að hafa sérgengi varðandi ferðalög, og er með því nærri kveðinn upp sá dómur, að gengisbreytingin hafi verið ófullnægjandi. Mér finnst, að gengið á dollarnum hefði átt að vera óbreytt. Þreföld hækkun kostnaðarins ætti að vera nægileg, og er óviðeigandi að hafa tvöfalt gengi eftir breytinguna á gengisskráningunni. Það má bæta því við, að þessi skattur lendir á gjaldeyri, sem ríkið telur, að veita þurfi til ferðalaga, en nær eigi til svarta markaðarins. Maður skyldi ætla, að með gengisbreytingunni hafi átt að afmá viðskipti á svörtum markaði. Vil ég og segja, að hún nái eigi tilgangi sínum, nema svarti markaðurinn hverfi. En þarna er komið fram grímuklætt gengi, sem er í ósamræmi við tilgang l. um gengisskráningu. — Þá vil ég minna á, að það á að greiða 35% gjald af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum, en fella niður skatt af jeppum og vörubifreiðum, sem vinna mikið gagn. Fjöldi fólksbifreiða á hins vegar engan rétt á sér. Eftir því, sem ég hef heyrt, verður þó verðið á vörubifreiðum tiltölulega hærra en á almenningsbifreiðum. Þessi skattur er tilfinnanlegur, því að hann verður, að viðbættri gengisbreytingunni, hærri en gamli skatturinn. T. d. er verðmæti, sem kostar 100 kr., breytt í 150 kr. með gamla skattinum, en rúmlega 170 kr. með gengisbreytingunni, og að viðbættu 35% gjaldi fer þetta að nálgast 230 kr. Þessi 35% skattur verður því hærri en gamli 50% skatturinn. Það á því að koma hærri skattur á fólksbifreiðar. Mér er eigi heldur kunnugt um, að flytja eigi inn fólksbifreiðar á næstunni að verulegu ráði. Það á víst, eftir því er mér er kunnugt, að flytja bifreiðar inn fyrir hið opinbera og atvinnubílstjóra. Munu atvinnubílstjórar eiga fullt í fangi með atvinnurekstur sinn, þótt eigi sé farið að leggja á þá auknar álögur. Skil ég heldur eigi, að farið verði að flytja inn lúxusbifreiðar sérstaklega. Þessi skattur mundi því gefa lítið í aðra hönd, og hefði átt að sleppa því að leggja hann á þessar bifreiðar eins og hinar.

Þá má minna á 31. gr. l., sem hljóðar svo, að greiða skuli „gjald, 20%, af matsverði bifreiða, sem ganga kaupum og sölum innanlands. — Ákveða skal með reglugerð, hvernig meta skuli verð bifreiðanna...." Það hefði átt að nota tækifærið til að breyta þessu og miða við kaupverð.

Skal ég eigi fara fleiri orðum um þetta. Mér þætti rétt, að hæstv. ríkisstj. biði með till. sínar, þar til er hún getur gefið skýrt yfirlit um áætlaðar tekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu, og er eigi unnt að leggja fram till. um útgjöld, nema till. komi einnig fram um sparnað. Það hefði átt að fylgjast að og liggja fyrir greinilegt yfirlit. Verð ég að segja, að nauðsynlegt sé að leita að heppilegri gjaldstofnum en þessum, því að skattar eins og söluskatturinn vinna á móti tilgangi l. Þess vegna hefði ég talið heppilegra að bíða nokkurra átekta með frv., svo að fyrir gæti legið skýrt yfirlit um væntanlega afkomu næsta fjárhagsárs.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þótt hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) hafi fært fyrir því rök af hálfu Alþfl., hversu óeðlilegt við teljum að framlengja þá skatta, sem á voru lagðir, m. a. til þess að greiða útflutningsuppbætur á sjávarafurðirnar, þá finnst mér hlýða að segja hér

nokkur orð, því að satt að segja varð ég undrandi, þegar ég sá frv. og vissi um það, sem fram ætti að koma. Ég held og, að ég verði eigi einn um þá undrun. Ég held, að um landsmenn megi segja hið sama og okkur þm. Alþfl. — Það var talið málinu til gildis, þegar hin stórkostlegasta gengislækkun, sem gerð hefur verið í álfunni, var samþ. og nú er fram komin, að þá mætti fella niður ýmis útgjöld og skatta, sem um var kvartað og á voru lagðir til þess að halda við framleiðslustarfseminni í landinu. Hygg ég, að margir, sem blöskraði söluskatturinn, bílaskatturinn o. fl., hafi þó kennt minni sársauka þá en nú, því að menn bjuggust við, að þessir skattar mundu verða felldir niður. En sú hefur eigi orðið raunin á af hálfu hæstv. ríkisstj. Er einkennilegt, að hálfum mánuði eftir að framkvæmd hefur verið hin mikla gengislækkun, skuli vera haldið við öllum þeim sköttum, sem á voru lagðir áður, og jafnvel auknir, eins og hv. þm. V-Ísf. minntist á. En e. t. v. er það svo, að mönnum hafi dottið í hug, þegar gengislækkunin var framkvæmd, að til þess að mæta áhrifum lækkunarinnar á afkomu ríkisins yrði að halda við sköttum, sem áður voru lagðir á.

Hæstv. fjmrh. lét í það skína, að af gengislækkuninni mundi leiða stórfelld aukin útgjöld ríkissjóðs. Engan þarf það að undra. Mér hefur verið sagt af einum þeirra embættismanna ríkisins, sem vinna að atvinnumálunum, að aukin útgjöld hans til samgöngu- og hafnarmála muni nema frá 20—70% við gengislækkunina, og eru þetta eigi litlir liðir á fjárl., svo að enginn skyldi undrast, þó að við þá þyrfti að bæta. Þetta er það, sem allir menn vita. Hefði átt að gera sér þessa grein, þegar gengislækkunin var ákveðin, og láta eigi í það skína, að hægt yrði að fella niður þá skatta, sem undanfarin ár hafa verið lagðir á, undan hefur verið kvartað og orsök hafa orðið til ásakana, er beint hefur verið að þeim mönnum, sem þátt áttu í að leggja þá á. Það er síður en svo farið inn á þær leiðir, heldur var látið skína í það, að nú yrði unnt að létta af þeim sköttum, sem vondir menn stóðu að, og væri sú leið ófær til frambúðar. Mig skyldi eigi undra, þótt þetta yrði fyrsta sporið á óhappaleið í fjármálum ríkisins. Mig skyldi eigi undra, þó að haldið yrði uppi fyrri sköttum og jafnvel við þá bætt. Mig skyldi eigi undra, þó að upp styngi kollinum og framkvæmt yrði að nýju ábyrgðarverð á útflutningsvörum sjávarútvegsins og upp kæmu raddir um að undanskilja frjálsan gjaldeyri til útvegsmanna. Þá yrði haldið áfram á sömu braut, ofan á gengislækkunina. Hitt er svo annað mál, eins og hv. þm. V-Ísf. gat um, að eigi er þetta vænlegt til að halda niðri verðlaginu í landinu, s. s. það að viðhalda þeim sköttum, sem verka mest til aukningar dýrtíðarinnar innanlands, t. d. söluskattinum. Það er talið, eins og hv. þm. V-Ísf. gat um, að viðhald söluskattsins mundi nema 3%, og hverju menn svo sem spá um hækkun dýrtíðarinnar, þá er ég þeirrar skoðunar og styrkist æ betur í henni, að af gengislækkuninni muni leiða 15—20% dýrtíðaraukningu, a. m. k., sé söluskatturinn talinn með. — Verð ég því að lýsa yfir undrun minni, að frv. þetta skuli vera borið fram, um leið og ég lýsi yfir andstöðu við það.

Loks var búizt við því, að skatturinn á ferðagjaldeyri mundi falla niður, því að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um 75%. Nei, það fæst eigi. Því er nú 25% gjaldi haldið við, svo að gjaldeyrir til ferðalaga hækkar um 100%, frá því er var, áður en gjaldeyrisskatturinn var lagður á.

Þótt skatturinn af bílakaupum lækki í 35%, þá verður skatturinn hærri nú en áður. Hv. þm. V-Ísf. tók fram, að lítið yrði um innflutning bifreiða, og vill, að þeim aðilum verði ívilnað, er mesta kröfu eiga. En það er eigi gert með þessari löggjöf, heldur er hinum ívilnað, sem fá leyfi fyrir öðrum nauðsynjavarningi og verða þó að greiða hærra verð.

Hæstv. fjmrh. gat þess, að það mundi þurfa að verja einhverju fé á fjárl. til framkvæmdasjóðs ríkisins, vegna þess að ætlunin væri að verja hluta eignaraukaskatts til annars innflutnings og til kaupa á landbúnaðartækjum. Já, ég býst við, að til þess að bæta þetta upp, þurfi að afla nýs fjár á fjárl. En hvaða nauður rak núverandi stjórnarflokka til að afnema eignaraukaskattinn? Finnst mér eigi hægt að ætlast til þess af alþm., að þeir fari nú að greiða atkv. með nýjum fjárframlögum og jafnvel einum viðbótarskatti, áður en fyrir liggur, hverju stóreignaskatturinn muni nema. Það var spurt um það í umræðunum, hverju hann kæmi til með að nema, og einnig, hvort athugun hefði farið fram á því. Það var dauðaþögn hjá hv. flm. frv. og stuðningsmönnum þess og hæstv. ríkisstj. Þeir gátu eigi gert sér grein fyrir því, hvort skatturinn í augum þeirra, sem afgreiddu frv., mundi gefa meira en hinar upprunalegu till. námu að viðbættum eignaraukaskattinum. Ég get eigi dæmt um það. Þó hef ég rætt við fróðan skattamann um þessi efni. Skoðun hans er sú, að minna fé muni fást til opinberra þarfa skv. l. og eftir niðurfellingu eignaraukaskattsins heldur en hefði frv. verið samþ., eins og upprunalega lágu till. fyrir um. Það er öldungis óverjanlegt, að hæstv. ríkisstj. geti eigi gefið þm. einhverja áætlun og samanburð. Ég þykist vera viss um, ef leitað hefði verið til skattstjóranna og ríkisskattanefndar, að þá hefði verið hægt að gera einhverja áætlun um, hverju skatturinn mundi nema til opinberra þarfa og hverju mismunurinn kæmi til með að nema til hækkunar eða lækkunar frá frv., eins og það lá fyrir. Ég verð að vera sammála hv. þm. V-Ísf. í því, að meðan hæstv. ríkisstj. sýnir eigi þm., hversu afgreiða eigi fjárlög með sparnaði og að öðru leyti hversu hagað verði athöfnum ríkisins, sé eigi hægt að fara fram á það, að við framlengjum þessa skatta. Þar er mælzt til of mikils. Geri ég ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir verði við þessum tilmælum. Það er víst, að við andstæðingar hæstv. ríkisstj. sjáum okkur eigi fært að greiða atkv. með þessu frv. Mikið má vera, ef þetta verður eigi til þess að skapa nýja óánægju í landinu, og mun það verða til að verka á móti þeim tilgangi l., sem ætlazt var til í öndverðu með ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. — Jafnvel

þótt ég og flokkur minn höfum verið andvígir gengislækkuninni, hefðum við viljað vona, að hægt yrði að draga úr sköttunum, samtímis því, að gengislækkunin gæti orðið til viðréttingar í íslenzku þjóðlífi. En það, sem ég óttast mest af öllu, er það, að áfram verði höggvið í sama knérunn, en þetta verði ekki til að reisa við íslenzkt fjármálalíf, og þá er verr farið en heima setið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af ræðum þeirra hv. þm. V-Ísf. og hv. 8. landsk. finnst mér, að megi skipta því í tvennt, sem þeir halda fram. Annað er það, að ef gengislækkunarleiðin hefði ekki verið farin, þá hefðu öll þessi mál verið miklu auðveldari, og að erfiðleikarnir stafi einkum af því, að sú leið var farin. Út af þessu sjónarmiði get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að í fjárl., eins og þau nú eru, er gert ráð fyrir jöfnuði, en þar er ekki gert ráð fyrir neinu fé til uppbóta á útflutta vöru eða neinni launauppbót til opinberra starfsmanna, sem Alþfl. barðist mest fyrir og telur sig aðaltalsmann fyrir. Hvað hefði verið gert, ef gengið hefði ekki verið lækkað og halda hefði átt jafnvægi í þjóðarbúskapnum? Það hefði þurft að hækka geysilega allar uppbætur til sjávarútvegsins, og er ekki gott að segja, hvað það hefði numið miklu yfir árið til að greiða 75 aura ábyrgðarverð, en líklega hefði það numið nær 100 millj. kr. Þá eru eftir peningar til launauppbótarinnar og óleyst vandamál togaraútgerðarinnar, sem hefur verið málað svo svart hér, að hv. 8. landsk. (StJSt) taldi, að hún mundi varla þola 10% framleiðslugjald, þó að gengi væri lækkað. Það er því augljóst, að það er þýðingarlaust að ætla að breiða fjöður yfir það, að ef engin gengislækkun hefði verið framkvæmd, þá hefði þurft að leggja á nýja tolla og skatta meira en nokkurn tíma áður. Það hefðu því ekki nægt neinar 100 millj., en ekki verið allt í prýðilegasta lagi, ef engin gengislækkun hefði verið gerð, en farið eftir leið hv. 8. landsk. Svo segja þessir hv. þm., að þeim komi skelfilega á óvart, að nú skuli eiga að framlengja söluskattinn, úr því að gengið var lækkað. Mikil látalæti geta þetta verið í þessum hv. þm. Það kemur greinilega fram í áliti hagfræðinganna, að þeir leggja mikla áherzlu á, að þjóðarbúskapurinn sé rekinn hallalaus, og þá komi fyrst til greina að gefa eftir af tekjuliðum, þegar það sé tryggt, og verði þá fyrst gefið eftir af verðtolli og síðan megi athuga, hvað meira sé hægt að gera í þá átt, en höfuðatriðið sé að afgreiða fjárl. hallalaus. Og nú segja þeir, að þeim komi þetta skelfilega á óvart. Hvílík látalæti, þar sem enginn veit það betur en Alþfl., að í frv. vantar uppbætur til opinberra starfsmanna, og enginn hefur unnið harðar að því, að þær væru greiddar að fullu, en þeir. Þeim er einnig kunnugt um það, að búið er að samþ. ýmsa liði hér á Alþ., sem eftir er að setja inn í fjáralagafrv. Þeir ættu einnig að geta sagt sér sjálfir, að gengislækkun hlýtur að hafa í för með sér hækkun á ýmsum liðum. Og þeim var einnig kunnugt um það, að á móti þessum hækkunum vantaði tekjur. Þessir hv. þm. þykjast víst halda, að hægt sé að fella niður þessar tekjur, sem eru 36 millj. kr., þótt 30—40 millj. útgjöld skapist vegna gengisfellingarinnar, svo að fjárlög yrðu afgr. með ca. 70 millj. kr. halla. Ég verð að segja, að það er hrein ofrausn að ætla sér að láta okkur halda, að þeir trúi þessu.

Þá er aðeins eftir: Er hægt að gera ráð fyrir tekjuaukningu, sem vegið geti upp á móti þessum 70 millj., á verðtollinum? Hann er áætlaður í frv. 58 millj. kr., og hækkunin er 18 millj., svo að það er það eina, sem á að koma á móti þessum 70 millj.! Nei, sannleikurinn er sá, að hv. þm. hljóta að gera sér fulla grein fyrir því, að í þetta skipti hlaut að verða nauðsynlegt að framlengja söluskattinn til þess að nokkur minnsta von væri til þess, að hægt væri að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus. Nú segja þessir hv. þm. Alþfl., að það eigi bara að bíða, svo að ljósar liggi fyrir, hvort eigi að framlengja þessa tekjustofna. Ég hef bent á, að launaútgjöld hækka um 10—15 millj., ég hef bent á, að lögboðnir útgjaldaliðir hækka einnig um 10 millj., og ég hef bent á, að bein útgjöld vegna gengisbreytingarinnar hækka um 10—20 millj. Enn fremur hef ég bent á, að með því að reikna með sama innflutningi og í fyrra — en hann verður varla eins mikill í ár — þá er ekki meiri hækkun á sköttum og tollum en svo, að rétt dugar til að vega þetta upp. Þess vegna er ekki eftir neinu að bíða. Hitt er von manna, að með þessum tekjum verði hægt að afgreiða fjárl. hallalaus, og fullyrða má þrátt fyrir það, að það verður fullkomið brúk fyrir sparnaðartill. nú eftir páskana. Hv. 8. landsk. og hv. þm. V-Ísf. geta þá fengið að spreyta sig á því að finna leiðir til þess að spara á fjárl., og er gott að eiga von á samvinnu við þá í því efni, þegar þar að kemur. Ég vil benda á það, að þegar búið er að gera gengisbreytingu, þá er ekki hægt að láta eins og hún hafi aldrei orðið, og ef þessir hv. þm. ætla sér að koma fram með ábyrgðartilfinningu, þá verða þeir að byggja á staðreyndum. Ef þeir því ekki vilja samþ. þetta frv., þá ber þeim skylda til að koma með sparnaðartill., sem nema a. m. k. 40 millj. kr., og er þess þá að vænta, að þessar till. verði í samræmi við þá afstöðu þeirra að vilja ekki framlengja þessa tekjustofna. Fram hjá þessu er ekki hægt að komast. — Þetta er blind braut. Erfiðleikarnir í okkar þjóðarbúskap eru þeir, að samtímis því, að ráðizt er í að koma á jafnvægi í þjóðfélaginu, þá lækkar verðlag á útflutningsvörum okkar, og sölutregða fer vaxandi. Þetta er vandinn, sem við er að glíma, og hann gerir allt erfiðara. Ef búast mætti við stórauknu útflutningsverðmæti, þá væri hægt að lækka tollana, en því er ekki að heilsa, og af því stafa þau vandræði, sem við erum að ræða hér.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, nema út af ferðagjaldeyrinum, að þetta er ekki tvöfalt gengi, þó að 25% séu lögð á þessi leyfi. Þetta er skattur, sem verður að leggja á til þess að geta greitt fyrir námsmönnum erlendis, en tvöfalt gengi er það alls ekki, heldur skattur. — Þá hefur verið bent á, að vafasamt sé að leggja gjald á fólksbíla. Það er rétt, að þetta hækkar úr 150 kr. í 234 kr., en er

þó mun minni hækkun en á flestum öðrum vörum vegna þess, að þarna er slakað til á prósentugjaldinu. En nú er ekki gert ráð fyrir neinum teljandi innflutningi fólksbíla. Atvinnubílstjórar hafa ekki einu sinni fengið innflutningsleyfi undanfarið, og því er ekki gert ráð fyrir, að margar bifreiðar verði fluttar inn, en hugsanlegt er, að eitthvað verði flutt inn af bílum, svo að ekki þótti rétt að fella þetta alveg niður, en ef svo færi, að atvinnubílstjórar fengju einhvern innflutning, þá þyrfti að taka þetta mál til sérstakrar athugunar varðandi þá, ef hægt yrði að leysa þarfir þeirra að einhverju leyti.

Skal ég svo ekki þreyta lengur umr. um þetta mál, en legg áherzlu á, að því verði hraðað sem mest gegnum hv. Alþingi.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Í desember s. l. var samþ. frv. um að framlengja þessi gjöld til 1. marz, og var ætlazt til af þáv. ríkisstj., að þau yrðu framlengd til 15. maí, en það þótti nokkuð langt þá, og vildi t. d. hv. Framsfl. ekki framlengja þau nema til 1. marz, því að hann taldi, að áður yrðu fundnar þær lausnir á dýrtíðarmálunum, sem gerðu slíka framlengingu óþarfa. Síðan voru gjöld þessi framlengd til 1. apríl, og lausnin, sem átti að koma, sá fyrst dagsins ljós í marz, flutt í formi gengislækkunarfrv., sem búið var að ræða mikið áður og litur út fyrir, að verði ekki harla góð lausn. Ég er undrandi yfir því, að frv. þetta er nú borið fram af hæstv. ráðh. úr Framsfl. Það muna líklega allir eftir því, að í kosningabaráttunni var gengislækkun að vísu eitt aðalmál Framsfl. sem nauðsynlegur liður í lausn efnahagsvandamálanna, en það var margtekið fram, að ekki kæmi til mála að fara þá leið, án þess að margar hliðarráðstafanir væru gerðar um leið til þess að létta byrðar gengislækkunarinnar á almenningi og koma í veg fyrir, að hún legðist með öllum sínum þunga á alþýðu manna. Þegar frv. um gengislækkun var flutt, fóru fram útvarpsumr. um vantraust á hæstv. þáv. ríkisstj., og sagði þá hv. form. Framsfl. um gengislækkunina og þær hliðarráðstafanir, sem henni þyrftu að fylgja, á þessa leið:

„En þótt þessi reynd blasi við, réttlætir hún alls ekki þá vinnuaðferð núv. ríkisstj. að þvinga fram gengisbreytinguna sem sjálfstæða ráðstöfun, slitna úr samhengi við aðrar aðgerðir og heildarstefnu. Í greinargerð frumvarps ríkisstj., er gefin von um frjálsari verzlun síðar, en ekki fyrst um sinn. En í frv. er þó ekki gert ráð fyrir neinum aðgerðum til að gera verzlunarhætti heilbrigðari, ekki til að útrýma svörtum markaði eða vöruokri, ekki til að koma í veg fyrir okurhúsaleigu, ekki til að framleiðendur geti fengið ódýrari rekstrarvörur, og eignarskatturinn er ekki fullnægjandi. — Verk hagfræðinganna var að reikna með köldum og vonandi klárum tölum, hvað gera þyrfti til þess, að framleiðslan haldi áfram og ríkissjóður geti flotið. En það þarf og að hugsa fyrir því, að málið sé svo réttlátlega fram borið, að alþýða manna viti það og trúi því, að Alþ. geri jafnhliða gengisbreytingunni ráðstafanir er sýni, að það vill gera og gerir allt, sem í þess valdi stendur, til þess að draga úr byrðum almennings. Þetta er ekki aðeins réttlætismál, heldur er þessi vinnuaðferð sú eina, sem gefur okkur rökstuddar vonir um það, að málið verði ekki ónýtt í framkvæmd, en ef svo færi, væri ástandið í fjármálum verra orðið en áður."

Þetta eru orð hv. form. Framsfl., og þau eru ekkert annað en það, sem framsóknarmenn héldu alltaf fram á s. l. sumri. Þegar frv. um gengisbreytingu o. fl. var til umr., flutti hv. 2. þm. Reykv. (EOl) till. um ýmsar ráðstafanir til að draga úr áhrifum gengislækkunarinnar, sem miðuðu að því að skerða kjör almennings, en allar þessar brtt. voru felldar af Framsfl., m. a. till. um að koma nýrri skipun á verzlunarmálin, og Tíminn taldi það fjarstæðu að setja slíkt inn í það frv. Það ætti að koma sér, þegar hliðarráðstafanirnar yrðu gerðar. Og hvað gerist nú? Nú koma hliðarráðstafanirnar í þessu frv., sem hér liggur fyrir, og þær eru fólgnar í því að framlengja þá skatta, sem settir voru í dýrtíðarl. og eru áætlaðir 40 millj. kr. Það, sem vekur undrun mína, er, að þetta skuli vera hliðarráðstafanirnar, sem áttu að draga úr göllum gengislækkunarinnar. Ég hefði búizt við að fá frá hæstv. fjmrh. aðrar ráðstafanir. Ég skal ekki neita því, að það er nauðsynlegt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, en það er fullkomlega rétt hjá hv. þm. V-Ísf., að ástæða er til að athuga aðrar leiðir. Hv. þm. V-Ísf. sýndi og fram á, að þessi ráðstöfun virkar beint á móti þeim yfirlýsta tilgangi með gengislækkuninni og skapar aukna erfiðleika á því að afgreiða fjárl. tekjuhallalaus.

Þá vil ég fara örfáum orðum um aflatryggingasjóð, sem hæstv. fjmrh. sagði, að þyrfti 1.3 millj. kr. Í l. frá 1947 um dýrtíðarráðstafanir voru ákvæði um eignaraukaskatt, sem sagt var, að ætti að leggja á breiðu bökin, svo að auðmennirnir bæru sinn hluta af útgjöldum þjóðarinnar. Ríkisstj., sem lagði þennan skatt á, lét bara undir höfuð leggjast að innheimta þennan skatt. Tollar voru hins vegar innheimtir, og síðan er það fyrsta verk núv. hæstv. ríkisstj. að afnema skattinn að fullu, jafnframt því, að hún fellir gengið um 74%, og jafnframt því, að hún leggur til, að söluskatturinn og fleiri tollar séu framlengdir. Það er þannig fyrsta verk stj. að afnema l. um eignaraukaskatt frá 1947, sem ekki höfðu verið framkvæmd, en sá skattur átti að verulegu leyti að ganga til aflatryggingasjóðs. Hinar víðtæku hliðarráðstafanir, sem mest var talað um á sínum tíma, eru því afnám eignaraukaskattsins og framlenging á sköttum, sem nema 40—50 millj. kr. Og þetta er gert, þó að búið sé að framkvæma 74% gengislækkun, sem sagt var, að gerð væri fyrir sjávarútveginn og til þess að koma á jafnvægi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta nú. Ég vildi aðeins lýsa afstöðu minni til málsins, og ég get sagt um leið, að Sósfl. er á móti því að framlengja þessar álögur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð í framhaldi af því, sem ég sagði í umr. um gengislækkunarfrv. Af hálfu Alþfl. var það frv. gagnrýnt og einnig rökstuðningur sá, sem því fylgdi. Það var á það bent, að

þegar gengislækkun væri ákveðin, yrði að taka tillit til þrenns: Í fyrsta lagi, hvort kleift yrði að koma á jafnvægi í utanríkisverzluninni, í öðru lagi, hvort útflutningsatvinnuvegirnir yrðu arðbærir, og í þriðja lagi, hvernig áhrif gengislækkunar yrðu á afkomu ríkissjóðs. Ég tel, að af hálfu Alþfl. hafi verið færð rök fyrir því, að gengislækkunin mundi ekki leiða til jafnvægis í utanríkisverzluninni, svo að hægt væri að gera verzlunina frjálsa. Við drógum það líka í efa, að gengislækkunin mundi tryggja arðbæran rekstur útflutningsatvinnuveganna, og það var sérstaklega á það bent, að vanrækt hefði verið að athuga, hver áhrif gengislækkunin mundi hafa á afkomu ríkissjóðs. Um það ræddi ég talsvert og hélt því fram, að nauðsynlegt hefði verið að gera grein fyrir því, hvort reiknað væri með því, að takast mætti að tryggja hallalausan rekstur ríkisbúsins framvegis. Ýmis atriði í grg. bentu til þess, að ráð væri gert fyrir því, að gengislækkunin ein mundi duga. Ég vakti athygli á því, að þessi staðhæfing væri mjög hæpin, eins og hin staðhæfingin, að jöfnuður mundi nást í utanríkisverzluninni og skilyrði skapast fyrir frjálsa verzlun. Það er nú smám saman að koma í ljós, að varnaðarorð Alþfl. hafa haft við full rök að styðjast. Það hefur meira að segja komið í ljós, að hæpið er, að gengislækkunin tryggi rekstur bátaútvegsins og hraðfrystihúsanna, og með flutningi þessa frv. er það sannað, að afkoma ríkissjóðs hefur ekki verið tryggð. Þess vegna verður nú að innheimta skatta, sem hagfræðingarnir töldu, að hægt væri að afnema. Það stendur að vísu ekki í frv., að afnema skuli söluskattinn, en þrátt fyrir það er sýnilega gert ráð fyrir því, að hann falli niður. Í þeim kafla grg., sem fjallar um styrkjaleiðina, eru útreikningar um þá skatta, sem framlengja þurfi, verði sú leið farin, en í kaflanum um gengislækkunina eru engir slíkir útreikningar. Með þessu er það óbeint sagt, að söluskatturinn verði ekki lengur í gildi en til 1. apríl. Annað, sem bendir til hins sama, eru útreikningarnir um verðhækkunina, sem gengislækkunin muni hafa í för með sér. Í grg. er talið, að þessi verðhækkun muni nema 11—13%. Síðari athuganir sýna, að hækkunin á gömlu vísitölunni hefði orðið um 16%, ef söluskatturinn er felldur niður, en 19%, ef hann er ekki felldur niður. Það munar því 3%, hvort skattinum er haldið eða ekki. Sú 11—13% hækkun, sem reiknað er með í grg., er miðuð við nýju vísitöluna, og þar er ekki gert ráð fyrir söluskattinum. Ef söluskattinum er haldið, verður því hækkun nýju vísitölunnar tvímælalaust 14—15%. Það er fyllsta ástæða til að vekja athygli á þessu. Höfundar grg. taka það skýrt fram, að ástæðan til þess, að þeir mæli með kaupuppbótum, sé sú, að þeir telji, að ekki þurfi nema um 10% kaupuppbætur. Þeir segja, að ef þær verði meira en 10%, þá sé allt kerfið hrunið. Sjávarútvegurinn þolir, að tekin séu 10% af þeim auknu tekjum, sem hann fær, en ekki meira. Hvað skeður nú, ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, verður samþ.? Mér virðist, að stefnt sé að því, að verðhækkunin verði 14—15%. Kaupgjaldið hækkar þá einnig um 14—15%, en samkvæmt grg. þolir kerfið þetta ekki, það hrynur. Þetta er dómur höfundanna sjálfra, það eru þeirra eigin rök, sem ég hef fært hér fram.

Ég vil einnig benda á, hver áhrif það hefur á ákvörðun fiskverðs og kjör hlutarsjómanna, ef hækkunin verður 3% meiri en gert var ráð fyrir. Þá raskast hlutfallið milli hlutarsjómanna og annarra launþega, og þarf því að hækka fiskverðið til þess að leiðrétta það. Sú hækkun skapar þörf á enn meiri gengislækkun, og síðan koll af kolli. Hér er verið að vinna gegn tilgangi gengislækkunarfrv. Hér er verið að stofna til aukinnar dýrtíðar og kauphækkana í svo stórum stíl, að sjálfir höfundar gengislækkunarfrv. mundu telja, að með þessu væri öllu kerfinu stefnt í beinan voða.

Ég vil að lokum ítreka það, sem hv. 8. landsk. sagði, að það hlýtur að vekja vonbrigði, að það fyrsta, sem heyrist frá hæstv. ríkisstj., skuli vera till. um hækkun á sköttum, en ekki till. um samfærslu hjá ríkinu. Bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. hafa þó haft orð á því, að ráðstafanir í þeim efnum væru mjög nauðsynlegar. Þá þykir mér rétt að vekja athygli á því, þar sem það hefur ekki komið fram áður, að framlenging söluskattslaganna óbreyttra felur í sér hækkun söluskattsins vegna gengislækkunarinnar. Þess vegna eru áhrif hans svo ótrúlega mikil. Það er um verulega hækkun í krónum að ræða, af sömu ástæðum og lækkun verðtollsins í gengislækkunarfrv. fól í sér hækkun.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að höfundar gengislækkunarfrv. hefðu gert ráð fyrir því, að söluskatturinn félli burt. Ég vil ekki afsala mér með öllu höfundarrétti til frv., og mér hefur ekki dottið það í hug. Hvort hagfræðingarnir hafa gert sér grein fyrir þessu upphaflega, með alla þekkinguna, eins og pinkil ofan á klyfjarnar, veit ég ekki, en það kom fram í umr. þeirra og ríkisstj., að skatturinn ætti að halda áfram.

Þegar ég stóð í samningum við Framsfl., sagði ég eitt sinn eitthvað á þá leið, að það bezta, sem forsjónin gæti gert fyrir Íslendinga, væri, að þeir misstu minnið um fortíðina fyrir framtíðina. Þetta hefur að vísu ekki komið fram á Framsfl., en það virðist hins vegar hafa komið fram á Alþfl. Það er furðulegt, að hv. 8. landsk. (StJSt), sem verið hefur forsrh. undanfarin þrjú ár, skuli halda hér aðra eins ræðu og hann gerði. Honum og öðrum Alþýðuflokksmönnum kom það á óvart, að söluskatturinn yrði framlengdur. Þeir voru undrandi yfir því, að ríkisstj. skyldi leggja til, að skatturinn væri framlengdur, og það er náttúrlega meiri glæpur en þegar hv. 8. landsk. bar fyrstur fram till. um skattinn. Ég vil minna á það, að í nokkra mánuði hefur legið fyrir fjárlagafrv., þar sem tekjumegin er færður afrakstur af söluskatti, en gjaldamegin er ekkert fært á móti. Hv. þm. hlýtur að hafa gert sér þetta ljóst, hann verður að viðurkenna þá staðreynd, hann má ekki viðurkenna, að það hafi farið fram hjá honum, að söluskatturinn er ætlaður til þess að standast útgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna á vörum, sem fyrrverandi ríkisstj. brast kjark til að fella niður. Það kom til athugunar að fella þetta niður, en með tilliti

til þess, hvað þungur baggi það yrði á almenning, vildu hvorki hagfræðingarnir né ríkisstj. gera það. Til þess brast kjark og vilja. Menn mega ekki láta sér sjást yfir þá staðreynd, að fjárlagafrv. reiknar ekki með eyri til fiskuppbóta, en þó er þar reiknað með söluskatti. Ef það er vilji Alþfl., að niðurgreiðslurnar falli niður, og ef farið yrði að þeim vilja flokksins, hefði það í för með sér óbærilegan bagga vegna hækkandi vísitölu, og þá er það rétt, að löggjöfin væri brostin.

Út af því, sem hv. 3. landsk. (GÞG) sagði, þá er það álitamál, hvort sjávarútvegurinn fær staðizt kauphækkanir þær, sem leiðir af 7. gr., því að markaðir hafa fallið verulega og horfur versnað mikið varðandi sumar vörur, frá því að frv. var samið. Ég viðurkenni það. Hitt veit hv. 3. landsk., að þýðingarlaust er að byggja vonir á löggjöfinni, ef fjárl. verða ekki afgr. greiðsluhallalaus, því að þá er stefnt að nýrri verðbólgu og gengislækkun. Þó að gengismálið sé ekki hér til umr., er ekki undarlegt, að meginefni þess sé rætt. En sá, sem ætlar að fella 36 millj. kr. tekjur úr fjárlfrv., án þess að þeirri gr. löggjafarinnar, sem fjallar um nýja vísitölu, sé breytt og baggar þyngdir, hann tekur á sig ábyrgðina af því að brjóta niður löggjöfina. Það er ekki margra kosta völ. Hitt skil ég ekki, hvernig viti bornir menn geta sóma síns vegna haldið því fram, að framlenging söluskattsins komi þeim á óvart. Við verðum að gera okkur það ljóst, að grundvöllur gengisl. er rétt afgreiðsla fjárl., og enginn kostur er á því að afgreiða þau án söluskattsins. Verði söluskatturinn afnuminn og samfara því hætt niðurgreiðslum á innlendum framleiðsluvörum, þá vex dýrtíðin, svo að gengislöggjöfin brotnar niður eða þá að þyngja verður baggana á almenning meira en gerlegt er, fyrr en neyðin bankar fastar að dyrum. Annars vil ég varðandi þetta mál vísa til þeirra raka, sem hæstv. fjmrh. bar hér fram.

Hvað snertir minni háttar efni frv., eins og framlengingu 35% gjaldeyrisskatts á nýjar bifreiðar og 20% söluskatts á gamlar bifreiðar, þá viðurkenni ég, að við hefðum margir óskað þess að þurfa ekki að framlengja þessi gjöld. En það nægir ekki með frómar óskir. Ef ég gæti fengið ráð frá þeim, sem í þrjú ár höfðu stjórnarforustuna, um það, hvernig greiða á niður án skatta, þá skal enginn þakklátari þetlari en ég nálgast þeirra hallir. Meðan þeir höfðu stjórnarforustuna, hækkuðu þessi útgjöld ekki mánaðarlega, heldur daglega. Það er meining stj. að stöðva þá þróun, sem Alþfl. ber ábyrgð á, þó að hann beri hana ekki einn. Flokkurinn má ekki halda, að þungi ábyrgðarinnar hafi snarazt af honum, þó að hann hafi losnað úr ráðherrastólunum í bili, hvort sem það verður nú lengur eða skemur. Ef Alþfl. leikur þann leik að láta sem slíkir hlutir sem þessir komi sér á óvart, þá verða það fleiri en ég, sem verða fyrir vonbrigðum.

Ég hef miklar mætur á núverandi ríkisstj., ég hef á fáum haft meiri mætur nema fyrrv. stj., sem ég hafði sérstakar mætur á. En það eru aðeins 14 dagar síðan stj. settist í stólana, og ég tel, að varla sé hægt að gera kröfu til þess, að stj. hafi á þessum tíma gert till. um verulegan niðurskurð. Við skulum muna það, bræður góðir, hér á hv. Alþ., að fyrir utan þekkinguna og vitsmunina þarf annað til, svo að þetta strandi ekki, áður en það kemst í heila höfn í landi kunningsskaparins, að ekki sé einhver vinur eða bróðir t. d. í félmrn., ef fækka á úr 10 niður í 5. Við skulum gera það, sem við getum. Þið skuluð ekki mana okkur úr hófi fram, það er áreiðanlega fullkomlega skeleggur sparnaðarandi ríkjandi í stj., svo að ekki er ástæða til að ýta undir okkur í þeim efnum. En þeir, sem létu allt vaxa á sínum tíma, mega ekki búast við því, að stj. hafi auk spekinnar fengið líka hörkuna. Það væri til of mikils mælzt af þeim, sem í bili sitja í ráðherrastólunum og tekið hafa að sér vandann.

Ég vil gera mitt til þess, að málinu seinki ekki, og skal því ekki orðlengja um þetta frekar, þótt margt fleira mætti segja. Ég taldi rétt að gera þessa aths., og ég vil geta þess, að stj. stendur öll að þessum till. En það skulu þeir vita, sem gera árásir á stj., að þeir skulu að því spurðir, hvað þeir hafa gert og hvað þeir mundu vilja gera.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það var eitt atriði í ræðu hv. 3. landsk. (GÞG), sem ég sé ástæðu til að víkja að með nokkrum orðum. Mér skildist á honum, að honum kæmi nokkuð á óvart, að þetta frv. skyldi koma fram. Út af þessu skal ég rifja upp, að þegar gengislækkunarmálið var til meðferðar í fjhn., kom fram fsp. um það til ríkisstj., hvað hún hefði í huga viðvíkjandi söluskattinum, og fengum við þær upplýsingar í n., að til þess væri ætlazt af ríkisstj., að skatturinn yrði framlengdur, enda var gert ráð fyrir honum í tekjubálki fjárlaga. Nú var það svo, er fjhn. hafði til meðferðar gengislækkunarmálið, að hv. 3. landsk. átti þar þá sæti fyrir sinn flokk, og ætti þetta því alls ekki að koma honum á óvart.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, í sambandi við ummæli hv. 3. landsk., að í hagfræðingaálitinu á bls. 58 er rætt um tilslökun á verðtollinum, en nokkuð á aðra lund en hv. þm. vildi vera láta, því að þar er talað um, að tekjur af tollinum hækki upp í 75—80 millj. kr. Og síðan segja hagfræðingarnir orðrétt: „Við teljum, að er frá líður, muni með varkárri fjármálastjórn hægt að lækka skatta frá því sem nú er.“ Nú segir hv. 3. landsk., að þeir, sem gerðu þetta plagg, muni hafa reiknað með, að söluskatturinn væri úr sögunni. Ég get ekki séð, að það sé neitt í þessari álitsgerð, sem bendi í þá átt, sem hv. þm. greindi. Samkvæmt útreikningum frá hagstofunni mundi 10% gengislækkun haustið 1947 hafa leitt til 2,3% hækkunar á framfærsluvísitölunni, eða ¼ við það sem nú verður, og á þessu byggja hagfræðingarnir sínar ágizkanir. Þeir hafa enga sérstaka útreikninga gert, en byggt á þeim grunni, sem fyrir lá. Þegar þeir segja, að hækkunin á framfærslukostnaðinum muni nema 11—13%, þá er söluskatturinn þar innifalinn. Þeir gizka á breytingu frá núverandi ástæðum, en draga ekki frá

neina lækkun á söluskattinum. Ég skal ekki spá neinu um það, hver framfærslukostnaðurinn verði. En hvorki þetta né neitt annað gefur tilefni til þess, að söluskatturinn verði felldur niður.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. ríkisstj., að tefja ekki umræður. Ég geri ráð fyrir, að stjórnarflokkarnir muni standa eins og veggur um þetta frv., og það er gamla sagan héðan frá Alþingi, að þeir munu ekki vera komnir fram með frv. til þess að breyta ákvörðunum sínum og láta sannfærast, hversu góð og gild rök sem færð yrðu fram gegn því, og er þannig tilgangslaust að heyja langa orrahríð, en við munum hins vegar láta í ljós hispurslaust skoðun okkar á þessu máli.

Það, sem var höfuðinnihald í ræðu hæstv. ráðh., var þetta, að því færi víðs fjarri, að nokkru sinni hefði verið gefið undir fótinn með það, að söluskatturinn og aðrir tollar mundu lækka strax, þótt gengislækkunin yrði samþykkt. Ég verð nú að segja, að yfirleitt mun bæði mér og öðrum hafa komið á óvart þessi till. um framlengingu á söluskattinum, og það stafar ekki af öðru en þeim málflutningi, sem uppi hefur verið hafður, bæði í grg. hagfræðinganna og í ræðum þeirra, sem mæltu með gengislækkuninni hér á Alþingi. Hv. 3. landsk. þm. færði rök að því, að hagfræðingarnir reikni með niðurfellingu söluskattsins, og skal ég ekki endurtaka rökstuðning hans. En hæstv. fjmrh. minntist á eitt atriði, sem hann virtist telja afgerandi — að í 19. gr. fjárl. sé reiknað með söluskattinum og fyrrv. fjmrh. hefði ekki gert ráð fyrir niðurgreiðslum til útflutningsins, en samt reiknað með 33½ milljón til dýrtíðarráðstafana. En það er nú eins og vant er í samstjórn, að fjmrh. fer nú nokkuð sínu fram hvað snertir fjárlög, og sá atvmrh., sem nú er, kynni nú að hafa eitthvað við þetta að athuga. Söluskatturinn eykur dýrtíðina í landinu og vinnur þannig gegn tilgangi gengislækkunarl., og það er þannig ekki að ófyrirsynju, að við tölum um þetta. Hagfræðingarnir áætla hvort tveggja í senn, að innflutningurinn aukist verulega og fljótlega og útflutningsverðmætin vaxi að miklum mun. Á þessu byggist kerfi hagfræðinganna. Og þeir áætla tekjur í hækkuðum verðtolli vegna gengislækkunarinnar frá 31—36 millj. kr. Það þarf því engan að undra, þótt við gerðum ráð fyrir því, að það yrði talið óhætt að fella söluskattinn niður. Og hæstv. ráðh. mega reikna með því, að meginþorri manna mun hafa búizt við því, að þessi skattur mundi niður falla. Við Alþflm. lýstum þannig ekki yfir undrun okkar út í loftið. Og beint og óbeint kemur þessi skattur til að verka öfugt við þann tilgang, sem gengislækkuninni er ætlað að ná.

Hæstv. atvmrh. lýsti yfir því, að hann bæri nokkurn ugg í brjósti um það, að hið fræðilega kerfi hagfræðinganna gæti brostið. Það gleddi mig ekkert fremur en hann. En mig uggir jafnvel enn meira um það en hann. — Þá talaði hæstv. atvmrh. einnig um það, að til lítils hefði verið að minnast á sparnaðartillögur við Alþfl. Ég segi nú aftur, af því að það er löngum látið klingja, að formaður Alþfl. hafi verið forsrh. í fráfarandi stjórn, að það er svo um samstjórnir, að einn flokkur fær þar ekki öllu áorkað. En ég vona, að ég ljóstri ekki upp neinu leyndarmáli, þótt ég segi, að við ráðh. Alþfl. reyndum að fá því framgengt við samningu fjárl., að útgjöld yrðu lækkuð. *(Atvmrh.:* Hvaða útgjöld?) Ýmis útgjöld, og þá einkum til framkvæmda innanlands. *(Atvmrh.:* Og máske sparað á vinnulaunum og embættum?) Já, ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. fái þessum spurningum senn svarað, ef hann er farið að bila minnið, og að við meðferð þessara fjárl. láti Alþfl. í ljós skoðun sína um það, hvað hægt verði að spara og hvað ekki. Og vera má, að skoðanir Alþfl. og borgaraflokkanna í því efni verði ekki frekar en áður í fullu samræmi og það komi í ljós, að góðar ráðleggingar Alþfl. verði lítils metnar af hv. stjórnarflokkum.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta, en áður en ég sezt niður vil ég minna á það, að okkur Alþýðuflokksmönnum hefur frá upphafi þótt skorta mikið á, að það hafi legið fyrir nákvæmir útreikningar varðandi verkanir gengislækkunarinnar á þjóðarbúskapinn og þann þátt, sem hún á að eiga í því að afla ríkinu tekna. En þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir höfum við engar upplýsingar getað fengið um þetta. Enn fremur er ég hræddur um, að of lítið hafi verið gert að því að fá upplýst, hve miklu þessi skattur mundi raunverulega nema. En það er engan veginn að ófyrirsynju, að farið er fram á, að slíkt verði athugað áður en gengið er frá afgreiðslu fjárl.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að segja örfá orð í tilefni af ræðum hv. þm. V-Húnv. og hæstv. fjmrh. — Það er ekki rétt, að ég hafi látið í ljós undrun yfir því, að þetta frv. er fram komið. Hv. þm. hermir það rétt, að þegar gengislækkunarfrv. var til umr. í fjhn., bar það á góma, hvort framlengja ætti söluskattinn. Ég hélt því fram, að það væri ekki tilætlun hagfræðinganna. Formanni n. var falið að fá upplýsingar um, hvað ætlunin væri í þessu efni. Hann upplýsti á fundi, að gert væri ráð fyrir að framlengja skattinn, og furðaði mig þá á þeirri ákvörðun. Þar var þá staddur annar af þeim hagfræðingum, sem undirbjuggu frv., og ég man ekki betur en að hann yrði líka dálítið undrandi. Og ég man jafnvel ekki betur en að hann segði, að þeir hagfræðingarnir hefðu gert ráð fyrir því, að skatturinn yrði felldur niður. Ég benti á, að það væri bagalegt, að ekki skyldu liggja fyrir útreikningar byggðir á rækilegum athugunum um það, hve miklu skatturinn mundi nema. Og ég ítreka nú enn, að þeir útreikningar þyrftu að liggja fyrir. Hitt er svo deila um keisarans skegg, hvort hagfræðingarnir hafi reiknað með niðurfellingu söluskattsins eða ekki. Um það er bezt að spyrja hagfræðingana sjálfa, og það er ekkert höfuðatriði. Hitt er annað mál, að það hlýtur að valda vonbrigðum, að ekki skuli nú vera létt af þeim sköttum, sem á sínum tíma komu í stað gengislækkunar, úr því að hún hefur nú verið framkvæmd, og þarf engan að undra, þótt mörgum þyki það hart aðgöngu. — Hæstv. fjmrh. þóttist ekkert finna í áliti hagfræðinganna, sem benti til þess, að þeir hefðu

reiknað með, að söluskatturinn yrði felldur niður. Ég vil nú leyfa mér að benda honum á ummæli þeirra á bls. 31 í álitsgerðinni, þar sem þeir reikna greinilega út þá hækkun, sem yrði að gera í sköttum, ef verðuppbótarleiðin yrði farin áfram; en hins vegar er svo aftur talað um það í kaflanum um gengislækkun, að hún muni duga til að létta þessum útgjöldum af ríkissjóði. Nú liggur það fyrir, að ríkisstj. telur, að eftir sem áður verði að framlengja þennan skatt. En verði söluskatturinn framlengdur, þá er áætlun hagfræðinganna um 11—13% hækkun á framfærslukostnaðinum bersýnilega röng. Hún verður 13—14%, ef söluskatturinn verður framlengdur, og fyrir því treysti ég mér til að leggja fram skýrar, tölulegar sannanir. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. tók fram, að hagfræðingarnir byggðu ágizkanir sínar á útreikningum, sem nefnd, er ég átti sæti í, gerði á sínum tíma um hækkun á framfærsluvísitölunni við gengisbreytingu. Við bentum þeim þó á, að það væri dálítið varhugavert að byggja á tveggja ára gömlum útreikningum, þar sem ýmsar breytingar hefðu orðið síðan og m. a. sú, að söluskatturinn hefði verið lagður á. Og þegar hann er orðinn svo hár sem nú er, þá hefur hann mikil áhrif á útreikning vísitölunnar. Ég verð þó að segja, að mér kom það á óvart í fyrstu, hve mikilli hækkun hann veldur, eða um 3%. Við nánari athugun sé ég þó, að þetta er eðlilegt. — En sem sagt, ég held, að rétt sé að láta niður falla deilur um það, hver hafi verið ætlun hagfræðinganna um söluskattinn. En því frekari áherzlu ber að leggja á hitt, að verði söluskatturinn framlengdur, þá veldur það verðlagshækkun, sem nemur um 3 vísitölustigum, og það er hlutur, sem hlýtur að vera alvarlegur frá sjónarmiði hæstv. ríkisstjórnar.

Emil Jónsson: Undrun kom fram frá hv. þingmönnum yfir því, að þetta frv. skuli nú hafa verið borið fram, vegna þess að ástæða var talin til að ætla, að með gengislækkuninni yrði unnt að fella niður einhvern hluta þeirra skatta, sem ætlaðir voru til að mæta útgjöldum sökum fiskábyrgðarl. Ég er einn í þeim hópi. Á hinn bóginn hafa bæði hæstv. atvmrh. og hæstv. fjmrh. lýst því yfir, að tilætlunin sé, að söluskattinum t. d. verði haldið áfram. Það er vegna þessa, að ég ætla að segja þessi fáu orð. — Leyfi ég mér þá að minna á 13. gr. frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., sem flutt var af þáv. hæstv. ríkisstj. um og eftir áramótin síðustu. Þá lýsti þáv. hæstv. forsrh. því yfir, að til athugunar væri, hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til endanlegrar lausnar vandamála útflutningsframleiðslunnar, og ríkisstj. væri að vinna að rannsókn með sérfræðingum sínum á gengislækkunarleiðinni og verðhjöðnunarleiðinni. En talið var rétt, af því að henni var eigi lokið í jan. 1950, að bera fram þetta frv. til bráðabirgða, þar til er endanlegar athuganir lægju fyrir. En í 13. gr. frv. stendur svo orðrétt: „Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til ársloka 1950, að undanteknum f-lið 30. gr. laganna.“ Hér er því beinlínis slegið föstu, að framlenging III. kaflans skuli gerð til þess að standa straum af gjöldum, er ríkissjóður muni baka sér vegna ábyrgðarinnar á útflutningsvörum bátaútvegsins. Ég gat eigi skilið hana öðruvísi. Þetta var þó eigi nóg fyrir Framsfl., því að hv. þm. N-Þ. bar fram svohljóðandi brtt.: „Til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950.“ Þarna er enn undirstrikað, að ábyrgðargreiðslurnar úr ríkissjóði, er gilda áttu þar til er gengislækkunin yrði gerð, væru orsök til þess, að III. kafli l. nr. 100/1948 var framlengdur að gildi. Brtt. hv. þm. N-Þ. var svo samþ. og l. síðan afgreidd á þinginu á þann hátt, að 1. marz var settur inn í stað ársloka, svo að bátaútvegsábyrgðin og III. kaflinn voru endanlega bundin saman. Ég skal eigi segja, hvernig þetta hefur verið hugsað. Var ég ekki á þingfundi, þegar rætt var um framlengingu söluskattsins, svo að einu upplýsingar mínar eru af því, sem kemur fram í frv. hæstv. ríkisstj. og þeim breyt., sem á því voru orðnar. Um þær varð samkomulag, og a. m. k. meiri hl. n. gekk þannig frá málinu, að III. kaflinn væri bundinn við bátaábyrgðina. Það kann að vera, að eitthvað hafi farið fram hjá mér. En það, sem kom hér fram í þskj., hefur m. a. gefið mér ástæðu til að ætla, að styrkurinn til bátaútvegsins hafi valdið framlengingu III. kafla l. Hitt er svo annað mál, hvað fjárhag ríkisins líður og hvernig mönnum virðist, að auka eigi tekjur ríkissjóðs. Það er annað mál. En hæstv. fjmrh. hefur enn eigi gert grein fyrir því. Yfirlit hans hér áðan um hækkun og lækkun á gjöldum ríkissjóðs var eigi þannig úr garði gert, að það nægði mér sem rök fyrir þessu frv., er hér liggur fyrir. Vera kann, ef upplýsingar berast í því efni, að taka verði umræddar till. til greina. En nú liggja þær eigi fyrir með hinu lauslega yfirliti hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég tek það fram, að afstaðan til framlengingar III. kaflans, m. a. söluskattsins, var undir því komin, hvort knúnar væru fram aðrar ráðstafanir en fiskábyrgðin.

Ég vil benda á, að ef við lesum álit hagfræðinganna, sjáum við, að þeir gera ráð fyrir, að tekjur af verðtollinum hækki úr 54 millj. kr. upp í 75—80 millj. kr., þ. e., að tekjurnar hækki um 17—22 millj. kr. frá því, sem áætlað er í fjárlagafrv., — skv. álitsgerð hagfræðinganna. Nú getur engum dulizt, að það er ekki hægt að strika út 36 millj. kr. tekjulið og bæta þess utan við gjöldum vegna uppbóta á laun opinberra starfsmanna, auk annarra útgjalda vegna gengislækkunarinnar.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Það verður aðeins örstutt aths. — Ég held, að eigi geti farið margt fram hjá hv. þm. Hafnf. (EmJ), jafnskynsömum manni. Ég las 13. gr. l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl., og er hún sönnun þess, að söluskatturinn sé ætlaður til að standa straum af fiskábyrgðinni eftir 1. marz.

Hann sagði réttilega, að 13. gr. frv. fer fram á, að III. kafli l. nr. 100/1948 gildi til ársloka 1950. Nú þarf hann eigi að fara í nýja bók. Annars hef ég þskj. að láni frá hv. þm. Fer ég í sama þskj., en þar er aths. við 13. gr., í grg. frv., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjur af gjöldum þessum (ɔ: leyfisgjöldum) voru á síðasta ári um 8 millj. kr., þegar frá eru dregin gjöld af heimilistækjum.“ Ég vil eigi fara í gegnum hv. þm. í neinu máli. En áður segir svo: „Talið er, að fjárhæð sú, er ríkissjóður tekur að sér að ábyrgjast til 1. marz 1950, nemi 11.5 millj. króna, ef allt kæmi jafnskjótt til útflutnings, sem framleitt er á þessum tíma. Samkvæmt venju er litið flutt út af bátafiski mánuðina janúar og febrúar, og má því ætla, að aðeins lítill hluti ofangreindrar fjárhæðar falli til greiðslu vegna útflutnings þessa mánuði. Lagt er til að framlengja III. kafla laga nr. 100/1948, og er gert ráð fyrir, að tekjur af leyfisgjöldum samkvæmt 30. gr. laganna standi straum af fiskábyrgðinni til 1. marz.“ Aðalatriðið er þetta, að tekjur af leyfisgjöldum, er III. kaflinn fjallar um, en hann er bæði um þau og söluskattinn, voru ætlaðar til þess að standa straum af fiskábyrgðinni til 1. marz, en eigi tekjurnar af söluskattinum, því að þeim var búið að ráðstafa. Þáv. fjmrh. áætlaði þær 36 millj. kr., og voru útgjöldin byggð á því. Við erum því ekki að skapa nýjar tekjur með þessum l.

Vegna ræðu hv. 3. landsk. þm. (GÞG) vil ég segja það, að ekkert verður um það sagt, og reynslan verður að skera úr því, hvort gengislækkunarl. fá staðizt 14—15% dýrtíðarhækkun. Við höfum eigi enn þá orðið fyrir óláni vegna fiskverðslækkunar, og ef það stæðist að miða við 10 d. pr. enskt pund af hraðfrystum fiski, þá hef ég von um, að framleiðslan hefði borið sig.

Emil Jónsson: Já, hæstv. atvmrh. vildi halda því fram, að það hefði verið gert ráð fyrir, að leyfisgjöldin nægðu til að standa undir fiskábyrgðinni. En hví er 13. gr. l. orðuð svo, að allur III. kafli l. nr. 100/1948 sé bundinn við framkvæmd fiskábyrgðarl., og hví stendur Framsfl. við það að láta ábyrgðina standa til 1. marz? Leyfisgjöldin til 1. marz nægðu eigi fyrir fiskábyrgðinni. L. urðu að gilda til áramóta. Nú var þessu breytt svo, að framlenging III. kaflans var bundin við þann 1. marz 1950, þ. e. leyfisgjöldin, en síðan ákveðið, að m. a. söluskatturinn færi til þess að greiða þeim, sem fengju ekki þetta ábyrgðarverð. Þetta finnst mér óheppilegt. Mér finnst, að með orðalagi frv. þess, er fyrrv. hæstv. ríkisstj. bar fram, og meðferð þess, þá sé oss alþm. gefið til kynna, að dýrtíðarl. þau, sem samþ. voru árið 1948, hafi verið bundin við uppbótargreiðslur til bátaútvegsins, enda segir í aths. við 13. gr. í grg. frv., að ríkisstj. sé þeirrar skoðunar, að suma þeirra tekjuliða ætti að fella úr gildi hið allra bráðasta. Verður það þá til samræmis við það, að hæstv. ríkisstj. óskaði gengislækkunar. Þetta voru því brb.-ákvæði.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég vil heldur vera kaffilaus en láta undir höfuð leggjast að kippa hornsteininum undan þeirri byggingu, sem menn eru að reisa til framdráttar pólitískri baráttu sinni hér á þingi. Alþfl.-menn vita meira en þeir segja. Jafnskýrir menn og hv. þm. Alþfl. eru hafa ekki fylgzt vel með, ef þeir vita ekki, að það er staðreynd, sem ég segi.

Hv. þm. Hafnf. lagði skýr rök á borðið. Hann spurði, hví við hefðum orðið að framkvæma III. kafla l. nr. 100/1948 í heilt ár, úr því að leyfisgjöldin væru aðeins ætluð til að standa undir fiskábyrgðinni. Af því, að vilji stj. Sjálfstfl. var sá, að söluskatturinn skyldi gilda fyrir allt árið, en til þess að standa undir fiskábyrgðinni í 2 mánuði þurfti að framlengja leyfisgjöldin í eitt ár. Söluskatturinn á að leggjast á allt árið. Dettur þá nokkrum manni í hug, m. a. hv. þm. Hafnf., að leggja þurfi söluskatt á í heilt ár fyrir ábyrgðarverði, sem standa á í tvo mánuði? M. ö. o.: Spurningu þeirri, sem hann varpar fram sem ádeilu á stj. mína, er svarað af minni hálfu. Lagt er til, að söluskatturinn sé framlengdur í eitt ár. Talið er hins vegar, að leyfisgjöldin standi undir tveggja mánaða fiskábyrgð. — Þá gerir Framsfl. brtt. Segja má, að guð borgar fyrir hrafninn. Hæstv. fjmrh. er búinn að því. Brtt. þessi var borin fram til að knýja fram þær aðgerðir, sem lofað var af hálfu fyrrv. ríkisstj.

Jafnmætir menn eiga ekki að vera að gera hlut sinn óþarflega lítinn. Frv. ber annars allt með sér, svo að eigi er ástæða til frekari leiðbeininga. Þarf því ekki að vera að leika hér neinn gleðileik.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:7 atkv.

Á 78. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í framhaldi af ummælum mínum við 1. umr. málsins langar mig til þess að skýra nánar frá áhrifum þeim, sem framlenging söluskattsins kemur til með að hafa á dýrtíðina, þar sem ég hef aflað mér upplýsinga um þetta núna í kaffihléinu. Þannig er mál með vexti, að Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafa skipað nefnd til þess að rannsaka áhrif gengislækkunarinnar á framfærslukostnað, og eiga í þeirri nefnd m. a. sæti hagfræðingarnir Jónas Haralz og Kristinn Gunnarsson. Þessi nefnd hefur gert nákvæman útreikning á því, hver áhrif gengislækkunin hefur á framfærslukostnaðinn, og hefur hún framkvæmt þessa rannsókn á sama hátt og hliðstæða rannsókn, sem gerð var 1947 af Klemens Tryggvasyni, Pétri Magnússyni og mér, en hagfræðingar þeir, sem stóðu að samningu gengisskráningarfrv., munu hafa byggt á þeirri rannsókn, þó að það sé ef til vill hæpið vegna breyttra forsendna. En til þess að hafa um þetta sem fæst orð, ætla ég aðeins að skýra frá niðurstöðum þessara rannsókna.

Hækkun nýju vísitölunnar vegna gengisbreytingarinnar, ef söluskatturinn er ekki fram-

lengdur, mundi verða 13.6%, og lætur þá nærri að það sé svipað því, sem hagfræðingarnir Benjamín Eiríksson og Ólafur Björnsson höfðu gert ráð fyrir, eða 11—13%. Ef hins vegar söluskatturinn er framlengdur, mundi hækkunin verða 16.8%. Má þó búast við örlitlum breytingum á þessu vegna þess, að ekki er hægt að reikna nákvæmlega út, hver áhrif gengisbreytingin kemur til með að hafa á verð landbúnaðarafurða 1. sept., en skakkað getur varla svo, að neinu nemi. Það má því staðhæfa, að það liggi fyrir af hálfu n., sem tvö stærstu launþegasambönd hafa skipað, að það muni 3 stigum á vísitölunni, hvort söluskatturinn er framlengdur eða ekki.

Mér þykir rétt, að þetta komi fram og einnig það, á hverju ummæli mín um þetta atriði við 1. umr. byggðust. Ég hygg því, að óhætt sé að leggja sérstaka áherzlu á, að framlenging söluskattsins gangi algerlega í berhögg við þann tilgang, sem ætlað var að ná með frv. um gengisskráninguna. Og það er rétt, að framlenging söluskattsins stefni því í tvísýnu, að gengislækkunin geti náð þeim árangri, sem henni var ætlað að ná, vegna þess að vegna framlengingar söluskattsins verður hækkun á framfærslukostnaðinum meiri en gert var ráð fyrir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar til að spyrja hv. síðasta ræðumann, 3. landsk. þm., hvort það hafi nokkuð verið reiknað út, hve mikið framfærsluvísitalan mundi hækka, ef söluskatturinn yrði ekki innheimtur og niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum væri hætt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Á þessu hef ég ekki gert sérstaka athugun. En hana væri sjálfsagt hægt að gera á svo sem tveimur klukkutímum.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Mig langar til að bera fram eina litla brtt. við frv., sem hljóðar svo: „1. gr. orðist svo: Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1950, að 30. gr. undantekinni.“ Þetta þýðir það, að gjaldeyrisskatturinn falli niður og bílaskatturinn falli einnig niður. Þó að ég ætli ekki að hæla frv., mundi það verða miklu fallegra með því að losna við þessa tvo liði, því að það er óviðeigandi og óprýði í þessum efnum að fara að leggja sérstakan skatt á ferðagjaldeyri, þegar búið er að breyta gengi íslenzku krónunnar svo stórlega eins og búið er. Og við því hefur enginn búizt, að slíkur skattur mundi halda áfram, því að ef hann heldur áfram, þá er þar um að ræða í eðli sínu tvöfalt gengi. Það var athugað hjá síðustu hæstv. ríkisstj., hvort það þætti rétt að beita tvöföldu gengi á einstökum liðum. En í samráði við mig meðal annarra á síðasta vetri var ákveðið að hafa heldur þá aðferð, sem tekin var viðkomandi gengisbreyt., þó að hún væri sama eðlis í verulegum atriðum. En þegar búið er að gera þá gengisbreyt., á að fella þennan gjaldeyrisskatt niður og innheimta ekki svo stór gjöld af leyfisveitingum. Þegar menn vilja leggja á innflutningsgjöld, þá á að leggja þau á sem tolla, en ekki binda þau leyfisveitingunum. Hér er um að ræða fé, sem ríkisstj. og hennar nefndir ráða alveg yfir, hversu hátt er. Og þessum gjaldeyri, ferðagjaldeyrinum, útdeila nefndir til þeirra, sem helzt eiga erindi til útlanda. Og þetta fólk, sem fær smáskammta af þessum gjaldeyri, er yfirleitt ekki ríkt. Það er alveg nóg fyrir það að bæta rúmum 75% við það verð, sem fyrir skömmu síðan var á erlendum gjaldeyri. Þetta mun ekki víða þekkjast að breyta slíku gengi, eftir að búið er alveg nýlega að koma nokkurn veginn jafnvægi á gengið, eins og hér á sér stað á milli gengis okkar peninga og gengis í nágrannalöndunum. — Það væri því prýði á frv. að klippa þetta af. Og þess mundu njóta þeir, sem verðugir teldust þess að njóta ferðagjaldeyrisins. En hinir mundu sleppa, hvort sem væri, sem ferðast fyrir þann gjaldeyri, sem hvergi kemur löglega fram í landinu. Því miður er ekki hægt að setja lög um það, hvernig skuli fara með þá, sem komast fram hjá lögunum.

Ég geri einnig þá brtt. við frv., að bílaskatturinn falli niður, sumpart vegna þess, að það ætti helzt að hverfa að leggja á innflutningsleyfin, því að sú aðferð var gengislækkun í sjálfu sér. En þegar komin er á gengislækkun eins og nú er, þá á það minna að hverfa fyrir hinu stærra. Og hæstv. fjmrh. viðurkenndi, að hvað snertir fólksbíla handa atvinnubílstjórum, þá væri ósanngjarnt að beita slíkum skatti. En mér er óljóst, hvernig hægt mundi vera á þessu ári að veita nokkur innflutningsleyfi fyrir bílum öðrum en bílum til þeirra manna, sem atvinnu hafa af þeim, og svo bifreiðum í opinbera þágu. Ég hygg, að það muni á sannast, að ekki verði fluttir inn á þessu ári aðrir bílar en sem ég gat um, þannig að hér mundi ekki verða tekjuauki af þessum leyfisgjöldum, nema frá atvinnubílstjórum, og þeim er ofætlun að greiða þennan skatt. En skattur af bílum, sem fluttir væru inn fyrir það opinbera, orkaði ekki annað en að færa fé hjá ríkinu sjálfu úr einum vasanum í annan.

Ég skal svo ekki fjölyrða um söluskattinn sjálfan, því að margir hafa um hann rætt. En einn höfuðgallinn á gengisbreytingarfrv. mikla var sá, að þar var ekki gerð nærri nógu mikil tollalækkun. En það gat verið til nokkurrar úrbótar, að söluskatturinn væri felldur niður, eins og hagfræðingarnir gerðu ráð fyrir í sínum útreikningum, að gert væri. En þegar söluskatturinn var lagður á og eftir það, var það glöggt, að eðlilegt og sjálfsagt mætti teljast, að þessi III. kafli l., sem hér á að framlengja, yrði að hverfa — rétt eins og skuggarnir hverfa, þegar náttmyrkrið grúfir yfir.

Emil Jónsson: Herra forseti. Það mun eiga að flýta þessu frv. svo í gegnum þingið, að það gefist varla tóm til að athuga það nægilega rækilega, og veitti þó sannarlega ekki af því. Og sérstaklega veitti ekki af því, að betri og fyllri upplýsingar væru gefnar um það, hvað það þýðir og hverra tekna sérstaklega væri þörf til þess að fjárl. gætu náð saman endum. En út af þessum flýti, sem hafður er hér á afgreiðslu frv., vildi ég nú beina því til hæstv.

fjmrh., hvort hann hefði athugað, hvað það eiginlega er, sem hann er að bera fram með þessu frv. Hann leggur til, samkv. 1. gr. frv., að ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla l., sem hér um ræðir, skuli gilda til ársloka þessa árs, — að því er virðist án þess að einum stafkrók sé breytt í þeim, nema 30. gr. En upphaf kaflans er á þá leið, að stofna skuli sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins, til að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands. Má ég spyrja: Er það meiningin, eins og hv. 8. landsk. þm. benti hér á áðan, að það kannske mundi koma að því, að það eigi að hækka dýrtíðina og taka svo upp niðurgreiðslur á einhverjum vörum? Eða af hverju er þessi grein látin standa í kaflanum? Annaðhvort er hér um undarlega fljótfærni að ræða eða eitthvað býr hér undir, sem ekki er vitað nú á þessari stundu, hvað er. Ef allt er eins og sagt er, ætti þessi grein að hverfa úr l. um leið og hætt er uppbótagreiðslunum, það segir sig sjálft. — Sömuleiðis stendur í 29. gr. í þessum sama kafla: „Af tolltekjum þeim, sem ráðgerðar verða í fjárlögum ársins 1949, skulu 22 milljónir renna í dýrtíðarsjóð." Ég veit ekki, hvort þetta á að halda áfram í sambandi við nokkurn hluta af greiðslum tollteknanna, að nokkur hluti þeirra tekna renni í dýrtíðarsjóð. Mér finnst, að það hefði verið a. m. k. viðkunnanlegra, áður en kaflinn hefði verið framlengdur alveg óbreyttur eins og hann er, að gefið hefði verið tóm til þess, að svona smálagfæringar væru gerðar á frv. — Kannske er það meira, sem athuga þyrfti. En ég hef nú í fljótu bragði fyrst og fremst rekizt á þetta.

Ég veit ekki nákvæmlega, hve hér er um að ræða miklar tekjur í allt. Hæstv. ráðh. var furðu sagnafár um þá hluti og gerði reyndar enga tilraun til þess að gera það nokkuð upp, hvað þessar tekjur mundu verða. En svona við lauslega athugun virðist mér nú, að söluskatturinn, a. m. k. sá hluti hans, sem tekinn er af innfluttum vörum, hljóti að stórauka við áhrif gengislækkunarinnar á framfærsluvísitöluna. Það liggur í augum uppi, og hefur verið á það bent. Í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að þessi skattur sé í allt 36 millj. kr. Ég veit ekki, hvort það er miðað við afkomu eða tekjur ársins sem leið af söluskattinum, og væri fróðlegt t. d. að fá að vita, hvað söluskatturinn gaf í tekjur árið 1949. Það hlýtur að liggja fyrir hjá hæstv. ráðh. Enda fyndist mér næsta fávíslegt að afgreiða þetta frv. án þess, að það væri vitað. En ef gengið er út frá þessu, 36 millj., þá sýnist mér, að gera megi ráð fyrir, að um helmingur af þessari upphæð sé runninn frá söluskattinum af erlendum, innfluttum vörum, því að innflutningur vara hefur verið í kringum 300 millj. kr. Og ef gert er ráð fyrir 6% söluskatti á vöruna, verður það um 18 millj. kr. En nú hækkar þessi tala, sem var 300 millj., væntanlega upp í 500 millj. kr. vegna gengisbreyt. einnar, ef gert er ráð fyrir sama innflutningi að krónutölu. Og 6% söluskattur af 500 millj. kr. innflutningi nemur þá ekki 18 millj. kr., heldur 30 millj. kr. Hækkar þá upphæðin úr 36 millj. kr. í 48 millj. kr., sem er sá skattur, sem verið er að framlengja. Nú er mér ekki alveg grunlaust um, að innlendi hluti söluskattsins hafi numið meira en 18 millj. kr. árið sem leið, og væri nauðsynlegt, að hæstv. ráðh. upplýsti hv. þm. um það, hvað þessi skattur hefði þá numið hárri upphæð. En í öllu falli virðist óhætt að gera ráð fyrir, að hér sé um að ræða skatt, sem nemur hvorki meira né minna en tæpum 50 millj. kr.

Annað, sem hér kemur til greina, er ferðagjaldeyririnn. Skatturinn af honum og bílaskatturinn segir hæstv. fjmrh. mér, þ. e. tekjur af þessum leyfisgjöldum, að hafi numið nokkru meira en þrem millj. kr., þar af ferðagjaldeyrisleyfisgjöld rúmri einni millj. kr., árið 1949. Má þá gera ráð fyrir, að upphæðin, sem af framlengingu þessa III. kafla umræddra laga leiðir, samkv. útreikningi mínum áðan, hækki upp í hér um bil 52 millj. kr. Og væri þá ein millj. kr. þar með reiknuð, sem miðað við síðasta ár kæmi af innlenda bifreiðasölugjaldinu, sem að vísu kemur ekki við þessu máli, sem fyrir liggur.

Og svo er einn sakleysislegur liður hér líka í 32. gr. í III. kaflanum, sem eru leyfisgjöldin, af leyfum, sem fjárhagsráð veitti og núverandi innflutnings- og gjaldeyrisdeild fjárhagsráðs veitir. Þar er gert ráð fyrir, að þessi gjöld séu innheimt með 100% álagi. Þessi gjöld voru fyrst sett til þess að standa straum af kostnaði fjárhagsráðs og innflutningsdeildar og skömmtunarskrifstofunnar, og þau voru, að ég ætla, ½%, þegar þau voru sett. Með þessum l. var gjaldið hækkað í 1%, og sé gert ráð fyrir því, að það nemi 1% af 300 millj. kr. innflutningi, þá eru tekjur af því 3 millj. kr. Að óbreyttu innflutningsverðmæti eftir magni og erlendu verði frá síðasta ári, þá veldur gengisbreyt. því, að hér koma 500 millj. kr. til greina í innflutningnum, og verður þess vegna, sé miðað við þennan innflutning, þetta leyfisgjald, 1%, ekki 3 millj. kr., heldur 5 millj. kr., sem innflytjendur verða að borga fyrir það bara að fá leyfi hjá fjárhagsráði eða innflutningsdeild þess. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að gera ráð fyrir auknum tilkostnaði hjá þessum stofnunum, eða hvort gert er ráð fyrir, að það af þessum skatti, sem umfram verður þann tilkostnað, verði til viðbótar tekjuöflun ríkissjóðs til útgjalda hans almennt, sem mér þykir þó líklegra, og þá hækka enn þessar tekjur, sem hér er verið að lögfesta, um þær tvær millj., sem þetta leyfisgjald vex um. Það er því mjög sennilegt, að þessir skattar, sem verið er að leggja á með frv., sem hér liggur fyrir, nemi hvorki meira né minna en milli 50 og 60 millj. kr., og þó sennilega nær 60 millj. kr. — Þegar verið var að ræða um frambúðarlausn efnahagsmálanna, eða m. ö. o., hvaða leiðir skyldi fara til þess að komast helzt út úr þeim ógöngum, sem efnahagur ríkisins og þjóðarinnar er kominn í, þá var aðalmótbáran á móti því að fara styrkjaleiðina sú, að það mundi krefjast svo mikilla fórna, krefjast svo mikilla skatta í ríkissjóðinn, að undir því yrði ekki risið. Nú skal ég fúslega játa, að ég hef ekki gert mér grein fyrir því, hvað þessir

styrkir þyrftu að vera miklir, eins og málum er nú komið, með því útliti og verðlagi, sem er á útflutningsvörunum í dag, og þarf ekki að efast um það, að við þá styrkupphæð, sem áður var varið í þessu skyni, yrði að bæta mjög álitlegri upphæð. En það er eftirtektarvert þá, að hæstv. fjmrh. gerði ráð fyrir, að útgjaldahækkun ríkissjóðs vegna gengislækkunarinnar mundi nema allt upp undir 30 millj. kr., þó að hætt væri að borga styrkina. M. ö. o., áhrif gengisfellingarinnar á hag ríkissjóðs mundu verða þau, að það mundu fara 10 til 15 millj. kr. í launauppbætur, og hækkanir á öðrum sviðum vegna gengislækkunarinnar mundu líka verða upp undir 15 millj. kr. á ári. Þannig að útgjaldaaukningin alls vegna gengislækkunarinnar mundi verða upp undir 30 millj. kr., eða nær því sú upphæð, sem fiskábyrgðin nam síðasta árið, sem hún var greidd, því að ég hygg, að þegar útgjöld ríkissjóðs voru um 70 millj. kr. vegna dýrtíðarinnar, þá hafi farið þar helmingurinn til niðurgreiðslu innanlands og hinn helmingurinn til þess að bæta upp fiskverðið. Launabæturnar voru greiddar miklu hærri en gert var ráð fyrir, því að gert var ráð fyrir, að 4 millj. kr. færu til þeirra. (*Fjmrh.:* Það eru 20%, sem borgað hefur verið í launauppbætur, sem hv. þm. hljóta að vita.) En sú 20% upphæð, sem ákveðin var árið sem leið, var áætluð 4 millj. kr. Það stendur fast, að það var gert ráð fyrir því, að sú 20% hækkun launanna í 5 mánuði var áætlað að mundi nema 4 millj. kr., svo að aldrei getur það orðið 15 millj. kr. (*PO:* Það fór í meðförum stjórnarinnar úr 4 millj. upp í 12 millj. kr. á árinu.) Það er nú alveg nýtt. (*PO:* Já, hvorki meira né minna.) Mér sýnist því, að það muni koma til kasta ríkissjóðsins að verða að hækka sína útgjaldabyrði mjög verulega, jafnvel þó að hann losni við að borga með fiskinum. Og þá fer fyrst verulega að vandast málið, finnst mér, þegar hvort tveggja verður að gera, bæði að taka á sig allar byrðar, sem gengislækkuninni fylgja, og líka þá skatta og þau gjöld til ríkissjóðs, sem nokkurn veginn jafngildir þeirri upphæð, sem áður fór til greiðslna ríkissjóðs vegna fiskábyrgðarinnar.

Ég hefði annars óskað eftir því, eins og ég tók fram við fyrri umr. þessa máls, að það hefðu legið fyrir miklu skýrari gögn en raun ber vitni um afkomu ríkissjóðsins og hvaða nauðsyn þess vegna bæri til þess að afla þeirra tekna, sem hér er gert ráð fyrir. Og mér finnst það tæplega forsvaranlegt hjá hæstv. fjmrh., að hann skuli ekki bera við að gera tilraun til þess að skýra, hvernig afkoma ríkissjóðs verður í heild nú síðasta ár, áður en hann fer fram á, að samþ. verði að leggja hér á skatta og tolla, sem nema kringum 50 millj. kr. Ég veit, að miklar kröfur hafa verið gerðar til ríkissjóðsins, bæði um að létta sjóveðum af bátum, hækka framlag til hlutatryggingasjóðs og til kaupa á ræktunarvélum og til ýmissa annarra útgjalda, til námsmanna erlendis og fleira þess háttar. Þar er þó að geta þess, að hækkun á gjöldum til námsmannanna er bein afleiðing af gengislækkuninni, svo a. m. k. sá útgjaldapóstur er einn af fylgifiskum gengislækkunarinnar. En, sem sagt, yfirlit yfir allt þetta, sem gera þarf, og heildaryfirlit yfir afkomu ríkissjóðs hefði verið æskilegt að fá, áður en þetta tekjuaukafrv. væri samþ. En í stað þess er þetta hespað af með svo miklum hraða, að 19. gr. og 29. gr. og jafnvel fleiri gr. í þessum III. kafla l., sem ekki eiga lengur við, hafa ekki verið teknar út úr í frv., og hefði þó óneitanlega verið viðkunnanlegra að hætta að tala um fiskábyrgð, eins og gert er í 19. gr., og greiðslur vegna fiskábyrgðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta mörgum fleiri orðum. Ég mun greiða atkv. gegn frv., af því að það fer beinlínis í þá átt að auka þær byrðar, sem á eru lagðar með gengisfellingarl., sem virtust reyndar vera ærnar fyrir og ég í minni fávizku hafði búizt við, að ekki þyrfti að auka við með sköttum, sem gert var ráð fyrir, þegar gengislækkunin var samþ., að mundu falla niður.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt hina skriflegu brtt., sem hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) hefur borið fram og lýst. Brtt. er of seint fram borin, auk þess sem hún er skrifleg, og þarf fyrir henni tvöföld afbrigði, til þess að hún komist að, og vil ég leita þeirra afbrigða hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 511) leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég harma það að þurfa að eltast hér við ræðu eins og þá, sem hv. þm. Hafnf. flutti hér nú, og að sú ræða skuli vera flutt af honum, sá tónn sem var í hans ræðu, því að hann lætur sem hann heyri ekki þær upplýsingar, sem fram koma í málinu, og virðist þar að auki ekki hafa lesið frv., sem er þó lágmarkskrafa til þess, að menn geti rætt það á þann hátt, sem hann hefur gert. Ég skal ekki fara langt út í þetta, því að til þess er ekki tilefni. En ég vil benda á, að þessi hv. þm. gefur í skyn og síðan gengur út frá því í sínum samanburði og málflutningi, að launauppbótin, sem greidd er og hann sjálfur átti hvað mestan þátt í, að var 20%, sé afleiðing gengisbreyt. En meginhluti þeirrar launahækkunar, sem ég talaði um, er einmitt vegna þessarar viðbótar, það veit hann vel.

Enn fremur setti hann það fram, að það mundi hafa verið hægt að halda uppi uppbótarleiðinni með 35 milljónum. Það þarf góða heilsu til að kasta fram öðru eins og þessu, þegar við vitum, að tvöföld þessi upphæð er alls ekki nóg. Þetta er sýnishorn af málflutningnum, gripið af handahófi.

Hann segir, að það sé dæmi um það, hvað óvandlega þetta sé unnið, að þar sé ákvæði, sem á þar ekki heima, um að greiða uppbætur á útfluttar sjávarafurðir. Hann virðist ekki hafa lesið frv. Þar stendur, að ákvæðin um tekjuöflun í þessum kafla séu framlengd, en ekki önnur.

Annars kvartaði hann yfir því, að það hefðu verið ógreinilegar upplýsingar, sem ég hefði gefið um afkomu ríkissjóðs. Ég get ekki á það fallizt, en það er ekki hægt að ætlast til, að rannsókn sé að fullu lokið, þar sem ekki var

farið að vinna að henni fyrr en eftir stjórnarskiptin, og ég veit, að hann skilur það. Ég sagði það, sem átti að vera nægilegt fyrir þá, sem fylgjast vel með, eins og ég veit, að hann gerir, að ég vildi vekja athygli á því, að það vantaði stórar fúlgur í sambandi við launamálin, sem eftir gildandi lögum á að inna af hendi og hækka vegna gengisbreytingarinnar, svo að þar hljóta að verða 10—15 milljónir. Um þetta þarf því að hækka fjárlfrv. að óbreyttum þeim gjöldum til framkvæmda eins og gert er ráð fyrir, þó að það verði ekki hækkað um 30—40 milljónir. Því sér hver viti borinn maður, að annaðhvort verða tekjurnar að hækka eða að lækka verður einhverja gjaldaliði.

Um tekjuhorfurnar skal ég ekki fjölyrða. Við reiknum með lítils háttar meiri innflutningi en í fyrra. Og þá sýnist mér láta nærri að áætla um 30 milljón króna tekjuauka á frv.

Að lokum vil ég segja það, að hv. 3. landsk. (GÞG) hefur notað kaffitímann til að fá upplýsingar um það, hvað mundi hækka verð og kaupgjald í landinu undir þeim kringumstæðum, að söluskatturinn félli niður og líka ef honum væri haldið áfram. Um þessa útreikninga skal ég ekkert segja. Ég get ekki gagnrýnt þá í einstökum atriðum, en við höfum séð þessa útreikninga hagfræðinga fyrr, og þeir hafa staðizt misjafnlega. En í því sambandi má spyrja: Eiga fjárl. þá að verða með 45—50 millj. kr. tekjuhalla? — eða þá í öðru lagi: Hvaða upphæðir á að lækka um 45—50 millj. kr.? Við þessu verður að gefa svör, ef málin eiga að vera rædd af viti.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Mér skilst á hv. þm. Hafnf. (EmJ), að málið horfi þannig við frá hans bæjardyrum, að það sé til lítils barizt fyrir afkomu ríkissjóðs að fá gengislækkun, ef eftir sem áður þurfi að framlengja þá skatta, sem stóðu undir niðurgreiðslunum. En hér er á fleira að líta. Ég er ekki viss um, að með þessu sé öll sagan sögð. Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði varðandi hin auknu útgjöld ríkissjóðs. Þessi hækkun á gjöldum ríkissjóðs stafar fyrst og fremst af þeirri ákvörðun þingsins að bæta launamönnum landsins sín kjör. En ég er viss um, að hv. þm. Hafnf. og hans flokkur og ýmsir af mínum flokksmönnum, sem þessu máli fylgdu, muni áreiðanlega ekki gleyma því, þegar þeir tala við launamenn, að geta um, að þeir hafi heiðurinn af því að hafa bætt kjör launamannanna. En fyrst þetta hefur verið samþ., þá verður ríkið að taka á sig afleiðingarnar af því. Ég er ekki með tölur yfir, hvernig þessi útgjaldahækkun skiptist, en svo mikið er víst, að meira en helmingur af upphæðinni stafar af öðrum ástæðum en gengisfellingunni. Þá er á það að líta, að hagnaður ríkissjóðs af gengisfellingunni er samkvæmt bráðabirgðaáætlun a. m. k. 40 milljónir yfir árið, eða 30 milljónir ¾ hluta ársins. Stundum hefur það verið talinn hagur að losna við útgjöld. En það get ég staðhæft, að ef uppbótarleiðin hefði verið farin og hlutur sjómanna hefði verið ákveðinn eins og hann hefur verið og hlutur útgerðarmanna eins og lítur út fyrir með núverandi verðlagshorfum, þá hefði kostnaðurinn við það verið lágt áætlaður 100 milljónir, því að hann hefði orðið mikið yfir 100 milljónir. Þetta dæmi þarf þess vegna sannarlega frekari skýringa við en hv. þm. Hafnf. vill vera láta, þar sem hann vill leggja að jöfnu hagnað ríkissjóðs af gengisfallinu við tap ríkissjóðs. Annars vegar eru 15—20 millj., ef það er svo mikið, sem ríkisútgjöldin aukast, en hins vegar er 100—120 millj. kr. kostnaður, sem fellur niður, og auk þess aukast tekjur ríkissjóðs, eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir. Þetta raskar ekki því, sem hefur verið meginefnið í þessum umr., að fjárl. verða ekki skynsamlega afgreidd á þessu ári, nema sá skattur, sem hér er um að ræða, verði látinn haldast, því að það verður engin stj., jafnvel þó að það kæmi sú þriðja á einu og sama þingi, svo vitur og röggsöm, að hún beri fram slíkar sparnaðartillögur, hvað þá að þær yrðu samþ. á yfirstandandi þingi.

Emil Jónsson: Hæstv. fjmrh. þótti það koma úr hörðustu átt, að ég og aðrir þm. skyldum leyfa okkur að gera aths. við þetta frv., svo mikið hefðum við staðið að því að auka útgjöld til launagreiðslna til opinberra starfsmanna og ýmislegs fleira og það væri ekki óeðlilegt, þó að ríkissjóður þyrfti einhverja peninga að fá til að standa undir þessu. Sömuleiðis var hann hneykslaður yfir þeim tón, sem væri í minni ræðu, þar sem ég létist ekki skilja það, sem hér væri um að ræða, og eiginlega afflytti eða talaði móti betri vitund. Ég talaði um þetta á sama hátt og ég tala um öll mál, eftir því sem ég hef vit til að ræða þau og án allrar undirhyggju. Ef ég hef að hans dómi farið of fjarri efni málsins eða hann finnur óviðeigandi tón í orðum mínum, þá verð ég að biðja hann afsökunar, því að ég hef ekki möguleika til að hafa það öðruvísi.

Ég sagði á þá leið, að mér fyndist það koma úr hörðustu átt, að það skyldi samtímis því, sem gengisfellingarlögin væru sett, líka þurfa að viðhalda svo að segja öllum þeim sköttum, sem lagðir hefðu verið á til að greiða fyrir bátafiskinn vegna fiskábyrgðarinnar. Það var grundvallarhugsunin, að mér skildist, þegar gengislækkunarlögin voru sett, að það ætti að mega forða almenningi frá þeim kostnaði, sem lagður var á vegna fiskábyrgðarinnar. Það, sem áður var tekið með sköttum, ætti nú að taka með gengislækkun. En það, sem nú er gert, er það, að almenningur verður að bera þær byrðar, sem gengislækkunin veldur, og líka skattana, sem lagðir voru á vegna fiskábyrgðarinnar. Almenningur verður því að bera þær byrðar, sem fylgdu gömlu leiðinni, og líka þær, sem fylgdu þeirri síðari. Það er þetta, sem ég og fleiri hv. þm. lýsum undrun okkar yfir. Og það er ekki furða, þó að við lýsum undrun okkar yfir því, því að almennt er talið, að byrðarnar á landsfólkinu vegna gengislækkunarinnar nemi kannske um eða yfir 100 millj. kr., og þegar þar við bætist, að viðhalda á öllum gömlu sköttunum, sem lagðir voru á vegna fiskábyrgðarinnar, þá er ekki að undra það, þó að við látum ekki í ljós tóma ánægju yfir þessari aðferð. Það er ekki hægt að lá okkur það.

Ég minntist líka á það áðan, að hæstv. fjmrh. hefði talið, að launauppbótin vegna gengislækkunarinnar mundi þurfa að vera 10—15 millj. kr. og hækkun á öðrum liðum vegna gengislækkunarinnar 10—15 millj. kr. Hæstv. ráðh. hefur lagfært þetta í síðari ræðu sinni og sagt, að mikið af þessari 10—15 millj. króna hækkun vegna launanna væri til orðin vegna þeirra hækkana, sem orðið hefðu á síðasta ári, og var gripið fram í og sagt, að sú upphæð mundi vera allt að 14 millj. kr. En ef þetta 20% álag nemur hálft árið því, sem hæstv. ráðh. segir, hverju mundi þá nema allt árið sú hækkun, sem verður vegna gengisfallsins og lýst hefur verið? Mér þykir augljóst, ef sú hækkun á launum, sem var gerð árið sem leið, nemur þeirri upphæð, sem hér hefur verið nefnd, þá muni sú hækkun, sem hlýtur að koma á ríkissjóð vegna gengisbreytingarl., ekki verða neitt lítil. En ef hinir ýmsu liðir á fjárl. hækka um 10—15 millj. kr., sem mér þykir furðulega lágt, og mætti segja mér, að það yrði hærra, þá er komið nærri því, sem ég sagði, að útgjaldaaukning ríkissjóðs yrði um 30 milljónir.

Hæstv. atvmrh. sagði, að ríkissjóður græddi svo mikið á gengislækkuninni. Mér heyrðist hann nefna 40 milljónir. En ef hann græðir 40 milljónir á gengislækkuninni, hvað þarf þá að vera að samþ. þetta? Má þá ekki nota þá upphæð til að jafna með? Það kann að vera, að hæstv. fjmrh. finnist þetta óviðurkvæmilega spurt. (*Fjmrh.:* Já, mjög.) En svona liggur málið fyrir mér, af því að málið er lagt svo óskýrt fyrir. Því hefði ég óskað, að hæstv. ráðh. hefði lagt málið þannig fyrir, að hægt hefði verið að gera sér grein fyrir því. Það verður að athuga, að hér er ekki um að ræða smáupphæð, hér er að ræða um milljónatugi. Og það er vítavert, ef ekki fást betri upplýsingar um svona stórt mál, áður en það verður endanlega afgreitt.

Almenningur í landinu er vissulega fús til að taka á sig nokkra byrði til þess að tryggja, að útflutningsframleiðslan í landinu geti haldið áfram að starfa, af því að almenningi er ljóst, að ef hún stöðvast, þá verður víða þröng fyrir dyrum. En hann vill í fyrsta lagi ekki, að þessar byrðar séu lagðar á eins og gert var með gengislækkunarlögunum, og hann vill allra sízt, að versti skatturinn úr dýrtíðarl. sé framlengdur, því að ég fullyrði, að sá af sköttum dýrtíðarl., sem almenningi er tilfinnanlegastur, er söluskatturinn og hann kemur allra verst við. En það er einmitt hann, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að framlengja. Það var upplýst áðan af hv. 3. landsk., að söluskatturinn mundi valda um 3% hækkun á framfærslukostnaði, og það er vissulega mjög alvarleg viðbót við það, sem hefur verið gert með gengislækkunarl., þannig að útlit er fyrir, og hæstv. fjmrh. hefur ekki treyst sér til að vefengja það, að framleiðslukostnaðaraukningin, sem af gengislækkuninni og þessum söluskatti muni stafa, muni nema upp undir 16.6% eða kannske rúmlega það. Þetta er það, sem við erum að andmæla. Við erum að andmæla því, að hvor tveggja skatturinn sé lagður á, sá, sem af gengislækkuninni stafar, og sá, sem átti að standa undir fiskábyrgðinni. Mér finnst þetta of mikið til þess, að það sé hægt að ætlast til, að við rennum því niður þegjandi og hljóðalaust.

Hæstv. ráðh. vildi halda fram, að ég hefði ekki lesið frv. Ég hef ekki lesið það einu sinni, heldur tvisvar. (*Fjmrh.:* Ég var svo góðgjarn að gizka á það.) Já, það vantar ekki góðgirnina hjá hæstv. ráðh., en ég get ekki séð, að það stafi af vankunnáttu eða lestri, að ég fékk þá meiningu út úr því, sem ég fékk. Það hlýtur þá að stafa af skilningsskorti, en það, sem hægt er að lesa út úr frv., er það, að 3. kafli dýrtíðarl. er framlengdur, tekjuöflun hans, og þar með tekjuöflun ríkissjóðs, sem stendur í 29. gr., en þar er gert ráð fyrir, að 22 milljónir af tolltekjum ríkisins skuli renna í dýrtíðarsjóð. Ákvæðin um dýrtíðarsjóð eru því ekki felld niður. Það hefði því sannarlega þurft að undirbúa þetta betur, svo að unnt væri að sjá, hvað er verið að framlengja og hvað ekki, því að það verður ekki séð af frv., eins og það er nú.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvort það er rétt af hv. þm. að vera undrandi yfir þessu frv., sem hér er fram komið frá hæstv. ríkisstj. Ég held, að það sé ekki við neinu öðru að búast en þessu, þegar það ráð, sem tekið var með gengislækkuninni, var þannig, að það gat aldrei orðið nein lækning á þeirri meinsemd, sem lækna þurfti, en þegar samt var haldið fast við þá trú, þá var ekki um annað að gera en halda áfram á sömu braut. Hér um árið voru hækkaðir tollar til að draga úr dýrtíðinni, og síðan voru teknir upp styrkir til að forðast gengislækkun. Sumir, sem voru raunsæir, viðurkenndu, að gjaldeyrisleyfagjöldin væru ekkert annað en dulbúin gengislækkun. Svo kom gengislækkunin sjálf, og þá átti það að vera endanlega meðalið. Ekki var sinnt neinum viðvörunum frá neinum, sem móti því frv. var, að það væri verið að skera sjúklinginn upp við vitlausum sjúkdómi. Hvað gerist svo nú? Það er haldið áfram, gamla sagan byrjuð á ný. Það er verið að telja mönnum trú um, að í sambandi við gengislækkunarlögin sé verið að draga úr tollum, en það hefur komið í ljós, að tollar hækka. Síðan er nú komið með till. um að halda söluskattinum við, halda við þeim tollum, sem verka mest á dýrtíðina. Samtímis því er komið með till. frá ríkisstj., að leyfagjaldið, sú nýja dulbúna gengislækkun, skuli halda áfram. M. ö. o., þegar nú er verið að ljúka við eina gengislækkunina, þá er verið að byrja á sömu brautinni með nýja gengislækkun. Eftir nokkurn tíma koma fleiri gengislækkanir og áframhald á söluskatti, ef ríkisstj. og flokkar hennar fást ekki til að athuga, hvar meinsemdin er.

Nú held ég, að ekki þurfi mörg orð um það, að þessar álögur eru í fyrsta lagi óréttmætar. Þetta bitnar á almenningi og þeim, sem sízt skyldi. Í öðru lagi vantar þá nú fiskábyrgðina, en þó samtímis sýnt, að fiskiútvegurinn á Íslandi heldur ekki áfram án hennar, og í þriðja lagi verður alveg hreint auðséð, með því at-

vinnuástandi, sem hér er að verða, að þessi tekjuöflun bilar að meira eða minna leyti, einfaldlega vegna þess að innflutningurinn, sem reiknað er með, kemur ekki til með að standast, ef ekki er hugsað fyrir að auka útflutninginn, og sem stendur eru þær einu ráðstafanir, sem meiri hluti Alþ. hefur gert, að stofna sjávarútveginum í hættu með því að kippa fiskábyrgðinni í burtu. Ég held þess vegna, að það þurfi ekki að halda um það langa ræðu — og ætla ekki að halda um það langa ræðu —, hve óréttmætar þessar álögur eru og ná ekki því marki, sem ríkisstj. ætlar sér með því. Ég vil aðeins skjóta því inn í sambandi við a-liðinn, gjaldeyrisleyfin, að beina þeirri fyrirspurn til ríkisstj., hvernig ríkisstj. hefur hugsað sér innheimtu á þeim leyfisgjöldum, þegar menn hafa keypt slík gjaldeyrisleyfi, fyrst með 75% og síðan með 25% álagi, sem sé innleysanlegt í bönkunum, eftir að gengislækkunin hefur farið fram, hvort ekki sé rétt að gera ráðstafanir til þess, að þeir menn sæti ekki þyngri álögum en þeim, sem ríkisstj. leggur til þarna, 25%.

Þá vildi ég út frá því, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það hefði ekki orðið samkomulag um neinar aðrar aðferðir til þess að afla tekna, segja það, að ég held, að það hafi lítið reynt á slíkar aðferðir enn þá, held, að þetta sé fyrsta tekjuöflunartill., sem ríkisstj. kemur með. Satt að segja virðist mér ekki fjarri lagi, þegar svo þungar byrðar eru lagðar á almenning sem gert hefur verið með gengislækkuninni og gera á með þessu, að það væri athugað alvarlega að skera niður eitthvað af skrifstofubákni ríkisins. Ég heyrði því nýlega við umræður kastað milli þm. í d., að það væri nú ekki rétt efnilegt að skera þannig niður hver fyrir öðrum, en ég vil benda á, að það er ekki hægt og þjóðin getur ekki sætt sig við það, að prédikað sé yfir henni að taka á sig fórnir og ríkið sýni ekki neinn lit á því. Það má t. d. benda á, að fyrir löngu hefði vel mátt fella mikið saman og spara í ríkisstofnunum. T. d. hefðu tóbakseinkasalan og áfengisverzlunin fyrir löngu átt að vera sameinaðar, en í staðinn hefur ríkið komið upp nýjum stofnunum, eins og t. d. innkaupastofnun ríkisins. Nú, þetta er hlutur, sem verður að athuga. Enn fremur er til stórt bákn hjá ríkinu, fjárhagsráð, sem með öllum þess deildum kostar áreiðanlega ekki minna en 5—6 milljónir og þjóðin gæti að skaðlausu algerlega losað sig við. Ég vil benda á, að því hefur a. m. k. verið kastað fram hér í þinginu, að ekki sé til meiri hluti fyrir þeim aðferðum, sem hér hafa komið fram. Það má vel vera, að útgjöld ríkisins verði að vaxa, en að svo miklu leyti sem þau þurfa að vaxa, þurfa þau að vaxa til hagnýtra framkvæmda, en engin leið er að leggja í slíkt án þess að skorið sé niður eitthvað af þessu skrifstofubákni ríkisins. Í næsta mánuði verða fjárl. væntanlega tekin til umræðu og afgreiðslu, og í sambandi við þau væri eðlilegt, að ákvarðanir væru teknar nokkuð jafnhliða um sparnað og nýjar framkvæmdir. Mér finnst þess vegna alveg ástæðulaust fyrir ríkisstj. að vera nú að fara fram á framlengingu þessa óeðlilega dýrtíðarskatts, og vil ég því leyfa mér að leggja hér fram brtt. við 1. lið, þannig, að í staðinn fyrir „31. desember 1950“ komi í 1. mgr.: 30. apríl 1950. — Ég sé enga ástæðu til þess fyrir ríkisstj. að vera að reka svo á eftir því, að þessi lög séu afgreidd fyrir allt árið, að því sé endilega slegið föstu nú. Mér finnst rétt að gefa tækifæri til þess að kanna í þinginu, hvort ekki megi ná samkomulagi um ráðstafanir, sem sýndu almenningi fram á, að sýndur væri einhver litur á því að framkvæma þær prédikanir, sem látnar eru dynja á honum viðvíkjandi hans persónulega lífi. Ég vil í þessu sambandi enn fremur benda á, að það verður líka óhjákvæmilegt, fyrr eða síðar, að athuga um annars háttar tekjuöflun en þessa. Við vitum ósköp vel, að því er snertir þær tekjuaflanir, sem ríkið getur ekki hugsað sér að sleppa nú, t. d. einkasölu á áfengi og tóbaki, að ekki skuli svipaðar tekjuaflanir hafa verið teknar í þjónustu almennings, t. d. sælgætis- og gosdrykkjaframleiðsla. Ríkið ætti sannarlega að hafa slíkar gróðalindir í sínum höndum og reka þessi fyrirtæki, en láta ekki eingöngu einstaklingana í þjóðfélaginu sitja að þeim arði. Ég held, að óhjákvæmilegt sé að athuga þess háttar tekjuöflun, áður en svona skattur er lagður á almenning, eins og með framlengingu söluskattsins, en í þessu sambandi komum við að því, sem alltaf er aðalágreiningsefnið við slíka tekjuöflun, og skal ég ekki ræða það neitt. Meðan ekki verður að því horfið að taka verzlunargróðann til ríkisins beint, þá verður ekki hægt að skapa hér örugga fjárhagsafkomu. Ef hann á að fá að haldast við hliðina á þyngdum álögum á almenning, þýðir það síaukna dýrtíð í landinu, sem almenningur veltir af sér, ef hann hefur kraft til, og þannig veltur þetta allt niður eftir brekkunni.

Ég tek eftir því, að í þessum umr. er rétt eins og sumir hæstv. ráðh., sérstaklega atvmrh., hafi uppgötvað nýjan hlut síðan gengislækkunin fór fram. Þeir tala um slæmar markaðshorfur og að núverandi verðlagshorfur séu mjög óefnilegar. Ég veit ekki betur en þær upplýsingar hafi legið fyrir áður en gengislækkunin var samþykkt, en nú er allt í einu farið að tala um þetta og koma fram með þetta. Ég veit ekki, hvort þeir uppgötva þetta svona seint, hvar meinsemdin liggur, eða hvort eigi að nota þetta til nýrra álagna á þjóðina. Nú, þegar minnzt er á söluskatt, er talað um, að verðlagshorfurnar séu eitt af því, sem valdi því, að leggja verði söluskatt á, en það vissu menn áður en gengislækkunin var samþykkt. Ég álít sem sagt enga þörf á því fyrir ríkisstj. að pína fram nú að koma þessum söluskatti á, heldur eigi að reyna að ganga úr skugga um, hvort hægt sé að fá meiri hluta í þinginu fyrir sanngjarnari tekjuöflun en þessari. Þessi aðferð, sem hér er beitt nú með þessu frv. af ríkisstj., er ekki aðeins óréttlát, heldur meira að segja gagnslaus. Grundvöllurinn, sem þetta á að standa á, bilar, þar sem álögurnar á almenning verða það þungar, að hann kiknar undir þeim.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál lengur nú, en vildi leyfa mér að mælast til þess, að hæstv. forseti leitaði afbrigða fyrir þessari brtt., sem ég hef minnzt á.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 512) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það var út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOl) sagði. Það er rétt, að það kann að koma fram nokkurt ósamræmi í sambandi við leyfisgjaldið, og þarf það athugunar við. Ég treysti mér ekki til að gefa ákveðnar upplýsingar um það nú, en það verður tekið til sérstakrar athugunar í sambandi við framkvæmdina. Það er nokkur tími, sem menn hafa kannske orðið að borga bæði háa leyfisgjaldið og það nýja.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að taka yrði alvarlega til athugunar að skera niður af skrifstofubákni ríkisins. Það er rétt, að taka þarf þetta til alvarlegrar athugunar, og það ætlar ríkisstj. sér líka að gera, en ég er frábitinn því að gefa nokkrar tyllivonir í þessu sambandi og tel, að hyggilegast sé að segja ekki meira í þeim efnum en hægt er að standa við. Það er þess vegna ekki hægt að gefa neina yfirlýsingu á þessu stigi, en þetta verður tekið til ýtarlegrar athugunar. En þótt svo færi, að af þessu yrði árangur — og þess er að vænta —, fólki væri fækkað og færðar saman stofnanir, þá kæmu afleiðingar þess ekki fram á þessu fjárhagsári, því að eins og vitað er, er fólkið ráðið með löngum uppsagnarfresti og aðdragandinn að því nokkur, þannig að það hefur þess vegna ekki áhrif á afkomu þessa árs. Þetta vildi ég taka fram og jafnframt, að menn mega ekki gera sér neinar tyllivonir, en að sjálfsögðu ber að taka þetta til mjög alvarlegrar athugunar.

Finnur Jónsson: Ég ætla ekki að lengja þessar umræður neitt verulega, en hygg, að rétt sé að benda á eitt atriði enn í sambandi við afgreiðslu þessa máls, áður en þessari umr. verður lokið. Það hefur víst ekki komið fram við umræðu þessa máls, að bátaútvegsmenn og sjómenn telja — og hafa gert um það samþykkt í samtökum sínum —, að þeir þurfi að fá 93 aura verð fyrir fiskinn, slægðan með haus, til þess að það samsvari því 75 aura verði, sem þeir höfðu í byrjun þessa árs. Þessa samþykkt byggja sjómenn á því, að tilkostnaðurinn aukist sem svari 8 aurum á kíló vegna þeirrar verðhækkunar, sem nú þegar er að skella á eða er skollin á út af ýmsu, sem þarf til fiskveiða. Á ég þar meðal annars við verulega hækkun á olíu, sem mun hækka nú á morgun upp í 640 kr. tonnið. Enn fremur telja þeir, að þau hlunnindi, sem þeim voru veitt með 5. gr. l. nr. 1 frá 1950, nemi um 10 aurum á kíló. Í annan stað eru svo hraðfrystihúsin, sem telja sig ekki geta keypt fiskinn fyrir sama verð og hann hefur verið borgaður frá áramótum, eða 75 aura kíló. Það er þess vegna allt útlit fyrir, að það sé þarna 18 aura mismunur að minnsta kosti á því, sem hraðfrystihúsin mundu vilja kaupa fiskinn fyrir í mesta lagi, og bátaútvegsmenn og sjómenn mundu vilja afla þarna fyrir, eftir að gengisbreytingalögin voru samþykkt. Nú hef ég þar að auki heyrt, án þess að ég vilji leggja verulegan trúnað á það, að af hálfu hraðfrystihúsanna sé talið, að þau vanti svona um 40 aura á enskt pund, með núverandi markaðshorfum, til þess að geta borgað meira að segja þetta 75 aura verð, en það mundi þýða, ef þeirra málstaður réði, eins og hann hefur verið settur fram í umræðunum við útvegsmenn, að þá vantaði um það bil 15 aura til þess að geta borgað fiskverðið, sem þeir borguðu frá 1. janúar þar til gengisbreytingarlögin öðluðust gildi. Ég hygg, að í þessu sé falin ákaflega mikil hætta, eða sú, að veiðarnar hljóti annaðhvort að stöðvast eða draga mikið úr þeim, ef ekki kemur eitthvað sérstakt fyrir næstu daga. Mér er kunnugt um, að bátaútvegsmenn hafa átt nokkur samtöl við hæstv. ríkisstj. út af þessu, en er ekki kunnugt um, að þeir hafi fengið þar nokkra áheyrn sinna mála. Og ég veit ekki, hvort þeir hafa verið með uppástungur, sem rétt væri fyrir ríkisstj. að fallast á svona rétt eftir að gengisbreytingarfrv. hefur verið knúið fram. Ég hygg, að þeirra uppástungur hafi aðallega verið um áframhaldandi svartamarkaðsgjaldeyri eða slíkt, til þess að þurfa ekki að koma fram með kröfur um áframhaldandi ríkisábyrgð á bátaútveginum með einhverju verði. Nú er auðséð, að ef ishúsin treysta sér ekki til að kaupa fiskinn með því verði, sem hlutarútvegsmenn telja sig þurfa að fá, torveldar samþykkt þessa frv. þetta mál enn að verulegum mun. Ef það er rétt, að afgreiðsla frv. muni valda aukinni dýrtíð um sem næst 47 af hundraði, þá er það vitað mál, að laun hljóta að hækka þegar í stað eða mjög fljótlega, og gerir það þá enn erfiðari samskiptin milli bátaútvegsmanna og hlutarsjómanna annars vegar og ishúseigenda hins vegar. Ég er síður en svo kátur yfir því, að þessi vandræði skuli vera fram undan. En það er eins og allar þær illspár, sem hafðar voru um það, þegar þetta frv. var til afgreiðslu, ætli að rætast, og raunar fyrr en nokkurn mann grunaði. Ég hef talið rétt að leiða athygli ríkisstj. að þessum sérstaka þætti og þessari sérstöku hættu, sem er yfirvofandi með afgreiðslu þessa frv.

ATKVGR.
Brtt. 511 felld með 20:8 atkv.
— 512 felld með 20:8 atkv.
1. gr. samþ. með 20:8 atkv.
2. gr. samþ. með 20:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, StSt, StgrSt, ÁB, BÁ, BÓ, EystJ, GG, GTh, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, PO, SB.
nei: StJSt, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, MK, SG.
7 þm. (ÁkJ, GÞG, HÁ, JóhH, JÁ, ÓTh, SÁ) fjarstaddir.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa langar umræður um málið, en ég flyt hér eina brtt. við 1. gr. Hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) flutti við 1. umr. brtt. um að fella niður a- og b-lið 1. gr., en hún náði ekki samþykki. Hins vegar er það vitað um bílainnflutninginn, að hann er almennt ekki nauðsynlegur, og ætti raunar að banna hann, en meðan hann er leyfður, þá er rétt, að bifreiðarnar fari til manna, sem hafa atvinnu af því að keyra, og vildi ég því leggja til, að á eftir orðunum „35% af leyfisfjárhæð" í b-lið komi: „enda sé eigi öðrum en atvinnubifreiðastjórum veitt leyfi." Þetta er ófært öðruvísi. Hið opinbera þarf ekki fleiri bíla í bráð og þá ekki einstaklingar, en ég álít öryggi atvinnubílstjóra ekki of mikið, þótt þeir þurfi ekki að sækja bíla sína á svartan markað. Það komu fram hjá hv. þm. Ísaf. (FJ) aðvaranir í sömu átt og ég hef áður bent á, en ég veit, að það er erfitt að fá um þetta umr. nú, og skal ég því ekki fjölyrða um það, en ég býst við, að brátt gefist tilefni til að ræða þessi mál. — Ég vil svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir brtt. minni.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa heyrt fram komna brtt. frá 2. þm. Reykv. (EOl). Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 513) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 513 felld með 17:4 atkv.

Frv. samþ. með 20:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HermJ, KK, LJóh, EE, GJ, RÞ.

StgrA, BrB greiddu ekki atkv.

8 þm. (JJós, SV, VH, ÞÞ, BSt, BBen, FRV, HV) fjarstaddir.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Virðulegi forseti. Því miður getur hæstv. fjmrh. ekki verið viðstaddur hér í kvöld, en ekki þykir fært að fresta afgreiðslu málsins, vegna þess að þetta frv. þarf að samþ. á morgun og fá staðfestingu sem lög og verða birt fyrir kl. 12 annað kvöld. Ég hef orðið við tilmælum hv. fjmrh. að fylgja þessu frv. hér úr hlaði.

Það er augljóst mál, að það er ekki ánægjulegt að þurfa að framlengja skatta og tolla, ekki sízt ef nægilega mikið af þeim er til, eins og er nú hér á landi. Ástæðan fyrir því, að farið er fram á framlengingu þessara gjalda, er sú, að undanfarnar 2 vikur hefur fjmrn. rannsakað útgjöld fjárl. og hversu mikið hefur verið tekið upp á fjárl. af því, sem þarf að greiða á þessu ári. Skv. þessu er áætlað, að gengislækkunin hafi þau áhrif, að hún kosti ríkið 10—15 millj. kr. Enn fremur er áætlað vegna launauppbótar embættismanna, að þá aukist útgjöld fjárl. um 10—15 millj. kr. Þá hafa og verið rannsökuð margs konar gjöld, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður gjaldi og ekki hafa verið tekin inn á fjárlögin, og gert er ráð fyrir, að sú aukning nemi um 10—15 millj. kr. Fyrir þessum útgjaldaliðum vantar algerlega tekjur á fjárl. Nú undanfarið eftir að fjmrn. gerði þessa athugun á áhrifum gengislækkunarinnar, hefur þetta verið rætt í ríkisstj., einnig í fjvn., og í ljós hefur komið, að þótt þessir skattar verði framlengdir, þá verður enginn afgangur af tekjunum, þetta nægir aðeins til að ná tekjuhallalausum fjárl. Þetta hefur verið þaulrætt í ríkisstj., og niðurstaðan hefur orðið sú, að ríkisstj. stendur öll að framlengingu þessara l. Eitt af undirstöðuatriðum þessara ráðstafana er, að fjárl. verði ekki afgreidd með tekjuhalla. En ef greiðsluhalli yrði á fjárl., þá er stefnt út í það sama, sem við ætluðum að fyrirbyggja með gengislækkuninni. — Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, en tek það fram, að mér finnst bagalegt, að ekki skuli hafa verið hægt að leggja frv. fram fyrr. En það er ekki með glöðu geði, að við leggjum til, að þessir skattar verði framlengdir, og þess vegna reyndi ríkisstj. að athuga allar leiðir, ef hægt væri að komast hjá þessu. En svo reyndist þó ekki, og var þessum útreikningum ekki lokið fyrr en nú allra síðustu dagana. — Eins og ég sagði um frv., sem afgreitt var nú rétt fyrir stundu, þarf þetta frv. að fá samþykki d. á morgun, svo að hægt sé að staðfesta það sem lög og birta. Það eru vinsamleg tilmæli mín, að hv. þm. sjái sér fært að stytta mál sitt og tefja ekki umræður fremur en nauðsyn krefur. Svo óska ég, að frv. verði vísað til 2. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langar umræður um þetta mál, því að ég geri ráð fyrir, að örlög málsins séu ráðin án tillits til þeirra raka, sem hér kunna að koma fram. — Hv. þm. Str. og landbrh. sagði, að það væri ekki skemmtilegt að þurfa að bera fram frv., er þyngdi enn skattabyrðar almennings. Þetta hefur heyrzt í hvert skipti, sem tollar hafa verið hækkaðir eða skattar lagðir á, svo að þetta er engin ný viðkvæmni, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh. En það má segja, að það þarf meira en lítið feimnisleysi til að leggja þetta frv. fram. Svo blygðunarlaust er framferði hv. stjórnarflokka, að öllum heiðvirðum mönnum hlýtur að blöskra. Í öllum umr. um gengislækkunina undanfarið hefur verið gert ráð fyrir því, að á móti gengislækkuninni kæmu einmitt lækkanir á tollum. Þetta var það atriði, sem enginn var í vafa um. Hinar gífurlegu tollahækkanir á sínum tíma voru einmitt afsakaðar með því, að þær væru lagðar á til að bera uppi taprekstur útgerðarinnar og kæmu í staðinn fyrir gengislækkun. Síðan var gengislækkunin afsökuð með því, að ekki væri lakara að lækka krónuna, því að þá væri hægt að afnema tollana. Meira að segja er gert ráð fyrir þessu í álitsgerð hagfræðinganna, Ólafs Björnssonar og Benjamíns Eiríkssonar, sem sóttur var til Ameríku, og þar er talað um, að æskilegast væri, að róttækar tollalækkanir gætu farið fram. En nú er svo komið, að sá kostnaður, sem af gengislækkuninni leiðir, er færður fram sem rök til þess að hækka tollana. Hér

er sem sagt svikamyllan sett í fullan gang og hringavitleysan í algleymingi. Gengislækkunin er nú færð sem rök fyrir því, að það þurfi að afla ríkissjóði tekna og þess vegna að hækka tollana. Hér er því búið að fara algerlega hringinn. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstjórn hafi velt vandlega fyrir sér, hvaða áhrif gengislækkunin mundi hafa, og ætti ekki að vera að sjá það núna fyrst, að hún sé kostnaðarsöm og það vanti fé í ríkissjóð — eða ef svo er ekki, þá ættu hæstv. ráðherrar a. m. k. að geta viðurkennt, að þeim hafi missýnzt, þeir hafi ekki getað séð fyrir, hvað hér var um að ræða, og ættu þeir þá ekki síður að viðurkenna, að þeim hafi missýnzt um fleira, og það ekki í smærri atriðum. Frystihúsin telja nú, að 75 aura verðið, sem þau greiða nú, sé 15 aurum of hátt, því að þau geti ekki staðið undir slíku. Hvernig fer þá um bátaútveginn? Sennilega mun ekki líða á löngu, áður en gripið verður til fiskábyrgðarinnar aftur til þess að bátaútvegurinn stöðvist ekki. Þá verða lagðir á nýir tollar og það réttlætt með því, að annars þurfi aftur að grípa til gengislækkunar. Síðan verður krónan lækkuð á ný og það réttlætt með því, að annars þurfi aftur að grípa til tollahækkana. En það er spurning, hversu lengi svikamyllan geti þannig snúizt. Það er spurning, hve lengi það getur gengið að þrengja kjör fólksins og meina því að lifa mannsæmandi lífi. En valdhafarnir virðast ekki hugsa um það.

Það hafa ekki verið gefnar neinar upplýsingar um það, hvað þessar tollahækkanir nemi hárri fjárupphæð. Það eru líklega um 50—60 millj. kr. og þá er það um 20 millj. kr. bein hækkun frá því, sem áður var. Hækkun á verðtolli vegna gengislækkunar mun vera yfir 30 millj. kr. Nú var reiknað út, að fiskábyrgðin mundi kosta um 70—80 millj. kr. M. ö. o., ríkisstj. fær þessar 70—80 millj. kr. til ráðstöfunar til annarra hluta, auk þessarar 50 millj. kr. hækkunar á tollum, eða alls a. m. k. 120 millj. kr. lauslega áætlað, sem viðbót við tekjur s. l. árs. Auk þessa voru lagðir á skattar í sambandi við gengislækkunina, sem engin áætlun hefur verið gerð um, og upplýsingar liggja ekki fyrir um, hvað ríkisstj. áætlar þá hátt. En öllu þessu fé hefur nú verið ráðstafað, en auðvitað hlýtur það að létta undir með öðrum greiðslum úr ríkissjóði. En til hvers þarf þá allt þetta fé? Fyrir því hefur engin grein verið gerð. Hæstv. landbrh. nefndi nokkrar tölur, 30—40 millj. Og ég geri ráð fyrir, að hann hafi nefnt hæstu tölur, enda skakkaði ekki minna en um 5 millj. miðað við lágmark og hámark á hverjum lið. En hér er um að ræða 120 millj. til viðbótar, sem ríkissjóður fær til umráða.

Það hefur verið reiknað út, að söluskatturinn hækki framfærslukostnaðinn um 4%. Þegar báðar gengislækkanirnar, dollaragengislækkunin í haust og þessi núna, hafa verið teknar með og enn fremur tollahækkanirnar, þá hefur framfærslukostnaðurinn hækkað um ca. 25%, eða ¼, og er þó hér reiknað með þeim allra lægstu tölum, sem hugsanlegt er. Og hvað geta valdhafarnir vænzt þess lengi, að láglaunamenn uni við slíkt? Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að bjóða mönnum. Það ætti hæstv. ríkisstj. að taka með í reikninginn.

Haraldur Guðmundsson: Virðulegi forseti. Ég efa ekki, að það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði, að það sé ekki með glöðu geði, að ríkisstj. leggi þetta frv. fram. Ég vil bæta því við, að það sé ekki með glöðu geði, að hann hafi gerzt formælandi frv.

Það leikur varla á tveim tungum, að áður en gengislækkunin var ákveðin, var málið lagt þannig fyrir þing og þjóð, að það væri ekki nema um tvennt að ræða: annaðhvort að halda áfram uppbótargreiðslunni og taka til þess skatta og tolla eða hins vegar að lækka gengið. Þjóðin átti sem sagt að velja á milli þeirra tolla, sem þegar höfðu verið lagðir á, eða taka gengislækkun og losna þá heldur við tollagreiðslurnar. Nú, hálfum mánuði eftir að gengislækkunin er orðin að l., er hæstv. ríkisstj. komin á aðra skoðun: að það þurfi bæði gengislækkun og tollabyrðar til að halda þjóðarskútunni á floti. Því skil ég mætavel, að hæstv. landbrh. sé ekki létt um tungutak, þegar hann ber þetta frv. fram. Þó get ég ekki neitað því, þótt ég þykist skilja hann, að mér finnst, að hann hefði átt að sýna viðleitni til að gera málinu gleggri skil en hann gerði í sinni stuttu ræðu hér áðan. Hann taldi, að það vantaði 30—45 millj. kr. til jöfnunar á fjárl. Þessi útreikningur er vægast sagt ekki nákvæmur, þar sem hann hleypur á 15 milljónum. Þetta bendir til þess, að sú athugun, sem fram hefur farið í sambandi við áætlun fjárl., sé lausleg og harla ónákvæm. Má þetta heita furðulegt, en hitt gegnir þó enn þá meiri furðu, að hæstv. ráðh. skyldi ekki nefna það einu orði, að gengislækkunin út af fyrir sig hækkar tekjur ríkissjóðs stórlega, því að allir þeir tollar, sem miðast við fob.-verð vörunnar, hækka stórlega. Mér hefur talizt svo til við athugun á fjárlagafrv., þar sem verðtollurinn er áætlaður 58 millj. kr., að sú upphæð muni hækka um 40 millj., og þetta er miðað við 12 mánuði, og er hér því um mikla hækkun í krónum að ræða. Ég harma það, að svona mál skuli ekki hafa fengið nákvæmari afgreiðslu en nú fer hér fram á því, en vissulega væri þess brýn þörf. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, en ég get ekki látið hjá líða að benda á, að það var trú alþm., að söluskatturinn yrði felldur niður, ef gengislækkunarfrv. næði samþykki þingsins. Að vísu er það rétt, að ýmislegt hefur í ljós komið síðan gengislækkunin var samþ., sem valdið hefur því, að hæstv. ríkisstj. lítur nú öðrum augum á þetta mál en fyrir gengislækkunina. Ég man ekki betur en að því hafi verið haldið fram af stjórnarflokkunum, að sú ráðstöfun mundi leiða af sér aukna framleiðslu og aukna útflutningsframleiðslu og skapaði þannig auknar þjóðartekjur, bátaflotinn hagnýttist betur og gömlu togararnir, sem legið höfðu við festar, færu á veiðar. Nú hefur farið svo, að lítil aukning hefur átt sér stað, en heldur hallazt á hina hliðina, því að nú er búið að selja a. m. k. tvo af gömlu togurunum. Það fékkst hærra verð fyrir þá í íslenzkum krónum en ella, en ekki eykur sú ráðstöfun þjóðartekjur

Íslendinga eða eykur útflutninginn. Ég bendi á þetta dæmi til þess að sýna fram á, að viðhorf hæstv. ríkisstj. er breytt frá því sem það var til þessa máls, eins og kom fram í umr. í hv. Nd. Nú ætti hún að játa það, að hún sjái betur en þegar gengislækkunarfrv. kom í þingið í byrjun marzmánaðar.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál nú, en ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. landbrh., hvort honum finnist ekki tilhlýðilegt, sökum þess, hvernig þetta mál er lagt fyrir, að hafa þinglegan hátt á afgreiðslu þess og vísa málinu til n. að umr. lokinni og fá nánari upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh., hve miklar tekjur ríkissjóður muni fá vegna gengislækkunarinnar. Enn fremur langaði mig til þess að vita, hvort form. fjvn. hefði nokkuð litið á áætlanir fjmrh. varðandi áætlun þessara tekna. Það væri ekki ófróðlegt að fá einhverja vitneskju um þetta.

Jóhann Jósefsson: [Ræðuna vantar í handrit innanþingsskrifara, og hefur ekki reynzt auðið að bæta úr þeirri vöntun.]

Gísli Jónsson: Forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál á þessu stigi, en það kom hér fram áðan fyrirspurn til formanns fjvn., hvort hann hefði athugað áætlun hæstv. fjmrh. um tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári og hvernig n. liti á þær áætlanir. Út af þessu vil ég upplýsa hv. þm. um, að enn sem komið er hef ég ekki séð þessa áætlun. En eins og kunnugt er, hefur hæstv. fjmrh. verið sjúkur, og hef ég aðeins átt um þetta við hann eitt samtal, og sagðist hann þá hafa þessar áætlanir í undirbúningi, og hafa þær því ekki legið fyrir fjvn. og m. a. vegna þess hefur töf orðið á störfum n., því að þessar áætlanir eru grundvöllurinn, sem hún byggir sitt starf á. En hins vegar get ég upplýst, að eins og sjá má af fjárlfrv., þá er gert ráð fyrir um 30 millj. kr. tekjuafgangi og um fjögurra milljóna tekjujöfnuði. En síðan hafa bætzt við og verið sendar til n. ýmsar viðbótarkröfur, m. a. um sjö millj. kr. viðbótarkrafa frá hæstv. ríkisstjórn eða einstökum ráðh. og þess utan ein og hálf millj. kr. á heimildargreiðslur, og þess utan hafa komið kröfur frá stofnunum ríkisins um að taka inn um 1100 þús. kr. og auk þess frá einstaklingum um sjö og hálf millj. kr. Það lætur því nærri, að þetta muni nema samtals um 18 millj. kr. Þrátt fyrir þetta er það kunnugt, að ýmislegt er það, sem enn þarf að bæta inn í fjárlfrv. samkv. l. þar að lútandi. Það er því alveg rétt, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að ýmsir útgjaldaliðir, sem ekki eru að neinu leyti í sambandi við gengislækkunina, þurfa að fara inn á fjárlögin, en eru ekki komnir þangað enn. Þetta þótti mér rétt að kæmi fram. En úr því að ég er staðinn upp á annað borð, vil ég í fullri vinsemd benda hv. 4. þm. Reykv. (HG) á, að hann og hans flokkur bera mikla ábyrgð á, að nú er farið fram á framlengingu III. kafla l., því að hækkun launa opinberra starfsmanna, sem þeir áttu mestan þátt í að samþ., er ekki hvað sízt orsök þess, að nú þarf að framlengja þennan kafla. Við stóðum þá í hörðum deilum hér á Alþingi út af því máli, og hefði hv. þm. átt að vera það ljóst, að sú gerð hlaut að leiða til mikilla vandræða. Ég verð að segja það, að ef hæstv. ríkisstj. og þm. yfirleitt ætla að slá verndarhring um áhrif gengisbreytingarinnar og fjármálalífið, þá er það fyrsta sporið að snúa við á þeirri braut, sem mörkuð var með launauppbótinni til opinberra starfsmanna, því að það hlýtur að verða krafa þjóðarinnar, að ríkið spari í embættisrekstrinum, og alveg er meiningarlaust að vera að hækka laun þeirra, sem sitja í öruggum embættum. Það þarf ekki heldur að spyrja að andstöðu almennings við nauðsynlegar álögur, þegar verið er samtímis að gefa lífstíðartryggingu þeim mönnum, sem bezt eru launaðir og sitja í þeim embættum, sem mest er sótzt eftir. — Þetta þótti mér rétt að láta koma fram.

Þá minntist hv. þm. einnig á það, að tveir af gömlu togurunum hefðu verið seldir úr landi. Þetta er alveg rétt, en það er gert í þeirri vissu, að það fé, sem fæst fyrir þá, verði notað til kaupa á nýrri og betri togurum en þessum, til þess að skapa þeim, sem við þá vinna, betri og öruggari lífsafkomu. Ég tel það og ekkert til þess að furða sig á, þótt allir bátar séu ekki komnir á sjó eftir 14 daga. Ég veit ekki, hvort öllum hv. þm. er ljóst, að undanfarin þrjú ár hafa útgerðarmenn þurft að eyða öllum sínum sjóðum, lánstrausti og styrkjum, svo að þeir geta ekki hafið starfsemi sína nema með bættum möguleikum og nýjum mönnum, og finnst mér ekkert óeðlilegt, þótt þeir nýju menn láti standa á sér í 14 daga. En þessi vandræði hafa svo stafað af því, að flokkur þessa hv. þm. hefur ekki fengizt til að samþ. breytingu á genginu í réttara horf undanfarin fjögur ár. Hann ber þess vegna ábyrgðina á því, hvernig komið er. Eftir 1946 var ljóst orðið, að ekki var hægt að halda áfram á þeirri braut að borga niður aðalatvinnuveg þjóðarinnar. Átti ég þá tal um þetta við hæstv. fyrrv. viðskmrh., og lýsti hann því þá yfir, að hann mundi með öllum ráðum reyna að viðhalda niðurgreiðsluleiðinni. Var það því ekki vegna þess, að þessum háttv. flokki væri ekki bent á villu síns vegar, heldur vegna þess, að hann tók þann kostinn að berja höfðinu við steininn og hunza allar staðreyndir.

Úr því að ég er nú staðinn hér upp, vildi ég segja nokkur orð um frv. sjálft. Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Reykv., að slæmt sé að þurfa að framlengja þessi tekjuöflunarákvæði. Þó er það aðallega eitt ákvæði, sem mér er þyrnir í augum, og það er álagið á gjaldeyrinn til ferðalaga. Ekki af því, að mér sé sárt um, að þeir greiði aukaskatt í ríkissjóð, sem hafa efni á því að ferðast, heldur af því, að það gefur beinlínis til kynna, að gengið sé ekki fellt nægilega mikið, og í öðru lagi vegna þess, að þetta gefur þeim mönnum, ef einhverjir eru, sem eiga fé erlendis, aðstöðu til þess að selja það á svörtum markaði með miklum hagnaði, því að þeir geta stórgrætt á því, þótt þeir selji féð smávegis undir gangverði. En ég vil taka skýrt fram, að ég segi ekki, að það séu einhverjir, sem eiga fé erlendis, heldur aðeins ef svo væri, þá væru þarna opnaðir miklir möguleikar fyrir

þá að græða stórfé. Þetta skapar einnig vissa freistingu fyrir menn að draga undan gjaldeyri og selja síðan. Þetta eru þær ástæður, sem gera það að verkum, að mér þykir mjög leitt að þurfa að samþ. þetta ákvæði, en alls ekki það, að ég vilji á nokkurn hátt reyna að ívilna þeim eða vorkenna, sem til útlanda vilja ferðast. Það hefði kannske mátt finna annað form til þess að skattleggja þá, sem til útlanda vilja ferðast, t. d. með því að skattleggja meira en nú fluggjöldin eða eitthvað þess háttar. En í sambandi við þetta vil ég minna hv. 4. þm. Reykv. á, hver var upphafsmaður að þessari skattlagningu á ferðagjaldeyrinn. Það var einmitt fyrrv. hæstv. viðskmrh., núv. hv. þm. Hafnf. (EmJ), en í hans stjórnartíð var ekki lagt 25% á, heldur 75% og viðurkenndi hann þar með, að gengið var ekki réttilega skráð. Áttum við hv. þm. Hafnf. harðar deilur um þetta hér í d. á sínum tíma.

Um b-liðinn sé ég ekki ástæðu til að segja mikið, því að ef við erum hér að heyja baráttu upp á líf og dauða til að bjarga fjármálunum, dettur engum manni í hug, að hæstv. ríkisstj. leyfi nokkurn innflutning fólksbíla að óþörfu. — Um söluskattinn er aftur nokkuð öðru máli að gegna, því að það er vitanlegt, að gert var ráð fyrir, að hann héldist, þegar fjárlfrv. var samið, og einnig var það samið með það fyrir augum, að gengið gæti ekki haldizt óbreytt allt árið. Þar að auki er hv. þm. kunnugt, að lausaskuldir ríkissjóðs söfnuðust upp í þjóðbankanum og mjög erfitt var orðið að halda uppi nauðsynlegum framkvæmdum í landinu. Auk þess er fjöldi verkefna, sem tæplega þola nokkra bið eða að framlög til þeirra séu skorin niður. Nýlega var t. d. í þessari hv. d. samþ. um einnar millj. kr. framlag til frystihúsa, og þannig er það, að þarfirnar eru miklar á ýmsum sviðum. En hins vegar skal ég viðurkenna, að til þess að fá þjóðina til að sætta sig við þær byrðar, sem óhjákvæmilega hefði þurft að leggja á hana, hvaða leið sem farin hefði verið til bjargar fjárhagsvandræðunum, þá sættir hún sig ekki við álögurnar, nema hæstv. ríkisstj. byrji á að skera niður öll óþarfa embætti í landinu. Þetta verður að vera krafa allra hv. þm. til ríkisstj., því að þá fyrst sætta menn sig við þær byrðar, sem nauðsynlegt er að leggja á til bjargar fjárhag þjóðarinnar.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að ég get fallizt á þá afgreiðslu málsins, að því verði nú að 1. umr. lokinni frestað til morguns, því að ég veit af reynslu, að það er aldrei viðhaft mjög mikið málþóf í þessari hv. d., og þess vegna veit ég, að hægt verður að ljúka afgreiðslu málsins á tilsettum tíma, þótt þessi háttur verði á hafður.

Svo vil ég segja örfá orð viðvíkjandi frv. sjálfu og því, sem fram hefur komið í sambandi við það. En þar sem bæði hv. þm. Vestm. og hv. þm. Barð. hafa tekið fram ýmis atriði, sem ég vildi sagt hafa, get ég stytt mál mitt, enda umr. um það á morgun, og mun þá hæstv. fjmrh. verða viðstaddur umr. og getur hann að sjálfsögðu gefið um málið fyllri upplýsingar en ég get gert. — Það er nú oftast svo, að þegar lagðir eru á skattar eða tollar, þá finnst mönnum, að það sé allt gert fyrir viðkomandi ríkisstj., en þó er það augljóst, að þegar slíkt er gert, þá verða alltaf einhverjir til þess að sjá fyrir útgjöldum sem því svarar. Og víst er það svo, að við þm. þurfum að biðja um margvísleg útgjöld, sem nauðsynleg eru og sum þannig, að ekki er hægt að sjá þau fyrir, þegar fjárlög eru samin. Þess vegna er það skylda okkar að sjá fyrir tekjum, sem þessum nauðsynlegu útgjöldum svarar, því að annars er það jafnvíst eins og tvisvar sinnum tveir eru fjórir, svo að einföld líking sé tekin, að allar okkar ráðstafanir til úrbóta hljóta að mistakast, því að það er alveg auðséð, ef farið er að ausa út peningum umfram tekjur, að þá erum við komnir í sama farið aftur og við vorum að reyna að losna úr. En að þessu mun ég koma örlítið síðar.

Þá vil ég segja nokkur orð um það atriði, sem mest hefur hér verið rætt. Það kom bæði fram hjá hv. 1. landsk. og einnig hjá hv. 4. þm. Reykv., að þeir héldu því fram, að gert hefði verið ráð fyrir því, að söluskatturinn mundi verða afnuminn er gengisbreytingin væri komin á. Hv. þm. Vestm. hefur nú sýnt fram á með glöggum rökum, að þetta er ekki rétt, og ætla ég ekki að fara að endurtaka það, sem hann sagði þessu viðvíkjandi. En við munum vel, að þegar gert var ráð fyrir að standa undir fiskábyrgðinni með söluskattinum, þá var hann í þeim áætlunum fimmfaldaður og upplýst af hæstv. ríkisstjórn, að það mundi þurfa, aðeins til þess að halda bátaútveginum gangandi, um 80 millj. kr. Þó er þar ekki gert ráð fyrir gömlu togurunum. Það þarf því ekki að fara í neinar grafgötur með það, að söluskatturinn gat ekki haldið bátaútveginum gangandi, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég get því ekki séð, að það sé neitt að fara aftan að Alþingi, þótt söluskatturinn sé framlengdur, heldur þvert á móti. Það má auðvitað deila um, hvort allra þessara tekna sé þörf. Um það get ég að vísu ekki gefið neinar tæmandi upplýsingar, en þó hygg ég, að það sé svo ljóst, að ekki verði það vefengt. Það var upplýst af hv. þm. Barð., að gert væri ráð fyrir um 30 millj. kr. tekjuafgangi á fjárl., en búið væri að saxa töluvert af honum, því að kröfur upp á sem næst 18 millj. kr. væru komnar til fjvn. og búast mætti við fleirum, en þessar útgjaldakröfur ættu fæstar rót sína að rekja til gengisbreytingarinnar. — Það er alveg rétt hjá hv. þm., að ekki er gott að fara þannig með tölur, að þurfa að segja 10—15 millj., það skal ég fúslega viðurkenna. En ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á, að upplýsingar varðandi þetta atriði eru enn ekki komnar frá þeirri n., sem í þetta var skipuð, þrátt fyrir að gengið hafi verið eftir þeim. Það er því ekki hægt að fá endanlegar niðurstöður á þessu stigi málsins. Ég hef nú ekki við höndina útgjaldaheimildirnar, en þær munu vera komnar upp í um 14 millj. kr., sem ekki eru á fjárlögum. Fjmrn. er nú að tína þetta saman og mér er sagt, að varla líði sá dagur, að ekki komi fram nýjar greiðslur, t. d. í gær kom fram greiðsla upp á um milljón króna. Svo er það vitað, að þegar fiskábyrgðin fellur niður, kemur greiðsla upp á 1.6 millj. kr. Og sannleikurinn er sá, að við höfum reynt að ganga úr skugga um út-

gjaldaaukninguna, sem er til staðar og mæta þarf, og við það er þetta frv. miðað.

Þá er það, sem sérstaklega hv. 4. þm. Reykv. hélt fram, að bæði verð- og vörumagnstollur mundi hækka við gengislækkunina. Honum reiknaðist til, að þessi hækkun mundi nema um 40 millj. kr. allt árið. Ég vil endurtaka, að hann sagði allt árið, en nú er eins og menn vita töluvert af því liðið, þar sem hækkunin kemur ekki til greina. En því er til að svara, að þessi hlið málsins hefur líka verið rannsökuð verulega, og því miður er útlit fyrir, að útflutningsáætlunin, sem innflutningurinn er miðaður við, fái ekki staðizt. Sá maður, sem gert hefur útflutningsáætlunina, hefur nú nýverið endurskoðað hana, og eftir þá endurskoðun telur hann, að það þurfi að lækka hana um 80—100 millj. kr. og þá um leið innflutningsáætlunina til samræmis. En þetta stafar af ástæðum, sem hv. þm. eru vel kunnar, þ. e. a. s. aflaleysi, markaðsvandræðum og lágu verði fyrir afurðir okkar. — Það má enn fremur á það minnast, þegar talað er um þessar tolltekjur, að við höfum séð, að núna síðustu dagana hafa verið töluvert sæmilegar aflasölur hjá togurunum, og maður skyldi því ætla, að nokkur gjaldeyrir kæmi inn. En þá kemur í ljós, að um skuldir er að ræða, vegna taps á togurunum í vetur, og að verulegur hluti gjaldeyrisins fer í þær. Í vetur borguðu togararnir ekki útgerðarkostnað, svo að senda varð út verulegar fjárhæðir til þess að borga sjómönnunum kaup það, sem þeir áttu að fá í erlendum gjaldeyri. Sá gjaldeyrir, sem við mættum halda, að við fengjum nú til þess að geta aukið tolltekjur okkar, fer í að greiða skuldir, sem safnazt hafa, þegar togararnir voru að því komnir að stöðvast. Það er þess vegna, þrátt fyrir gengisbreyt., rétt að fara varlega í það að reikna með verulega hækkuðum tolltekjum frá því, sem gert er ráð fyrir í frv., þegar tekið er tillit til alls þessa og með tilliti til þess, að þessar tekjur eru of hátt áætlaðar. Ég vildi óska þess, að það rættist, sem virðist vera aðalatriði þess, sem hv. 1. landsk. þm. og hv. 4. þm. Reykv. hafa sagt hér, að það sé raunverulega að einhverju leyti óþarft að leggja á söluskatt. Og það mun ekki standa á ríkisstj. að afnema þessi gjöld strax og það sýnir sig, að hægt er að gera það. Ég vildi, að það ætti eftir að sýna sig, að um verulegan tekjuafgang yrði að ræða, en því miður er útlitið þannig nú, að þótt þessi söluskattur verði lögfestur áfram, þá geri ég mér litlar vonir um tekjuafgang á landsreikningnum á árinu 1950. Sé það svo, að því verði tæplega náð, þá virðist alveg augljóst, hvað sem öðru líður, að það má undir engum kringumstæðum koma fyrir, að um greiðsluhalla verði að ræða á fjárl. Hv. þm. Vestm. minntist á það, hvernig fjárlfrv. hefðu verið afgreidd undanfarin ár, og sagðist hafa orðið að láta undan síga og sumpart hafa verið of bjartsýnn. Það er rétt, að það hefur verið um stöðugan greiðsluhalla að ræða, og við höfum að því leyti hagað okkur öðruvísi en nokkur þjóð í nágrenni okkar. Það fyrsta, sem Norðurlandaþjóðirnar gerðu til að rétta við fjárhag sinn, var að ná því takmarki að hafa tekjuafgang á fjárl. sínum, og það bjargaði þeim. En ef við komum ekki til með að hafa greiðsluhallalaus fjárl. nú, þá rísum við ekki undir þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, og við lendum út í fullkomnum ógöngum með allt okkar fjármálakerfi. Það hefur verið sagt, að ýmislegt líti öðruvísi út en ríkisstj. hafi ef til vill búizt við, að ekki sé enn þá eins bjart fram undan, þrátt fyrir gengisbreyt., eins og gert hafi verið ráð fyrir, þegar henni var komið á. Ég skal viðurkenna það, að ýmislegt er öðruvísi en ég bjóst við um afkomuna, a. m. k. hvað framleiðsluna snertir. Ég hef stungið upp á því í ríkisstj., að byrjað verði á að gefa greinilegar skýrslur um afkomu framleiðslunnar, því að það er eitt grundvallaratriði í okkar þjóðfélagi, sem algerlega hefur verið gengið fram hjá á undanförnum árum. Ætli almenningur viti það yfirleitt, að gengislækkunin er allt of seint gerð og þegar búið er að greiða uppbæturnar samkvæmt þessari gengisbreytingu, þá er hún ekki það mikil, að hún stimuleri og líka vegna þess að verðfall kemur samtímis? Það er rétt, að gengisbreytingin kemur of seint. Ég átti mjög nákvæmt samtal við manninn, sem undirbjó gengisbreyt., og hann dró enga dul á það, að hún væri gerð of seint. Þetta er skiljanlegt, þegar menn vita, að þannig er nú komið, að þrír kaupstaðir, sem gera út nýsköpunartogara, eru allir, þegar gengisbreytingin er gerð, komnir í skuldir og töp af því að gera út einn einasta togara hvert. Skuldirnar eru mikið á aðra millj. kr. á hvert bæjarfélag. Eitt lítið bæjarfélag er komið með tap, sem nemur 1½ millj. kr., og er ekki útlit fyrir annað en gjaldþrot þar eða það verður að jafna skuldinni á borgarana, en ég sé ekki, að slíkt sé mögulegt. Annað bæjarfélag er með tvo togara, og tapið er næstum því tilsvarandi eins mikið þar. Þriðja bæjarfélagið er þannig sett, að það er búið að vísa togaranum frá sér, og hann er kominn á sparisjóð bæjarfélagsins. Halda menn svo, þegar svona er komið og búið er að draga svona lengi að gera ráðstafanir til lagfæringar, að hægt sé að koma þeim fjörkippi í þetta, að um einhver snögg umskipti verði að ræða? Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það kæmi kannske ekki mikill fjörkippur í atvinnulífið. Ég skal ekkert um það segja, hvort hann verður mikill eða lítill, en ég verð að segja það, að ef ekkert hefði verið gert og engin gengisbreyt. gerð, með hag togaraflotans fyrir augum, sem er blóminn úr íslenzku framleiðslunni, — að menn tali svo ekki um bátaútveginn, en það mun vera einsdæmi, að gert sé „moratorium“ fyrir einn stærsta atvinnuveg nokkurrar þjóðar, svo að ekki megi ganga að honum, — þá væri fróðlegt að sjá framan í landsmenn nú og er menn einnig sjá, að ekki er hægt að halda áfram niðurgreiðslum. Það er ástand, sem við verðum að bera saman við það ástand, sem er í dag, sem ég efast um, að margir vildu sjá. — Því er haldið fram af sumum, að gengisbreyt. muni mistakast. Ég skal ekkert um það fullyrða. Þetta er síðasta tilraun fjárhagslega drukknandi þjóðfélags, eins og rök hafa verið leidd að, og ekki þarf að rökstyðja það fyrir hv. dm. Þetta er tilraun til að bjarga þjóðfélaginu, og mistakist hún, fá menn að sjá framan í það, sem þeir virðast heldur hafa kosið og hefði verið komið nú, ef ekkert hefði verið að gert.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni, en vil að lokum endurtaka það, að ég get vel fallizt á það fyrirkomulag og tel það allt eins heppilegan afgreiðslumáta, að málinu verði nú komið til 2. umr. og síðan verði haldið áfram umr. um það á morgun.

Haraldur Guðmundsson: Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. hefur lagt til, að málinu verði nú vísað til n. og að umr. verði ekki haldið lengur áfram í kvöld, og skal ég stytta mál mitt eftir því, sem ég get.

Hv. þm. Vestm. (JJós) fullyrti, að það væri rangt með farið hjá mér, að söluskatturinn hefði allur farið til að greiða uppbæturnar á sjávarafurðirnar, og færði hann því það til stuðnings, að í frv., sem hann sem fjmrh. lagði fyrir Alþ., þegar það kom saman í haust, hefði söluskatturinn verið tekinn inn tekjumegin, en ekki hefði verið gert ráð fyrir útgjöldum vegna fiskábyrgðarinnar gjaldamegin. Ég vildi í því sambandi mega minna hv. þm. Vestm. á það, að jafnvel þótt fjmrh. semji þannig frv., sem hann leggur fyrir Alþ., þá segir það aðeins hans óskir í þessu máli, en hins vegar alls ekki neitt um það, hvað Alþ. hefur hugsað sér, þegar l. voru sett. Þegar l. um fiskábyrgðina voru fyrst sett, á þinginu 1947—1948, var í þeim sérstakur kafli, sem heitir: Um álagningu söluskatts vegna ábyrgðar á fiskafurðum og niðurgreiðslu á innlendum vörum. — Söluskatturinn var lægri þá í byrjun, en var hækkaður á síðasta ári, og hann hefur alltaf verið við þetta tengdur, enda á lagður í því skyni, sem heiti VII. kafla þeirra l. segir til um, hvað sem fjmrh. leggur til, þegar hann semur sitt fjárlfrv. Ég skal á það benda, að síðan þetta var samþ., hefur kjötniðurgreiðsla lækkað mjög verulega, svo að sá hluti dýrtíðarsjóðs, sem ætlaður var til þeirra greiðslna, hefur þurft minna fé, og hefur þá verið hægt að láta meira ganga til uppbótanna á útflutningsvörurnar. Hv. þm. drap einnig á það, að í frv. um styrk til vélbátaútvegsins, sem þáverandi ríkisstj. lagði fyrir Alþ. rétt fyrir áramótin síðustu, hefði verið gert ráð fyrir sérstökum skatti, hækkun á söluskattinum, til þess að mæta því, ef ábyrgðin yrði látin standa til vertíðarloka og ekki yrðu farnar aðrar leiðir. En eingöngu í því tilfelli þyrfti, eftir dómi páv. fjmrh., að hækka söluskattinn til þess að mæta þessu upp í 27% úr 6%, sem hann áætlaði, að ég hygg varlega, að mundi gefa 40 til 42 millj. kr. í tekjur og hann þá taldi, að mundi nægja til þess að halda útgerðinni gangandi án gengislækkunar. Ég heyrði umr. um þetta í hv. Nd., þar sem talað var um, að það mundi vera mjög ríflega áætlað, að til þessarar ábyrgðar þyrfti að verja svo miklu fé. Nú sýnir reynslan, að skattar þeir og tollar og söluskatturinn, sem um ræðir í frv., hækka sennilega mjög nálægt því, sem páv. fjmrh. og núv. hæstv. viðskmrh. taldi að þyrfti að verða, til þess að hægt væri að halda áfram ábyrgðargreiðslum og afstýra gengislækkun. Það er hér um bil sama upphæð, eitthvað í kringum 40 millj. kr., sem vænta má, — ef áætlun sú, sem í fjárlfrv. er, er rétt, sem ég hef nú borið brigður á, — að tekjur ríkissjóðs mundu aukast vegna gengislækkunarinnar. Annars get ég fallizt á það með hv. þm. Vestm., að það er í sjálfu sér ekki mikil ástæða til þess að deila um þessa hluti. Það hefur aldrei verið framkvæmt þannig lagað skúffusystem hjá ríkissjóði, að ákveðnar tekjur væru bundnar við ákveðnar framkvæmdir, því að slíkt er meira á pappírnum, eins og honum er kunnugt um.

Hv. þm. Barð. (GJ) skýrði frá því, og var það svar við því, er ég spurði um í fyrri ræðu minni, að fjvn. hefði ekki átt kost á því að yfirfara áætlun fjmrh. um aukin útgjöld, nauðsynlegar hækkanir útgjalda á fjárl., og hann hefði ekki heldur gert sér grein fyrir því, hvað tollar mundu aukast vegna gengislækkunarinnar. Ég verð nú að segja það, að úr því að Alþ. er ekki farið að sjá neitt frá hv. fjvn. enn, virðist það vera það minnsta, sem fjmrh. gat gert, að bera sig saman við fjvn. um þessi atriði, áður en hann lagði sínar till. fyrir Alþ. — Eftir þessar upplýsingar vék hv. þm. Barð. að mér nokkrum orðum, og taldi hann mig og minn flokk tvímælalaust eiga sök á því, hvernig fjármálum ríkisins væri komið, a. m. k. hvað þann hluta þeirra snerti, að ég og minn flokkur hefðum stutt að því — og ég vil skjóta því inn, ásamt nálega 50% af hans flokki og hæstv. forseta þessarar d., sem reri þar einn á borð fyrir sinn flokk — að til bráðabirgða var gerð nokkur samræming á launum starfsmanna hins opinbera, til þess að nálgast þær breyt., sem almennt hafa orðið á launakjörum manna í landinu frá þeim tíma, að launal. voru sett. Ég hygg, að sú bráðabirgðaheimild, sem þar var veitt, gildi ekki lengur en þar til fjárl. hafa verið afgreidd frá Alþ., og þar hefur hv. þm. Barð. sem form. fjvn. allra manna bezta aðstöðu til að gera sín sjónarmið gildandi. Ég geymi mér því að kljást við hann um þessi efni, þar til málið kemur á ný til umr. á Alþ.

Í þeirri lauslegu áætlun, sem hæstv. landbrh. gerði grein fyrir við framsögu málsins, um hækkanir á gjöldum ríkissjóðs, þá var það ekki nema tæplega ⅓, sem hann áætlaði vegna þessa stórkostlega hættuverks. Hv. þm. Barð. sagði, og ég hygg, að hann mæli þar rétt, að krafa þjóðarinnar í sambandi við þessar álögur og þá bagga, sem á hana eru lagðir með gengislækkuninni, sé sú, að það verði að spara alla óþarfa eyðslu og að ekki verði fleiri menn hafðir við vinnuna yfirleitt en þarf að vera til þess að leysa hana sómasamlega af hendi. Ég hygg, að þetta sé rétt, og ég er sammála honum um þetta. Það vill líka svo vel til, að hann hefur sérstaklega góða aðstöðu til að sýna vilja sinn í þessum efnum, sem form. hv. fjvn., athugandi hvern einstakan lið fjárl., getandi komið þar að sínum athugasemdum og bent á, hvað laga megi. Ég ætla, að við álítum báðir, að þessir menn eigi að vera svo vel launaðir, að þeir geti unnið sín störf sambærilega við aðra menn, sem vinna sín störf, og það svo vel, að ekki verði að þeim fundið. Ég vil mega bæta því við, að ég hygg, að þjóðin óski meiri aðgerða í þessum efnum en eingöngu að spara fé ríkissjóðs, sem að sjálfsögðu er skylt að gera. Ég hygg, að þjóðin vænti þess, að þeir, sem að útgerð standa og þeim öðrum atvinnuvegum, sem hlúð er að með þessum ráðstöfunum, gæti ekki síður fulls sparn-

aðar og hagsýni í meðferð fjár. Og ég tel fulla ástæðu til þess og hygg, að fullt tilefni sé til þess, að ýtarlega sé rannsakað, hvort ekki megi spara mjög verulega útgjaldaliði í rekstri útgerðarinnar með því að breyta til um skipulagshætti. Það er vitað mál, að þau fyrirtæki eru hin mestu gróðafyrirtæki í ýmsum héruðum, sem inna af hendi ýmiss konar þjónustu í sambandi við sjávarútveginn, t. d. fyrirtæki, sem sumpart afla honum nauðsynja og selja honum þær og sumpart sjá um viðgerðir á framleiðslutækjum hans o. s. frv. Ég held líka, að sú mikla dreifing, sem er á þessum fyrirtækjum, sé óheppileg og að mikið mætti spara með því að koma þar á meiri hagsýni í verkaskiptingu, þannig að ekki séu hafðir fleiri menn við þessa vinnu en þörf krefur. Heldur hv. þm. Barð., að ekki vinni fleira fólk við verzlun og viðskipti í landinu en þörf er fyrir til að sjá um dreifingu varanna til þessara 130—140 þús. manna, sem í landinu búa? Ég hitti enga menn, sem ekki játa það í viðræðum, að það sé stórkostlega miklu fleira fólk, sem hefur vinnu sína — og hana í mörgum tilfellum mjög arðvænlega — af því einu að dreifa vörum, er til landsins koma, til fólksins. Ég er ekki í neinum vafa um það, að sé þarna sparað og þess gætt, að hver maður hafi fulla vinnu, og líka þess gætt, að enginn maður hafi meiri laun en sem svarar til vinnuafkasta hans, þá má spara stórfé. Ég vona, að hv. þm. Barð. hafi þetta líka í huga, þegar athugað er, hvar spara megi. Ég skal ekki koma mér hjá því að fylgja honum þar að máli, ef rétt er stefnt. Hv. þm. Barð. fullyrti, að svo væri komið hag bátaútgerðarmanna yfirleitt, að þeir hafi eytt öllum sínum eignum, lánum og styrkjum, og því sé ekki von til þess, að þeir rétti fljótt við. Ég hygg þetta fullmikið sagt, að því er einstaka menn, sem við þetta fást, snertir. En sé nú þetta svona hörmulegt eins og hv. þm. lýsir því, og sé það rétt, sem hæstv. landbrh. var að segja áðan, að mér skilst, að það sé, eins og hann orðaði það, óvíst, hvort gengislækkunin stimuleri nokkuð þennan atvinnurekstur, þá verður mér á að spyrja: Að hverju eru þeir betur settir eftir gengislækkunina en áður? Eru þeir þá í sama farinu, og er það skoðun þessara hv. þm. og hæstv. ráðh.? *(Landbrh.:* Ég orðaði þetta ekki svona.) Ég benti á það, að eftir áætlun hæstv. viðskmrh. hefði verið hægt að komast áfram til vertíðarloka án gengislækkunar, ef skattarnir hefðu verið auknir nálægt því, sem fram kemur, að aukning þeirra verður við gengislækkunina. Gengislækkunin kemur svo til viðbótar, en samt lýsir hæstv. ráðh. ástandinu svona. Ég verð að segja það í fyllstu alvöru, að mér finnst þetta bæði furðulegt og sorglegt. Þegar þetta gengislækkunarfrv. var samþ. hér, þá létu ýmsir af stuðningsmönnum þess nokkurn ótta í ljós um það, hvort l. mundu ná tilgangi sínum, og sá ótti var við það bundinn, að launastéttir landsins mundu ekki una við l. og gera ráðstafanir til að hækka kaup sitt meira en þau gera ráð fyrir. Nú hafa launastéttirnar mér vitanlega ekkert gert enn þá til þess að brjóta þessi l. niður. Það lítur út fyrir, að þær ætli sér að bíða átekta og sjá, hvernig l. reynast og hvort fyrirheitin, sem gefin voru í sambandi við setningu l., verði haldin. En þótt svona kyrrt sé á þessum stöðum, þá segir hæstv. ráðh., að viðhorfið hafi gerbreytzt í hans augum frá því, að l. voru samþ. og þar til nú. Er það svo, að þeir, sem samþ. hafa l. um gengislækkunina, hafi gengið að því í blindni, en slíkt mætti ætla, eftir því sem nú kemur fram? Áður en l. eru sett, er það fært fram þeim til stuðnings, að þegar þau séu komin í gegn, þá muni framleiðslustörfin aukast og við munum geta aukið innflutning, en af því aukast tekjur ríkissjóðs sjálfkrafa, og þá hverfi vöruskorturinn og verðlagið færist í eðlilegt horf, en svartur markaður hverfi og frjáls verzlun lagfæri þetta allt á skömmum tíma. Vertíðin hefur að vísu verið bágborin, en hún er ekki liðin enn, og þar að auki ætti það ekki að geta raskað öllum þessum útreikningum. Nú stendur svo á, að útflutningur verður ekki eins mikill og ráð var fyrir gert og þess vegna verður útflutningsverðmætið minna og innflutningsmagnið minna og tollarnir svíkja, og af því leiðir, að þeim mun minna, sem inn er flutt af vörum, því betur blómgast svartur markaður, ef rétt er lýst. Ég verð að segja það, að mér finnst kvíðvænlegt að heyra þessar lýsingar hæstv. ráðh., og ég vildi mega vona, að þetta væri bara herbragð — ekki, að hann meinti það, heldur til þess að tryggja það að nú verði hægt að sjá hag ríkissjóðs vel borgið með því, að hann hafi svo ríflegar tekjur, að hann geti leyft sér eitt og annað, sem hann ella mundi ekki geta. Varla hefur hæstv. landbrh. skipt svo um skoðun á þessum hálfum mánuði síðan l. voru sett, að um annað en þetta sé að ræða.

Hv. þm. Barð. sagði í sambandi við sölu togaranna til útlanda, að sú sala mundi verða til þess, að keypt yrðu ný og betri framleiðslutæki, svo að meiri atvinnuaukning yrði eftir en áður. Ég vildi mjög óska þess, að þetta væri rétt, og ég vænti þess, að hann upplýsi síðar í umr., hver trygging sé fyrir því, að svo verði. Ef haldið verður áfram að nota þá gróðamöguleika að selja skipin til útlanda fyrir 75% hærra verð í íslenzkum krónum en áður, þá sýnist mér óvænlega horfa um framleiðsluaukninguna, sem er grundvöllurinn undir gengisbreytingarl. Því skiptir miklu máli í mínum augum að tryggja stórvirk framleiðslutæki til landsins.

Gísli Jónsson: Forseti. Mér þykir rétt að svara nokkrum orðum hv. 4. þm. Reykv. (HG), og skal ég reyna að stytta mál mitt.

Hv. þm. sagði, að baráttan fyrir kauphækkunum til embættismanna hefði verið til samræmingar við launakjör annarra manna í landinu. Ég skal ekki fara langt út í þetta nú, en vil vísa til þess, sem ég sagði um það mál í sameinuðu þingi, þar sem ég hrakti með gögnum, sem fyrir lágu, að hér er ekki um samræmingu að ræða, heldur kapphlaup til þess að tryggja sig gegn því áfram, sem þessar stéttir óhjákvæmilega fengju við gengisfellinguna í landinu, því að það var fyrir fram sókn til betri lífskjara, til þess að af þeim væri ekki tekið hlutfallslega við gengisfellinguna, eins og öðrum launþegum í landinu. Hv. þm. sagði einn-

ig, að ég gæti sem form. fjvn. ráðið mestu um það, því að mér væri kunnugt um ástæður þessara manna, laun þeirra, vinnutíma o. s. frv., og einmitt vegna þess starfs, sem ég hef í fjvn., þá þykist ég geta upplýst hv. þm. um það, að ég hef orðið undrandi að sjá, að til eru embættismenn, sem eru leystir frá störfum með fullum launum, en hafa síðan tekið full laun hjá ríkinu fyrir störf, sem þeir voru of gamlir til að vinna við. Ég vil aðeins sýna fram á, að það er þessi reynsla og þekking mín á störfunum, sem hefur komið mér á þessa skoðun. — Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á annað í þessu máli. Ég lagði m. a. mikla vinnu í það á s. l. vetri að reikna út, hversu skrifstofubákn ríkisins hefur aukizt frá því um áramótin 1946—1947 og til ársins 1949, og við komumst að þeirri niðurstöðu, að það hefði verið um 20 millj. kr. Þetta var kostnaður vegna nýrra stofnana, nýrra manna, hækkaðra launa o. s. frv., sumpart vegna l., sem hafa verið samþ. hér á Alþ. og flokkur hv. þm. hefur mjög fylgt. Við gerðum róttækar till. til þess m. a. að fá skorið niður við afgreiðslu fjárl., og ég vil minna hv. þm. á það, að flestum þessum till. til niðurskurðar var fulltrúi hans flokks á móti, og í mörgum tilfellum, þó að ótrúlegt sé, varð Sjálfstfl. að fá atkv. frá kommúnistum til þess að koma fram niðurskurði, svo mikið var ábyrgðarleysi Alþfl. Það var stjórnarandstaðan, ábyrgðarminnstu mennirnir í þinginu, sem urðu að bjarga málinu vegna andúðar Alþfl. Þetta ætti hv. þm. að muna, þegar hann talar um, að ekki sé ástæða til að framlengja skattana.

Það var að nokkru leyti rétt, sem hv. þm. Vestm. sagði áðan, að það var of mikil bjartsýni um tekjurnar, en það er líka rétt, að það var sannarlega of mikil bjartsýni um eyðsluna í sambandi við afgreiðslu fjárl. á síðasta þingi. Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á það einstaka atriði, að það komu fram við 2. umr. um 100 brtt. frá fjvn., flestar til lækkunar á ríkisgjöldunum, sem voru óþörf útgjöld. En hvað gerist? Það gerist það, að einmitt hæstv. samgmrh. fær frestað atkvgr. um 14 daga og ætlar sér að kúga alla ríkisstj. og þingið til að taka 80 till. til baka, vegna þess að hann gat ekki fellt sig við, að það væri skorið niður. Þetta veit hv. þm., svo að það var ekki af viljaleysi hjá form. fjvn. í þessu máli, að það var ekki afgr. öðruvísi. — Þá sagði hv. þm., að hann vænti þess, að útvegurinn gætti fyllsta sparnaðar. Ég er honum sammála. En heldur hv. þm., að það hafi verið af einhverju gáleysi eða viljaleysi hjá þeim útgerðarmönnum, sem síðan 1945 hafa séð sjóði sína renna út í sandinn? Þeir áttu milljónir þegar stríðinu lauk til að tryggja atvinnuna í landinu, en sáu mánuð eftir mánuð, að þetta var að renna út í sandinn, m. a. vegna þess, að gengið var vitlaust skráð og vegna síhækkandi krafna þeirra manna, sem unnu við útveginn. Þess vegna fór sem fór. Atvinnutækin hafa verið bundin á höndum og fótum af ýmsum aðilum, sem þeir hafa hvorki viljað né getað ráðið við, og þeir töldu sig ekki hafa leyfi til að stöðva slík atvinnutæki, sem voru að eyða sjóðunum, sem þeir líka höfðu skattfrelsi til að safna á stríðstímanum. En nú, þegar allt er farið, bæði peningar og traust, hvað er þá eftir? Þá er ekkert til að byrja með. Ég veit ekki, hvort hv. þm. veit hvaða erfiðleikar liggja í því að fá ýmsar stéttir í landinu, aðrar en embættismenn, til þess að vinna eins og fyrir stríð. Ég þekki nokkuð síðustu samninga; það var ekki ánægjulegt að stöðva nýja flotann, en hvernig fóru þeir samningar? Ég man eftir því, að ég var kallaður út eina nótt til að koma á samkomulagi við eina af þessum stéttum. Mér datt ekki í hug að bera ábyrgð á því að undirskrifa slíkt samkomulag. Það þurfti að semja við menn, sem voru að byrja sitt lífsstarf, um hærri laun en hæstaréttardómarar hafa, og þrátt fyrir það þurfti að beygja sig undir það, að þeir þyrftu ekki að vera nema ¾ af árinu við vinnu. Þessa aðstöðu er búið að skapa í landinu. Peningavelta manna hefur skapað það ástand, að enginn maður hefur viljað beita sér við vinnu eins mikið og hann gerði áður. Ég þekki mörg dæmi þess í iðnaði, framleiðslu og víðar, að það þarf 4 menn til þess að afkasta sama verki og einn maður gerði áður, og það er ekki hægt að vinna það upp með öðru en bættri aðstöðu og betri vélakrafti. Af þessum ástæðum eru of margir menn við sérhver störf, og þetta ástand lagast ekki fyrr en menn hafa skilning á því að taka málin öðrum tökum en var meðan nógir voru peningar. Ég get sagt hv. þm. það, að ef hann heldur, að það þurfi færri menn með því að hafa landsverzlun, þá er ég honum ósammála um það atriði. Ég þekki vel þau fyrirtæki, sem hafa verið rekin af ríkinu, einnig í verzlun, t. d. landssmiðjuna. Silfurtún og sérleyfisferðirnar undir stjórn Alþfl., sem sífellt hafa verið að tapa á hinum mestu veltiárum, þegar aðrir þénuðu milljónir. Þessi fyrirtæki töpuðu þá, en það varð að taka inn skatta til að standa undir þeim rekstri, svo að ég er ekki sammála um, að það verði lagað á þann hátt. En þekkir hv. þm. yfirleitt það áhættuspil, sem það er að leggja peninga í stórútgerð? Veit hann yfirleitt, að í einni söluferð getur verið halli upp á 100—150 þús. kr.? Og hversu lengi getur útgerðin gengið, ef margar söluferðir eru þannig, en það er sannleikur, að sum þessi skip hafa ekki selt fyrir meira en 3000—4000 pund og hafa tapað 100—150 þús. kr. Ef hv. þm. trúir mér ekki, þá ætti hann að ganga til flokksbróður síns, hv. þm. Hafnf., til að fá að vita, hvernig útkoman hefur verið hjá þeim skipum, sem hann hefur með að gera, og mundu þá kannske opnast augu hans fyrir því, að það hefði verið nauðsynlegt að laga ranglætið, sem hér hefur verið í sambandi við gjaldeyristökuna. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. 4. þm. Reykv., ef í staðinn fyrir gengisfellinguna hefði verið tekin upp ensk mynt, hvað hefði þá skeð. Það hefði skeð það, að allir þegnar þessa þjóðfélags hefðu orðið að sætta sig við þau lífskjör, sem enska þjóðin sættir sig við í dag. Ef við hefðum tekið upp dollar, þá hefðum við orðið að sætta okkur við þau lífskjör, sem dollaraþjóðirnar sætta sig við í dag, og þá hefði hlutur verkamanna og sjómanna áreiðanlega ekki orðið neitt svipað því, sem hann er í dag, þó að gengið hafi fallið. Ég þekki ákaflega vel, hvað

er hlutur enskra sjómanna í dag og hvað hægt er að kaupa af lífsgæðum fyrir það, sem þeir bera úr býtum fyrir hverja ferð, samanborið við íslenzka sjómenn, og það er lítið á þessum tímum.

Að síðustu spurði hv. þm., hver væri trygging fyrir því, að nýju skipin fengjust. Það er honum vel ljóst, að í smíðum eru nú fyrir ríkisstj. 10 ný skip og þessum skipum er ekki ráðstafað enn, en þau verða því aðeins gerð út, að einhverjir aðilar á Íslandi vilji eignast þessi skip og taka áhættuna á að reka þau, bæjarfélög eða einstaklingar, nema því aðeins að hann hugsi sér, að ríkissjóður reki þau. Mér er vel kunnugt, að þeir aðilar, sem hafa selt þessi skip til útlanda, hafa það í hyggju að eignast ný skip í staðinn fyrir þau, sem þeir hafa selt. Ég vil hins vegar leyfa mér að benda hv. þm. á, að einmitt þessi skip, sem hér um ræðir, eru flutt til landsins á sínum tíma og kostuðu þá 80000 pund. Þau eru nú seld eftir 30 ár út úr landinu kannske fyrir jafnmargar krónur. En það er ekki nema hálfsögð sagan, heldur hafa bæði þessi skip tapað allan þennan tíma meira en nemur mismuninum á genginu, og það fé hefur runnið til einhverra aðila á Íslandi, og einmitt vegna þess áfalls þá standa þeir menn, sem áttu þessi skip, miklu verr að vígi til áframhaldandi baráttu á þessu stigi til blessunar fyrir íslenzka verkamenn og sjómenn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, HermJ, JJós, KK, LJóh, RÞ.

nei: BrB, FRV.

HG greiddi ekki atkv.

7 þm. (SV, StgrA, VH, ÞÞ, BSt, BBen, HV) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 507, n. 515, 516 og 517, 514).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Virðulegi forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hélt fund um málið undir forsæti hv. þm. S-Þ. (KK), sem í veikindaforföllum hv. 1. þm. Eyf. gegnir störfum í n. Málið var rætt við nm. þá, sem sæti eiga í fjhn., og er skemmst frá því að segja, að leiðir skildu um afgreiðslu þess, þar sem meiri hl., eins og segir á þskj. 515, vildi leggja til að samþ. frv. óbreytt, en tveir nm., þeir hv. 1. landsk. þm. (BrB) og hv. 4. þm. Reykv. (HG), töldu sig málinu ósamþykka og kváðust skila sérálitum. Nú hef ég að vísu ekki séð þau sérálit, og aðeins virðist vera hér í þskj., enn sem komið er, brtt. frá hv. 4. landsk. þm. á þskj. 514, eins og þar segir. Með því að meiri hl. n. hefur ákveðið að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, leiðir það af sjálfu sér, að hann getur ekki mælt með þeirri brtt., sem þarna liggur fyrir.

Við 1. umr. málsins var nokkuð rætt um þörf eða ekki þörf á þeim skattaframlengingum, sem hér er verið að ræða um. Ég tel ekki á þessu stigi málsins, a. m. k. ekki að svo komnu, rétt fyrir mig að fara út í þær umr. eða gera frekari aths. við þær en ég gerði við 1. umr. málsins. Og læt ég við það sitja að flytja hv. þd. þetta mál eins og fyrir liggur á þskj. 515, en þar er mælt með því, að þetta mál nái fram að ganga óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Forseti. Það eru ekki komin þessi nál. enn þá, sem von er á frá minni hl. n. Fjhn. hefur klofnað um þetta mál. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til málsins við 1. umr. þess, og ég þarf ekki að endurtaka það hér. Ég sýndi þá fram á, að ef miðað er við heilt ár, þá hækkar verðtollurinn og söluskatturinn um a. m. k. 50 millj. kr. vegna gengisbreyt. Fiskábyrgðin var áætluð um 70 til 80 millj. kr. á ári, svo að borið saman við það, að fiskábyrgðarl. hefðu ekki verið numin úr gildi og gengi krónunnar hefði verið óbreytt, þá hefði ríkissjóður nú a. m. k. 120 millj. kr. meira til ráðstöfunar en ella, miðað við heilt ár. Ef við berum saman síðasta ár og þetta ár og miðum við þá hækkun á tollum vegna gengislækkunarinnar, það sem eftir er ársins, þá ætti ríkissjóður að hafa nálægt 75 millj. kr. meira úr að spila en á síðasta ári. Hæstv. fjmrh. gaf aftur á móti í hv. Nd. og talsmaður hans hér í hv. d. við 1. umr. málsins ekki upp meira en 30 til 40 millj. kr., sem þyrfti í auknum útgjöldum, þ. e. a. s. hann gat ekki tínt meira til, enda þótt hæstv. ráðh., hv. þm. Str., sem framsögu hafði í málinu hér í hv. d., segði okkur, að það væru að koma á daginn, svo að segja á hverjum degi, ný útgjöld, sem við þetta bætast. Svo að það getur verið, að við fáum einhverjar meiri upplýsingar um þetta bráðlega. Hér er þess vegna verið að leggja á milljónaálögur, án þess að hægt sé að rökstyðja, að nauðsyn sé til þess.

Ég álít það beinlínis skaðlegt, að ríkissjóður hafi slíkar umframtekjur til umráða. Það ber nú mikla nauðsyn til þess að draga úr hinni óstjórnlegu þenslu ríkisbáknsins. Hv. form. fjvn. upplýsti það við 1. umr. málsins í gærkvöld, að útgjöldin til þessa ríkisbákns hefðu hækkað um 20 millj. kr., eftir athugun, sem hann hefði gert, á árunum 1947—1949. Ef nú hæstv. ríkisstj. hefur meira fé til umráða en hún þarf á að halda, þá verður það ekki bara til þess, að ekkert verður gert til þess að draga úr þessari hóflausu þenslu, heldur beinlínis eykur líkurnar á því, að hún verði stóraukin. Það eina, sem hæstv. ríkisstj. hefur sér til varnar, er, að innflutningurinn muni stórum minnka vegna minnkandi gjaldeyristekna. Já, öðruvísi mér áður brá. Það eru ekki margar vikur síðan, jafnvel ekki margir dagar síðan gengislækkunin átti að bjarga þjóðinni. Hún átti að stórauka gjaldeyristekjurnar, vegna þess að hún átti að verða til þess, að hver fleyta færi á flot, og þar með auka tekjur ríkissjóðs, svo að hægt væri að draga úr tollum. Og gjaldeyristekjurnar áttu að aukast svo stórkostlega, að hægt væri að gera verzlunina frjálsa. Því er heitið í sjálfri grg. frv. Og hag-

fræðingarnir, sem að þessu máli hafa staðið og skrifað það langa álit, sem grg. fylgir, þeir telja gengislækkunina gagnslausa sem nokkra varanlega úrbót, nema þetta takist. En nú heyrum við, að það þurfi að stórhækka tolltekjurnar vegna minnkandi gjaldeyrisframleiðslu, eftir að „bjargráðið" kemur til framkvæmda. Svo að frv. um gengisbreyt. er ekki fyrr orðið að l. en slík yfirlýsing kemur frá ríkisstj. Ég held, að það sé varla hægt að hugsa sér öllu ákveðnari gjaldþrotayfirlýsingu, öllu ákveðnari yfirlýsingu um skipbrot gengislækkunarstefnunnar. Ég gat ekki hugsað mér öllu betri staðfestingu á því, sem ég sagði hér í gær, en orð hæstv. landbrh., þar sem hann sagði í sinni ræðu: Gengislækkunin er síðasta tilraun drukknandi þjóðfélags. — Fyrir hálfum mánuði var gengisbreyt. bjargráð, ráðstöfun, sem átti að skapa þjóðinni velmegun með því að færa okkur frjálsa verzlun og betra líf. Nú er hún tilraun drukknandi þjóðfélags. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur sannarlega fæðzt steinblind. En síðustu dagana virðist hún samt sem áður vera að byrja að sjá.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Virðulegi forseti. Nál. er ekki komið hér frá 2. minni hl. n. Ég gat ekki orðið samferða meiri hl. hv. fjhn., sem vill samþ. frv. óbreytt. Ég legg hins vegar til, að frv. verði fellt, og hef ekki enn þá a. m. k. lagt fram brtt. við það. Ég benti á það í umr. um málið hér í gærkvöld, að fyrir gengislækkunina var frv. um það mál þann veg flutt, að ætla mátti, að um tvennt væri að velja, annars vegar það að viðhalda tollunum og jafnvel hækka tollana og greiða áfram uppbætur á útflutningsafurðirnar, og hins vegar gengislækkun, sem þá væntanlega yrði til þess, að létta mætti tollana eða a. m. k. komast hjá því að hækka þá nokkuð. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., verður að l., þá er ekki um að ræða í þessum efnum annaðhvort eða, heldur hvort tveggja, bæði gengislækkun og stórfellda tollaaukningu, sem að sjálfsögðu verður til þess, að dýrtíðin eykst enn meir í landinu en ella mundi, og framleiðslukostnaðurinn þar að auki vex að sama skapi. Ég reyndi í gærkvöld að sýna fram á það hér um bil, hversu miklum upphæðum þessar tollahækkanir mundu nema, og komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera 30—40 millj. kr., miðað við það fjárlagafrv., sem lagt var fyrir hæstv. Alþ. á síðasta hausti. Í því frv. er gert ráð fyrir 36 millj. kr. tekjuafgangi á rekstrarreikningi, en um 5 millj. kr. afgangi á tekju- og gjaldareikningi, enda var þess getið hér í gær af hæstv. landbrh., sem reifaði málið, að ástæðan til þess, að nú þyrfti enn á hækkuðum tekjum að halda, væri sú, að við nánari athugun á frv. hefði sýnt sig, að það þyrfti að bæta inn í frv. eitthvað á milli 30 og 45 millj. kr. útgjöldum. Jafnframt lét hann þess getið, að eftir að fjárlagafrv. var samið, og að mér skildist einkum nú síðustu dagana eftir að gengislækkunin var samþ., þá hefði ríkisstj. farið að athuga innflutningsáætlunina og komizt að þeirri niðurstöðu, að það innflutningsmagn, sem byggt var á þegar fjárlagafrv. var samið, mundi tæpast fást, og þar af leiðandi mundu innflutningsgjöldin sennilega vera of hátt reiknuð í fjárlagafrv. Nánari skýringar á þessu fengust svo ekki frá hæstv. ráðh.

Ég skal játa það, að það er nauðsynlegt, a. m. k. sem meginregla, að freista þess að ná fullum jöfnuði á fjárl., og ég fyrir mitt leyti vil styðja að því. En meðan ekkert liggur gleggra fyrir í þessum efnum en nú er, get ég fyrir mitt leyti ekki með nokkru móti fallizt á það að verða með þessu frv.

Ég skal geta þess, að ég leitaði eftir því við hv. meðnm. mína í fjhn., hvort þeir teldu ekki fært að lækka söluskattinn niður í 2 eða 3%. En þeir töldu, að það kæmi ekki til athugunar einu sinni. — Í hv. Nd. var borin fram brtt. við 1. gr. frv., þess efnis, að niður skyldi falla skatturinn á ferðagjaldeyri og sérskattur á innfluttar bifreiðar. Og á það var bent þar og það rökstutt ýtarlega, að með þessum sköttum, sem þar var lagt til að fella niður, væri verið að taka upp eins konar tvöfalt verðgildi á peningum, og varað við því, bæði vegna þess, hver áhrif þetta hefði út á við og af því að hér væri byrjun á stefnu, sem væri varhugaverð í framkvæmd. Þessi till. var felld í Nd. Ég veit, að þýðingarlaust er að bera hana fram hér, þar sem ég tel víst, að hún yrði felld, og mun því ekki gera það.

Annars tel ég, að eðlilegra hefði verið að bíða með tollahækkanir, þar til séð er, hvernig fer um endanlega afgreiðslu fjárlaga. Ég hefði því talið óþarft að framlengja þessi gjöld lengur en til loka apríl, er séð verður, hvernig fjárl. líta út. Ég hef enn ekki borið fram till. í þessa átt, en ég vildi heyra, hver svör þetta fær. Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði í gær, og nál. frá mér á þskj. 517, er mun vera í útbýtingu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það eru aðeins fáein orð, sem ég vildi segja út af því, sem fram hefur komið hjá hv. frsm. minni hl.

Það gekk í nokkuð svipaða stefnu hjá þeim báðum, þeim fannst óþarfi að framlengja þessa tolla. Hv. 1. landsk. sagði, að samkvæmt sínum áætlunum mundu verðtollur og söluskattur hækka um 50 millj. kr. á ári vegna gengislækkunarinnar, og væru ¾ hlutar þess tekjuauki fyrir ríkissjóð á þessu ári, ef allt væri með felldu. Enn fremur taldi hann, að ríkissjóður mundi spara 35 millj. kr. miðað við það fé, sem lagt var út í fyrra vegna fiskábyrgðarl., og mundi því hafa 70—80 millj. kr. meira til að moða úr en í fyrra, ef frv. yrði samþ. Nú er það hæpið að áætla hækkunina á verðtolli og söluskatti eins hátt og hv. þm. gerir, ég hef ekki þorað það, heldur áætlað hana minni, en það munar engum ósköpum, og mætti því eins leggja tölur hv. þm. til grundvallar. En þó að það sé gert, er augljóst, að ekki má tefla tæpar. Í fyrra var greiðsluhalli ríkissjóðs 30—40 millj. kr., en hann verður nú að hverfa, og auk þess þarf að bæta við gjaldahliðina 30—40 millj. kr. Ríkissjóður þarf því á þessum auknu tekjum að halda, og ríkisstj. er ekki að framlengja þetta að gamni sínu, heldur af brýnni nauðsyn, til þess að vega upp á móti halla fyrri ára og aukn-

ingu útgjalda. Menn hafa verið að fitla við það, að þessi útgjaldaaukning væri afleiðing gengislækkunarinnar. En það ber að undirstrika það, að minna en helmingur gjaldaaukningarinnar stafar af gengislækkuninni. Hitt stafar af öðrum ráðstöfunum, sem Alþ. hefur gert með samþykki þessara hv. þm. Er þar um að ræða launauppbætur til opinberra starfsmanna og mörg fleiri útgjöld, sem eru ríkari ástæða en gengislækkunin. Ef Alþ. og hv. þm. hefðu stillt sig um að bæta þessum útgjöldum við, hefði verið hægt að fella niður verulegan hluta af söluskattinum. Útgjaldaaukningin er að sáralitlu leyti vegna gengislækkunarinnar, heldur vegna ýmissa útgjalda, sem ákveðin hafa verið í öðrum l. Mér finnst, að hv. þm. sé skylt að íhuga þetta. Við sjáum það líka í hendi okkar, ef þetta er rólega skoðað, að það hefur aldrei staðið til, að gengislækkunin orkaði þannig, að hægt væri að strika út söluskattinn. Í fjárlagafrv., sem legið hefur fyrir í marga mánuði, er söluskatturinn áætlaður 36 millj. kr. tekjumegin, en engir liðir taldir gjaldamegin. Fjárlagafrv. sýnir, að þörf var á öllum söluskattinum til þess að mæta útgjöldunum með gamla laginu, og þó eru ekki á fjárlfrv. útgjöld, sem ákveðin hafa verið eftir að það var lagt fram og skipta millj. kr. Þótt gengið sé út frá því, að verðtollurinn hækki um 17 millj. kr. eða 22 millj. kr., eins og hæst hefur verið áætlað, nægir sá tekjuauki ekki til þess að strika út 36 millj. kr. og til þess að bæta inn hækkunum vegna gengislækkunarinnar, launauppbóta og annarra ráðstafana, sem nema 30—40 millj. kr. Það þarf ekkert reikningshöfuð til þess að sjá það. Hitt er svo annað mál, hvort betra hefði verið, að gengið hefði ekki verið lækkað; þm. verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir á þeim grundvelli, sem er fyrir hendi. En þess ber að gæta, að ef gengið hefði ekki verið lækkað, hefði þurft nýjar tekjur í útflutningsuppbætur, líka fyrir togarana, og til greiðslu launauppbóta og annarra útgjalda. Sú tekjuöflun hefði sennilega þurft að nema 100—200 millj. kr. Þetta er atriði, sem ekki snertir þetta mál, en ég segi þetta af því, að hv. 1. landsk. gaf tilefni til þess.

Af því að ég stóð upp, vildi ég aðeins rifja upp ástæðurnar til þess, að nauðsynlegt er að framlengja söluskattinn. Það er ekki að ófyrirsynju gert, eins og haldið hefur verið fram, og þess er ekki að vænta, að ríkissjóður fái stórkostlegar afgangstekjur, eins og hv. 1. landsk. orðaði það; því miður er ekki hægt að reikna með því. Það má að vísu draga úr rekstrarkostnaði ríkissjóðs, og er full ástæða til að gera það, en þó að það heppnaðist, kemur ekki til sparnaðar á þessu ári. Ef lagðar verða niður stofnanir, t. d., og fólki sagt upp vinnu, hefur það ákveðinn uppsagnarfrest o. s. frv. Það er ekki vert að gefa tyllivonir, því að vitað er, hvernig þetta hefur gengið, og ekki hefur þeim mönnum og flokkum, er um þetta tala nú, gengið betur að framkvæma það en öðrum. En það er rétt, að nauðsynlegt er að reyna að draga úr þessum útgjöldum, eins og frekast er unnt.

Ég vil að lokum minnast á eitt atriði, sem ég gat um í Nd. Ég lít svo á, að ef frv. verður samþ., beri að framkvæma l. þannig, að þeir, sem þurft hafa að kaupa gjaldeyri eftir gengisbreyt., greiði nýju gjöldin — það eru þarna nokkrir dagar á milli —, því að þau eru miðuð við gengisbreytinguna.

Steingrímur Aðalsteinsson: Forseti. Ég skal ekki tefja umr. með því að ræða málið almennt eða principielt. Hv. 1. landsk. hefur gert grein fyrir afstöðu Sósfl. til frv. og lýst yfir því, að hann er andvígur þessum tekjuöflunum. En þó að ég sé á móti frv. í heild, hef ég viljað freista þess að bera fram brtt. við það á þskj. 514. Það er að vísu oftast svo um mál eins og þetta, að erfitt er að fá breyt. samþ., þó að viðurkennt sé, að þær séu réttmætar, en ég held, að þau ákvæði, er brtt. mín fjallar um, séu að meira eða minna leyti komin inn í frv. vegna þess, að flm. hafa ekki gert sér ljóst ástandið í þessum efnum.

Það hefur verið álit manna undanfarið, að akstur leigubifreiða væri mikil tekjulind. Það er því eðlilegt, er vantað hefur tekjur, að leitað hefur verið eftir þeim hjá þessum atvinnurekstri. Er þessi dýrtíðarlög voru sett, var allmikið lagt á þessa atvinnugrein með gjaldeyrisskatti, söluskatti á bifreiðar og veltuskatti á atvinnuveginn sjálfan, ekki aðeins á nettótekjur, heldur á bruttótekjur. Það mun að vísu rétt, að á tímabili var það arðvænleg atvinna að aka leigubifreiðum. Vegna þess urðu bifreiðar eftirsóttar, og ef til vill hefur það átt sinn þátt í braski með bifreiðar, en fyrirkomulagið á innflutningsverzluninni átti líka sinn þátt í því, að bifreiðar voru seldar með miklum hagnaði, vegna þess hve eftirspurnin var mikil. Ég held þó, að óhætt sé að segja, að þetta ástand sé nú breytt, svo að síður en svo sé ástæða til þess að eltast við þennan atvinnurekstur, þó að ríkissjóði sé tekna vant. Mér er kunnugt um það, að eins og nú er komið, er afkoma þessa rekstrar ekki betri en í ýmsum öðrum atvinnugreinum, og varðandi rekstur vörubifreiða er ástandið verra en hvað fólksbifreiðarnar snertir. Ég vænti þess, að hið áberandi atvinnuleysi meðal vörubifreiðastjóra í fyrra hafi ekki farið fram hjá hv. þm. Hvað fólksbifreiðastjóra snertir, hefur ástandið verið skárra, en nú virðist sækja þar í sama horfið og hjá vörubifreiðastjórum. Af þessu leiðir, að þau gjöld, sem lögð voru á með l. 1948, koma nú tilfinnanlegar niður en þá. Nú, þegar búið er að framkvæma „bjargráð" gengislækkunarinnar, nær ekki nokkurri átt, að þessum gjöldum verði haldið áfram. Í fyrsta lagi er það fyrir neðan allar hellur, að eftir að gengislækkunin hefur verið framkvæmd, skuli vera haldið við nokkrum gengislækkunarskatti. Því var haldið fram, að gengislækkunin væri nauðsynleg, af því að gengið væri rangt, en nú á gengið að vera „rétt", og hvers vegna á þá að halda við gengislækkunarskatti og þar með enn lægra gengi á vissum vörum? Þetta nær ekki nokkurri átt, og hefur líka verið að nokkru leyti viðurkennt, þar sem felldur hefur verið niður þessi skattur af leyfum fyrir heimilisvélum, varahlutum til bifreiða og bifreiðagúmmíi og nú af leyfum fyrir jeppa- og vörubifreiðum og kvikmyndum.

En hvað á það að þýða að leggja þennan skatt áfram á leyfi fyrir fólksbifreiðum? Ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess, og ekki heldur að ástæða sé til að leggja hann á leyfi til utanferða. Ég tel, að fella eigi þennan skatt alveg burt, og þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. um það. Fyrri brtt. á þskj. 514 fjallar um það, að þótt það verði ákveðið, að l. verði framlengd, þá verði 30. gr. felld niður, svo að þessi skattur falli alveg úr sögunni, og enn fremur er þar lagt til, að 31. gr. verði felld niður, en hún kveður á um 20% skatt á sölu bifreiða innanlands. Þegar það ákvæði var sett 1948, var álitið, að það mundi gefa ríkissjóði miklar tekjur. Mér skilst, að þetta hafi orðið vonbrigði og tekjur af skattinum minni en ætlað var. Nú er einnig svo komið, að ég held að fullyrða megi, að bílasölur fari minnkandi, og þess vegna líka tekjur af skattinum. Það getur því ekki verið afgerandi fyrir ríkissjóð, að honum sé haldið. Hins vegar gerir hann bifreiðastjórum erfiðara fyrir en ella að endurnýja bifreiðar sínar eða skipta á bifreiðum, en svo gæti verið, að þeir hefðu möguleika á að fá í skiptum hæfari bifreið, þó að þeir fengju ekki innflutningsleyfi fyrir nýjum bifreiðum. Þar sem ekki er um meira fjárhagsatriði að ræða fyrir ríkissjóð, finnst mér ástæðulaust að halda þessu við og torvelda með því fjölmennum hópi manna atvinnu sína.

Síðari till., sem ég ber fram á þskj. 514, fjallar um söluskattinn, sem mælt er fyrir um í b-lið 22. gr. l., en þar er gert ráð fyrir 3% söluskatti á alla sölu, aðra en sölu verzlana, og er bifreiðaakstur talinn undir þennan lið. Í brtt. minni legg ég til, að þessi skattur taki ekki til tekna af akstri leigubifreiða. Ég held, að eins og málum er komið nú, sé það fjarri sanni að leggja þennan skatt á bifreiðarstjóra. Það er því meiri fjarstæða sem skatturinn miðast við heildarandvirði vöru, án frádráttar nokkurs kostnaðar. Skatturinn er sem sagt lagður á brúttótekjur af rekstri bifreiðarinnar, en af þessum tekjum verða bifreiðarstjórar að greiða allan kostnað af rekstri bifreiðarinnar. Með gengislækkuninni hefur þessi kostnaður aukizt stórkostlega, þar sem hann er nær allur falinn í erlendum gjaldeyri fyrir vörur, sem fluttar eru til landsins: bifreiðina sjálfa, varahluti, benzin, olíur og gúmmí. Þar sem skatturinn er lagður á brúttótekjur, sem verða að vera hærri en áður, ef bifreiðarstjórar eiga að hafa nauðsynlegan afgang til eigin þarfa, er augljóst, að þessi 3% skattur verður mjög tilfinnanlegur. Þegar svo þar við bætist, að atvinna þeirra fer minnkandi nú orðið, hlýtur afleiðingin að verða sú, að nettótekjur þeirra minnka. Það verður því að teljast sanngjarnt, að söluskattinum verði af þeim létt. — Ef þetta mál hefði verið rætt við hæstv. stj. og hv. flm. í tæka tíð, þykir mér ekki ósennilegt, að ef til vill hefði verið tekið tillit til þess. Það liggur svo í augum uppi, að hér er um sanngirnismál að ræða. Ég hef því borið fram brtt. mína, til þess að freista þess, hvort ekki væri hugsanlegt, að þokað yrði til í þessu efni. Hv. frsm. meiri hl. hefur að vísu sagt, að meiri hl. vilji ekki fallast á breyt. á frv., en ég tel þó rétt að gera þessa tilraun.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en vil vænta þess, að hæstv. stj. og hv. þdm. taki til athugunar, hvort ekki er fært að ganga eitthvað til móts við þarfir þeirra manna, er hér eiga hlut að máli, og held ég, að óhætt sé að fullyrða, að þeir eigi nú við örðugleika að stríða.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er vegna brtt. hv. 4. landsk. þm. (StgrA). Ég get eigi mælt með því, að frv. verði breytt í þá átt. Söluskatturinn verður of lítill. En það þarf að endurskoða þann leigutaxta, sem þessir atvinnurekendur þurfa að taka, og við reiknuðum með því, þegar við framlengdum söluskattinn. En sé farið að veita undanþágur, þá er álitamál, hvað eigi að taka með og hvað eigi. Verður því að framlengja söluskattinn. En athuga þarf þessi atriði nánar á næsta ári og gera þá skynsamlegar breytingar á þeim.

Varðandi þá till. að fella niður leyfisgjöldin, þá er um bílagjöldin það að segja, að atvinnubílstjórar hafa þá sorgarsögu að segja, að eigi hafa margir þeirra fengið leyfi, þótt margir bílar hafi verið fluttir inn. En allur sá innflutningur er þannig vaxinn, að eigi er eðlilegt að fella þessi gjöld alveg niður, og því er gerð sú till., að greidd séu 35% af leyfum fyrir bílainnflutning. Áhrif þess verða sú, að verðmæti, sem kostaði 250 kr., kostar 334 kr. eftir gengisbreytinguna. Hlutföllin eru þessi, og er það minni verðhækkun en á flestum öðrum vörum. Verður því eigi svo mikil breyting á þessu öllu varðandi bílana sem á öðrum vörum. Ef atvinnubílstjórar hafa fengið leyfi til að flytja inn bíla, mun óhætt að fullyrða, að þeir bílar, sem fluttir verða inn á næstunni, verða skv. þeim leyfum, sem þegar eru í umferð, og er eigi óeðlilegt, að nokkur skattur komi niður á þeim.

Um ferðagjaldeyrinn er það sagt, að á honum sé tvöfalt gengi. Þetta er misskilningur. Hér er um skattabyrðar þær að ræða, sem hliðstæðar eru aðflutningsgjöldunum. Getur verið álitamál, hvort eigi að halda þeim eða ekki. En fyrir sakir vandræðanna um að afgreiða hallalaus fjárl. neyddust menn til að halda gjaldeyrisskattinum, og var hann þó færður í 25%. Er búizt við, að hann gefi ríflega þá upphæð, sem ríkissjóður þarf að leggja til námsmanna erlendis vegna gengisbreytingarinnar.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Hæstv. ráðh. lét þess getið, að eigi mætti ætla, að allar hækkanir á fjárlagafrv. stöfuðu frá gengislækkuninni. Fyrr má nú rota en dauðrota. Eftir áætlunum hæstv. landbrh. munu beinar hækkanir nema upp undir 15 millj. kr. En hitt er eigi upplýst, hvort gert er ráð fyrir, að framkvæmdir þær, sem nú er gert ráð fyrir í frv., verða hinar sömu. *(Fjmrh.:* Það er reiknað með sömu krónutölu á rekstrarliðinni.) Þá er ætlunin að skera niður verklegar framkvæmdir. *(Fjmrh.:* Um það hafa engar ákvarðanir verið teknar.) Þá hef ég fengið þetta upplýst. Hinu furða ég mig meira á, að staðhæft skuli vera, að aldrei hafi staðið til að afnema söluskattinn, þótt gengislækkunin væri ákveðin og niðurgreiðslum hætt. Ég hlustaði á umr. í Nd., og við

ræddum nú þetta mál í gærkvöld. Ég vil bara, að ummæli eins hæstv. ráðh. standi eigi án mótmæla. Er þá rétt að lesa 1. gr. III. kafla l. nr. 100/1948, en hún [19. gr. l.] hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist dýrtíðarsjóður ríkisins. Skal honum varið til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru, svo og greiðslum til lækkunar á vöruverði og framleiðslukostnaði innanlands.“ Af því, sem sjóðnum er ætlað til að standa straum af þessu, eru viðbótargjöld fyrir innflutningsleyfi. Voru þá skattar hækkaðir. Tekjur dýrtíðarsjóðs voru áætlaðar: 22 millj. kr. af tollum, af söluskatti 36 millj. kr. og síðan gjöld þau, sem um ræðir í 30.—31. gr. l. Málið var síðan lagt þannig fyrir, að menn yrðu að gera það upp við sig, hvort þeir vildu fremur hina háu tolla og fá þá e. t. v. hækkun á þá enn um 40 millj. kr. eða gengislækkunina og fá þá tollana lækkaða eða a. m. k. komast hjá hækkun. Það, sem hæstv. fjmrh. sagði um fjárlagafrv., skiptir svo eigi öðru máli en því, að það sýnir, hvaða álit fyrrv. fjmrh. hafði á tekjuþörf ríkissjóðs.

Mér þótti rétt að benda á þetta varðandi ummæli hæstv. ráðh., en vísa að öðru leyti til þess, sem áður hefur verið um þetta sagt.

Frsm. 1. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Hæstv. ráðh. sagði, að eigi mætti tefla á tæpara vað með skattana. Ég leit svo á, að fjárlagafrv. hefði verið samið þannig, að fyrrv. fjmrh. vildi fá út hallalaus fjárl., enda gert ráð fyrir yfir 70 millj. í óvissum útgjöldum og rekstrarafgangi á rekstraryfirliti. *(Fjmrh.:* Söluskatturinn er ákveðinn í frv.) Ég veit það, en ekki hækkun hans. Þegar hæstv. ráðh. gaf upplýsingar um, hvað á vantaði, þá var það út frá sjónarmiði hallalausra fjárl. En hér stendur það fast, ef tölurnar fara nærri lagi, að um er að ræða 30—40 millj. kr. meiri tollahækkanir en þörf krefur. Við þetta bætist, að nauðsynlegt er, að útgjöldin til ríkisbáknsins verði skorin niður. En tollarnir eru til þess að gera það líklegra, að þenslan haldi áfram. — Hæstv. ráðh. sagði, að það væri aðeins lítill hluti þessarar upphæðar, sem stafaði frá gengislækkuninni. Mikið var. Fyrir nokkrum vikum áttu tollarnir að lækka vegna gengislækkunarinnar, en nú er viðurkennt, að þeir eigi að hækka. Hæstv. ráðh. gerði eigi ráð fyrir nema 20—30 millj. kr. útgjöldum vegna gengislækkunarinnar. Ég hygg, að segja megi, að hækkun á launum opinberra starfsmanna sé afleiðing hennar. Þeir væru eins vel settir, þó að þeir hefðu haldið launum sínum og engin gengislækkun orðið. Þeir hafa ekki gert neina athugasemd við það, að form. þeirra var látinn semja álitsgerð um, að gengislækkun sé nauðsynleg. En samtímis fá þeir vilyrði um 20% launahækkun, sem svarar til þess, sem þeir missa í við gengislækkunina. Mönnum sýnist, að hér hljóti að vera samband á milli. — Jafnvel þótt gengið yrði inn á rök hæstv. ráðh. um, að útgjaldaaukningin, miðað við fjárlagafrv., muni nema 30—40 millj. kr., þá er engin grein gerð fyrir því, hvernig verja eigi því fé, sem inn fæst vegna tollahækkana, sem eru bein afleiðing gengislækkunarinnar.

Hæstv. ráðh. var að vitna í það, hvernig orðið hefði, ef gengislækkunin hefði eigi verið framkvæmd. En það er eigi hægt að verja þetta með því, hvað hefði orðið. Það þurfti að gera róttækar ráðstafanir. Sýnt er hins vegar, að gengislækkunin er byggð á röngum forsendum, og kom fram glögg viðurkenning þess í ræðu hæstv. ráðh. Þá sagði hæstv. ráðh., að hefði gengislækkunin eigi komið til, þá hefðu tollahækkanir orðið á annað hundrað millj. kr. — í stað 50 millj. kr. nú, ef miðað er við fyrra ár. Þetta kemur þó eigi heim við áætlunina. Í byrjun ársins var gert ráð fyrir allt að 80 millj. kr. til að standa undir fiskábyrgðinni í stað 45—50 millj. kr. á fyrra ári. Hækkunin nemur þá ca. 30 millj. kr. En nú hækka þessir skattar um 50 millj. kr., miðað við s. l. ár. Auk þess voru lagðir á nýir skattar samkv. gengisskráningarl., sem að vísu var ráðstafað samtímis. En þeir hljóta samt að létta af ríkissjóði útgjöldum, sem annars hefðu verið óhjákvæmileg. Þá hækka erlendar vörur í verði vegna gengislækkunarinnar um ca. 220 millj. kr., miðað við óbreytta innflutningsáætlun. Verður það skattur á þjóðina vegna gengislækkunarlaganna.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. tók eigi líklega í það að breyta frv. og vildi eigi fallast á brtt. mínar, þótt mér virðist, að honum finnist ástæða til að taka afstöðu atvinnubílstjóra til athugunar. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þeir hafa orðið mjög afskiptir um innflutningsleyfi fyrir bílum, allt of afskiptir. En það táknar, að þeir þeirra, sem hafa þó keypt nýja bíla og þá á svörtum markaði, hafa orðið að borga gjaldeyrisskattinn á hinu mikla verði. Gerir það verðið hærra. Þannig hefur skatturinn komið niður á þeim, þótt þeir hafi ekki innflutningsleyfi. Ég viðurkenni þó, að ég álít þetta ekki eins mikið atriði varðandi gjaldeyrisskattinn og um söluskattinn. Hann kemur almennt niður á atvinnubílstjórum. Væri því miklu meira virði frá sjónarmiði mínu, að samkomulag gæti orðið um, að söluskatturinn næði eigi til þeirra. Nú mun það ekki fást. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að leið mundi vera til þess að söluskatturinn kæmi eigi niður á atvinnubílstjórum sjálfum, því að hægt væri að hækka ökutaxtann. Það er að vísu rétt. Sá „möguleiki“ er fyrir hendi. En torsótt hefur verið fyrir samtök bílstjóranna að fá nauðsynlega hækkun á töxtum til samræmis við aukinn kostnað. En jafnvel þótt núv. hæstv. ríkisstj. og þau verðlagsyfirvöld, sem starfa í þjónustu hennar, vildu sýna bílstjórum tilhliðrunarsemi, þá er nú svo komið, að þeir telja vafasamt, að þeir hefðu hag af hækkuðu ökugjaldi. Samdráttur er í atvinnurekstri þeirra. Þeir telja, að fólki finnist það eigi hafa jafnvel ráð á að taka sér leigubíl sem áður, og telja þó, að það fari að spara enn meir við sig, ef taxtinn hækkar. Tel ég þetta því tvísýna leið. Ég skal þó eigi fullyrða neitt um það, hvort þeir vildu hækka taxtann eða ekki. En það hefur verið rætt á meðal þeirra, hvort slíkt sé æskilegt og árangur muni nást af því. Ég held, að það eigi að undanþiggja þá söluskatti, og mælist til þess, þó að till. mínar verði eigi samþ., að hæstv.

ríkisstj. taki þetta mál til athugunar, svo að létta megi að einhverju leyti af atvinnubílstjórum þeim byrðum, sem á þá eru lagðar með sköttum skv. þessu frv., — vegna erfiðleika atvinnugreinar þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 514,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, BrB, FRV, HV, HG.

nei: HermJ, JJós, KK, LJóh, ÞÞ, EE, GJ, RÞ.

4 þm. (SV, VH, BSt, BBen) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Brtt. 514,2 felld með 8:5 atkv.

2. gr. samþ. með 8:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 86. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, EE, GJ, HV, HG, JJós, KK, LJóh, RÞ.

StgrA, BrB, FRV greiddu ekki atkv.

5 þm. (VH, BSt, BBen, HermJ, SV) fjarstaddir.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég hef af þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram við umr. um málið, ekki fengið neina sönnun fyrir því, að þörf sé á þeim tekjuauka, sem hér er um að ræða fyrir ríkissjóðinn og áætlaður hefur verið um 40 millj. kr., til þess að standast útgjöld á fjárl. Ég leyfi mér því að taka upp brtt. þá, sem flutt var í hv. Nd., þess efnis, að heimildin til innheimtu þessa gjalds, sem hér um ræðir, gildi fyrst um sinn til aprílloka n. k. Fyrir þann tíma ætti að geta verið séð um þörfina á þessum tekjulið vegna fjárl. — Það breytir ekki afstöðu minni til málsins, hvort þessi brtt. verður samþ. eða ekki. En ég vil reyna samt sem áður að færa frv. til þess horfs, sem ég tel þó skárra. — Ég fullyrði, að ekki hafi upplýsingar komið fram í hv. þd., sem neinum þm. geti nægt til þess að hafa aðstöðu til að meta það, hvort rétt geti talizt, að þessi skattur sé nauðsynlegur eða ekki. En brtt. mín er þannig: „1. gr. orðist svo: Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett voru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 30. apríl 1950, að 30. gr. undantekinni." Það er að segja, að það tvöfalda gengi, sem ætlazt er til, að farið verði út í að framkvæma, með því að taka upp sérstakt verð á ferðagjaldeyri og því, sem greitt er fyrir bíla, verði fellt niður. — Vil ég svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari skrifl. brtt.

Forseti (RÞ): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við frv. frá Haraldi Guðmundssyni og Hannibal Valdimarssyni. Í fyrsta lagi brtt. á þessa leið: „Við 1. gr. Í stað orðanna „31. desember 1950" í fyrsta málsl. komi: 30. apríl 1950." Og í öðru lagi brtt., sem hv. þdm. hafa þegar heyrt. Fyrir þessum brtt. þarf tvöföld afbrigði, því að þær eru of seint fram komnar og þar að auki skriflegar, og leita ég þeirra hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 521) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Forseti. Ég tek ekki til máls út af þessum brtt. Mér fyndist ekki óeðlilegt, að þetta hefði staðið í frv. upphaflega. En eins og hv. þdm. er ljóst, þarf að ljúka þessu máli nú í dag. En mér þykir rétt að minnast á í sambandi við þetta, hvort ekki sé rétt að taka þetta mál til athugunar enn frekar fyrir 30. apríl, ef hugarfarsbreyt. er orðin hjá hv. Alþfl., þannig að hv. Alþfl.-menn séu tilbúnir til að skera niður nægilega mikið af útgjöldum ríkisins, til þess að þá verði séð, hvort ríkissjóðurinn þolir að fella þetta niður aftur, sem hér er frv. um að samþ. Ég sé því ekki, að það sé neinu spillt, þó að þetta sé samþ. nú, fyrst hv. flm. brtt. ætlast til þess, að þessar tekjur ríkisins séu framlengdar í einn mánuð nú, en þá sé tækifæri til að ræða þessar breyt., sem ég nefndi, ef hv. Alþfl. hefur tekið hugarfarsbreyt. Og ég er fús til að ræða þau mál, þegar maður sér, hvernig þetta verður.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að lengja þessar umr. Í raun og veru hefur þetta atriði, sem brtt. eru um, verið rætt. Hv. flm. brtt., 4. þm. Reykv. (HG), dregur í efa, að full þörf sé á þessum peningum. En, eins og hv. þm. Barð. sagði áðan, ef svo tækist til, að hægt yrði að láta þetta niður falla eftir mánuð, þá er gott að taka því. En ef ekki er búið að sannfæra hv. 4. þm. Reykv. við þessar umr. um það, að eins og á stendur sé þörf á þessum peningum fyrir ríkissjóð, þá er yfirleitt ekki hægt að sannfæra hann um neitt í þessu, því að hann vill ekki sjá, hvernig þetta liggur fyrir. Þetta horfir þannig við, að söluskatturinn er nú á fjárlagafrv. og er með gamla genginu áætlaður þar 36 millj. kr. Þeir, sem áætla allra minnsta hækkun tolla vegna gengisbreyt., þeir fara upp undir 40 millj. kr. með þá áætlun. Hins vegar er eftir að bæta á fjárlagafrv. tekjum á móti áhrifunum af gengisbreyt., launauppbótum eða einhverju, sem samþ. yrði þar í staðinn, og á móti hækkunum á lögboðnum útgjöldum, sem verða alls á milli 30 og 40 millj. kr. minnst. Þeir, sem ekki geta sannfærzt af þessu, sannfærast aldrei. Þess vegna er alveg sama, í því tilliti, þó að tíminn líði eitthvað áfram.

Frsm. 2. minni hl. (Haraldur Guðmundsson): Virðulegi forseti. Ég ætla, að það sé misskilningur hjá hv. þm. Barð., að það sé um nokkra hugarfarsbreyt. að ræða hjá mér, þó að ég beri fram brtt. Ég tók fram áðan, að ég vildi ekki fylgja frv., þó að brtt. mín væri samþ. En ég vildi, að Alþ. gæfist kostur á að láta bíða ákvörðun þessara gjalda, þangað til séð væri, hvernig fjárl. verða samþ., en að ekki væri farið eftir mjög slæmum upplýsingum, sem hæstv. ráðh. hefur gefið. En ég vildi mega vænta þess, af ummælum, sem fallið hafa hjá hv. þm. Barð. og hjá hæstv. ráðh., að um hugarfarsbreyt. gæti orðið að ræða hjá ríkisstj. í störfum hennar fram til 1. maí n. k. Og ég þykist ekki mæla þetta ófyrir-

synju, því að svo gífurleg hugarfarsbreyt. hefur orðið síðasta hálfa mánuðinn hjá hæstv. ríkisstj. og flokkum hennar. Þegar gengisbreyt. var samþ., þá var því haldið fram, að með henni væri verið að tryggja framtíð sjávarútvegsins, gera ráðstafanir til þess að auka útflutningsframleiðsluna, skapa þar með möguleika til þess að flytja inn meira af vörum og fá þannig auknar tekjur fyrir ríkissjóðinn, og fyrir vaxandi innflutning fengist hagstæðari verzlunarmáti fyrir landsfólkið, við það að vöruskorturinn hyrfi og svarti markaðurinn. Og loks mundu svo höftin hverfa og frjáls verzlun verða upp tekin, og hér mundi verða næstum því Paradísarástand. Nú, hálfum mánuði seinna, eru þessar ráðstafanir, gengisbreyt., kallaðar síðasta tilraun drukknandi þjóðfélags, eða líkt við síðustu tilraun drukknandi manns. Nú er talið, að útflutningsframleiðslan sé að minnka, og það er verið að selja gömlu togarana út úr landinu, sem átti að gera út á saltfiskveiðar, og allt útflutningsmagn er að minnka. Og af því að útflutningsmagnið minnkar um leið, á að hækka tollana og líka til þess að mæta afleiðingum af gengislækkuninni sjálfri. Nú minnist enginn á að afnema höftin, og ekki á að hækka tollana minna en um 40 millj. kr. minnst, miðað við 9 mánuði. Það má segja, að þetta sé þýðingarlaust að endurtaka. En ég tala það í fullri alvöru, að ef nokkuð er meint með því, sem hér hefur verið talað um að athuga fjárl. í heild, þá er þess að vænta, að eitthvað geti það fram komið á þessum mánuði, sem gera má ráð fyrir að liði þangað til fjárl. verða afgr., sem frá þeirra sjónarmiði, sem hlynntir eru þessu frv., sem hér liggur fyrir, gæti talizt ástæða til að valda hugarfarsbreyt.

Þeim till., sem ég styð, að gangi í gegn til hækkunar á útgjöldum fjárl., munum við reyna að benda á tekjur á móti eða sýna fram á, hvað megi fella niður í útgjöldum fjárl. á móti þeim. Ég hef reynt að hafa þá venju og mun halda henni.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Ég ætla ekki að tefja umr. út af þessum brtt. og helzt ekki taka þátt í þeim, af því að þessi atriði er búið að þaulræða í hv. Nd. og voru í raun og veru hér við 1. umr. talsvert rædd. En ég furða mig á því dálítið, að menn tali eins og gengislækkunin ein út af fyrir sig sé sá töfrasproti, sem allt í einu breytti öllu viðhorfinu, burtséð frá því, hvernig annars árar, og burtséð frá því, hvaða þarfir annars eru fyrir ýmiss konar álögur og útgjöld, og dæmi það skattafrv., sem hér er verið með, út frá því sjónarmiði, úr leik, segjandi sem svo: Nú hafið þið fengið gengislækkun. Getur ykkur ekki nægt hún? — Þeir, sem á undanförnum árum hafa bent á gengisbreytingu, — og í þeim hópi er ég einn — þeir hafa aldrei haldið því fram, að með henni út af fyrir sig væri allt fengið. Það væri jafnvitlaust að halda því fram eins og að segja: Með því að fá mönnum báta í hendur til að veiða með er allt fengið, þó lítil eða engin sé veiðin. — Það ber, því miður, svo við nú, að veiðarnar ganga erfiðlega og markaðsástandið er mjög alvarlegt, svo að ekki sé meira sagt. Og fjárlagafrv. hafa menn haft fyrir augunum í marga mánuði og vita um þarfir og kröfur, sem þar eru gerðar, og mun þó langt frá því, að öll kurl séu þar komin til grafar, ef að vanda lætur, áður en fjárl. eru afgreidd frá þinginu. Og þegar þetta er þannig eins og það er, þá er betur skiljanlegt, að auka þurfi tekjur ríkissjóðs með samþykkt þess frv., sem hér er um að ræða. Og ég gleðst yfir því, að núv. hæstv. fjmrh. hefur að því leyti til betri aðstöðu til þess að standa að afgreiðslu fjárl. á skynsamlegan hátt en hefur verið áður nú um nokkra hríð, að tekjur ríkissjóðs hækka af sjálfu sér við það, að þessi gengisbreyt. er lögleidd. Enda var það fyrir hvern þann mann, sem í þeirri stöðu átti að standa, mikil þörf, að betur yrði séð fyrir tekjum ríkisins en verið hefur að undanförnu. — Ég sagði við umr. um þetta mál í gær, að menn hefðu undanfarið verið of bjartsýnir um það, hvað ætlað var, að ríkið kæmist af með litlar tekjur, eða m. ö. o., það voru miklaðar of mikið fyrir sér tekjurnar af ýmsum liðum, sem svo hafa að einhverju leyti brugðizt. Ég minnist þess t. d., að við afgreiðslu síðasta fjárlagafrv. var því mjög haldið fram, að óhætt væri að hækka verðtollsáætlunina og gera ráð fyrir hærri upphæð, sem hann mundi gefa, heldur en gert var. Jafnvel bar á milli minnar áætlunar og sumra annarra um 10 millj. kr., sem haldið var, að óhætt væri að fara hærra í þeirri áætlun. Og þá var flaggað framan í mig, sem þá átti að sjá um þessa hluti, tölum og útreikningum á innflutningi, sem síðar átti sér svo ekki stað, nema að nokkru leyti. Af því leiddi svo það, að nokkrir liðir í tekjuáætluninni reyndust langt fyrir neðan það, sem áætlað var. Og við afgreiðslu fjárlaga er það einna hættulegast, þegar menn leiðast út í það að teygja áætlun um tekjuliðina of hátt. Ein orsökin til þess, að menn geta freistazt til að gera slíkt, er sú, að menn hafa ekki aðstöðu til eða eiga erfitt með að benda á nýjar tekjuöflunarleiðir eða hafa ekki bolmagn til þess að koma fram í fjárlagafrv. ákvæðum um slíkar nýjar leiðir. Nú horfir þetta að vísu dálítið öðruvísi við. Öll líkindi eru til þess, að hægara sé að ná í nægilegar tekjur í ríkissjóðinn, eftir að gengisbreyt. hefur átt sér stað. Og þess er næsta mikil þörf. Því að hv. þdm. vita, að öll þessi ár undanfarið, a. m. k. þrjú síðustu árin, hefur ríkissjóður alltaf orðið að hafa mikla hlaupandi skuld í Landsbankanum, þann svo kallaða yfirdrátt. Og það er hvorki æskilegt né frá fjárhagslegu sjónarmiði hagkvæmt, að slíkt sé svo, en við þetta hefur orðið að búa, vegna þess að tekjur ríkissjóðs hafa ekki reynzt nægar. — Gengislækkunin út af fyrir sig getur þá haft þessar verkanir, sem ég hef lýst. En undirstaðan undir því er þó sú, að visst magn af vörum verði flutt inn í landið, svo að viss tollupphæð komi fram sem grunntala, því að á þá grunntölu verkar gengisbreyt. En grunntalan verður að ná vissri hæð, til þess að þær vonir, sem standa til þess, að ríkissjóður hafi auknar tekjur af gengisbreyt., geti rætzt. Það getur vel verið, ef allt leikur í lyndi um afkomu ársins, sem ég vildi óska, að reyndist svo, að e. t. v. yrði eitthvað ríflega gert í þessu efni með að afla tekna í ríkissjóð. En það var þá vissu-

lega þörf á því, að Alþ., þó ekki væri nema í eitt skipti, sæi fyrir því, að fjárlagafrv. væri afgr. það skynsamlega, að engin hætta væri á því, að óhagkvæm útkoma yrði að lokum á rekstri ríkisbúskaparins yfir árið. — Afleiðingarnar af gengislækkuninni á framleiðsluvörur og þeirra verð eiga eftir að koma í ljós, ekki eftir hálfan mánuð aðeins, heldur eftir marga mánuði, smátt og smátt. Og það gefur auga leið, að sá dráttur, sem verið hefur á því að lagfæra þetta misræmi, eins og hv. þm. Barð. benti á við 1. umr. málsins, það er ekki hvað sízt drátturinn á því að lagfæra misræmi það, sem hefur orðið fyrir of hátt skráð gengi í mörg ár, sem nú veldur örðugleikunum á því, að gengisbreyt. nái tilætluðu gagni. Sá dráttur er búinn að vara allt of lengi. Þess vegna getur enginn með sanngirni ætlazt til þess, að það breytist hér allt í einu vetfangi, bara við gengisbreyt. Slík breyt. hefði þurft að vera komin á fyrir mörgum árum. Og þó að það sé að vísu svo, að ekki tjái um það að sakast, að svo hefur ekki orðið, þá standa þeir menn, sem mest hafa á móti gengisbreyt. staðið, ekki vel að vígi með því að brýna þá, sem gripið hafa til þessa neyðarúrræðis, með því, að gengislækkunin nái ekki þegar í stað öllum hugsanlegum góðum tilgangi, sem henni var ætlað að ná. Ég vil vona, að í framtíðinni komi það í ljós, að gengislækkunin muni þó verða til þess að létta undir með atvinnuvegunum það rækilega, að við verði unað. Það er höfuðtilgangurinn með gengislækkuninni að létta undir með atvinnuvegunum það rækilega, að við verði unað. Annars er það vitanlegt um þetta mál, eins og önnur góð mál, að því aðeins getur það orðið þjóðinni til blessunar, að menn hafi skilning á því, hvaða gagn öðlast af því að aka seglum eftir vindi í þessum atvinnu- og framleiðslumálum, þannig að þær kröfur verði ekki gerðar til framleiðslunnar, sem að nýju keyra hana í kaf. Framleiðslan til sjávarins var komin í fullkomið öngþveiti, þegar gengisbreytingin var gerð. Þeir menn, sem að því stóðu að vinna að henni, vissu, að ekki var til önnur leið fyrir hendi að reyna. Ef ekki hefði verið farið út í að gera þessa gengisbreytingu, var hér ekkert annað fyrir hendi en rúst og atvinnuleysi. Megni gengisbreytingin ekki að reisa við hag framleiðslunnar, þá er það áreiðanlegt, að aðrar ráðstafanir eru ekki sýnilega enn fyrir hendi, sem gætu megnað þetta.

ATKVGR.
Brtt. 521,1 felld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, HG, StgrA, BrB, FRV.
nei: HermJ, JJós, KK, LJóh, ÞÞ, EE, GJ, RÞ.
4 þm. (SV, VH, BSt, BBen) fjarstaddir.
Brtt. 521,2 felld með 8:5 atkv.
Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, EE, GJ, HermJ, JJós, KK, LJóh, RÞ.
nei: BrB, FRV, HV, HG, StgrA.
4 þm. (VH, BSt, BBen, SV) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Gísli Jónsson: Ég er að vísu á móti einstökum atriðum frv., meðal annars tvöföldu gengi á ferðafé, eins og ég hef lýst í umr. En í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. taki það til alvarlegrar athugunar að afnema þessa tekjustofna, sem hér um ræðir, svo fljótt sem fjárhagur ríkissjóðs leyfir, segi ég samt sem áður já við frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

47. Ónæmisaðgerðir.

Á 65. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ónæmisaðgerðir [120. mál] (þmfrv., A. 356).

Á 66. fundi í Ed., 1. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af heilbr.- og félmn. samkvæmt ósk hæstv. félmrh. og hafa einstakir nm. óbundnar hendur um frv. og einstakar greinar þess. Landlæknir hefur samið frv., og fylgir því greinargerð. Hugmyndin er að setja í eitt ákvæði eldri laga um þessi efni, en þau eru flest gömul og þurfa því endurskoðunar, en það eru l. nr. 34 27. sept. 1901, um bólusetningar, og l. nr. 16 22. okt. 1912, um breyt. á þeim l., svo og ákvæði 16. gr. berklavarnalaga, nr. 66 31. des. 1939, er heimila ráðherra að gefa fólki, sem er í sérstakri sýkingarhættu af berklaveiki, kost berklabólusetningar. Landlæknir bendir á, að l. um kúabólusetningu séu svo ströng, að erfitt sé að fullnægja ákvæðum þeirra, og fyrir löngu tímabært að endurskoða þau, ekki sízt er þess sé gætt, að ljósmæðrum hafi fækkað og þær eigi því erfitt með að gegna þessum störfum auk annarra skyldustarfa. Með frv. er leitazt við að færa þetta í einfaldara form og slakað á l. frá 1901, en jafnframt á að kerfisbinda aðrar ónæmisaðgerðir samkvæmt þeirri reynslu, sem fengizt hefur í þeim efnum. Þær ónæmisaðgerðir, sem l. eiga að taka til, eru bólusetning gegn bólusótt í fyrsta lagi, í öðru lagi gegn barnaveiki, í þriðja lagi gegn taugaveiki, í fjórða lagi gegn kikhósta, í fimmta lagi gegn berklaveiki og í sjötta lagi gegn öðrum sóttum, er til greina koma hér á landi, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn. Að lokum er gert ráð fyrir bólusetningu gegn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi. — Ég skal geta þess, að heilbr.- og félmn. hefur ekki kynnt sér málið til hlítar, en ég tel sjálfsagt, að málið verði hjá n. til athugunar milli umr., þó að því verði ekki sérstaklega vísað til n. Ég geri svo að till. minni, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Forseti (BSt): Frv. er flutt af n., og því er yfirlýst af form. n., að n. muni taka það til athugunar milli umr. Það virðist því ekki vera ástæða til að vísa málinu til n.

Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 430).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. á ný og farið yfir það og borið það saman við gildandi lagaákvæði og við það, sem telja má föst framkvæmdaratriði. — N. hefur orðið sammála um að samþykkja það óbreytt. — Þess skal getið, að hv. þm. Seyðf. var ekki á nefndarfundi, er málið var afgreitt. Hinn hluti nefndarinnar mælir með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 71. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 72. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Ég vildi aðeins leyfa mér að segja nokkur orð. Frv. þetta, sem nú er komið frá hv. Ed., er samið af landlækni og flutt skv. ósk heilbrmrn. Frv. hefur, eins og ég tók fram, gengið í gegnum hv. Ed., og vildi ég aðeins leyfa mér að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn. Annað hef ég ekki að segja frekar að svo stöddu.

Helgi Jónasson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að nokkru leyti nýmæli í íslenzkri löggjöf. Hér er bætt við ákvæðum eftir því, sem nýjungar hafa komið fram á sviði læknisfræðinnar. Sumt af ákvæðum þessa frv. er þó gamalt, eins og t. d. um kúabólusetninguna. En ég vil vekja athygli n. á því, að í þessu frv. er verið að íþyngja starfi héraðslæknanna með þessu nýja ákvæði um kúabólusetningu, því að það er til þess ætlazt, að héraðslæknar framkvæmi allar bólusetningar með öðrum störfum sínum. Hins vegar hefur það verið svo fram að þessu, að kúabólusetning hefur verið framkvæmd af ljósmæðrum, og hefur það gefizt vel. Hér er hins vegar lagt til, að alls staðar þar, sem ekki eru heilsuverndarstöðvar, — en þær eru fáar enn sem komið er, þó að þeim fjölgi að vísu eitthvað, — sé þessi bólusetning framkvæmd af héraðslæknum. Sumt af þessum aðgerðum er ekki hægt að láta annan framkvæma en lækni, en það á ekki við um kúabólusetningu, og það er of mikið lagt á héraðslækna að eiga að sjá um það í stórum sveitalæknishéruðum, — þeir hafa ekki tíma til að sinna þessu, því að þessi bólusetning er framkvæmd á ungum börnum, og yrði þá læknirinn að vera á stöðugu ferðalagi milli heimilanna til þess að framkvæma hana. Þess vegna yrði betra, að ljósmæður hefðu hana á hendi, eins og sakir standa. — Ég vil aðeins biðja hv. n. um að athuga þetta rækilega og gera breytingu á þessu, því að ef hún gerir það ekki, þá mun ég flytja um það brtt. við 2. umr. Þá vænti ég þess og, að hv. n. leiti umsagnar Læknafélags Íslands. Ég hef átt tal við formann stjórnar þess, og hefur hann sagt mér, að hann hafi lesið frv. mjög fljótlega yfir, en ég vænti þess sem sé, að leitað verði umsagnar stjórnarinnar um málið, áður en það verður lagt fyrir aftur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 356, n. 525).

Frsm. (Kristín Sigurðardóttir): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, er samið af landlækni og flutt í Ed. af félmn. eftir beiðni félmrh. Lög um þetta efni eru ófullkomin og að mörgu leyti úrelt, enda frá 1901, en að vísu nokkuð breytt 1912. Það þótti því mál til komið að endurskoða þau og bæta. Við 1. umr. í Nd. um málið kom fram sú skoðun, að ekki væri rétt að bæta svo miklu starfi á héraðslækna athugasemdalaust eins og frv. gerir ráð fyrir. Nefndin hefur því komið sér saman um að leggja til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi breytingu: „Við 3. gr. bætist: Þegar sérstaklega stendur á, er þó héraðslækni heimilt að fela ljósmóður eða hæfum bólusetjara að annast þessa kúabólusetningu í sínu umboði".

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 525 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4.—20. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 90. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 91. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

---

48. Dánarvottorð og dánarskýrslur.

Á 37. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um dánarvottorð og dánarskýrslur [135. mál] (þmfrv., A. 500).

Á 77. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 31. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 500 er samið af landlækni og flutt af heilbr.- og félmn. að beiðni heilbrmrn. Í grg. frv. er þess getið, að l. um dánarskýrslur séu frá 1911, eða nær 40 ára gömul, og nauðsyn sé á að breyta þeim vegna breytinga, sem orðið hafa á þessum málum síðustu 40 árin. Auk þess er frv. nokkru fyllra hvað snertir dánarvottorð o. fl. heldur en l. frá 1911. Þá má geta þess, að í gildi hafa gengið nýjar alþjóðareglur um dánarskýrslur, sem Ísland hefur gerzt aðili að, og ber að haga sér eftir þeim frá og með 1. jan. n. k., og er þess vegna lögð áherzla á það, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. — Nefndin mun svo athuga málið á milli 1. og 2. umr., og þar sem frv. er flutt af n., gerist ekki þörf að vísa því sérstaklega til n. með atkvgr.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta neinu við það, sem hv. frsm. sagði um þetta mál, en að því leyti sem ég hef kynnt mér það, veit ég, að full þörf er á nýjum l. um þessi efni, og landlæknir óskar eftir, að það nái fram að ganga. Ég vil því vona, að svo verði, annaðhvort óbreytt eða með breytingum, og vona, að það verði gert eins fljótt og auðið er.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. 1. umr. þessa máls fór fram fyrir hátíðar, eða áður en þinghlé hófst. Þá lýsti heilbr.- og félmn. því yfir, að hún mundi athuga málið á milli umr. Nefndin hefur nú ekki unnið þetta verk, en hún vill þó greiða fyrir málinu, þannig að 2. umr. þess ljúki nú. Hins vegar mun nefndin taka málið til athugunar á milli 2. og 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur tekið þetta mál til athugunar milli 2. og 3. umr. og leggur til, að það verði afgreitt óbreytt.
Athygli skal þó vakin á því, að í 2. gr. er prentvilla, sem n. hefur gert ráðstafanir til að verði leiðrétt í endurprentun frv., og sá n. ekki ástæðu til, að flutt væri um þá leiðréttingu sérstök brtt.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 500, n. 568).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Herra forseti. Frv. þetta er borið fyrst fram í hv. Nd. að ósk heilbr.- og félmn., og er tekið fram í grg., að það þótti tímabært að endurskoða löggjöfina um dánarskýrslur frá 11. júní 1911, sem hefur nú gilt um nær 40 ára skeið. En eina efnislega breyt. samkv. þessu frv. á þeim l., sem nú eru í gildi, er, að ætlazt er til, að lögfest verði nú að krefjast dánarvottorða eða hliðstæðra skilríkja um alla þá, sem deyja hér á landi.
Lögð er áherzla á, að þetta frv. nái samþykki á Alþ. því, er nú situr, með því að gengið hafa í gildi alþjóðalög um dánarskýrslur, sem Ís-

land hefur gerzt aðili að, og verður Ísland að haga sér eftir þeim frá 1. jan. n. k.

Heilbr.- og félmn. lagði til á fundi sínum, að frv. þetta yrði samþ., en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv. og gagnvart brtt. við það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 584).

---

49. Verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdómur.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm [44. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 18. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta frv., sem ég flyt hér ásamt hv. þm. S-Þ. (KK), er gamall kunningi hér í d. Það er samhljóða frv., sem ég ásamt öðrum þm. flutti hér á síðasta þingi. Þær breyt. einar, sem eru í þessu frv. frá því sem það var, þegar það var flutt á síðasta þingi, eru í síðustu málsgr. 3. gr. Þar er gert ráð fyrir, að verðlagsstjóri rannsaki gæði og verð á íslenzkum iðnaðarvörum og gefi fjárhagsráði skýrslu um þetta fjórum sinnum á ári, enn fremur, að skýrslan beri með sér, hver fyrirtæki eru samkeppnisfær við útlönd og sé hagfelldast að annist framleiðslu á þeim vörum, sem þjóðin þarfnast frá iðnaðinum. Ég vil benda á það, að frv. fylgir allýtarleg grg. Enn fremur var frv. rætt nokkuð á síðasta þingi. Þetta er eitt af mörgum frv., sem ýmsir þm. Framsfl. munu flytja og innan skamms koma fram hér á Alþ. og verða ein heild í þeim ráðstöfunum, sem Framsfl. álítur, að þurfi að gera sem undirstöðuatriði í dýrtíðarmálunum, og er í samræmi við það, sem kom fram á síðasta þingi og síðar á öðrum vettvangi. — Ég hygg, að þetta frv. hafi á síðasta þingi verið í allshn., og það er eðlilegast, að það fari þangað. Ég óska því eftir, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki fara út í almennar umr. um þetta mál á þessu stigi. Ég vil einungis geta þess, að að svo miklu leyti sem þetta frv. kynni að vera komið fram og flutt vegna þess, að meðferð opinberra mála um verðlagsbrot væri nú ekki eins greiðfær og skyldi, þá er ekki nokkur vafi á því, að frv. það, sem liggur fyrir Nd. um meðferð opinberra mála, mun miklu frekar ná þeim tilgangi en þetta frv. Nú kann að vera, að það sé eitthvað annað, sem vakir fyrir hv. flm., og skal ég ekki fara út í það. En sé ætlunin sú að fá betri og öruggari meðferð verðlagsmála en verið hefur, þá er ekki nokkur vafi á því, að samþykkt frv. um meðferð opinberra mála, sem ekki aðeins tekur til verðlagsmála, heldur allra refsimála, mundi verða miklu þýðingarmeira nýmæli. Ég veit, að í þessu frv. eru ákvæði um fleiri atriði en varða þessa réttarfarslegu meðferð eina, og skal ég ekki taka afstöðu til þeirra á þessu stigi málsins. En ég vildi benda n., sem fær málið til meðferðar, á það, hvort ekki væri miklu eðlilegra að einbeina sér nú á þessu þingi að afgreiðslu þeirrar heildarlausnar í endurskoðun á réttarfarsl., sem liggur fyrir í þessu frv., sem ég nefndi, heldur en að taka eitt atriði út úr, eins og hér er gert, þegar það er þá ekki gert betur eða rækilegar en þetta frv. segir til um. — Ég læt þessa ábendingu nægja nú, en vildi vegna ummæla hv. 1. flm. um, að eina nýjungin í þessu frv. væri í 3. málsgr. 3. gr., vekja athygli á því, að ef ástæða þykir til slíkrar grg., sem 3. málsgr. segir til um, um verð á iðnaðarvörum — og skal ég sízt hafa á móti því, að slík grg. yrði heimtuð —, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera slíka grg. og verðsamanburð á öllum íslenzkum framleiðsluvörum og takmarka það ekki við iðnaðinn einan.

Flm. (Hermann Jónasson): Ummæli hæstv. dómsmrh. gefa mér ekki tilefni til ýtarlegra umr. um þetta mál, en ég mun aðeins minnast á þau atriði, sem hann drap á. Það er vitanlega alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það þarf breytinga við á meðferð opinberra mála í okkar landi, því að meðferðin á þeim er hér með öðrum hætti en tíðkast víðast annars staðar. En ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. treystir sér til þess að svara því á þessu stigi málsins, hvort nokkrar líkur eru til þess, að þær breyt. verði gerðar á réttarfarsl., sem frv. það, sem hann ræðir um, gerir ráð fyrir. Það er vitað, að það kostar stórfé, og það er álitið, að ríkissjóður sé ekki mjög aflögufær nú, og ekki heldur líkur til þess, að hann verði það alveg á næstunni, svo að af þeim ástæðum hefur verið gert ráð fyrir, að mér hefur heyrzt, að frv. um breyt. á meðferð opinberra mála yrði að bíða. Kostnaðurinn við framkvæmd þeirra laga yrði, eins og ég sagði áðan, vitanlega gífurlega mikill.

Viðvíkjandi greinargerðinni, sem gert er ráð fyrir í síðari hluta 3. gr., er það að segja, að ég hef vitanlega ekkert á móti því, að n. athugi og geri samanburð á fleiri vörutegundum en þar er tekið fram, en þetta lá svona fyrst

fyrir. Ég geri ekki ráð fyrir því, þó að fiskur sé orðinn talsvert dýrari hér en erlendis, að við flytjum hann inn fyrst um sinn, og svo mun líka vera um landbúnaðarvörur, en ég sé ekki ástæðu til að hafa á móti því, að n. athugi þetta, ef henni þykir ástæða til.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get auðvitað ekki sagt til um það, hverjar líkur séu á því, að frv. um meðferð opinberra mála verði afgreitt á þessu þingi. Það er á valdi hv. þm., en ekki mínu, að kveða á um það, og væri nær að bera fram fyrirspurn til þm. um þeirra viðhorf í máli þessu heldur en mín, þar sem mínar till. liggja fyrir, en óvíst er, hverjar undirtektir þær fá hjá Alþ. *(PZ:* Lá ekki frv. fyrir síðasta þingi?) Jú, og því hlýtur það að hafa fengið mikla þinglega athugun og það er nú þegar á þessu þingi í undirbúningi og athugun. Ég veit, að hv. 1. þm. N-M., sem er þaulreyndur og glöggur á meðferð mála, veit, að með slíka stóra og umfangsmikla lagabálka hefur það oft verið venja, að þeir væru til meðferðar á tveimur þingum, en væru ekki afgreiddir á einu þingi, og þess vegna þykir mér líklegt, að hv. þm. hafi áttað sig svo á þessu máli, að þeir eigi hægara með að afgreiða það nú en í fyrra. Það var naumast við því að búast, að menn gætu áttað sig á slíku máli á einu þingi. — En varðandi þá mótbáru, að málið hafi í för með sér gífurlegan kostnað, er því til að svara, að jafnvel eins og frv. er nú, eru það ýkjur, að það hafi gífurlegan kostnað í för með sér. Hitt er játað, að nokkur aukinn kostnaður verður frv. samfara, ef að l. verður. Og mig minnir, að þegar ég lagði frv. fram í fyrra, gæti ég þess — og áreiðanlega nú, þegar frv. var lagt fyrir þingið, að ég tel stórmikinn vinning að því, að frv. verði samþ., þó að þau atriði verði sniðin burtu úr því, sem fyrst og fremst hafa aukinn kostnað í för með sér, en þau atriði mundu aðallega verða í sambandi við embætti fyrirhugaðs saksóknara og lítillega í sambandi við fjölgun sakadómara í Reykjavík, þar sem mundi ekki verða um raunverulegan mikinn kostnað að ræða, þar sem allir þeir menn eru í störfum nú þegar, sem þar er gert ráð fyrir. En í sambandi við saksóknara ríkisins er eðlilegt, að aukinn kostnaður mundi verða. En eins og ég tók fram, þá tel ég stórmikinn vinning að fá þetta frv. samþ., jafnvel þó að kaflinn um saksóknara ríkisins yrði felldur burtu og ákæruvaldið yrði eftir sem áður í höndum dómsmrn. Meðferð opinberra mála mundi verða svo miklu betri með því að afgreiða frv., þó að þessir kaflar væru sniðnir úr því, að ég tel það ekki áhorfsmál, ef þingið sér í þann tiltölulega litla kostnað, sem er þessum réttarfarsbótum samfara, að þá séu í bili felldir niður þeir kaflar úr frv. Í frv. er um mjög miklar raunverulegar endurbætur að ræða. Hinu tjáir ekki að neita, — og ég veit, að hv. þm. Str., sem er gamall dómari, þekkir það ef til vill betur en ég, — að ákvæði eins og það, sem hér er ráðgert um, að skipa kviðdómstóla undir forsæti fasts embættismanns, er heldur þýðingarlítið ákvæði. Það eru tiltölulega fá dæmi þess, að slíkir aukamenn í dómstóli hafi mikla þýðingu með sínum störfum. Það er rétt, að í einstökum starfsgreinum, sérstaklega varðandi sjóréttarmál, hefur þótt æskilegt að hafa slíka fjölskipaða dómstóla. En það er álit kunnugra manna, að jafnvel í þeim efnum, þar sem þörf er þó mikillar sérþekkingar, sé þetta fjölmenni í dómstólum oft meira til að sýnast en að það hafi verulega þýðingu. Þar er þó mikil þörf á sérfræðiþekkingu sjófróðra manna, sem kemur alls ekki til greina í málum eins og hér um ræðir.

Úr því að farið er að ræða hér 15. gr., en þar segir: „Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála" —, þá hefur þetta verið þannig eftir þeirri gömlu meðferð málanna, að fyrst fer rannsókn fram. En rannsókn hlýtur nú, eðli málsins samkvæmt, oft að fara fram með þeim hætti, ekki síst í verðlagsmálum, að erfitt er að láta hana vera fyrir opnum dyrum, ef svo má segja. Það er t. d. vitað mál, að í flestum verðlagsmálum fer aðalrannsóknin ekki fram hjá sakadómara, heldur löggiltum endurskoðanda, og hann vinnur slíkt starf, að það er ekki hægt að láta almenning sjá annað en niðurstöður. Í 16. gr. segir svo: „Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað." Nú er það að vísu svo, að varðandi sjálfa dómsuppkvaðninguna, þá á hún í opinberum málum að vera opin öllum almenningi, almenningur á að hafa þar aðgang, nema dómurinn ákveði annað. Í þessu er ekki fólgin nein nýjung frá því, sem verið hefur. En það nota sér fáir að mæta fyrir dómþingi í opinberum málum, eins og nú er, vegna þess að þar fer engin sókn mála fram og sú eina vörn, sem fram fer, er skrifleg vörn, sem lögð er fram í réttinum. Menn eru jafnnær um gang málanna og eðli, hvort sem þeir hafa verið viðstaddir í réttinum eða ekki. Til þess að það þýði nokkuð að láta þessi dómþing vera opinber, — og ég tel það mikilsvert, að sá háttur sé tekinn upp, — þá verður að hafa bæði munnlega sókn og vörn. Þess vegna er það alveg tómt mál um að tala, alveg eins og ef ég ætlaði að fara að drekka loft. — Það er sagt hér í grg. frv., að þessi mál eigi að vera opinber, svo að allur almenningur geti fylgzt með þeim. Og í 15. gr. frv. er tekið fram, að meðferð þessara mála fyrir verðlagsdómi skuli fara að hætti opinberra mála. Þess vegna, ef mönnum er það áhugamál að fá bætta meðferð á þessum málum og ef menn hafa áhuga á því, að meðferðin verði þannig, að hún verði frekar til þess að fæla menn frá því að fremja þessi afbrot heldur en fram að þessu hefur verið, þá er aðferðin ekki sú að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir, því að það hefur engin áhrif í þeim efnum, heldur hitt, að samþ. frv. það, sem nú liggur fyrir hv. Nd. um allsherjar endurbót á meðferð opinberra mála, sem hægt er að framkvæma í verulegum atriðum án þess að verulegur kostnaður fylgi því.

Þess vegna skora ég á hv. allshn., sem ég tel vera systurnefnd þeirrar n., sem fer með frv. um meðferð opinberra mála í Nd., að hafa

samvinnu við þá n. og kynna sér, hvað meðferð hins stærra málsins líður, og athuga, hvort ekki er réttara að samþ. það og e. t. v. — ef menn telja ástæðu til þess — þá að samþ. þetta frv. á grundvelli þess, að hitt frv. nái fram að ganga, því að þá fyrst fær þetta verulega þýðingu, sem í þessu frv. er fram sett, ef þær grundvallarendurbætur hafa átt sér stað, sem ég hef gert hér að umræðuefni.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég skal ekki mótmæla því, að æskilegt væri, að frv. það um meðferð opinberra mála, sem liggur fyrir hv. Nd., gangi fram. En viðvíkjandi því, að ég spurði hæstv. ráðh. um það, hvort það frv., sem liggur fyrir hv. Nd. um þetta, mundi ganga fram, þá hefur það verið venja hér að beina fyrirspurnum sínum um frv., sem ríkisstjórnir flytja, til þess ráðh., sem hlut á að máli, en ekki ganga fyrir hvern þm. og spyrja, hvort þeir muni samþ. það, eins og hæstv. ráðh. þó benti mér á að gera, því að venjulega kynna ráðherrar sér það, hvaða líkur eru til, að frv., sem þeir flytja, gangi fram, einkum þegar þau eru búin að liggja fyrir áður á þingi, og þetta er ekki óeðlilegt.

Hvað eigi að skoða gífurlegan kostnað hjá okkur, eins og tölur eru orðnar hjá okkur, getur verið álitamál. Ég skal láta útrætt um það. En einhvern tíma hefði það þótt gífurlegur kostnaður, sem verður af þessu frv. um meðferð opinberra mála, ef það verður samþ., því að það er vitað mál, að meðferð þessara mála, sem þar er gert ráð fyrir og ég mótmæli ekki, að sé nauðsynleg, hleður mjög utan á sig. Það þekkja þeir, sem hafa séð það embættisbákn, sem er utan um meðferð þessara opinberu mála annars staðar, þar sem hún er með þessu sniði. En sleppum því.

Um aukadómara segir hæstv. ráðh., að þeir hafi komið að litlu gagni. Þó er ég ekki í vafa um það sem dálítið kunnugur maður, þó að ég hafi aldrei verið dómari í sjódómi, að meðdómendur í sjódómi hafa oft gefið mjög merkilegar upplýsingar. En það er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. segir, að þetta hefur ekki orðið með sama hætti hér og tíðkast annars staðar. Það er eins og það fyrirkomulag á réttarfarinu, sem hér hefur verið, hafi sett, ef svo má segja, eins konar einræði dómaranna á öll dómsmál á Íslandi, því að þau eru með allt öðrum hætti en tíðkast nokkurs staðar annars staðar í opinberum málum. Ég held, að Holland og Svíþjóð hafi verið þau síðustu lönd, sem breyttu sínu réttarfari að þessu leyti, og það mun nú komið á annan áratug síðan. Og við erum eina ríkið, sem hefur leynilega rannsókn í þessum málum, því að það er rangt hjá hæstv. ráðh., að dómurinn sé fyrir opnum tjöldum. Hann hefur ekki verið það í mörg ár, og það er það, sem einkennir okkar réttarfar. En ég er ekki í vafa um, að meðdómendur geti gefizt vel, ef þeir eru kosnir af þeim mönnum, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta. Ég er ekki í vafa um það, að þeir gætu gerbreytt verðlagseftirlitinu, ef þeir fyndu sig sérstaklega fulltrúa fyrir þá, sem þeir eiga að gæta réttar fyrir, og það er eitt meðal annars, sem ég er ekki í vafa um, að hæstv. dómsmrh. er kunnugt, að um leið og teknir hafa verið upp kviðdómar eftir ensku fyrirkomulagi, um leið og réttarfarinu var breytt í Evrópu frá gamla fyrirkomulaginu, þá voru teknir upp víða um lönd kviðdómar, sem reyndust illa. Svíar tóku upp meðdómsfyrirkomulag, og hefur það reynzt vel í Svíþjóð, og ég er viss um, að meðdómendafyrirkomulagið mundi reynast miklu betur en ef við tækjum upp kviðdóma. Ég er þess vegna fullviss um það, að þegar breytt hefur verið til um okkar réttarfar, eins og gert er ráð fyrir, að að nokkru leyti verði breytt hér, þá er það meðdómsfyrirkomulagið, sem við eigum að nota, eins og þær þjóðir, sem hafa tekið það upp. Og sumar þjóðir, sem kviðdómsfyrirkomulag hafa haft hjá sér, eru að hverfa frá því og taka upp meðdómsfyrirkomulagið.

Viðkomandi því, að þessi ákvæði, sem hér er um að ræða, breyti litlu, þá er því til að svara, að þau breyta í verulegum atriðum. Nú er rannsóknin þannig, að þar sem dómurinn er opinn, þá er það þannig, að lögreglan — t. d. í nálægum löndum — framkvæmir rannsókn, sem er leynileg, sem getur staðið í eina til tvær vikur. Síðan er þeirri rannsókn skilað til dómara, og eftir það er rannsóknin fyrst opinber, nema svo standi á, að um hneykslismál sé að ræða, svo að ekki sé hægt að hafa dóminn opinn. Og þegar lögreglan er búin með sitt fyrsta stig, þá eru lesnar upp hennar skýrslur, þar sem blaðamenn sitja og hlusta á skýrslurnar, sem lögreglan birtir. Og hér mundi það verða þannig, að eftir að verðlagsstjóri hefur gert sínar athuganir og e. t. v. rannsóknarlögreglan einnig, þá mætti haga meðferð málanna þannig, að dómþingin væru opin á þann hátt, að framhald rannsóknarinnar væri þá fyrir opnum dyrum. Nú er það þannig, að lögreglan framkvæmir sína rannsókn, og síðan er rannsóknin hjá dómaranum að öllu leyti leynileg. Ef svo er ekki, þá er búið að gerbreyta fyrirkomulaginu á þessu, og það hefur þá alveg farið fram hjá mér, ef nokkurn tíma eru opnar dyr fyrir almenning á Íslandi til þess að hlusta á rannsókn mála. En þetta er alveg sérstakt við meðferð opinberra mála hér hjá okkur, að rannsókn þeirra er leynileg. Þó að það vanti þarna í þessa keðju, sem hæstv. dómsmrh. bendir á, að ekki er ætlazt til þess, að verjandi haldi sóknar- og varnarræðu fyrir þann, sem ákærður er, vegna þess að réttarfarinu hefur ekki verið breytt í það horf, sem annars staðar tíðkast og gert er ráð fyrir í frv. um meðferð opinberra mála, sem liggur nú fyrir hv. Nd., þá er hér fullnægt því sjónarmiði í þessu frv., sem fyrir liggur, sem mestu skiptir, að eftir að lögreglan hefur lokið sinni rannsókn og þegar dómarinn les skýrsluna upp fyrir kærðum og fyrir vitnum og lætur vitnin staðfesta framburð sinn fyrir dóminum, þá er rétturinn opinn, og það er það, sem hér á að eiga sér stað.

Ég ætla svo ekki að ræða um þetta nánar. En ég vil segja þetta: Hvar haldið þið, að sé til land í víðri veröld, sem hefur þó eins mikið

af svörtum markaði, okri og verðlagsbrotum eins og á Íslandi tiltölulega, sem kannske er meira en nokkurs staðar annars staðar tíðkast — hvar haldið þið, að sé til land, þar sem höfð er jafnmikil leynd yfir þessum hlutum og hér? Og hver af hv. þm. t. d. veit um, hvort þeir, sem framið hafa þau, hafa fengið dóma fyrir það? *(LJóh:* Þetta kemur í blöðunum við og við.) Það fer þá eitthvað einkennilega fram hjá mér. En ef maður tekur t. d. svo kallað perlufestarmál í Osló; rannsókn þess fór fram fyrir opnum tjöldum, og við annað svipað mál í Danmörku komu 53 menn, þar af nokkrir milljónamæringar, og sumir þessara manna komnir í tugthús. Þegar verið var að rannsaka þetta mál, kóngulóarmálið í Kaupmannahöfn, þá voru þeir, sem við það komu, frammi fyrir almenningi, og m. a. voru þar blaðamenn.

Það má vitanlega segja, að fyrst þessi mál, sem þetta frv. fjallar um, eigi að vera opinber, þá eigi öll hliðstæð mál að vera opinber, og því eigi fyrst og fremst að samþ. hitt frv., sem liggur fyrir hv. Nd. um meðferð opinberra mála. Það er náttúrlega rökrétt út af fyrir sig, sem ég skal ekki taka sérstaklega til athugunar. En þetta mál, sem hér liggur fyrir, er tekið sérstaklega upp vegna þess, að þetta eru atriði, sem skipta almenning meiru en flest eða allt annað, og þess vegna er eðlilegt, að þessi mál, sem hér er frv. um, séu tekin út úr, meðan ekki er hafður sá háttur á meðferð opinberra mála hér, sem annars staðar tíðkast og gert er ráð fyrir í frv., sem liggur fyrir hv. Nd. um meðferð opinberra mála, að verði tekinn upp hér. Og mér virðist, að sá opni háttur, sem gert er hér ráð fyrir í meðferð þessara mála, verðlagsmálanna, eftir að dómurinn og dómþingin hafa tekið við skjölum frá lögreglunni, sé verulegt öryggi fyrir almenning, þó að ég viðurkenni með hæstv. ráðh., að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir allri þeirri breyt. viðkomandi þessum málum í meðferð þeirra, sem gert er ráð fyrir í hinu frv., sem liggur fyrir hv. Nd., um meðferð opinberra mála, ef sú breyt. verður á gerð, sem þar er gert ráð fyrir, því að þar eru sækjandi og verjandi málsins á síðasta stigi. Ég tel því, að mjög nauðsynlegt sé, að þessu máli verði hraðað, þannig að það verði afgreitt sem allra fyrst.

Ég hef látið hjá líða að ræða það, að í frv. eru ýmis önnur ákvæði, svo sem refsiákvæði o. fl., sem eðlilega alls ekki eru í því frv., sem liggur nú fyrir hv. Nd. um meðferð opinberra mála, þannig að þó að það frv. væri samþykkt, þá mundi það ekki ná yfir nema örlítið af því, sem tekið er tillit til í þessu frv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera tilraun til þess að breikka bilið á milli skoðana okkar hv. þm. Str. og mín í þessu efni, eins og mér finnst hann þó hafa tilhneigingu til að gera. Ég held, að við séum sammála um, að það sé æskilegt — og það hef ég lagt áherzlu á —, að almenningur fylgist betur með gangi opinberra mála en verið hefur fram að þessu. Ég hef talið þetta svo mikla nauðsyn, að ég hlutaðist til um, að samið væri frv. að miklum lagabálki til endurbóta á þessum málum, sem lá fyrir síðasta þingi og hefur verið lagt fyrir þetta þing aftur. Ég lagði mikla áherzlu á það við mína meðstjórnendur í ríkisstj. í fyrra, að þetta frv. yrði samþ. Nú hafði ég ekki sömu aðstöðu, þar sem ráðuneytið hafði sagt af sér og samstarfi flokkanna um reglulega ríkisstjórn var slitið. En ég hef lagt áherzlu á það mikla í þinginu við þá, sem ég hef rætt við um þetta mál, að það frv. verði samþ., og ég hef lagt á það svo ríka áherzlu m. a. vegna þess, að einn aðalþátturinn í baráttunni gegn refsiverðu athæfi er almenningsálitið. Og almenningsálit um þessi mál skapast ekki nema því aðeins að þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, séu tilgreindir og almenningur viti um þá og fái að fylgjast með því, í hverju brot þeirra séu fólgin. — Það, sem ég hef á móti þessu frv., er ekki, að það leiði til þess að gera almenningi brotin kunnugri en verið hefur, heldur það, að frv. lætur bara þessa hlið málsins gersamlega óbreytta frá því, sem verið hefur. Eina breyt. með frv., frá því sem verið hefur fram að þessu, er, að það á að vera umskipaður dómstóll í þessum málum. Það er eina bótin, og hv. þm. Str. getur ekki sýnt fram á neina aðra breyt. Hv. þm. Str. hefur verið hér sakadómari, eða gegnt tilsvarandi starfi, verið lögreglustjóri hér í bæ, og hann er því nákunnugur — og ég hef m. a. verið þar viðstaddur sem unglingur —, að við réttarhöld hafa dómarar leyft almenningi að vera viðstöddum rannsókn mála, ef dómurinn taldi ekki neitt athugavert við það. Ég man það, að þegar faðir hv. þm. Seyðf., Jóhannes Jóhannesson, var hér dómari í þessum efnum, þá var það iðulega, að ég og fleiri unglingar, sem áttum heima í nágrenni við hegningarhúsið, fórum þangað út og vorum viðstaddir réttarhöld í opinberum málum, og það var ekki á nokkurn hátt amazt við því, að almenningur eða fulltrúar blaðanna væru þar viðstaddir. Þetta hefur farið alveg eftir áliti hverju sinni, nákvæmlega eins og segir hér í frv.: „Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.“ (16. gr.). Dómurinn hefur þarna alveg óbundnar hendur til þess að ákveða, hvenær dómþingin skuli vera opinber, nákvæmlega á sama hátt og hann nú hefur þetta í hendi sér. Og t. d. um ýmsa málaflokka var sagt ræðilega frá þeim í blöðum hér áður fyrr, svo sem landhelgismál. Þetta hefur breytzt á seinni árum, en það var iðulegt áður fyrr, að blaðamenn voru viðstaddir rannsókn í landhelgismálum. Ég var sem unglingur viðstaddur t. d. réttarhöld, sem Jóhannes Jóhannesson hafði í áfengissmyglunarmálum, sem hér voru, sem bæði innlendir menn og útlendir komu við, og þetta var opinbert, af því að dómurinn leit þannig á, að það væri ekkert, sem gerði það að verkum, að hættulegt væri, að almenningur væri viðstaddur réttarhöldin, og þá fékk almenningur að vera viðstaddur réttarhöldin. Eins er það iðulegt í sjódómsmálum, að almenningur fær að vera viðstaddur, og í sjóprófum og þess háttar. Þannig hefur dómurinn þetta í hendi sér.

En meðferð mála greinist að vissu leyti, getur maður sagt, í tvennt og að vissu leyti í þrennt: í lögreglurannsókn og í réttarrannsókn, þar sem dómari rannsakar mál. En komið getur fyrir, að alls ekki sé hægt að hafa réttarrannsókn máls opinbera, heldur verði að halda henni leyndri, til þess að gera ekki sökudólgum aðvart, og í þeim tilfellum er ekki hægt að láta almenning vera viðstaddan, þó að það sé oft mögulegt. Þetta verður alltaf matsatriði. Viðkomandi lögreglurannsókn er rannsókn mála þannig farið, að almenningur getur ekki verið viðstaddur. En réttarrannsókn getur verið með tvennu ólíku móti. En aðalþáttur málsmeðferðar erlendis, sem hv. þm. Str. réttilega benti á, að ætti að vera okkar fyrirmynd, er sókn og vörn mála fyrir dómi, þar sem allt, sem búið er að rannsaka, er lagt fram og dómarar, einn eða fleiri, kveða svo um, eftir að sókn og vörn hefur fram farið. Stundum þarf enga sókn, ef um lítil mál er að ræða. En vörn þarf að vera í málum, og þá fær almenningur að vera viðstaddur þessa athöfn, og það tel ég höfuðatriði í allri málsmeðferð, að slíkur háttur verði tekinn upp. En það hefur bara gleymzt í þessu frv. að taka fram þessi höfuðatriði, ef þetta á að vera trygging fyrir að ná því, sem hv. þm. vilja með frv. Það hefur bara gleymzt að láta það koma fram, sem hv. þm. segir nú, að sé höfuðatriði, svo að þá verður að taka málið upp til miklu rækilegri athugunar en gert hefur verið, og sú athugun er auðvitað eðlilegt, að gerð sé í sambandi við frv. um meðferð opinberra mála, sem nú liggur fyrir hv. Nd., þar sem þessi efni eru skoðuð ofan í kjölinn af færustu mönnum og gerðar um þetta góðar og gagnlegar till. Ég held, að ég og hv. þm. Str. séum sammála um það, að þessi endurbót þurfi að komast á. Ég hef ekkert á móti því, að þessi endurbót verði gerð varðandi þennan málaflokk, sem frv., sem fyrir liggur, er um. En ég tel, að hún þurfi engu síður að komast á varðandi aðra málaflokka. Og varðandi þessi verðlagsbrot eru alltaf öðru hvoru birtir listar í blöðum yfir þau brot í þessum efnum, sem framin hafa verið, og auðvitað eiga blöðin kröfu á því að fá að sjá dóma í þessum málum og kynna þau mál fyrir almenningi. Það er ekkert því til fyrirstöðu, eins og nú er, að um leið og birtur er dómur í verðlagsmálum, sé birt mynd af þeim mönnum, sem brotin hafa framið. En varðandi ekki aðeins verðlagsmál, heldur afbrotamál yfirleitt, þegar ég varð dómsmrh., þá var komið samkomulag á milli dómara og blaðamanna um að birta ekki nöfn þeirra manna, sem brytu, vegna þess að það gæti meitt þá. Ég bannaði þetta og sagði, að ef sagt væri frá málum yfirleitt, þá ætti að birta nöfn manna. Þetta var að vísu miskunnsamur hugsunarháttur og fallegur, en hann verkar alveg á móti þessari hlið réttargæzlunnar, sem ég heyri á hv. þm. Str., að hann er mér alveg sammála um að sé verulegt atriði.

Ég held, eins og ég sagði, að þó að okkur hv. þm. Str. komi ekki alveg saman um, hvað felst í þessu frv., sem fyrir liggur, þá sé það meira að deila um keisarans skegg að ræða um það, ef við erum sammála um, að hér þurfi endurbóta við. Ég vildi gjarnan leggja verk í það og fyrirhöfn að koma þeirri endurbót á. Ef menn vilja taka þennan þátt mála út úr, sem hér um ræðir, þá er það kannske betra en ekki, en ég tel það rangt. Ef menn vilja fá þetta frv. fram á þessu þingi, þá hygg ég, að það megi afgr. þetta frv. með hliðsjón af frv. um meðferð opinberra mála, sem fyrir hv. Nd. liggur nú. En ég taldi rétt við 1. umr. að benda á, að þetta mál snertir útkjálka á miklu stærra máli, og er eðlilegra, að mínu áliti, að þetta mál verði leyst í sambandi við það stærra málið, sem fyrir liggur. Og ég satt að segja skil ekki, að það geti orðið mikill ágreiningur um málið, úr því að það er í raun og veru það sama, sem fyrir mér og hv. þm. Str. vakir um endurbót á meðferð opinberra mála. Við finnum báðir, sem er ekki óeðlilegt, hver aðalgallinn við núverandi meðferð þeirra er, þó að honum hafi gleymzt að setja inn í frv. þetta það, sem hann ætlaði sér. En öll mannanna verk standa til bóta. Hitt er svo meira fræðilegt deiluefni, hvernig meðdómendur hafa reynzt. Við erum sammála um það, að þeir hafi yfirleitt ekki reynzt vel og ekki verið áhrifamiklir. Þetta er líka umdeilt erlendis. Sumir telja þá betri en kviðdóm, en öðrum, eins og engilsaxnesku þjóðunum, dettur ekki í hug annað en kviðdómur, þó að hann sé aðeins notaður í stærri málum. Íslenzkir lögfræðingar hafa tekið í sig andúð á kviðdómum, og það er ekki gert ráð fyrir þeim í frv. um meðferð opinberra mála, sem nú liggur fyrir þinginu. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að eftir því sem ég hef betur kynnt mér málið, þeim mun meiri löngun hef ég til að reyna þá. Aðalgallinn er sá, að erfitt verður að fá leikmenn, er alveg séu ókunnir þeim, er dreginn er fyrir lög og dóm. Það er hægt í stærri löndum, en verður erfitt á Íslandi og því hætt við samúð eða andúð í hugum manna.

Ég vil endurtaka það, að svo kann að virðast, að við hv. þm. Str. séum ekki sammála um, hvað í frv. felst, en mér skilst, að ekki sé ágreiningur um það, að hverju beri að stefna, og ég hef borið fram frv., sem ég tel, að betur nái tilgangi sínum en frv. hv. þm. Str.

Flm. (Hermann Jónasson): Ég skal ekki halda langan fyrirlestur, en það veitir ekki af að taka þessi mál til athugunar. Tilhögun þeirra hjá okkur er öðruvísi en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni og verður ekki annað talin en vanskapningur. Norðmenn og Danir tóku upp kviðdóm og það sýndi sig, að þegar enska fyrirkomulagið er flutt út, hefur það reynzt skaðlegt, þó að það reynist vel í Englandi. Hollendingar og Svíar tóku upp meðdómendur, sem eru með í ráðum, en ráða ekki algerlega, eins og kviðdómur. Mér er sem ég sjái í hitamáli 12 borgara dæma um sekt hæstv. dómsmrh. eða Hermanns Jónassonar, eftir að búið er að ylja málið upp í blöðunum. Eftir að hafa kynnt mér málið, hefur mér hrosið hugur við því, að þessi meðferð yrði tekin upp hér. Meðdómendur eru að vísu ekki tilþrifamiklir, en þeir eru viss „kontroll". — Ég vil ekki viður-

kenna, að frv., sem hér liggur fyrir, hafi ekki verulega breytingu í för með sér, og að ég hafi ekki með því náð því marki, sem ég setti mér. Hæstv. ráðh. segist hafa verið við rannsóknir. Ég hef líka verið við rannsóknir í einn til tvo tíma á dag í 10 ár. Dómstóllinn er lokaður, nema sérstök leyfi séu gefin, eins og hægt er t. d. í landhelgismálum, og þess vegna sést aldrei neitt um þetta. Við vitum ekki, hvaða rannsóknir er verið að gera nú. Í Noregi þarf ekki annað en að fara í dómhúsið til þess að sjá, hvað er til meðferðar í hverri deild. Málsmeðferð öll er fyrir opnum dyrum, nema annað sé ákveðið. Hér er fyrst lögreglurannsókn. Lögregluþjónn rannsakar málið, án þess að vitni séu viðstödd. Skýrsla hans er síðan send til dómara, og hefst þá annað stigið. Erlendis er það allt fyrir opnum tjöldum. Allar skýrslur eru lesnar upp og staðfestar í viðurvist votta og dómara. Hér eru lokuð tjöld, nema undanþágur séu veittar mönnum kunnugum dómaranum.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um, að hér er breytinga þörf. Þó að sumir haldi því fram, að „inkvisitionen" sé fullkomnust og strangt skipulag sé bezt í þessum efnum, ef réttlátlega er á því haldið, getur það haft í för með sér hræðileg slys, vegna þess að allt er leynilegt. Vegna öryggis borgaranna getum við ekki haft leynilega rannsókn, jafnvel þó að rannsókn fyrir opnum tjöldum hafi það í för með sér, að blöðin komist í þessi mál og taki að birta glæpamannarómana, eins og tíðkast erlendis, og hryllir mig þó við því. — Ég skal svo ekki þreyta hv. d. frekar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil benda á það, að í 16. gr. frv. stendur: „Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað." Hjá því verður ekki komizt, hvort sem um er að ræða rannsókn lögregluþjóns eða dómara, að oft er ekki hægt að láta almenning fylgjast með rannsókninni. Ekki vegna þess, að það sé hneykslandi eða siðspillandi, heldur vegna þess, að það er nauðsynlegt til þess að hafa hendur í hári hinna seku, að þeir, sem kunna að vera við málið riðnir, fylgist ekki með rannsókninni. Þetta á ekki síður við um verðlagsbrot og svartamarkaðsbrask en annað. Ég hef ekki verið dómari eins lengi og hv. þm. Str., en ég hef lesið svo margar dómsgerðir, að ég veit, að oftast er ekki viðlit, að almenningur geti fengið að fylgjast með rannsókninni. Ef dómari telur það hægt, getur hann leyft það, og ég hef fyrir löngu, áður en ég varð lögfræðingur, verið viðstaddur dómþing hjá hv. þm. Str. Ef það er talið óhætt, er þeim, sem áhuga hafa á því, leyft að fylgjast með rannsókninni. Hv. þm. Str. sagði, að blöðin ættu þess ekki kost að fylgjast með þessu. Þau hafa aðgang að öllum dómum, sem kveðnir eru upp. Nýlega var ég spurður að því af óviðeigandi aðila frá einu af blöðunum, hvort hann mætti sjá dóm og málsskjöl í tilteknu máli. Ég svaraði því, að ég teldi það skyldu mína að veita leyfi til þess. Ég tel skylt að leyfa almenningi og blöðunum að sjá dóma og skjöl, nema sérstakar ástæður hamli. Leyndin nær því bara til rannsóknarinnar, ef dómarinn telur það nauðsynlegt. Í Þýzkalandi, þar sem ég stundaði framhaldsnám, — að því er „Tíminn" oft hefur sagt til þess að læra nazisma, þó að það væri nú miklu saklausara, sem sé stjórnlagafræði og réttarfar, — var greint á milli frumrannsóknar og svo þess, er málið kom fyrir dóm. Ég tel rétt, að hér verði breytt til í þessa átt. Er málið kemur fyrir dóm, á að taka upp alla rannsóknina í áheyrn almennings. Þá er búið að rannsaka málið svo mikið, að fengin er umgerð, og innan þeirrar umgerðar fer lokaréttarhaldið fram. Það verður líkara leiksviði eftir vissum reglum en rannsókn. Hv. þm. Str. getur ekki auglýst, að nú verði rannsókn hafin og almenningur hafi aðgang að henni. Ég veit, að hann var svo kappsamur og ákafur, er hann var sakadómari, að hann sat yfir sakborningum kvöld og nætur til þess að þjarma að þeim, ef honum fannst ástæða til. (*HermJ:* Þjarma að er of mikið sagt.) Jæja, það var víst kallað að hrista þá. Hann veit alveg eins vel og ég, að hann hefði náð lakari árangri, ef allt hefði farið fram fyrir opnum tjöldum á því stigi málsins. (*HermJ:* Ég hef ekki talað um það.) Frv., eins og það nú liggur fyrir, er ófullkomið, en ég heyri, að betra vakir fyrir hv. þm. Str., og ættu þá ekki að verða vandræði úr því að færa það í skaplegan búning.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 488, 489).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Hæstv. forseti. Þegar þetta frv. til l. um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm var hér til 1. umr., var það allýtarlega rætt, og getur það að nokkru sparað umr. nú, a. m. k. framsögu. Allshn. hafði málið til meðferðar og hefur, eins og nál. á þskj. 488 ber með sér, að telja má orðið sammála um að leggja til, að frv. verði gert að lögum. Að vísu hafa tveir hv. nm. fyrirvara að undirskrift sinni, en aðrir hv. nm. hafa frjálsar hendur að því er snertir brtt., sem fram kunna að koma eða þeir kunna að sjá ástæðu til að flytja.

N. hefur lagt fram á þskj. 489 allmargar brtt., sem hún telur, að rétt sé að gera við frv., áður en það er gert að l., og vil ég nú í fáum orðum gera grein fyrir þessum till. Ástæðan til þess, að þetta frv. kemur fram, er sú, að rétt þykir að efla eftirlit með verðlagi í landinu. Verðlagsstjóri hefur haft það eftirlit með höndum, en jafnframt hefur hann líka haft með höndum að ákveða verðlag vara. Nú er með þessu frv. aðgreint þetta tvenns konar verksvið verðlagsstjóra og gert ráð fyrir, að kaupendur varanna fái aðstöðu til þess

að velja þann, sem fer með verðlagseftirlitið, og þá þykir ástæða til að velja honum annað heiti. 1. brtt. n. er um það, að hann sé nefndur verðgæzlustjóri, og ég vænti þess, að hv. þm. geti fellt sig við það heiti, og ég tel, að það tákni verksvið hans sæmilega vel. Ég bið hv. þm. að athuga það, að svo illa hefur tekizt til, að í 2. brtt. n. er prentvilla. Brtt. átti að orðast þannig: „2. málsgr. orðist svo.“ Það er aðeins þáttur úr gr., sem hér er gerð till. um breyt. á. Þessi brtt. n. miðast við það, að þeir aðilar, sem fyrir hönd neytendanna gera till. um, hver skuli fara með verðgæzlustjórn, eru fleiri en frv. upphaflega gerir ráð fyrir. Nú eru það 7 aðilar, eftir brtt., sem eiga að vera í n. til að velja verðgæzlustjóra. Það eru stjórnir aðalstéttasamtakanna í landinu, sem velja menn í þessa n., og þótti allshn. réttara, að fleiri kæmu til greina en þessir 4 aðilar, sem frv. gerði ráð fyrir. — 3. till. n. er um það, að í 3. gr. frv. verði það nánar tiltekið, hvað verðgæzlustjóri á sérstaklega að hafa með höndum, og er þá aðgreint betur en áður var hans verksvið frá verksviði verðlagsstjóra. Þá er tekið upp í 3. gr. — það þótti efnislega rétt — aðalatriði 9. gr. frv., sem getur þá að meinalausu fallið niður, eins og n. leggur til. — 4. brtt. n. er um breyt. á 4. gr. frv. og er í samræmi við það, að verðgæzlustjóri sé annað en verðlagsstjóri hefur verið. Enn fremur er tekið út úr gr., að fjárhagsráð eigi að leita umsagnar hans. Hins vegar er frv. svo að efni til, að verðlagsstjóri getur hvenær sem er eigi að síður gefið fjárhagsráði bendingu í þessum efnum. — 5. brtt. n. er við 5. gr., og í henni er gert ráð fyrir, að fjárhagsráð geti falið ákveðnum trúnaðarmanni að framkvæma verðlagsákvarðanir. — 6. brtt. skýrir sig sjálf, og 7. gr. er um, að 9. gr. falli niður.

Þá er komið að kaflanum um verðlagsdóminn. N. varð sammála um það, að rétt mundi vera að gera þennan verðlagsdómstól dálitið umfangsminni en frv. gerir ráð fyrir. Frv. gerði ráð fyrir því, að þessi verðlagsdómstóll skyldi vera settur í hverju héraði um landið allt í sambandi við héraðsdómstólinn og að 2 meðdómendur skyldu vera með hverjum héraðsdómara. Þetta yrði allfyrirhafnarmikið, en aðalágreiningsmálefnin koma fyrir í kaupstöðum landsins, þar sem verzlunin er mest. Og til þess að gera sem minnst úr skriffinnskunni, sem alls staðar þarf að vera á verði gegn, þá er það till. n., að þessi verðlagsdómstóll sé aðeins í kaupstöðum, og er 8. brtt. um það. — 9. brtt. gerir ráð fyrir, að í þessum dómstóli eigi sæti hlutaðeigandi héraðsdómari og einn maður með honum, sem er kjörinn til þess af n. þeirri, sem velur verðgæzlustjóra. Þannig eiga áhrif neytendanna líka að geta náð til verðlagsdóms. — 10. brtt. er aðeins nauðsynlegt ákvæði um það, að dómsmrn. tilkynni stéttasamtökunum, þegar n. þeirra á að fá tækifæri til þess að gera till. um eða tilnefna meðdómendur. Einnig er gerð ráðstöfun til þess, að ef þessi stéttasamtök láta það farast fyrir, þá vanti ekki mann í dóminn, heldur skipar þá dómsmrh. meðdómendur án tilnefningar. — 11. brtt. er um það, að skýrt liggi fyrir, ef dómendur greinir á, að þá skeri úr atkv. formanns dómsins. — 12. brtt. er um það, að meðdómendur fái kaup, en að vísu það lægsta kaup, sem vitað er, að menn, sem kvaddir eru til slíkra starfa, hafi, en það eru menn, sem eru meðdómendur í sjódómi. Ekki þótti tilhlýðilegt, að þeir ynnu alveg kauplaust, þar sem upplýst er, að þessi málefni koma oft fyrir og þeir þurfa mikið að mæta, eins og t. d. hér í Reykjavík. Þá er b-liður þessarar till. um það, hvernig með skuli fara, þegar máli er áfrýjað, og er það nauðsynlegt ákvæði í þessari löggjöf. — 13. brtt. er svo við 18. gr. og er um það, að tekin eru út úr gr. ákvæði um refsingu, sem þar voru, en vísað í heild til þess kafla hegningarl., sem um slíkt fjallar, og verður það vitanlega eftir mati hverju sinni, en er ekki hægt að taka fram um það í þessum l., svo að tæmandi sé. B-liðurinn er settur inn til að skilgreina betur ákvæði um refsingar. Í frv. var ekki tekið fram, að varðhald geti komið til greina, en það er lægra stig en fangelsi, og á það stig geta sakir verið metnar. — 14. brtt. er um það, að í staðinn fyrir ákvæði til bráðabirgða komi ný grein, sem tiltekur, að ákvæðið atriði í l. falli úr gildi, ef frv. þetta verður gert að l. Kæmi þá þessi nýja löggjöf í staðinn fyrir III. kafla l. nr. 70 frá 5. júní 1947, um fjárhagsráð, og er þá líka tekið fram, að umboð verðlagsstjóra og starfsmanna hans falli niður, þegar verðgæzlustjóri hefur verið skipaður og tekur til starfa.

Það getur varla orðið ágreiningur um það, að þörf sé á traustara verðlagseftirliti en hefur verið fram að þessu, þegar til viðbótar kemur svo það ástand, sem skapast við gengisbreytinguna og þá sérstaklega verðlagningarbreytingin, sem getur freistað þeirra, er með verzlun fara, til að maka sinn krók. Með þessu frv. er gerð tilraun til að skapa sterkt eftirlit, en þó sem öfgalausast.

Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. Ed. fallist á frv. með þeim breyt., sem við höfum lagt til að við það verði gerðar. Sé ég svo ekki ástæðu til að hafa framsögu lengri að þessu sinni.

ATKVGR.

Brtt. 489,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 489,2 samþ. með 8:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 489,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 489,4 samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 489,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 489,6 samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 489,7 (9. gr. falli burt) samþ. með 9 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 489,8 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

Brtt. 489,9 (ný 12. gr., verður 11. gr.) samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 489,10 (ný 13. gr., verður 12. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
14.—16. gr. (verða 13.—15. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 489,11 samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 489,12 (2 nýjar gr., verða 17.—18. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 489,13 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 489,14 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 491, 492).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 492. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Forseti. Mér sýnist sem þessu máli liggi allmikið á. Ég hafði ekki ráðrúm til þess í gær að bera fram brtt. né gera grein fyrir fyrirvara mínum við nál., en minn fyrirvari merkir í stuttu máli, að ég álít þetta nánast hégómamál og hef mjög takmarkaða trú á, að það komi að gagni. Ég held fyrir mitt leyti, að það dugi ekkert minna en gerbreyting á öllu kerfinu, og á meðan lögin um fjárhagsráð standa óhreyfð, þá hef ég litla trú á aðgerðum sem þessum. Samt sem áður eru viss atriði í þessu frv., sem ég vil ekki standa í vegi fyrir, að gerð verði tilraun með og reynslan látin skera úr um, hvort komið geti að einhverju haldi. Svo er t. d. um ákvæðin í 2. gr., þar sem ákveðið er, að stéttasamtök skuli ráða vali verðlagsstjóra, og þá enn fremur ákvæðin í II. kafla um verðlagsdóm. Hins vegar held ég, að þær brtt., sem fram hafa komið og samþ. voru við 2. umr., séu flestar til hins verra og geri m. a. þessi ákvæði lítils virði. Samkvæmt þeim á þessi embættismaður að vera valdalaus og völdin í höndum fjárhagsráðs. Hins vegar á þarna að stofna nýtt embætti. Þá hefur verðlagsdómi í öðru lagi verið breytt svo, að þar á aðeins að vera einn meðdómandi með héraðsdómara, en ekki tveir, og atkvæði héraðsdómara ræður úrslitum. Meðdómendurnir eru þannig gerðir valdalausir, og ég sé ekki, að stofnunin sé þannig líkleg til að verða mikils virði. Hitt er vitaskuld alveg sjálfsögð tilhögun, að atkvæði meðdómenda geti ráðið úrslitum. Enn fremur þyrftu meðdómendur að vera ráðnir af samtökum á viðkomandi stöðum sjálfum. Ég hef því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 492, þar sem lagt er til í fyrsta lagi, að verðlagsdómur sé skipaður þremur mönnum, og enn fremur, að þeir séu skipaðir af fulltrúaráðum verkalýðsfélaganna í kaupstöðunum. Aðrar brtt. mínar eru svo gerðar til samræmis við þessa till. Vænti ég þess, að hv. d. geti fallizt á þessa skipun, og teldi ég með því ráðna allmikla bót á frv.

Frsm. (Karl Kristjánsson): Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 1. landsk. og brtt. hans á þskj. 492.

Hv. þm. telur þetta fremur hégómamál, þar sem ekki sé nógu sterkt á tekið og fjárhagsráð starfi eftir sem áður. Ég held þetta sé rangt skilið. Ég tel, að aðalatriðið sé að vekja almenningsálitið til eftirlits með þessum málum, og það held ég megi takast undir því fyrirkomulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en með því er stéttasamtökunum gefin aðstaða til að velja verðgæzlustjórann og meðdómendurna í verðlagsdóm.

Till. hv. 1. landsk. gengur í þá átt, að í verðlagsdómi skuli vera þrír menn. Það var svo áður, en réttara þótti að gera þessa starfsemi umfangsminni og ekki eins kostnaðarsama, því að ekki þykir sanngjarnt að ætlast til, að þessir menn starfi kauplaust, þar sem fyrirhöfn þeirra er talsverð. Hins vegar ætti einn meðdómandi að hafa aðstöðu til að koma fram með sjónarmið almennings í dómum, þó að dómsvaldið hvíli á hinum lögfróða manni. Dómi hans getur meðdómandinn áfrýjað, og á þá tilganginum að vera náð. — Eitt atriði er nýtt í brtt. hv. 1. landsk., þ. e. að fulltrúaráð verkalýðsfélaganna skuli tilnefna meðdómendur. Það skal viðurkennt af mér, að þessi aðili getur haft mjög nána þekkingu á einstaklingum til þess að velja í dóminn, en hins vegar er það atriði, sem hægt er að leita sér kunnleika á fyrir hvern sem er. Og það virðist réttara, að stéttasamtökin tilnefni þennan mann, þar sem þetta mál varðar miklu fleiri en verkalýðssamtökin og verzlunarsvæðið nær langt út fyrir þau. Ég sé því ekki ástæðu til að fylgja þessum brtt. og vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Brynjólfur Bjarnason: Forseti. Það er vitaskuld reynslan ein, sem sker úr um það, hvort hér er um að ræða hégómamál eða ekki, og er ástæðulaust að deila um það. Hv. frsm. meiri hl. taldi, að þetta mundi reynast mikilsvert og vekja áhuga almennings í þessu efni. En ég veit nú ekki, hversu vel er fyrir því séð með þessu frv. Ég hygg, að það komi í því efni fremur að gagni, ef sá háttur væri á hafður, sem ég legg til, að þrír menn séu í dómnum og almenningur fái þannig eitthvert vald í hendur. Hv. frsm. taldi, að þetta eftirlit væri nú gert umfangsminna. Ég efast um, að kerfið með breyt. meiri hl. sé umfangsminna eftir en áður. Það verður útnefndur sérstakur verðlagsstjóri og í öðru lagi fulltrúi hjá fjárhagsráði. Sá aukakostnaður hins vegar, sem því fylgir að hafa 2 meðdómendur, er svo lítill, að ekki tekur að horfa í það, og það virðist einsætt, að þeir verði að fá í hendur eitthvert vald.

Hvað snertir mótbárur hv. frsm. gegn því, að fulltrúaráð verkalýðsfélaganna tilnefni meðdómendur, þá er það alveg rétt, að þetta snertir fleiri aðila en verkalýðsfélögin, en hins vegar ekki svo þægilegt að gera ráð fyrir aðild þeirra í löggjöf. Hins vegar hafa verkalýðsfélögin eingöngu neytendasjónarmiða að gæta í

þessu efni og engra annarra og yrðu þannig fullgildir fulltrúar neytenda á hverjum stað.

ATKVGR.

Brtt. 492,1 felld með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, HV, StgrA.

nei: ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ.

EE, HG greiddu ekki atkv.

5 þm. (VH, BSt, BBen, FRV, HermJ) fjarstaddir.

Brtt. 492,2—3 teknar aftur.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 78. og 79. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 31. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hélt satt að segja, að það mundi verða höfð framsaga fyrir þessu máli hér í hv. d. Mér hefur skilizt, að þetta sé eitt af þeim málum, sem hæstv. ríkisstj. hafi ætlað að bera fram til að bæta fyrir álögur þær, sem hún hefur lagt á almenning í landinu, ein af hliðarráðstöfunum Framsfl. Ég hafði því búizt við, að hér yrðu sögð nokkur orð af hennar hálfu við 1. umr. Það er full ástæða til að ræða þetta mál ýtarlega. Verðlagið í landinu er nú tvenns konar. Annars vegar er hið löglega verð, þ. e. verð á vörum, sem fluttar eru inn á löglegan hátt og seldar hér í verzlunum með normal verði, eins og gildir um mestalla matvöru, og eru verðlagsákvæði svo ströng á henni og haft svo strangt eftirlit með því, að þeim sé fylgt, að verzlanir þær, sem með hana verzla, sleppa rétt skaðlausar. Það er því ekki þörf að kveða nánar á um eftirlit með þessum vörum, og verðlagsbrot á þessu sviði stafa oftar af vangá en hinu. Ég held því, að engum blandist hugur um, að baráttan verði að snúast gegn svarta markaðinum, þar sem vörurnar eru seldar við ólöglegu verði og þeir, sem selja, hafa tíðast komizt yfir vörurnar á óeðlilegan hátt og nota sér þannig vandræði almennings í ágóðaskyni. Ég held því, að sé meiningin sú að breyta til í þessum efnum og koma með ný lög, þá sé ekki annað hugsanlegt en snúa baráttunni gegn þessu fyrirbrigði. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj., hvort hún hugsi sér að berjast gegn svarta markaðinum og þeirri aðalleið, sem hann fer eftir a. m. k. hér í Reykjavík og sennilega víðar um land og þar sem tollsvikum er beitt mest, en það er gegnum Keflavíkurflugvöllinn. Í 4 ár er búið að brjóta öll lög og reglur um innflutning til landsins með innflutningnum til Keflavíkurflugvallarins, og það er viðurkennt af því yfirvaldi, sem þarna á hlut að máli, að þaðan komi hinar tollfrjálsu vörur, sem síðan eru seldar á svörtum markaði hér í Reykjavík og víðar um land og annar svartur markaður stendur í skjóli við. Þessi markaður á uppruna sinn hjá ríkisstj. Hún hefur veitt þetta toll- og skattfrelsi. Það er hennar verk, að vörur eru fluttar í stórum stíl til Keflavíkurflugvallarins án þess, að þær fari í gegnum íslenzkt tolleftirlit og af þeim sé greitt. Og kvarti einhver Íslendingur yfir þessu, þá er sett rannsókn á þann Íslending, en sá, sem á sök á svarta markaðinum, sleppur og allar rannsóknir eru stöðvaðar gegn honum. Rannsóknir á þessum lögbrotum fást ekki framkvæmdar. Það er vitað, að meira eða minna af öllum þeim vörum, sem seldar eru hér á landi á svörtum markaði, eru þaðan runnar, og þetta er meira að segja viðurkennt af yfirvöldunum. Ég vil því spyrja hæstv. ríkisstj., ef hún ætlar sér að berjast gegn svarta markaðinum: Hvernig ætlar hún að fara með þetta gat á vöruinnflutningnum, að ég nú ekki tali um allan gjaldeyrinn, sem fer í gegnum Keflavíkurflugvöllinn? Í öðru lagi er ég hræddur um, að ef á að taka upp baráttu þessa, þá dugi ekki að hafa þann hátt, sem verið hefur um úthlutun innflutningsleyfa. Þeir, sem hafa völdin í þessum efnum, eru voldugustu heildsalarnir og S. Í. S., og þeir koma sér saman um úthlutun varanna, og svo er mikill hluti þeirra seldur út án þess, að þær komi nokkru sinni til smásala, og er selt á svörtum markaði. Og þeir, sem kaupa svo vörurnar, þegja, því að þeir ættu annars ekki gott í vændum, ef þeir þegðu ekki. Innflutnings- og gjaldeyrisverzlunin er stórspillt og þess er vel gætt, að sem minnst eftirlit sé hægt að hafa með henni og að gæðingar ríkisstj. geti sem bezt matað krókinn. Alþýða landsins fær engu að ráða og nýtur ekki hins minnsta verzlunarfrelsis. Það væri engin goðgá, þó að þeim, sem nú er bannað að framleiða freðfisk, væri nú leyft það og að þeim væri leyft að flytja hann út og flytja svo aftur inn rúsínur, svo að eitthvað sé nefnt. Ef berjast á gegn svarta markaðinum, hví er mönnum þá bannað að framleiða útflutningsvörur og flytja svo aftur inn fyrir andvirði þeirra? Hví á að banna mönnum að hafa sama hátt á og þingeyskir bændur höfðu fyrr á árum? Hví eiga kaupmenn hér að hafa selstöðuréttindi, sem barizt var hatrammlega í gegn hjá Dönum? Ég er hræddur um, að sama spillingin skapist hér brátt aftur. Við þurfum að geta eflt útflutninginn og geta flutt út og keypt erlendar vörur í staðinn. Og þetta getur íslenzka þjóðin gert, ef henni er ekki bannað það. Sé ríkisstj. alvara að berjast gegn svarta markaðinum, sem stafar af einokun, og þegar búið er að stöðva gatið á Keflavíkurflugvellinum, þá getur hún leitað aðstoðar hjá almenningi, og sú aðstoð mun verða veitt og eins mun verða á öðrum sviðum, en til þess að slíkt geti orðið, verður ríkisstj. að láta meira til sín taka en verið hefur. Ég skal taka dæmi:

Það var nýlega verið að lækka gengið og afnema fiskábyrgðina, og ein afleiðingin er sú af gengisfallinu, að oliuverðið er hækkað, eins og hér var nýlega upplýst, úr 400 í 640 kr. tonnið, a. m. k. Þegar um slíka verðhækkun er að ræða, í þessu tilfelli á olíu, þá er eðlilegt, að almenningur spyrji, hvort þessi hækkun sé í raun og veru nauðsynleg, hvort það sé óhjá-

kvæmilegt, að ein aðalvaran, sem útvegurinn þarf að nota, auk fleiri atvinnugreina, sé svo dýr. Og það þarf enginn að fara í grafgötur um svarið; það er engum efa bundið, að unnt er að halda þessari vöru í lægra verði, en skilyrði þess er, að þjóðin sjálf taki upp baráttu á móti okri olíuhringanna í stað þess, að þeir fái að ráða þessum málum ihlutunarlítið. Ég skal nefna eitt dæmi um það, hvernig farið er að í þessum málum þveröfugt við það að gæta hagsmuna almennings. Nýlega hefur verið reist olíustöð í Laugarnesi fyrir 10—15 millj. kr. Leyfi til þeirrar byggingar afsakaði fjárhagsráð með því, að við þyrftum ekki að borga þessar 10—15 milljónir; þær væru greiddar af erlendum aðilum. En við fáum bara að endurgreiða þær á nokkrum árum í hækkuðu olíuverði — og meira en það. Nú mundi þessi olíustöð að öllum líkindum nægja fyrir Ísland. En rétt á eftir er svo leyft að reisa aðra olíustöð fyrir 10—15 millj. Annað auðfélag fær þetta leyfi, og það er veitt með sömu afsökun, að við þurfum ekki að leggja þessar millj. fram. Kerfið verður þannig tvöfalt, hálfu dýrara en þörf er á, og undir kostnaðinum stendur þjóðin. Smábenzínstöðvar eru svo reistar úti um allt land, margfalt fleiri en þjóðin hefur þörf fyrir, og svo er þjóðin skattlögð vegna hinnar óhentugu dreifingar að ástæðulausu. Hvernig ætti nú að minnka þetta okur? Eina ráðið er að taka upp ríkiseinkasölu á olíunni, og það eru til lög fyrir því frá stjórnartíð núverandi framkvæmdastjóra S. Í. S., Vilhjálms Þór, og heimild, sem mætti setja í gildi aftur. Og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að spara fyrir þjóðina, þá á hún að taka upp ríkiseinkasölu á olíu meðal annars. Allur kostnaður yrði þannig stórum minni, og ríkisstj. hefur nóg af hæfum mönnum til þess að taka að sér þann rekstur. Væri einsætt fyrir hana að byrja t. d. með þessum hætti baráttu sína gegn okri og of hárri álagningu. Þarna gæti hún haft sig í frammi og komið fram lækkun á óhóflega háu verði. Hið sama er svo auðvitað að segja um mörg önnur svið.

Ég er þannig hræddur um, að eigi ekkert af þeim aðgerðum, sem ég hef minnzt á, að verða samfara því frv., sem hér liggur fyrir, þá verði það hégóminn einn og til þess eins að sýnast. Verðlagsdómi verði þá bannað að skipta sér af hlutunum, ef hann ber niður á réttum stöðum, enda er í 2. kafla l. ákvæði, sem rýrir mjög vald samtakanna, þar sem sá maður, er þau útnefna í verðlagsdóm, ræður engu. Og við höfum að minnsta kosti þá reynslu hér í Rvík, sem réttlætir tortryggni í þessu efni, því að ef ráðizt hefur verið á svartamarkaðsbraskið, þá hefur það verið tekið illa upp af sakadómara, og hafi verið bent á menn, sem vissu um ákveðin dæmi, hefur öll rannsókn verið stöðvuð. Þó eru atriði í frv., sem miða til bóta, einkum í 2. gr. Það er áreiðanlegt, að ef þessi samtök fá að njóta þess valds, sem verðlagsstjóri og verðlagsdómstóll gætu haft, þá yrði það til góðs. En ef gera ætti frv. nothæft, ætti að breyta ákvæðum þess þannig, að verðgæzlustjóri væri eingöngu háður nefnd samtakanna, sem að öllum líkindum rækju á eftir honum og ættu að geta sagt honum upp, ef hann sofnaði á verðinum. Jafnvel gæti verið heppilegt, að hann hefði meiri völd en ráð er fyrir gert. Ég er hræddur um, að völd fjárhagsráðs úr þessu verði aðeins til ills og til að gera mögulegt baktjaldamakk voldugra aðila, sem hver hefur hrossakaup við annan. Slík er sú reynsla, sem fengizt hefur í sambandi við þá stofnun, og ég held þess vegna, að það beri að draga úr valdi fjárhagsráðs, en gefa samtökunum meiri völd í þess stað. — Sama máli gegnir um verðlagsdómstólinn. Ef þessi samtök setja tvo aðila í dóminn í stað eins, þá gæti ég trúað, eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur af þessum málum, að hann næði miklu betur tilgangi sínum.

Þetta frv. er um breyt. á l. um fjárhagsráð og felldur burtu 3. kafli þeirra laga. Og ég held nú, svo að ég noti þær forsendur, sem hæstv. ríkisstj. notaði nýlega til þess að fella till. minar í sambandi við gengislækkunarfrv., — ég held nú, að heppilegt væri að samræma þetta frv. l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, því að mér finnst þessi lög vera eins og nýr kafli í þeim lögum. Það liggur nú fyrir fjhn. þessarar d. frv. um breyt. á l. um fjárhagsráð, og m. a. er þar gert ráð fyrir að tryggja neytendunum meiri rétt að lögum til að sporna við of hárri vöruálagningu. Eðlilegt virðist vera, að aðgerðir í þessu máli verði samhæfðar, hreint juridiskt séð, hvað sem öðru líður. Ég vildi því gera að till. minni, að þetta frv. færi til fjhn. Ég álít eðlilegt, að hún sé látin fjalla um það, eins og um lögin um fjárhagsráð og skyld mál, en í þessu frv. er gengið út frá, að fjárhagsráð eigi að hafa svo og svo mikil afskipti af þessum málum.

Ég hafði nú satt að segja búizt við, að hér yrði höfð framsaga fyrir þessu máli, því að mér virðist það þess vert, að það sé rætt. Ég skal þó láta máli mínu lokið í bili, nema tilefni gefist til frekari umræðna, og leyfi mér að æskja þess, að frv. verði látið fara til fjhn.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er rætt, heyrir að visu ekki undir mitt ráðuneyti, en ég tel rétt, eins og á stendur, að segja nokkur orð til skýringar.

Ég vil þá taka það fram í fyrsta lagi, að ég tel eðlilegt, að frv. sé flutt í því formi, sem það hefur. Í því eru ákvæði um dómara og dómsvald, sem gera það að verkum, að ekki er óeðlilegt, að tekin séu í sérstök lög og heyra ekki alveg undir lögin um fjárhagsráð. Enn fremur skiptir það verulegu máli, að þessari löggjöf sé hraðað, því að nú á næstunni mun reyna verulega á það verðlagseftirlit, sem hér er gert ráð fyrir, að verði að lögum.

Það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að verðlagseftirlitið eitt er ekki fullnægjandi til að skapa heilbrigða verzlun. Það er aðeins númer tvö, því að vitanlega koma refsingar fyrir brot þá fyrst til greina, er þau hafa verið framin. Fyrst er vitanlega að skapa heilbrigða verzlunarhætti. En þar sem verzlunar-

málin liggja hér ekki fyrir til umræðu og eiga sennilega eftir að koma fyrir Alþingi síðar, þá ætla ég að þessu sinni að sleppa öllum umræðum um það víðtæka mál. Hins vegar er alveg fullvíst, að enda þótt útflutningur okkar gæti aukizt og þar af leiðandi innflutningurinn, og þótt við tækjum upp sparnað á gjaldeyri, sem eytt hefur verið til ýmissa óþarfra hluta, en það er atriði, sem vert væri að ræða í þessu sambandi, t. d. hefur vegna skráningar krónunnar verið mikið um lúxusferðalög erlendis, svo ódýr sem þau hafa verið; við höfum miðað byggingar við að nota sem mest erlent efni af sömu ástæðu o. s. frv., — þá er alveg fullvíst, þótt hér yrði breyting á og unnt yrði að koma meiri vörum á markaðinn, að fyrst um sinn mun verða þörf á mjög sterku verðlagseftirliti. En skapar þá þetta frv. fullnægjandi verðlagseftirlit? Hv. 2. þm. Reykv. vildi nú gera fremur lítið úr því. Hann taldi m. a., að fjárhagsráð ætti ekki að hafa það vald, sem frv. gerir ráð fyrir. Það get ég ekki fallizt á, og ég hygg það sé tæpast umdeilt mál, að það er ekki verðlagningin yfirleitt á vörunum, sem er of há, heldur, ég hygg þvert á móti, að meginreglan sé sú, að vöruálagningin, sem verzlununum er heimiluð, megi í mörgum tilfellum tæpast lægri vera, til þess að þær geti rekið sína starfsemi með sæmilegum árangri, m. a. kaupfélög, sem hv. 2. þm. Reykv. þekkir mjög vel. Það verður því ekki sagt um þetta atriði, að álagningin sjálf sé óhófleg, hvað sem kann að vera á stærri sviðum, en þetta er hin almenna regla um verzlunarálagninguna. Það má því líta svo á, að þessi starfsemi sé sæmilega innt af höndum. Og sannleikurinn er sá, að ef menn kaupa vörur með réttri álagningu, þá er verðlag viðunandi, nema þar sem svartur markaður kemur til. — Álagningin er mál, sem skoða verður frá tveimur hliðum. Það væri þannig tæplega eðlilegt, að neytendasamtökin tilnefndu menn til að ákveða verðlagið. Máske kynnu þau að gera það réttlátlega, en eitthvað væri nú skrýtið við það, ef við kæmum í verzlun og ættum sjálf að verðleggja það, sem við ættum að kaupa, en þetta væri hér um bil hið sama. Það er því ekki ástæða til að fara inn á þessa braut, því að enda þótt hún sé ekki útilokuð, þá er hún varhugaverð og því síður nauðsynleg, þar sem ekki er kvartað undan álagningunni almennt. Þess vegna álít ég, að sæmilega sé fyrir þessu atriði séð í frv.

Þá er ákvæðið um verðlagsstjóra. Hann er tilnefndur af aðalneytendasamtökunum í landinu, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, og hann á sjálfur að tilnefna þá starfsmenn sína, sem annast verðgæzluna í bæjunum. Því er þannig ekki hægt að neita, að ef neytendasamtökin bregðast ekki skyldu sinni, þá hafa þau í hendi sér með þessu verðgæzluna í landinu. Þetta er sem sagt eins konar löggæzla, og þó að það sé ekki eðlilegt, að neytendasamtökin hafi verðlagninguna í sínum höndum, þá er það jafneðlilegt, að þau fái í sínar hendur löggæzlu um, að álagningin sé rétt framkvæmd. Það er þá mikið undir því komið, að neytendasamtökin velji góðan mann til þessa starfs, því að það er svo mikið undir honum komið, að þessi löggæzla sé vel af hendi leyst.

Þá hefur verið á það minnzt, að valdið, sem meðdómarinn hefði, væri allt of lítið. Þegar frv. var fyrst lagt fram, var gert ráð fyrir 2 meðdómurum, en við nánari athugun þótti ekki fært að hafa meðdómarana ólaunaða, vegna þess að sýnt þótti, að starfið væri svo erilsamt. Var því horfið að þeirri breytingu, að meðdómarar skyldu fá sömu þóknun fyrir starf sitt eins og meðdómendur í sjódómi og að meðdómari skyldi vera einn í stað tveggja. Það er að vísu rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að með því er vald meðdómara minna, en þegar þess er gætt, að verðgæzlustjóri er maður, sem skipaður er af neytendum, og þegar annar dómarinn er einnig tilkvaddur af neytendum, og þegar þess er enn fremur gætt, að dómurinn er opinn og öllum heimilt að hlýða á málsmeðferð, og þegar dómurinn er svo birtur, þá fer að verða óhægt um vik fyrir sjálfan dómarann til þess að vera hlutdrægur. Þetta allt er svo sterkt „control" á dómarann, að það er alveg útilokað, að hann misbeiti valdi sínu, sem má nú reyndar segja, að sé útilokað hvort sem er. Ég held, að við verðum búnir að fá að heyra eitthvað áður en dómarinn misnotaði vald sitt. Hitt verður að viðurkennast, að það getur verið vafasamara að láta 2 meðdómendur ólöglærða geta ráðið niðurstöðu dómsins, því að með því yrði réttaröryggið gert vafasamt. Ég held því, að þessu sé sannarlega stillt í hóf, eins og það liggur fyrir núna, þannig að dómari hefur það öryggi, sem hann þarf, og neytendurnir eru líka tryggðir fyrir réttmætri dómsniðurstöðu.

Þegar þess er gætt, að verðlagseftirlitið er í höndum neytendanna, meðdómari tilnefndur af neytendum, dómurinn opinn og birtur, og þegar svo gætt er viðurlaga 19. gr., þá má það öllum vera ljóst, að það er varhugavert að fremja verðlagsbrot. Ég vil aðeins biðja hv. þm. að kynna sér refsiákvæði 19. gr. frv. og sjá það sjálfa, hve varhugavert þetta yrði. Ég held því, að þessu sé mjög skynsamlega stillt í hóf og ef neytendasamtökin bregðast ekki skyldu sinni, þá bregðist ekki annað. Ég held líka, að því sé fullnægt, að þeir menn, sem eiga að þola dóma þá, sem á verða lagðir, hafi líka öryggi fyrir því að fá ekki strangari dóma en landslög mæla til um, eins og nú er gert ráð fyrir í frv., en þess er þá hins vegar einnig gætt, að ákæruvaldið er svo sterkt og „controlið" er svo sterkt, að útilokað er, að dómari geti misbeitt valdi sínu. Ég get því mælt með frv. eins og það liggur fyrir og hygg, að með því sé trygging fengin fyrir sterku verðlagseftirliti, ef neytendafélögin velja hæfan mann sem verðgæzlustjóra, — held meira að segja, að það verði sterkara en í nokkru öðru landi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en vildi aðeins segja örfá orð út af því, sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan. Það var í fyrsta lagi út af valdi neytendasamtakanna. Mér virtist hæstv. ráðh. halda því fram, að það gæti verið óeðlilegt

gagnvart þeim aðilum, sem vörurnar eiga, ef neytendasamtökin hefðu einhver áhrif um verðlagningu þeirra. Neytendasamtökin kallaði hann það, en þar á meðal eru félög eins og Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Stéttarsamband bænda og fleiri slík, sem þar eiga fulltrúa. Átökin þarna hljóta að verða um það, hverjir eigi að ráða. Eins og fjárhagsráð er skipað, en það hefur með verðlagseftirlitið að gera, þar eru fulltrúar seljenda ákaflega sterkir, og þá er óeðlilegt, að fjárhagsráð, sem kemur fram sem fulltrúi innflytjendanna, hafi afgerandi vald hér.

Þá er annað spursmálið. Er hætt við því, að neytendasamtökin misbeiti valdinu, ef þeim er fengið það í hendur? Mér finnst ekki mikil hætta á þessu, og ég sé það á grg. frv., þegar það var lagt fram, að flm. hafa ekki álitið hættu á þessu. Í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra, en hann ræður sér trúnaðarmenn og aðra starfsmenn til eftirlits. Fjárhagsráð á að visu að gera tillögur um skipun verðlagsstjóra. En meðan það eru ekki umboðsmenn neytendanna í landinu, sem ráða skipun verðlagsstjóra og hverjir eru eftirlitsmenn hans, er það undir hælinn lagt, hvort verðlagsstjóri velst þannig og starfslið hans, að hann sé umboðsmaður neytendanna í landinu frekar en hins aðilans, sem hann á að hafa eftirlit með. Í þessu kerfi, sem nú gildir, er því engin eða ekki næg trygging fyrir neytendur í landinu. Það getur lánazt, en það getur líka alveg eins mistekizt. Vegna þess að því er að einhverju leyti treyst eða hefur verið treyst, getur það orðið skálkaskjól og unnið gegn tilgangi sínum.

Það þykir því rétt að veita neytendum mikla íhlutun um verðlagningu og fulla íhlutun um verðlagseftirlit með því að fá þeim í hendur vald til að velja verðlagsstjóra og trúnaðarmenn hans.

Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt....“

Þetta er alveg í samræmi við það, sem ég hef sagt í minni ræðu. Ég vildi draga úr valdi fjárhagsráðs á þessu sviði og helzt afnema það með öllu. Ráðherra vildi, þegar hann flutti þetta frv., veita neytendunum meira vald, svo að ég held því, að það sé ljóst, að gagnrýni mín miðar í sömu átt og hugmyndir flm., er frv. var lagt fram, svo að það eru þá einhver önnur sjónarmið, sem síðar hafa komið til greina, ef hann álítur þetta rangt nú. Í 3. gr. frv., eins og það var fyrst lagt fram, er svofellt ákvæði:

„Verðlagsstjóra (verðgæzlustjóri heitir hann eins og frv. er orðið) er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett ...“ Eins og frv. var í upphafi átti verðgæzlustjórinn að hafa tillögurétt um verðlag í landinu, en þetta ákvæði hefur nú verið þurrkað út úr 3. gr. Verðlagsstjóri hefur ekki tillögurétt um verðlag í landinu, svo að þessi „mikla íhlutun“ er alveg gersamlega brott numin, og það eina, sem hann á að gera, er að líta eftir því, að reglum fjárhagsráðs um verðlag sé hlýtt. Viðvíkjandi þeirri hættu vegna misbeitingar samtakanna verð ég að segja, að ég held, að hún sé ekki stór, og vafalaust hefur verið dregið úr henni, hafi hún einhver verið, með breytingum, sem gerðar voru á frv. í Ed. um það, að atvinnurekendur skyldu fá fulltrúa skv. 2. gr. Ég held, að hagsmunir þessara fulltrúa séu svo mismunandi, að óeðlilegt sé, að þeir geti sameinazt um að gera rangari ákvæði en fjárhagsráð. En þetta mætti bæta og færa aftur í upprunalegt horf. Ég held, að það væri heppilegra að gefa verðgæzlustjóra meira vald en honum er ætlað í frv., eins og það liggur nú fyrir. Ég skal nefna eitt dæmi um þetta. Það er um olíuna, sem ég var áður búinn að minnast á. Það er ekki þægilegt fyrir fjárhagsráð, sem hefur veitt tveimur olíufélögum leyfi til þess að reisa tvær stórar tankstöðvar, að segja: Þið megið ekki hækka olíuverð svo mikið, að þið getið afskrifað þessar stöðvar. — En það er hægt að segja nei, ef neytendasamtökin hafa þarna íhlutunarrétt. Fjárhagsráð heldur áfram að gera vitleysur, þar býður ein vitleysan annarri heim.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, að vafasamt væri að hafa 3 dómara, því að þá væru tveir þeirra ólöglærðir. Hæstv. ráðherra hefur, sé ég, sjálfur lagt það til í upphafi í 12. gr. frv., að dómararnir væru þrír, þannig að hann hefur þá sjálfur gengið út frá því, að það væru tveir ólöglærðir. Ég held því, að ég hafi verið fyllilega á línu hæstv. ráðh., og ef hann hefur hvikað frá þessu ákvæði af ótta við að hafa tvo ólöglærða menn í dóminum, þá vil ég bara benda honum á, að það þarf ekki annað en að ákveða, að annar meðdómandinn skuli vera lögfræðingur, því að ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. hafi svo mikla trú á stéttinni, sem hann er í, að hann geti treyst þeim. Ef það er ekki annað en þetta atriði, sem á strandar, þá virðist mér hægt að bæta úr því, og þá held ég, að réttarörygginu sé borgið.

Þá vildi ég aðeins skjóta því inn að síðustu, að við erum sammála um það, að aðalvandamálið er ekki neyzlan og verzlunin, heldur svarti markaðurinn, eins og fram kemur í grg. með frv. En eins og frv. er nú orðið, þá er spurning um það, hvort svarti markaðurinn kemst undir það. Svarti markaðurinn er ólöglegur innflutningur og ólögleg sala á þeim innflutningi. Er þá ekki hætt við því, að sá, sem að slíkri verzlun stendur, segi bara, þegar verðgæzlustjóri hefur uppgötvað hann: Nei, heyrðu bara, góði. Þetta kemur þér ekki við, þetta heyrir ekki undir verðlagið, þetta heyrir ekki undir ákvæði verðlagslaganna. Þetta er brot á tollalögum, þetta er smygl. Þér kemur þetta bara ekkert við. Hugsa þú um þig. Þegar búið er að „konstatera“, að mál út af þessu eigi ekki undir verðlagsdóm, heldur sé þetta brot á innflutningslöggjöfinni, er þá ekki hætt við því, að viðkomandi yfirvöld segi: Skiptu þér ekkert af því, þetta er ekki þér viðkomandi, þetta er smygl, en ekki verðlagsbrot. — Ef t. d. varan kemur frá Keflavíkurflugvelli, þá er það und-

ir dómsmrh. komið, hvort málssókn fer fram eða ekki. Þá fjallar verðlagsdómur ekki um málið, heldur er það einn héraðsdómari. Er ekki líklegt, að svarta markaðinum verði komið undan verðlagsdómi vegna þess, að hann er brot á fleiri lögum en verðlagslögum? Ég held, að frv. hafi verið götótt, þegar það var lagt fram í upphafi. En eftir útvíkkun þeirra gata, sem gerð var í Ed., held ég, að fáir sitji fastir í því, en flestir sleppi út um möskva þess og allir, sem virkilega hafa gert sig seka um brask með erlendan gjaldeyri, svartan markað og vöruokur. Ég vænti þess svo, að fá þetta upplýst af hæstv. ráðh.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því að hafa verið fjarverandi og látið bíða eftir mér vegna atkvgr. í Ed. Þetta eru aðeins örfáar athugasemdir. — Hv. 2. þm. Reykv. (EOl) taldi það mikinn galla á frv., að verðgæzlustjóri hefði ekki nægilegt íhlutunarvald um verðlagningu í landinu. Ég vil benda á það í sambandi við þetta, að í grg. frv., sem hv. þm. las upp úr, var einmitt tekið fram, að rétt sé að veita neytendum mikla íhlutun um verðlagningu, en fullkomna íhlutun um verðlagseftirlit. Svona er tekið til orða í grg., af því að málið er hugsað út frá þeim forsendum, sem ég tók fram áðan. Ég vil benda á það, að verðgæzlustjóri hefur verulega íhlutun um þessi atriði. Hann á að annast þá daglegu starfsemi. Hann á að vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef verð er mismunandi, enn fremur að bera saman innlent verð og erlent verð. En það, sem sker úr um þetta atriði, er 9. gr. Þar er tekið fram, að verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara, geti krafizt hvers sem er, allra upplýsinga og skýrslna og annarra gagna, sem nauðsynleg þykja. Það má nærri geta með verðgæzlustjórann, sem getur krafizt slíkra upplýsinga, hvort það verður þægilegt fyrir þá, sem eiga að verðleggja vöruna í fjárhagsráði, að ganga fram hjá þeim upplýsingum, sem verðgæzlustjóri hefur í sínum höndum og getur gefið út opinberlega, svo að hann hefur vissulega mikil áhrif.

Viðkomandi því atriði að hafa dómarana tvo, þá tók ég fram þau atriði, sem máli skipta, í ræðu minni áðan. En ég benti á það, að það hefði ekki þótt fært að hafa meðdómendur ólaunaða. Ef ættu að vera tveir meðdómendur, þó að þóknunin sé ekki meiri en sú, sem meðdómendur fá í sjódómi, þá yrði tilkostnaður verulegur, og ég verð að viðurkenna það, að þótt ég hafi flutt þetta frv., þá geta komið fram í n. röksemdir, sem ég get gengið inn á og hlýt að ganga inn á, að séu til bóta frá því, sem ég hef sjálfur lagt til.

Ég tel af þeirri ástæðu, sem ég sagði áðan, að þá sé verðgæzlustjóri sem kærandi í málinu, opinber réttur og birting á dómi fullkomið kontrol á þeim dómara, sem fer með málið, svo að útilokað sé, að hann geti misnotað aðstöðu sína. Ég er ekki að segja, að tveir dómendur, tilnefndir af neytendum, mundu misbeita valdi sínu. En ég verð að ganga inn á þau rök, að vafasamt er, að það sé nægilegt réttaröryggi fyrir þá, sem eiga að þola þá dóma, — og þeir dómar geta verið fangelsi og sektir upp á hundruð þúsunda, — að þeir, sem brotið er gegn, neytendur, ættu einir að skipa dómara til að dæma þá, sem hefðu brotið gegn þeim. Ég verð að viðurkenna, að það er vafasamt, að það væri nægilegt réttaröryggi, þó að ég vilji vona, að það mundi ekki koma fyrir slíka dómara að misbeita valdi sínu. Í þeirri trú og von var frv. þannig flutt. En þegar á það er bent, þá er ekki nóg að vona og treysta. Það verður að vera fullkomið öryggi, þegar þarna á að refsa svo geysilega þungt sem raun ber vitni.

Þá er síðasta atriðið, hvort svarti markaðurinn komi undir þessa gæzlu. Á því er enginn vafi, því að þeir, sem verðlagsstjóri tilnefnir, eiga fyrst og fremst að hafa eftirlit með verzluninni almennt og eins, að ekki sé selt á svörtum markaði. Og þegar neytendur eiga þessa fulltrúa, þá er fyrst og fremst undir almenningi komið, hvort hann notar þá starfskrafta, sem honum eru fengnir til að vinna á móti svarta markaðinum. Ég vil í því sambandi benda á 9. gr. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu....“

Það má sjálfsagt eitthvað að þessu frv. finna eins og öðru og færa það til betri vegar. En ef þessir menn — og það er undir samtökunum komið, sem eiga að tilnefna mennina, sem með þetta vald eiga að fara, sem þeim er fengið í hendur í frv., — eru hæfir menn, þá held ég, að verðlagseftirlitið hljóti að verða sæmilega af hendi leyst. Hitt er svo aftur jafnmikil nauðsyn, að réttaröryggið sé tryggt gagnvart neytendum eins og gagnvart þeim, sem dómana eiga að þola.

Svo sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, enda er ég svo hás, að ég held, að ég verði að hætta að tala.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er smáatriði. Hæstv. ráðh. vildi líta svo á, að viðvíkjandi valdi verðlagsstjóra eða áhrifum á verðlag, þá væri 9. gr. nægileg til þess að tryggja það, sem upprunalega var tilgangurinn. Hann las aðeins upphaf gr., en öll hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðgæzlustjóri og þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkv. lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu, enda hvílir á þeim þagnarskylda um þau atriði, er þeir komast að í greindu starfi, og er þeim bannað að skýra óviðkomandi frá því, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn.“

M. ö. o., ef verðlagsstjóri ætlar að nota þessar upplýsingar og gera þetta almenningi kunnugt, þá fer hann í tugthúsið. Ég held, að hér sé harðvítugt ákvæði um að binda fyrir munninn á verðlagsstjóra, án þess að ég ætli að nota mér, að hæstv. ráðh. er hás, til að deila

um þetta við hann. Ég held, að það hefði verið betra að halda því, sem var upprunalega í 3. gr. Þegar það er strikað út, þá held ég, að það sé sýnt, að hæstv. stj. vill ekki mikla íhlutun í þessi mál, heldur enga. Þetta aðhald, sem 9. gr. á að gefa, hefur því lítið að segja.

Þá er það viðvíkjandi svarta markaðinum. Hæstv. ráðh. vill halda því fram, að 9. gr. eigi líka að tryggja það og neytendasamtökin í landinu eigi að hafa þar vald, ef þau noti það þannig. Ég held, að þetta sé misskilningur. Ég held, ef verðlagsstjóri skiptir sér af, hvernig ákveðnir hlutir eru komnir inn í landið, þá *muni* verða sagt við hann: Meðan ekki er beinlínis framið verðlagsbrot, þá varðar þig ekki um það. — Ég er því hræddur um, að 9. gr. komi þar ekki að haldi. Ég held, að þar sé aðeins að ræða um verðlagseftirlit samkvæmt þessum l. og verðlagsstjóri hafi aðeins rétt til að krefjast upplýsinga við brotum samkvæmt þeim l. Ef hann t. d. grunar einhvern um smygl í Keflavík, þá heyrir það undir sýslumanninn í Hafnarfirði. Þetta mundi sem sagt verða kæft niður hjá verðgæzlustjóra, ef hann kæmist nokkurn tíma svo langt að grafast fyrir um þetta. Ég er því hræddur um, að það væri mjög nauðsynlegt í þeirri n., sem þetta fer til, að reyna að setja það í það form, sem það hafði upprunalega. Ég vil vona, að hæstv. ráðh. og fulltrúar hans í þeirri n. sýni sig eins reiðubúna til að mæta nýjum rökum, sem fram kunna að koma, og lagfæra frv. eins og þeir hafa sýnt sig reiðubúna í Ed. að minnka það aðhald, sem þeir ætluðust til, að væri þar.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Ég efast um, að hv. 2. þm. Reykv. láti sér koma til hugar, að verðgæzlustjóri eigi ekki að hafa eftirlit með verðlagi yfirleitt og þar með svörtum markaði. Ég held, að jafnglöggur maður og hann láti það ekki koma sér til hugar, þó að hann segi þetta. Þetta er svo stórt atriði, að það yrði blátt áfram eitt aðalverk verðgæzlustjóra að koma í veg fyrir okur á svörtum markaði. Ef hann álítur, að einhver vara sé seld á óeðlilegu verði, þá getur hann spurt: Hvaðan hefur þú vöruna? Hann getur heimtað upplýsingar um það. Þetta er hverjum manni ljóst, og ég er viss um, að hv. 2. þm. Reykv. er þetta líka ljóst, þó að hann kasti þessu fram í gamni. Þetta er aðalverk verðgæzlustjóra. Hvað er það annað? Svo les hann 9. gr. til að gefa til kynna, að ég fari rangt með. Ég las fyrri hlutann. Í síðari hlutanum segir, að verðgæzlustjóri skuli gæta þagnarskyldu um þær upplýsingar, sem hann krefst af fyrirtækjum og verzlunum. Það væri geðfelld löggjöf frá Alþingi, ef menn, sem geta krafizt allra upplýsinga í verzlunarmálum, heimtað öll verzlunarleyndarmál, gætu svo farið og sagt almenningi frá öllum leyndarmálum fyrirtækjanna. Ákvæðið um þagnarskylduna er því sjálfsagt og óhjákvæmilegt. Hvað getur þessi maður þá gert, ef um lögbrot er að ræða? Hann fer til yfirvaldanna og segir frá lögbrotinu. Hvað skeður þá? Málið fer fyrir rétt, sem er opinn öllum almenningi. Það fer fyrir dómara, sem almenningur hefur útnefnt. Það er því ekki hægt að dylja lögbrotið. Það þarf því ekki að dylja neitt, sem snertir þá ólöglegu starfsemi hjá fyrirtækinu. Og haldið þið, að fjárhagsráð mundi stinga undir stól kærum, sem til þess kæmu frá manni, sem hefur svona mikið vald og getur heimtað svona nákvæmar upplýsingar? Dettur nokkrum í hug, að í fjárhagsráði séu fimm slíkir menn, sem mundu leyfa sér slíkt? En ef slíkt kæmi fyrir, þá gæti maðurinn gert annað. Hann gæti sagt af sér, neitað að gegna starfinu. Vald þessa manns er mikið, það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, að vald hans er stórkostlega mikið. Það er ekkert smáræðis vald, sem honum er gefið með því að gefa honum heimild til að heimta allar þær upplýsingar, sem hann getur krafizt samkvæmt 9. gr. Ég held satt að segja, að hv. 2. þm. Reykv., jafngreindur maður og hann er, sjái þetta mætavel, þó að hann látist ekki skilja það.

Einar Olgeirsson: Mér þykir mjög vænt um þessa ræðu hæstv. ráðh. og skilning hans á valdi verðgæzlustjóra. Ég mun leyfa mér til þess að tryggja, að honum verði að von sinni, að flytja brtt. við 1. gr., um að aftan við hana bætist: „og koma í veg fyrir svartan markað, gjaldeyrisbrask, óleyfilegan vöruinnflutning og vörusölu í landinu.“ Þá er ekki um að villast, að þessi maður hefur það vald, sem hæstv. ráðh. talaði um, og verðlagsdómstóllinn líka. Þá á þessi maður einhverja aðra leið en að segja af sér, ef fjárhagsráð hylmar yfir með alls konar svindli í landinu. Ég vona þess vegna, að þegar þetta frv. kemur til 3. umr., geti samkomulag orðið um að bæta þessu aftan við 1. gr., svo að ekki sé hægt að villast um, hvernig eigi að skilja þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil leggja til, að þessu máli sé vísað til allshn. Það var í þeirri n. í Ed., og það er eðlilegt, að það sé einnig hér í allshn., en ekki fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil ekki ganga inn á að allt, sem Ed. hefur gert, sé rétt. Þegar málið á eðli sínu samkvæmt að fara í fjhn., þá vil ég það fari þangað, án þess að mig langi til að fá það í þá n., sem ég er í. Það hefur komið fyrir í þessari d., að mál hafa verið sett í aðra n. en Ed. hefur gert. T. d. hefur það mál, sem hefur verið í allshn. hér, verið í heilbr.- og félmn. í Ed. Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að haga okkur eftir eðli málsins og vísa þessu frv. til fjhn.

Skúli Guðmundsson: Ég held, að ég muni það rétt, að frv. um verðlagsmál, svipuð þessu, sem áður hafa verið til meðferðar hér á þingi, hafi ekki farið til fjhn., heldur til allshn. þessarar d., og tel ég, að svo eigi að vera um þetta frv.

Till. um að vísa frv. til fjhn. felld með 12:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁ, MK, SG, ÁkJ, ÁS, EOl, FJ, GÞG.
nei: HelgJ, IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, KS, PÞ, SkG, StgrSt, BÁ, GG.
StJSt, SB greiddu ekki atkv.
13 þm. (JóhH, JG, ÓTh, PO, SÁ, StSt, ÁÁ, ÁB, BÓ, EmJ, EystJ, GTh, HÁ) fjarstaddir.
Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 491, n. 535, 551).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. 1. flm. frv., hæstv. landbrh., gerði við 1. umr. ýtarlega grein fyrir frv. og tilgangi þess, svo að óþarft er, að frekari grg. fylgi áliti n., úr því að hún mælir með frv. athugasemdalaust.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Það er um fundarsköp. Ég sé, að það liggur fyrir brtt. við þetta frv. frá hv. 8. landsk. þm. (StJSt). Hann er ekki mættur hér, og er nú kannske tæplega viðkunnanlegt að afgreiða málið án þess, að hann fái að gera grein fyrir sínum brtt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég býst ekki við, að ástæða sé til að taka nú upp þá gagnrýni, sem ég fyrir mitt leyti flutti við 1. umr. á þetta frv., en ég vonaði þá, að ég mundi koma með brtt. við 2. umr. við frv., a. m. k. við 1. gr. þess, af því að mér þótti það ekki nógu skýrt fram tekið, t. d. í 9. gr., hjá hæstv. landbrh., sem er fyrsti flm. málsins, sem hann ætlaðist til, að væri ákveðið í frv. þessu um verðlagseftirlit. Ég leyfi mér því að leggja fram brtt. um, að aftan við 1. gr. frv. bætist svo hljóðandi: „og koma í veg fyrir svartan markað, gjaldeyrisbrask, óleyfilegan vöruinnflutning og vörusölu í landinu.“ Þannig að það sé skýrt, að þetta allt heyri undir það starf, sem þessum manni er ætlað að inna af hendi.

Ég hefði haft tilhneigingu til þess að koma enn fremur fram með nokkrar brtt. við II. kaflann, um skipun verðlagsdóms. En ég mun láta það bíða til 3. umr. og sjá fyrst, hvernig þeim brtt., sem ég hér flyt, og fleiri brtt., sem hér eru fluttar, muni nú reiða af.

Ég verð að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt. minni, af því að hún er skrifleg.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og getið er um í nál. á þskj. 535, þá var ég ekki viðstaddur í hv. allshn., þegar þetta mál var afgreitt þaðan. Hins vegar hef ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 551. Vil ég með nokkrum orðum ræða málið almennt og einnig færa fram rök fyrir þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 551.

Þegar þetta frv. var borið fram á þessu þingi í hv. Ed., þá fylgdi því allýtarleg grg., og manni skildist á þeirri grg., að nú væri fundinn sá Aladdinslampi í verðlags- og svartamarkaðsmálunum, sem mundi nú lýsa veginn þann veg, að allt það illa, sem áður hefði þekkzt í þessum málum, kæmi nú fram í ljósið og yrði síðan látið hverfa úr sögu okkar viðskiptamála.

Það er vert að veita því athygli, að í grg. þessa frv. er á bls. 4 sagt, með leyfi hæstv. forseta, út af sjálfum verðlagsdóminum: „Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt.“ Þ. e. a. s. eftir að dómurinn er settur. Það færi betur, að þetta reyndist rétt, að með því að setja á fót slíkan dómstól, mundi það verða í valdi neytendanna sjálfra í landinu að koma nú í veg fyrir allt okur og svartamarkaðsbrask, sem óneitanlega hefur þróazt allmikið á síðustu árum. En ég er því miður hræddur um, jafnvel hvernig sem þessi dómur yrði skipaður og hvernig sem til hans yrði stofnað, að örðugt mundi að uppræta þessar meinsemdir okkar viðskiptalífs að fullu, og því sé nokkuð djúpt tekið í árinni í umsögn þessari um frv., sem ekki hefur heldur tekið gagngerðum breyt. í hv. Ed., eftir að það var borið þar fyrst fram.

Það er sagt í grg. þessa frv. á bls. 4: „Brask með erlendan gjaldeyri, svartur markaður og vöruokur eru nú einna alvarlegustu þjóðfélagsmeinsemdir, þar sem þjóðin hefur hrakizt út í fen verðbólgunnar og skortur er á erlendum gjaldeyri.“ Ég get að mörgu leyti skrifað undir þessa umsögn í grg. En mig uggir það, að hvorki með þessu frv. né með þeim öðrum frv. og lagasetningum, sem fram hafa komið og gerðar hafa verið að tilhlutun núv. hæstv. ríkisstj., verði á þessu ástandi ráðin sú bót sem skyldi. Ég óttast það, að enn þá verði um skeið, því miður, skortur á erlendum gjaldeyri og að af því leiði m. a. nokkra tilhneigingu til svartamarkaðsbrasks og okurs. En ég er hv. flm. þessa frv. og meðmælendum þess sammála um það, að mikla nauðsyn beri til þess að reisa skorður við þessu eða hindra það, ef þess væri nokkur kostur, en ég mun koma að því síðar, að ég hygg því miður, að frv. þetta sé ekki líklegt til að velta neinum björgum í þessu efni.

Enn þá er kveðið fastar að orði í grg. neðst á bls. 4, þar sem segir svo: „Ef frv. þetta verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega framfylgt, mundi það gerbreyta til bóta, á stuttum tíma, því ömurlega ástandi, er ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á tuttugustu öldinni.“ Hraustlega er nú mælt, og færi betur, að réttmæli reyndist, að setning slíkrar löggjafar sem þessarar yrði til þess að gerbreyta hinu vitanlega ófremdarástandi, sem nú ríkir í viðskiptamálum okkar, í eitthvert paradísarástand. En ég óttast því miður að sú gerbreyting fáist ekki með setningu slíkrar löggjafar sem hér er um að ræða.

Svo að ég haldi áfram að lesa úr grg. frv., þá er þar á bls. 5 sagt svo: „Ef sá háttur væri upp tekinn, er að framan er rakinn, þykir

mega fullyrða, að verðlagsbrot yrðu stórum færri en nú er.“ Sú mikla stemning og stóru orð, sem borin eru upp í þessari grg. fyrir frv., held ég, að standi ekki nándar nærri því í hlutfalli við möguleikana á því, að þessi löggjöf yrði að þessu gífurlega mikla gagni, sem af er látið í grg. En þrátt fyrir það, þó að ég telji, að of hraustlega sé mælt í grg. og of mannalega borið sig, að allt muni verða bætt í sambandi við svartamarkaðsbrask og verðlagsbrot með setningu slíkrar löggjafar, tel ég þó fyrir mitt leyti sjálfsagt að fara inn á einhverjar slíkar leiðir, þó að ég vilji hvorki blekkja sjálfan mig né aðra með því að gera ráð fyrir, að með þessum ráðstöfunum fáist eitthvert paradísarástand í okkar viðskiptamálum innanlands. Löggjöf sem þessi, ef henni væri framfylgt rösklega, gæti gert eitthvað til bóta í þessum efnum. En það er víst og áreiðanlegt, að ástandið í atvinnu- og peningamálum þjóðarinnar verður undirstaðan undir því, hvort umbætur fást í þessum efnum eða ekki. Á meðan ríkir skortur á gjaldeyri og á meðan framboð á vörum er langtum minna en eftirspurnin og á meðan a. m. k. stór hópur þjóðarinnar hefur mjög mikil fjárráð til innkaupa, verður örðugt að bæta úr þessu svo að fullkomlega sé. En ég vildi láta þessi almennu orð mín fylgja frv., af því að ég vil, að það verði ekki reynt að blekkja neinn með setningu slíkrar löggjafar sem þessarar. Ég álít, að það sé álíka óhyggilegt að slá því föstu, að slík löggjöf sem þessi mundi koma í veg fyrir verðlagsbrot og svartamarkaðsbrask, eins og að slá því föstu, eins og gert var af sumum, að gengislækkunarlöggjöf sú, sem samþ. var hér fyrir skemmstu, hefði ekki í för með sér nokkra kjararýrnun, sem neinu skipti, fyrir launastéttirnar í landinu. Hvort tveggja eru fullyrðingar, sem ekki fá staðizt reynsluna. Og það er hvorki hyggilegt að segja það alþm. né þjóðinni, að það verði bætt úr þessum vandkvæðum, sem ég hef nefnt, að eru í viðskiptamálum okkar, til hlítar með löggjöf eins og þeirri, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sem hér liggur fyrir. En ég álít — og þar er ég hv. flm. og meðhaldsmönnum þessa frv. sammála —, að sjálfsagt sé að reyna allt, sem unnt er, bæði af hálfu löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, til þess að koma í veg fyrir og hindra svartamarkaðsbrask og verðlagsbrot, og að það sé því vert að gera tilraun til þess með því að samþ. löggjöf eins og þá, sem hér liggur fyrir frv. um, þó að ég hafi ekki oftrú á henni í framkvæmd. — Þetta vildi ég segja almennt um innihald frv., efni þess og tilgang og ekki sízt um þær miklu fullyrðingar, sem fylgdu frv. í grg. þess og ég álít, að ekki eigi sér stoð í veruleikanum.

Það virðist hafa orðið samkomulag um setningu þessarar löggjafar milli hv. stjórnarflokka, og er ekki nema gott um það að segja, að þar geti maður séð framan í einhverja stefnu hjá hæstv. ríkisstjórn í verðlagsmálunum. Við höfum séð stefnu hæstv. ríkisstj. í fjárhagsmálunum með gengislækkunarl. Við eigum eftir að sjá stefnu hæstv. ríkisstj. í verzlunar- og viðskiptamálunum, sem kannske sést á næstu tímum. En þetta mun vera stefna hæstv. ríkisstj. um eftirlit með verðlagi og ráðstafanir gagnvart svartamarkaðsbraski.

En þó að samkomulag hafi þannig náðst milli hv. stjórnarflokka um þetta frv., vildi ég samt freista þess að bera fram örlitlar brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, og hef ég leyft mér að flytja þær á þskj. 551. — 1. brtt. er við 6. gr. frv., eins og það liggur nú fyrir, en 6. gr. fjallar um það að banna keðjuverzlun yfirleitt og reyna að koma í veg fyrir hana. Það er eldra ákvæði, sem um þetta gilti í fjárhagsráðsl., og sjálfsagt eðlilegt ákvæði. Og keðjuverzlun er eitt af því allra versta og óhapparíkasta í sambandi við verzlunarmálin í landinu yfirleitt. Svo langt sem 6. gr. nær, er hún því góð, og ég hef ekkert við hana að athuga út af fyrir sig. En ég taldi rétt að bera fram brtt. um að bæta við 6. gr. ákvæði snertandi það atriði, sem er einhver allra versta keðjuverzlun, sem þekkist hér á landi. Í brtt. minni við þessa gr. er lagt til, að verðlagsstjóri skuli sérstaklega gæta þess, að álagningu á framleiðsluvörur saumastofa verði stillt í hóf, og sjá um, að ekki verði leyfð álagning nema einu sinni á efni og framleiðsluvörur. Þess munu þekkjast fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi hér á landi, að heildsöluverzlun rekur einnig eða á smásöluverzlun, að annaðhvort slík heildsöluverzlun eða smásöluverzlun rekur síðan saumastofu, aðallega til að sauma kvenkjóla og barna- og unglingaföt, og þar gengur það þannig til, að fyrst kaupir heildverzlunin inn vörur frá útlöndum, þ. e. a. s. efnið til þess að sauma úr það, sem ég nefndi, því næst er sá háttur á hafður, að heildsöluverzlunin selur sinni eigin smásöluverzlun vörurnar með sinni álagningu, því næst selur smásöluverzlunin saumastofunni, sem rekin er af heildsölu- eða smásöluverzluninni, þessar vörur með smásöluálagningu, og því næst er saumað úr vörunum á saumastofunni, og þegar því er lokið, fer varan til heildsöluverzlunarinnar og er þar lögð á hana heildsöluálagning, þegar heildsöluverzlunin selur hana til áður greindrar smásöluverzlunar, og þar er svo lögð á hana smásöluálagning, og loks fá kaupendurnir að kaupa þessar vörur, eftir að þær eru búnar að fara hringferð á milli fjögurra eða fimm aðila, — sem í raun og veru eru sami aðilinn sem atvinnurekandi — og eftir að búið er að leggja á vörurnar eins og ég hef getið hér. Það mun vera kvartað um það, ekki sízt af húsmæðrum, að það sé örðugt að fá nokkuð annað en tilbúnar og rándýrar flíkur utan á börn og unglinga og jafnvel líka utan á kvenfólk og karlmenn. Það er kvartað undan því, að illt sé að fá þessar efnivörur til þess að sauma það, sem annars er kostur að sauma af þessum fötum á heimilunum. Og það er útlit fyrir, að þær ungar húsmæður, sem nú eru að alast upp, eigi þess lítinn eða engan kost, eins og ástatt er í landinu um þessi mál, að spreyta sig á því að sauma utan á börn sín og fjölskyldur yfirleitt, heldur verði þær að kaupa þessi föt utan á börn sín og fjölskyldurnar með þeirri fjór- eða fimmföldu álagningu, sem dæmi eru til, að lagt

er á þessar vörur, eins og ég greindi frá. — Ég tel alveg nauðsynlegt fyrir þann verðlagsstjóra, sem tekur við þessum málum, og fyrir fjárhagsráð, sem á að fjalla og ákvarða um þetta efni, að taka alveg sérstaklega þetta atriði til íhugunar og ákvörðunar, og í því skyni er þessi brtt. á þskj. nr. 551 flutt. Ég vildi mega vænta þess, að jafnvel þótt hv. stjórnarflokkar hafi nú gert samkomulag um afgreiðslu þessa máls, þá vildu þeir athuga, að þessi brtt. mín er vissulega til bóta. Og ég hygg, að ef vonir ættu að standa til þess, að eitthvað af stóru orðunum í grg. frv. fengju staðizt, þá væri m. a. nauðsynlegt að gera ráðstafanir eins og þessar, sem ég fer fram á í þessari brtt. minni.

Tvær síðari brtt., sem ég flyt við frv., eru báðar um sama efni, skipun verðlagsdóms, þar sem ég legg til, að fyrir utan héraðsdómara eigi sæti í þessum dómi tveir meðdómendur, sem séu skipaðir af dómsmrh. eftir tilnefningu á þann hátt, sem að öðru leyti greinir í frv., af þeim launamannasamtökum, sem eiga að tilnefna verðlagsstjóra. — Þær ástæður, sem ég hef fram að færa fyrir þessari brtt. minni, eru þær, að ef aðeins einn meðdómandi er úr hópi neytendasamtakanna, sé það ófullnægjandi, en þar sem ég álít, að þau samtök eigi að hafa sem mest áhrif á uppkvaðningu dóma í þessum málum, þá sé nauðsynlegt og eðlilegt, að meðdómendur séu tveir. Þess er líka að geta, að það er almenn regla í l., þar sem um meðdómendur er að ræða, að þeir séu tveir. Þannig eru bæði í sjódómi og landamerkjadómi tveir meðdómendur, sem kunnáttu hafa, hver á sínu sviði. Í sjódómsmálum hafa þeir þekkingu á skipsstjórn og vélgæzlu, og í landamerkjamálum kunna þeir skil á þeim þrætum, er fella á úrskurð um. Ég vænti þess, að till. mín um tvo meðdómendur verði samþ., bæði vegna þess, að ég tel, að áhrif neytenda eigi að vera sem ríkust, og vegna þess, að ég tel ekki, að ástæða sé til að skapa nýja reglu í þessum efnum. Það mætti segja, að tveir leikmenn, sem ekki kunna skil á l., gætu borið dómarann ofurliði og dómur yrði kveðinn upp, sem ekki ætti stoð í l. Varðandi þetta held ég, að vísa megi til sjódóms og landamerkjadóms. Ég veit ekki til þess, að dómarinn hafi þar verið borinn ofurliði, eða að dómarnir hafi ekki verið byggðir á lögfræðilegum rökum. Auk þess er þess kostur að skjóta hverju máli til hæstaréttar, þar sem eru fimm löglærðir dómarar. Það er þess vegna öryggi fyrir því, að niðurstöður fáist, sem eru í fullu samræmi við l. Ég skil ekki, hvaða hugsun er á bak við það að hafa aðeins einn meðdómanda, nema ef það væri sparnaður. Það er þó ekki frambærileg ástæða, ef færð eru rök fyrir því, að hagsmuna neytenda sé betur gætt með því að hafa tvo meðdómendur. Sparsemdarröksemdin stenzt ekki að mínum dómi. Ég tel sjálfsagt, að dómurinn sé skipaður eins og ég legg til. Það er í samræmi við þá skipan, sem tíðkazt hefur hjá okkur, og neytendur fá með því móti aukin áhrif, en það er hyggilegt, að áhrif þeirra séu sem ríkust.

Síðasta brtt. mín er afleiðing af 2. brtt. Ef ágreiningur verður milli dómara, ræður afl atkvæða úrslitum. Eins og frv. er nú, er dómurinn skipaður héraðsdómara og einum meðdómara, og rísi ágreiningur, sker héraðsdómari úr. Áhrif meðdómara verða þá sáralítil, þar sem formaður ræður öllu. Er þetta enn ein röksemd fyrir því, að frv. verði breytt á þann hátt, sem ég legg til.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég mun fylgja málinu, þar sem ég tel rétt að gera þessa tilraun, en ég hef ekki sérstaklega mikla trú á því, að þessar umbætur séu jafnstórstígar og miklar og gert er ráð fyrir í grg.

Forseti (JR): Komið hefur fram skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. Ég vil leyfa mér að leita afbrigða, svo að taka megi till. til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 571) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Viðskmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. (StJSt) telur, að brtt. sínar á þskj. 551 séu til mikilla bóta fyrir frv. Ég er á annarri skoðun í þessu efni. Að því er snertir brtt. við 11. gr., um skipun dómsins, er ljóst, að skipun dómsins samkvæmt frv. er gerð með það fyrir augum, að neytendur geti fylgzt með því, hvernig þessum málum er skipað, og tekið þátt í ákvörðunum um þau. Ég er að vísu ekki löglærður, en ég get ekki séð, að það sé til bóta, að meðdómendum sé fjölgað.

Að því er snertir brtt. við 6. gr., að verðgæzlustjóri skuli sérstaklega gæta þess, að álagningu á framleiðsluvörur saumastofa sé stillt í hóf, er það að segja, að sá aðili, sem á að ákveða álagninguna, er fjárhagsráð, en verðgæzlustjóri á að sjá um framkvæmdina. Það er því í höndum fjárhagsráðs að ákveða þá álagningu, er það telur sanngjarna, svo að þetta orðalag er algerlega óþarft. Þetta gefur ekki verðgæzlustjóra neitt nýtt vald. Hann á aðeins að sjá um það, að verðlagsákvæðunum sé fylgt. Um, að ekki verði leyfð álagning nema einu sinni á efni og framleiðsluvörur saumastofa, er það að segja, að þetta gæti orðið erfitt, því að saumastofur yrðu þá að vera bæði innflytjendur og smásalar. Ef þetta verður sett í l., hygg ég, að leggja yrði niður flestar saumastofur, því að fæstar þeirra eru svo settar, að þær geti verið bæði innflytjendur og smásalar. Hv. þm. sagði, að mikil svartamarkaðs- og keðjuverzlun væri í sambandi við saumastofur. Ég hef heyrt, að þetta eigi sér stað, en ég hygg, að ekki séu að því mikil brögð, þar sem þeir eru ekki margir, sem standa svo að vígi, að þeir hafi allt í hendi sér, heildverzlun, smásölu og saumastofu. Þó kunna að vera dæmi þessa. Ég er hins vegar sammála því, að nauðsynlegt sé að uppræta alla slíka keðjuverzlun, ef hún á sér stað, því að það er ekki hægt að sætta sig við, að efnið fari úr búðinni í saumastofuna og síðan aftur úr saumastofunni í búðina og að húsmæður hafi af þeim ástæðum

engin tök á því að kaupa efni. Ég er ekki á móti því, að ákvæði séu um það í l. að koma í veg fyrir þetta, en ég er ekki sérstaklega bjartsýnn hvað það snertir, að takmarkinu verði náð með þessum ákvæðum. Ég geri ráð fyrir því, að þetta sé framkvæmdaratriði og að koma mætti í veg fyrir það með aðgangsfrekari aðgerðum. Þegar um vöruþurrð er að ræða, eins og hér er, getur hins vegar ekkert ríkisvald algerlega hindrað svartamarkaðsbrask, og hefur það m. a. sýnt sig í Englandi seinni part stríðsins og eftir stríðið. Englendingar hafa verið í vandræðum með að koma í veg fyrir svartan markað. Sjálfsagt er að gera allt, sem hægt er, en það verður ekki komið í veg fyrir þetta nema með frjálsræði í verzlun og nægilegu framboði á vörum. Frjálsræði í verzlun er undirstaðan. Hömlur og vöruþurrð eru uppspretta svartamarkaðsbrasks, sem allir vilja vera lausir við. Mér virðist því gr., eins og hún er nú, að nokkru leyti óþörf og að öðru leyti varhugaverð. Ég vildi beina því til hv. flm., hvort ekki væri rétt að taka hana til nánari athugunar. Annars geri ég ráð fyrir því, að allir þm. séu með því að koma í veg fyrir slíka verzlunarhætti.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef áður lýst ýtarlega afstöðu minni til þessa máls. Ég sé því ekki ástæðu til þess að hafa um það mörg orð nú, það yrði endurtekning. Ég vildi þó segja nokkur orð í tilefni af till. og ræðu hv. 8. landsk. (StJSt). Hann taldi, að í grg. frv. væru settar fram efasamar fullyrðingar um, að þetta frv. mundi verða að miklu gagni, og hann las upp setningar úr grg. máli sínu til stuðnings. Ég tel þetta byggt á misskilningi, sem þörf er á að leiðrétta. Ég vil þess vegna, með leyfi hæstv. forseta, lesa orðrétt upp úr grg. til þess að benda á, að hér er einkennilega farið með heimildir:

„En til þess að þetta frv., ef að lögum verður, nái tilgangi sínum, þarf auðvitað fyrst og fremst að veita landsmönnum það verzlunarfrelsi, sem þeir hafa verið rændir....“

Enn fremur stendur síðast í grg.:

„Flm. vilja að lokum taka það fram, að takmarkið er ekki fyrst og fremst verðlagseftirlit og þungar refsingar, ef verðlagsbrot eru framin. Takmarkið er svo heilbrigð verzlun, að í henni sjálfri felist nóg trygging fyrir almenning — án þess að ríkið kosti opinbert eftirlit.“

Hv. þm. hefur því alveg snúið við efni grg. Ég held líka, að í þeim ræðum, sem ég hef flutt um málið, hafi ég tvítekið, að vitanlega væru refsingar fyrir verðlagsbrot varnarlína nr. 2. Takmarkið er frjáls verzlun, eins og margtekið er fram í grg. Ef þessi hv. þm. vill styðja hagsmuni almennings í þessum efnum, þá vil ég minna hann á frv. um verzlunarmálin, sem liggur fyrir. Það er varnarlína nr. 1. Þetta liggur ljóst fyrir, og ætti að vera óþarfi að ræða það, þar sem hver þm. hefur lesið það í grg.

Ég skal svo með örfáum orðum minnast á það, sem hv. þm. sagði um svartamarkaðsbrask og keðjuverzlun. Ég vil ekki draga úr þeim lýsingum, sem hv. þm. gaf á því, hvernig þessu er komið. Það stafar fyrst og fremst af ástandinu í verzlunarmálunum og því, hvernig verðlagseftirlitið hefur verið. Það á að vera eitt af hlutverkum verðgæzlustjóra að koma í veg fyrir þá keðjuverzlun og svartamarkaðsálagningu, sem hv. þm. fór mörgum orðum um og fordæmdi réttilega, að mínu áliti. En ég tel brtt. hv. þm. við 6. gr. ekki heppilega. Eins og hæstv. viðskmrh. benti á, hefur verðgæzlustjóri verðgæzluna með höndum, en ekki verðlagninguna, og þess vegna er till. hv. þm. í ósamræmi við efni frv. Þar sem verðgæzlustjóri er kosinn af neytendum, er ekki heldur eðlilegt, að hann ákveði vöruverðið. En eins og ég hef tekið fram, er hann hins vegar ekki háður ríkisstj. eða fjárhagsráði og getur því verið hlutlaus. Ég hef enn fremur bent á það, að ekki væri eðlilegt, að neytendur ættu tvo fulltrúa í verðlagsdómi, því að þá væru tveir skipaðir af öðrum aðilanum. Sá háttur er ekki hafður í sjódómi, að annar aðilinn tilnefni meiri hluta dómsins. Á þetta benti ég við 1. umr. og þarf ekki að endurtaka það. — Ég tel eðlilegast, að gengið verði frá frv. eins og það nú liggur fyrir. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um málið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af aths. þeirra tveggja hæstv. ráðh., er viku að brtt. mínum. Þó að hvorugur þeirra sé í d., þykir mér rétt að minnast örlítið á það, sem þeir sögðu.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að brtt. mínar væru sízt til bóta, en ég heyrði ekki, að hann kæmi með nein rök gegn till. mínum, og sérstaklega ekki gegn till. minni um skipun dómsins. Hins vegar benti hæstv. viðskmrh. á — og hæstv. landbrh. tók undir það —, að það væri hlutverk fjárhagsráðs að verðleggja vörur, en verðgæzlustjóri hefði framkvæmdina með höndum, og væri þess vegna óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að verðgæzlustjóri skyldi sérstaklega gæta þess, að álagningu á framleiðsluvörur saumastofa væri stillt í hóf. Því er til að svara, að þó að það sé rétt, að fjárhagsráð taki heildarákvarðanir um verðlagninguna, hljóta þær að byggjast á upplýsingum og till. frá verðgæzlustjóra. Fjárhagsráðsmenn eiga þess naumast kost að fylgjast með verðinu í einstökum atriðum. Þeir hafa, eins og við vitum, öðrum hnöppum að hneppa, þar sem þeir hafa með höndum stjórn fjárfestingarinnar og yfirumsjón með veitingu gjaldeyrisleyfa. Ég hygg því, að það hafi verið rétt, er ég nefndi verðgæzlustjóra í till. minni, því að þótt fjárhagsráð taki ákvarðanir, eru þær byggðar á till. verðgæzlustjóra. Ég held því, að aðfinnslur hæstv. ráðh. styðjist ekki við fullkomin rök.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að ákvæðin í 1. brtt. væru svo hörð, að búast mætti við því, að margar saumastofur yrðu lagðar niður, því að fæstar þeirra væru svo settar, að þær væru í senn innflytjendur og smásalar. Þessar saumastofur eru fleiri en hæstv. ráðh. vill vera láta. Það er að verða nokkurn veginn algeng regla, að þeir, sem verzla með vefnaðarvöru, verði sér úti um að eignast og reka saumastofu eða að

verða meðeigendur í saumastofu. Þeir geta þá lagt á vöruna, áður en hún fer til saumastofunnar, og framleiðsla saumastofunnar er síðan seld hjá þeim, svo að þeir fá tækifæri til þess að leggja á sömu vöruna tvisvar. Ég held, að ekki mundi þrengja svo að saumastofunum, að þær yrðu lagðar niður, ef till. mín væri samþ., enda þótt þar sé sagt, að álagningu eigi að stilla í hóf. Ég get því ekki fallizt á rök hæstv. ráðh. gegn till. minni.

Ég er sammála hæstv. viðskmrh. um það, að ekkert ríkisvald, að minnsta kosti ekki í lýðræðisríki, hefur mátt til þess að koma í veg fyrir svartamarkaðsbrask, ef vöruþurrð er og kaupgeta, að minnsta kosti nokkurs hluta þjóðarinnar, talsvert mikil. Þess vegna áleit ég nokkuð djúpt tekið í árinni í grg., eins og ég vék að áður. En ég sé því miður ekki, að miklar líkur séu til þess á Íslandi fyrst um sinn, að magn neyzluvara vaxi svo mikið, að komið verði í veg fyrir svartamarkaðsbrask.

Hæstv. landbrh. sagði, að aðalatriðið í frv. væri verzlunarfrelsið, sem þjóðin hefði verið rænd um skeið. En ég sé eigi þau ákvæði í frv., hvorki því, sem upprunalega var flutt á þ., né hinu, er nú liggur hér fyrir, sem sé í þá átt að afnema verzlunarófrelsi, — ekki stafkrók. En það eigum við víst eftir að sjá frekar, þegar við sjáum, hver heildarstefna hæstv. ríkisstj. verður í verðlags- og viðskiptamálum. Er þá eftir að sjá, hversu Alþfl. snýst við þeirri stefnu, sem mörkuð verður á þinginu. Hæstv. landbrh. segir í niðurlagi grg. við frv., að takmarkið sé heilbrigð verzlun. Það er vert að veita athygli orðunum í niðurlagi grg. frv., en þar er eigi stafkrókur um það að greiða fyrir frjálsri verzlun og afnámi verzlunarhafta, og er það nokkuð traustlega hrakið í grg. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef frumvarp þetta verður að lögum og ákvæðum þess sæmilega framfylgt, mundi það gerbreyta til bóta á stuttum tíma“ — takið eftir: gerbreyta og á stuttum tíma — „því ömurlega ástandi, er ríkir í verðlagsmálum Íslendinga á tuttugustu öldinni.“ Hér eru ekki smáir hlutir nefndir. En ég held, að óhætt sé að strika yfir þessi orð.

Að lokum minntist hæstv. landbrh. á till. mína um fjölgun meðdómenda, og að þeir verði tilnefndir af samtökum neytenda. Að vísu er það svo, að í þeim landssamböndum, sem tilnefna í dóminn, eru eigi neytendur einir. Við getum sagt, að þeir séu í Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands að einhverju leyti, Kvenfélagasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna. En það verður nú vafasamt, hvort þeir séu hreinir umboðsmenn fyrir neytendur, þar eð þeir framleiða iðnaðarvörur og vilja selja þær við því verði, sem þeir hljóta bezt. Svo er það Stéttarsamband bænda. *(Rödd:* Allt neytendur!) Neytendur erum við allir á vissan hátt, en með mismunandi áhuga á að fá neyzluvörur sem ódýrastar. Ég veit, að bændur hafa það áhugamál sameiginlegt að fá sem ódýrasta aðflutta vöru. Held ég og, að skoðanir okkar falli þar saman, og er eigi nema gott um það að segja. En þau rök eru hæpin, að landssamtökin sýni einhliða neytendasjónarmið. — Í annan stað hefur hæstv. landbrh. verið þeirrar skoðunar, að meðdómendur ættu að vera tveir. Þá veit ég, að hæstv. ráðh. hefur haft í huga, að þetta sé algild regla. Ég veit, að þar, sem eru fjölskipaðir dómar, sitja þá tveir meðdómendur. Held ég þá, að þetta yrði hið fyrsta dæmi í löggjöfinni, að dómendur væru tveir, en eigi þrír. Ég hygg annars, að hæstv. ráðh. hafi gert sér ljóst, hvað hann átti við, þegar hann sagði, að meðdómendur ættu að vera tveir, hvað sem líður skoðanabreytingu hans og meðferð málsins síðan.

Ég ætla þá ekki að fara fleiri orðum um frv. þetta, en vænti skilnings hv. þdm. á brtt. mínum. Annars mun ég greiða atkv. með frv., en held þó, að það velti eigi veröldum í svartamarkaðsmálunum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mig langar til að bera fram brtt. við frv. Ein þeirra breytinga, sem ráðgert er, að verði á framkvæmd verðlagseftirlitsins, er sú að skipta um nafn á þeim embættismanni, sem kallaður hefur verið verðlagsstjóri, og á hann nú að heita verðgæzlustjóri. En mér finnst þessi breyting óeðlileg. Með samþykkt frv. á eigi að verða breyting á verksviði eða skyldum þessa embættismanns. Verksvið hans á að vera eins og það hefur verið. Skyldur hans eiga ekki að breytast neitt. Hið eina, er breytist, er það, hversu skipað verði í þetta embætti. Verðlagsstjórinn er núna skipaður af ríkisstj., en skv. þessu frv. á hann að vera skipaður eins og segir í 2. gr., þ. e.: Ýmis félagasamtök eiga að tilnefna hann. Ég hef ekkert á móti því, að gerðar séu till. um breytingu á skipun þessa embættismanns. En mér finnst það ekki geta réttlætt breytingu á embættisheiti hans, nema það megi teljast óviðunandi. En ég sé eigi, að heitið geti talizt óviðunandi, úr því að það gat staðið í l. 1943 í upphafi, og sé ég því ekki, að breytingin geti réttlætt nýja heitið. Þegar breytt er um heiti embættismanns, þá gefur það til kynna, að verksvið hans sé að breytast. Þar liggur villan. Mér finnst þess því gæta hér nokkuð, að frv. vilji láta meira yfir sér en efni standa til, og er ég þar sammála hv. 8. landsk. Hef ég enga trú á því, að frv. marki nokkur tímamót. Einstök ákvæði eru þó til bóta, svo sem um verðlagsdóm, og mun ég greiða atkv. með frv. En ég tek undir með hv. 8. landsk., að ég hef enga trú á, að af frv. hljótist þær endurbætur, er hæstv. ríkisstj. virðist gera sér vonir um.

Þessa skriflegu brtt. leyfi ég mér svo að afhenda hæstv. forseta og óska þess, að afbrigða verði leitað.

Forseti (JR): Mér hefur borizt svofelld skrifleg brtt. frá hv. 3. landsk. (GÞG): „Í stað orðsins „verðgæzlustjóri“ hvarvetna í frv. komi: verðlagsstjóri.“ Brtt. er bæði skrifleg og of seint fram komin, svo að tvöfaldra afbrigða þarf með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 572) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Það er út af brtt. frá hv. 3. landsk. Ég held, að hér sé um misskilning að ræða. Var um þetta rætt við 1. umr., að engin breyting sé gerð á hlutverki verðlagsstjóra. Sannleikurinn er sá, að með þeirri breyt. á l., sem gerð var í Ed., þá er stórum dregið úr því tillöguvaldi, sem verðlagsstjóri hefur nú. Eins og frv. var lagt fram fyrst, þá er gengið út frá því í 3. gr., sem byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett." Þetta hefur verið fellt burt. M. ö. o., ætlun hv. flm. var að halda ákvæðum um vald verðlagsstjóra, nefnilega að hann skyldi rannsaka verðlagsmyndunina í landinu og gera tillögur um, hver verðlagsákvæði skyldu sett. Þetta var nokkurt vald í höndum verðlagsstjóra, sem skipaður væri af neytendasamtökum. Verðlagsstjóri, sem slíkt vald hefði, var embættismaður, sem e. t. v. gat gert eitthvað í þessu. Ef verðlagsstjóri hefði því haft hið gamla vald, þá hefði það haft þýðingu, því að það var hugsanlegt tiltölulega, að maður skipaður skv. 2. gr. vildi gera eitthvað verulega í því að hafa eftirlit. Hins vegar varð samkomulag um það með stjórnarflokkunum í Ed. að fella þetta vald burt. Hann hefur eigi lengur tillögurétt til fjárhagsráðs, og því hafa stjórnarflokkarnir breytt nafni hans í verðgæzlustjóra. Það er verið að rýra vald, til þess að hann verði ekki hættulegur, og er hann þess vegna gerður að verðgæzlustjóra eingöngu. Þetta er ákaflega táknrænt atriði um framgang málsins, hvergi þó eins og í byrjun 4. gr., sem hljóðar svo í upphaflega frv., að fjárhagsráð skuli að fengnum tillögum verðlagsstjóra ákveða o. s. frv., en nú er það aðeins, að fjárhagsráð skuli ákveða o. s. frv. Ég minntist á þetta við 1. umr. málsins, en hæstv. landbrh. vitnaði í 9. gr. og sagði, að vald hans væri tryggt. Ég vildi þó draga það í efa og sagði, að bezt væri að ganga úr skugga um, að hann hefði leyfi til athugunar, og flyt ég aftur brtt. þess efnis, að verðgæzlustjóra sé skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar till. til fjárhagsráðs. Ég held því, að þá yrði eigi þýðingarlaus þessi breyting á nafninu. Stjórnarflokkarnir eru að draga úr valdi verðlagsstjóra og vildu því breyta nafninu á honum. Hins vegar flyzt nú valdið til að verðleggja yfir á fjárhagsráð, sem er miðstöðin fyrir makkið. Þar koma stjórnarflokkarnir sér saman um að slaka til og samræma hagsmuni valdaklíknanna. Hafa þeir því hugsað sér, að verðlagsstjóri hefði of mikið vald og gæti orðið óþægur ljár í þúfu gagni olíuhringanna. Þessi breyting á frv. er í fullu samræmi við að gera það að „húmbúgi". Ég held því, að eigi að vinna að þessu með hv. 3. landsk., en það er gott að breyta þessu orði, þá eigi að gefa verðlagsstjóra það vald, sem hann hafði upprunalega. Það má prófa það við þessa umr., og má þá gera það síðar að bæta við þetta vald.

Annars vil ég eigi orðlengja um frv. Verður skorið úr því við atkvgr., hvort hægt muni vera að koma fram breyt. — Mér finnst óviðkunnanlegt að taka III. kaflann út úr l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit. Er þar allt um skyldur fjárhagsráðs, og er þetta á vissan hátt óviðkunnanlegt, en þarf eigi að varða miklu. Sannleikurinn er sá um 4. gr. frv., að hún ætti að vera í fjárhagsráðsl. sjálfum, II. kaflanum, sem fjallar um verðlag.

Þetta vildi ég m. ö. o. segja út af þessari brtt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Í tilefni ræðu hv. 2. þm. Reykv. langar mig til að segja nokkur orð. Ákvæði gildandi l. um verðlagsstjóra eru í 16. gr. l. nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum fjárhagsráðs, verðlagsstjóra, sem gerir tillögur til innflutnings- og gjaldeyrisdeildar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með, að þeim sé hlýtt. Hann skipar trúnaðarmenn um land allt til verðlagseftirlits. Hann hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker innflutnings- og gjaldeyrisdeild úr.

Þeir, sem með verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu."

Hliðstæð ákvæði eru í 3. gr. þessa frv. Ég hef litið svo á, að þrátt fyrir breytt orðalag þá hafi það eigi verið tilætlun hæstv. ríkisstj. að gera efnisbreytingar, því þótt það sé eigi tekið fram í 3. gr., liggur það í augum uppi, að verðlagsstjóri geti gert tillögur um verðlag. Meginhlutverk hans og skylda hlýtur að vera að gera tillögur um verðlagsákvæði. Ég starfaði nokkuð á þessu sviði fyrir nokkrum árum og er nokkuð kunnugur starfsháttum þar. Ég hef leyft mér að treysta því, að engar breytingar eigi að verða á starfsháttum, þótt frv. verði samþ., og verðlagsstjóri líti á það sem skyldu sína að fylgjast með verðlagi í landinu og gera tillögur um breytingar á því o. fl. Ef í ljós kæmi, að það væri tilætlun hæstv. ríkisstj. að draga úr valdi verðlagsstjóra, þá er ég sammála hv. 2. þm. Reykv., að það væri spor til hins verra, já, mjög til hins verra. — Það er leiðinlegt, að enginn hæstv. ráðh. skuli vera viðstaddur umr., því að ég vildi gjarnan að það kæmi skýrt fram, hver væri tilgangur hæstv. ríkisstj. með hinum breyttu ákvæðum um hlutverk verðgæzlustjóra. Ef hæstv. ríkisstj. telur, að breytt orðalag muni hafa í för með sér einhverja breytingu á störfum hans, þannig að dregið verði úr tillögurétti hans, þá tel ég þá breytingu munu verða til hins verra.

Einar Olgeirsson: Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. verðskuldar það traust, sem kom fram

hjá hv. 3. landsk. og hann virðist bera til hennar. Þegar athugað er frv., eins og það var í upphafi og hvernig því hefur nú verið breytt, finnst mér það vera alveg augljóst, að einhver tilgangur hafi verið með þeim breyt. Þegar landbrh. var spurður um það við 1. umr. málsins hér í d., fór hann bara undan í flæmingi, en 1. og 2. mgr. 3. gr. frv. voru upphaflega svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, álagningu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðlagsstjóri gert, hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð krafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir."

Þessar tvær málsgr. hafa nú verið felldar niður, en í stað þeirra stendur nú í byrjun 3. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Verðgæzlustjóri skal hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðum fjárhagsráðs sé hlýtt.

Hann annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið."

Hann getur með öðrum orðum vakið eftirtekt á því, ef sama vara er seld með mismunandi verði, en valdið til þess að undirbúa tillögur um verðlag til fjárhagsráðs og valdið til þess að rannsaka verðlagspóstana í landinu, sem hefur verið hjá verðlagsstjóra, þetta vald er nú tekið af honum. Hitt er að vísu rétt, að fjárhagsráð getur falið honum þetta vald eftir 5. gr. frv.

Þá er það 4. gr. Upphaflega var hún svona: „Fjárhagsráð skal að fengnum tillögum verðlagsstjóra ákveða hámarksverð á hvers konar vörur og verðmæti...." En nú er það: „Fjárhagsráð skal", en svo er sleppt: „að fengnum tillögum verðlagsstjóra," en síðan er greinin eins og áður. Þetta hlýtur að vera gert af ráðnum hug og í þeim tilgangi að draga úr tillöguvaldi hans um verðlagningu. Hæstv. landbrh. vildi benda á það, að 9. gr., sem kemur í stað 10. gr. eins og frv. var í upphafi, gæti náð sama tilgangi, því að fjárhagsráð mundi aldrei þora að gefa á sér höggstað vegna hennar. En þetta er ekki byggt á réttum forsendum, því að á verðgæzlustjóra hvílir sérstök þagnarskylda sem embættismanni, og varðar við hegningarlög, ef hann brýtur hana, svo að hann getur ekki birt þær upplýsingar og skýrslur, sem hann kann að hafa aflað.

Þá hefur breyting einnig verið gerð á 5. gr., en hún hljóðaði svo í upphafi, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið verðlagsstjóra í hendur vald til þess að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr." Þessari gr. hefur nú verið breytt, en þetta er einmitt gr., sem gefur verðlagsstjóra mikið vald um verðlagsákvarðanir, ef hún hefði verið óbreytt, en nú er gr. svohljóðandi: „Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið ákveðnum trúnaðarmanni sínum í hendur vald til þess að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 4. gr." Þá væri vitanlega hugsanlegt að fela verðgæzlustjóra þetta vald, en það hefur bara hvergi komið fram, að slíkt sé tilgangurinn, enda var þá breyt. óþörf, og ég hef ekki fengið það upplýst, að hve miklu leyti hefur verið hugsað að fela honum þetta vald. Það gæti alveg eins verið, að fjárhagsráð ætli sér að fela einum af meðlimum sínum að gera þetta. Það er hugsanlegt, að þarna kæmi bara upp nýtt embætti, kannske tveggja manna, en um þetta hafa engar upplýsingar fengizt. Það væri því mjög æskilegt, ef hæstv. ríkisstj. vildi upplýsa, hver fyrirætlun hennar er í þessu máli, svo að maður þurfi ekki að vera með neinar efasemdir um það eða skilja það á tvennan hátt.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, af því að þeir hæstv. ráðh., sem aðallega hafa svarað fyrir þetta frv., eru ekki viðstaddir, en það er eingöngu út af þeim atriðum, sem síðast hafa verið rædd af tveim síðustu ræðumönnum, og virðast mér bollaleggingar þeirra raunar vera óþarfar, því að það liggur greinilega fyrir fyrst og fremst, að verðlagningarvaldið skuli vera í höndum fjárhagsráðs, og þarf því ekki að ræða það sérstaklega. Hitt er, að því er mér virðist, alveg ljóst, að eitt af meginhlutverkum verðgæzlustjóra er að safna skýrslum um verðlag í landinu, og auðvitað er það þá skylda hans að leggja þær skýrslur og tillögur sínar fyrir fjárhagsráð, og það er ljóst, þar sem hann er kosinn af félagssamtökum neytenda í landinu, að þá er hann að bregðast umboði sínu, ef hann gerir þetta ekki. Honum ber að leggja gögn og skýrslur og gera tillögur til fjárhagsráðs. Virðist því, að þessi atriði séu á þann veg, að ekki orki tvímælis um, hvernig framkvæma eigi.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða málið frekar nú. Það hefur þegar verið ýtarlega rætt við 1. og 2. umr. og enn er 3. umr. eftir og er því hægt að leggja fram aths. við það, ef þurfa þykir, áður en það verður afgreitt frá d. Ég býst ekki við því, að atkvgr. fari fram núna, þó að ósk ríkisstj. sé, að það verði afgreitt eins fljótt og kostur er á, en bæði er það, að skrifl. brtt., fleiri en ein, hafa borizt, og þyrftu hv. þm. að kynna sér þær áður, og auk þess er d. þannig skipuð, að hæpið er, að hún geti talizt ályktunarhæf.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Ég hefði nú raunar getað fallið frá orði, eftir að hæstv. forsrh. hefur talað, því að það, sem kom mér nú til þess að kveðja mér hljóðs, var að fá úr því skorið, hvern skilning ætti að leggja í starfssvið verðgæzlustjóra. Ég hafði haldið, að það væri líkt og starfssvið verðlagsstjóra áður, eins og hv. 3. landsk. þm. líka hélt fram, en hv. 2. þm. Reykv. dró það mjög í efa, að svo væri. En nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir, að það leiði af sjálfu sér að safna skýrslum um verðlag og gera tillögur til fjárhagsráðs, eins og verið hefur, en ég hefði talið það vera afturför, ef rýra hefði átt tillögurétt verðlagsstjóra með þessu frv. En ég sætti mig við skýringu hæstv. forsrh. og tel með því fengna fulla skýringu á þessu vafaatriði.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir vænt um yfirlýsingu hæstv. forsrh. og álít, að rétt sé að gera ráðstafanir til þess að tryggja, að það verði ekki í höndum þeirra, sem síðar eiga að fjalla um þessi mál, dregið úr þeim skilningi, sem hæstv. forsrh. leggur í þessi atriði. En fyrst nú verðgæzlustjóri á að halda því valdi, sem verðlagsstjóri hefur haft, þá held ég, að það sé rétt að breyta 3. gr. þannig, að framan við hana komi þær tvær setningar, sem upphaflega voru þar og eru í fullu samræmi við þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. hefur nú gefið. Ég vil því leyfa mér að bera fram svohljóðandi brtt. við 3. gr., að framan við gr. komi tvær málsgr., svohljóðandi:

„Verðlagsstjóra er skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu og hver verðlagsákvæði skuli þar um sett.

Tillögur þessar getur verðlagsstjóri gert, hvenær sem hann telur þess þörf, enda getur fjárhagsráð krafið hann um slíkar tillögur, eftir því sem þurfa þykir."

Þetta er orðrétt eins og frv. var í upphafi, og ef það er meiningin, að það vald, sem verðlagsstjóri hefur haft, haldist áfram sem réttur og skylda verðgæzlustjóra, þá er rétt, að það standi áfram í gr. — Ég vil svo biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt. minni.

Forseti (JR): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Reykv., og hefur hann þegar lýst henni. Þar sem brtt. er bæði skrifleg og of seint fram komin, þarf tvöföld afbrigði, til þess að hún megi takast fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 573) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þótti vænt um yfirlýsingu hæstv. forsrh. varðandi skilning hans á því atriði frv., sem snertir verksvið verðgæzlustjóra, og vænti ég þess, að það sé einnig skilningur hæstv. ríkisstjórnar.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki heyrt orð mín áðan, og þess vegna skal ég endurtaka þau í stuttu máli, en þau hnigu að því, að vegna þess að ég held, að óhætt sé að skilja frv. þannig, að þar sé ekki um breyt. að ræða á verksviði þessa embættismanns, þá álít ég, að það sé óheppilegt að vera að breyta embættisheiti hans einungis vegna þess, að embættið verður skipað með öðrum hætti en verið hefur, því að það gæti valdið misskilningi. Vil ég því leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. geti fallizt á brtt. mína um, að heiti hans verði óbreytt frá því, sem nú er.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. þm. leggi ekki meira í ummæli mín en rétt er. Ég tók það fram, að verðgæzlustjóri hefði fullan rétt til þess að bera fram till. um verðlagningu á vörum í landinu, en það er hvergi tekið fram, að það sé sérstök skylda hans.

Um hitt atriðið vil ég taka fram, að ég tel það eðlilegra vegna starfssviðs þessa embættismanns, að hann sé nefndur verðgæzlustjóri, en ekki verðlagsstjóri, því að verðlagsákvörðunin er ekki í höndum hans, heldur er hún í höndum fjárhagsráðs, sem hann getur lagt fyrir skýrslur sínar og tillögur um verðlag. Sé ég því ekki ástæðu til þess að amast við því, þó að þessu nafni sé breytt, ef það þykir betur á því fara. Ef hann hefði haft verðlagsákvörðunarvald, þá var eðlilegt, að hann hefði heitið áfram verðlagsstjóri, þá er heitið gott, en ekki eins og starfssvið hans er. Þetta er það, sem ég vildi taka fram, og er í samræmi við mína skoðun á málinu og það, sem ég sagði áðan.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. forsrh. Ég vil benda á það, að undanfarin 6 ár hefur þessi embættismaður heitið verðlagsstjóri, þó að hann hafi ekki verðlagsákvörðunarvald, og hefur það ekki sætt neinni gagnrýni fram til þessa. Nú er einnig fengin staðfesting á því, að starf hans eigi áfram að vera það að safna skýrslum og gera till. til fjárhagsráðs um verðlag í landinu, og er þá óþarfi að skipta um nafn. Ég hef í sjálfu sér ekkert að athuga við orðið verðgæzlustjóri og hefði vel getað sætt mig við það, ef það hefði verið frá upphafi, en mér finnst það óeðlilegt að vera að breyta nafni hans nú, því að það mætti óneitanlega skilja svo sem einhver breyting hefði átt sér stað, sem verulegu máli skipti, en slíkt held ég að sé ekki meiningin með þessu frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Jónas Rafnar): Það hafa komið fram margar brtt. við frv., og vil ég f. h. allshn. fara fram á það við flm. till., hvort þeir vilji ekki taka þær aftur til 3. umr., og munu þær þá verða teknar til athugunar í n. á milli umr.

Forseti (SB): Brtt. á þskj. 551, 571, 572 og 573 hafa verið teknar aftur til 3. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég vil taka fram vegna óska hv. þm. Ak., að æskilegt væri, að n. hraðaði störfum sínum sem mest, og væri gott, ef hæstv. forseti sæi sér fært að taka málið á dagskrá aftur á morgun.

Frsm. (Jónas Rafnar): Það er búið að ákveða fund í n. á morgun, svo að hægt ætti að vera að taka málið fyrir á miðvikudag.

ATKVGR.

Brtt. 551, 571, 572 og 573 teknar aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég sé, að hv. frsm. er ekki mættur hér, og vil ég þá aðeins fara nokkrum orðum um málið, sakir þeirra brtt., sem fyrir liggja og ekki hefur verið tekin ákvörðun um. N. hélt fund í morgun og ræddi þessar brtt., og meiri hl. hennar þótti brtt. ekki það mikilvægar, að ástæða væri til að hrekja málið milli deilda fyrir þær. Ég mun aðeins vikja lítils háttar að hverri einstakri brtt.

Brtt. á þskj. 572 er um það að breyta til um heiti embættismanns, að fyrir orðið „verðgæzlustjóri" komi: verðlagsstjóri. Það má vel vera, að vel fari á því, en þetta er svo smávægilegt atriði, að ekki virðist ástæða til að fara að hrekja málið á milli d. vegna þessarar breyt. — Þá er brtt. á þskj. 571, sem er frá hv. 2. þm. Reykv. Hún er við 1. gr., að við hana bætist, að verðgæzlustjóri skuli enn fremur skipaður til að koma í veg fyrir svartan markað, gjaldeyrisbrask, óleyfilegan vöruinnflutning og vörusölu í landinu. N. álítur, að það heyri beint undir þennan mann og sé í hans verkahring að hafa eftirlit með þessu öllu og miklu fleiru slíku og þess vegna þurfi ekki að telja það upp, hvað honum beri að gera. Hann á að vera á verði um þetta og margt fleira til að halda uppi heilbrigðum háttum í þessum málum, enda gæti líka vel komið fyrir, að manni sæist yfir, ef tína ætti upp allt, sem hans verksviði tilheyrir. — Önnur brtt. hv. 2. þm. Reykv., sem er á þskj. 573, lýtur einnig að starfi þessa embættismanns og er um það, að honum sé skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu o. s. frv. Þetta heyrir einnig honum til og fjárhagsráði, sem á að vera á verði með honum um allt slíkt, og er þess vegna ekki nauðsyn á að tiltaka þetta neitt sérstaklega, þó að segja mætti, að engu væri spillt, þótt þetta væri samþ. Hvað efni og meðferð málsins snertir og framkvæmd þess, þá ætti ekki að vera þörf á að taka slíkt fram.

Þá eru hér brtt. á þskj. 551 frá hv. 8. landsk. þm. (StJSt). Um 1. brtt. er það að segja, að það atriði, sem hún fjallar um, felst í 4. gr. frv., eins og það er nú. Í henni er drepið á ýmislegt fleira, og má um það segja, að þessum starfsmanni beri að vera á verði um það, að ekki sé tekið meira en nauðsyn ber til af fólkinu. Ef ætti sérstaklega að taka slíkt fram um eitthvað, þá væru mörg fleiri atriði en saumaskapur, sem kæmu til greina. Ég ætla, að ekki sé nein sérstök nauðsyn til að taka þetta fram, þar sem líka það er beint tekið fram í 4. gr. frv. sjálfs, að það skuli gert, sem þessi brtt. fjallar um. — Um 2. brtt. er það að segja, að meiri hl. n. gat ekki fallizt á efni hennar og lítur þar öðruvísi á en hv. flm., en brtt. er um breyt. á efni frv. Sama er að segja um 3. brtt. á þessu þskj.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta efni. Þess er að vænta, að frv. fari að fá afgreiðslu. Eftir því sem mér hefur skilizt, er það víst þægilegra, að þessi l. komi nú fljótlega til framkvæmda.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. hefur nú fyrir hönd meiri hl. allshn. gert grein fyrir áliti n. á þeim brtt., sem fyrir liggja, og m. a. þeim, sem ég flyt. Það vill svo undarlega til hjá hv. þm., að hann færir það aðallega fram gegn þessum till., að hann sé samþykkur þeim og þær séu svo sjálfsagðar, að ekki þurfi að taka efni þeirra fram í l. Og finnst mér það harla einkennilegt, ef farið er að líta svo á hér við lagatúlkun, að l. séu of skýr. Það hefur komið fram á Alþ., að ríkisstj. hefur þurft að gefa út brbl. til að skýra l., sem hefur verið búið að samþ. Og með allri virðingu fyrir okkur, sem hér sitjum, þá hygg ég, að það væri ekki nema gott, að l. væru svo skýr, að enginn vafi gæti leikið á um það, hvað þau meintu. Ég held þess vegna, að með tilliti til dómaranna, sem eiga að dæma eftir l., og með tilliti til ríkisstj., sem á að ákveða verkaskiptinguna eftir l., þá sé betra, að l. séu svo skýr, að ekki verði um það villzt, hvað þau meini, svo að ekki verði farið að hártoga þau á eftir. Ég hygg því, að betra verði upp á framkvæmd l., ef hv. 1. þm. Árn. vill láta framkvæma þau í þeim anda, sem hann talaði um áðan, að samþ. mínar till. heldur en að fella þær.

Brtt. á þskj. 571 er um það, að verksvið verðgæzlustjóra verði einnig að koma í veg fyrir svartan markað, gjaldeyrisbrask, óleyfilegan vöruinnflutning og vörusölu í landinu. Það sama álit, sem kom fram hjá hv. þm. Árn., kom einnig fram hjá hæstv. landbrh., þegar hann talaði við 1. umr. málsins. Ég vil taka það fram, að þetta er mjög þýðingarmikið atriði. Sá verðlagsdómstóll, sem settur er með II. kafla l., á að dæma fyrir brot á þessum l., og þessi dómstóll er skipaður með nokkuð sérstökum hætti, og samtök fólksins í landinu fá á vissan hátt að fylgjast með dómum hans, og meira að segja, þótt ekki eigi að skipa dóminn nema eftir öðrum kafla, sem ég tel galla, þá er hann samt sem áður mjög frábrugðinn öðrum dómstólum í landinu, vegna þess að hann er dálítið í átt við kviðdóm og undir áhrifum fólksins beint, en ekki hreinn embættismannadómstóll. Ef mín brtt. er samþ., sem hv. 1. þm. Árn. og líklega öll n. er sammála um, að eigi rétt á sér, þá mundi það heyra undir verðgæzlustjóra og verðlagsdómstól að sporna gegn svörtum markaði, gjaldeyrisbraski, óleyfilegum vöruinnflutningi og vörusölu í landinu. Það gæti með öðrum orðum þýtt það, að mál, sem ríkisstj. er interessuð í að kæfa og sjá um, að ekki sé farið að rannsaka — og hún hefur valdið yfir dómstólunum og getur gert slíkt og ekki sízt, þegar ákæruvaldið er í hendi dómsmrh. —, að þau yrðu tekin upp fyrir verðlagsdómstóli, þ. e. a. s. fólkið í landinu hefur að vissu leyti þarna aðstöðu til þess að taka þessi mál upp og fá þau rannsökuð. Þess vegna mundi það vera nokkurt öryggi í baráttunni móti því gífurlega vörusmygli, sem hér á sér stað og ríkisstj. veit um, þegir yfir og lætur ekki rann-

saka, ásamt því gjaldeyrisbraski og þeim tollsvikum og þeim óleyfilega innflutningi, sem framinn er með vitund ríkisstj. og vilja. Fólkið í landinu, sem er óánægt yfir þessu ástandi, gæti fengið málin tekin upp, ef till. mín er samþ., og það mundi draga úr þeirri pólitísku spillingu, sem hér á sér stað nú í sambandi við þessi mál, og um leið mundi það skapa almenningi meira öryggi. Hv. 1. þm. Árn. segir, að þetta sé meiningin eins og 1. gr. frv. sé orðuð. Ekki liggur nein yfirlýsing fyrir frá hæstv. dómsmrh. um slíkt. Ég gæti trúað því, ef verðgæzlustjóri ætlaði að fara að skipta sér af óleyfilegri vörusölu og svörtum markaði og öðru slíku og ætlaði að rannsaka það til fullrar hlítar, að þá yrði sagt við hann á ákveðnu stigi málsins: Þetta er mál, sem eftir þessum l. kemur þér ekki við, heldur heyrir það undir hina almennu dómstóla. — Og hjá þeim almennu dómstólum yrði það kæft niður. Sé það þess vegna meiningin, að hér sé meirihlutavilji fyrir því, að efni þessarar till. heyri undir þennan verðlagsdómstól, þá er nauðsynlegt að bæta þessu inn í frv. Ef það verður ekki gert, þá er ég hræddur um, að það eigi eftir að sýna sig, að framkvæmd þessara l. verði tómt „humbug". Og ef til vill er það einmitt það, sem samið hefur verið um milli stjórnarflokkanna, að með afgreiðslu þessa máls eigi það að verða tómt „humbug", en hins vegar eigi svo að hafa fögur orð um, að þetta felist í l. Svo þegar stjórnarvöldin eiga að fara að túlka l., þá býst ég við, að Framsfl. þvoi sínar hendur og segi, að framkvæmd l. heyri undir ráðh. Sjálfstfl. Ég er þess vegna ákaflega hræddur um það, sé Framsfl. einhver alvara með að ganga vel frá þessum málum, að þá mundi hann binda þetta fastar í l., eða eins og hér er lagt til. Það er því alveg fráleitt að fella þessa brtt. á þskj. 571 með þeim forsendum, að þetta heyri undir l. Fyrst og fremst vegna þess, að það hefur aldrei þótt of skýrt að orði kveðið, hvað heyrði undir l. og hvað þau meintu, og í öðru lagi vegna þess, að eigi l. að koma að verulegu gagni, þá þarf að bæta þessu í frv.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 573, sem er við 3. gr. frv. Hv. 1. þm. Árn. sagði, að ekki væri nauðsynlegt að tiltaka þetta sérstaklega, sem brtt. fjallar um, vegna þess að það heyri undir l., að verðgæzlustjóra sé skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar tillögur til fjárhagsráðs um verðlag í landinu. Mér þykir dálítið vænt um að fá þessa yfirlýsingu frá hv. þm., að efni þessarar till. felist í frv. Þegar verið var að ræða þetta mál hér nú fyrir nokkru, þá gaf sjálfur forsrh. yfirlýsingu um, hvað ætti að heyra undir þessi l. Þegar ég bar fram þessa brtt., endurtók hæstv. forsrh. yfirlýsingu sína, og það var alveg greinilegt, að hann meinti það, að verðgæzlustjóri ætti rétt á að senda svona till. Ég held nú satt að segja, að það sé ekki neinum manni bannað að gera till. um verðlag til fjárhagsráðs og sízt af öllu verðgæzlustjóra. Hitt er svo aftur á móti allt annað, að leggja þá skyldu á herðar verðgæzlustjóra — eins og ég vil, að gert sé með þessari brtt. —, að senda slíkar till. til fjárhagsráðs. Það þýðir m. ö o., að hann sem embættismaður ríkisins er skyldaður til að gera þessa hluti, og það þýðir það, að fjárhagsráð byggir á hans till. fyrst og fremst. Nú lýsti hv. 1. þm. Árn. því yfir, að hann sé sammála þessari till. minni og þar með því, að hann sé því sammála, að verðgæzlustjóra skuli vera skylt að gera þetta. En mér virtist hæstv. forsrh. vera að draga úr því, hann vill bara gefa honum þennan rétt, en ekki leggja þessa skyldu á herðar hans. Hv. 1. þm. Árn. vill láta fella brtt., vegna þess að ekki sé nauðsynlegt að samþ. hana, því að þetta heyri að sjálfsögðu undir verðgæzlustjóra. Nú er það svo, að þessar tvær setningar, sem ég hef gert till. um, að bætt yrði við 3. gr., eru orðréttar og breytingalaust teknar upp úr þessu frv., eins og það var borið fram af hv. þm. Str. og hv. þm. S-Þ. í Ed. Þá byrjar 3. gr. á þessum tveimur setningum. Þær voru svo felldar burt í Ed., líklega samkvæmt samningi stjórnarflokkanna. Og enn fremur stóð í 4. gr. upprunalega frv.: „Fjárhagsráð skal að fengnum till. verðgæzlustjóra ákveða hámarksverð" o. s. frv. — Með öðrum orðum, í Ed. virðist hafa orðið samkomulag um að fella niður einmitt það, að verðgæzlustjóra væri skylt að gera ýtarlegar og rökstuddar till. um þetta og að fjárhagsráð skyldi að því búnu taka sínar ákvarðanir. Nú vildi ég spyrja hv. 1. þm. Árn., hvort það hafi verið samkomulag milli Framsfl. og Sjálfstfl. í hv. Ed., þegar svona var breytt um, að enda þótt þetta ákvæði félli burt, skyldu l. skiljast svona eftir sem áður, eins og þetta hefði ekki fallið burt, og hvort það hefði verið gert til hægðarauka dómurum, sem dæma eiga eftir l., eða hvort það eigi að kveða upp dóma eingöngu eftir því, hvað menn segja hér í Alþ. um l., þegar þau eru til meðferðar, — og þegar umræðurnar koma ekki út fyrr en tveimur árum eftir að þær eru fluttar á Alþ., hvort þá eigi að dæma eftir lagabókstafnum fyrst í tvö ár og aftur eftir umr. á Alþ., þegar þær hafa verið prentaðar, eða eftir l. í undirrétti og svo eftir umr. á Alþ. í hæstarétti. Ég skýt því til hv. 1. þm. Árn., hvort honum finnist ekki réttara líka eftir reynslu, sem Framsfl. hefur af Sjálfstfl., að ef samkomulag er um það, að þetta lagaákvæði eigi að skiljast sem inni í 3. gr. frv., hvort það væri ekki betra, svona til fullnaðarvissu, að skjóta þessu inn í. Ég er ekki hræddur um, að hv. Ed. færi að breyta þessu aftur, þó að þetta væri sent til hennar. Ég held hins vegar, að það hafi vakað fyrir flm. þessa máls í upphafi, að það væri nauðsynlegt að hafa þetta inni í frv., og ég held, að sú nauðsyn sé til staðar enn. Þess vegna vil ég nú eindregið mælast til þess, vegna þess að ég heyri, að hv. 1. þm. Árn. er samþykkur efni þessara brtt., sem ég flyt, að hann treysti ekki allt of mikið á framkvæmd Sjálfstfl. á þessum málum, þó að nú sé ástrík samvinna þarna á milli, og á skilning dómstólanna í landinu á hans ummælum um þetta mál í Nd. Alþ., heldur geri lögin þannig úr garði, samkvæmt sammála till. hv. þm. Str., hv. þm. S-Þ. og mínum, að það geti enginn maður efazt um í þessu efni, hvað eigi að gera.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Mér datt aðeins í hug, þegar hv. form. allshn. óskaði eftir, að brtt., sem fyrir lágu við 2. umr. við þetta frv., yrðu teknar aftur til 3. umr., svo að allshn. gæfist kostur á að athuga þær, að nú mundu stjórnarflokkarnir taka það til nýrrar yfirvegunar, hvort ekki væri rétt að betrumbæta þetta meistaraverk, sem hér liggur nú fyrir hv. þd. En sú von varð að engu, samkv. því sem komið hefur fram í ræðu hv. 1. þm. Árn. Út af orðum hans í sambandi við brtt. mínar á þskj. 551 vil ég það eitt segja, að engin rök komu þar fram gegn brtt., heldur virtist mér nánast eftir hans ræðu, að nú væri þetta frv. orðið svo ágætt, að ástæðulaust væri nú að betrumbæta það og bezt væri nú að ljúka þessu máli óbreyttu sem allra fyrst. Í sjálfu sér hafði hann ekki neitt að mæla gegn sumum þeim till., sem hann minntist á, en taldi þó ákvæðin, sem í þeim felast, að mörgu leyti felast í frv., eins og það er.

Varðandi 1. brtt. mína á þskj. 551 sagði hv. 1. þm. Árn., að í 4. gr. frv. væri í raun og veru að finna svipuð ákvæði eða a. m. k. ákvæði, sem gætu leitt til líkrar niðurstöðu og ætlað er að ná með brtt. minni á þskj. 551. En þetta er ekki rétt. Það, sem vakti fyrir mér og ég skýrði við 2. umr., var það, að ég vildi víkka nokkuð út hugtakið keðjuverzlun, sem að vissu leyti er bönnuð í 6. gr. frv., en þó með ákveðnum skýringum á þann veg, að það eitt er þar talin keðjuverzlun, sem bönnuð er, sem þar er upp talið. Mér fannst nokkuð á það skorta, að þessi ákvæði 6. gr. næðu nægilega til vissrar tegundar keðjuverzlunar, sem hefur gert það að verkum, að ákveðnar nauðsynjavörur hafa verið seldar hér við óhæfilega háu verði, og við það er mín brtt. miðuð. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök mín hér við 3. umr., en gaman hefði ég að vita, þegar farið verður að framkvæma ákvæði þessa frv., hvað verður gert einmitt varðandi það atriði, sem brtt. mín fjallar um, hvort nokkuð verður reynt að hefta þá margföldu álagningu, sem á sér stað á vissar brýnustu nauðsynjar flestra heimila í landinu. Við bíðum og sjáum, hvað setur.

En um frv. sjálft vildi ég segja það, því miður, eins og ég áður hef sagt, að þó að mér kannske aldrei hafi þótt það sérstaklega merkilegt, þá virðist mér það þó vera nú orðið allt að því sérstaklega ómerkilegt. — Aðrar brtt. mínar hnigu að því atriði að gera verðlagsdóminn hliðstæðan fjölmennum dómum þeim, er þekkjast eftir íslenzkum l. Því að ef vald neytendanna á að fá að njóta sín í slíkum dómi, þá duga ekki ráðagerðir og till. einar, þar sem höfuðdómarinn getur borið meðdómandann algerlega ofurliði, og má því segja, að það sé í raun og veru hreinn hégómi að hafa þann meðdómanda, úr því að hann er aðeins einn með héraðsdómaranum og ef ágreiningur rís, þá ræður héraðsdómarinn úrslitum, en meðdómandinn hefur ekkert að segja. — Það er líka svo, ef litið er á 15. gr. frv., að þar er gert ráð fyrir, að dómþing verðlagsdóms skuli vera opinber, en þó er sagt þar: „nema dómur ákveði annað". M. ö. o., nema héraðsdómari ákveði annað, hvað sem meðdómandinn segir. Áhrif almennings á dóminn eru þannig orðin að engu eða mjög litlu, og dómurinn getur verið lokaður, ef héraðsdómaranum býður svo við að horfa, hvað sem þessi eini meðdómandi segir yfirleitt um það atriði. — En það er sjálfsagt gagnslaust að rökræða þessi atriði. Örlög frv. eru vafalaust ákveðin. Frv. var lítið. En það litla, sem var, því er lokið.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér skildist hv. 8. landsk. þm. leggja nokkuð mikið upp úr þessum brtt. sínum, þannig að frv. mundi verða — og málið sennilega allt — miklu meira og stærra, ef brtt. hans næðu fram að ganga. Eftir hans till. á að skipa einum manni fleira í dóminn, og á því ætti það þá að byggjast, að dómurinn yrði miklu sterkari og réttlátari í dómum sínum. Það má vera, að hann yrði það eitthvað. En hæpið tel ég nú, að það munaði miklu. — Svo er það viðvíkjandi saumastofunum, sem hann leggur mjög mikið upp úr og hans 1. brtt. er um. Hv. 8. landsk. þm. segir, að þar fari fram nokkurs konar keðjuverzlun og að ákvæði frv., eins og það er, nægi ekki til þess að koma í veg fyrir slíkt. En ég ætla, að 4. gr. frv. segi til um það, að það eigi að vera eðlilegt verðlag á þessum hlutum, sem þarna eru seldir. Og margar gr. frv. byggjast á því, að fullra gagna sé leitað um þessi mál og að ekki sé höfð meiri álagning á vörur en brýna nauðsyn ber til og réttlátt er. Og ef þess vegna ætti að bæta inn í því ákvæði eftir till. hv. 8. landsk. í sambandi við 6. gr., þá ættu að koma ákvæði um miklu fleiri staði en hann gerir ráð fyrir í brtt. sinni, því að vissulega hefur eitthvað slíkt átt sér stað hjá fleiri fyrirtækjum en saumastofunum. En mér virðist hv. 8. landsk. þm. hafa mikinn kunnugleika á því, að þetta hafi gengið mjög óeðlilega til og að þetta hafi verið mjög aðfinnsluvert, og mig furðar satt að segja mjög á því, að fyrrv. hæstv. forsrh. skuli ekki hafa hafizt handa, meðan hann var ráðh., um lagfæringu á slíkum málum, ef hann hefur haft hugboð um, að þannig væri ástandið í þessum efnum eins og hann telur að sé. Og ég vil vona, þó að það hafi verið skuggi yfir viðskiptunum hér hjá okkur, sem hefur sennilega verið í ekki litlum stíl, þá rofi einhvern tíma til í því efni, þannig að menn geti lagt eitthvað upp úr því, að heiðarleik verði komið á í viðskiptum og honum við haldið.

Hv. 8. landsk. þm. gerir mjög lítið úr þessu máli yfirleitt, sem hér liggur fyrir, og telur nú, að það hafi verið smátt upphaflega, en þó sé það orðið nú enn smærra. En ég vil segja, að eftir þessar breyt., þó að samþ. væru brtt. þessa hv. þm., virðist mér, að málið stækkaði ekki mikið. Og mig undrar það hjá hv. þm., eins og mér virðist hann tala um þessi mál, að hann skuli þá ekki hafa borið fram róttækari till. til lagfæringar á þessum málum, þ. e. a. s. róttækari frá sínu sjónarmiði. Ég ætla þess vegna, að hvort sem þessar brtt. hv. 8. landsk. þm. væru samþ. eða samþ. ekki, mundi fyrirferð og kjarni þessa máls verða líkur og ekki aukast mikið, þó að brtt. væru samþ.

Þá fannst hv. 2. þm. Reykv. (EOl) mjög á skorta hjá mér, að ég vildi ekki fallast á hans brtt. og sérstaklega þar sem við töldum, að efni þeirra fælist í frv. og bæri verðlagsstjóra skylda til þess að hafa aðgæzlu á þessum málum. Ef á það er nú litið, hvað í hans till. felst, og litið er til þess hins vegar, sem í frv. felst, þá hygg ég nú, að það beri ekki mikið á milli. Hv. 8. landsk. þm. minntist á svarta markaðinn, og það er eiginlega það eina, sem minnzt er á í brtt. hans. En eins og frv. er byggt upp, þá ætla ég, að fullkomlega felist í því það, að þessi umboðsmaður eigi að hafa þær gætur í sambandi við slík viðskipti, að þau eigi sér ekki stað. Hann á að afla sér hvers konar upplýsinga um allt, sem varðar viðskipti, sem þetta verðlagseftirlit nær til, og gefa skýrslu um það til fjárhagsráðs. — Ég ætla ekki að rekja efni einstakra gr. frv., því að hv. þm. hafa þetta fyrir sér. Svo að það, sem hv. 2. þm. Reykv. er með, er ekki nein nýsmíði á frv., það felst vissulega í því. En það er náttúrlega öðru máli að gegna, sem líka kom fram í ræðu hv. þm., ef hann leggur ekkert upp úr réttarfarinu, bæði rannsókn mála og meðferð dómstóla á málum, þó að skýr lagaákvæði séu um það, hvað gera skuli, þá náttúrlega horfir málið öðruvísi við frá hans sjónarmiði. En getur þá hv. 2. þm. Reykv. ætlazt til þess, að úr þessu yrði bætt, þó að hans brtt. væru samþ.? Mundi það nokkuð skera úr um það, að á eftir geti menn ekki vanrækt og hylmað yfir og látið ógert það, sem gera á, og gert þá það, sem ekki á að gera, eftir hans skilningi? Vitaskuld getur dómstólunum yfirsézt, dómurum, eins og öðrum mönnum. En það vil ég þó vona, að dómarar vandi svo ráð sitt í starfi sínu, að venjulega verði þeirra niðurstöður réttar og alltaf eftir þeirra skoðun og þekkingu, jafnvel í því, sem maður kynni að telja, að þeim hefði missýnzt, þannig að þeir hefðu þá frá sínu sjónarmiði skoðað það rétt, sem er þeirra niðurstaða.

Hv. 2. þm. Reykv. gerði fyrirspurn til mín um það, hvort samningar hefðu orðið á milli Framsfl. og Sjálfstfl. um meðferð málsins í hv. Ed. Þeirri spurningu get ég ekki svarað, hvort það hefur komið til. Við höfum fyrir okkur þann búning málsins eins og það kom fyrst fyrir þingið og einnig eins og það kom frá hv. Ed. Og þó að frv. hafi verið breytt í hv. Ed., hygg ég, að það þurfi fyrir það ekki að vera lakara en það var. Sumar breyt. voru nauðsynlegar leiðréttingar, sem gera þurfti á málinu. En mér er ekki kunnugt um neina samninga um þetta efni, sem gerðir hafi verið. Ég hygg, að meðferð þessa máls í hv. Ed. hafi verið eins og venja er í þinginu um mál, að það er tekið upp í frv., sem eftir athugun þykir heppilegra og fara betur.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. svo gamansamur, þegar hann talaði um starf dómara í þessum dómi, að hann spurði, hvort ætti að dæma eingöngu eftir þessum lögum fyrst eftir að þau væru samþ., en eftir að umræðurnar um frv. á Alþ. væru prentaðar, hvort þá ætti að dæma um verðlagsmál eftir lögunum og umræðunum um þau. Menn eru nú læsir á fleira en prent, og þessi hv. þm. veit vel, að ef ákvæði laga eru ekki nógu ljós og skýr, er leitað í grg. og nál. og til frekari glöggvunar í umr., sem fram hafa farið um málin á þingi, og þetta er hægt að gera, þótt umræðupart þingtíðindanna sé ekki búið að prenta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Viðvíkjandi þeim glöggleika, sem hv. 2. þm. Reykv. telur, að þurfi að vera á frv., þá ætla ég, að það komi mjög greinilega fram í ýmsum gr. frv., hvert verkefnið er og hvað þessum starfsmönnum ber að gera og hvaða sjónarmið þeir eigi að rækja, sem sé að halda uppi heilbrigðu verðlagi og heilbrigðum viðskiptum, en um annað og meira fjalla ekki till. þessa hv. þm. Og þetta getur hann séð í nokkrum gr. frv., þó að þar sé að vísu hvergi beinlínis talað um svartan markað, en maður skyldi halda, að svartur markaður væri ekki talinn með heilbrigðum viðskiptum.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég gerði ráð fyrir því, þegar þetta frv. var til umr. í gær, að hv. allshn. mundi taka það til einhverrar frekari athugunar, sem því miður n. ekki virðist hafa gert. Ég fæ ekki betur séð en að eins og þetta kemur frá hv. Ed., þá stangist þetta lagafrv. að verulegu leyti við II. kafla fjárhagsráðsl. Það er að vísu gert ráð fyrir, að III. kafli fjárhagsráðsl. verði felldur niður. En í II. kafla þeirra l. er haldið m. a. 10. gr., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárhagsráð starfrækir innflutnings- og gjaldeyrisdeild, er einnig hefur með höndum verðlagseftirlit". Þarna er beinlínis sagt, að það sé starfandi sérstök deild á vegum fjárhagsráðs, sem hafi með höndum verðlagseftirlit. Í 12. gr. í sama kafla í fjárhagsráðsl. stendur, með leyfi hæstv. forseta, um hlutverk innflutnings- og gjaldeyrisdeildar, að það sé að fara með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit. — Mér skilst, að þessi tvö atriði fjárhagsráðsl. stangist beinlínis við það frv., sem er á dagskrá, og hefði af þeim ástæðum verið nauðsynlegt fyrir hv. n. að taka þetta mál til dálítið ýtarlegri athugunar. — Ég vona, að það sé ekki beinlínis í samningi milli núverandi hv. stjórnarflokka, að það þurfi að afgr. hér lagafrv. á þinginu, sem stangast við gildandi lög, án þess að ákvæði þeirra laga séu jafnframt felld úr gildi. Ég vildi því mjög alvarlega beina því til hv. frsm., að hann athugi þessi atriði, ef hann hefur ekki gert það áður.

Um málið að öðru leyti vildi ég segja það, að fyrri kafli þessa frv. er í raun og veru nokkurs konar uppprentun á III. kafla fjárhagsráðsl. — og léleg uppprentun, því að í þessum kafla hef ég ekki séð nein ákvæði, sem geri verksvið verðlagseftirlitsins rýmra en það hefur áður verið. Hins vegar er þetta orðið nokkru þrengra á þann hátt, að m. a. er fellt niður, að ég hygg, ákvæðið um eða heimildin til þess að skipa trúnaðarmenn um allt land til verðlagseftirlits. Það getur vel verið, að hv. n. og hæstv. ríkisstj. einblíni svo á Reykjavík, að hún telji, að það sé engin ástæða til að hafa verðlagseftirlit annars staðar en í Reykjavík. En m. a. er þessi heimild um trúnaðarmenn úti

á landi felld niður með því lagafrv., sem hér er á dagskrá. — Það má vel vera, að það séu fleiri atriði, sem verða með þessu lagafrv. felld úr núgildandi l. En hvað sem er um það, þá hef ég a. m. k. ekki rekið mig á, að starf verðlagseftirlitsins sé að neinu leyti fært á heilbrigðari grundvöll en verið hefur. Og ég er þar með ekki að segja, að ég hafi verið ánægður með verðlagseftirlitið. Síður en svo. Aðalatriði fyrri kafla frv. er að taka verðlagseftirlitið úr höndum innflutnings- og gjaldeyrisdeildar og setja það í hendur fjárhagsráðs. Það má auðvitað segja, að í því efni hafi fjárhagsráð áður haft nokkurt úrskurðarvald. En daglegar framkvæmdir, sem voru gerðar ágreiningslaust í verðlagseftirlitinu eða hjá innflutnings- og gjaldeyrisdeild, komu ekki til kasta fjárhagsráðs. Nú vil ég alls ekki gera lítið úr þeim ágætu mönnum, sem fjárhagsráð skipa, eða þeirra starfi þar. Ég hef ekkert annað en gott um þá að segja af þeirra samstarfi. En ég hygg þó, að það sé mjög misráðið að leggja verðlagseftirlitið undir fjárhagsráð. Og ég skal færa rök að því, að störf fjárhagsráðs voru á þeim tíma, sem ég sat í því, svo mikil, að fjárhagsráðsmennirnir höfðu ekki tíma til annarra starfa, ef þeir vildu sinna því, sem þeir þurftu að gera í fjárhagsráði. Síðan ég fór úr fjárhagsráði, hefur verið tekinn upp sá háttur nú um áramótin að leggja niður gjaldeyris- og innflutningsnefndina, og síðan má segja, að um innflutnings- og gjaldeyrismálin hafi ráðið slíkt ófremdarástand, þó að ekki hafi gjaldeyrisverzlunin verið góð áður, — að það er algerlega óviðunandi. Síðan gjaldeyris- og innflutningsnefndin var lögð niður, hefur ekki verið hægt að fá að hafa tal af neinum ráðamanni í innflutningsmálunum. Þeir tveir fjárhagsráðsmenn, sem hafa tekið að sér innflutnings- og gjaldeyrismálin, þeir vinna líka í fjárhagsráði og hafa af þeim ástæðum ekki haft neinn tíma til að sinna innflutnings- og gjaldeyrismálunum svo sem vera þyrfti. Ég vil ítreka það, að ég er alls ekki að segja þetta þessum mönnum til lasts. En ég vil benda á, að það nær engri átt að hlaða svo störfum á svo fáa menn, að þeir geti ekki sinnt þeim að einu eða neinu leyti, svo að vel sé. Það eru bráðum liðnir fjórir mánuðir ársins, og vera má, að litlir möguleikar hafi verið til þess að gefa út gjaldeyrisleyfi þannig, að hægt hefði verið að standa við þau. En því meiri ástæða væri til þess að reyna að koma þeim litlu leyfum þannig fyrir, að aðeins væru gefin leyfi fyrir því allra nauðsynlegasta og að reynt yrði að haga þessum málum þannig, að hægt væri að greiða eitthvað fyrir nauðsynlegum innflutningi. En ég held því alveg hiklaust fram, að með því starfi, sem lagt er á herðar fjárhagsráðsmannanna með því að bæta innflutnings- og gjaldeyrisúthlutun á tvo mennina, sem þurfa að starfa í fjárhagsráði a. m. k. hálfan daginn, þá sé þannig séð fyrir innflutnings- og gjaldeyrismálunum, að í alla staði sé óviðunandi fyrir alla þá menn, sem eitthvað þurfa með þessi mál að gera. — Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er nú ekki hér í d. og reyndar enginn úr ríkisstj. Þarna kemur hæstv. fjmrh., en hann hefur ekki með viðskiptamálin að gera, eins og sakir standa. En það ríkir sá siður hjá ríkisstj. að láta ekki sjá sig, þó að við séum að ræða hér á Alþ. mál, sem almenning varða allmikið, heldur annaðhvort vera einhvers staðar annars staðar eða þá hér í þinghúsinu í hálfgerðum felum. Nú þegar hefur keyrt um þverbak í sambandi við stjórn þessara mála og farið versnandi eftir því, sem lengra hefur liðið á árið. En þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að auka enn störf þessarar stofnunar með því að leggja allt verðlagseftirlit undir umsjón hennar. Að vísu er gert ráð fyrir, að ráðinn verði sérstakur starfsmaður til þessara starfa, en þrátt fyrir það verður umsjónin hjá fjárhagsráði, og má fullyrða, að mörg og margvísleg mál komi til úrskurðar þess, enda þótt það sýnist fullhlaðið störfum fyrir.

Af þessu, sem ég nú hef rakið, tel ég, að hér sé eingöngu um sýndarfrv. að ræða. Hv. Framsfl. talaði mikið um nauðsynlegar hliðarráðstafanir í sambandi við gengislækkunina, og til þess að bregðast ekki alveg þeim loforðum hefur hann talið sig þurfa að sýna eitthvað í verki og þess vegna hefur hann lagt áherzlu á, að þetta frv. næði fram að ganga, enda þótt öllum hljóti að vera ljóst, að það er einungis til að sýnast og ekki einungis þýðingarlaust til úrbóta í verðlagsmálunum, heldur mun það verða til að auka enn það öngþveiti, sem nú ríkir í þeim málum. Ég skal ekki ræða þetta frekar, en ég vorkenni mínum ágæta samþm. og merka þm., 1. þm. Árn., að hafa tekið að sér framsögu í þessu máli, jafnilla undirbúinn og hann virðist vera.

Ég skal ekki gera breyt. n. að umtalsefni, þær eru fremur lítils virði, en þó líklega flestar til hins verra. Hins vegar vil ég minna á brtt. á þskj. 551. Þar er gert ráð fyrir, að verðgæzlustjóri athugi sérstaklega, að álagningu saumastofa verði stillt í hóf og ekki leyft að leggja nema einu sinni á framleiðslu þessara fyrirtækja. Frsm. n. gerði lítið úr þessari brtt., en ég hygg, að það stafi af ókunnugleika á þessum málum og hvernig þessari álagningu er nú háttað. Með samningi fjárhagsráðs við nokkrar hraðsaumastofur á síðastliðnu ári tókst að lækka fataverð úr 650 kr. niður í 450 kr. pr. fatnað. Hvernig mátti þetta takast, kann einhver að spyrja. Jú, það var hægt með því að láta saumastofurnar sjálfar fá innflutningsleyfin fyrir efnunum í þessa fatnaði, en með því var spöruð öll sú álagning, sem ella lendir hjá ýmsum milliliðum. Þessi sparnaður nam hvorki meira né minna en 250 kr. pr. fatnað. Ég hygg, að þetta sé eitt með betri verkum fjárhagsráðs og eitt af því fáa, sem lánazt hefur til að sporna gegn dýrtíðinni. Þegar nú 8. landsk. flytur brtt. um að lögfesta hliðstætt atriði í sambandi við þetta verðlags- og verðgæzlufrv., atriði, sem getur orðið rétt spor í baráttunni við aukna dýrtíð, þá bregzt 1. þm. Árn. illa við og telur till. þýðingarlausa. Hv. þm. má brosa, en ég segi fyrir mig, að ég tel, að hans aðstaða í þessu máli sé heldur aumkunarverð, því að hann hefur sýnilega tekið að sér framsögu í þessu máli án þess að kynna sér það, en lagt allt traust sitt á, að flokksforingi sinn hafi bú-

ið það nægilega vel í sínar hendur, sem hefur því miður alveg brugðizt.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil ítreka það, að ég tel frv., eins og það nú er úr garði gert, aðeins til að sýnast, og þá skoðun mína mun reynslan eiga eftir að sanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Árn. vildi bera fyrir sig 9. gr. frv. til sönnunar því, að valdið í verðlagsmálunum væri hjá samtökum fólksins. En hvað segir 9. gr.? Hún segir svo, með leyfi forseta: „Verðlagsstjóri og starfsmenn hans skulu hafa eftirlit með því, að verðlagsákvæðunum sé hlýtt. — Verðlagsstjóri hefur á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. — Ef upp rís ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker fjárhagsráð úr. Þó getur verðlagsstjóri skotið þeim úrskurði til dómstólanna, sbr. næsta kafla þessara laga.“ Það er að segja, að nú er einungis gert ráð fyrir, að verðgæzlustjóri hafi eftirlit með verðlagi, sem fjárhagsráð ákveður. Þetta er gagnger breyting frá hinum upphaflega tilgangi frv., því að þá átti verðlagsstjórinn að líta eftir verðlaginu og ákveða það eftir gögnum, sem hann átti heimtingu á að fá afhent og gæfu glöggar upplýsingar um, hvernig verðið væri myndað. Hann átti sem sé að athuga hvern þátt verðmyndunarinnar og ganga úr skugga um, hvort allir þeir þættir væru réttir og eðlilegir. Hann hefði t. d. getað heimtað ýmsar kostnaðaráætlanir og gagnrýnt þær til þess að fá verðið lækkað, og má í því sambandi minna á olíuhringana, sem stöðugt hækka verðið eftir eigin geðþótta. Þetta var hinn upphaflegi tilgangur form. Framsfl., þegar hann lagði frv. fyrir þingið. En það undarlega skeður, að nú hefur frv. verið gerbreytt og það með samþykki Framsfl. Og eins og frv. lítur nú út, er allt þetta upphaflega vald, sem verðlagsstjóranum var ætlað, tekið af honum. Það er ekki til neins fyrir 1. þm. Árn. að reyna að telja sjálfum sér eða öðrum trú um, að svo sé ekki. Eftir frv., eins og það nú liggur fyrir, er allt þetta vald hjá fjárhagsráði. Það er að vísu gert ráð fyrir, að það geti skipað annan verðlagsstjóra til að rannsaka verðmyndun og verðlag, en það vald er ekki lengur hjá samtökum fólksins, sem sameiginlega átti að ráða skipun hins eiginlega verðlagsstjóra, er nú verður aðeins eftirlitsmaður með því, sem fjárhagsráð hefur ákveðið. Það er með öðrum orðum verið að taka valdið frá fólkinu, sem till. Framsfl. upphaflega ætluðu því, og færa það í hendur fulltrúa S. Í. S. og heildsalanna í fjárhagsráði, sem koma sér svo einhvern veginn saman, með eigin hagsmuni fyrir augum, án þess að samtök fólksins, neytendanna, hafi þar nokkra hönd í bagga. Frsm. var að tala um, að ég tortryggði dómstólana, sem með þessi mál hefðu farið undanfarið. Ef 1. þm. Árn. hefði lesið vel greinargerð flokksforingja síns fyrir þessu frv., eins og það var lagt fyrir Alþingi, þá hefði hann sennilega aldrei látið þessi orð falla, því að þar segir, með leyfi forseta: „En þótt eftirlit sé gert fullkomnara, má þó búast við brotum, sem kæra verður, rannsaka og dæma í, að þeirri rannsókn lokinni.

Almenningur telur, að furðu hljótt hafi verið um þennan málarekstur — og það um of. Til þess að almenningur geti haft tryggingu fyrir því, að mál út af verðlagsbrotum séu samvizkusamlega rekin, þykir rétt að veita neytendum vald til að tilnefna meðdómsmenn, er dæmi í verðlagsmálum með hinum almenna dómara líkt og nú tíðkast í sjórétti. En auk þess þykir ástæða til að búa enn þá rammbyggilegar um hnútana. Til þess að sem flestir landsmenn fái tækifæri til að fylgjast með rekstri þessara mála, sem svo mjög skipta hag þeirra beint og óbeint, þykir rétt að ákveða, að málsmeðferð öll sé rekin fyrir opnum dyrum, nema dómurinn ákveði annað. Enn fremur að dómar séu birtir.“

Með öðrum orðum, þá kemur það greinilega fram í grg., að dómstólunum er ekki treyst og almenningur geti ekki treyst þeim, nema hann fái að hafa hönd í bagga með þeim og fylgjast með málarekstri. Það er ekki bara mér, sem finnst þetta. Það er Framsfl., flokkur hv. frsm., 1. þm. Árn., undir forustu formannsins, sem hefur kveðið upp úr í þessu máli og birt hér í grg. fyrir þessu frv., að dómstólunum sé ekki treystandi til að fara með þessi mál. Það er sem sagt Framsfl. sjálfur, sem ekki treystir dómstólunum í þessu efni, eða gerði það að minnsta kosti ekki, þegar þessi grg. var samin. Þess vegna er nauðsynlegt, að tekin sé af allur vafi um skilning á þeim ákvæðum, sem sett eru. Það er ekki víst, að góður vilji 1. þm. Árn. nægi alltaf, þegar skýra á ákvæði l., ef ágreiningur kemur fram um einstök atriði. Og þó að hann lýsi ákveðnum skilningi á ýmsum ákvæðum hér í ræðu sem frsm. allshn., þá er ekki víst, að allir heyri til hans eða geti lesið hans góða skilning. Bæði er nú, eins og þm. er kunnugt, nokkur bið á því, að alþingistíðindi komi út, og svo lesa svo tiltölulega fáir þessar miklu bækur. Það má því gera ráð fyrir, að þessi góði skilningur liggi fyrst nokkur ár í handriti hjá Pétri okkar Lárussyni og síðan komi hann ekki fyrir augu nema örfárra manna og þá auðvitað orðinn algerlega ótímabær. Þess vegna ætti hv. allshn. ekki að treysta slíkum uppskriftum í sambandi við túlkun þessara laga, heldur setja skýlaus ákvæði í frv., svo að enginn vafi geti leikið á, hvað við er átt. Ég vil endurtaka það, að nú, þegar búið er að fella niður úr frv. ákvæðin um eftirlitið með undirbúningi verðlagningarinnar, það er að segja því, hvernig verðið er myndað, þá er frv. raunverulega orðið ónýtt. Og verði frv. samþ. þannig, þá kemur það að sára litlum notum, og svarti markaðurinn og spillingin í verzluninni verður sú sama eftir sem áður. En hvar er þá Framsfl. með öll sín stóru orð og stríðsyfirlýsingar gegn hvers konar fjárplógsstarfsemi? Ætlar hann að láta eyðileggja þetta mál, þegar möguleikar eru til að fá það samþ. hér í Alþingi, svo að það megi verða að góðu liði í þessari baráttu? Er þessi flokkur kannske fallinn frá fyrri yfirlýsingum? Eða hefur hann gengið á mála hjá íhaldinu og lofað því þeim fríðindum að fella þetta úr frv.?

Í baráttunni við svarta markaðinn í landinu treysti Framsfl. sér ekki til að fá framgengt á

Alþ. þeim hliðarráðstöfunum, sem hann setti sem skilyrði fyrir samstarfinu í sambandi við gengislækkunina. Hann lætur í veðri vaka, að verkalýðsflokkarnir skuli hafa úrskurðarvaldið. En það, sem hefur gerzt, er þetta: Uppi á hátindum Framsfl., þar sem þeir gnæfa hæst og ná lengst frá fólkinu og komast næst íhaldinu, þar er farið að semja um að tryggja völd hinna ríkustu, til þess að þeir geti haft verðlagið í landinu að sínu skapi. Um þetta er samið. Svo kemur málið fyrir þingið. Jú, það verður víst barizt á móti svarta markaðinum. Það vantar ekki, það er svo fyrir séð, að verkalýðsflokkarnir hafi úrslitavaldið. En svo koma fram brtt., sem hníga að því að færa frv. í sitt upprunalega form. Hvað segir Framsfl.? Jú, ekki að tala um annað en semja um þetta við Sjálfstfl. Völdin skulu tekin af fólkinu og lögð í hendur fjárhagsráði, þar sem hægari eru heimatökin um baktjaldamakkið. Þegar við flytjum svo brtt. í þá átt, að frv. verði nær þeim tilgangi, sem það hafði upphaflega, þá er sagt, að þær séu að vísu ágætar og raunverulega ekkert á móti þeim, en það er bara búið að semja við íhaldið um að drepa þetta allt saman.

Það átti að ganga svo frá þessu, að neytendur gætu haft úrslitavald í þessum málum, og segir svo um það í grg. fyrir frv. á bls. 4, með leyfi hæstv. forseta: „Neytendur geta þá engan um það sakað nema sjálfa sig, ef verðlagning og verðlagseftirlit er slælega framkvæmt.“ Nú er hins vegar svo um hnútana búið, að verðlagningin er tekin úr höndum fólksins. Og hafi framsóknarmenn virkilega haldið, að eitthvað væri nýtilegt í þessu frv. eins og það er nú orðið, þá ætti þó að mega marka af einu, að það sé nú lítils virði. Það hefur sem sagt ekki heyrzt nein rödd um það frá íhaldinu, að það sé óánægt með frv. í þessari mynd.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Það er til lítils að vera að þrátta um þetta fram og aftur. Eitt er víst, og það er það, að enga óyggjandi úrskurði væri unnt að byggja á ræðum manna um þetta. Lítið dæmi er það, að hv. 2. þm. Reykv. ávarpaði mig sem formann allshn., enda þótt ég hafi alls ekki á hendi formennsku í n. (*EOl:* Ég bið hv. þm. afsökunar á því að hafa kallað hann formann allshn.) Já, það er hjartanlega fyrirgefið. Hins vegar fannst mér gæta í ræðu hv. 2. þm. Reykv. alvarlegs misskilnings í þessu máli. Hann vantreysti því mjög, að nokkurt tillit yrði tekið til vissra atriða í brtt. hans, ef þau yrðu ekki sett inn í lögin. Ég tel, að það vantraust sé ástæðulaust. Hitt er annað, sem hann talaði um vald verðgæzlustjóra samkv. frv. upphaflega, að það er rangt með farið, og undrar mig stórlega, að hann skuli halda slíku fram. Fjárhagsráð hefur frá því fyrsta átt að annast verðlagsákvarðanir. Það getur hv. þm. séð í 4. gr. frv., og hans tal um þetta fellur þar með um sjálft sig.

Hv. þm. las atriði úr grg. frv., þar sem vikið er að því, að til þess að tryggja neytendum réttlátt verðlag, sé gert ráð fyrir, að þeir fái íhlutunarrétt um skipun verðgæzlustjóra. Þessu er haldið í frv. Og í mínum ummælum áðan var ég ekki að saka dómara um, að þeir dæmdu rangt út frá sínu sjónarmiði, en þeir geta haft misjafnar forsendur til að ganga út frá. Ég vil svo segja hv. þm. það, að hann hefur ekki flutt neina brtt. um starfssvið verðgæzlustjóra, og frá upphafi hefur aldrei verið gert ráð fyrir í frv., að hann hefði verðlagsákvörðunina með höndum.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) talaði hér nokkur orð og var óánægður með frv. Ég vil taka fram, að það er misskilningur hjá honum, að ég geri lítið úr ákvæðum varðandi álagningu á það, sem unnið er hér í saumastofum. Ég tel einmitt, að skipun þeirra mála hafi verið í ýmsu áfátt, og tel, að þar verði allmikil bót á ráðin með þessu frv. Hins vegar, ef taka ætti saumastofurnar beint inn í 6. gr., þá þyrfti líka að taka þar inn ýmislegt fleira og engu síður. — Þá fannst hv. þm. á skorta, að séð væri fyrir því, að eftirlitsmenn væru á öðrum stöðum en í Rvík. En um þetta eru ákvæði, og segir t. d. svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra á þann hátt, er síðar greinir í lögum þessum, til þess að hafa eftirlit með verðlagi í landinu.“ Og í síðasta málslið 2. gr. segir svo: „Ríkisstjórnin skipar verðgæzlustjóra samkv. till. nefndarinnar, og verðgæzlustjóri ræður starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við hana.“ M. a. þá líka eftirlitsmenn hvarvetna um landið. Og ég ætla þannig, að fullkomlega sé fyrir þessu séð.

Þá eru í 3. gr. og 5. gr. ákvæði, sem rýmka mjög um það, að hægt sé að fela sérstökum mönnum störf, sem vinna þarf lengra burtu.

Hv. þm. drap enn á það, að ákvæði frv. mundu brjóta í bága við eldri lög um fjárhagsráð. En í niðurlagi II. kafla 1. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur þá niður umboð verðlagsstjóra, starfsmanna hans í verðlagseftirlitinu og trúnaðarmanna.“ Ég ætla, að þetta þurfi ekki að valda neinum erfiðleikum gagnvart eldri lagaákvæðum. Sé hins vegar svo, að þessi ákvæði kæmu í bága við einhver ákvæði, þá fer um það eftir venjulegri reglu, að hin nýrri lagasetning gildir. Slíkt er ekkert nýtt. Oft yfirsést mönnum við setningu nýrra laga að tilgreina hvert atriði í eldri lögum, sem þar með breytist. En slíkt þarf ekki að verða á nokkurn hátt til tjóns.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að sinni, enda virðast mér þessar umræður vera hálfgert karp.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af ummælum hv. 1. þm. Árn. Honum hafði skilizt á mér, að ég hefði sagt, að verðlagsstjóri hefði haft valdið um verðlagsákvörðunina. Ég held ég hafi nú ekki komizt þannig að orði, þó að ég kunni að hafa talað of óljóst. Hitt átti ég við, að verðlagsstjóri rannsakaði verðlagsmyndunina í landinu og gerði á þeim grundvelli tillögur um það verðlag, sem ætti að gilda. Vald þess embættismanns, sem þannig hefur með höndum alla skýrslusöfnun og á eftir þeim að meta verðlagið, er ákaflega mikið. Og þótt fjárhagsráð hafi endanlegt vald um úrskurð, verður

það að byggja á öllu mati og starfi verðlagsstjóra. Hann framkvæmir matið og leggur það fyrir fjárhagsráð og hefur þannig mjög sterka aðstöðu til ákvörðunar á verðlaginu. Fjárhagsráð verður hins vegar eins konar gerðardómur, og hið verðlagsákvarðandi vald verðlagsstjóra er tvímælalaust ákaflega mikið, enda segir líka svo í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Fjárhagsráð getur að meira eða minna leyti fengið verðlagsstjóra í hendur vald til að framkvæma í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem um ræðir í 4. gr.“ Þetta er þannig ekkert spursmál, að verðlagsstjóri hefur ákaflega mikið verðlagsákvarðandi vald, og samkvæmt frv. Framsóknar átti þetta vald að leggjast í hendur fólksins, sem kysi verðlagsstjóra. Ég held því, að það standist, að með því að kippa þessu verðlagsákvarðandi valdi úr höndum fólksins er verið að kippa burtu helmingnum af upphaflegum tilgangi Framsfl. með frv. Í öllum tilfellum hefur fjárhagsráð haft hið endanlega úrskurðarvald, en aðstöðumunur verðlagsstjóra nú og þá er alveg gífurlegur. — Till. mínar fara fram á, að verðlagsstjóri hafi það vald, sem upphaflega var ákveðið. Það er ekki farið fram á neitt meira. En geti verðlagsstjóri skírskotað til þeirra samtaka, sem kusu hann, þá hefur hann baráttuaðstöðu, sem hann hefur ekki nú, og stendur ólíku betur að vígi með að rísa gegn því, þótt fram kynni að fara í fjárhagsráði ýmislegt makk þeirra, sem hafa stærstar „interessur“ í sambandi við verðlag í landinu. Hann hefur það mikið vald, að það var dýrmætt, að samtök fólksins kysu hann.

Væri brtt. mín við 3. gr. samþ., þá finnst mér líklegt, að 5. gr. yrði praktiseruð svo, að fjárhagsráð fengi verðlagsstjóra umræddar verðlagsákvarðanir í hendur að mestu. Hins vegar hefur þessi verðgæzlustjóri fólksins lítil völd nú, en fjárhagsráð því meiri og málið þannig komið undan áhrifavaldi alþýðu.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vakti máls á nokkrum atriðum í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og hefur hv. frsm. gert tvö þeirra að umtalsefni. Hann viðurkenndi, að árangur hefði náðst af samningum fjárhagsráðs við hraðsaumastofurnar, en fannst þó víst ekki, að sú skipan væri þess virði að lögfesta hana, nema fleira kæmi til. Ég vil nú segja, að ef hann hefur till. fram að færa um lögfestingu á fleiri slíkum umbótum, þá mundi ekki standa á mér að fylgja þeim, því að það væri fyllilega í samræmi við stefnu míns flokks að minnka verzlunarálagningu og fækka milliliðum. Ef hv. frsm. telur því, að hér sé um fleiri atriði að ræða, þá væri vel, að hann benti á þau, og mundi Alþfl. vera fylgjandi slíkum ráðstöfunum. Ef hins vegar hv. frsm. lætur undir höfuð leggjast að benda á eitthvað slíkt, þá hefur hann enga afsökun með að ganga í gegn lögfestingu á þessu sérstaka atriði.

Út af því, sem ég benti á, að eftirlitið utan Rvíkur væri fellt niður, þá gerði hv. frsm. ekki annað en lesa upp 1. og 2. gr. frv. En einmitt hans upplestur sannaði, að ákvæðið í III. kafla fjárhagsráðsl. er fellt niður. Þar stendur í 16. gr., að verðlagsstjóri hafi með höndum eftirlit með því, að verðlagsákvæðum sé hlýtt og skipi hann sína trúnaðarmenn um allt land til þess að sjá um þetta. Eru fjárhagsráðslögin hér sýnilega miklu viðtækari. Í frv., eins og það liggur hér fyrir, stendur ekkert annað en það, að verðgæzlustjóri ráði starfsmenn sína og trúnaðarmenn í samráði við ríkisstj. að vísu, og hvergi er sagt, að það þurfi annars staðar að vera en í Reykjavík. En í hinum l. er lítið svo á, að verðlagseftirlit skuli vera um allt land. Skil ég eigi, ef hv. frsm. vill eigi viðurkenna þetta, og til þess að taka af allan vafa vil ég leggja fram skriflega brtt., þess efnis, að aftan við 2. gr. bætist: um land allt, — svo að eigi sé gengið aftur um verðlagsmálin, en það tel ég ekki fært frá því ástandi, sem nú ríkir í þeim.

Hv. frsm. kom ekki að aðalatriðinu í aðfinnslum mínum við þetta frv., sem er það, að það á að leggja þessi störf ofan á fjárhagsráð, sem hefur orðið að taka að sér innflutnings- og gjaldeyrismálin. Er þó ófremdarástandið orðið slíkt, að allir menn í öllum flokkum eru sammála um, að það sé óviðunandi. Þegar síðan á að leggja eftirlitið að öllu leyti í hendur sömu stofnun, sem getur ekki einu sinni sinnt öðrum störfum sínum, þá er verr af stað farið en heima setið, þ. e. fyrir þá, sem kæra sig nokkuð um eftirlitið. — Nú er algengt á þ., ef um er að ræða einhver mál, sem koma við ákveðnum stofnunum, að þá séu þau send þeim stofnunum til umsagnar. — Nú vil ég spyrja hv. frsm.: Hefur fjárhagsráði verið sagt frá þessu og hefur verið leitað umsagnar þess? Ef svo er, hvert er þá svar þess? Það má vel vera, að málið sé svo langt komið, að engu verði þar um þokað, en sé svo, þá munu þeir samningar koma verðlagseftirlitinu á verri grundvöll. Er þar þá um samninga að ræða til að veikja framkvæmd verðlagseftirlitsins, og mátti þar þó eigi á bæta.

Ég skal svo ekki hafa ræðu mína lengri. Vil ég leyfa mér að leggja hina skriflegu brtt. mína fram hjá hæstv. forseta.

Forseti (SB): Hv. þdm. hafa heyrt hina skriflegu brtt. hv. þm. Ísaf. (FJ) við 2. gr. frv. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöfaldra afbrigða með, til þess að hún megi koma til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 586) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal vera stuttorður. — Hv. þm. Ísaf. heldur því enn fram, að verðgæzlustjóri eigi að vera bundinn við Reykjavík um verðlagseftirlit. Ég benti honum þó á 1. gr. frv., þar sem stendur, að hann eigi að hafa eftirlit með verðlagi í landinu. Þó að Reykjavík sé stór bær, þá hefur hún þó hingað til ekki verið talin landið allt. Í 2. gr. sést, að verðgæzlustjóri á að ráða starfslið sitt, í samráði við ríkisstj. að vísu, og vitaskuld felur hann trúnaðarmönnum sínum og starfsliði verkefni þau, sem þarf að rækja. Ég held því, að eigi þurfi frekar um þetta að þrátta.

Hvað áhrærir störf fjárhagsráðs, hvort þau verði því ofvaxin, þá skal ég engan dóm leggja á það. Það hefur verið talað um fækkun starfsmanna. Má þá auka störf ýmissa manna þar. Hefur verið talið, að það yrði auðvelt. Ef það yrði í reyndinni erfitt, þá mundu menn reyna að létta af öðrum störfum hjá sér.

Þá kem ég næst að hv. 2. þm. Reykv. (EOl). Hann dró nú í land út af fyrri fullyrðingum sínum, en heldur áfram að þrátta um það, að verðgæzlustjórinn geti eigi nógsamlega eftir frv. kynnt sér verðlag í landinu, þ. e. innkaup á vöru o. fl. þess háttar, eins og vera þyrfti. Ég held, að þetta sé misskilningur hjá hv. þm. Í 3. gr. frv. er talað um það, hvað verðgæzlustjóri skuli gera. Þar er minnzt á verðlagseftirlit, daglegan rekstur í sambandi við það, og hann á að vekja athygli fjárhagsráðs á því, ef verðlag er mismunandi, t. d. sé sams konar eða svipuð vara seld með mismunandi verði, og síðar meir á fjárhagsráð að byggja innkaup sín á þeim upplýsingum. Þá er 9. gr. um vald það, sem verðgæzlustjóra er fengið í hendur, og á hann rétt á að heimta af aðilum þeim, sem mál þessi skipta einhverju, skýrslur og gögn, og hvergi á fjárhagsráð að byggja ákvarðanir sínar á öðru en þessu. Dettur nú hv. 2. þm. Reykv. í hug, að fjárhagsráð byggi ákvarðanir sínar á öðru en því, sem embættismanni þessum er fengið sérstakt vald í hendur til að leita upplýsinga um, varðandi vöru erlendis frá og hér heima? Það verður vitaskuld að byggja á þessum upplýsingum hans. Er þess vegna misskilningur, að það skorti á með vald til þess að afla þessara gagna. Ég vona og, að þessi maður, er þannig verði skipaður sem í frv. greinir, kunni glögg skil á framkvæmd verðlagseftirlitsins og framkvæmi eftir því. Það er hér um eins konar hártoganir að ræða í öllu því, sem þessi hv. þm. kemur með. Honum þótti á skorta, að fjárhagsráð mundi geta fundið upp á því að fela öðrum manni vald skv. 5. gr. frv. En ég er ekki sammála um, að fjárhagsráð þurfi að fela öðrum trúnaðarmanni en verðgæzlustjóra það vald. Enginn maður mun hafa til að bera slíkan kunnugleika og myndugleika sem hann, og þá ætla ég vel fyrir öllu séð, þar sem hann er.

Ég sé svo eigi ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Mér virðist sem orð hv. þm. sýni meir viðleitni að segja eitthvað um málið og gera það tortryggilegt en þau séu á rökum reist. — Viðvíkjandi hinni skriflegu brtt. ætla ég, að samþykkt hennar skipti engu máli, og ætla því, að bezt muni að samþykkja frv. óbreytt.

Finnur Jónsson: Ég benti á það sem dæmi um flaustursverk í undirbúningi frv., að III. kafli fjárhagsráðsl. skuli hafa verið felldur niður. Hinu er ómótmælt af hv. frsm., að í II. kafla þeirra l. eru ákvæði, sem stangast á við ákvæði þessa frv. Nú er rétt, að nýrri l. gildi, en stangist þau á við eldri l., þá er það óvandvirkni, fyrst l. er breytt á annað borð, að gera þau eigi fullnægjandi úr garði, svo að þau séu í fullu samræmi við eldri ákvæði.

Hv. 1. þm. Árn. varð ekki við þeim tilmælum mínum að nefna einhver fleiri dæmi en saumastofuálagninguna, sem mættu koma undir það, að ekki mætti leggja á nema eina álagningu, þótt hann hins vegar segði, að það væri ýmislegt fleira, sem gæti komið undir það. Mér finnst hann þar hafa sett ljós sitt undir mæliker og þykir fyrir, ef menn vita um ráð gegn dýrtíðinni, en vilja eigi segja frá þeim.

Varðandi ummæli hv. þm. um trúnaðarmennina, þá er það óhrekjanlegt, að eftir eldri l. er verðlagsstjóra skipað að hafa trúnaðarmenn um land allt. En skv. því, sem Framsfl. kallar hliðarráðstafanir við gengislækkunarl., þá á verðgæzlustjóra ekki að vera það skylt. Nú mega það vera samningar milli stjórnarflokkanna, að verðlagseftirlitið minnki nokkuð. Ég hef þó talið, að það þyrfti að auka, en hér er sannarlega dreginn réttur af verðlagsstjóra, skyldan um að hafa trúnaðarmenn annars staðar á landinu en honum sýnist. Ef hv. frsm. er svo viss um, að í frv. felist skipun um að hafa trúnaðarmenn um land allt, sem hann segir, þá ætti að vera óhætt að samþykkja brtt. En því mótmæli ég, að verðgæzlustjóra sé lögð skylda á herðar að hafa trúnaðarmenn annars staðar en honum sjálfum sýnist.

Hv. frsm. hefur enn eigi treyst sér til að lýsa því yfir, að hann telji fjárhagsráð hafa möguleika til að sjá um verðlagseftirlit á eigi lakari hátt en viðskiptanefnd áður, af þeim ástæðum, að málið hefur eigi verið sent fjárhagsráði til umsagnar, sem ég er viss um, að hefði þá mótmælt því. Það gefur til kynna, með hverjum huga frv. var flutt og barið í gegn, að hv. frsm. minntist á í þessu sambandi, að talað væri nú um fækkun starfsmanna þar, — þó að e. t. v. mætti gera það. Ég skal ekki segja, nema það væri hægt. En það sýnir e. t. v. betur en allt annað alvöruna í baráttunni gegn dýrtíðinni, ef byrja á á því að skera niður verðlagseftirlitið.

Einar Olgeirsson: Ég held, að hv. 1. þm. Árn. sé farinn að ganga fulllangt í því að reyna að verja málstað, sem hann veit, að er óverjandi. Hann fór bókstaflega að reyna að snúa út úr og rangtúlka málið. Ég held, að verðlagningarákvarðanir heyri eigi undir verðgæzlustjórann skv. frv. Það er ekkert atriði í frv., sem gefur honum vald til að heimta, t. d. af ákveðnu firma, skýrslur um verðlagninguna. Hann getur eigi krafizt þess, að selt verði á öðru verði en fjárhagsráð ákveður. Það á að fella burt, hvernig verðlag sé ákveðið. Ef firma hefur ekki brotið þau ákvæði, getur hann ekki komið til þess að athuga verðlagið sjálft. Starf verðgæzlustjóra á að vera eftirlit, en ekki það að gera tillögur til fjárhagsráðs. Annað atriðið er um samanburð og mismunandi verð í búð, sem verðgæzlustjóri á að athuga, en hann á eigi að hafa með höndum rannsókn á sjálfri verðlagsmynduninni. Ég held, að það sé þýðingarlaust að ætla sér að blekkja menn á því, að Sjálfstfl. hafi gert kröfu til að sleppa tveim síðustu málsgr. í 3. gr. Allt vald, sem verðlagsstjóra var gefið, sbr. 9. gr., var að heimta af öllum firmum skýrslur um verðlag og gera tillögur

til fjárhagsráðs. Hann er búinn að missa þetta vald. Þannig er staðreyndin í málinu. Hins vegar, vegna þess hve djúpt hv. 1. þm. Árn. tók í árinni, að fjárhagsráði sé eigi ætlað að fela öðrum manni vald hans, er bezt, að við þm. setjum fyrir þann leka og legg ég því fram skriflega brtt. um það, að í stað orðanna „ákveðnum trúnaðarmanni" í 5. gr. komi: verðgæzlustjóra. — Ég skal viðurkenna, að yrði það gert, þá mundi starf verðlagsstjóra breytast þó nokkuð, hann fengi þó nokkuð móts við það, sem hann ella hefði, að athuga sjálfa verðlagsmyndunina. Því vona ég, að hv. 1. þm. Árn. geti fallizt á þessa brtt. mína, því að það kemur eigi til mála að fela neinum manni öðrum þetta vald.

Forseti (SB): Hv. þdm. hafa heyrt brtt. hv. 2. þm. Reykv. Hún er skrifleg og of seint fram komin. Þarf því tvöfaldra afbrigða með.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (sjá þskj. 587) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Þetta skal vera ósköp stutt. — Ég verð að segja það, að ég er undrandi á ræðum hv. þm. Hv. þm. Ísaf. staðhæfir enn, að verðgæzlustjórinn eigi ekki að hafa eftirlit á öllu landinu, þótt það sé falið í 1. gr. frv., jafnframt valdi því, sem honum er lagt í hendur. Hvað vill hv. þm.? Vill hann, að hver verzlunarhola verði talin upp? (*EOl:* Það væri vissara.) Ég bjóst við því. Yrði þá að setja undir þann leka. (*EOl:* Keflavíkurflugvöllur líka.) Já, vafalaust, og þyrfti þá að gera hv. 2. þm. Reykv. að verðlagseftirlitsmanni þar. Þetta er fjarri öllu lagi og sýnir, hversu menn vilja seilast langt. Þarf ekki að svara því fleiru til.

Hv. 2. þm. Reykv. staðhæfir enn, að verðgæzlustjóri hafi eigi vald til að heimta skýrslur og gögn, sem eru grundvöllur verðlagseftirlitsins. Hvernig á hann þá að hafa það eftirlit? Ef fjárhagsráð ákveður verð, þá byggir það verðið á margvíslegum frumatriðum, og þyki þau fullnægjandi, þá er verðið ákveðið. Síðan hefur verðgæzlustjóri eftirlit. Hvernig getur hann verið viss um, að kaupmenn og kaupfélög fari eftir verðlagsákvæðunum, ef hann neitar að kynna sér grundvöll verðlagningarinnar hjá hverjum og einum? Það er svo margvíslegt, sem snertir þetta mál, að annað er óhugsandi, enda er verðgæzlustjóra ætlað þetta vald skv. ákvæðum þeirrar gr., sem vitnað var til. Honum er gefið það vald í 9. gr., að hann getur gengið svo nærri mönnum, að hann má eigi segja frá því, sem hann kemst að í starfi sínu varðandi viðskiptamál, má hér heimta allar upplýsingar, skýrslur og gögn. Þetta sýnir, hve langt er gengið. — Hv. þm. á ekki að vera með þessi látalæti. Hann meinar ekki það, sem hann segir, og fer ekki vel á því.

Finnur Jónsson: Ég hefði eiginlega getað með samanburði á l. og frv. á ýmsan annan hátt getað sýnt, að frv. er gert veikara en áður var í l. Er það rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að öflun gagna er sterkari í fjárhagsráðsl. en hér í frv. Annars hef ég ekki tíma til að fara nánar í það. En ég vil leyfa mér að leiðrétta það, sem hv. frsm. hefur sagt, en hefur eigi séð ástæðu til að leiðrétta. Hann sagði, að ég hefði sagt, að verðgæzlustjóri ætti ekki að hafa verðlagseftirlit í öllu landinu. Ég benti á, að annað sé í gildandi l. en frv., og sýndi fram á, að í því sé létt af verðgæzlustjóra skyldunni að hafa trúnaðarmenn um land allt. Þessi skylda var áður í l., og hér er verið að afnema hana. — Ég sé nú, að hæstv. forseti er farinn að gerast ópolinmóður. — Ég er heldur leiður yfir því, að hinn ágæti vinur minn og kunningi skuli hafa tekizt á hendur að verja það, að verið er að veikja verðlagseftirlitið í stað þess að styrkja það, sem því var þörf á, því að það er verið að veikja verðlagseftirlitið með því að bæta störfum á stofnunina, sem er ofhlaðin störfum fyrir, og án þess að leita umsagnar hennar um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 572 felld með 15:7 atkv.

— 571 felld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ.

nei: IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JörB, KS, PÞ, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, ÁB, GG, SB.

BÁ greiddi ekki atkv.

10 þm. (JR, ÓTh, PO, ÁÁ, BÓ, EystJ, GTh, GÞG, HÁ, HelgJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég er í sjálfu sér samþykkur því, sem felst í þessari brtt., en af því að ég tel, að 1. gr. frv. tryggi það, sem hér er farið fram á, en orðalag brtt. ekki heppilegt, segi ég nei.

Sigurður Bjarnason: Með skírskotun til grg. hv. 2. þm. Rang. segi ég nei.

Brtt. 586 felld með 16:9 atkv.

— 573 felld með 16:9 atkv.

— 587 felld með 19:9 atkv.

— 551,1 felld með 13:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JÁ, KS, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ.

nei: IngJ, JPálm, JS, JR, JörB, SÁ, SkG, StSt, StgrSt, BÁ, EystJ, GG, HelgJ.

JG, PÞ, ÁB, SB greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÓTh, PO, ÁÁ, BÓ, GTh, GÞG, HÁ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það sjálfsagt, að ekki sé leyfð nema einföld álagning á efni og framleiðslu saumastofa, og tel ég það verkefni verðgæzlustjóra að sjá um það. Þess vegna tel ég óþarft að vísa málinu til efri deildar að nýju og segi nei.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil geta þess, eins og hv. þm. V-Húnv., að ég tel, að ákvæði frv. séu einmitt þann veg, að það eigi einmitt að útiloka það,

sem hér er verið að fara fram á, svo að það er í raun og veru óþarfi. Ég tel rétt, að það komi skýrt fram, að þeir hlutir, sem hér er um að ræða, komi ekki fyrir, en það kemur líka fram í frv., og er því óþarfi að vera að tefja málið með þessari brtt. Segi ég því nei.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Ég tel það vera alveg sjálfsagða skyldu verðgæzlumanns að sjá um þetta atriði, sem hér um ræðir. En þetta er ekki nema eitt af fjölmörgum verkefnum hans, og tel ég ástæðulaust að nefna aðeins eitt þeirra í lögunum og segi því nei.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef alltaf litið svo á löggjöf, að það ætti að setja í lög það, sem gera eigi eða gera ekki, en ekki að sleppa því úr lögunum, sem gera á. Fyrst menn vilja því láta þetta vera eitt af því, sem gera á, segi ég já.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég tel það fullkomlega rétt, að álagning, sem hér um ræðir, sé ekki leyfð nema einu sinni, og segi því já.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel það varhugavert að tefja þetta mál, og hefði verið þörf á því, að hv. þm. væru samþykkir skjótri afgreiðslu þess. Ég hef ákveðið að greiða atkvæði á móti öllum brtt. (*FJ:* sem bæta frv.) við frv., sem eru til þess að tefja afgreiðslu þess, án þess að vera til bóta, og til þess að stuðla að því, að það nái gildi á þessum degi, segi ég nei.

Brtt. 551,2 felld með 18:9 atkv.
— 551,3 tekin aftur.
Frv. samþ. með 18:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 588).

50. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (1.—20. maí).

Á 90. fundi í Nd., 28. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi laga nr. 114 1949, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1950 [152. mál] (þmfrv., A. 600).

Á 91. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það er líklegt, að þetta sé síðasti fundardagur fyrir mánaðamót. 1. maí falla úr gildi l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði, og hef ég þess vegna flutt þetta frv. Ég varð síðbúinn með frv. og náði ekki til fjhn. með það, svo að ég tók það ráð að flytja málið sjálfur. Ég hef takmarkað tímann í frv. við 20. maí, og ég vonast eftir, að búið verði að afgr. fjárl. fyrir þann tíma, svo að ekki þurfi að framlengja þau aftur á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 95. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja það, að það var ekki fyrir tómlæti, heldur vegna þess, að ég þurfti að vera viðstaddur atkvgr. í Nd., að ég var ekki viðstaddur hér áðan, er málið var tekið til 1. umr. En eins og hv. þm. hafa gert sér grein fyrir, er hér aðeins um að ræða framlengingu á gildi l. til 20. maí, og tel ég þá alveg öruggt, að fjárlög geti verið afgreidd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 608).

51. Meðferð einkamála í héraði.

Á 24. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Nd.: *Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði* [112. mál] (þmfrv., A. 304).

Á 46. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fylgja frv. þessu úr hlaði með framsöguræðu, þar sem efni þess og tilgangi eru gerð full skil í meðfylgjandi grg. — Ég óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 564).

Frsm. (Jónas Rafnar): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur eindregið til, að það verði samþ. Hún sendi það hæstarétti og stjórn Lögmannafélags Íslands til umsagnar. Stjórn lögfræðingafélagsins mælir með frv., og hæstiréttur mælir með frv. efnislega, en telur þó, að heppilegra hefði verið að mörgu leyti að láta það bíða, þar til löggjöfin hefði verið endurskoðuð í heild. Efni frv. gengur út á að flýta fyrir meðferð einkamála í héraði. Er lagt til, að héraðsdómari leiti sjálfur sátta í einkamálum, því að eins og segir í grg., eru oft óþarfa tafir og kostnaður að því, að málið fari fyrst til sáttanefndar, þar sem flest mál verða ekki útkljáð þar, heldur er vísað áfram til meðferðar héraðsdómara. Ég vil taka fram, að valdssvið sáttanefndar er ekki að neinu leyti skert með þessu frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 623).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Mál þetta er um smávægilega breytingu á l. um meðferð einkamála í héraði. Það hefur komið í ljós, að það hefur valdið óþægindum að hafa orðið „skriflega" í 11. og 15. tölul. 3. mgr. 5. gr. l., og því er lagt til, að það falli niður. Nefndin leggur til, að 3. gr. falli niður, og er það raunar eingöngu formsatriði, og hefur hæstiréttur mælt með brtt. n. Hæstiréttur bendir á, að þessi l. séu orðin 15 ára gömul og þurfi athugunar við, en nú er svo langt liðið á þing, að við sáum okkur ekki fært að gera frekari brtt. — Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, sem á engan hátt er stórvægilegt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 623,1 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 623,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 635).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 673).

52. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins.

Á 85. fundi í Nd., 18. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins [139. mál] (þmfrv., A. 537).

Á sama fundi og 86. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 537, n. 628).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Eins og getið er um í nál., sem sjútvn. stendur að, þá var hlutatryggingasjóður Bolungavíkur stofnsettur 1939. Þegar svo lögin um slíka sjóði voru sett 1943, var Bolvíkingum heimilað að starfrækja sinn sjóð áfram á grundvelli þeirra laga og njóta þess stuðnings, sem lögin ákváðu. Eins og kunnugt er var þessum l. svo breytt aftur á s. l. ári, og þá var ekki lengur um heimild að ræða, heldur ákveðið að stofna slíka sjóði. En í þessum sömu lögum var líka ákveðið, að greiðslur úr slíkum sjóðum eða bætur skyldu ekki hefjast fyrr en að ári liðnu frá gildistöku laganna. Nú öðluðust l. gildi í maí 1949, og þar af leiðandi hefst ekki starfstími sjóðsins fyrr en um sama leyti í ár, eða í þessum mánuði. En af þessu leiðir það, að auður tími verður í starfsemi tryggingasjóðs Bolvíkinga, þar sem þeir fá ekki styrk frá ríkinu á þessu ári, eða með öðrum orðum ekki fyrir þessa vertíð. Sjútvn. telur sanngjarnt, að brúað verði þetta bil, þ. e. a. s. að Bolvíkingar fái að reka sinn sjóð þetta ár á grundvelli eldri laga. Hins vegar munu þeir að sjálfsögðu fylgja nýju lögunum framvegis og því njóta styrks eftir þeim við síldveiðarnar í sumar. Brtt. n. felur þess vegna ekki annað í sér en að bilið verði brúað, sem nýju l. hafa valdið, og þar með komið í veg fyrir, að þessi þáttaskipti felli niður nokkra starfsemi hjá Bolvíkingum, enda eiga þeir það fyllilega skilið vegna framsýni og dugnaðar í þessu máli.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka sjútvn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. Ég þarf nú ekki að hafa um þetta mörg orð, þar sem þm. Borgf. hefur gert skýra grein fyrir málinu. En eins og hann tók fram, þá óska hlutarsjómenn og útgerðarmenn í Bolungavík, að bilið milli almenna sjóðsins og þeirra eigin sjóðs verði brúað, og þetta hefur sjútvn. fallizt á. Hins vegar vildu Bolvíkingar líka fá að halda áfram starfsemi síns sjóðs við hliðina á almenna sjóðnum, en um það atriði hefur ekki verið tekin afstaða í n., enda má segja, að það sé mál sins tíma, og hygg ég, að útgerðarmenn og sjómenn, sem hér eiga hlut að máli, geti vel sætt sig við þessa lausn.
Ég vil svo leyfa mér að ítreka þakkir mínar til sjútvn. og vænti, að þm. geti orðið sammála um að leyfa brautryðjendum í þessu máli að starfrækja sinn sjóð áfram.

ATKVGR.
Brtt. 628 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 638).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 638, n. 682).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það var háð sjómannaverkfall í Bolungavík árið 1939, og stóð þá deilan um hlutaskipti þar. Það hafði verið mjög tregt með aflabrögð á þeirri vertíð. Útgerðarmenn stóðu þar þá höllum fæti, en sjómenn þó verr staddir vegna aflaleysisins. Samdist þá um það þar á staðnum, að stofnaður yrði sjóður, sem fengi 2% af aflaverðmæti óskiptu, og skyldi starfsemi þessa sjóðs stjórnað af fulltrúum útgerðarmanna og sjómanna í Bolungavík, og skyldi verða veittur styrkur úr sjóðnum, þegar aflabrestur yrði, og tekjum sjóðsins þannig varið til þess að bæta hlutarsjómönnum upp, þegar þeir stæðu sem höllustum fæti. Þessi sjóður hefur starfað þarna síðan.
En þegar lögin voru sett um hlutatryggingasjóði 1943, var gerð breyt. á reglugerð tryggingasjóðsins þarna í Bolungavík, og komst hann þannig undir ákvæði l. um hlutatryggingafélög. Upp frá því greiðir ríkissjóður 0,7% af afla-

verðmæti til hlutatryggingafélagsins á móti þeim 2% af óskiptum afla, sem útgerðarmenn í Bolungavík hafa greitt í sjóðinn þar. Aftur á móti hefur ríkissjóður ekki greitt neitt á móti heimaframlögunum í sjóðinn á árabilinu 1939—44.

Nú, þegar á síðasta þingi að afgreidd voru lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, var svo ákveðið, að lög um hlutatryggingafélög yrðu afnumin. Frá þeim tíma hefur hlutatryggingasjóðurinn í Bolungavík starfað áfram, en ekki fengið neitt fjárframlag úr ríkissjóði á móti framlagi í sjóðinn frá útgerðarmönnum og sjómönnum heima fyrir. Í l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins var svo ákveðið, að sú löggjöf kæmi ekki til framkvæmda fyrr en að ári liðnu, og hefur því sjóðurinn í Bolungavík byggt starfsemi sína einungis á eigin framlögum manna á staðnum síðasta ár. En eins og kunnugt er hefur aflatregða verið nær óminnileg þar á síðustu vertíð og hagur sjómanna sjaldan, ef nokkurn tíma, verið bágbornari en einmitt nú. Hefði því verið full þörf á, að hlutatryggingasjóðurinn þar hefði verið vel fjáður og getað hlaupið undir baggann með sjómönnum þar nú. Þess vegna er þetta frv. fram borið, og er af flm. þess, hv. þm. N-Ísf., farið í því fram á, að lögin um hlutatryggingafélög frá 1943 skuli koma til framkvæmda að nýju og gilda frá 1. jan. þ. á. til ársloka 1952, að því er snertir tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík, sem tók til starfa þar 1939, þannig að þeir fengju mótframlag á móti sínu eigin framlagi til tryggingasjóðsins, ef þeir vildu leggja það á sig í viðbót við þeirra framlag, sem þeim er lagt á herðar að inna af hendi við hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Yrði þetta aukaframlag vegna hlutatryggingasjóðsins heima fyrir til bóta, ef aflaleysi bæri að höndum, en undir öllum kringumstæðum tækju þeir á sig tvöfaldar byrðar. — En með því móti, ef Alþ. breytir frv. endanlega þannig frá þeirri upphaflegu mynd sinni, eins og því var breytt í hv. Nd., að l. um hlutatryggingafélög frá 1943 skuli gilda fyrir tryggingasjóð sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík fyrir árið 1950 eingöngu, en ekki eins og beðið var um, — og þannig liggur frv. nú fyrir, — þá væri þó með þessu móti mögulegt, að sjóðurinn í Bolungavík fengi mótframlagið úr ríkissjóði, 0,7% framlagið, fyrir vetrarvertíðina, sem nú er nýliðin. Og ég lít svo á, að þetta sé mjög augljóslega sanngirnismál. Þetta mundi kosta ríkissjóðs 10—12 þús. kr. fjárframlag. Hefur hv. fjvn. talið það svo sjálfsagðan hlut, að þetta frv. verði að l., að hv. fjvn. hefur nú flutt brtt. við fjárl. um, að 12 þús. kr. upphæð sé tekin upp á útgjaldahlið fjárl., til þess að mæta þessum væntanlegu útgjöldum, ef frv. þetta verður samþ.

Sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Ég geri ráð fyrir, að viðkomandi meðferð þessa máls komi fram réttur skilningur hv. þm. gagnvart þessari viðleitni sjómanna og útgerðarmanna í Bolungavík um að tryggja afkomu sjómanna, þegar aflabrest ber að höndum, sem þeir sýndu löngu áður en lög voru sett um þetta efni almennt í landinu, og þar sem útgerðarmenn og sjómenn þar á staðnum hafa að langmestu leyti haldið uppi þessari starfsemi með eigin framlögum, en starfsemin hefur þó fengið nokkra viðurkenningu af löggjafarvaldinu, þar sem sjóðurinn hefur fengið framlag nokkurt úr ríkissjóði gegnum l. um hlutatryggingafélög, — og ég vænti þess vegna, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 748).

---

53. Hafnargerðir og lendingarbætur (frv. ÁÁ).

Á 88. fundi í Nd., 25. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [147. mál] (þmfrv., A. 578).

Á 89. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til sjútvn. að lokinni umr., eins og venja er um hafnarmál.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og **til sjútvn. með 24 shlj. atkv.**

Á 95. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, n. 626).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, n. 683).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af hv. þm. V-Ísf. og er um það, að Hjarðardalsbót í Önundarfirði verði tekin upp í hafnarlög. Það er þörf á, að þarna verði byggð lítil bryggja, sem fært sé vélbátum að leggjast að, einkum sökum mjólkurflutninga úr þessu héraði, sem þarna liggur að, til Ísafjarðarkaupstaðar að vetrinum, en þá verður þar mjólkurþurrð að jafnaði. Það mætti kannske segja, að hægt væri að afskipa þessari mjólk við bryggju á Flateyri. En það kostar bændur við innanverðan og vestanverðan Önundarfjörð að fara inn fyrir fjörðinn með hana og svo út með firðinum til Flateyrar, sem mundi kosta mikið. Ef hægt væri hins vegar að skipa mjólkinni út við Hjarðardalsbót, mundi framleiðslukostnaður bænda í Önundarfirði minnka mikið við það mikla hagræði. Telur sjútvn., að ekki verði meiri kostnaður við bryggjugerð þarna en svo, að sjálfsagt sé að samþ. þetta frv. og greiða þannig fyrir afurðasölu bænda þarna í Önundarfirði. — Hv. flm. frv. hefur upplýst, að í Hjarðardal í Önundarfirði er löggiltur verzlunarstaður síðan 1936.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil bara benda á, að ég er í mjög miklum vafa um það, hvort það er rétt stefna, sem Alþ. hefur fylgt og kemur fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, að vera að búa til lendingarbætur hverja ofan í aðra, kosta til þess að gera hafnargerðir og lendingarbætur hverja, svo að segja, við aðra. Sums staðar eru ekki nema 7—10 km. á milli bryggjugerða. Og þessi bryggjugerð, sem hér er um að ræða í þessu frv., er bara hinum megin við mjög mjóan fjörð, þar sem Flateyri er annars vegar. — Ég tel ákaflega vafasamt, að þetta sé rétt stefna. Ég veit ekki, hvað mundi kosta bryggjugerð þarna. En ég hef lent í Hjarðardalsbót og orðið að vaða í land, af því að þar var svo grunnt, að ekki var hægt að lenda báti, hvernig svo sem aðstaðan er þar til lendingarbóta. (*HV:* Það er af því, að þar hefur vantað bryggju.) En hvað á bryggjan að ná langt fram á þessum stað, og hvernig er aðstaðan þarna til bryggjugerðar? Það hefur ekki verið rannsakað. Ég tel það því varhugaverða stefnu, sem kemur fram í þessu frv., og að það sé mikil spurning, hvort lendingarbætur eigi að gera eins víða og gert hefur verið ráð fyrir, eða hvort ekki á heldur að gera þær færri en fullkomnari. Ég tel það mjög til athugunar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég stend upp aðallega vegna þess, að hv. frsm. hefur láðst að geta þess, sem óskað var í sambandi við afgreiðslu málsins í n., að fyrir þessari hv. d. liggur einnig frv. á þskj. 302, sem er frá hv. þm. Str., um að taka Selsvör inn á hafnarl. Að þessi till. til breyt. á hafnarl. var ekki tekin hér upp í þessu þskj., sem hér er um að ræða í sambandi við Hjarðardalsbót í Önundarfirði, er vegna þess, að það hefur orðið að samkomulagi við hv. flm. þess máls, að það mál yrði ekki látið fara lengra, þar sem búizt er við, að aðeins sé tekin fjárveiting til þess staðar í eitt skipti fyrir öll, sem fjvn. hefur fallizt á, að tekin sé upp í fjárl. að þessu sinni, enda tekið fram í brtt. á þskj. 699, að þetta sé í eitt skipti fyrir öll. Þetta vildi ég láta koma fram, vegna þess að ég vil ekki láta líta svo út sem sjútvn. sé andstæð því frv., sem hér var borið fram um þetta, eða á móti því, að þetta sé tekið inn á hafnarlög. En þetta hefur orðið að samkomulagi við hæstv. landbrh., að þessu yrði hagað eins og ég greindi frá.

Út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, vil ég taka fram, að hans ræða var byggð á ákaflega miklum misskilningi. Mér er persónulega kunnugt um, að það fé, sem varið hefur verið til lendingarbóta á landinu, hefur bætt stórkostlega úr fyrir mönnum og létt lífsbaráttuna fyrir þá menn, sem búa úti í dreifbýlinu, og kannske ekkert minna heldur en það, sem gert hefur verið fyrir það fé, sem varið hefur verið til vega og síma. T. d. um nauðsyn bryggjugerða vil ég nefna Örlygshöfn, sem er við Patreksfjörð sunnanverðan, þar sem stórt þorp, Vatneyri, er handan við fjörðinn. Viðkomandi Örlygshöfn er það svo, að þar hafa nokkrir bændur tekið á sig þá þungu byrði að standa undir því að greiða helming af rúmlega 100 þús. kr. kostnaði, sem það kostar að byggja bryggju þarna í Örlygshöfn, svo að hægt sé að hafa daglega mjólkurflutninga þaðan til kaupendanna í þorpinu hinum megin fjarðarins. Þeir, sem þarna selja mjólk, bjuggu áður við þau skilyrði, að þeir urðu að senda með línubyssu línu út til flutningabáts að vetrinum og draga þann veg mjólkurbrúsana gegnum brimgarðinn, áður en þeir fengu þessa hafnarbót. Og ég veit, að hv. 1. þm. N-M. er svo velviljaður bændastétt landsins, að hann ætlast ekki til þess, að bændur landsins búi við slík kjör. Og ég vænti, að þegar hann fær þær upplýsingar, að þetta er ekki eini staðurinn, þar sem líkt þessu stendur á, þá verði hann með því að samþ. þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Frsm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Barð. lýsti hér, að það lá fyrir sjútvn. einnig beiðni um að taka Selsvör inn á lög um hafnargerðir og lendingarbætur. En ég hafði ekki ástæðu til að ræða það atriði hér, þar sem n. lagði ekki til, að því frv. yrði vísað hér til aðgerða þessarar

hv. d., heldur hafði verið tekin upp till. um fé til hafnargerða og lendingarbóta vegna þessa staðar, í eitt skipti fyrir öll, í brtt. við fjárl. Ef það sama hefði fengizt viðkomandi Hjarðardalsbót í Önundarfirði, að tekin hefði verið upp till. um að taka inn á fjárl. greiðslu til bryggjugerðar þar, sem staðið hefði getað undir því, sem þar er fyrirhugað, þá hefði getað farið á sama veg með frv. það, sem hér liggur fyrir nú, eins og um frv. viðkomandi Selsvör. En það fékkst ekki, viðkomandi Hjarðardalsbót í Önundarfirði, og þurfti því að fara með þetta mál inn í hv. þd. hér til þess að reyna að fá þennan stað tekinn inn á hafnarlög, og þá síðar væntanlega tekinn á fjárlög.

Og viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. N-M. var að tala hér í sambandi við þetta mál, þá er ég ákaflega undrandi yfir því að heyra, hvernig afstaða hans er í þessum efnum og til þessa máls, og skil ég bókstaflega ekki afstöðu hans í málinu. Hér er um mikilsverða fjárgreiðslu að ræða, til hagsbóta fyrir bændur við vestanverðan Önundarfjörð. Og ég er sannfærður um, að þeir kunna honum enga þökk fyrir afstöðu hans í málinu — bændur í Valþjófsdal, í Holti og í Bjarnardal og Korpudal o. fl., sem þurfa að koma mjólkinni á markaðsstað að vetrinum. Og það er ekkert vit í því að ætla þeim í framtíðinni að koma sinni mjólk að vetrinum í kringum allan fjörðinn. Og í þessu sambandi skiptir það engu máli, þó að Önundarfjörður sé mjór fjörður. Önundarfjörður er a. m. k. það breiður, að ekki verður stokkið yfir hann, og ekki getur hv. 1. þm. N-M. heldur kastað mjólkurbrúsum yfir hann né aðrir. Og Önundarfjörður er nógu djúpur til þess, að Páll Zóphóníasson veður ekki þann fjörð milli landa. — Það má vel segja, viðkomandi Svalbarðseyri, að þar sé ekki mjög langt á milli hafnargerða. En það er miklu lengra inn fyrir Önundarfjörð til Flateyrar frá Hjarðardalsbót heldur en frá Svalbarðseyri til Akureyrar inn fyrir Eyjafjörð. — Ég nenni ekki að hafa fleiri orð til þess að útskýra þetta fyrir hv. 1. þm. N-M. Hann á að hafa skilning á þörfum bænda í þessu efni, — þó að hér sé ekki um að ræða kynbætur búfjár eða annað það, sem hann fjallar um sjálfur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hreyfði þessari athugasemd til að ræða málið almennt. Og einmitt Svalbarðsströnd og Akureyri eru gott dæmi þess, að ríkisstj. hefur ekki gert rétt, þegar hún baksar við að gera tvær hafnir nærri hvora annarri og meira eða minna ófullkomnar. Ég tel þessa stefnu ekki rétta, sem fylgt er. — Ég tel heldur ekki rétt að gera bryggju á Stóra-Árskógssandi og svo aðra dálítið sunnar og þá þriðju á Dalvík. Þetta er stefna, sem Alþ. hefur fylgt og er á enn. Það getur vel verið, að það sé rétt að hafa þetta svona í Önundarfirði eins og í þessu frv. er gert ráð fyrir, þegar borið er saman við það, sem gert hefur verið. En ég tel þessa stefnu, sem fylgt hefur verið, varhugaverða. Ég tel réttara að hafa góða bryggju á Akureyri heldur en að vera að kasta hundruðum þúsunda í bryggjur á öllum stöðum, þar sem hugsanlegt er, að skip komi að við Eyjafjörð. (*HV:* Þetta frv. er um smábátabryggju, en hér er ekki að ræða um stórt hafnarmannvirki.)

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 749).

---

54. Útsvör.

Á 49. fundi í Ed., 3. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 frá 12. apríl 1945, um útsvör [106. mál] (þmfrv., A. 285).

Á 50. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef borið hér fram frv. um breyt. á vissum ákvæðum útsvarslaganna. Eins og hv. d. er kunnugt, eru ákvæði um það nú í útsvarsl., að skipta skuli útsvari á milli atvinnu- og heimilissveitar eftir vissum nánar ákveðnum reglum, ef maður stundar atvinnu utan heimilissveitar sinnar vissan tíma. Jafnframt eru í l. ákvæði um útsvarsjöfnun, sem koma á í veg fyrir, að menn geti komizt í lægra útsvar með því að skrifa sig til heimilis utan atvinnusveitar. Síðan þessi ákvæði voru sett, hafa orðið miklar breytingar. Á stríðsárunum urðu miklar breytingar á atvinnuháttum, og hin mikla eftirspurn eftir vinnuafli hafði það í för með sér, að það var ekki lengur óhagræði að fá menn úr öðrum sveitum til vinnu. Nú hefur að vísu orðið nokkur breyting á þessu, en þrátt fyrir það er engin ástæða til þess, að þessi ákvæði séu lengur í gildi. Ég vil einnig benda á það, að meginorsökin fyrir útsvarsjöfnuninni mun hafa verið, að nokkuð bar á því, að íbúar Reykjavíkur skrifuðu sig í nágrannahreppunum, þar sem útsvörin voru lægri en í Reykjavík. Á þeim tíma var um talsverðan mun að ræða. Þá var hætta á, að menn reyndu að flýja útsvörin hér í bæ. En nú er orðin gagnger breyting á þessu, þannig að eigi er hægt að tala um neinn mun á útsvarsstiga Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga, og meira að segja er í næsta hreppi hærri útsvarsstigi en í Reykjavík, svo að ekki er ástæða til að ætla, að menn

mundu sjá sér hag í því, þótt horfið væri frá varúðarákvæðum l., að láta skrifa sig til heimilis í nágrannahreppunum.

Þá vil ég benda á, að heimilissveitir manna hafa margháttuð útgjöld af íbúum sínum. Þessi kostnaður hefur vaxið mjög í sambandi við l. um almannatryggingar, en skv. þeim þurfa nú öll sveitarfélög landsins að greiða mjög ríflega fjárhæð til þeirra á hverju ári. Þessu fé er engan veginn skipt í hlutfalli við útsvörin, heldur er þar um önnur sjónarmið að ræða: tölu íbúa, fasteignamat og skattskyldar tekjur. En til þess er ekkert tillit tekið, þótt sveitarfélög missi meiri og minni hlut útsvarstekna sinna til atvinnusveitar íbúanna, sem algerlega er laus við umrædd útgjöld o. fl. Þetta hefur komið niður á sveitarfélögunum kringum Reykjavík, og um sum þeirra er svo háttað, að þau þurfa að skila til Reykjavíkurbæjar um helmingi af heildarútsvörum sínum, en þó þurfa sveitarfélögin að greiða af fé þessu þarfir íbúa sinna, þ. á m. til tryggginganna. Þessi útsvarsskipting er orðin slík byrði, að sveitarfélögunum verður um megn að rísa þar undir. Ég vil geta þess líka, að heildarútkoman, þegar skiptingin hefur verið gerð, er eigi heldur stórvægileg á neinum stað, nema þá helzt hér í nágrenni Reykjavíkur. Hefur mér skilizt, að eftir því, hversu mikil vinna er í skiptingu útsvaranna milli sveitarfélaga, þá séu eigi mörg sveitarfélög á landinu, er þetta skiptir miklu máli.

Ég held, að á þessu stigi málsins sé eigi ástæða til að fara nánar út í frv., en ég legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Mun ég gera frekari grein fyrir málinu síðar, ef tilefni gefst til þess.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Eins og hv. flm. tók fram, geri ég ráð fyrir, að þessar flóknu reglur hafi minni þýðingu en ætla mætti. Því skiptir litlu máli, hvort þær eru hafðar í l. eða ekki. En mér skilst, að fyrir einstök sveitarfélög geti þetta haft töluverð áhrif. Væri því eðlilegt, áður en Alþ. tekur afstöðu til málsins, að leitað yrði umsagnar þeirra sveitarfélaga, sem helzt koma til mála, en þau skilst mér vera annars vegar Reykjavík og hins vegar sveitarfélög í námunda við hana. Það mundi eigi tefja málið mikið, þótt svo yrði gert, og þá yrði líka leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, þar eð núverandi form. þess er skrifstofustjóri félmrn. Vil ég benda hv. n., er málið fær til meðferðar, á að hafa þessa aðferð við rannsókn málsins. Hér er mál á ferðinni, sem varðar fyrst og fremst viðskipti sveitanna innbyrðis, og er því eðlilegt, að sveitarfélögin fái að láta skoðun sína í ljós. Og í trausti þess, að þetta verði gert, greiði ég atkv. með frv. til 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Hv. þm., sem er flm. þessa frv., mun hafa starfað í mþn. þeirri, er hafði endurskoðun útsvars- og skattal. með höndum. Hefði ég viljað heyra, hvað hin ýmsu sveitarfélög, sem ég geri ráð fyrir, að leitað hafi verið til um umsögn á málinu, hafi um þetta sagt, áður en flanað væri að setningu nýrra l. Eins og hér hefur komið fram, m. a. hjá hæstv. dómsmrh., þá halda menn, að þetta mál skipti helzt Reykjavík og nágrannasveitir hennar. Þetta er þó mikill misskilningur. Málið skiptir fjölda sveita, t. d. Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem eru viðlegubátar á vertíðinni, Siglufjörð, en þangað koma menn, sem hafa miklar tekjur á skömmum tíma, og þetta skiptir fyrst og fremst alla þá atvinnustaði, sem missa tekjur vegna aðkomumanna, sem eru þar hluta úr árinu, og fá hluta af útsvörum þeirra. Og þetta á einnig við um þá hreppa, sem menn koma frá. Þarf því að athuga málið. — Þá vil ég líka spyrja, hvaða réttlæti sé í því, að Hafnarfjarðarkaupstaður eigi að fá allt útsvar vitamálastjórans, sem er búsettur þar, en stundar atvinnu sína í Reykjavík. Eða tökum sem dæmi bankastjóra, sem á heima í nágrenni bæjarins, en vinnur í öðru sveitarfélagi, sem fær ekkert af útsvari hans. Slík dæmi eru líka til úti á landi. Ég er ekki viss um, að hætta eigi að skipta útsvörunum. Ég viðurkenni, að snúningur sé á þessu og vafamál, hvernig þetta eigi að gerast, og erfitt sé að segja, hvar lögheimili mannanna sé. Vegna þessa má ég segja hið sama sem á síðasta þ., held ég, þegar útsvarsl. voru til meðferðar, að eitt hið fyrsta, sem gera eigi, sé að fá skýrari ákvæði um, hvar lögheimili manna sé, enda eru hæstaréttardómar komnir um þetta. Er oft og einatt sama vafaatriðið með einmitt þessa menn, sem reynt er að fá upplýst um, hvar lögheimili eigi. Um þessa menn þarf því skýrari ákvæði í l. Þá er nýlega komin upp deila um, að ýmsir eru farnir að gera kröfur um skiptingu á útsvörum embættismanna milli sveitarfélaga. Nefnum t. d. lækni, er störfum gegnir í þrem læknishéruðum. Hann hefur full laun á einum stað, en á hinum tveim er hann settur, og þar fær hann hálf laun. Þá segja þau héruð: Hann er héraðslæknir okkar, og eigum við því rétt á hluta af útsvari hans. — Svo eru líka prestar, sem skipaðir eru á einum stað, en settir á öðrum stöðum. Þá koma hreppsfélögin, þar sem prestssetrið er ekki, og segja, að presturinn hafi hálf prestslaun hjá þeim og eigi þau því heimtingu á hluta af útsvari hans. Þetta hefur einu sinni komið fyrir áður, en núna eru til fleiri slík tilfelli. Ég veit, að þetta er oft vafamál. En hætta liggur í þessu og bætir lítið um. Á hinn bóginn er það mesti misskilningur, að þetta nái aðeins til Reykjavíkur. Þannig er ástatt í langflestum hreppum úti um land að einhverju leyti.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir tilmæli hæstv. dómsmrh., að n. sú, sem málið fær til meðferðar, sendi það til umsagnar þeirra aðila, er hafa aðstöðu til að láta í té umsögn um frv. þetta sem fljótast. Er sjálfsagt, að Reykjavík og hrepparnir í nágrenni hennar fái það til meðferðar. Svo vil ég og benda n. á, að sjálfsagt verður, að sveitarfélagasambandið fái málið líka til umsagnar. Málið hefur verið rætt þar, og mér er eigi grunlaust um, að samkomulag muni vera innan þess um það.

Út af ummælum og spurningu hv. 1. þm. N-M. (PZ) vegna starfa mþn. vil ég taka fram,

að misskilningur er, að hún hafi haft útsvarsl. sérstaklega til meðferðar, en ráðgert var, að n. athugaði þau í sambandi við endurskoðun skattal. En svo var ráðgert í upphafi starfa hennar, að hún héldi sér einvörðungu við skattal. Útsvarsl. voru því eigi athuguð í n., eða annað, og kynnti hún sér eigi afstöðu sveitarfélaganna í því efni.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að þetta skipti ótal fleiri sveitarfélög máli en þau, er ég hef bent á. Raunar getur verið, að þetta skipti þau einhverju máli. En eftir þeim upplýsingum, er ég hef fengið, veit ég ekki betur en útkoman úr slíkri skiptingu mundi eigi svara kostnaði eða fyrirhöfn nema hér í nágrenninu. Hv. þm. nefndi Siglufjörð sem dæmi. Í fljótu bragði kann að líta svo út sem það sé rétt, en hefðum við tölur til taks, þá held ég, að við sæjum, að þetta skipti minna fyrir Siglufjörð en það skiptir einstaklinga að starfa utan heimilissveitar sinnar a. m. k. þrjá mánuði af árinu eða vera þann tíma lögskráðir á skip utan heimilissveitar sinnar. Það er vitað, að sjómenn og síldarfólk er sjaldan eða aldrei þann tíma á Siglufirði. (*PZ:* Þeir munu þó vera skráðir í þrjá mánuði á skip.) Ég held, að Siglfirðingar hafi aldrei farið fram á skiptingu útsvara. Þess eru a. m. k. engin dæmi. Kann að vera, að svo sé í Hornafirði, en ég efast um það.

Þá minntist hv. þm. á tvö sérstök og alveg sláandi dæmi: Hvað réttlætti það, að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi allt útsvar vitamálastjórans, og hvað hitt, að eitthvert sveitarfélag fái útsvar bankastjóra, sem vinnur annars staðar. Þetta er fullt réttlæti, því að búsetusveitarfélögin þurfa að bera allan kostnað vegna þessara manna. Þau þurfa að sjá fyrir skóla handa börnum þeirra, leggja vegi o. s. frv. Auk þess þurfa þau að greiða skatt til almannatrygginganna fyrir hvern mann innan hvers sveitarfélags. Er því sjálfsagt réttlæti í því, að þessi sveitarfélög fái tekjurnar af útsvörum þessara manna. Ég held því, að þessi dæmi, sem hv. þm. nefndi, sanni fyllilega réttmæti þessa frv.

En að lokum vil ég taka undir tilmæli hæstv. dómsmrh., þau, að frv. verði frá hv. allshn. látið ganga til umsagnar Reykjavíkurbæjar og annarra sveitarfélaga og félmrn., og er mér ekki grunlaust um, að það gæti leitt til farsælla lykta á málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 12. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 88. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 285, n. 508 og 524).

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þetta mál, frv. um breyt. á l. um útsvör, og klofnaði n. um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með einni breyt., en minni hl. leggur til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá. Ég hef að vísu ekki séð álit minni hl. enn — jú, það er verið að útbýta því; hann leggur til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá. — N. sendi frv. 4 aðilum til umsagnar, og höfðu svör borizt frá þeim öllum, er n. tók málið til afgreiðslu. Svörin voru löng og ýtarleg, og þótti meiri hl. rétt að láta prenta þau sem fylgiskjöl með nál., svo að þm. gætu átt þess kost að kynna sér þau sem rækilegast. Niðurstaðan í svari Sambands íslenzkra sveitarfélaga er sú, að sambandið telur æskilegast, að frv. frá 1947 verði samþ. með þeim breyt., sem fulltrúaráðsfundurinn leggur til, m. a. þeirri, að skipting útsvara verði felld niður. Í svari hreppsn. Kópavopshrepps kemur aftur berlega í ljós, að hreppsn. telur æskilegt, að frv. milliþn. frá 1947 yrði afgreitt frá þinginu, og hafði hún ritað þáv. félmrh., Ólafi Thors, um málið. — Í svari félmrn., sem prentað er sem fskj. nr. 5 á bls. 9 í nál., er tekið fram, að ráðuneytið hafi talið þýðingarlaust að leggja frv. fyrir Alþ. vegna þess, að sú n., sem hefði málið til meðferðar á Alþ., teldi rétt, að skattalögin væru tekin til endurskoðunar samtímis, en endurskoðun skattalöggjafarinnar væri ekki lokið og óráðið, hvenær það frv. yrði lagt fyrir Alþ. Að fengnu þessu svari félmrn. sýnist þannig ekki önnur leið fær en að afgreiða það frv., sem hér liggur fyrir. Hreppsn. Kópavogshrepps leggur ríka áherzlu á, að þetta frv. fái afgreiðslu nú, og sýnir fram á, að skipting útsvara hafi kostað hreppinn talsvert á aðra millj. kr., og telur sér brýna þörf á að fá skiptinguna niður fellda. — Svar hreppsn. Seltjarnarneshrepps er stutt og laggott. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Vegna bréfs yðar, dags. 10. febr. 1950, varðandi breytingar á lögum nr. 66 frá 12. apríl 1945, vil ég taka fram:

Hreppsnefndin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir mjög eindregið með, að það verði samþykkt sem lög, eins fljótt og unnt er.“

Fjórða svarið, frá bæjarráði Rvíkur, er langt og ýtarlegt, og er í því viðurkennt, að tryggja beri rétt heimilissveitar til útsvarsskyldu og skattheimtu, og niðurstaðan er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framanrituðu má sjá, að bæjarráð Reykjavíkur hefur ekki á móti því, þrátt fyrir rökstuðning flm. þessa frv., að réttur atvinnusveitar til útsvarsskiptingar væri numinn úr lögum, en bendir jafnframt á hættuna, sem af því getur stafað, einkum fyrir fjölbyggð sveitarfélög.“ Um þetta vandkvæði, sem bæjarráð telur þetta bundið, segir svo á blaðsíðu 2: „Frá sjónarmiði kaupstaða sýnist þó einkum varhugavert að afnema skiptireglurnar með öllu vegna hættunnar, sem á því er, að á næsta leiti myndist byggðarlög gjaldþegna, sem að vísu ynnu öll sín störf í kaupstaðnum og hefðu þar allar tekjur sínar, en teldu sér hagkvæmara vegna skattþungans að búa utanbæjar“ — og: „verði frv. samþykkt, réttur atvinnusveitar til útsvarsskiptingar afnuminn, skapast vafalaust skilyrði í báðum þessum hreppum til verulegrar útsvarslækkunar, og þá jafnframt skilyrði fyrir „góða“ gjaldendur í Reykjavík

til að flytjast búferlum, sbr. það, sem áður var sagt."

Meiri hl. n. getur fallizt á, að það, sem hér er sagt, eigi við nokkur rök að styðjast, og hefur því samþykkt að flytja brtt. við frv. til þess að útiloka með öllu hættu þá, sem þarna er bent á. Ef það tekst, er engin hætta fyrir Rvík, þótt frv. verði samþ. Það gæti verið um útsvarsflótta að ræða í einstaka tilfelli, en till. þessi fyrirbyggir þann hugsanlega möguleika, að menn vildu flýja hærra útsvar í Rvík til nágrannasveitar, en stunda þó hér atvinnu. Telur n. nóg að gert til að fyrirbyggja það með svo hljóðandi brtt. við frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en í atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit.

Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum."

Ef þetta ákvæði kemst inn í lögin, þá verður að teljast tryggt, að útsvör í nágrannasveitum Rvíkur verði jafnhá og þar, og er þá ástæðulaust fyrir nokkurn mann að búsetja sig fremur þar en í Rvík, enda er þetta orðið svo víða í nágrannasveitum hennar og ekki líkur til, að frá því verði horfið aftur.

Aðrar mótbárur, sem kynnu að verða færðar fram gegn þessu, væri t. d. það, að ef þetta eina atriði væri tekið út úr, mundi það tefja fyrir endurskoðun útsvarslöggjafarinnar í heild. En ég get ekki séð það, að þetta hefði minnstu áhrif til þess að tefja það eða seinka því. Þetta mun þó vera aðalröksemd minni hl. fyrir afstöðu hans.

Niðurstaða þeirra aðila, sem til hefur verið leitað um álit á frv., er sú, að þeir hafa engin mótmæli fram að færa gegn afgreiðslu þess, heldur eiginlega samhljóða meðmæli, nema Reykjavík vill tryggja, að ekki geti orðið um útsvarsflótta að ræða til nágrannasveitanna, en fyrir því er sem sagt séð, að sá flótti verði fyrirbyggður, með þeirri brtt., sem ég hef gert grein fyrir. — Það er kunnugt, að það hefur gengið allerfiðlega að fá greidda útsvarshluta frá öðrum sveitarfélögum, og vilja sjálfsagt allir sveitarstjórar losna við þann eltingaleik og þá skriffinnsku, sem því er samfara.

Þá vil ég aðeins líta á þann siðferðislega grundvöll, sem þyrfti að vera undir allri skiptingu útsvara. Þegar atvinna er sótt úr einu sveitarfélagi í annað, af því að eftirspurn er eftir vinnuafli í sveitarfélaginu, sem leitað er til, en tæp atvinna í hinu, þá ber á það að líta, að slíkt sveitarfélag þolir illa að missa af útsvarstekjum sínum, samanborið við það sveitarfélag, þar sem atvinnulíf er með blóma. Auk þess verða viðkomandi aðilar oft að stunda atvinnu fjarri sinni heimasveit með ærnum tilkostnaði. Hinn hluturinn í þessu er svo sá, að kveði að því að ráði, að sveitarfélög veiti aðkomumönnum atvinnu, þá er þar venjulega hver hönd að starfi. Slíkt sveitarfélag hlýtur að standa mjög vel að vígi með útsvarstekjur, og er sízt ástæða til þess að það fái hluta af tekjum sveitarfélaga, sem hafa naumar útsvarsgreiðslur. Verður skiptingin þannig þveröfug við það, sem ástæða virðist til. Tekjur eru teknar af sveitarfélögum, þar sem atvinnulíf er í kaldakoli, og fluttar til hinna, þar sem atvinnulíf er í blóma. Jöfnunarsjóður sveitarfélaganna starfar því öfugt við þetta, og væri því sízt að harma, að hans hlutverk væri minna eftir að búið er að nema úr gildi þessi ákvæði útsvarslaganna.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv., en mér sýnast öll rök hníga að því, að það verði samþ., og meiri hl. n. hefur tekið til greina þá einu mótbáru, sem komið hefur fram, sem sé þá, að möguleiki sé á útsvarsflótta vegna skiptingarinnar, og hefur n. útilokað þann möguleika með brtt. sinni á þskj. 508. Mér finnst vera búið að bíða nægilega lengi eftir leiðréttingu á misræmi því, sem er við álagningu útsvara, og ég sé ekki ástæðu til þess, að beðið sé eftir því, að ríkisstj. leggi fram frv. um skattalöggjöfina, sem verið er að endurskoða.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Eins og segir í nál. á þskj. 524, höfum við hv. 11. landsk. þm. ekki getað orðið samferða meðnm. okkar um afgreiðslu þessa máls. Ástæðan er aðallega sú, að útsvars- og skattalöggjöfin er orðin svo margbrotin, að erfitt er að gera sér grein fyrir, hver áhrif það muni hafa, þegar einstök ákvæði hennar eru tekin út, án þess að heildarskoðun skattalöggjafarinnar sé tekin um leið. Það hefur verið unnið að því undanfarið að bæta löggjöfina á þessu sviði, og það hefur tvívegis verið lagt fram frv. til breyt. á útsvarsl., en ekki verið samþykkt, vegna þess að nauðsynlegt hefur verið talið að breyta skattalöggjöfinni samtímis og endurskoðun hennar fari fram um leið. Þeirri endurskoðun er ekki lokið, en hlýtur nú brátt að verða lokið. Mér er það ljóst, að skipting útsvaranna milli staða kann á einstöku stöðum að verka óeðlilega og jafnvel til tjóns, en þetta fyrirkomulag, sem tekið var upp á sínum tíma, þótti nauðsynlegt, og ef nú kunna að finnast einhverjar betri reglur til þess að fara eftir, þá á að setja þær um leið og skattalöggjöfinni í heild er breytt. Ég veit það t. d. viðvíkjandi minu kjördæmi, Seyðisfirði, að þá mundi þessi breyt. verka til óhagræðis vegna útgerðar botnvörpungsins Ísólfs. Einmitt þetta sýnir það ljóslega, að það er ekki rétt hjá hv. 6. landsk. þm., að atvinna sé alltaf nóg í bænum, þegar utanbæjarmenn sæki þangað atvinnu. Á Seyðisfirði vantaði æfða togarasjómenn, því að ekki er fært að halda úti togara nema mennirnir séu æfðir, en það væri þá ekki hægt fyrir Seyðisfjörð nema að fá menn úr öðrum stöðum, að minnsta kosti fyrst í stað. Ég geri einnig ráð fyrir því, þó að ég viti það nú reyndar ekki með vissu, að þessi breyting mundi verka mjög illa á Siglufjörð, því að það er vitað, að slíkir

staðir þurfa að leggja í mikinn kostnað vegna framkvæmda, sem nauðsynlegar eru fyrir þann tíma árs, sem atvinna er þar rekin, og hún er rekin að miklu leyti af mönnum, sem ekki eiga heima þar. Ég vil leyfa mér að benda á það, að sá aðilinn, sem ætti að vera einna viðsýnastur um þetta efni, Samband íslenzkra sveitarfélaga, tekur það fram í fskj. II. í nál. meiri hl. allshn., að stjórnin telur, að það verði að skoðast vafasamur vinningur við útsvarslöggjöfina í heild að samþ. frv. á þskj. 285, því að samþykkt þess geti tafið fyrir nauðsynlegum breyt. á l. Þetta höfum við tekið upp í nál. minni hl., að viðsjárvert sé að taka þetta eina ákvæði út af fyrir sig og breyta því, því að það geti tafið fyrir nauðsynlegri endurskoðun á útsvars- og skattal. Ég tel því, að það sé upplýst, að þessi skiptingarregla sé til óhagræðis, og þess vegna tel ég rétt, að ekki sé flanað að samþykkt frv., en tel rétt, að málið fái sinn gang og fari í gegnum hendur þeirra aðila, sem meiri þekkingu hafa á þessum málum en hægt er að ætlast til af einni þn., og leggjum við þess vegna til, að málið verði afgreitt með þeirri rökst. dagskrá, sem greinir á þskj. 524.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég fyrir mitt leyti held því fram, að þær breyt., sem hér um ræðir, sé ekki hægt að gera á þessum tíma árs, nema að gera þá jafnframt fleiri. Nú erum við komnir í miðjan apríl. Í febrúar töldum við fram til skattsins og samvizkusamir oddvitar eru nú búnir að gefa út tilkynningar um kröfur hreppa sinna um greiðslur utanhreppamanna og hafa gert ráð fyrir kröfum annarra hreppa á skattgreiðendur í viðkomandi hreppi. Ég sá t. d., að Seltjarnarneshreppur gerir ráð fyrir, að menn þar búsettir greiði 100 þús. til annarra sveitar- og bæjarfélaga, en með þessu er verið að eyðileggja meira og minna af þeim ráðstöfunum, sem þessir hreppar eru búnir að gera. Nú er það ófrávíkjanleg regla, að kröfurnar verði að vera komnar áður en útsvari er jafnað niður. Það hefur verið gert ráð fyrir þeim og tillit hefur verið tekið til þeirra og ráðstafanir gerðar til þess að standa við kröfur annarra hreppa. Sem sagt, það er víðast hvar, þar sem samvizkusamir menn eru annars vegar, búið að gera þessar ráðstafanir. Það eru bara kaupstaðirnir, sem gera þetta eftir dúk og disk og alltaf eru á eftir með útreikning og niðurjöfnun útsvaranna og þó sérstaklega Reykjavík. Þess vegna er ekki hægt að gera þessa breytingu núna. Það er ekki hægt að gera hana nema seint á árinu, þannig að oddvitarnir geti fengið að vita um hana áður en þeir eiga að vera búnir að gera áætlanir um tekjur og gjöld hreppsins og jafna niður útsvörunum. Ef það á að breyta þessu nú, þá þarf að setja bráðabirgðaákvæði um það, þar sem búið er að jafna niður, og önnur um það, þar sem verið er að ljúka því, en mér er ekki ljóst núna, hvernig það ákvæði ætti að vera, en ég veit, að ef það verður ekki gert, þá setjum við allt í hreina vitleysu. Við skulum t. d. taka Seltjarnarneshreppinn. Þá setjum við hann í þá aðstöðu, að sú áætlun, sem hann hefur gert um tekjuvon hreppsins og reynt að fullnægja við niðurjöfnun útsvara, væri fallin niður. Ég var seinast í gær að skipta útsvari á milli 4 hreppa, þar sem skali Reykjavíkur var notaður deildur með tveimur, svo að af því geta menn séð, hve mikill mismunur er á skölunum. Hins vegar er það svo, að ég tel það augljóst, að hlutur sveitarfélaga, ⅓, sé of lítill, og get ég að því leyti fallizt á, að það ákvæði sé fellt niður, en bara ekki á þessum tíma árs, því að það yrði allt of miklum erfiðleikum bundið og veldur ranglæti. Það verður að gera þá breytingu seinast á árinu.

Annað í þessu sambandi, sem við verðum að gera okkur ljóst, er það, að dómendur hafa fært sig meira og meira í þá átt að viðurkenna útsvar í þeirri sveit, þar sem atvinna er. Það er nýlega genginn dómur um þetta efni, sem sannar þetta enn betur. Það var piltur, sem atvinnu hefur stundað í Reykjavík, en hann var búsettur hjá foreldrum sínum í Hafnarfirði. Stundum vann hann hér í Reykjavík og stundum suður í Hafnarfirði, en núna síðustu 2 árin mest í Reykjavík. Fyrra árið er útsvarinu skipt, en annað árið er útsvarið lagt á í Reykjavík, og dómarinn kveður upp þann úrskurð, að hann eigi heima í Reykjavík og eigi þar að greiða útsvar sitt. Og þannig er það, að dómar falla nú meira og meira í þessa átt. Hann er dæmdur til í þessu tilfelli, þessi piltur, að telja sig eiga lögheimili í atvinnusveit, án tillits til þess, hvað hann sjálfur vill. Það, sem fyrst og fremst vantar, eru ákvæði um heimilisfesti og hvað til þess þarf að eiga lögheimili. Ef till. meiri hl. verður samþ., þá vil ég benda á, að það er oft ekki létt verk eða illmögulegt að vita mismuninn á þunga útsvaranna í einstökum hreppum, vegna þess, hve mismunandi skalarnir eru, sem notaðir eru. T. d. voru útsvör, sem við vorum með í gær, reiknuð þannig, að skalinn fyrir Reykjavík var notaður deildur með tveimur, en daginn áður vorum við með önnur útsvör, þar sem notaður var hærri skali en í Reykjavík. Þess vegna er það hæpið, að skattanefndir leggi alltaf á mismuninn, eins og þær eiga að gera eftir nýju gr., sem væntanleg er á eftir 12. gr.; það er hæpið, að það komi rétt fram á þennan hátt. Það kynni ef til vill að vera hægt að nota formúlu Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra, en það hefur ekki verið gert. Ég segi þetta bara af þeirri reynslu, sem ég hef fengið af þessu starfi undanfarin ár. Annars er það nú svo, að útsvarsskiptingin hefur farið mjög í vöxt, en aðeins lítið brot af henni kemur til ríkisskattan., en það hefur þó aldrei verið eins mikið og nú í ár. Ég held, að það sé nauðsynlegt að breyta ákvæðum l. þannig, að annaðhvort sé hlutur heimilissveitarinnar aukinn eða skerpt sé á lögunum um heimilisfesti. En að breyta þessu eins og hér er gert ráð fyrir um þetta leyti árs tel ég ekki vera hægt, það er ekki forsvaranlegt, því að með því er verið að koma aftan að hreppum og oddvitum þeim, sem samvizkusamastir eru. Ég sé það, að einn oddviti, sem hér á sæti, hristir höfuðið, en ég skal segja honum það, að um 60 hreppar eru þegar búnir að jafna niður hjá sér, svo að þetta er ekki sagt út í bláinn, þó að nálægir hreppar dragi dám af

Reykjavík að þessu leyti, sem er hreint ekki til fyrirmyndar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Mér þykir það ekki að ófyrirsynju, að þetta frv. er komið hér fram, og tel það ekki óeðlilegt. Ég bar fram frv. á þremur síðastliðnum þingum til breytinga á þessum lögum, þess efnis, að atvinnurekendur, hvort heldur sem þeir væru einstaklingar eða félög, skyldu aðeins greiða útsvar þar, sem þeir eiga lögheimili. Þá átti flm. þessa frv. sæti í allshn., sem þá vísaði því frv. frá sér á sama hátt og hv. minni hl. leggur til, að gert verði við þetta frv., á þeim grundvelli, að hættulegt gæti verið að samþykkja einstök atriði um breyt. á löggjöfinni án þess að endurskoða og breyta henni allri. Á þessum grundvelli var þessi hv. þm. með því að vísa málinu frá. Þannig fór það í tvö skipti, en í þriðja skiptið náði það fram að ganga, en þó þannig breytt, að ríkisskattanefnd taldi það vafasamt, hvort hún ætti að hlíta ákvæðum þess. Ég vil aðeins nefna það sem dæmi, að einn atvinnurekandi, sem átti heimili úti á landi og hafði stórkostlegan atvinnurekstur, hann átti skip, sem stundum hefur gengið og stundum ekki. Undanfarið hefur það legið hér í Reykjavík, án þess að hafa þó nokkurn tíma farið héðan til veiða, en ríkisskattanefnd hefur þó úrskurðað útsvar á þetta skip frá Rvík, þó að það sé þvert ofan í fyrirmæli l. og þetta fyrirtæki hafi aldrei rekið atvinnu hér í Rvík.

Mér er það líka ljóst, að nauðsynlegt er að breyta útsvarsl. meira en hér er gert ráð fyrir. Það verður að setja um það skýr ákvæði, hvaða rétt skattþegninn á, og það verður enn fremur að setja um það skýr ákvæði, hvaða rétt skattanefndirnar eiga. Ég hef alltaf skilið lögin þannig, að skattan. ætti að vera réttlátur dómari, en ekki að taka taum eins aðila, einkum þegar þess er gætt, að ekki er hægt að áfrýja dómum hennar um upphæðir. En veit nokkur dæmi um það, að skattaðili fái að verja sig gegn þessari nefnd? Það eru kveðnir upp dómar af henni, en það fylgja engar greinargerðir þeim dómum. Er það í raun og veru hægt fyrir skattþegn að beygja sig undir slíkt? Nei, ég er því sammála hv. minni hl. um, að nauðsynlegt sé að breyta l., en ég er ósammála honum um það, að ekki sé hægt að breyta einstökum atriðum, án þess að heildarskoðun skattalöggjafarinnar sé tekin um leið, en það eru sömu rökin og beitt var, þegar ég var að flytja mínar brtt. við lögin. Þá var málinu vísað frá á sömu forsendu, að það væri ekki rétt að breyta einstökum atriðum, heldur ætti að bíða eftir heildarendurskoðun á löggjöfinni, sem er mjög óréttlát og þarfnast breytinga. En það er ekki rétt, því að með því að vísa málinu frá er auðvitað ekki verið að flýta fyrir endurbótum á lögunum. Það er því misskilningur að vísa frv. frá á þeim grundvelli. Hins vegar væri og er rétt að hafna því, ef það er efnislega séð ekki til bóta. En ef það á að bíða eftir því að gera réttlátar breytingar á l., að endurskoðun þeirra sé lokið og frv. með hliðsjón af henni lögð fram, þá er ég hræddur um, að við mættum bíða lengi. En það, sem ræður því, að þessir menn vilja halda í lögin, er það, að þeir kæra sig ekki um réttlæti í ákvæðum þeirra, þeir eru ekki fúsir til þess að koma með frv., það verður að draga það út með töngum.

Ég mun fylgja frv. óbreyttu, eins og það liggur fyrir á þskj. 285, en mun hins vegar greiða atkvæði á móti brtt. meiri hl. allshn., og tel ég það vera stórkostlegt réttlætismál eins og það er í upphafi, en ef einhverjir aðilar eru óánægðir, þá er rétt að leyfa þeim að sækja á. Ástæðan til þess, að ég get ekki fellt mig við brtt. meiri hl., er sú, að ég tel rétt, að þar, sem menn eigi heimilisfesti, þar eigi menn að greiða útsvör og hvergi annars staðar. Það er búið að leggja svo miklar kvaðir á heimilissveitina, að það er ranglátt að taka þær tekjur, sem hún getur haft af sínum heimilisföstu þegnum. Ég er líka á móti því, af því að ég skil ekki, hvernig hægt er að framkvæma það, sem hv. flm. ætlast til, ef brtt, verður samþ. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en atvinnusveit, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit."

Hver er kominn til að segja, hvað hann á að greiða í heimilissveit? Þetta er rökvilla hjá meiri hl.

Þá stendur enn fremur: „Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum." Má þá skjóta þessu til ríkisskattanefndar? Eða eiga hv. flm. við, að það sé ríkisskattanefnd, sem þeir kalla yfirskattanefnd? Ef svo er, þá er eðlilegt að taka það fram eins og það er. Eftir hverju á að leggja þetta útsvar á? Það er enginn löggiltur mælikvarði, hvað á að greiða í útsvör. Hann er aðeins hafður til hliðsjónar, hvað eigi að taka af mönnum minnst, en það er takmarkalaust, hvað leyfilegt sé að taka mest. Nú hafa mörg sveitarfélög farið inn á þá lögleysu að leggja veltuútsvar á hreinan taprekstur, eða hvar eru l. fyrir því, að megi fara svo að? Bæjar- og sveitarfélög leggja á eftir því, sem þeim sýnist, án þess að farið sé eftir nokkrum föstum reglum. Þess vegna er ómögulegt að hafa þessa gr. nema um leið sé löggilt, að ekki megi fara út fyrir ákveðinn ramma, sem birtur er opinberlega, svo að menn viti þó, að það megi ekki taka meiri útsvör en svo og svo. Mér finnst því ótækt að hafa þessa gr. eins og hún er sett hér fram sem breyt. við frv. og mun greiða atkv. á móti því.

Ég sé, að minni hl. vill láta vísa málinu frá, vegna þess að það þurfi að athuga l. í heild. Ég hef gert grein fyrir því, hvers vegna ég sjái ekki ástæðu til að fallast á þá skoðun. Hv. frsm. telur, að útsvars- og skattalögin séu svo margbrotin, að erfitt sé að gera sér grein fyrir, hvernig einstakar breyt. kæmu til með að verka. Sé það rétt, er óforsvaranlegt, jafnvel

af minni hl., að leggja ekki vinnu í að breyta þeim ákvæðum þessarar löggjafar, sem er blettur fyrir þjóðina að hafa, og breyta þeim þannig, að það falli inn í þá nýju löggjöf, sérstaklega þegar um tvo lögfræðinga er að ræða í þessum minni hluta.

Nei, ég held, að það mætti segja um fleiri löggjöf en þessa, að breyt. kynnu að raska löggjöfinni í heild. En við verðum að taka á okkur þá áhættu, og ég er ekki þeirrar skoðunar, að þessi breyt. raski löggjöfinni, nema síður sé, þó að frv. sé samþ. óbreytt, því að það væri réttlæting á því ranglæti, sem hefur staðið allt of lengi.

Hv. frsm. benti á, að þetta væri óhagræði fyrir ákveðin sveitarfélög, m. a. Seyðisfjörð. Ég er ekki á sama máli. Það kann vel að vera, að Seyðisfjörður hafi haft einhverjar tekjur af þessu út af fyrir sig. Hann upplýsti líka, að Seyðisfjörður hefði orðið að sækja til annarra hreppa menn með sérþekkingu. Er það þá réttlátt, ef einhver hreppur er svo illa mönnum búinn, að hann þarf að sækja betri menn til annarra hreppa, að taka líka af þeim hluta af tekjum þeirra? Það er ákaflega skrýtin lögspeki. Mér finnst ekki þurfi að borga Seyðfirðingum fyrir að fá þessa ágætu menn til að kenna þeim að vinna fyrir þá, fyrst þeir höfðu ekki sjálfir manndóm til að hafa menn, sem kunnu til þessara verka. Sama er að segja með Siglufjörð. Það eru því engin rök gegn frv., nema síður sé.

Ég mun því fylgja frv. óbreyttu og greiða atkv. móti brtt., eins og þær liggja fyrir, og tel, að þær séu ekki til bóta, nema síður sé.

Mér finnst einkennileg umsögn, sem hefur komið fram m. a. frá Reykjavíkurbæ, og sýnir hún, hvaða hugsun liggur þar á bak við, þar sem sagt er, að bæjarráðið mundi fyrir sitt leyti telja frv. aðgengilegra, ef jafnframt yrði sett löggjöf um sameiningu Seltjarnarneshrepps við Reykjavík. Ég hef ekki heyrt aðra eins firru. Það er merkilegt, að svona umsögn skuli koma frá leiðandi hreppsfélagi og bæjarfélagi, að bjóða hreppsfélögum upp á að taka frelsið af þeim, hvort þeir vilji vera sér eða sameinast öðrum. Þeir menn hafa ekki þung rök fyrir sínu máli, sem nota þetta sem aðalrök.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða málið nánar á þessu stigi, en mun fylgja frv. óbreyttu og tel, að þannig eigi það að verða samþykkt.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. með þessu frv. með þeirri breyt., sem meiri hl. leggur til á þskj. 508, við 2. gr. Ég fæ ekki betur séð en heildarendurskoðun útsvars- og skattalaga sé jafnauðveld og eðlileg eins fyrir því, þó að þessi breyt. sé gerð á útsvarsl. En ég er sammála minni hl., að það er nauðsyn að endurskoða þessa löggjöf, en ég tel ekki, að þetta frv. torveldi slíkar aðgerðir á nokkurn hátt. Hins vegar þykir mér rétt að taka fram, sérstaklega í sambandi við orð, sem féllu hjá hv. þm. Barð., að ég álít, að það miði að ýmsu leyti í öfuga átt í sveitarstjórnarmálum hjá okkur. Ég álít, að hin tíðu hreppaskipti séu óeðlileg og óheppileg. Mér er engin launung á því, að ég álít eðlilegt, að bæði Seltjarnarneshreppur og Kópavogshreppur séu sameinaðir Reykjavík. Ég álít, að ekki einungis með tilliti til Reykjavíkur, heldur einnig þessara hreppa, sé sú lausn heppilegust. Ég verð að telja það óeðlilegt til frambúðar, að heil hreppsfélög séu þannig sett, að allir íbúar þar eða mikill hluti þeirra eigi atvinnu sína undir rekstri fyrirtækja í öðru sveitarfélagi. Og það verður því hæpnara fyrir þessa hreppa sem meiri og skarpari aðgreining er gerð milli sveitarfélaga, en óneitanlega miðar þetta frv. nokkuð í þá átt. Mér er spurn: Hvar væru íbúar þessara hreppa staddir, ef ráðstafanir væru gerðar til þess að tryggja Reykvíkingum einum atvinnu við þá starfsemi, sem rekin er hér í bænum? Það er augljóst, að afkomuskilyrði þessara hreppa eru ekki bundin við fyrirtæki þeirra út af fyrir sig nema að tiltölulega litlu leyti. Mér þótti rétt að láta þetta koma fram, m. a. vegna ummæla hv. þm. Barð. En eins og ég sagði í upphafi, tel ég, eins og þessum málum er nú háttað, eðlilegt að samþ. þá breyt., sem hér er um að ræða, og mun greiða henni atkv. Ég tel fullkomlega til athugunar, hvort er ekki algerlega skökk sú stefna, sem uppi er nú, að skipta hreppum, strax og þorp kemur, eins og nú hefur mjög verið tíðkað.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. hefur þegar fært að mínu viti nægilega skýr rök fyrir því, að sjálfsagt sé að samþ. þetta frv. eins og það liggur fyrir, með þeim breyt., sem meiri hl. leggur til, að gerðar verði á því. Hv. þm. Barð. hefur tekið svo rækilega undir þau rök, sem liggja að því, að óþarfi er að fara mikið út í þau almennu rök, sem fyrir því eru. Það nægir að benda á, að það liggur í raun og veru fyrir, að allir, sem bezt eru kunnugir sveitarstjórnarmálum og þar með útsvarsmálum, eru orðnir sammála um, að ákvæðin um skiptingu útsvara, eins og þau eru nú, eiga að hverfa. Þar nægir að benda á, að fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga samþykkti þetta fyrir sitt leyti haustið 1947. Nú liggur fyrir umsögn frá bæjarráði Reykjavíkur, stærsta bæjarfélagi landsins, þar sem það er viðurkennt, að núverandi ákvæði útsvarsl. um skiptinguna eigi ekki lengur rétt á sér. Þessi ákvæði hafa verið í l. um nærri aldarfjórðungsskeið, og rökin fyrir því, að þau eigi að hverfa, eru þessi: Tímarnir eru orðnir svo mikið breyttir í fjármálum sveitarfélaganna, að það er ekki hægt að verja það lengur, að þessi ákvæði standi óbreytt, enda hef ég ekki hitt neinn mann, sem er kunnugur fjármálum sveitar- og bæjarfélaga, sem vill verja það ákvæði. Það hefur heldur ekki komið fram í neinni ræðu hér, ekki einu sinni af hálfu minni hl. Hv. frsm. minni hl. allshn. gerði enga tilraun til að verja réttmæti þessara ákvæða eins og þau eru. Rökin eru aðeins þau, að það sé réttara að láta bíða að lagfæra þessi ákvæði, sem allir viðurkenna, að eru óréttlát og röng, en bíða eftir því, sem menn vilja nefna endurskoðun útsvarsl. Hv. frsm. minni hl. orðaði það svo, að endurskoðun útsvarsl. og skattal. væri ekki lokið. Þetta er ekki rétt nema að litlu leyti. Henni er lokið af hendi mþn. þeirrar, er skyldi

rannsaka þetta mál, en hún var sett 1946. Hún lauk störfum og skilaði áliti seint á árinu 1947, og á tveimur undanförnum þingum hefur frv. hennar legið fyrir Alþingi, og það einmitt fyrir allshn. Ed., en hefur í bæði skiptin strandað þar. Endurskoðun útsvarsl. hefur því staðið yfir árum saman og getur gert það enn, ef slík vinnubrögð verða höfð framvegis, sem allshn. Ed. hefur haft.

Á þinginu 1943—44 komu fram frv. til breyt. í þessa átt eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, og 1945 var það sem svar við því, að þau frv. höfðu verið sæfð, að mþn. var sett til að endurskoða l. Endurskoðunin hefur því staðið yfir 5—6 ár nú. Ef minni hl. allshn. vill nú flýta þessari endurskoðun útsvarsl., þá er ekki annað en að gera þær brtt., sem hann óskar. Till. mþn. liggja fyrir, og till. fulltrúaráðs sambands sveitarfélaga liggja einnig fyrir og eru öllum kunnar, ekki sízt n., sem hefur fjallað um þetta mál. Það er því óforsvaranlegt að bera fram þau rök, að það eigi enn að fresta þessari lagabreytingu, vegna þess að endurskoðun útsvarslaganna standi yfir. Það stendur aðeins á þinginu og n., sem hefur haft þetta frv. til meðferðar í tvö undanfarin þing og enn á þessu þingi, með því að þetta frv. hefur komið til hennar. Það stendur því aðeins á nefndinni.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) viðurkenndi, eins og aðrir verða að gera, að fullkomin nauðsyn væri á að breyta núverandi ákvæðum útsvarsl. Hann, sem er þeim málum vel kunnugur, af því að hann er í ríkisskattanefnd, viðurkennir, að þau eigi ekki rétt á sér, eins og þau eru. Honum finnst þó ekki standa svo á árstíma þessa dagana, að þetta sé hægt. Þetta eru undarleg rök. Næst kemur, að ekki megi samþ. lögin, nema sérstaklega standi á tungli. Nú er miður apríl, og ríkisskattanefnd hefur ekki enn þá lokið úrskurðum um skiptikröfur, sem liggja fyrir í hundraðatali frá fyrra ári og eru að koma enn frá yfirskattanefndum. Hann segir, að um 60 sveitarfélög séu búin að ganga frá útsvörunum hjá sér. En ég get fullvissað hann um, að þau sveitarfélög í nágrenni Reykjavíkur, sem mest hafa liðið undir þessum óverjandi ákvæðum, eru ekki búin að ganga frá þeim enn hjá sér. Ég ætla, um þessi sveitarfélög, sem búin eru að ganga frá hjá sér, að það geti ekki haft nokkur veruleg áhrif á þeirra fjárhagsafkomu á þessu ári, því að það er einmitt á sveitarfélögunum í nágrenni bæjanna, sem þessar skiptikröfur mæða mest, og þau geta ekki undirbyggt sínar kröfur um skiptingu, fyrr en búið er að vinna úr framtölum og upplýsingum um atvinnutekjur manna í atvinnusveitinni. Til míns sveitarfélags berast skiptikröfur í hundraðatali á hverju ári, en enn sem komið er er ekki komin nein krafa fyrir þetta ár. Enda þótt gert sé ráð fyrir, að þær séu bornar fram strax eftir áramót, þá er ekki hægt að fylgja því fram fremur en mörgu öðru. L. eru svo úrelt, að engin leið er að fara eftir þeim í mörgum atriðum. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., það eru ekki aðeins þessi ákvæði, sem þarf að endurskoða, heldur einnig fjöldamörg önnur. Það eru því engin rök hjá minni hl. að segja, að þegar þetta ákvæði er úr lögum numið, muni hverfa ástæðan til að reka á eftir endurskoðun. Það er fjöldamargt annað, sem þarfnast endurskoðunar. Ég vil benda hv. form. allshn. á, að hjá n. liggur síðan í desember annað frv., um manntal, sem er mjög nauðsynleg breyt. á ákvæðunum um heimilisfestu manna. N. hefur legið á þessu frv., síðan það kom til hennar, í nokkra mánuði. Það er sérstök ástæða til að láta þetta mál ná fram að ganga nú, því að nú á allsherjarmanntal að fara fram. (*LJóh:* Það er beðið eftir svari hagstofunnar.) Það má vel vera, að það sé einhver afsökun hjá hv. n., en ég held, að það væri þá ástæða til að reka á eftir svari þeirrar ágætu stofnunar til Alþingis.

Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að það er fullkomin ástæða til að endurskoða reglur um niðurjöfnun. Einnig þær ná engri átt, þær eru svo óljósar og óákveðnar, enda snerist starf mþn. mjög mikið um það að rannsaka þær og gera till. um þær.

Þá er það einnig rétt, að það þarf að tryggja, að skattþegnar geti komið málsvörnum fyrir sig fyrir yfirskattanefnd. Þar verður að gilda sama um skattþegnana og þær n., sem starfa að því að leggja byrðar á menn.

Hv. 4. þm. Reykv. (HG) lýsti þeirri skoðun sinni, sem ég vona, að sé ekki skoðun hans flokks, a. m. k. þó ekki skoðun hv. flm. þessa frv., varamanns hv. 6. landsk., að það væri tímabært að innlima Seltjarnarneshrepp og Kópavogshrepp í Reykjavík. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það hér, en það liggur fyrir frá Reykjavíkurbæ krafa um, að Seltjarnarneshreppur verði innlimaður í Reykjavík. Hv. þm. Barð. benti réttilega á, hversu óviðeigandi það er í þessu sambandi af stærsta bæjarfélagi landsins að gera slíka kröfu. Ég ætla ekki að ræða það hér, hvaða rök eru með því og á móti. Hitt er rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. segir, að það er röng stefna, sem hefur verið höfð, að skipta sveitarfélögum. En það eru einmitt flokksbræður þessa hv. þm., sem hafa manna mest stefnt að þessari röngu þróun, þó að þeir látist vera á móti henni, enda mun skipting Seltjarnarneshrepps og Kópavogshrepps hafa verið knúin fram af félmrn. og skrifstofustjóranum þar, gegn rökum, sem fyrir lágu í því máli, sem er óþarft að ræða hér, eins og það var óþarft af bæjarráði Reykjavíkur að draga innlimun þessara tveggja hreppa inn í það mál, sem hér er til umr.

Bæjarráð Reykjavíkur, sem er skipað fulltrúum þriggja stjórnmálaflokka, er allt sammála um, að ákvæðum útsvarsl. eigi að breyta, og hefur ekkert á móti því, að ákvæðin um skiptingu útsvara falli niður með öllu. Það er álitið, að Reykjavíkurbær hafi helzt hag af skiptingu útsvara, en jafnvel Reykjavíkurbær vill ekki færa rök fyrir því, að þessi ákvæði haldist, eða gera kröfur til þess, að svo verði. Bæjarráð mælir raunverulega með því, að þetta frv. nái samþykki. Ég get ekki skilið umsögn bæjarráðs öðruvísi.

Ég held, að ekki sé svo ástæða til að fara lengra út í umræður um þetta mál. Mér virðist, að í raun og veru sé enginn, sem vilji mæla bót núgildandi lagaákvæðum, og mér virðast rökin fyrir því að fresta að breyta þeim í raun

og veru engin, því að það er ekki hægt bæði að viðurkenna annars vegar, að lagabreytingin sé þörf vegna ranglætis og misréttis, sem gildandi lög skapa, og hins vegar, að Alþingi ár frá ári skjóti sér undan þeirri skyldu að breyta þeim l., svo að misréttinu sé útrýmt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég skal að engu svara hv. þm. Barð. (GJ) skætingi hans til ríkisskattanefndar. Ég hef aðeins verið þar nokkur ár með tengdasyni hans og man ekki, að nokkur ágreiningur hafi verið milli okkar, nema þá eitthvað mjög lítilfjörlegt, þannig að ég held, að hv. þm. ætti ekki að vera að seilast svona langt, vinna það til að geta skammað mig að skamma hann líka.

Mér þótti annars ákaflega skemmtilegt að heyra hv. þm. Barð. segja þessa setningu: „Allir menn, sem hafa fengið lögfest rangindi, vilja halda þeim.“ Þetta er nefnilega mottó sjálfstæðismanna. Það kom frá hjartanu, þegar hv. þm. sagði þetta, frá innsta grunni hjartans. Þetta er nefnilega það mottó, sem sjálfstæðismenn hafa lifað eftir undanfarin ár.

Oddvita Kópavogshrepps, hv. 7. landsk. (FRV), vil ég segja þetta: Það er grundvallaratriði fyrir allri skiptingu útsvara, að kröfur séu komnar um skiptingu áður en útsvarsniðurjöfnun fer fram. Eftir því, sem hann hefur upplýst, hefur þessu skilyrði ekki verið fullnægt að því er snertir hans hrepp, Kópavogshrepp, og vil ég þess vegna mjög ráða honum til þess að losna við alla skiptingu, því að hann þarf þá ekki að svara einni einustu skiptingu á útsvari. Hann getur þess vegna kalt og rólega jafnað útsvörunum niður núna, og ef engar skiptakröfur eru komnar fram, þarf hann engum skiptakröfum að svara, engri einustu. En mér getur ekki fundizt annað en það sé að koma aftan að mönnum, sem eru í tíma búnir að gera kröfur um skiptingu, ef samþykkt er, að þær skuli allar falla niður, og finnst ekki réttlátt að gera það. Ákvörðun, sem snertir alla hreppa landsins fyrir tímabil, sem liðið er, þarf að gerast í tæka tíð, en ekki rétt þegar menn eru að framkvæma eldri ákvæði, því að þá ruglar hún allri niðurstöðunni. Þess vegna get ég ekki verið með þessu núna, nema jafnframt verði sett bráðabirgðaákvæði um það t. d., að ákvæði þessara l. skuli þó ekki hafa áhrif á skiptingu fyrir árið 1949, heldur öðlast gildi hvað snertir útsvör álögð 1951. Með slíku bráðabirgðaákvæði gæti ég verið með þessu, en ekki öðruvísi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. (HG) sagði, að ég hefði gefið sér tilefni til að mæla gegn því, að skipting hreppa færi fram í landinu, eins og venja hefur verið til undanfarin ár. Ég gaf ekkert tilefni til þess, að þm. héldi, að ég væri með skiptingu hreppa í landinu almennt. Síður en svo. Á orðum mínum var ekki hægt að skilja, hvort ég væri með því eða móti. Mér fannst óviðeigandi, að bæjarráð Reykjavíkur skyldi setja fram sem kröfu í sambandi við niðurfellingu þeirrar lagagr., sem hér um ræðir, að tveir hreppar, sem hafa skilið, skuli sameina sig aftur. Þau ummæli mín gáfu þm. ekkert tilefni til þess að opinbera mína skoðun í því máli, nema síður sé. Ég er nefnilega sammála hv. þm. um það, að mjög sé óheppilegt að vera oft að skipta hreppum. En ef honum er það eins mikið áhugamál og virtist af ræðu hans, sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hann beri fram hér tillögur til breyt. á l. eða lagafrv. um það, hvaða skilyrði skuli þurfa að uppfylla til þess, að hreppar verði sjálfstæðir. Svo að þessi ummæli hv. 4. þm. Reykv. eru á algerðum misskilningi byggð.

Annars stóð ég aðallega upp vegna ræðu hv. 1. þm. N-M. (PZ). Hann sagðist ekki vilja svara skætingi, sem ég hefði verið með í garð ríkisskattanefndar. Hér er ekki um neinn skæting að ræða í garð ríkisskattanefndar. Þó að þessi þm. hafi lengi átt sæti í ríkisskattanefnd, hefur hann ekki einu sinni komizt svo hátt að verða formaður n., svo að ekki er hægt að kenna honum um þá hluti, sem þar hafa aflaga farið. En ég benti á, að svo virtist sem þessi stofnun hefði þetta vald að lögum, og þess vegna yrði að breyta l. til þess að svipta hana þessu valdi til að traðka á rétti skattþegnanna, eins og hún hefur gert. Ég hef ekki neitt að kvarta undan störfum hans sem embættismanns í n., en lögin, útsvarsl. í sambandi við þetta mál, eru þannig, að skattþegnarnir eru algerlega réttlausir. Þessir menn hafa viðurkennt í mín eyru, að þeir veigri sér mjög við að raska nokkurn tíma verulega úrskurðum sveitarstjórna um útsvör, þar sem þeir séu ekki nægilega kunnugir þeim málum. En til hvers er þá verið að áfrýja þessum málum? Nei, það er sannarlega nauðsynlegt, að hið bráðasta verði tekin upp breyt. á þessum l., sem tryggi það, að skattþegnarnir séu ekki svo gersamlega réttlausir gagnvart skattanefndum eins og nú er, sem í flestum tilfellum verða að skoðast sem hreinir rukkarar fyrir ríkissjóð og sveitarstjórnir.

Að hinu fór ég svo að brosa, þegar hv. 1. þm. N-M. fór að tala um, að þetta væri mottó sjálfstæðismanna, sem ég hefði sagt, að þegar menn hefðu fengið lögfest einhver réttindi, strituðust þeir við að komast hjá að láta þau af hendi. Hefur 1. þm. N-M. gleymt allri baráttunni um kjördæmaskipunina, öllum þeim bruna, sem brunnið hefur í huga framsóknarmanna fyrir að láta af hendi þau forréttindi, sem þeir voru búnir að halda árum saman í landinu? Það væri margt öðruvísi í þessu landi, ef þessi hatursbruni út af því að hafa orðið að láta af hendi þessi réttindi brynni ekki enn þá í huga þeirra. Síðan hafa þeir ekki fengizt til að taka vel á neinu máli. Og síðan kemur þessi þm. og segir, að Sjálfstfl. vilji halda hér í einhver sérréttindi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta meir að þessu sinni. Ég mun halda mig við að samþykkja frv. óbreytt, en vera á móti þeirri brtt., sem fyrir liggur, því að ég tel hana vera til hins verra, en ekki betra, verði hún samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Sem frsm. meiri hl. n. vil ég þakka þær góðu undirtektir, sem frv. hefur fengið. Það er aðeins einn þm., sem hefur látið

í ljós, að vegna þess hvernig nú standi á árstíð, geti hann ekki verið með frv., sem muni þó leiðrétta misrétti, sem eigi sér stað. Hv. 1. þm. N-M. telur, að það séu svo mörg sveitarfélög búin að jafna útsvörum núna, að þau megi ekki við því að missa af rétti sínum til hluta útsvara frá öðrum sveitarfélögum. Ég held, að þetta sé samt ástæðulaust. Ég held, að það standi betur á árstíð en hann vill vera láta, og vil því máli til stuðnings vísa til ákvæða útsvarsl., 21. gr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalniðurjöfnun útsvara fer fram á tímabilinu febrúar-maí, að báðum mánuðum meðtöldum, eftir nánari ákvörðun sýslunefnda og bæjarstjórna. Þó getur atvinnumálaráðuneytið heimilað hreppsnefnd, eftir beiðni hennar, að láta aðalniðurjöfnun útsvara fara fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því.“

Með öðrum orðum, útsvarsjöfnun þarf ekki að vera lokið fyrr en í maílok og hægt að fá útsvarsálagningu frestað þar til lengra fram á árið. Og ég veit ekki betur en mörg sveitarfélög hafi ekki jafnað útsvörum fyrr en seint í maí eða snemma í júní. Um bæjarfélögin er það að segja, að þau eiga að ákveða heildarupphæð útsvaranna í nóvemberlok, en þetta hefur dregizt allmjög undanfarin ár, og sum eru ekki enn búin að ákveða heildarupphæð útsvaranna, hvað þá að skipta þeim niður. Ég held því, að hv. þm. þurfi ekki að óttast þetta. Það er sem sé þannig í framkvæmd, að sveitarfélögin ganga síðar frá sínum fjárhagsáætlunum en þeim ber, útsvarsjöfnun fer síðar fram en til er tekið og má fara fram í maílok. Eins og við þekkjum hér á Alþ., eru fjárl. nú afgreidd síðar en ber að afgreiða þau. Þau eiga að vera afgreidd áður en fjárhagsárið byrjar, en á því hefur orðið æði mikill misbrestur undanfarin ár, t. d. er nú lítið sem ekkert farið að byrja á afgreiðslu fjárlaga, sem eiga að gilda fyrir árið 1950, og verður henni sennilega ekki lokið fyrr en einhvern tíma í maímánuði. Mér finnst engin rök felast í frávísunartill. hv. minni hl. og legg því til, að hún verði felld.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Ed., 17. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 524 felld með 9:6 atkv.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.

2. gr. samþ. með 10:4 atkv.

Brtt. 508 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10:2 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv.

Á 90. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 539, 555).

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það er ekki nein ástæða til að fjölyrða um þetta mál, það var rætt rækilega við 2. umr., en það hefur verið lögð fram af meiri hl. brtt., sem liggur fyrir á þskj. 555. Það er ekki nein efnisbreyt., aðeins til að taka nánar fram um skilning á málslið brtt., en þessi málsl. hljóðar svo: „Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkv. úrskurði yfirskattanefndar, og standa atvinnusveit skil á honum.“ Það var ætlun meiri hl. n., að það væri heimilissveit, sem legði þennan útsvarsauka á, og þótti okkur því réttara, til að taka af öll tvímæli, að útiloka þann hugsanlega skilning, að atvinnusveit gæti lagt útsvarsauka á, og flytjum við því brtt. um þetta til þess að ordalag sé óumdeilanlegt og þannig, að ekki verði með nokkru móti misskilið, og leggjum til, að aftan við orðið „yfirskattanefndar“ komi: í umdæmi heimilissveitar. — Áfrýjunarréttur til yfirskattan. er sá sami og nú er í l. viðvíkjandi kærum út af útsvörum, þó að þetta sé samþ., og áfrýjunarréttur til ríkisskattan. er óbreyttur eftir sem áður.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr., þá sá ég mér ekki fært að greiða atkv. með neinni af greinum þess. Ég greiddi einnig atkvæði gegn brtt., sem þá var borin fram, en með því að vísa frv. til 3. umr., enda var það engin úrslitaatkvgr., og gerði ég það í þeirri von, að málið yrði athugað nánar í n., t. d. milli 2. og 3. umr., en það virðist ekki hafa verið gert að neinu ráði. Það er nú svo um gömlu sveitarstjórnarlögin, sem giltu um útsvarsmál einnig til ársins 1926, að þau voru sett meðan þjóðhættir voru aðrir en nú og menn sátu yfirleitt við sín heimili og höfðu þar atvinnu sína. En svo breyttist þetta smátt og smátt, og farið var að gefa heimild til þess að leggja útsvörin á þar, sem menn stunduðu atvinnu eða ráku atvinnurekstur, og þetta var komið nokkuð út í öfgar, og þá var fyrst farið að setja ýmsar hindranir í veginn, t. d. eins og að ekki mætti leggja á útgerð báta við sama fjörð eða flóa, eins og sett var í lög einu sinni, og út af þessu komu fram hér á Alþingi lagafrv. um að stækka Faxaflóa, og kom m. a. fram brtt. um það, að Faxaflói skyldi ná allt austur að Ölfusárósum. Upp úr þessu voru svo útsvarslögin sett árið 1926, þar sem það var upp tekið að reyna að skipta útsvörum, sem eðlilegast og sanngjarnast þætti, milli heimilissveitar og atvinnusveitar. Ég skal játa, að þegar þessi lög voru sett, sem að stofni til eru enn í gildi, þá var ég ekki ánægður með þau og bar fram nokkrar brtt. Ég taldi t. d. eðlilegra, að atvinnurekstur væri útsvarsskyldur þar, sem hann væri rekinn, en á einstaka menn skyldi lagt sem mest í heimilissveitinni, þótt þeir hefðu atvinnu annars staðar. Hitt varð ofan á, að útsvörum af atvinnutekjum skyldi skipt á milli heimilissveitar og atvinnusveitar af sumum atvinnurekstri, en af öðrum atvinnurekstri þar, sem hann væri rekinn. Í þessu varð ekki fullkomið samræmi. T. d. á samkv. 8. gr. útsvarsl. að leggja á atvinnurekstur þar, sem hann er rekinn, samkv. a- og b-lið, ef maður hefur heimilisfasta atvinnustofnun,

t. d. búrekstur, hversu lítill sem hann er, en aftur á móti samkv. 9. gr. á að skipta útsvarinu, ef önnur atvinna er rekin en getið er um í 8. gr., t. d. verzlun, selveiði, hvalveiði, síldarverkun o. s. frv. Útsvörum af þessum atvinnurekstri á að skipta, og verður varla séð samræmið í þessum ákvæðum, að leggja skuli á atvinnurekstur þar, sem hann er rekinn, ef hann er t. d. búrekstur, hve lítill sem hann er, en atvinnusveit fær aðeins hluta útsvarsins, þótt um sé að ræða t. d. síldarverkun eða rekstur síldarverksmiðju. Nú finnst mér, að ef samþykkja á þetta frv., en efni þess er það, að útsvör þeirra, sem stunda atvinnu í annarri sveit en heimilissveit, renni til heimilissveitar, en skiptingunni er haldið hvað atvinnurekstur snertir, — þá væri eðlilegt að taka skrefið út og leyfa það yfirleitt, að útsvör séu lögð á atvinnurekstur þar, sem hann er rekinn, en á atvinnutekjur, laun, væri lagt í heimilissveit. Ég hef ekki haft aðstöðu til að rannsaka, hvort einstök sveitarfélög hefðu af þessu hag eða óhag, en með því að samþ. frv. óbreytt, þá eru sum sveitarfélög svipt æði miklum tekjum. Því hefur verið haldið fram, að þetta væri réttmætt vegna þess, að menn, sem leituðu atvinnu í annarri sveit, gerðu það aðeins af því, að þar vantaði fólk, en það þarf ekki að vera svo í öllum tilfellum. Ég hygg því, að það hefði verið réttmætt að bíða með málið enn um sinn og athuga það betur. Mér finnst annaðhvort a. m. k., að það eigi að láta útsvarslögin órótuð eða breyta þeim þá meira og ekki eingöngu í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, heldur eigi að leyfa rýmri álagningu á atvinnurekstur, sem rekinn er í viðkomandi sveit. Í því væri meira samræmi. Hvað sem um það er, hve réttmætt er, hvað hver sveit fái, þá er það staðreynd, að gjaldstofnar allra sveitarfélaga eru raunar ekki aðrir en tekjur, sem aflað er í sveitarfélaginu. Ef t. d. til væri hreppur, þar sem væru tómir öreigar, þá gæti sá hreppur engin útsvör fengið og kæmi með einhverjum hætti á ríkisframfæri. Mér finnst dálítið varhugavert að breyta útsvarsl. eins og nú stendur til, t. d. því, eins og á sér stað víða, að þegar maður hefur allar sínar tekjur, eða næstum allar, úr öðru sveitarfélagi en hann er búsettur í, að þá eigi heimilissveit að fá allt útsvarið, en dæmi um þetta eru alls ekki svo fá og verða fleiri vegna bættra samgangna. Það munu t. d. ekki svo fá dæmi þess, að menn, sem vinna í bæjum, eigi heima utan bæjarins. Ef ekki verður fallizt á það að bæta þetta með því að gera atvinnurekstur meira útsvarsskyldan í atvinnusveit, þá er of langt gengið í frv., t. d. í því, að engin takmörk eru sett, þótt allar tekjur mannsins séu í atvinnusveit, en engar úr heimilissveit, og þá skuli allt útsvarið eiga að renna til heimilissveitar. Það má ekki minna vera en þarna séu einhver takmörk, t. d. að útsvarinu sé skipt milli atvinnusveitar og heimilissveitar, ef allar eða nær allar tekjur mannsins eru fengnar í atvinnusveit. Ég get hugsað mér, að þetta frv. geti orðið til þess, að kannske meiri skorður verði settar en áður við því, að fólk fái að stunda atvinnu utan heimilissveitar. Þegar atvinnuleysi er, hafa verkalýðsfélögin oft reynt að takmarka það, að utansveitarmenn fengju atvinnu, og þetta frv. verður til þess að auka viðleitnina í þá átt. Og svo er annað. Ef litið er til dómstólanna og á það, hvernig dómar hafa fallið um þessi mál, þá gæti ég haldið, að þetta frv. yrði til þess að fjölga málaferlum um þessi efni og þeim dómum um þau, sem við leikmenn skiljum ekki. Ég man eftir dómi, sem gekk um það, að Jón heitinn í Stóradal ætti heima í Reykjavík, á meðan hann átti sæti í nefnd til að úthluta kreppuhjálp til bænda. Það vissu allir, að hann átti heima í Stóradal, hafði þar sitt bú og átti þar sína konu og börn, en atvinnan, sem hann stundaði hér, var aðeins bráðabirgðaatvinna. Hæstiréttur dæmdi engu að síður, að hann ætti heima í Reykjavík og virðist sá dómur hafa byggzt á því, að meiri hluti tekna hans væri fenginn þar. Nú, sjálfur hef ég verið dæmdur til að eiga heima á Akureyri, þótt ég byggi mínu búi vestur í Öxnadal, en að vísu hafði ég nokkra atvinnu á Akureyri. Þótt mér komi það ekki beint við, þá vil ég benda á það, að breyting sú, sem gerð var á frv. við 2. umr., er ekki í samræmi við hugsun frv. Þessi breyting er hortittur í málinu. Ef heimilissveit á á annað borð að fá allt útsvarið, hvernig stendur þá á því, að atvinnusveit á að fá þann hluta útsvarsins, sem orsakast af því, að viðkomandi hefði fengið hærra útsvar þar en í heimilissveit? Ef samræmi ætti að vera í frv., þá ætti heimilissveit að fá þetta útsvar. Annað er órökrétt. Ég veit ekki, hvað hv. allshn. segir um þetta, en ég vildi óska þess, að n. athugaði málið að nýju og umr. yrði frestað. Það hefur verið gert um ýmis mál undanfarna daga. Það fer náttúrlega að verða vafasamt að fresta málum, þegar svo langt er liðið á þingtímann, en það virðist þó mega um þetta mál eins og önnur, og vildi ég því biðja n. að athuga, hvort hún gæti ekki fallizt á að fara vægar í sakirnar í þessu frv., t. d. með því að halda skiptingu útsvarsins, þegar allar eða nær allar tekjur eru fengnar í atvinnusveit, eða þá að ganga beint til verks, þannig að tekjur af atvinnu skuli skattskyldar til heimilissveitar, en bæta þá við þær atvinnugreinar, sem má leggja beint útsvar á í atvinnusveit, og hafði ég raunar samið brtt. um þetta efni, sem ég ætla þó ekki að leggja fram, a. m. k. ekki fyrr en ég heyri undirtektir hv. n., en brtt. er um það að taka efni a- og c-liðar 1. tölul. 9. gr. og flytja það efni í 8. gr. Það er um það, að beinlínis megi leggja á þann atvinnurekstur, sem þar er nefndur. Eins og nú er, má skipta útsvörum af þessum atvinnurekstri, en ef brtt. mín yrði samþ., þá yrði lagt beint á þennan atvinnurekstur þar, sem hann er rekinn. — Það er fleira, sem verður eiginlega dálítið sundurleitt í l., ef frv. yrði samþ. Það er eiginlega ekki hægt að sjá það rökfræðilega séð, hvers vegna útlendingur, sem atvinnu hefur hér á landi, eigi að greiða hér útsvar, en vinnuþegi eigi ekki að greiða útsvar í atvinnusveit. Hitt skal ég játa, að heimilissveit ber meira nú en þegar l. voru sett í fyrstu, og það er vegna þess, að heimilissveitin hefur nú meiri útgjöld af hverjum íbúa en áður.

Ég vil svo vænta svara frá hv. n. um það,

hvort hún er ekki fáanleg til að athuga það sjónarmið, sem ég nú hef sett fram.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal svara hv. 1. þm. Eyf. því, að ég er fús til þess að kalla saman nefndarfund út af þessu, en ég álít þetta það vandaverk, að koma með réttlátar reglur í þessum efnum, að ekki sé á færi neinnar þingnefndar. Í tilefni af orðum hv. þm. Barð. (GJ), að n. ætti að fara í gegnum þetta allt og koma með breytingar, einkum af því, að lögfræðingar séu í n., þá vil ég taka það fram, að þetta er ekki lögfræðilegt efni, heldur fjárhagslegt og skattalegt efni, sem n. hefur ekki yfirlit yfir. En ég skal kalla n. saman til frekari athugunar á málinu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér skilst, að hv. n. ætli að taka málið til nýrrar athugunar, og í tilefni af því langar mig til að biðja n. að athuga tvennt. Fyrst vil ég biðja hana að athuga, hvort hún telji ekki rétt, að á eftir d-lið 8. gr. l. verði bætt við nýjum lið þess efnis, að leggja megi gjald á eigendur eyðijarða og eventuelt sumarbústaða, að svo miklu leyti sem hrepparnir hafa útgjöld þeirra vegna. Það eru lögð ýmis gjöld á hreppana eftir tekjum, eignum, fasteignum, mannfjölda o. s. frv., en jörð, sem er í eyði, er enn í hreppnum, og fær hreppurinn af henni útgjöld. Stundum er það svo með þessar eyðijarðir, að þær standa í eyði vegna þess, að eigendurnir vilja ekki byggja þær, þótt menn vilji gjarnan taka þær á leigu, og get ég nefnt um það mörg dæmi. Austur í Landmannahreppi er t. d. jörð, sem eigandinn vill ekki búa á og neitar að leigja. Hreppurinn verður að greiða af henni, af því að hluta af tryggingagjöldum, sýslusjóðsgjöldum o. fl. er jafnað á hreppana eftir fasteignamati að nokkru leyti. En eigandinn, sem býr hér í Rvík, neitar að borga. Öll sanngirni mælir þó með því, að hann greiði gjöld af sinni eigin jörð. Ég vildi mælast til þess, að n. athugaði, hvort ekki væri sjálfsagt í svona tilfellum að heimila hreppsnefnd að leggja útsvar á eiganda sem því svarar.

Þá vildi ég benda á það í sambandi við 9. gr., að það er víða svo, og sérstaklega á það við um Siglufjörð, að menn, sem stunda þar atvinnurekstur, reyna að forðast að lenda undir tímaákvæði l. og haga því svo til, að einn eða tvo daga vanti á átta vikur, þegar þeir hafa gert plön sín hrein, jafnvel þótt þeir þurfi að láta **ganga frá því síðasta annars staðar.** Ýmsir síldarsaltendur hafa þannig fallið af útsvarsskrá á Siglufirði, og ég er þeirrar skoðunar, að tímaákvæðið ætti að færa niður í 6 vikur. Það getur ekki verið neitt vit í að láta atvinnurekstur upp á tugi þúsunda sleppa þannig við útsvar hjá viðkomandi hreppi, og ég vil skjóta því til n. að athuga, hvort ekki beri að stytta tímaákvæðið. Ég var að semja brtt. um þetta hvort tveggja, en mun bíða með þær eftir athugun nefndarinnar.

Forseti (BSt): Þar sem form. allshn. hefur lýst því yfir, að hann muni kalla saman n. á fund til að ræða þetta mál, þá er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 94. og 95. fundi í Ed., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Ed., 2. maí, var frv. enn tekið til frh. 3. umr.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég var nú að lofa að kalla saman fund í allshn., en ég kom ekki saman fundi. Svo hef ég verið lasinn og rúmliggjandi undanfarna daga, og hafa ekki verið haldnir fundir. Ég skal gjarnan kalla saman fund strax í dag til þess að athuga þetta, ef því yrði frestað t. d. til morguns.

Forseti (BSt): Samkvæmt ummælum og ósk form. allshn. er umræðum lokið og málið tekið af dagskrá, og verður það tekið á dagskrá aftur á næsta fundi deildarinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Lárus Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi bara tilkynna, að eins og ég hafði lofað forseta, kallaði ég saman allshn. til fundar um málið, en n. sá ekki ástæðu til að koma fram með nýjar till. eða hafa frekari afskipti af málinu.

Bernharð Stefánsson: Ég finn ástæðu til að þakka allshn., að hún hefur haldið fund um þetta mál á milli umræðna og meira að segja kallað mig á hann til viðræðna. Það náðist nú að vísu ekki samkomulag á milli mín og n. Ég benti henni á, að þar sem lögð væri svo mikil áherzla á að fá afnumda skiptingu útsvara, væri rétt að leyfa eina beina álagningu á atvinnurekstur í viðkomandi sveit og hætta svo að skipta útsvörum einstaklinga, sem atvinnu stunda. N. hefur ekki viljað fallast á þetta. Og þar sem það liggur beinlínis fyrir, eftir að útsvarsálagning ásamt skattalöggjöfinni hefur verið í endurskoðun, að heildarlöggjöf fari fram á næsta þingi, þá sé ég ekki ástæðu til að taka hér upp stórfelldar brtt. við frv., en á hinn bóginn mun ég þó ekki álíta rétt, að þetta frv. gangi fram nú, þar sem þessi allsherjar endurskoðun l. verður væntanlega gerð, og mun því greiða atkvæði á móti frv. og láta að öðru leyti niður falla umræður um það af minni hálfu eftir þessa yfirlýsingu.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á þeim stutta fundi, sem haldinn var um þetta mál í n., tók ég þá afstöðu, að ástæðulítið væri að gera fleiri brtt. en þá einu, sem hér er um að ræða, sökum þess að endurskoðun l. lægi fyrir og það væri á valdi ríkisstj. að leggja frv. um þetta efni fram á næsta þingi. Um það erum við hv. 1. þm. Eyf. sammála. En áður hafa verið leidd rök að því,

að það sé aðkallandi fyrir mörg sveitarfélög að fá fram þessa breytingu þegar. Afstaða okkar hv. 1. þm. Eyf. er því með gerólíkum hætti, hvað þetta snertir. Ég tel fullkomna ástæðu til að láta þessa breyt. ná að ganga fram þegar á þessu þingi.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það hefur nú verið rætt efnislega mikið um þetta mál, og skal ég ekki tefja umræður. En ég vil leyfa mér að benda á, að rökst. dagskráin á þskj. 524 var felld með 9:6 atkv., en hún var á þá lund, að í trausti þess, að ríkisstj. legði fyrir næsta Alþingi frumvörp til laga um breytingar á útsvars- og skattalöggjöfinni, tæki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Væri nú farið eftir tilmælum hæstv. forseta, þá skildist mér sem það mætti skoðast svo sem hér hefði orðið stefnubreyting og ætti að skoða fellingu frv. sem yfirlýsingu um, að ekki væri nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina. Ég mun því fylgja frv. á þskj. 539 til að undirstrika það, að ekki sé hægt að bíða lengur eftir því, að löggjöfin sé tekin til rækilegrar endurskoðunar. Mér er hins vegar ljóst, að vafasamt er, að þetta verði að lögum. En ég álít sterkara fyrir málið í heild, að frv. þetta verði samþ. heldur en fellt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það var nú út af ummælum hv. þm. Barð. Mér finnst nú málið horfa nokkuð öðruvísi en hann vildi vera láta. Ég geri ráð fyrir, að samþykkt þessarar till. mundi fremur seinka endurskoðun l. vegna þess, að ef menn búast við, að lögin verði endurskoðuð í heild á næstunni, þá samþykkja menn ekki þetta frv., og samþykkt þess er þá vitni þess, að menn búast ekki við, að útsvarslöggjöfin verði endurskoðuð í bráð. Ef hv. þm. Barð. er óánægður með frv., ætti hann því að vera hæstv. forseta samferða um afstöðu hans.

Ég hef nú talið, að frv. skipti ekki ýkja miklu máli. En það hefur þó tekið svo miklum bótum við meðferð málsins, að ég teldi skaðlítið, þótt það yrði samþykkt. Hins vegar mundi það ýta nokkuð undir endurskoðun útsvarsl. í heild, ef það yrði fellt, og ég mun því greiða atkvæði á móti því. Mín afstaða stjórnast þannig af sömu forsendum og hv. þm. Barð., en við drögum aðeins af þeim gagnstæðar ályktanir.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég get nú ekki orðið sammála hæstv. dómsmrh. um þetta. Mér skilst það liggja í augum uppi, að þegar búið er að fella rökst. dagskrána um að skora á ríkisstj. að endurskoða lögin, þá verði felling frv. skoðuð af áhrifamönnum sem bending um það, að löggjöfin eigi að haldast áfram í sama formi og nú er. Ég hef barizt fyrir því s. l. þrjú ár að fá þessum lögum breytt, en hæstv. ráðh. á móti, og það er því ekkert nýtt, að við séum hvor á sínu máli um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 555 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, KK, RÞ, StgrA, VH, BrB, FRV, GJ.
nei: JJós, LJóh, PZ, ÞÞ, BBen, BSt.
EE greiddi ekki atkv.
2 þm. (HG, HermJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 639).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér, áður en málið fer til 2. umr., að beina því til n., að hún kynni sér nánar en þegar hefur verið gert í Ed. álit hreppsnefnda á málinu og þá fyrst og fremst þeirra, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við það. Í Ed. var aðeins leitað álits fárra aðila, og ég tel því ástæðu til þess, þar sem þetta er vandasamt mál, að fleiri séu spurðir. Annað ætlaði ég ekki að segja, ég vildi aðeins beina þessu til hv. n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 101. og 102. fundi í Nd., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 639, n. 704).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef raunar ekkert um þetta mál að segja frekar en það, sem fram er tekið í nál., en eins og þar kemur fram, leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:1 atkv.

Á 104. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég benti á við 1. umr. þessa máls, að eðlilegt væri að leita umsagnar og álits fleiri aðila um þetta mál. Í Ed. var málið tekið til meðferðar af hv. allshn. þeirrar d. og gefið út nál., sem liggur fyrir á þskj. 508. Sem fskj. með nál. eru birtar umsagnir um frv. frá bæjarstjórn Rvíkur og hreppsnefndum Seltjarnarnes- og Kópavogshreppa, sem n. hafði leitað álits hjá. Mér virðist einkennilegt, ef þessar tvær hreppsnefndir og þessi eina bæjarstjórn eru einu aðilarnir í landinu, sem hafa um mál sem þetta að segja.

Ég vakti athygli á því þegar við 1. umr. þessa máls, að réttara væri að leita umsagnar fleiri hreppsfélaga um þetta mál, sem n. mátti vera kunnugt um, að hefðu hagsmuna að gæta, er mál sem þetta liggur hér fyrir. Mér virðist svo, að hv. allshn. hafi tekið lausatökum á þessu máli. Mér fyndist heppilegra, að málið hvildi sig um nokkurn tíma og hv. allshn. gæfi fleiri aðilum tækifæri til að athuga þetta mál og segja álit sitt um það. Það ríður á því, að hér sé farið að með gætni, því að fleiri breyt. munu sjálfsagt verða gerðar á útsvarslöggjöfinni. Ég mun því ekki treysta mér til þess að greiða atkvæði með málinu.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá leyfi ég mér að benda á, að það stenzt ekki, að eigi hafi verið leitað umsagnar fleiri sveitarfélaga en hann gat um. Um það má sannfærast, ef hv. þm. les fylgiskjal nr. II, sem prentað er hér með frv. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en þetta mál hefur verið mikið rætt á undanförnum árum, eins og fram kemur í umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en það var rétt, sem ég sagði um málið, að er það var í allshn. Ed., leitaði hún umsagnar 3 sveitarfélaga um það, en annarra ekki. Ég teldi því eðlilegt, að úr þessu yrði bætt hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 783).

55. Sala nokkurra jarða í opinberri eigu.

Á 23. fundi í Sþ., 7. febr., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu [110. mál] (þmfrv., A. 300).

Á 51. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um að heimila ríkisstj. að selja fjórar jarðir í opinberri eigu. Um þrjár þessara jarða er það að segja, að þær eru í ábúð, og er farið fram á að selja þær ábúendum þeirra. Þessar jarðir eru: Þjóðjörðin Bakki í Svarfaðardal, kirkjujörðin Stærri-Árskógur í Árskógshreppi og þjóðjörðin Syðri-Bakki í Arnarneshreppi, allar í Eyjafjarðarsýslu. Það má nú e. t. v. segja, að hægt hefði verið að ná þessum eignarrétti eftir öðrum leiðum en þeirri að fá sérstaka lagaheimild, nefnilega þannig, að ábúendurnir öfluðu sér erfðaábúðarréttar og hefðu síðan fengið jarðirnar keyptar sem ættaróðul. En ég veit ekki nákvæmlega sögu þess máls, en um tvær þessara jarða veit ég, að gerð hefur verið nokkur tilraun í þessa átt, en eigi hefur það þó komizt í framkvæmd, og ég held líka, að aðgerðir í þá átt yrðu tafsamar. Ég sé ekki heldur, hvað er á móti því að heimila með sérstakri lagaheimild að selja þessar jarðir ábúendum þeirra. Ég mundi ekkert hafa á móti því, að hv. n., sú er málið fær til meðferðar, bæri fram þá brtt. við frv., að í það yrði sett það skilyrði, að jarðirnar yrðu gerðar að ættaróðulum. En ég held, að þá yrði að breyta 1. mgr. 1. gr., þar sem ákveðið er, að „ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir fyrir verð, sem ákveðið er með mati dómkvaddra manna.“ Yrði ég þá fylgjandi því, að þær jarðir yrðu seldar með þeim skilyrðum, sem þar greindi.

Um Bakka og Syðri-Bakka er svo ástatt, að byggt hefur verið upp á báðum þessum jörðum, og eiga ábúendur mikið af verðmætum þeim, sem á jörðunum eru, og áreiðanlegt er, að ábúandinn á Bakka á meiri eignir á jörðinni en ríkið á. Eru alltaf vandkvæði á því, þegar ábúandinn er í leiguábúð, en þannig ástatt, að hann á svo og svo mikið af eignum á ábýlisjörð sinni, þá á hann alltaf á hættu, hvort eignirnar verða keyptar fullu verði, t. d. við dauða, og undir högg að sækja, þótt hann hafi við lög að styðjast í því efni. — Um jörðina Stærra-Árskóg er öðru máli að gegna. Þar hefur ábúandinn eigi látið byggja íbúðarhús, en bæjarhús þar eru úr sér gengin. Þar þarf líka að byggja peningshús flest. Nú kom ábúandinn suður í haust og átti tal við fulltrúa í stjórnarráðinu um þetta mál og fór fram á, að eigandi jarðarinnar, ríkið, léti byggja upp á jörðinni skv. ábúðarl. En fulltrúinn benti honum á, að fé væri ekki fyrir hendi og hefði eigi verið veitt nægilegt fé til þess, en í mörg horn væri að líta og hið eina, sem kæmi til mála, væri byggingarstyrkur, en hins vegar gæti ábúandinn í öðru lagi sennilega fengið byggingarlán, en þau eru bara lítill hluti kostnaðarins, og hikar ábúandinn við að leggja í slíkan kostnað og eiga svo allt í óvissu. Hér er um aldraðan mann að ræða, sem að sjálfsögðu vill tryggja það, að sonur sinn geti tekið við af sér og notið þess, sem hann hafi lagt fram. — Ég vil bæta því við varðandi þessar jarðir, að mér virðast jarðeignir ríkisins, sem ekki eru í erfðaábúð, vera hreint vandræðamál. Það er ekki lagt fram nægilegt fé til að byggja upp á þeim og ríkið innir þannig ekki skyldur sínar af hendi sem landsdrottinn, samkv. ábúðarlögunum. Ég hef því fengið þá skoðun, að það sé í flestum tilfellum alveg eins gott að selja þessar jarðir eða jafnvel gefa þær, er mér nær að segja. Þetta gildir þá um þrjár jarðirnar, en öðru máli gegnir um eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu. Þetta hefur ætíð verið lélegt jörð, og hefur lélegur búskapur verið rekinn þar. Ég þekki alla ábúendur, sem verið hafa þar síðari árin. Hefur hún ýmist

verið í byggð eða eyði. Ég hef átt þarna heima í héraðinu og veit um þetta. S. l. ár var jörðin t. d. í eyði. Hafa vegavinnumenn haft þar bækistöð sína. Í sumar brenndu þeir kofana, og er jörðin því húsalaus. Þess er því engin von, að jörðin byggist, nema af opinberri hálfu verði lagt fram fé til að byggja þar íbúðarhús og peningshús, og er það samt vafasamt. Getur því eigi verið neitt að missa fyrir ríkið, þar sem er þessi jörð. Hér hef ég lagt til í frv. að selja bóndanum á næsta bæ þessa jörð, Rút Þorsteinssyni í Engimýri, sem hyggst nota jörðina fyrir bithaga. Hann hefur mikla ræktun heima og hefur fjölgað gripum sínum og þarf nú á auknum bithaga að halda, svo að full not geti orðið af.

Það er eigi ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Ég vona, að því verði vísað til 2. umr., og legg til, að frv. verði vísað til hv. landbn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þessar jarðir eru opinberar jarðir, þótt þær séu eign ýmissa aðila, sem opinberir eru kallaðir. En satt að segja hvílir á því nokkur óvissa, undir umsjón hvers þær teljast, hver og ein. Þetta eru þá fyrst þjóðjarðir, sem teljast undir landbrn. og umsjón hreppsstjóranna. Svo eru kirkjujarðir, sem hvíla undir kirkjumrn., en vafasamt er, hverjir hafa umboð yfir þeim. Þá koma jarðakaupasjóðsjarðir, sem heyra undir landbúnaðarráðherra, en hreppsstjórar og sýslumenn munu fara með umboð yfir þeim undir ráðherra. Síðan eru kristfjárjarðir, sem sitt á hvað gildir um, og oft fullkomnum vafa undirorpið hver á að sjá um þær. Ákveðið er um hverja þeirra, hvert afgjöldin eigi að renna. Sumar þeirra er bannað að selja, í gjafabréfunum, og sumar jarðirnar eru týndar þannig lagað, að afgjaldið rennur nú annað en ætlað var í gjafabréfinu. Þegar l. um ættaróðal og erfðaábúð voru sett, var tekið fyrir sölu þjóðjarða. Varð samkomulag milli þeirra, sem vildu láta ríkið eiga landið eða hreppsfélögin hvert innan sinna vébanda, og hinna, er vildu selja þær í hendur einstakra manna. Við, sem vildum ekki selja jarðirnar til einstaklinga, vildum koma í veg fyrir, að kynslóð eftir kynslóð væri íþyngt með vöxtum sökum hækkaðs verðs. En milli þessara ólíku sjónarmiða varð samkomulag um að leyfa að selja jarðirnar, ef þær væru settar í erfðaábúð og gerðar að ættaróðulum, því þá átti sala og brask með þær með síhækkandi verði og aukinni vaxtabyrði á ábúanda að vera útilokað. Hins vegar var sett í lög, að ábúandi ætti kröfu á að fá ábúðarjörð sína á erfðafestu, og að hinu opinbera væri skylt að selja erfðafestujörð, ef hún jafnframt væri gerð að ættaróðali. Til þess svo að létta ríkissjóði byggingarskylduna var leyft að þeir, sem hefðu jörð til erfðaábúðar, mættu veðsetja hana fyrir lánum til umbóta jörðinni eins og þeir ættu jörðina sjálfir. Mikil tregða hefur verið á því að fá jarðir í erfðaábúð, og enn meiri til að fá fé til að byggja upp á jörðunum. En annaðhvort verður að vera, ríkið að leggja fé til endurbyggingar á jörðunum, eins og einstaklingar gera, sem eiga jarðir, eða að það setur þær í erfðafestu og ábúandinn fái síðan lán eins og aðrir er byggja. Annaðhvort verður að vera, með þjóðjarðirnar, sem hvíla undir landbrn., og kristfjárjarðir, — hvern sem þær nú heyra undir. (*BSt:* Er það ekki Kristur?) Ja, það eru prestar hingað og þangað um landið. Ég hefði sagt, að þær fari í erfðaábúð, eða til bygginga á þeim sé lagt af hálfu eiganda eins og annarra jarðeiganda sem eiga leigujarðir. Að forminu til er enn verið að veita veðsetningarleyfi, þegar lána þarf út á húsabætur á opinberri jörð, og ég hef komizt í vandræði með kristfjárjarðir og kirkjujarðir, því eiginlega vill enginn viðurkenna, að þær heyri undir sig í ráðuneytinu. Já, það vantar alla stefnu í þetta. Ef nú sú stefna væri tekin að segja við ábúandann: Fáðu þér erfðaábúð, þá geturðu keypt jörðina, — þá væri öðru máli að gegna. Þá væri tryggt, að sonur hans gæti verið þar áfram. En það er ekki sagt, heldur er alltaf einhver tregða á að fá erfðaábúð hjá stjórnarráðinu. Annaðhvort verður að gera, að leggja fram fé og byggja samkvæmt ábúðarlögunum, eða setja jarðirnar í erfðaábúð og segja síðan ábúanda að fá lán og byggja sjálfur, og það er vitanlega það, sem gera á. Hér þarf hreinar línur, ákveðna stefnu, en hún verður ekki til, meðan ekki er einu sinni mögulegt að fá að vita hver það er, sem ræður yfir kirkjujörðunum og kristfjárjörðunum. Það vantar, að á einni og sömu hendi sé stjórn á öllum þessum jörðum af hálfu þess opinbera, hvort sem það eru kirkjujarðir kristfjárjarðir, þjóðjarðir eða jarðakaupasjóðsjarðir. — Svo er hitt aftur nokkru þyngri raun, sem ég veit ekki vel, hvernig á að leysa, og það eru þessar kristfjárjarðir, sem ekki má selja. Ég tel enga skuldbindingu um það atriði gildandi viðkomandi þeim kristfjárjörðum, þar sem gjafabréfin eru týnd, jafnvel þó að munnmæli séu til um það, hvernig þær eigi að byggjast. En um kristfjárjarðir, sem ekki má selja, er það svo, að það má byggja þær í erfðaábúð, enda er það tekið fram í l. um erfðaábúð og óðalsrétt, enda þó að sú lagasetning væri með miklum vangaveltum gerð, því að maður vissi varla, hvort það væri leyfilegt að ákveða það, en þó að sumum þætti það vafaspursmál, þá var það nú gert, en það er ekki hægt að kaupa þær. Ég hef á hverju ári fengið beiðni frá einum ábúanda á kristfjárjörð um að greiða fyrir, að hann fái hana til kaups, en mér hefur aldrei dottið í hug að fara á flot með það, af því að í gjafabréfinu fyrir henni er bannað að selja hana.

Svo vil ég benda á annað í þessu sambandi. Það virðist vera töluverður tendens til þess bæði hjá sýslunefndum og stjórn Búnaðarfélags Íslands að mæla með sölu á jörð, sem komin er í erfðaábúð, ef þeir ekki sjá alveg beint, að á allra næstu árum þurfi að taka hana undir fyrirtæki þess opinbera. Þetta nefni ég af því, að ein af þessum jörðum, sem um er að ræða í frv., Syðri-Bakki, sem á land að Hjalteyri, er jörð, sem allar líkur eru fyrir, að sé hæpið, hvort ætti að selja einstaklingi. En viðbúið er kannske, að hvorki sýslunefnd né stjórn Búnaðarfélags Íslands sjái það langt fram í tímann, að Hjalteyri muni stækka það,

að til þess muni koma, að á landi Syðri-Bakka muni þurfa að halda til annars en búrekstrar. Þarna þurfa bæði sýslunefnd og stjórn Búnaðarfélags Íslands að sjá lengra fram í tímann en þær hafa séð, án þess að ég ætli nú að fara að nefna dæmi um það. En þau dæmi eru til, því miður, að mínum dómi. Ef á að fara aftur inn á þessa braut og fara aftur að tína til upptalningu á jörðum, sem megi selja, eins og gert var á hverju þingi um margra ára skeið, þá held ég, að það sé dálítið hæpin braut, og þá þarf a. m. k. að fyrirbyggja, að jarðirnar eftir söluna lendi í braski, og það verður ekki gert með öðru en því, sem hv. frsm. minntist á, að setja í frv. ákvæði um það, að jarðir, sem seldar eru frá ríkinu, séu gerðar að ættaróðulum. Og ég mun ekki fyrir mitt leyti setja mig neitt á móti þessu frv., ef þetta er sett inn í frv., því að þá er þetta mál á þeim grundvelli, sem lagður var, þegar l. um ættaróðal og erfðaábúð voru sett, og fer ekki út fyrir hann. En annars er náttúrlega fjarri lagi að vera með frv., ef þessi ákvæði eru ekki sett inn í það um leið.

Ég vildi nú mjög mælast til þess, að hæstv. landbrh., sem nú heiðrar hv. þd. með sinni nærveru hér, — sem er ekki venjulega hér, því að venjulega er hans stóll hér auður og sömuleiðis hinir ráðherrastólarnir við hliðina á hans stóli, — ég vildi mælast til þess, að hæstv. landbrh. vildi reyna að koma stjórn allra opinberra jarða á eina hendi í stjórnarráðinu og hafa heilsteypt yfirráðin yfir þeim, þannig að að einhverju ákveðnu sé að ganga í því efni, t. d. viðkomandi þeim jörðum, sem stjórnarráðið er að þybbast við, að settar verði í erfðaábúð. Og ég er alveg viss um, að það verða ekki fá vandamálin og erfiðleikarnir, sem koma út úr því, þegar ríkissjóður hefur verið að styrkja byggingar á þessari eða hinni jörðinni og hefur þá lagt fram tvö þús., þrjú þús., fjögur þús. eða fimm þús. kr. eða einhverja upphæð aðra til þess að hjálpa bónda til að byggja upp á jörð ríkisins, bónda, sem er þar nokkur ár, en hefur ekki erfðaábúðarrétt á jörðinni og hans börn hugsa sér ekki að vera þar. Og þegar virt verður, hvað ríkissjóður hafi gert, hvað bóndinn hafi gert og hvaða hækkun hafi eðlilega orðið á verði jarðarinnar fyrir rás viðburðanna að öðru leyti, þá held ég, að stundum muni þurfa á þessu yfirmat og að ekki muni vera gott fyrir þá, sem eiga að meta í þessum efnum, að vita, hvað eigi út úr þessu að koma, sem réttast sé. En slíkt kæmi til greina, ef þeirri reglu verður fylgt, sem ég gat um nú síðast.

Ég vildi, að hv. landbn. athugaði, að ef á að selja þessar jarðir, sem í frv. eru nefndar, þá tel ég, að skilyrðislaust þurfi að gera þær um leið að ættaróðulum. Og ég mælist til þess, að hæstv. landbrh. komi þessum jörðum öllum undir sömu stjórn, — kirkjujörðum, þjóðjörðum, jarðakaupasjóðsjörðum og kristfjárjörðum, — í einhverri mynd, og að framtíðarlínurnar, sem fylgt verði með ábúð þeirra og byggingu, verði heilsteyptari en verið hefur.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hreyfir við allverulegu vandamáli og gömlu deilumáli hér á Alþ., sem snertir sölu opinberra eigna. Fyrir nokkrum árum flutti ég frv. um það í hv. Nd. að heimila almennt sölu á þjóð- og kirkjujörðum, á sama veg eins og hér áður var og með þeim sömu skilyrðum, sem þá giltu, þannig að undanteknar væru aðeins þær jarðir, sem viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn teldi, að nauðsyn bæri til að halda í eigu hins opinbera vegna væntanlegra félagslegra starfa, sem jarðirnar gætu verið undirstaða undir. Þessu frv. var snúið í það, sem nú er í lögum, að það væri heimilt almennt að selja þessar jarðir, ef þær væru um leið gerðar að ættaróðulum. Og þannig er þetta nú. Sem sagt, því var snúið á þessa leið, að það væri ekki nein heimild fyrir ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. að selja þessar opinberu jarðir nema því aðeins, að þær væru gerðar að ættaróðulum. En reynslan af þessu hefur orðið sú, að það hafa komið í ljós allmiklir annmarkar og árekstrar í sambandi við þetta. Og í tilefni af því er nú verið að samþ. lög í dag til þess að greiða þarna nokkuð fyrir kaupendum þessara jarða með því að gera þeim rýmra um að veðsetja þær, til þess að geta byggt upp á þeim. Því að samkv. l. var það áður svo, að hlutaðeigandi ábúendur höfðu engin skilyrði til þess að geta fengið lán eins og aðrir bændur til þess að byggja upp á þeim eins og nauðsyn ber til. Nú var þetta tekið fyrir í vetur í nýbýlastjórn, og þaðan hefur runnið það frv., sem hefur legið hér fyrir Alþ. að minni tilhlutun og er víst um það bil að verða að lögum. En þó að þetta sé gert og þetta bæti mikið úr um aðstöðu þeirra bænda, sem þarna eiga hlut að máli, þá eru samt sem áður nokkrar hömlur í sambandi við það, að það sé skylda viðkomandi manna að gera jörðina að ættaróðali, og það takmarkar það, að menn, sem búa á ríkisjörðum, kaupi þær og stofni til þeirra nytsamlegu framkvæmda og umbóta á jörðunum, sem þörf er á. Nú skilst mér eftir þessu frv., að ætlun hv. flm. sé sú, að hann geri ráð fyrir, að vegna þessara ákvæða flytji hann sitt frv., með tilliti til þess, að það sé undanþága frá þessu ákvæði. Og ég get vel skilið, að sá sé hans skilningur á þessu, því að væri það ekki, þá væri frv. óþarft, vegna þess að ríkisstj., hver sem hún er, hefur heimild til þess að selja viðkomandi mönnum jarðirnar án þess að um það séu sett nokkur sérstök lög. Þess vegna er það, að ef till. hv. 1. þm. N-M. verður samþ., að í þetta frv. verði bætt, að þessar jarðir, sem hér er um að ræða, verði jafnhliða gerðar að ættaróðulum, þá er frv. um leið orðið alveg óþarft.

En út af því, sem hv. 1. þm. N-M. veik að yfirstjórn þessara opinberu jarða, þá er það alveg rétt, að nú heyra þær undir tvö ráðuneyti, sem er að sumu leyti óheppilegt. Þjóðjarðir og jarðakaupasjóðsjarðirnar heyra undir landbrn., eins og eðlilegt er, en kirkjujarðirnar heyra undir kirkjumrn. Og það er rétt hjá hv. þm., að það hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, undir hvaða ráðuneyti kristfjárjarðirnar heyri. Þó mun eðlilegast að telja, að þær beri að láta fylgja að þessu leyti kirkjujörðunum eins og hefur verið frá fornu fari. En um sölumöguleikana gilda, eins og hv. þm. sjálf-

sagt flestir vita, sömu lög um kirkjujarðir, þjóðjarðir, og jarðakaupasjóðsjarðir. En meinið er, í sambandi við það, hvað ríkið á mikið af jörðum, að það hafa ekki verið möguleikar til þess eða ekki vilji hjá hæstv. Alþingi að leggja fram nægilegt fjármagn til að byggja upp á þessum jörðum og gera þær sambærilegar við það, sem eignarjarðir eru, sem eru sæmilega setnar. Útkoman er því sú, að á ríkisjörðunum er yfirleitt verr búið en á hinum, vegna þess að hlutaðeigandi menn leggja minna kapp á að leggja í framkvæmdir á þeim en ella mundi, ef þeir ættu jarðirnar sjálfir. Ég held þess vegna, að það sé í samræmi við þá skoðun, sem fram kom í mínu frv. fyrir nokkrum árum, að það væri eðlilegt að lögfesta, að þessar jarðir megi selja án þess skilyrðis, sem nú er í gildi, því að þá mundi komast á betri búskapur á þessum jörðum en er. Ef það fæst ekki, sem mikil tregða er á og meiri hluti Alþ. hefur verið á móti, þá verður fyrr eða síðar að ganga lengra fram í því að leggja fram fé til þess að byggja upp á þessum jörðum og gera þær byggilegri en nú er, því að við skulum vona, að það haldi ekki áfram sú hrunstefna, — að ég ekki segi helstefna — að sveitirnar séu smalaðar að fólki og það fari meir og meir í þéttbýlið, þar sem maður hefur enga tryggingu fyrir, að það geti haft framtíðaratvinnu.

Ég skal svo ekki fara um þetta miklu fleiri orðum, en vænti þess, að hv. landbn., sem vafalaust fær þetta mál til meðferðar, taki það til athugunar, hvort ekki sé nú tími til þess kominn, eftir þá reynslu, sem fengin er á eign ríkisins á jörðum, að gefa heimild til þess að selja þær, án þess að þau skilyrði fylgi, sem nú eru í lögum.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Virðulegi forseti. Það er rétt, sem hæstv. landbrh. sagði, að þetta frv. er í raun og veru um undanþágu frá því, sem er hin almenna regla. En í því sambandi sagði hann, að ef sett væru ákvæði inn í frv. um það, að jarðir þessar skyldu verða ættaróðul, þá væri frv. óþarft, því að þá væri undanþágan fallin burt. En þetta er misskilningur sökum þess, að þann aðdraganda, sem þarf til þess að gera jarðir að ættaróðulum, án sérstakra annarra tafa, hann losna ábúendur við í þessum tilfellum, ef þetta frv. verður að l., jafnvel þó að þetta ákvæði væri fellt inn í frv., að jarðir þessar skuli gerðar að ættaróðulum. Þess vegna er það ekki rétt, að frv. sé þýðingarlaust, jafnvel þó að þetta ákvæði væri sett inn í það. Enda man ég eftir því, að nú ekki alls fyrir löngu voru sett lög á Alþ. um sölu nokkurra þjóðjarða — ég man ekki, frá hvaða ári það var — og þar stendur um margar af þessum jörðum: „enda sé jörðin gerð að ættaróðali.“ (*PZ:* Það varð ekki af sölu á sumum þeirra vegna þess ákvæðis.) Það kann að vera.

Út af því, sem bæði hæstv. landbrh. sagði og hv. 1. þm. N-M., vildi ég segja, að ég get verið því samþykkur, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, að það vantaði í þessi mál ákveðna stefnu hjá löggjafarvaldinu. Og ég er einnig því sammála, sem hæstv. landbrh. sagði um sjálfsábúð og leiguábúð. Ég er ekki í nokkrum vafa um það persónulega, að bezta ábúðin og heppilegasta fyrir hverja jörð er, að hún sé í sjálfsábúð. En þá komum við aftur að hinu, sem hv. 1. þm. N-M. minntist á, að með því að selja þjóðjarðir skilyrðislaust þá væri hverri nýrri bændakynslóð íþyngt með því, að hver einstaklingur þyrfti að kaupa sína jörð kannske með uppsettu verði. Og það er einmitt þetta, sem er aðalástæðan til þess, að þarna hafa verið settar hömlur og að í staðinn fyrir þjóðjarðasölulögin hafa komið l. um ættaróðul. En það er bara meinið í þessu öllu saman — og það vildi ég segja við hv. 1. þm. N-M. —, að með því móti, sem nú er, og með þeim l., sem gilda, jafnvel l. um ættaróðul, þá er hverri kynslóð íþyngt við byrjun búskaparins, eins og áður var. Því að þegar búið er að byggja vel upp á jörð, rækta hana mikið og þetta er eign fráfarandans, þá þarf viðtakandinn að kaupa þetta, og þessi mannvirki eru kannske aðalverðmætið, sem jörðin hefur til að bera. Sem sagt, ef löggjafinn gæti fundið skipun á þessum málum, sem væri á þá leið að stuðla sem allra mest að því, að hver bóndi ætti sína jörð, en þó þannig, að gera nýjum bónda, er til jarðarinnar kæmi, léttara fyrir um að eignast hana og standa undir eigninni, þá væri það auðvitað hin rétta stefna.

Eins og ég sagði í upphafi, þá tel ég ekki frv. þýðingarlaust, jafnvel þó að inn í það væri bætt, að 3 jarðirnar, sem í því eru nefndar, væru gerðar að ættaróðulum. En ég vil benda hv. n. á, að slíkt á þó ekki við um eyðijörðina Fagranes, því að um þá jörð nær ekki nokkurri átt að ákveða, að hún skuli vera gerð að ættaróðali, því að sú jörð verður aldrei mannabústaður framar, að því er ég hygg, svo að um hana yrði að gera undantekningu, þó að þetta ákvæði um ættaróðal yrði sett inn í frv. um hinar jarðirnar.

Þá er annað atriði, sem ég verð að leyfa mér að efast um, að hv. 1. þm. N-M. hafi skýrt rétt frá, og það er, að land Syðri-Bakka liggi að Hjalteyri. Þó að ég viti nú vel bæjarðina þarna og sé þar kunnugur, þá er ég ekki svo kunnugur landamerkjum milli jarða þar, að ég geti alveg fullyrt um þetta. En ég hygg, að þetta sé ekki. Milli Hjalteyrar og Syðri-Bakka er jörðin Ytri-Bakki, og ég hygg, að Syðri-Bakkaland liggi ekki að Hjalteyri. Og hvað Hjalteyri snertir, þá er þess að gæta, þó að þar sé nokkurt þorp, að eigendur Hjalteyrar hafa keypt nágrannajarðirnar Bragholt og Skriðuland og eiga væna landsspildu frá Hjalteyri og allt upp í fjallseggjar. Svo að ég sé nú ekki, að það muni vaxa upp svo stórt þorp á Hjalteyri, að þetta land ásamt þá t. d. Ytri-Bakka mundi ekki nægja þorpinu. Ég held þess vegna, að það, þó að Hjalteyri sé þarna í grennd, ætti ekki að hafa nein áhrif í þessu efni.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því, sem hv. flm. sagði, að það mundi vera misskilningur, að þetta frv. væri óþarft, ef inn í það væri sett ákvæði um, að þessar jarðir yrðu við sölu gerðar að ættaróðulum. Ég vil vekja athygli á því, að hér fyrir nokkrum árum lá fyrir hverju þingi meira

eða minna af frv., sem voru hliðstæð þessu, og gengu þau hér deild úr deild, vegna þess að það var verið að heimila sölu á þessari og þessari jörðinni. En þetta var áður en lögin voru sett um að heimila almennt sölu á opinberum eignum með því að þær jarðir, sem seldar væru frá ríkinu, yrðu gerðar að ættaróðulum. Og hvort sem þetta frv. verður nú samþ. eða ekki, þá skal ég lofa hv. flm. því að taka það til athugunar næstu daga, ef ég verð áfram í stjórn, hvort ég vil ekki ganga að því að selja þessum mönnum jarðirnar, ef þeir hafa skjöl í höndum um, að þeim sé leyfilegt að kaupa þær, án þess að samþ. verði lög um þetta frá Alþ. Hitt getur verið, að sérstöku máli sé að gegna um þá eyðijörð, sem þarna er um að ræða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Af því að ég heyri, að hæstv. ráðh. hefur illa fylgzt með, held ég, að það sé rétt, að ég reyni að láta hann átta sig á því, að það er ómögulegt að selja land, sem ríkið á — gersamlega ómögulegt —, nema eftir lögum nr. 116 30. des. 1943. Eftir 47. gr. þeirra laga er heimilt að selja jarðir, sem eru í erfðafestu, ef ábúendurnir gera þær að ættaróðulum og að öðru leyti uppfylla viss skilyrði, sem þar er fyrir mælt, eins og t. d. að hafa búið á jörðinni í fimm ár o. fl., sem þar um ræðir. Þess vegna er útilokað, að hann geti selt nokkrar af þessum jörðum fyrr en þessir, sem tekið hafa jarðirnar á leigu, hafa fengið þær í erfðaábúð. Og þó er, þótt undarlegt sé, töluverð tregða á að fá erfðaábúð á jörðum, sem það opinbera leigir út. T. d. veit ég um einn bónda í Biskupstungum, sem reynt hefur að fá erfðaábúð á einni jörð, að það hefur verið tregða á, að hann geti fengið erfðaábúð á henni, og hann hefur ekki fengið hana enn, þó að ég telji, að hann eigi heimtingu á því, eftir gildandi lögum. — Ég skal ekki að öðru leyti blanda mér í þær umr., sem hér hafa átt sér stað, en vil vona, að ráðh. taki þetta til athugunar, að láta allar þessar jarðir heyra undir sama ráðuneyti og koma fastari og ákveðnari skipun á þessi mál en nú er.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 1. þm. N-M. (PZ), að það væri á því þörf að koma á fastari skipun eða ákveðnari aðgerðum varðandi þessar opinberu jarðir, og meðal annars er það ekki heppilegt eins og verið hefur og er, að þær heyri undir tvö ráðuneyti, eftir því hvers eðlis þær eru. Það kann að vera, að það séu nýjar upplýsingar — ég heyrði það ekki hjá hv. flm. —, að þær jarðir, sem hér um ræðir, séu engar í erfðaábúð, því að það er rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að ákvæðin eiga við jarðir, sem eru í erfðaábúð. Mikill hluti þeirra jarða, sem heyra undir landbrn., eru í erfðaábúð og mjög mikið af kirkjujörðum, og eins og eðlilegt er, er mjög sótzt eftir að fá þær í erfðaábúð, þar sem því fylgja ólíkt betri kjör. En séu engar þessar jarðir í erfðaábúð, þarf um það sérstök lög, eins og nú er háttað, en eðlilegast væri að snúa frv. í það horf, að gefin væri almenn heimild til að selja ábúendum þær jarðir, sem það opinbera á, hvort sem þær eru í erfðaábúð eða ekki, ef þær eru gerðar að ættaróðulum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 300, n. 392, 319, 393).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og í nál. segir, hefur n. rætt málið ýtarlega sín á milli og einnig við Friðgeir Björnsson fulltrúa, sem er umsjónarmaður með opinberum jörðum. Ég skal minna á, að á síðustu tveim áratugum hafa hér á þingi staðið nokkuð harðar deilur um það, hvort rétt sé að selja opinberar eignir. Þær hafa gengið á ýmsa vegu, en fyrir nokkru varð samkomulag um það, að óhagstætt væri fyrir búskapinn á þessum jörðum að vera stöðugt að selja þær og með sívaxandi verði og hækkandi afgjöldum, sem næmi vöxtum vegna hækkandi söluverðs þeirra. Þetta samkomulag varð á þá leið, að þær opinberar jarðir, sem færu í erfðaábúð, yrðu sem líkastar því, að í sjálfsábúð væru. Með því, að gefinn yrði kostur á því, að jarðirnar yrðu að ættaróðulum, yrði og komið í veg fyrir, að þær gengju kaupum og sölum, eins og átt hefur sér stað með jarðir, að menn hafa fleygt þeim á milli sín á markaðinum. — Að þessu frv. stóðu menn, sem voru á ólíkum meiði, en þar kom, að n. varð sammála um, að heppilegast sé að jarðirnar séu í varanlegri ábúð, en það kalla ég erfðafestu og ættaróðul. Svona verður að líta á nál. En þótt heppilegast sé talið, að þær séu í varanlegri ábúð, þá eru til undantekningar frá þessu. Ríkið hefur enn ýmsa fasta starfsmenn úti um land. Þarf og hefur þurft á að halda jörðum handa sumum þeirra til búskapar. Í öðru lagi er það, að byggðin er að breytast, færast til frá dreifbýlinu og til þéttbýlisins, þorpa úti við sjó og uppi í landi, t. d. Selfoss. Þar er misjöfn aðstaða til afkomu, en lífsnauðsyn er víða að stunda bæði sjó og land og lifa á eigin framleiðslu. Þar, sem opinberar jarðir liggja að slíkum stöðum, þá finnst nm., að eigi megi selja slíkar jarðir og láta með því kaupanda verða millilið og græða á sölu þeirra eða hluta af landi þeirra aftur. Teljum við því eigi rétt að selja þær. Með þessum tveim undantekningum teljum við rétt að koma þeim jörðum, sem eigi eru þegar í erfðaábúð, í óðalsréttarábúð. — Þá viljum við benda á jarðir, sem eru í eyði. Þær eru ríkinu til þyngsla, og er hæpið, að það eigi að eiga þær áfram. Er alkunnugt dæmið um það, að bóndi einn bað um að fá keypta jörð nokkra fyrir löngu. Viðkomandi sýslunefnd mælti þó á móti sölu jarðarinnar, því að henni fylgdi svo mikið fjalllendi. Árið eftir fékk bóndinn jörðina svo keypta án fjalllendisins. Síðan bjó hann á henni í 40 ár. En kostnaðurinn við að smala landið varð skv. reikningi, sem hann sendi ríkinu árlega, meiri, og það miklu meiri öll árin, en hann hafði í öndverðu greitt fyrir

jörðina, svo að hann fékk jörðina fyrir að smala fjallið. Þannig getur farið um eyðijarðir. Á jarðareiganda hvíla ýmsar skyldur, og get ég því mælt með því að selja jarðir, sem eru í eyði.

Jarðir þær, sem um er að ræða, höfum við talið upp í nál. og gert hverri einstakri skil. Ég skal fylgja nál., ef eitthvað kann að skýrast við það.

1. Þjóðjörðin Bakki í Svarfaðardal. Þessi jörð hefur verið setin um skeið af tveim feðgum, sem hafa gert hana að því, sem hún er nú. Þetta er góð jörð, með sæmilegum timburhúsum. Eru þarna 20 stórgripir, og nokkurt fjárbú hafði bóndinn áður en fjárskiptin komu til. Hér verður eigi bætt við bústofninn fyrr en ræktað land vex. Ég býst við, að hann geti komizt í 30 nautgripi, þegar ræktaða landið vex, en landið til beitar verður minna, og vaxi búið úr því, verður að beita á ræktað land. Við þurfum að hafa stórbú. Það er stefnan nú. Er það sízt of stórt, þótt þessi jörð vaxi, og við teljum þetta eigi þá jörð, að ríkið eigi að fara að skipta sér af henni, t. d. í því skyni að skipta henni niður í smábýli. Hún er hæfilega stór fyrir einn bónda næstu áratugi. Ég skal ekkert segja um það, hvernig verður þegar allt land jarðarinnar er upp ræktað, en þá hefur bóndinn leyfi til að skipta henni upp á milli sona sinna og ræður því þá, hvernig það verður gert. Það er ekkert, sem bendir á, að þetta verði embættismannsbústaður, og ekkert heldur, sem bendir á, að þarna myndist þorp. Við leggjum því til, að jörðin verði seld, en hún þó gerð að ættaróðali, svo að hún fari eigi í brask og ábúendum framtíðarinnar þar með íþyngt með milliliðagróða. — Í l. nr. 116 1943 er tekið fram, með hvaða skilyrðum opinberar jarðir eigi að seljast. 1. brtt. okkar mælir því með, að jörð þessi verði seld. Öll þau skilyrði eru hér til staðar nema það eitt, að jörðin hefur ekki verið í erfðaábúð, heldur byggð til lífstíðar, en það frávik er hér aukaatriði.

2. Ríkisjörðin Stærri-Árskógur. Ég tel, að menn geti áttað sig á till. okkar um hana. — Þá viljum við geta þess, að Hauganes er þorp frammi við sjóinn, þar sem menn lifa á þeim afla, sem þeir fá á hinum litlu trillum sínum, er þeir róa á út á mið Eyjafjarðar og fiska. Þetta Hauganes er byggt úr Selárlandi. Ég ætla, að 12 kýr séu á Hauganesi nú. Íbúar þess hafa fengið uppmældan til ræktunar þann hluta Selárlands, sem liggur norðan við þverveg þann á Árskógsströnd, sem liggur niður að Hauganesi. Þennan hluta hafa þeir fengið útmældan upp í þá mýri miðja, er þarna er, að mörkum Stærra-Árskógslands. Norðan við hann tekur við jörðin Brimnes, en að sunnan Selárbakki. Ef Hauganesbúar vilja meira land, eiga þeir um tvennt að velja. Í fyrsta lagi að leggja Selána niður og skipta henni upp. Hún er þó sæmilegt býli, þótt búið sé að taka frá henni mýrina norðan vegar. Í öðru lagi að fara upp fyrir byggðina og skipta mýrinni upp. Víst er, að ef Hauganes stækkar, þurfa íbúar þess meira landrými, ef þeir ætla sér að stunda landbúnað. Flyttu íbúarnir hins vegar burt til Dalvíkur, Ólafsfjarðar eða Siglufjarðar, kæmi það að sjálfsögðu eigi til greina. En nú er nýbyggt hús á einu hinna nýræktuðu landa, og fleiri vilja byggja þar. Þá er ekki sýnilegt, að taka muni fyrir útgerð smábátanna. T. d. aflaði einn á Bakkafirði 70 skippund síðastliðið sumar, og var á einn maður. Meðan þeir geta gefið þetta, þá er ég ekki viss um, að leggja eigi þessa útgerð niður, og þorpin, þ. á m. Hauganes, geta átt sér framtíð í aukinni ræktun, ef í þeim fjölgaði, samhliða sjósókn sinni. En um Stærra-Árskóg er það að segja, að í landi hans hefur verið byggður barnaskóli og samkomuhús er í vændum, en óútkljáð er um lóð handa því og eins kennarabústað. Enn hafa engir samningar verið gerðir um þetta. Þá hafa verið byggð tvö hús, er þurrabúðarmenn hafa reist í hálfgerðu óleyfi hins opinbera, en með leyfi ábúandans.

Það eru því margar stoðir, sem renna undir, að við leggjum til, að Stærri-Árskógur verði ekki seldur.

3. Þjóðjörðin Syðri-Bakki. Hún liggur sunnan og ofan við Hjalteyri, í krikanum fyrir ofan Arnarnesland, sem er „privat"-eign. Í krikanum eru 4 býli, sem hafa fengið land keypt úr Arnarneslandi, en að hluta úr Hjalteyri. Þá er Syðri-Bakkaland, sem er næsta jörðin, sem talað er um í frv. Þessi jörð á ákaflega gott ræktunarland. Hér er allt, sem til þarf, og búið þegar að byggja þrjú býli, sem eru: Bakkagerði, sem er gamalt og fengið hefur 5 ha; Gilsbakki, er fengið hefur 4 ha til ræktunar, og nafnlaust býli í eigu Ólafs Ólafssonar, sem fengið hefur 1 ha og búizt er við, að þurfi meira land.

Árlega er um það spurt, hvort ekki sé unnt að fá ræktunarland úr Syðri-Bakkalandi. Kemur það mest frá Hjalteyri. Enn hefur þó eigi verið látið meira en undir þrjú býli. Það er eigi búið að mæla upp landið og skipuleggja, hvernig skipta eigi því í skákir. Því er svipuðu máli að gegna með Syðri-Bakka og Stærra-Árskóg, að líkindi eru til, að hér vaxi upp þorp. Er fengin vissa fyrir því, að menn, sem búa við Hjalteyri, telja sig vilja fá land. Ef Syðri-Bakki væri því seldur nú, þá mundu skapast milliliðir, sem geta grætt á braski með jörðina. Vegna þessa leggjum við hér til, að ábúandanum verði ekki seld jörðin. Þessi maður er nýbúinn að byggja og hefur fengið gegnum ríkið töluverðan styrk og hagfelld lán úr byggingarsjóði.

Við leggjum því á móti, að þessar tvær jarðir verði seldar, með þeim rökum, er nefnd voru.

4. Eyðijörðin Fagranes í Öxnadal. Bæjarhúsin, sem þar voru, brunnu fyrir skemmstu. Bar það við fyrir slys. Þar voru vegavinnumenn, og einhvern veginn kviknaði svo í bæjarhúsunum, svo að þau brunnu. Á því ábúandinn, hver sem hann verður, kröfu á Brunabótafélag Íslands, er nemur 8323 kr., sem var matsverð húsanna. Óvíst er, hvernig fer um jörð þessa. Mér sjálfum þykir ólíklegt, að hún byggist að nýju, þótt hún hafi öðru hvoru verið í byggð. Hitt þykir mér líklegra, að Glæsibæjarhreppur og Öxnadalshreppur þurfi á afréttarlöndum að halda niður undir Engimýri. Ég er sannfærður um, að eftir fá ár fjölgar sauðfé aftur, því að það eru og verða afurðir þess, er landbúnaðurinn flytur út. Ég er viss um, að þrátt fyrir það að þróunin

hafi nú um skeið verið sú að fjölga kúm, þá muni fjölgun koma í sauðfé, örari en menn munu ætla nú. Koma þá þessir tveir hreppar til með að þurfa allan botninn á Öxnadal til afréttarlanda. Fyrir framan Fagranes er ein jörð í byggð, þeim megin ár, en hinum megin er í byggð Bakkasel, þar sem er gistihús. Hin fyrrgreinda jörð, Gloppa, hefur eigi alltaf verið í byggð, og þróunin getur orðið sú, að hún leggist í eyði og þá verði allur framdalurinn, niður að landi Geirhildargarða, gerður að afréttarlandi. Og mér hefur verið sagt, að Gloppa fari í eyði í vor. Því er eigi tekið fram í till. okkar, hverjum eigi að selja jörðina Fagranes, en það er sérálit mitt, að áður en salan fer fram ætti að leggja fyrir meðmæli frá sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, því mig grunar, að land hennar þurfi fyrir upprekstrarland. Þetta er m. ö. o. ekki álit allrar n. í heild.

Það mætti segja mér, að nú væri svo mikill mjólkurframleiðsluhugur í Eyfirðingum, að þeir væru ekki búnir að átta sig á, að þá gæti komið til með að vanta afrétt fyrir sauðfé sitt, og þess vegna gæti kannske sýslun. mælt með því nú að selja Fagranes, þó að hún vildi eftir 10 ár láta viðkomandi hreppsnefndir kaupa það aftur fyrir afrétt. Þess vegna höfum við ekki tiltekið neitt um það, hverjum ríkisstj. seldi jörðina, heldur bara leyft að selja hana. Hins vegar er þess að gæta, að hver sem eignast jörðina á kröfu á Brunabótafél. Íslands upp á 8323 kr., ef hann byggir á jörðinni. Hversu mikils virði sú krafa er, fer eftir því, í hvaða augnamiði jörðin er keypt. Við höfum gert till. um, að til þess arna sé tekið tillit við sölu jarðarinnar, og er þá meiningin sú, að það skuli liggja fyrir, áður en selt er, hvort sá, sem kaupir jörðina, ætlar sér að byggja á henni eða ekki. Ef hann ætlar sér ekki að byggja, þá afsalar hann sér formlega kröfunni og hún fellur niður. En ég vil ekki, að þessi jörð sé seld til þess að sá, sem kaupir, geti kannske eftir eitt ár selt hana aftur fyrir hærra verð, af því að krafan fylgir henni, til einhvers, sem kynni að vilja eignast nýbýli. En nýbýli hafa verið reist á þessu ári, sem eru eins mikið út úr og Fagranesið. Það er ómögulegt að segja um, hvar mönnum dettur í hug að reisa nýbýli, og hugmyndir manna eru ólíkar um það, hvar gott sé að búa. Ég vil fyrir mitt leyti þess vegna láta taka tillit til þessa og fá úr því skorið áður en sala fer fram, svo að sá, er kaupir jörðina nú, hagnist ekki á henni vegna kröfuréttarins.

Þá hefur komið fram till. um það frá hv. þm. Barð., að við yrði bætt heimild um að selja eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi. Grandi liggur fremst í Bakkadal, móti jörðinni Feigsdal. Bóndinn, sem þar bjó, fluttist þaðan á síðastliðnu vori og flutti á næstu jörð fyrir neðan Granda, sem heitir á Hóli. Það fór fram úttekt á þessari jörð, þegar bóndinn fór þaðan, og mat á húsum og mannvirkjum, sem þar eru og hann á og á kröfu á að fá endurgreitt, svo fremi að úttektarmenn telji þau jörðinni ekki ofviða. Úttektarmenn telja, að svo sé ekki og úttektargerðin skýrir frá því, að ríkissjóður eigi að borga honum kr. 6875.00. Friðgeir Björnsson, sem úttektargerðin er hjá, hefur viðurkennt þetta, og þess vegna teljum við, að ef hún verður seld, verði ríkissjóður að fá þessa upphæð, fyrir utan jarðarverðið, þar sem ríkissjóður þarf sjálfur að greiða þetta til fáfarandi bónda. Við höfum ekki heldur tekið upp í brtt., hverjum jörðin skuli seljast, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að við erum ekki vissir um það, hvort bóndinn í Feigsdal, sem ætlar sér að leggja Granda undir sína jörð, a. m. k. nú sem stendur, kærir sig um að kaupa mannvirki jarðarinnar fyrir það verð, sem þau eru metin á. Hins vegar geta fleiri menn komið til greina sem kaupendur jarðarinnar til þess að búa þar, sem þá líka vilja kaupa þessi mannvirki fyrir þetta verð. Þennan möguleika höfum við ekki viljað útiloka. Sumir menn vilja heldur búa á jörðum, sem þeir teljast eigendur að sjálfir, þó að þeir skuldi allt jarðarverðið, heldur en á jörðum, sem þeir eiga ekki, þó að þeir hafi á þeim erfðaábúðarrétt. Það er erfitt að skilja slíkan hugsanagang, en þetta er þó raunveruleiki, og við vildum þá ekki loka fyrir þann möguleika, að sá maður, sem vildi fá jörðina til ábúðar og flytja þangað, gæti keypt hana og þá líka mannvirkin fyrir það verð, sem ríkissjóður þarf að borga fyrir þau. — Hef ég þá gert grein fyrir þeim till., sem legið hafa hér fyrir áður.

Ég vil þá að síðustu geta þess, að tveir menn hafa beðið mig að koma hér að jörðum. Þær eru báðar kristfjárjarðir. Ýmsir líta þannig á, að þær séu í allt öðru númeri en aðrar opinberar eignir. Þær eru allar gefnar í einhverjum ákveðnum tilgangi, sumar hreppsfélögum, en aðrar til ákveðinna sjóða, eins og t. d. Utanverðunes í Skagafirði, sem er gefin til þess, að eftirgjaldið af henni renni til fátækra prestsekkna í Skagafirði. Það er því ákaflega misjafnt, í hvaða augnamiði þessar jarðir eru gefnar. Gjafabréf hafa verið til fyrir þeim, og er í sumum þeirra tekið fram, að ekki megi selja þessar jarðir, og mér er sagt, að svo sé með aðra þessa jörð, sem ég hef verið beðinn að koma inn í þetta frv. Ég mun því ekki nefna hana á nafn, þó að í hlut eigi flokksbróðir minn og kunningi. Ég ætla ekki að fara að leiða það inn á Alþ., að rofin séu gjafabréf dáinna manna. Hin jörðin er líka kristfjárjörð, en gjafabréfið er löngu glatað. Hvernig það hefur verið, vita menn ekki nema að nokkru leyti. Menn vita, að þrjár jarðir voru gefnar, tvær í Fljótsdal og ein í Jökuldal. Þær voru gefnar þannig, að presturinn á Valþjófsstað átti að sjá um byggingu þeirra og hafa afgjöldin af einni jörðinni fyrir það. Afgjaldið af hinum tveimur jörðunum átti að vera það, að þær áttu að hafa á framfærslu þyngsta ómaga hreppsins. Fyrir og eftir aldamótin og þar til kringum 1940 bjuggu á einni af þessari jörð hjón, sem hétu Sölvi og Sigríður, og svo ekkjan eftir lát mannsins. Þá var þetta framkvæmt þannig, að presturinn á Valþjófsstað fékk eftirgjaldið eftir Merki, en hjónin á Arnheiðarstöðum höfðu þyngsta ómagann, en þau tóku afgjaldið af Geitagerði. Það er Geitagerði, sem ég hef verið beðinn að koma inn í þetta frv. Þegar Sigríður fór frá Arnheiðarstöðum og hætti að halda þyngsta ómaga hreppsins, var þessu breytt og

gjafabréfið þar með rofið að því leyti, að hætt var að láta prestinn sjá um jarðirnar, en afgjaldið af Merki var látið renna til stjórnarráðsins, sem nú tók að sér hlutverk prestsins. Afgjaldið af hinum jörðunum rennur til hreppsins og enginn ómagi er á framfærslu hans. Það stendur líkt á með Geitagerði og Bakka í Svarfaðardal. Þar hafa húið tveir feðgar, fyrst Guttormur, sem á sínum tíma var á Alþ., og síðan sonur hans Vigfús. Jörðin er prýðilega setin, jafnvel enn betur en Bakki, og hún hefur mjög verið bætt af þeim feðgum, allar byggingar eru gerðar af þeim og fengin nýtízku tæki. Frá almennu sjónarmiði er ekkert, sem mælir á móti því að selja jörðina. Jörðin er landlítil, og nýbýli eða skipting jarðarinnar kemur ekki til greina. Það er því ekkert frá því sjónarmiði, sem mælir á móti því, að hún sé seld, nema það, að hún er kristfjárjörð. Ég vil nú benda á, að því er ekki ólíkt farið með kristfjárjarðir og kirkjujarðir, en það er alltaf verið að selja kirkjujarðir. Þær voru gefnar af einstaklingum til kirkjunnar með ákveðnum skilyrðum og endurgjaldið notað til að halda kirkjunni við á einhvern hátt og efla guðsþjónustuhald hennar. Ríkið hefur tekið allar kirkjujarðir og rennur afgjald þeirra í ríkissjóð, en svo hefur söfnuðurinn verið látinn sjá um það hlutverk, sem afgjald jarðanna átti að standa undir. Ég sé því ekki mikinn mun á því, hvort um er að ræða kirkjujarðir eða kristfjárjarðir. Þar að auki hafa kristfjárjarðir verið seldar, eins og t. d. Hrafntóftir í Rangárvallasýslu, sem seld var með leyfi sýslun. einnar og ekkert um það spurt til Alþ. Nú er talið, að Alþ. þurfi að samþ. sölu á kristfjárjörðum, en það er mjög vafasamt, að Alþ. hafi nokkuð yfir þessum jörðum að segja. Þær eru gefnar, eftir því sem menn bezt vita, með þeim skilyrðum, sem ég áður hef greint frá. Það var ekki, svo að menn viti, talað um, að kóngurinn eða yfirvöldin ættu að sjá um þetta. Ég hefði ákaflega gaman af því að heyra álit manna um þetta og óska eftir að fá að heyra það við þessa umr., hvort menn telja eðlismun á kristfjárjörðum og kirkjujörðum og hvort rétt sé að selja aðrar, en hinar ekki. Ég mun beygja mig fyrir afgreiðslu málsins hér á Alþ., en ef ég heyri það, að menn geri ekki á þessu mikinn mun, mun ég við 3. umr. koma með till. um að bæta Geitagerði við, með sérstökum hætti þó. Það verður að gera hana að ættaróðali. Það er skilyrðislaus krafa frá minni hendi a. m. k. Og það verður að mynda sjóð af andvirði jarðarinnar, og vöxtum af honum á að verja á sama hátt og afgjaldinu var varið. Með því tel ég, að gjafabréfið sé sáralítið eða ekki brotið. Ef ég sem sagt heyri það, að þm. gera ekki mikinn mun á, hvort um er að ræða kristfjárjarðir eða kirkjujarðir, þá er ég alveg ákveðinn í því að flytja brtt. um að bæta Geitagerði inn í frv.

Ég vil svo að síðustu benda á það, að þótt verið sé að samþ. svona l. um að selja jarðir og þó að það hafi verið gert annað slagið síðan þetta samkomulag varð, þá hefur venjulega verið sett í l., að jarðirnar skyldu gerðar að ættaróðulum. En það hefur þó sýnt sig hvað eftir annað, að menn, sem hafa komið hér og viljað fá jarðir keyptar, þeir hafa aldrei minnzt á málið framar, þegar búið hefur verið að setja þessi skilyrði, að jörðin skyldi gerð að ættaróðali. Árið 1944, þegar síðast voru samþ. svona l., voru nokkuð margar jarðir, sem komu til greina, en fjórar þeirra var aldrei spurt um eftir það. Borgarstjórinn, Gunnar Thoroddsen, flutti frv. og taldi, að t. d. væri alveg nauðsynlegt að selja og gera að ættaróðulum jarðirnar Emmuberg og Laxárdal í Skógarstrandarhreppi. En síðan var heimilað að selja jarðirnar og gera þær að ættaróðulum, og hefur enginn minnzt á að kaupa þær síðan. (*ÞÞ:* Þær eru komnar í eyði.) Þær hafa þá orðið að ættaróðulum á þann veg. Sama er að segja um jarðir norður í Norður-Múlasýslu, það hefur ekki verið nefnt á nafn að kaupa þær, eftir að þær voru gerðar að ættaróðulum. Ég held þess vegna, þó að við séum samþykkir því að leggja það til, að þessar jarðir séu seldar, og þó að við höfum ekki sett nein skilyrði viðvíkjandi eyðijörðunum tveimur, þá sé varhugavert að vera um of viljugur á að heimila slíkar sölur, og ég held, að rétt sé að halda þeirri stefnu að halda sér við það, að bezta ábúðarformið sé erfðafesta og ættaróðul, en selja jarðir ekki öðruvísi, nema þegar alveg sérstaklega stendur á og um er að ræða eyðijarðir eins og þær, sem hér um ræðir.

Brtt. okkar á þskj. 393 eru í samræmi við það, sem ég hef nú verið að tala um, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Sem flm. þessa frv. leyfi ég mér að tjá hv. landbn. þakkir fyrir þá vinnu, sem hún hefur lagt í þetta mál, og einnig fyrir það, að hún hefur skilað málinu frá sér eftir ekki lengri tíma en eðlilegt má teljast. Aftur á móti er það svo, og mun ég koma betur að því síðar, að ég get ekki verið hv. landbn. jafnþakklátur fyrir niðurstöður hennar allar og ég er henni þakklátur fyrir þau atriði, sem ég nefndi. Ég skal þó taka það fram, að ég hef ekki á móti sumum hennar brtt., þannig hef ég ekkert á móti því, að sala jarðanna sé þeim skilyrðum háð, að hreppsn. mæli með sölunni. Aftur á móti sé ég ekki neina nauðsyn á því að bæta sýslun. þar við, vegna þess að ég skil ekki annað en að þetta verði svo, ef það kemur eitthvað í bága við almenna hagsmuni, að jörðin sé seld, að þá sé það sérstaklega viðkomandi hagsmunum hreppsbúa, og ég held, að hreppsn. sé þá langbezt bær um það að dæma. En sýslun., sem saman stendur af einum manni úr hverjum hreppi sýslunnar, er kannske að meiri hluta til mjög ókunnug staðháttum og yrði því mjög að hlíta leiðsögn sýslunefndarmannsins úr viðkomandi hreppi um þetta allt, og tel ég þá litlu meiri tryggingu, þó að sýslun. sé bætt við, heldur en að hafa hreppsn. eina. Hins vegar getur þetta ákvæði orðið til þess að tefja framkvæmd í málinu. Ég get fallizt á till. n. um það, að sala á jörðinni Bakka í Svarfaðardal sé því skilyrði háð, að hún verði gerð að ættaróðali, samkv. l. frá 1945, og sama mundi vera að segja um hinar jarðirnar, sem nefndar eru í 1. og 2. lið 1. gr. frv., að ég mundi vera því sam-

þykkur eða a. m. k. ekki hafa á móti því, að sams konar skilyrði yrði sett um þær. En þó að ég geti nú fallizt á þetta hjá hv. n., þá get ég ekki verið ánægður með það, að hún leggur til að fella niður heimildina til að selja tvær af þeim jörðum, sem ég hef farið fram á, að heimild yrði gefin til sölu á, kirkjujörðina Stærra-Árskóg og þjóðjörðina Syðri-Bakka í Arnarneshreppi. Ég get ekki séð, að þau rök, sem í nál. greinir og fram komu í ræðu hv. frsm. n. um þetta, séu það sannfærandi, að rétt sé að fella þessa liði frv. með öllu niður, jafnvel þó að ég geti játað, að eitt atriði þeirra, sem n. nefnir, sé á þann veg, að ástæða væri til að n. athugaði það betur og ástæða væri til að gera nokkra breyt. á frv. vegna þess. Það er viðvíkjandi jörðinni Stærra-Árskógi, þar sem nefnt er, að skóli hafi verið byggður á landi jarðarinnar, sem þegar hafi fengið nokkurt land til umráða, enda hefur skólastjórinn ræktað í kringum skólann nokkurt tún og hefur þar nokkurn búskap. Ég get fallizt á það, að jafnhliða því og salan færi fram eða áður, þyrfti að gera landskipti á landi jarðarinnar og landi skólans, sem skólinn og skólastjórinn fengju til afnota, og að það land, sem skólanum væri ætlað, væri undanskilið við söluna. Það get ég ákaflega vel fallizt á. En mér finnst það dálítið vafasamt, sem bæði er getið um í nál. og hv. frsm. minntist á, að ekki megi selja Stærra-Árskóg vegna Hauganesbúa. Eins og getið er um í nál., er þetta þorp, — ef þorp skyldi kalla, því að húsin eru ekki það mörg, — byggt á landi Selár, og öll þessi býli hafa, eftir því, sem ég bezt veit, fengið afmælt land úr Selárlandi til ræktunar. Ég verð nú að telja, að ekki séu miklar líkur til þess, að þarna á Hauganesi vaxi upp mikið þorp. Það getur ekki byggzt á öðru þar en auknum sjávarútvegi, sem ég tel ákaflega litlar líkur til að verði, auk þess sem í næsta nágrenni er nú að koma góð höfn, á Dalvík, og það hefur verið í ráði, að önnur höfn kæmi í Hrísey. Ég hygg því, að þeir, sem hugsuðu sér að stunda sjávarútveg af þessum slóðum, nýir menn, mundu að sjálfsögðu setjast að í Dalvík eða á Hrísey til þessa atvinnurekstrar, en ekki fara að setja sig niður á Hauganesi. Það virðist mér a. m. k. ákaflega ótrúlegt. Hv. frsm. talaði um það sjónarmið n. að selja ekki jarðir þar, sem þorp eða kauptún gætu þurft á þeim að halda. En mér virðist, að þess þurfi þá líka að gæta að gera ekki alveg ómögulega ábúð á góðum jörðum þeirra hluta vegna, nema þörfin sé brýn, og mér finnst, að þá mætti meta það, taka frá og undanskilja sölunni eitthvert land handa Hauganesbúum úr Stærra-Árskógslandi, sem ekki mætti vera stærra en það, að sjálfstæður búskapur gæti haldið áfram í Stærra-Árskógi, og finnst mér, að vel mætti selja það, sem eftir væri af jörðinni, með því móti, til að gera það að ættaróðali. —Alveg það sama er að segja um Syðri-Bakka. Það er alveg rétt, að Syðri-Bakki liggur í nánd við Hjalteyri. Þó hygg ég, að land jarðarinnar liggi hvergi alveg að Hjalteyrarlóðunum, heldur er þar jörð á milli, sem er Ytri-Bakki. Og svo er á það að líta, sem hv. frsm. nefndi, að eigendur Hjalteyrar eiga nú jarðir, sem alveg liggja að Hjalteyri, eða önnur þeirra, og hin er þar næst við, sem eru Bragholt og Skriðuland. Bragholt er mjög vel fallið til ræktunar, og það er það stórt, að ég skil ekki í öðru en að það mundi nægja Hjalteyrarbúum nokkuð til ræktunarlanda. Og þó að það sé svo, eins og hv. frsm. sagði, að Hjalteyri er verksmiðjuþorp, þá stendur það aðeins í sambandi við eina verksmiðju. Og ég hef nú ekki trú á, að íbúum þess þorps fjölgi stórlega. Ég hygg, að þarna verði búsettir menn, sem atvinnu hafa mest hjá þessari verksmiðju, en sé ekki eiginlega, hvers vegna byggð ætti að vaxa þar stórum annars vegna, þar sem Hjalteyri er það innarlega við Eyjafjörð, að þar hygg ég, að varla muni verða mikil útgerð, því að staðirnir utar við fjörðinn eru að sjálfsögðu betur til þess fallnir. Mér finnst því, að það mætti vel selja jörðina Syðri-Bakka, þannig að hún væri gerð að ættaróðali, þrátt fyrir það að hún sé nálægt Hjalteyri. Að vísu veit ég ekki, hvað á að teygja sig langt um það, að kaupstaðir og þorp geti lagt undir sig sveitirnar og hlutað þær niður í smáskika sem ræktunarlönd handa kaupstöðunum og kauptúnunum. Kannske það verði stefnan að taka allar nærliggjandi sveitir þessum stöðum til þeirra nota. Og þá náttúrlega skiptir öðru máli.

Hv. landbn. fellst á, að fjórða jörðin, sem við höfum lagt til, að seld verði, Fagranes í Öxnadal, verði seld. En ég get ekki vel fallizt á brtt. n. samt um þann lið. Í fyrsta lagi leggur hv. n. til, að það sé ekki nefnt, hverjum á að selja jörðina, heldur sé það tekið út úr frv. og gefin almenn heimild til þess að selja jörðina. Þetta er byggt á því, eftir orðum hv. frsm. að dæma, að það muni þurfa á landi jarðarinnar að halda fyrir afréttarland, því að í framtíðinni muni botn Öxnadals, eins og hann orðaði það, eða innri byggð Öxnadals verða tekin undir afréttarland. Það lítur nú svo út, að hreppsnefnd Öxnadalshrepps álíti, að hreppnum sé ekki nauðsyn á þessu landi fyrir afréttarland, því að ég hef í höndum yfirlýsingu frá hreppsnefnd Öxnadalshrepps, sem ég var að hugsa um að láta birta sem fskj. með frv., en mér fannst við nánari athugun ekki taka því. En þessi yfirlýsing er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Öxnadalshrepps afsalar sér kauparétti á jörðinni Fagranesi til handa Rúti Þorsteinssyni bónda á Engimýri í Öxnadalshreppi. Afsalið er aðeins bundið við þennan mann.

Í hreppsnefnd Öxnadalshrepps 21. nóvember 1949.

Þór Þorsteinsson. Gestur Sæmundsson."

Annar þeirra, sem undir þetta rita, er oddviti hreppsn. — Og jafnvel þó að innri hluti Öxnadals yrði tekinn fyrir afréttarland, sem ég hef ekki trú á, að Fagranesland yrði tekið til þess, nema þá kannske partur af því, en ég hef ekki trú á, að allt land þeirrar jarðar yrði tekið til þessa. Mörkin á afréttarlandinu yrðu sjálfsagt að vestan við Bessahlaðagil, og þá mundu mörkin að austan verða nokkru innar en bærinn eða túnið í Fagranesi. — Í öðru lagi þykir mér dálítið undarleg till. n. í þessu efni

og grg. fyrir henni um það, að taka skuli við mat á jörðinni tillit til kröfu þeirrar, er jarðeigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni, en sú krafa er 8323 kr. og því skilyrði háð, að byggt verði aftur íbúðarhús í Fagranesi. Það liggur fyrir, að óskað er eftir jörðinni til bithaga og alls ekki ætlunin að byggja þar upp, og þá skilst mér ekki, að þetta fé komi á nokkurn hátt til útborgunar hjá Brunabótafélagi Íslands. Og sé ég þá ekki, hvernig kaupandinn á að fara að greiða þetta eða hluta þess, en við það hlýtur þó að vera átt með fyrirmælum í brtt. n., að hann annaðhvort greiði allt féð eða hluta þess, ef á að taka tillit til þessa við söluna. Í öðru lagi skil ég ekki, hvaða eign ríkið er hér að láta, sem það þurfi að fá greiðslu fyrir. Ég geri ekki ráð fyrir, að hv. landbn. leggi til, að ríkið fari að byggja upp á Fagranesi og verja til þess 100 þús. eða kannske 150 þús. kr. úr ríkissjóði, enda hygg ég, að það yrði mjög lélegt gróðafyrirtæki fyrir ríkissjóð að gera það. En ef ríkið á jörðina og byggir ekki upp á henni, þá hefur það ekkert gagn af þessari kröfu. Aftur á móti, þó að jörðin væri seld, án þess að þessi krafa væri keypt, og til þess kæmi svo, að byggt væri á jörðinni, þá sé ég ekki annað en að sá, sem byggði upp á þessu koti, væri vel að þessum peningum kominn til byggingarinnar. En sem nákunnugur maður hef ég ekki neina trú á, að nokkurn tíma framar muni verða byggt upp á Fagranesi, því að það er ekki rétt, sem fram var haldið hér við 1. umr., að gott ræktunarland væri kringum Fagranes. Það er alls ekki. Kringum túnið á Fagranesi er þannig land, að ég held, að mjög erfitt sé að rækta það. Ég gæti miklu betur trúað því, að í landi Engimýrar gæti komið upp myndarbú, þegar búið væri að rækta þar það land, sem vel er ræktanlegt og frjótt land. En þá mundi hinum tveimur býlum, Engimýri og nýbýli, sem er í hennar landi, alls ekki veita af Fagranesi til bithaga. — Ég vildi, samkv. því, sem ég hef nú sagt, þar sem ég að sumu leyti get fallizt á till. hv. n., en að öðru leyti aftur er þeim mótfallinn eða vildi frekar óska eftir, að þær næðu ekki fram að ganga, langhelzt leggja til, að hv. n. vildi fresta þessum brtt. sínum, að freistað yrði þess, hvort ekki gæti náðst samkomulag milli hennar og mín um brtt. til 3. umr. Ég fer því fram á það við hv. n., að hún taki brtt. aftur að sinni og ég fái að koma á hennar fund til að ræða málið við hana. Ef hún ekki fellst á það, sé ég mér ekki fært að greiða atkv. með brtt. n., þeirri nr. 2. Og þar sem þessi brtt. í heild er um umorðun á 1. gr. frv., sé ég mér þá ekki fært að greiða atkv. með henni við þessa umr.

Í upphafi ræðu sinnar ræddi hv. frsm. nokkuð almennt um sjálfsábúð og erfðaábúð o. s. frv. Ég ætla ekki að blanda mér í það. Ég hef oft í þessari hv. d. sagt mína skoðun um það, að ég álít sjálfsábúðina beztu ábúðina fyrir jarðirnar, en ég tel það ekki óheppilegt form fyrir landbúnaðinn, að jarðirnar séu ættaróðul. Og a. m. k. hefur Norðmönnum ekki reynzt það óheppilegt. En ég skal ekki fara út í þá sálma. En hv. frsm. skaut því í lok ræðu sinnar til d., án þess að till. liggi fyrir um það, hvort ekki gæti komið til mála að selja svo kallaðar kristfjárjarðir. Ég verð nú að segja það, bara almennt séð, um slíkt, að mér finnst, að þótt mörg hundruð ára gömul ákvæði séu til um eignarhald á jörð eða eitthvað slíkt, þá hljóti að mega breyta þeim ákvæðum. Það ber að vísu að virða mikið vilja gefendanna, þegar um slíkt er að ræða. En þess ber að gæta, að þá gátu gefendur ekki gert sér grein fyrir þeim þjóðfélagsástæðum, sem nú eru, er þeir gáfu jarðirnar, ekki frekar en við getum gert okkur nokkra rétta hugmynd um, hvaða þjóðfélagsástæður verða að 500 árum liðnum eða eitthvað slíkt. Ef hv. frsm. leggur eitthvað upp úr áliti okkar þdm. um þetta, vil ég láta það álit í ljós, að að sjálfsögðu megi þessu róta, a. m. k. ef höfuðtilgangur gefendanna heldur sér, sá höfuðtilgangur, sem fyrir gefendunum vakti með gjöfinni. En hvað Geitagerði snertir, sem hann talaði um, þá sé ég ekki, að ákvæði um það hafi neitt inn í þetta frv. að gera. Ég sé ekki annað en að viðkomandi hreppur ætti að geta selt jörðina, ef hann leggur andvirðið í sjóð og notar þann sjóð samkv. vilja gefandans, því að ríkinu hefur ekki á nokkurn minnsta hátt verið gefin þessi jörð, heldur hefur hreppnum á sínum tíma verið gefin jörðin eða arðurinn af henni. Hv. frsm. sagði, að hann gerði ekki svo verulegan mun á þessum kirkjujörðum eða kristfjárjörðunum. Ég sé það ekki heldur beinlínis, að á þeim sé mikill munur, því að það er alveg satt, sem hann sagði, að kirkjujarðirnar eru flestar þannig til komnar, að þær voru gefnar og menn gáfu þær fyrir sálu sinni og í ýmsum tilgangi. Og að þær komust undir yfirráð ríkisins, var fyrir útlent ofbeldi á sínum tíma, þegar kirkjan var rænd t. d. klausturjörðunum, sem ekki hvað sízt voru gefnar fyrir sálu sinni, þegar og ríkið tók yfirráð yfir kirkjunni. Ég sé því ekki mun beinlínis á kirkjujörðunum og kristfjárjörðunum. En ég sé mikinn mun á því, hver nú hefur umráð yfir þessum jörðum. Ríkið hefur, með réttu eða röngu, tekið umráðin yfir kirkjunni og kirkjueignunum alveg undir sig. Þess vegna er það eðlilegt, að það þurfi lög um það að selja kirkjujarðir. En hvort það þurfi lög um það að selja kristfjárjörð, finnst mér að fari alveg eftir því, hver sá aðili er, sem hennar á að njóta. Og í þessu tilfelli er það hreppur í Fljótsdalshéraði, sem á að njóta eftirgjaldsins af Geitagerði, og þess vegna finnst mér hreppurinn þar hafa nákvæmlega sama rétt til þess að selja þessa jörð eins og ríkið hefur til þess að selja kirkjujarðir. Þannig lít ég á það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir að hafa tekið upp í brtt. sína ákvæði varðandi það að heimila sölu á jörðinni Granda í Ketildalahreppi. Ég er ekki andvígur því, að ekki sé tekið fram í till., að kaupandinn sé ákveðinn, og mun ég alveg eins geta greitt atkv. með till. eins og hún er á þskj. 393. — Mér þótti vænt um að heyra frá hv. frsm., að Friðgeir Björnsson, að sjálfsögðu fyrir hönd ríkissjóðs, hefur viðurkennt, að ríkissjóður skuldi fráfaranda þessarar jarðar 6875 kr., því

að hann hefur allt annað látið falla í mín eyru sem svar við þeirri kröfu. Þá hefur hann svarað þessu þannig til mín, að svo sé ekki, heldur eigi ríkissjóður vald á því, hvort hann vilji greiða slíka upphæð eða láta viðkomandi eiganda rífa hús sitt. En nú skilst mér hjá hv. frsm., að hann fullyrði, að þetta sé kvöð, sem ríkissjóður verði að greiða, og mun ég þá að sjálfsögðu, í krafti þessara ummæla frá hv. landbn., gera kröfu um það, að þessum mjög fátæka manni sé greidd þessi upphæð, en þessari upphæð hefur verið haldið fyrir honum of lengi, úr því að þetta er nú raunverulega niðurstaðan.

Úr því að ég stóð upp, vildi ég almennt ræða brtt. og einmitt um það atriði, sem fyrr og síðar hefur verið mikið ágreiningsatriði í sambandi við sölu jarða almennt, og þá einnig það, sem sett er hér að skilyrði í 1. tölul. gr.: „enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.“ Að vísu hefur hv. flm. viðurkennt, að hann vilji fallast á þetta skilyrði, að það sé sett hér. Og mér persónulega er nákvæmlega sama um það í þessu sérstaka tilfelli. Það snertir ekki mig eða mína umbjóðendur. En ég get ekki látið vera að minnast á þær upplýsingar, sem komið hafa fram í sambandi við þetta mál. Hv. frsm. upplýsti fyrst og fremst, að sumir menn vilji heldur búa á jörð, sem þeir eiga, heldur en jörð, sem þeir hafa í erfðaábúð. Það sagði hann í sambandi við till. um sölu Fagraness og Granda, og þar hitti hann naglann á höfuðið. Hann benti á ákaflega skýrt dæmi og sýndi fram á, að eitt sinn hefði verið heimiluð sala á átta jörðum, sem óskað hefði verið eftir kaupum á frá ríkissjóði og samþ. hefði verið hér með l., að mætti selja, en með því skilyrði, sem hann minntist á, að þær væru gerðar að ættaróðulum. En um fjórar þeirra jarða, sem eru í Snæfellsnessýslunni, á Skógarströnd, er það svo, að ekki hefur heyrzt um sölu á þeim enn þá, og tvær þeirra eru komnar í eyði, af því að þetta skilyrði fylgdi um söluna. M. ö. o., menn vildu kaupa jarðirnar og nytja þær, en vildu svo heldur fara frá þeim en að kaupa þær, þegar til kom, af því að þetta skilyrði fylgdi frá ríkissjóði. Mér finnst þetta vera svo skýrt dæmi um það, að slíkt skilyrði eigi ekki að setja framvegis, þegar jarðir ríkissjóðs eru seldar, að menn ættu að láta sér þetta að kenningu verða. Mér finnst þarna um svo stórt prinsipatriði að ræða og að reynslan sýni, að svona á ekki að setja í lög, þegar það er alveg vitað og viðurkennt af þeim mönnum, sem mest hafa haldið fram, að þess háttar ákvæði ættu að vera, að þessi ákvæði verða til þess, að viðkomandi jarðir verða alveg verðlausar. Ég mun því, þó að mér komi ekki þetta sérstaka tilfelli við, sem hér liggur fyrir frv. um, leyfa mér að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 393, um að orðin: „Enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943“ í 1. tölul. brtt. falli niður. Og vil ég vænta þess, að hv. frsm. n. verði mér nú sammála í eitt skipti, eftir að hann hefur haldið ræðu hér og skýrt bent á, að svona ákvæði, sem ég vil hér fella niður úr brtt., hafi orðið til þess í sambandi við tvær jarðir á Skógarströndinni, sem menn hafa ólmir viljað eignast, að þær hafa farið í eyði, en væru kannske orðnar að höfuðbólum, ef hæstv. Alþ. hefði ekki orðið þessi skyssa á að láta þetta ákvæði fylgja um, að þær yrðu gerðar að ættaróðulum. Og ég veit, að hv. frsm. heldur svo mikið taum sveitanna og þeirra, sem þar búa, að hann vill ekki stuðla að því með ranglátum lögum að hrekja menn burt af jörðum eða úr sveitinni. Þennan stuðning hv. frsm. vonast ég að fá, af því sem hann tók fram í sinni ræðu, og vænti þess, að hann fylgi minni ágætu till., sem ég leyfi mér að bera hér fram, eins og ég líka býst við, að hv. landbn. öll geri, sem hlýtur að hafa mjög djúpan skilning á öllum þessum málum, og vona ég því, að hv. landbn. verði óskipt með þessari ágætu brtt. minni, eftir upplýsingar þær, sem fram hafa komið frá hv. frsm. n. Og þetta gæti kannske orðið byrjun á því að losa þessa hlekki af bændum, sem eru allt of fast reyrðir í sambandi við jarðir í sveitum landsins, og sumir hverjir ágætir framsóknarmenn losa nú alveg um sjálfkrafa fyrir utan þingsalina, án þess að spyrja þm. um, þegar þeir þurfa á að halda, eins og Kaldaðarnes (*BSt:* Er það ekki ættaróðal?).

Þá spurði hv. þm. N-M., frsm. n., um það, hvaða skoðun þm. hefðu um það, hvort selja mætti kristfjárjarðir á sama hátt og kirkjujarðir. Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði í sambandi við Geitagerði, og ég tel Alþ. hafa enga heimild til þess að ráðstafa þeirri jörð. — Mér skildist, að presturinn á Valþjófsstað ætti að hafa afgjald af einni jörð alveg sem þóknun fyrir að sjá um ráðstöfun á ábúð og afgjaldi af tveimur jörðum. Þetta eru náttúrlega hagfelld viðskipti fyrir þann mann, að fá svo gott sem eina jörð fyrir að byggja tvær. Mér skilst, að þetta sé staðreynd og að afgjaldið, sem presturinn á að hafa svo mikið sem borgun fyrir að ráðstafa, eigi að renna til þess að halda uppi þyngsta ómaga hreppsins. Hvernig gæti þá ríkissjóður leyft sér að taka af prestinum þessar aukatekjur, án þess að taka að sér þessa ráðstöfun á þessum tveimur jörðum? Því að mér skilst, að ríkissjóður ætti að gera það eftir brtt. Og því síður gæti ríkissjóður gert það án þess að leigja þessar tvær jarðir út fyrir svo mikið fé, að það nægði til þess að framfleyta þyngsta ómaganum í viðkomandi hreppi, sem gæti kannske kostað 5 til 10 þús. kr. á ári. — Ég er sammála hv. flm. þessa frv., 1. þm. Eyf., um, að ríkissjóði hvorki komi við þessi jörð, Geitagerði, né hafi heldur neina heimild til að selja þessa jörð né aðrar jarðir, sem líkt stendur á um. Ég vænti, að hv. landbn. leggi til, að það opinbera komist á rétta braut á þessu sviði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta skemmtilega mál meira, en vildi styðja þá till. að fresta þessari umr. og taka þetta til athugunar. Því að ef hv. n. sér ástæðu til að breyta brtt. á þskj. 393, þá finnst mér, að það verði að vera gert áður en atkvgr. fari fram um málið við þessa umr.

Forseti (RÞ): Mér hefur borizt svo hljóðandi till. frá hv. þm. Barð. (GJ): [sjá þskj. 403].

Till. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um brtt. leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að svara miklu þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað. Ég skil, að hv. flm. frv. sé ekki alls kostar ánægður með till. okkar í landbn. Hjá n. ríkti önnur skoðun um þarfir íbúa Hauganess og Hjalteyrar. En þó að hún vilji gefa íbúum þessara staða kost á því að reka búskap, vill hún ekki reka bændurna á þessum stöðum burt af jörðunum, því að þessi búskapur verður víst ekki í svo stórum stíl, a. m. k. ekki fyrst í stað.

Hv. þm. vildi, að við tækjum till. okkar aftur til 3. umr., en ég sé enga ástæðu til slíks. Hann mun fá tækifæri til að sitja á fundi hjá n., áður en málið verður afgreitt, en ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi neitt að segja með Stærra-Árskóg og Syðri-Bakka, en í n. hefur enginn ágreiningur verið um að selja ekki þessar jarðir. Við teljum ekki rétt, að bóndinn í Stærra-Árskógi eða sonur hans geti selt lóðir til íbúanna í Hauganesi dýru verði, eða ábúandinn á Syðri-Bakka geti selt lóðir til Hjalteyringa, en teljum heppilegra, að ríkið eigi jarðirnar áfram og sjái sjálft um að úthluta lóðum, eftir því sem þörf er og verður á. En þegar íbúar Hjalteyrar biðja bóndann á Syðri-Bakka, telja þeir sig sæta þar betri kjörum en þegar þeir þurfa að leita til eigenda eða ábúenda Hjalteyrar, Bragholts eða Skriðulands, og ég skil ekki í því, að þeir væru að sækjast eftir landi á Syðri-Bakka, ef þeir gætu fengið land með sæmilegu móti í Bragholtslandi.

Hv. þm. Barð. fór út í að ræða málið almennt, en ég skal ekki fara út í það. En þegar bóndi fer fram á að fá keypta jörð, sem hann hefur setið og er í eigu ríkisins, og það er samþ., fær hann hana við vægu verði og með góðum kjörum og eru fyrirmæli um slíkt í l. um óðalsrétt og erfðaábúð. Og þegar bóndi biður um jörð til kaups á þann hátt, liggja aðallega til þess tvær ástæður: Í fyrsta lagi, að hann vill heldur eiga jörðina, sem hann býr á, og í öðru lagi, að hann vill fá jörðina fyrir lítið verð til að geta síðan hagnazt á henni, t. d. með því að selja hana. Ég verð að segja, að ég skil ekkert í þeim mönnum, sem vilja heldur eiga jarðirnar, sem þeir búa á, en hafa þær t. d. í erfðaábúð, en slíkir menn eru því miður margir, en fer sem betur fer fækkandi. Og ég get leitt rök að þessu. Fyrir 37 eða 38 árum var ég á allfjölmennu bændanámskeiði á Hvanneyri og hélt þá fram þessari skoðun, sem ég var nú að segja frá, en aðeins einn maður féllst á skoðun mína, og Páll Jónsson kennari á Hvanneyri og Guðmundur Jónsson á Hvítárbakka hölluðust að henni. Ég man eftir því, að tveir menn, sem þarna voru og voru þá á móti skoðun minni, hafa síðar selt jarðir sínar og setzt í erfðaábúð, og telja þeir þetta fyrirkomulag nú betra, eftir að hafa komizt í kynni við það. Af þessu sést, að skoðanir manna hafa nokkuð breytzt í þessum efnum á ekki lengri tíma. Það er alveg sama, hvort maður á jörðina eða hefur erfðaábúð, þetta er aðeins gömul venja og kredda, sem menn eru nú að láta af. Um þær fjórar jarðir, sem samþykkt var að selja með því skilyrði, að þær yrðu gerðar að ættaróðali, en af þeim voru 2 á Skógarströnd, og hv. þm. Barð. sagði, að væru komnar í eyði, er það að segja, að menn þeir, sem vildu kaupa þær, ætluðu sér að selja þær aftur og græða þannig á þeim. Tvær af jörðunum voru hlunnindajarðir, og hugðust þeir, sem vildu kaupa þær, að selja Reykvíkingum þær til laxveiða, en þegar gera átti þær að ættaróðulum, vildu þeir þær ekki. Ég hygg, að sama hafi gilt um jörð í Norður-Múlasýslu, sem var að vísu smájörð, en kaupandinn ætlaði að leggja undir aðra stærri jörð og hagnast svo á sölunni, en þegar óðalsskilyrðið var sett, hvarf hann frá kaupunum. Þessi dæmi sanna því ekki það, sem hv. þm. Barð. vildi vera láta, að þetta væri svo slæm aðferð. Menn hafa ekki enn áttað sig á því, hve mikil bölvun það er fyrir íslenzkan landbúnað að láta jarðir ganga kaupum og sölum, þannig að þær síhækki í verði vegna þess, og jafnframt hækkar afgjaldið og framleiðsla á jörðinni verður dýrari. Ég sé ekki ástæðu til að taka till. n. til baka, en mun halda fund í landbn. á milli umr. Og um Fagranes vil ég segja það, að ef til vill má laga það til, en ég vil láta athuga fyrir fram, hvað gert verður við brunatrygginguna, sem fylgir jörðinni, svo að kaupandinn geti ekki hagnazt á kröfu til Brunabótafélagsins, en ég held ekki, að við getum fallizt á að selja jarðirnar Syðri-Bakka eða Stærra-Árskóg.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Mér skilst, að n. gefi enga von um, að semjist á milli okkar um þær breyt., sem eru aðalatriðið hér, og verða því að ganga atkv. um till. n., en ég get ekki fallizt á þær, þó að ég sé þeim í ýmsu sammála. Ég get ekki fallizt á það, sem hv. frsm. landbn. sagði, að þeim kauptúnum, sem liggja nálægt tveim af þessum jörðum, geti stafað hætta af sölu jarðanna, því að til eru l., sem heimila í slíkum tilfellum að kaupa land undir lóðir og annað slíkt með matsverði, svo að ekki getur staðizt, að jarðeigandinn geti selt land með uppsprengdu verði og á þann hátt fengið upp í jarðarverðið. Það er þá eitthvað undarlegt við framkvæmd þessara laga, ef slíkt er hægt. Ég man ekki, hvað þessi l. heita, en ég man, að efni þeirra er það, að hægt er að fá þetta land með matsverði, en ekki því verði, sem eigandinn kann að setja á það. Annaðhvort hefur frsm. ekki minnzt á skilyrðin fyrir sölu Fagraness eða ég ekki heyrt það, er ég skrapp frá um stund.

Ég skal ekki lengja umr. nú, en hv. þm. skera úr þessu við atkvgr. En verði till. samþ., þá mun ég við 3. umr. bera fram till., sem mundi koma frv. í betra horf en það yrði, ef till. n. kynni að verða samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af skilyrðum þeim, sem sett eru í brtt. á þskj. 393, varðandi bótagreiðslu til eiganda Fagraness, vil ég taka

það fram, að í 12. gr. l. nr. 73 1942 stendur:

„Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefur við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefur, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar gr., þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um."

Nú vil ég spyrja hv. frsm., hvort n. sé viss um, að þetta fé hafi ekki þegar verið greitt út, og hafi það ekki verið gert, hvernig stendur þá á því, að ríkissjóður skuli ekki geta fengið þetta greitt áður en hann selur. Annars verð ég að segja, að mér finnast þessi l. harla undarleg. Ég verð að segja, að það er undarlegt, að þessar tryggingar skuli ekki vera greiddar út, þegar brennur, þar sem eigandi er skyldur til að tryggja hús sín og þarf að greiða af þeim fullt gjald, og að mínu áliti væri full þörf að athuga þessa lagasetningu og framkvæmd, og þætti mér vænt um að heyra fyrir næstu umr., hvort ríkisstofnun eins og Brunabótafélagið beitir svona ákvæðum.

Svo var það óðalsrétturinn. Hv. frsm. sagði, að menn vildu ekki beygja sig undir óðalsréttinn og vildu heldur eiga jarðirnar sjálfir, og finnst mér það ekki undarlegt, þar sem svo mikill tviskinnungur er í þessari löggjöf, að ríkið á jörðina, en ábúandi hús, sem stafar af því, að hann verður allt að sækja undir ríkið í þessum efnum, en það er seint í svifum, og vill hann þá oft heldur leggja í það sjálfur að byggja en bíða eftir, að ríkið geri það. Sem dæmi um það, að það er ekki einhlítt, þó að ríkið eigi jarðir og lóðir, er það, að í Hafnarfirði leigir bærinn út ódýrar lóðir, en oft eru eignir seldar hærra verði þar vegna þess, að þær standa á ódýrum lóðum, svo að ekki er hægt að fyrirbyggja okur á þessu sviði, þó að lóðir séu leigðar. Og þegar það sýnir sig, að menn vilja heldur, að jarðir fari í eyði, en kaupa þær með óðalsrétti, er það sýnilegt, að eitthvað er bogið við þetta.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég get ekki verið að gera hv. þm. Barð. það til minnkunar að fara að taka hann í tíma til að kenna honum, en það væri víst ekki vanþörf í þessu efni. Hv. þm. ruglar alveg saman óðalsrétti og erfðaábúð. Þegar um óðalsrétt er að ræða, á ábúandi sjálfur jörðina og hún gengur að erfðum til niðja hans og hana má ekki selja. En þegar um erfðaábúð er að ræða, á ríkið eða opinberir sjóðir jörðina, þó að notkunarrétturinn gangi að erfðum á sama hátt og á óðalsjörðum. En það var ekki út af þessu, sem ég stóð á fætur, heldur hinu, að hv. flm. heyrði ekki ræðu mína, en ég var búinn að bjóða honum á fund í n., en hann virðist ekki ætla að þýðast það, þar sem hann er búinn að tilkynna, að hann ætli að flytja brtt. við till. n. En ég sagði það um Fagranes, að sjá yrði um, að væntanlegur eigandi þess græddi ekki á kröfu þeirri, sem jörðin á á hendur Brunabótafélagi Íslands. En ég býð hv. þm. samt sem áður að mæta á fundi hjá n. Þá skal ég upplýsa það, að ekkert hefur verið greitt vegna brunans í Fagranesi, hvað sem hægt verður að gera í því efni. En ég er hræddur um, að ekki náist samkomulag um sölu á Stærra-Árskógi og Syðri-Bakka.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Mér þótti síðasta ræða hv. frsm. dálítið undarleg. Hann sagði, að ég hefði ekki heyrt fyrri ræðu hans, en þeirri ræðu svaraði ég allýtarlega í fyrri ræðu minni. (*PZ:* Ég hef haldið þrjár ræður.) Hitt er rétt, að ég heyrði ekki kafla úr næstsíðustu ræðu hans, er hann talaði um Fagranes. Ekki veit ég, af hverju hann heldur, að ég vilji ekki ræða við n. Ég fór fram á frestun og tók fram, að ég óskaði eftir breyt., ef till. n. yrðu samþ. Ég vil gjarnan hafa samráð við n. um breyt., og ég óska eftir að koma á fund n., ef till. hennar verða samþ., til þess að reyna, hvort ekki er hægt að ná samkomulagi varðandi sölu Fagraness. Hvað snertir Stærra-Árskóg og Syðri-Bakka veit ég, að ekki er hægt að ná samkomulagi um það, og þess vegna er ekki ástæða til að fresta atkvgr. um þær till.

ATKVGR.

Brtt. 403 felld með 8:1 atkv.
— 319 tekin aftur.
— 393 (ný 1. gr.) samþ. með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 404, 410, 411, 412).

Brtt. 410 og 412 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Því miður hefur ekki náðst til allra, sem sæti eiga í landbn., í sambandi við afgreiðslu þessa máls, og vil ég biðja þá, sem ekki hefur náðst í, fyrirgefningar. Hins vegar hygg ég, að n. sé öll sammála um þá niðurstöðu, sem hér liggur fyrir á þskj. 411, og til þess að árétta þá gerð, skal ég geta þess, að með henni er nokkuð komið til móts við flm., sem hins vegar mun vera óánægður yfir matinu í sambandi við Fagranes. Fyrri brtt. n. er, að orðin „og sé við söluna tekið tillit til kröfu þeirrar, er jarðeigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni" í 2. tölulið falli niður. Þess munu vera dæmi, að Brunabótafélagið hefur borgað kröfur vegna brunatjóns á sveitabæjum, enda þótt ekki hafi verið byggt upp á sama stað, eða að minnsta kosti nokkurn hluta brunamatsverðs. Það vakir auðvitað fyrir n., að gengið verði úr skugga um þetta atriði áður en sala fer fram. Það má auðvitað segja, að þetta sé að því leyti verra, ef einhver að-

ur kæmi og vildi kaupa jörðina með þeim skilyrðum að byggja á sama stað og mundi þá fyrirgera rétti bóndans á Engimýri til kaupanna. Mér skilst þó, að flm. geti vel sætt sig við þessa lausn málsins. Hins vegar mun flm. vera óánægður með, að salan skuli ekki vera ákveðin til bóndans á Engimýri, enda flytur hann brtt. um það á þskj. 410. En þetta atriði var ekki ákveðið í n., af ásettu ráði, í fyrsta lagi vegna þess, að vilji einhver byggja á sjálfri jörðinni, þá töldum við, að hann ætti að eiga forkaupsrétt. Í öðru lagi töldum við, að til greina gæti komið, að hreppurinn, það er að segja Öxnadalshreppur, óskaði eftir þessu landi fyrir afrétt. Það munu að vísu liggja fyrir yfirlýsingar frá hreppsnefndinni um, að svo sé ekki, en slík afstaða gæti breytzt. Af þessum ástæðum töldum við eðlilegt að binda söluna ekki nánar á þessu stigi málsins.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt. mína á þskj. 412, sem barst í tal við síðustu umr. Ég þarf að vísu ekki að segja mikið um þá till. út af fyrir sig, en hins vegar held ég, að nauðsynlegt sé, að Alþingi taki til nánari athugunar hinar svo nefndu kristfjárjarðir, því að þær eru illa settar, eins og löggjöfinni nú er háttað. Það verður nú víst að segja, að þær séu í opinberri eigu, hins vegar leikur allmikill vafi á, hver eigi að hafa umráð yfir þeim. Sumir telja þær sjálfseignarstofnanir, og má það til sanns vegar færa, og hafa sveitarstjórnir víða haft ráðstöfunarréttinn á þessum jörðum, hver í sinni sveit, að svo miklu leyti sem hann er ekki bundinn. Hin síðari ár hefur svo ríkisstj. verið að seilast til umráða yfir jörðunum, og má í því sambandi nefna Geitagerði. Áður heyrði þessi jörð undir prestinn á Valþjófsstað, og átti hann að sjá um byggingu jarðarinnar og sömuleiðis, að þyngsti ómagi héraðsins hefði þar framfæri. Um þetta var fjallað í gjafabréfi, sem fylgdi Geitagerði, en mun nú vera glatað. Eins og 1. þm. Eyf. sagði, þá munu margar þessar gjafajarðir nú nytjaðar öðruvísi en ætlazt var til í gjafabréfunum og víða þverbrotin þau fyrirmæli, sem um afnotin voru gerð. Þetta er í sumum tilfellum eðlilegt vegna breyttra aðstæðna, og má í því sambandi nefna kristfjárjörð á Mýrum, sem ætlað var að bjarga fátækasta bóndanum frá sveit. Afgjaldið af þessari jörð mun hafa verið 4 gemlingar, og sést af því, hver fjarstæða er, að slíkt geti bjargað frá sveit, eins og nú er, enda er þetta afgjald nú látið renna í viðkomandi hreppssjóð. Það eru mörg hliðstæð dæmi til um meðferðina á afgjöldum þessara jarða og því vandséð, hvernig fer um þær í framtíðinni, ef ekkert verður að gert. Mér þykir rétt að minnast á eina jörð sérstaklega í þessu sambandi, en það er kristfjárjörðin Reynir hjá Akranesi. Hún er gefin af Brynjólfi Sveinssyni biskupi og var tekið fram í gjafabréfinu, að afgjaldið ætti að ganga til fátækustu prestsekkjunnar í Borgarfjarðarsýslu, en sé engin fátæk prestsekkja þar, þá átti að færa afgjaldið til Mýrasýslu og með sömu skilyrðum, en væri engin þar heldur, átti að halda í Húnaþing og ég man ekki, hvort lengra átti að fara norður. Þessi jörð hefur verið undir umsjón prófastsins í Mýrasýslu, en ríkissjóður hefur ekkert skipt sér af jörðinni. Fyrir alllöngu síðan fluttust þangað ung hjón, en nú býr ekkjan þar með börnum bróður síns, að ég held frekar en börnum mágs síns. Það er búið að gerbreyta þessari jörð, meðal annars byggja þar milli 20 og 30 kúa fjós, og má fullyrða, að lagt hafi verið þar á annað hundrað þúsund kr. í byggingar. Eftir ábúðarl. ætti jarðareigandinn að kaupa þessar byggingar, ef ekkjan hætti að búa, en nú er jarðareigandinn jörðin sjálf í þessu tilfelli og ekkert fjármagn til þess að greiða með. Hvað verður þá um þessa jörð? Það getur auðvitað hugsazt, að einhver fengist til að taka hana með því skilyrði að kaupa öll mannvirki, og fengi sá auðvitað ábúðarrétt, en það er alls ekki víst, að neinn væri tilkippilegur til þess að kaupa svo miklar eignir á jörð, sem hann fengi ekki nema ábúðarrétt á. Það gætu því orðið hrein vandræði út úr slíku, og það þarf að fyrirbyggja. Ég tel sjálfsagt að heimila sölu á þessum jörðum og sé alls ekki aðra leið heppilegri, en auðvitað ætti að gera þær að ættaróðulum um leið. Nú hef ég lagt til hér á þskj. 412, að heimiluð verði sala á einni slíkri jörð. Ég hef helzt hallazt að því, að hreppsnefndin hafi heimildina til að selja, enda þótt ég væri í vafa um það, en hef samt orðað till. þannig. Til þess svo að fara sem minnst frá ákvæðum gjafabréfs, legg ég til, að andvirði jarðarinnar verði lagt í sérstakan sjóð, er ávaxta skuli í ríkistryggðum skuldabréfum, eftir því sem við verður komið. Vaxtanna á hreppurinn að njóta, og nota þá til sinna þarfa, enda sjái hann um ómagana að svo miklu leyti sem tryggingarnar gera það ekki. Þetta er nánast prófmál fyrir mér, til að heyra álit manna um þessar jarðir.

Gísli Jónsson [Hér vantar í handrit innanþingsskrifara, ræðu 11. landsk. þm. (ÞÞ) og meginhluta ræðu GJ]: ... En mér er kunnugt um, að þeir, sem í mörg ár hafa komizt í þá aðstöðu að vera á margföldum launum án verulegrar vinnu, geta komið slíku fram, en síðferði er það ekki.

Forseti (BSt): Út af þessari áskorun hv. þm. skal ég taka það fram, að ég tel þetta vafalaust, ef hægt er að líta svo á, að hreppurinn eigi jörðina. Heimilt er það líka, þótt ríkið ætti jörðina, því að þá væri þetta eins konar gjöf. En hættan liggur í því, að þriðji aðili eigi jörðina, og áður en ég kveð upp úrskurð í því máli, verð ég að taka mér frest.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður og ekki mun ég svara hnútum hv. þm. Barð., því að það þýðir ekkert. Þær eru ætíð marklaust hjal. Ég skal nú strax lýsa yfir viðvíkjandi því, sem hv. 11. landsk. var að tala um, að ég mun ekki taka aftur brtt. mína, og er það af ýmsum ástæðum, en höfuðástæðan er þessi: Árið 1944 var skipuð n. til að gera till. um skipun læknishéraða. Hún hefur enn ekki skilað áliti. Fyrir þrem árum var skipuð n., sem samræma átti byggingar opinberra starfsmanna, en hún hefur enn ekki skilað áliti. Og nú eru eitthvað yfir tíu n., sem skip-

aðar hafa verið í ýmsum málum og aldrei hafa skilað álitum. Það er og yfirleitt svo, að ef eitthvert mál á að fá hægt andlát, þá er í það skipuð nefnd. (*ÞÞ:* Ég vil aðeins benda hv. þm. á, að ég var ekki að tala um að skipa n. í málið.) Nei, ekki núna, en ég mun koma að því seinna. Hins vegar hefur verið talað mikið um það, að hæpið væri, að þessi till. stæðist, og byggt á því, að vafamál væri, hver hefði umráð yfir kristfjárjörðunum. Hver fer með valdið? Hver fer með valdið yfir Reyni annar en sá, sem tilnefndur er í gjafabréfinu? Og ef við á sama hátt viljum binda okkur við gjafabréf í sambandi við þessa jörð, þá hafa umráð yfir jörðinni vafalaust verið ætluð prestinum eða prófastinum á Valþjófsstað, þótt bréfið finnist ekki. En í þessu tilfelli hefur ríkið tekið valdið yfir jörðinni í sínar hendur og er því áreiðanlega æðsti umboðsmaður jarðarinnar. En vextirnir af jörðinni eiga að renna til hreppsins, en af því að ríkið er búið að taka í sínar hendur æðstu stjórn yfir jörðinni, þá hefur það einnig eignað sér vexti hreppsn. Það er þess vegna alveg laukrétt með þessa jörð, að ríkið á að heimila hreppnum að selja hana. En ef nú hins vegar hæstv. forseti úrskurðaði, að ekki væri hægt að bera þessa till. hér upp, þá þætti mér einnig vænt um það, því að það er úrskurður um, að Alþingi hafi ekki æðsta vald yfir jörðinni, og hafi Alþingi ekki yfirumsjón með jörðinni, þá hefur ekki hæstv. ríkisstj. leyfi til þess að heimta afgjald bæði af þeirri jörð og fleirum slíkum. Þótt ég nú telji það alveg ljóst, að Alþingi sé búið að taka valdið yfir þessari jörð í sínar hendur, þá er það ekki jafnljóst með allar aðrar kristfjárjarðir, t. d. Vallholt og margar aðrar víða um landið. En um þetta er hv. 11. landsk. miklu kunnara en mér, því að hann er í n. þeirri, sem hefur eftirlit með opinberum sjóðum. Og ég hygg, að ekki væri vanþörf á að setja n. í að athuga um, hver eða hverjir það væru, sem hefðu æðstu umráð yfir kristfjárjörðunum, þ. e. a. s., ef í þá n. fengjust góðir, nýtir og starfsamir menn. Þeirri n. bæri þó sérstaklega að athuga um þær jarðir, sem vafi leikur á um, hver það sé, sem umráðin hafi. Má t. d. selja Reyni? Má safnaðarfundur í Skagafirði selja Vallholt, án þess að spyrja nokkurn leyfis? Þetta hefur verið gert með Hrafntóftir í Djúpárhreppi. Hreppurinn seldi jörðina og afgjaldið, sem átti eftir gjafabréfinu að renna til fátæklinga, rann í hreppssjóð. En ég held fast við það með Geitagerði, að ríkið sé búið að taka æðstu umráð yfir jörðinni í sínar hendur, en hreppurinn sé hinn raunverulegi eigandi, og þess vegna eigi ríkið að gefa hreppnum heimild til þess að selja jörðina. En það, sem er vafamál með kristfjárjarðirnar og þarf að rannsaka, er það, hver eigi þær. Eiga þær sig bara sjálfar, eða hver á þær? Ég veit, að sumir líta svo á, t. d. Friðgeir Björnsson, að enginn hafi leyfi til að selja þær. En hver á þær þá?

Ég mun nú ekki taka till. mína til baka nú, en skal lofa hv. 11. landsk. því að vinna með honum, hvenær og hvar sem hann vill, að tilbúningi till. um n., sem athugi og rannsaki þetta vandamál með kristfjárjarðirnar yfirleitt.

Forseti (BSt): Það hefur verið óskað úrskurðar forseta um tiltekið atriði í þessu máli. Þess vegna er umr. frestað og málið tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Ed., 13. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Eins og hv. þm. munu hafa tekið eftir, þá hefur verið útbýtt till. til þál. á þskj. 417 frá mér og meðflm. mínum á þá leið, að ríkisstj. sé falið að athuga eignar- og umráðarétt yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa hæstv. Alþingi skýrslu um það mál. Ég hef athugað þetta nokkuð og telst svo til, að kristfjárjarðir muni vera um 22 og gjafasjóðsjarðir 27, en jarðir, sem taldar eru hreppseign, um 96. Þessar jarðir eru allar svo settar, að óumflýjanlegt er að athuga gaumgæfilega, hvort ekki skuli taka aðrar ákvarðanir varðandi umráðarétt þeirra en til segir í gjafabréfunum. Ég mun af þessum ástæðum taka aftur till. mína á þskj. 412, enda þótt ég telji engan vafa á því leika, hvernig ástatt er með þá jörð. Geri ég það í trausti þess, að ríkisstj. láti fara fram áðurnefnda allsherjar rannsókn, enda þótt maður hafi oft orðið leiður á því að bíða eftir framkvæmd slíkra rannsókna, t. d. í læknamálinu og rannsókn varðandi embættisbústaðina. En þótt svo sé, tek ég till. mína aftur að þessu sinni.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða málið, þar sem sú till., er ég ætlaði aðallega að gera að umtalsefni, er tekin aftur, og meðan hún hvílir sig, mun ég ekki minnast á hana, úr því að hv. 1. þm. N-M. hefur nú farið að mínu ráði, en ég taldi heppilegast að taka allar jarðirnar í einu, enda hef ég lofað honum að styðja hans þáltill. En eins og gefur að skilja, er ég eftir sem áður samþykkur brtt. okkar í landbn. á þskj. 411 og greiði þeim mitt atkv.

ATKVGR.

Brtt. 410 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RÞ, VH, EE, GJ, JJós, KK, BSt.

nei: ÞÞ, BBen, FRV, GÍG, HG, PZ.

StgrA greiddi ekki atkv.

3 þm. (BrB, HermJ, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 411,a kom ekki til atkv.

— 411,b samþ. með 11 shlj. atkv.

— 412 tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., 14. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 419).

Á 68. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil víkjandi þessu frv. segja það, eins og ég hef oft minnzt á áður, þegar rætt hefur verið um þetta,

að ég álít þessa breytingu ákaflega varasama. Það er allt annað, sem þyrfti að gera viðvíkjandi jarðeignum ríkisins en að losa þjóðina við þær jarðir, sem hún á, ekki vegna þjóðarinnar sérstaklega, heldur vegna landsins alveg sérstaklega, og vildi ég eindregið biðja þá n., sem fær þetta til meðferðar, að athuga og endurskoða þá stefnu, sem er svo mjög ríkjandi um að selja þjóðjarðir. Allir vonast eftir því, að landið eigi eftir að verða miklu þéttbýlla en nú er og jarðirnar betur ræktaðar, og er augljóst, að ef jarðirnar eiga að verða frjálsar til sölu, hlýtur jarðaverðið á næstu áratugum að fara upp úr öllu valdi og verða baggi á öllum þeim, sem jarðirnar rækta. Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um þetta núna, en vildi mælast til þess, að sú n., sem fær þetta til athugunar, ræði nokkuð um það, hvort rétt sé að halda áfram þessari stefnu, sem tekin hefur verið upp.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 419, n. 631, 621).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Mál þetta er komið til þessarar hv. d. frá hv. Ed. Í frv. er gert ráð fyrir að selja 3 jarðir, sem eru í opinberri eigu, þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal, Fagranes í Öxnadal og Granda í Ketildalahreppi. Til n. bárust beiðnir um sölu á mjög mörgum fleiri þjóðjörðum, en n. féllst að lokum á það, að heimilað yrði að selja þær jarðir, sem hv. Ed. hefur lagt til að seldar yrðu, og með þeim skilyrðum, sem hv. Ed. hefur fram tekið, en með þeirri breyt. þó, að þjóðjörðin Bakki í Svarfaðardal verði einnig seld fyrir það verð, sem ákveðið er af dómkvöddum mönnum, á sama hátt og hinar jarðirnar tvær, sem frv. fjallar um. Ástæðan fyrir því, að n. hefur viljað gera þetta að skilyrði, er hið mikla ósamræmi, sem nú er orðið á fasteignamati jarða og annarra fasteigna borið saman við annað verðlag í landinu. Þó meiri hl. n. sé á því, að rétt sé að selja ábúendum þessar jarðeignir, með þeim skilyrðum, sem nú gilda um þær almennt, þeim, að þær verði gerðar að ættaróðulum, þá telur n. varhugavert að selja jarðeignir ríkisins í stórum mæli, á meðan fasteignamatið er jafnfjarri raunverulegu verðgildi jarða og það er nú. N. hefur gengið út frá, að þess yrði ekki langt að bíða, að einhver betri og réttlátari skipun verði komið á fasteignamat í landinu almennt, og telur rétt að bíða með að selja jarðir eftir fasteignamatsverði, þangað til þeirri skipun er komið á, og þess vegna eru ekki gerðar till. um sölur fleiri jarða en þessara þriggja, sem hv. Ed. hefur lagt til, að seldar yrðu, og hefur landbn. lagt til, að verð þeirra allra skuli ákveðið af dómkvöddum mönnum.

ATKVGR.
Brtt. 631 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 621 tekin aftur til 3. umr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 675, 621).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Forseti (SB): Ég vil vekja athygli hv. þm. Snæf. á því, að atkvgr. um brtt. hans við málið var frestað vegna fjarveru hans í gær, og spyr ég hann nú, hvort hann vilji taka till. upp.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Með brtt. minni fer ég fram á, að Alþ. heimili ríkisstj. að hafa makaskipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins, og jörðinni Straumi, sem Edilon Guðmundsson, bóndi í Stóra-Langadal, er eigandi að. Klettakot er tvíbýlisjörð, og ábúandinn, Sverrir Guðmundsson, hefur stóra fjölskyldu, 9 manns, sem hann sér eigi fram á, að framfleytzt geti á svo litilli jörð. Hins vegar á hann kost á að fá Straum, ef þessi heimild verður samþ. Straumur er bæði betri og stærri jörð, en þar er lítið timburhús. Er ábúandinn fluttur suður í Borgarfjörð, og er jörðin nú í eyði. Ég hef talað við fulltrúa í stjórnarráðinu um þetta, og held ég, að hann sé málinu hlynntur, — að jörðin komist í ábúð. Vil ég því eindregið fara þess á leit við hv. þd., að hún samþykki þessa heimild.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þetta mál hefur eigi legið fyrir landbn., og get ég því eigi talað fyrir hönd hennar, og sízt af öllu mæli ég með samþykkt heimildarinnar. En eftir því sem mér skildist, er hér um meira að ræða en makaskipti, þó að þarna sé um kaup ríkisins að ræða, því að þurfa mun að gefa allmikið fé á milli. Það má vera, að hagkvæmt yrði að ýmsu leyti að koma á skiptum. En ég tel rétt, að málið færi fyrst gegnum landbrn. Venjan er sú, að komið hafa álitsgerðir frá ráðuneytinu um sölu þeirra jarða, sem fallizt hefur verið á á Alþ., að seldar yrðu. Vildi ég leggja til, að þetta mál færi sömu leið, þannig að upplýsingar og tillögur kæmu frá hæstv. ríkisstj. Hér er eigi um makaskipti að ræða, heldur hrein og bein kaup. Get ég ekki mælt með þessu f. h. landbn. og eigi borið fram álit hennar, en vildi segja þetta frá mér sjálfum.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég er hissa á afstöðu hv. þm. Mýr. í sambandi við þessa brtt. mína. Eins og ég tók fram, er eigi annað framundan fyrir ábúanda Klettakots, vegna þess hve jörðin er rýr, en verða að fara af henni og flytjast í kauptún. Sé markmið þetta hjá ráðandi mönnum í landbúnaðarmálum, að menn hætti að búa, þá er rétt stefnt. En ég hefði haldið, að reynt yrði að styðja að því, að þeir, sem hanga við búskap, yrðu kyrrir, og

yrði hægt að létta undir með þeim með skiptum, þá væri þetta sjálfsagt. Klettakot er næsta jörð fyrir framan Stóra-Langadal. Ábúandinn í Stóra-Langadal á Straum. Er áríðandi, að Klettakot leggist undir Stóra-Langadal, og menn vilja, að skipti fari fram á þessum jörðum. Vil ég því mæla með því, að málið nái fram að ganga, og vil biðja hv. landbn. að taka það til athugunar. Hreppsnefnd Skógarstrandarhrepps er þessa máls mjög hvetjandi. Ég hef átt tal við oddvita hreppsins, Vilhjálm bónda á Narfeyri, og hann segir, að hreppsnefndin sé því öll fylgjandi. Það er rétt, að þetta hefur smávægilegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, því að landverð jarðarinnar Straums er bæði hærra, og þar er lítið timburhús. Þó var jörðin fyrir tveim árum seld fyrir 20 þús. kr., svo að eigi getur verið um alvarlega fjárhæð að ræða. Vil ég m. ö. o. vonast til þess, að hv. þd. samþykki þessa till. mína.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Ég vil segja það í sambandi við orð hv. síðasta ræðumanns, að hér er eigi um það að ræða, hvort menn vilji búa í sveit eða ekki, heldur hitt, hvort rétt sé, að ríkið kaupi eða selji þessar jarðir. Menn vilja segja, að kaupi ríkið ekki þessa jörð, þá sé ekki hægt að búa þar. Engin rök hafa heldur verið færð fyrir því á þessum fundi, hvort rétt sé að kaupa jörðina. Málið verður að liggja ljóst fyrir. Er ég ekki á móti því, síður en svo, að frestað verði að taka ákvörðun um málið og beðið sé eftir álitsgerð frá landbrn. Ég hvorki vil né get mælt með málinu fyrir hönd landbn.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Hér er aðeins um heimild að ræða, sem Alþ. veiti stj. Ég geri ráð fyrir því, að þingið beri svo mikið traust til hæstv. ríkisstj., að hún geri eigi neitt, sem óeðlilegt má þykja í sambandi við makaskipti. Ég held, að engin ástæða sé til að óttast, þó að hæstv. ríkisstj. sé gefin heimild að láta slík skipti fara fram.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Mér skildist, að hv. þm. Snæf. (SÁ) sé áhugamál, að hv. d. samþykki þessa brtt. hans, er hér liggur fyrir. Er sízt að því að finna, því að vegna þess mun hann hafa borið till. fram. En mér finnst, að hv. þdm. eigi rétt á að fá vitneskju um, hvað þeir eru að greiða atkv. um. Hv. þm. hefur litlar upplýsingar gefið varðandi þessar jarðir. Vil ég nú skjóta því til hv. þdm. og hæstv. forseta, að mér skilst, þar eð málið er nú í seinni d. og þetta er 3. umr. þess, að nægur tími muni vinnast til að fá málið upplýst. Vil ég skjóta því til þingmanna, hvort eigi sé hyggilegt að fresta meðferð málsins nú, svo að landbn. og öðrum hv. þm. gefist betri kostur á að vita, hvernig því sé háttað með þessar jarðeignir. Eigi ég að greiða atkv. á þessari stundu um málið, veit ég ekki hvorum megin ég ætti að falla, mundi helzt láta málið afskiptalaust, og þó er það jafnan ekki æskilegasta afstaðan í máli.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Það væri æskilegt að fresta málinu nú, því að n. hefur eigi athugað það, því að ástæðan til að fella brtt. er eigi svo skilyrðislaus.

Forseti (SB): Mér skilst, að samkomulag sé á milli hv. flm. brtt. á þskj. 621 og hv. landbn. um, að umr. verði frestað að sinni, svo að n. gefist kostur á að athuga till.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta mál og fengið allar upplýsingar málsins og rætt við hv. flm. brtt. á þskj. 621, þm. Snæf. (SÁ), og að því loknu féllst hún einum rómi á að mæla með þessari brtt. hv. þm. og leggur til, að þessi makaskipti þarna á jörðum, sem brtt. á þskj. 621 er um, verði heimiluð, því að landbn. telur, að það hefði mjög mikil þægindi í för með sér fyrir alla aðila og ríkið líka, enda þótt það þyrfti að gefa eitthvað á milli. Leggur n. því til, að brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 621 samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, PÞ, SÁ, SG, StSt, ÁkJ, ÁB, ÁS, BÁ, EystJ, GG, HelgJ, SB.

nei: StJSt, EmJ, GÞG.

MK, SkG, EOl, FJ, ÓB, HÁ, JG greiddu ekki atkv.

12 þm. (JÁ, JR, KS, ÓTh, PO, StgrSt, ÁÁ, BÓ, IngJ, JóhH, JPálm, JS) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv.:

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég er á móti þessu frv., sem hér liggur fyrir, um sölu opinberra jarða. Hins vegar þar sem hér í brtt. er um makaskipti að ræða á jörðum, skal ég ekki setja mig upp á móti því, að þessi brtt. komist inn í frv., en greiði atkv. á móti frv. í heild, þó að brtt. verði samþ., og greiði því ekki atkv. um brtt.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:7 atkv. og endursent Ed.

Á 106. fundi í Ed., 15. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 760).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég vil aðeins skýra hv. d. í fáum orðum frá því, hvaða breytingum frv. hefur tekið í Nd. N. þessarar d. hefur ekki getað náð saman fundi um málið í dag og hefur ekki tekið afstöðu til þess. En helztu breyt., sem á því hafa orðið,

eru þessar: Upphaflega var svo til ætlazt, að jörðin Bakki í Svarfaðardal væri seld eftir þeim lögum, sem gilda um jarðir, er væru í erfðaábúð og færu í ættaróðal. Í Nd. hefur þessu verið breytt þannig, að jörðina á að selja með því skilyrði, að hún verði gerð að ættaróðali og eftir sérstöku mati. Hvort þetta er hægt, veit ég ekki, en ég er efins í, að Alþingi geti gert þetta. Þetta er aðalbreyt., en hin er sú, að það á að heimila ríkisstj. að skipta á jörðinni Klettakoti, sem er ríkiseign, og jörðinni Straumi í Langadal. Eftir því sem ég bezt veit, þá er Straumur metinn á 2800 kr. — hús á 1900 kr. og jörðin á 900 kr. — og er þar enginn ábúandi nú. Klettakot er léleg jörð og er í ríkiseign; túnið er lítið og grýtt. Þar býr bróðir bóndans í Stóra-Langadal, og mun það vera meining þeirra, sem flytja þessa till., að bóndinn í Klettakoti flytjist að Straumi, en þar er heldur betur hýst. Svo mun vera hugsunin, að Klettakot leggist undir Stóra-Langadal, en þar er gott beitiland, sem dálítill slægur er í. Klettakot er metið á 1800 kr.: hús á 1100 kr., en jörðin á 700 kr. — N. hefur eins og áður er sagt ekki tekið neina afstöðu í þessu efni, en fyrir mitt leyti þá tel ég frv. verulega skemmt, fyrst og fremst vegna ákvæðanna um Bakka í Svarfaðardal. Bóndinn þar á heimtingu á því samkvæmt lögum, að jörðin verði seld eftir ákvæðum um erfðaábúð og óðalsrétt, og það er varla hægt að setja skilyrði eins og það, að jörðin verði seld samkvæmt mati. Hvað snertir Klettakot og Straum, þá sé ég, að það er um 1000 kr. mismunur á fasteignamati jarðanna, en mér er það þó ókunnugt, hvort þarna má skipta á sléttu. Ég hef því ekki aðstöðu til að mæla með frv. fyrir mitt leyti eins og það er nú, og hvað n. snertir, þá hefur hún ekki tekið afstöðu til málsins.

Bernharð Stefánsson: Virðulegi forseti. Sem flm. þessa frv. vil ég taka það fram, að ég er frsm. landbn. sammála um það, að frv. hafi verið skemmt í Nd., og þá sérstaklega með ákvæðinu varðandi 1. lið 1. gr., sem kemur í bága við lögin um erfðaábúð og óðalsrétt. En í því trausti, að þetta mál verði framkvæmt svo, að tekið verði tillit til þeirra laga, sem jörðin á að seljast eftir, þá sé ég ekki ástæðu til að senda frv. aftur til baka, því að á hitt ber líka að líta, að ef ábúanda þykja kostirnir óaðgengilegir, þá kaupir hann ekki, og er þá skammt að bíða næsta þings með breytingu á l., ef til kemur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJ, HermJ, KK, LJóh, RÞ, BSt.
nei: PZ, StgrA, ÞÞ, BrB, FRV.
6 þm. (HV, HG, JJós, VH, BBen, EE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Finnbogi R. Valdimarsson: Með tilvísun til grg. í ræðu hv. 1. þm. N-M. segi ég nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 784).

56. Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Á 97. fundi í Nd., 8. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum [157. mál] (þmfrv., A. 653).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Í grg., sem fylgir frv. þessu, koma fram aðalatriði þessa máls. Þar gefur að líta, að heildarkostnaður byggingar landshafnar í Njarðvíkum og Keflavík hefur samtals numið 10 millj. kr. Hins vegar verður ekki hægt að ljúka verkinu, nema til þess verði veitt meira fé. Af þeim ástæðum er flutt af mér og vitamálastjóra, fyrrv. atvmrh., og hæstv. núverandi fjmrh. það frv., sem hér liggur fyrir, en það gerir ráð fyrir, að fjárveitingarheimildin verði hækkuð úr 10 millj. kr. í 15 millj. kr. Um nauðsyn þessa hefur enginn ágreiningur orðið, þótt frv. sé seint fram komið, en ástæðan fyrir því er sú, að nokkuð hefur þótt orka tvímælis, hvernig skyldi fara með málið, og var áður hugsað til þess að fá heimildina á fjárlögum, en nú hefur verið talið réttara að fara þessa leiðina.
Ég leyfi mér svo að vænta þess, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu og verði vísað til hv. sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 9. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. Þessu máli var vísað til sjútvn. í gær. N. er þegar búin að semja nál., þar sem hún mælir með því, að málið nái fram að ganga. Tími hefur eigi enn unnizt til að fá það prentað, en það mun liggja fyrir við 3. umr.
Um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum gilda sérstök l. frá 1946, þar sem ákveðið er að veita heimild til að taka 10 millj. kr. lán til hafnargerðarinnar. Hún hefur verið notuð að fullu, en verkinu er eigi lokið enn. Í þessu frv. er farið fram á að hækka heimildina í 15 millj. kr., og mælir n. með því. Þess má geta, að um aðrar hafnir gilda almenn l., og er þar engin hámarksupphæð tilgreind. Hins vegar skiptir öðru máli um þessar framkvæmdir en hinar almennu hafnir. Mæli ég með því, að frv. verði vísað til 3. umr. Mun nál. þá liggja fyrir prentað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 653, n. 684).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 653, n. 763).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en hefur óskað eftir upplýsingum um það, hvernig þeim 10 millj. kr. hefur verið varið, sem þegar hefur verið eytt í landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Upplýsingar um þetta lágu ekki fyrir n., en ég hef síðar fengið nokkrar upplýsingar um það, og mun ég stikla á stóru. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er kostnaðurinn við Njarðvíkurhöfn orðinn rúmlega 5 millj. kr., og þar fyrir utan hefur þar verið keypt land fyrir 350 þús. kr. Kostnaður við það, sem gert hefur verið í Keflavík, þar á meðal kaup á mannvirkjum, nemur um 4.8 millj. kr., eða kostnaður alls um 10,2 millj. kr. Þessi kostnaður er ekki mikið sundurliðaður, en ég hef rætt um það við hafnarstjórnina, að hún léti sundurliðaðan reikning fylgja með reikningunum næst, svo að næsta Alþ. gæti kynnt sér þetta rækilega. — Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta nú. N. þótti rétt að taka fram í nál. vegna síðustu mgr. í grg., þar sem segir: „Næstu verkefnin, sem fyrir liggja, eru bygging hafnargarðanna í Njarðvík og aukning á viðleguplássi fyrir fiskibáta þar, og mun því verki verða fram haldið eftir því sem fé verður fyrir hendi“ — að n. vill ekki gerast neinn dómari um það, hvar og hvernig fénu verður varið. Það er mál, sem sjávarútvegsmrh., stjórn landshafnarinnar og vitamálastjóri verða að ráða með sér, hvernig því fé verður varið, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, og hvort sem það er veitt á fjárl. eða tekið verður lán, ef það verður innan þess ramma, sem ákveðið er í l. N. vill því ekki setja nein ákvæði um þetta. Ég vil geta þess, að fjvn., sem sá þessi mannvirki í vetur, var sömu skoðunar og lét það í ljós við hafnarnefndina. Ég mun svo ekki ræða þetta frekar, en vil taka það fram, að n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 787).

---

57. Húsaleiga.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu [49. mál] (þmfrv., A. 65).

Á 9. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Fyrri flm. þessa frv., hv. 1. þm. Árn., hefur haft fjarvistarleyfi undanfarna daga og er ekki kominn hingað til þings enn þá. Mér þykir því rétt að fylgja þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum, vegna fjarvistar hv. fyrri flm.
Það er kunnugt öllum hv. þm., að húsnæðismálin hafa verið og eru vandamál, sérstaklega á þeim stöðum, þar sem fólksfjölgun hefur orðið örust á undanförnum árum, og er það í Reykjavík og nokkrum öðrum kaupstöðum landsins. Vegna þessa þótti á sínum tíma óhjákvæmilegt, að löggjafarvaldið léti þau málefni nokkuð til sín taka, og voru húsaleigulögin í öndverðu sett vegna þess.
Nú hafa húsaleigulögin verið í gildi alllanga stund og hlotið misjafna dóma. Er það kunnugt, að húseigendur annars vegar og leigutakar húsnæðis hins vegar hafa skiptar skoðanir um það, hvaða ráðstafanir beri að gera á þessu sviði og hvort húsaleigulögin eigi að gilda áfram eða hvernig þeim skuli breyta, svo að þessum málum verði sem bezt skipað fyrir báða aðila.
Á undanförnum þingum hafa legið fyrir ýmsar till. í þessum efnum, en ekki hlotið afgreiðslu, vegna þess að mismunandi skoðanir eru uppi um það, í hvaða horf málið beri að færa. — Nú höfum við flm. þessa frv. leyft okkur að bera hér fram frv. um breyt. á gildandi húsaleigulögum. Þær breyt. eru miðaðar við

það að taka tillit til beggja aðila, bæði húseigenda og leigjenda. Gert er ráð fyrir því samkv. frv., að húseigendur fái, áður en langur tími líður, full umráð yfir húseignum sínum. En vegna þess að það er mjög misjafnt í hverjum kaupstað fyrir sig, hve brýn þörf er á, að löggjafarvaldið hafi hemil á þessum málum, þá leggjum við til í þessu frv., að það sé lagt á vald bæjarstjórna á hverjum stað að ákveða, hvenær húsaleigulögin skuli hætta að framkvæma, þó með þeim takmörkunum, sem um ræðir í 7. gr. frv., þannig að þau ákvæði, sem snerta leigu á einstökum herbergjum, megi falla úr gildi eftir 1. okt. 1950, og ákvæði 1. um atvinnuhúsnæði og leiguíbúð, sem er í sama húsi og húseigandi sjálfur býr í, skuli falla úr gildi hvenær sem er eftir 14. maí 1951, en ákvæði 1. að öðru leyti eftir 14. maí 1952. — Þá er gert ráð fyrir því í frv., að sett séu hámarksákvæði á húsaleigu, þannig að húsnæði sé metið ekki hærra en sem svarar sjö krónum á mánuði fyrir hvern fermetra gólfflatar í íbúðinni. Er þetta ákvæði sett leigjendum til verndar, þannig að nokkrar skorður séu reistar við því, fremur en er, að húsaleiga fari mjög úr hófi fram, svo að leigjandi verði að láta mjög mikinn hluta af tekjum sínum í þessar greiðslur. — Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að skipun húsaleigun. verði nokkuð breytt, þannig að í Reykjavík verði t. d. þannig, að Fasteignaeigendafélag Reykjavíkur og Leigjendafélag Reykjavíkur eigi hvort um sig einn fulltrúa í húsaleigunefnd í Reykjavík, en hæstiréttur skipi oddamann, sem sé formaður nefndarinnar. Með þessari skipan sýnist okkur, að báðir aðilar eigi jöfn ítök í húsaleigunefnd og hafi þá góða aðstöðu til þess að bera fram sín sjónarmið, svo að meiri von megi verða til þess yfirleitt, að húsaleigunefnd geti greitt úr þeim vandamálum, sem fyrir hana eru lögð, með samkomulagi beggja aðila.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til þeirrar grg., sem fylgir frv., og sé ekki ástæðu til að fylgja því úr hlaði með fleiri orðum, en legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 86., 87. og 88. fundi í Nd., 21., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 65, n. 548 og 557).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða mjög mikið um þetta mál. Breyt. þær, sem í þessu frv. er lagt til, að gerðar verði á húsaleigul., ásamt þeim breyt. á frv., sem bornar eru fram till. um af meiri hl. allshn., eru ekki margbrotnar, og ég ætla, að hv. þm. hafi áttað sig á efni þeirra.

Það má vissulega segja, að þessi breyt., sem hér er lagt til, að gerð verði á húsaleigul., sé bót á gamalt fat og geti hvergi nærri leiðrétt allt það, sem ástæða væri til að gera frekari breyt. á. Ég geri líka ráð fyrir, að það líði ekki á löngu, að þessi mál verði tekin til frekari meðferðar síðar meir á Alþingi. Hins vegar eru svo miklir agnúar á húsaleigulöggjöfinni og ástandið slíkt í húsnæðismálum í Rvík, að langt er síðan það var ekki viðhlítandi. Óréttlæti það, sem hefur átt sér stað gagnvart einstaklingum, rangsleitnin gagnvart húseigendum hefur verið slík, að það gegnir furðu, hve lengi það hefur vafizt fyrir Alþingi að gera breytingar á þessari löggjöf til bóta, — því að ég get ekki hugsað mér, að það hafi farið fram hjá neinum hv. alþm., hve óbærilegt þetta ástand er og hefur verið. — Þá er hitt ekki síður óheyrilegt, hvað tekið hefur verið af fólki, sem leigir húsnæði, að nokkru leyti í skjóli þessarar löggjafar. Það yfirgengur alveg minn skilning, hvernig óbreyttir verkamenn mega undir því oki rísa. Þá er hitt t. d. ekki síður óheyrilegt, að eigendum húsa skuli vera bannað að hækka hæfilega lága leigu, sem tíðkaðist fyrir stríð. Það er svo fjarri því, að slík binding komi þannig niður, að hinir efnaðri borgarar einir verði fyrir því að fá þessi lágu leigugjöld fyrir húsnæði sitt. Oft er þarna um að ræða fólk á efri árum, sem á lífsviðurværi sitt af þessum eignum og hefur orðið að mæta dýrtíðinni með mjög litlum tekjum, en ekki getað aukið þær neitt af þessum sökum.

Samkvæmt þessu frv. er nokkuð rýmkað hér um og einnig reynt að koma til móts við fólk, sem býr við dýra leigu. Reyndar má vel vera, að eitthvað það gerist í samningum manna á milli, sem ekki kemur opinberlega fram; slíkt er erfitt að fyrirbyggja, á meðan eftirspurnin eftir húsnæði er mjög mikil. En ég hygg þó, að með þessu frv. verði allmikil bót á þessu ráðin.

Eftir þeim brtt., sem við höfum lagt fram við frv., er gert ráð fyrir, að greitt verði nokkru minna fyrir hvern fermetra gólfflatar, eða 7 krónur í eldri húsum, miðað við árið 1945, og nokkru meira í nýrri húsum, eða 8—9 kr. fyrir hvern fermetra. Þetta hámarksákvæði er allmiklu lægra en sá leigumáli, sem húsaleigunefnd fer eftir. Hún reiknar frumleigu á 9 kr. fermetrann og vísitölu þar ofan á, svo að nemur í allt 13 krónum. En það há vísitala á nýjustu hús finnst mér ekki réttlát, þar sem viðhald þeirra húsa verður hér um bil ekkert í allmörg ár.

Þá er einnig að því stefnt, að þessi löggjöf gildi ekki áfram endalaust. Ef bæjar- og sveitarstjórnir sjá ekki ástæðu til, að löggjöfin gildi eftir mitt ár 1951, þá fellur hún af sjálfu sér niður. Líti þær hins vegar svo á, að rétt sé að hún gildi áfram á viðkomandi stöðum, þá geta þær ráðið framlengingu á henni.

Ég lít svo á, að með þessu frv. sé ráðin bót á nokkrum stærstu agnúum gildandi laga. Því miður gat n. ekki öll staðið að frv. Minni hl. n. hefur gefið út sérstakt nál. Mér þykir vænt um, að hann viðurkennir höfuðatriði frv., enda á ég bágt með að skilja, að hann á hinn bóginn skuli leggja til, að málið verði afgr. með rökstuddri dagskrá.

Frsm. minni hl. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 557, hef ég ekki getað orðið meiri hl. allshn. samferða um afgreiðslu þessa máls.

Eins og drepið er á í nál. og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl., þá er það engum efa bundið, að hér er um að ræða eitt mesta vanda- og erfiðleikamál, sem Alþingi hefur fjallað um — húsnæðis- og húsaleigumálið. Í raun og veru er þar aðeins um að ræða tvær höfuðleiðir til úrlausnar í bráð og lengd. Hin fyrri virðist fær, hin síðari ekki. Fyrri leiðin er bygging ódýrra og hentugra íbúða í svo stórum stíl sem geta fólksins og aðdráttarmöguleikar þjóðarinnar leyfa.

Hin leiðin, sem er hugsanleg en ekki fær, er að setja strangar reglur, þar sem almannavaldið tekur í sínar hendur yfirráð alls húsnæðis, hefur skömmtun á því og ákveður, hvað greiða skuli í leigu. Þessi leið er algerlega ófær að mínu áliti, vegna okkar þjóðfélagshátta og sterkrar einstaklingshyggju, sem þjóðinni er inngróin, jafnframt því að ríkisvaldið er veikt. Alþfl. hefur fyrir sitt leyti viljað benda á fyrri leiðina og hefur hvað eftir annað borið fram till. í þá átt; enda yrðu þær aðgerðir eina varanlega lausnin.

Þessar almennu athugasemdir vildi ég gera til glöggvunar á málinu, og skal nú víkja nokkuð að sjálfu frv. og dagskrártill.

Ég get þess í minu nál., að enda þótt ég stæði að húsaleigulögunum á sínum tíma og teldi þá brýna nauðsyn á setningu slíkra laga, og þótt ég sé sannfærður um, að þau hafi á ýmsan hátt orðið mörgum til gagns, þá játa ég þó, að þau hafa æ minna náð tilgangi sínum, eftir því sem tímar hafa liðið fram, og þyrfti nú að setja á nýjan leik greinargóða löggjöf, þar sem ákveðin væru réttindi og skyldur leigutaka og leigusala. Í samræmi við það stóð ég að frv. í fyrra um þetta efni, þar sem tekið var tillit til reynslu, sem fengizt hefur á þessum sviðum í nágrannalöndum okkar; en þar er talin hin brýnasta nauðsyn að setja um þetta löggjöf, svo sem t. d. um lausafjárkaup. Samtímis því að sett væri slík heildarlöggjöf til verndar fyrir báða aðila, þarf svo að hefja íbúðabyggingar, og eftir því sem þeim miðaði áfram væri svo bezt að slaka á löggjöfinni smám saman og loks að nema hana að fullu úr gildi. Nú hefur ekki verið farin þessi leið og engar tilraunir gerðar að kveða skýrar á um skyldur og réttindi leigutaka og leigusala. Ég get því engan veginn léð þessu frv. fylgi. Með því er aðeins verið að setja nýja bót á gamalt fat og ekki settar neinar heildarreglur til öryggis. Er það höfuðgalli frv., auk þess sem er að athuga við 5. gr.

Í samræmi við þetta legg ég til, að frv. verði afgr. með rökst. dagskrá, og sé ríkisstj. falið að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni og leggja fyrir næsta Alþingi.

Um ákvæðin í 5. gr. er það að segja, að þau eru mjög varhugaverð, og veit ég ekki, til hvers þau eiga að leiða eða hvort þar er um annað en pappírslöggjöf að ræða. Fyrst og fremst er þar ákveðin viðmiðun eftir flatarmálsstærð íbúðanna. Til þess að þar væri um nokkurn öruggan grundvöll að ræða, þyrfti að fara fram uppmæling á íbúðunum og koma til þess á fót nýrri og stórri stofnun, og yrði þó allt í óvissu um störf hennar. Þótt eitthvað kynni að finnast af gögnum hjá verkfræðingum um stærð íbúðanna, þá hefur tíðkazt svo mikið krull með breytingar á húsnæði frá því, sem upphaflega var ráð fyrir gert í teikningum, að þau gögn skapa ekki öruggan grundvöll. Íbúðirnar þyrfti að mæla upp.

Í annan stað finnst mér skorta á, að skýrt sé tekið fram, hvað átt er við með orðinu „íbúðarhúsnæði". Er þar með talið baðherbergi, W. C., gangar o. s. frv.? Eða við hvað er átt? Ég vildi gjarnan heyra, hvað fyrir flm. vakir um þetta; slíkt atriði má ekki leika á tveim tungum. Í frv. um stóríbúðaskatt, sem hér hafa legið fyrir, var reynt að skilgreina þetta nokkuð; en hér er engin tilraun gerð að skýra það, hvað átt sé við, þegar talað er um „íbúðarhúsnæði".

Þegar þetta fer hvort tveggja saman, finnst mér þessi gr. ekki ná neinni átt.

Þá kemur það til í þriðja lagi, að þar er sagt, að hámarkið skuli lækka, ef lofthæð íbúðar er minni en 2,5 m. Nú er það svo, að í ýmsum húsum, sem nú eru orðin gömul, er lofthæð afar mikil, en í nýjum húsum mörgum aftur tiltölulega lítil. Þessi viðmiðun finnst mér þannig vera fjarstæða. Það má finna lofthæð, sem nemur 2,5 m, í gömlum timburhjöllum, og hins vegar íbúðir af fullkomnustu gerð, sem ekki ná þeirri lofthæð, en eru þó miklum mun betri íbúðir. Ákvæðið er því næstum að segja fáránlegt frá mínu sjónarmiði. Ætti að breyta hér til, þá þyrfti að gera það á allt annan veg en hér er gert.

Af þessum ástæðum öllum get ég ekki fylgt því frv., sem hér liggur fyrir, en tel, að ríkisstjórnin ætti að vinda bráðan bug að heildarlöggjöf, þar sem ágallar húsaleigulaganna verði sniðnir af og málum skipað með nýjum og betri hætti. Við þetta er mín dagskrártill. miðuð um að vísa þessu máli frá.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað fallizt á þetta frv. og er því andvígur. Ég hef flutt ásamt 2. þm. Reykv. annað frv., á þskj. 40, sem samið er að tilhlutan Leigjendafélags Rvíkur og er ýtarlegt í öllum atriðum. Þar er ekki farið inn á þá braut að afnema húsaleigulögin og þó ekki haldið fast við fyrirmæli þeirra, heldur farinn meðalvegur, enda er frv. byggt á ýtarlegum athugunum greinargóðra manna.

Um þetta frv. er hins vegar það að segja, að það er ekki byggt á neinum slíkum athugunum, heldur er því slegið fram að mér finnst nokkuð út í blá.inn og þá fyrst og fremst till. um að afnema húsaleigulögin. Ákvæði þeirra laga, sem snerta leigu á einstökum herbergjum, eiga í fyrsta lagi að falla úr gildi 1. okt. í haust. Ákvæðin um atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir í sama húsi og eigandinn býr í skuli falla úr gildi eftir 14. maí 1951. Önnur ákvæði laganna falla úr gildi 14. maí 1952, en þó á hvert einstakt bæjarfélag að hafa heimild til þess að framlengja gildi þeirra fyrir sitt leyti.

Mér þykir rétt að vekja athygli á því, að hér

er Alþingi í raun og veru að kveða upp úrslitadóm um afnám laganna, og ég verð að segja það, að mér finnst þeir menn, sem flytja þetta frv., eins og aðstæður eru í húsnæðismálunum, sannarlega vera nokkuð djarfir, því að ég er sannfærður um það, að áhrifin af afnámi þessara laga verða fyrst og fremst þau, að húsaleiga kemur til með að hækka mjög verulega. Ákvæði frv. um hámark húsaleigu eru mjög mikið út í bláinn og verða hreinasta pappírsgagn til einskis nýtt, ef ekki er látin fram fara ýtarleg rannsókn á öllu því húsnæði, sem undir þau heyra. Ég held, að myndin af þessum málum hér í Reykjavík, ef þetta yrði að l., yrði sú, að það stæðu uppi fjöldamargar íbúðir og byggingar, sem fasteignasalar yrðu með á hendinni, og auðvitað yrði reynt að selja þær á sem hæstu verði, en á meðan yrði fjöldinn allur af fólki á götunni. Með því að gera þetta að lögum væri verið að kalla yfir allan fjöldann í þessum bæ þá örbirgð, sem við höfum ekki þekkt áður, en þekkt er í öðrum löndum. Fjöldi fólks mundi búa í skúrum, sem alls ekki gætu talizt mannabústaðir. Það mundi gerbreyta öllu því, sem við höfum átt að venjast í þessum efnum. Ég viðurkenni það fúslega, að húsaleigulögin hafa víða komið ósanngjarnt niður á eigendum húsa og fólk svipt þeim arði af húsnæði, sem það hafði ætlað sér til lífsviðurværis, með hinum einstrengingslegu ákvæðum húsaleigulaganna, en það er ekki verið að breyta þessu fyrir þessa menn. Ég vil benda hv. flm. á það, að þeir, sem græða á þessu afnámi húsaleigulaganna, það eru stóreignamenn hér í Reykjavík, það eru þeir, sem græða á því, að hundruð fjölskyldna verða borin út á götuna.

Mér finnst þetta frv. vera alvörulaus tillaga um lausn á þessum miklu vandamálum og vil vara menn við því að ganga þessa braut. Það er sanngjarnt að endurskoða og endurbæta ákvæði laganna um húsnæði og húsaleigu, og hefði ríkisstj. átt að vera búin að gera það, vegna þess að ákvæðin hafa nú verið í gildi um nokkur ár og leitt af sér nokkurt ranglæti, eins og ég gat um áðan, og það má segja, að það sé ekki ástæðulaust að rýmka nokkuð uppsagnarákvæðin, en þó held ég, að það skipti ekki eins miklu máli og hitt, en hér er þetta ekki gert, vegna þess að gert er ráð fyrir afnámi laganna.

Ég vil nú sérstaklega beina því til hv. þm. að athuga gaumgæfilega frv., sem Leigjendafélagið hefur samið og er mjög sanngjarnt, áður en farið er inn á þessa glæfrabraut, sem hér er lagt til í frv. Það er lítið dæmi um ástandið í húsnæðismálunum, að um 2000 manns hafa sótt um það húsnæði, sem bæjarstjórn Reykjavíkur er nú að bjóða út, og nú er það þó vitað, að fjöldi fólks getur ekki sótt um þessar íbúðir vegna peningaleysis og lendir á götunni. Nei, svona lög verða ekki til annars en til þess að flagga með, til þess að villa mönnum sýn, sem kynnu að vera andvígir eða óánægðir með ástandið. Ég mun greiða atkv. með till. um rökst. dagskrá, vegna þess að ég er andvígur frv. og álít, að það sé til skaða fyrir fjöldann, en til tiltölulega lítils gagns nema fyrir örfáa, því að það er hægt að gera nauðsynlega leiðréttingu á húsaleigul. án þess að valda svo stórum hópi manna tjóni, eins og verður, ef þetta frv. er samþ. Ég mun við 3. umr. málsins, ef hin rökstudda dagskrá verður ekki samþ. nú við 2. umr., flytja brtt. um þessi atriði, en mun hins vegar ekki bera þær upp hér við 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, því að *ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða vegna* þeirra andmæla, sem nú hafa fram komið.

Hv. 8. landsk. þm. vildi láta þar við sitja, að beðið væri eftir heildarlögum um húsnæði, og vitnaði í því sambandi í frv., sem fyrrv. ríkisstjórn hafði lagt fram á síðasta þingi. En ég vil þá aðeins benda á það, að þó að það frv. hefði náð fram að ganga, þá fylgdi því það bráðabirgðaákvæði, að húsaleigulögin áttu að gilda áfram og höfuðágallar þeirra um nokkurt skeið, svo að það hefði verið til heldur lítillar bótar. En með því að gera þær breytingar, sem hér er lagt til, þá ætla ég, að verði *tími til fyrir ríkisstj. að láta gera tillögur um* heildarlausn þessara mála, því að það er ekki fyrr en 1952, sem þessi ákvæði eiga að hætta að gilda, og þó er það undir bæjarstjórnunum komið, hvort þau eiga að gilda áfram eða ekki, því að ef bæjar- eða sveitarstjórnir óska eftir því, að ákvæðin gildi áfram fyrir sitt leyti, þá mega þær ráða því, og ætla ég þá, að vel sé fyrir málunum séð, því að þær hafa náttúrlega bezt vit á og er kunnugast um það, hvað hentar þeim, hver í sínu lagi, og hefðu þessi lagaákvæði sannarlega alltaf átt að vera þannig.

Ég get tekið undir það með hv. 8. landsk. þm., að það er mjög gagnlegt, að heildarlöggjöf verði sett um þetta mikilsverða mál, en ég held bara, að það verði að vera í öðrum búningi heldur en það frv., sem fyrir lá á síðasta Alþingi.

Hv. 8. landsk. drap nokkuð á ákvæði 5. gr. og fannst, að það væri of illa skilgreint, hvað íbúð væri. Það er reyndar rétt, en þar er líka stuðzt við eldri lög, en það er eins og ég sagði í upphafi, hér er ekki um hreina nýsmíði að ræða, heldur aðeins bráðabirgðabót, þetta er bót á gamalt fat, sem er ætlað að duga þar til heildarlöggjöf verður sett. En vandinn er hvorki meiri né minni en verið hefur síðan l. voru sett, því að það hefur verið á valdi húsaleigunefndar að meta um þetta atriði, og það verður það náttúrlega framvegis, svo að það er því ástæðulaust að gera svo mikið veður út af þessu atriði, og vafalaust má í framtíðinni styðjast við þann praxís, sem húsaleigunefnd hefur um þetta fengið, og um einstakar íbúðir gildir vafalaust sama framkvæmd á mati og verið hefur, þegar verið er að ákveða húsaleigu. Í 12. gr. laganna er ekki heldur að því vikið, hvað húsaleigunefnd eigi að hafa til grundvallar mati sínu, hún hefur bara orðið að kynna sér öll helztu atriði varðandi íbúðirnar, og sú nefnd, sem taka á við af henni, á þess vegna að haga framkvæmd sinni eins.

Ég skal nú ekki fjölyrða frekar vegna ræðu hv. 8. landsk., enda talaði hann mjög vingjarn-

lega um málið og sagði, að hann vænti heildarlöggjafar um þetta efni. Það skal ég fúslega taka undir með honum, að nauðsynlegt er að gera slíka bót á, og þá skal ekki standa á mér, þegar þar að kemur, en það getur nú ekki orðið í einni svipan og verður varla afgr. á þessu þingi. Til þess þarf lengri tíma til undirbúnings.

Þá andmælti hv. þm. Siglf. frv. og vitnaði til frv., sem hann flytur á þessu þingi og samið er af leigjendafélaginu. Hv. allshn. átti tal við fulltrúa frá leigjendafélaginu, þegar hún hafði málið til afgreiðslu, en það, sem þeir, lögðu aðaláherzluna á, það er ekki í þessu frv., heldur var það fyrir framtíðina, um að gera ráðstafanir til þess að koma upp ódýru húsnæði. Hv. þm. vildi kalla þessi lög pappírsgagn, sem kalla mundi vandræði og örbirgð yfir fjöldann og leiða hann út á götuna. En þetta er nú nokkuð yfirdrifið hjá hv. þm., nema hann gangi út frá því, að meðan nokkuð er eftir af leigjendum í bænum, þá viðhafi eigendur húsanna þær aðferðir, sem hann nú nefndi. En í öðru orðinu viðurkennir hv. þm., að eldri lög hafi gert sitt gagn, þó að þau hafi verið brotin í grundvallaratriðum og farið í kringum þau, og þannig gæti líka farið, að frv. hans yrði margbrotið og farið í kringum það, því að það eitt, að frv. er borið fram af honum og flokksbróður hans er náttúrlega engin trygging fyrir því, að ekki verði farið í kringum ákvæði þess. Það er ekki hægt að tryggja það, og þess vegna megum við ekki láta ákvæði l. ganga of langt, svo að þau verði frekar haldin. Húsaleigul., eins og þau nú eru, leiða af sér mikið ranglæti, og hv. þm. viðurkennir það, eins og l. eru framkvæmd, en því þá ekki að ráða bót á þeim og laga verstu agnúana, sem á þeim eru? Hv. þm. vitnaði til þess, hve margir sæktu um íbúðir til Reykjavíkurbæjar, sem hann er nú að koma upp og fara að komast í notkun, en það þarf ekki endilega að bera vott um húsnæðisskort, þó að menn vilji kaupa sér hús, og það geta þeir gert, sem nú eru leigjendur.

Mér þykir vænt um það, að þessi hv. þm., sem andmælti þessu frv., viðurkenndi nauðsynina á að ráða bót á húsnæðismálunum og að hann skyldi ekki geta mælt á móti því, að þær tillögur, sem hér liggja fyrir, ráða einmitt bót á þeim. Hitt er ekki hægt að fullyrða fyrirfram, hvort farið verður í kringum löggjöf og hún brotin, en það er að heyra á tali þessara manna — ég vil þó undanskilja hv. 8. landsk. — að það ætti aldrei að setja neina löggjöf nema það væri tryggt. En það er vitað, að svo að segja öll löggjöf er af einhverjum brotin, svo að það er því ástæðulaust að leggja árar í bát af þeim sökum. En þar sem hv. þm. viðhafði stór orð, bæði um húsaleigulögin og þetta frv., þá vona ég, þar sem hann viðurkenndi, að lögin væru ranglát í sumum tilfellum og þyrftu breytinga við, að hann flytji brtt., sem einhver bót er að, en komi málinu ekki fyrir kattarnef með því að greiða atkv. með till. um rökst. dagskrá, en þau stjórnarvöld, sem mestan kunnugleika hafa um þetta, geti haft það í hendi sér, hvort þau vilja, að ákvæði laganna gildi áfram eða ekki.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er misskilningur, ef hv. þm. Árn. heldur, að það ranglæti, sem sumir húseigendur hafa orðið fyrir, verði læknað með því að skapa meira ranglæti fyrir þjóðfélagið heldur en það, sem við eigum nú við að búa í þessum efnum. Það er alveg rétt, og það hefur alltaf verið viðurkennt, þegar þetta mál hefur verið til umræðu, að þessi ákvæði laganna hafi farið illa með suma húseigendur, en það hefur sem sagt verið svo allan tímann, sem þessi lög hafa verið í gildi, að leiðin, sem farin hefur verið, er svo slæm, að það er alveg ópolandi fyrir þjóðina að horfa upp á. Meira að segja Framsfl. hefur stundum látið í það skína, einkum fyrir síðustu kosningar, að húsnæðismálin hér í Reykjavík væru hreint ekki viðunandi. Framsfl. gerði það þá að einu mesta kosningamáli í Reykjavík, að ástandið væri svo ægilegt og það mundi enda í hreinustu neyð, ef ekki yrði skjótt bót á ráðin. Það voru birtar myndir í Tímanum til þess að sýna, hve mikil neyðin væri, og allt þetta notaði Framsfl. til að slá sér upp, og það gekk meira að segja svo langt, að heimilislífi manna var ekki þyrmt til þess að slá sér upp á þessu eymdarástandi.

En hvað segir svo frsm. allshn., eftir að hafa deilt á íhaldið í Reykjavík fyrir ástandið í húsnæðismálunum? Jú, hann leggur það til, að við skulum láta afnema húsaleigulögin þegar bæjarstjórnarihaldið í Reykjavík vill. Hv. þm. Árn. mælir með því, að bæjar- og sveitarstjórnir fái vald til þess að ákveða, hvort lögin haldi gildi sínu fyrir viðkomandi staði, og hann veit það einnig, að íhaldið í Reykjavík vill, um leið og það fær tækifæri til þess, afnema húsaleigulögin hér. Og hvað er það svo, sem hv. frsm. allshn. segir um þetta? Hann segir, að þá sé vel fyrir málunum séð, þegar bæjarstjórnarihaldið í Reykjavík ákveður, að lögin skuli ekki gilda lengur fyrir Reykjavík. Framsfl. veit vel, hvernig ástandið er í húsnæðismálunum. Og hann lofaði bót á þessum málum, en hvað er það svo, sem hann gerir? Hann er með þessu að gefa íhaldinu í bæjarstjórn Reykjavíkur valdið til þess að afnema húsaleigulögin, sem hann taldi fyrir kosningar fara svo hraksmánarlega með íbúa bæjarins. Hvers konar samningar eru það eiginlega, sem eiga sér stað bak við tjöldin milli þessara flokka? Hv. frsm. minntist á það, að það væru nú tvö ár þangað til lögin gengju úr gildi, svo að það væri á þeim tíma hægt að setja heildarlöggjöf um þessi efni. Finnst honum þá svo vel horfa um samninga milli stjórnarflokkanna, að hann geti búizt við, að heildarlöggjöf verði sett um þetta efni á þessum tíma? Það væru þá einhverjar nýjar upplýsingar, sem okkur hafa ekki verið kunnar fram að þessu, ef útlit væri á því, að á næstunni væri hægt að fá fram löggjöf, sem leysti úr neyðinni, sem þarna ríkir. Þegar Sósfl. var í stjórn, var sett löggjöf, sem átti að tryggja útrýmingu heilsuspillandi íbúða, og átti til þess að koma sérstakt framlag frá því opinbera. Eftir að Framsfl. kom í ríkisstj. og við fórum úr henni, var sú löggjöf í raun og veru afnumin, með því að bætt var inn í hana því, að ekkert fé skyldi leggja fram í þessu skyni,

nema samþ. væri sérstaklega á fjárl. — Ég vildi spyrja hv. 1. þm. Árn. að því, hvort hann muni ekki eftir því, að það var einmitt Framsfl., þegar hann sat í stjórn, sem afnam þessa löggjöf í raun og veru og hefur síðan fellt hverja till., sem fram hefur komið til að fá það fram, að þessi löggjöf fengi raunverulegt gildi.

Mun ég svo verða að ósk hæstv. forseta um að fresta minni ræðu, þar til síðar. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég endaði þar sem ég ræddi við hv. 1. þm. Árn. (JörB) um traust hans á því, að á næstu tveimur árum yrði sett heildarlöggjöf um þessi mál, og hvort það yrði skynsamlegasta aðferðin til þess að knýja þessi mál fram að fara nú að samþykkja þetta mál með Sjálfstfl. Ég held, að það sé mjög fjarri lagi. Ef Sjálfstfl. hefur mikinn áhuga fyrir því að fá húsaleigul. afnumin, væri eðlilegast, ef Framsfl. vildi um það hugsa, að sæmilega yrði fyrir því séð frá Alþ., að láta hann bíða eftir því að fá húsaleigul. afnumin, þar til hann hefur gengið inn á fullkomnari húsnæðislöggjöf. Nú liggja fyrir raunverulega tvö frv. hjá allshn. um heildarlöggjöf í húsnæðismálunum og síðasta þingi líka, þannig að það er ekki það, að vantað hafi uppástungur um afgreiðslu á húsnæðislöggjöf í heild. Það er engin afsökun. Spurningin er um það, hvort hægt er að fá samþ. á Alþ. slíka heildarlöggjöf. Ef Framsfl. vildi að því vinna, væri ekki annað að gera en segja við Sjálfstfl.: Ég samþykki ekki þetta húsaleigufrv., sem nú liggur fyrir, nema framkvæmdar verði um leið aðgerðir í húsnæðismálunum. — Þetta hefur nú ekki verið gert, og þess vegna er ástandið þannig, að með þeirri afgreiðslu, sem Framsfl. leggur til, að höfð verði í húsnæðismálunum með þessu frv., er verið að afnema húsaleigul. án þess að tryggja á nokkrum öðrum sviðum nokkurn skapaðan hlut, sem tryggi aðstöðu þeirra manna í þjóðfélaginu, sem ekki eiga hús sjálfir. Og þetta er í hrópandi mótsetningu við allt, sem Framsfl. hefur haldið fram í kosningunum, áður en kosið var til þessa Alþingis. Framsfl. er með því að afnema húsaleigul. núna að gera samsvarandi ráðstafanir og hann gerði með gengislækkuninni, að framkvæma árásir á móti, án þess að gera nokkrar ráðstafanir. Fyrir kosningarnar talaði þessi flokkur um ýmsar hliðarráðstafanir, sem þyrfti að gera, ef gengið yrði inn á gengislækkunina. Það var gengið inn á gengislækkunina, en hliðarráðstafanirnar komu ekki. Aðstaða alþýðumanna er að verða óþolandi í þessum efnum. Það hefur verið minnzt á hér, bæði í þessum umræðum nú og áður í sambandi við húsnæðismálin, nokkur af þeim atriðum, sem þyrftu að fylgja, þegar ákvarðanir væru teknar um að afnema húsaleigulögin. Ég vil þá í fyrsta lagi athuga í sambandi við spurninguna um bannið við að byggja. Þegar húsaleigul. voru sett í upphafi, hver var þá hin siðferðislega forsenda fyrir því, að það var gert? Í fyrsta lagi að tryggja mönnum, að ekki væri hægt að setja þá út á götuna. En af hverju þótti meiri ástæða til að gera það en venjulega? Vegna þess, að örðugt væri að fá efni til að byggja úr, þannig að það þótti ekki rétt að láta húseigendur halda því frelsi, sem þeir höfðu haft til þess að segja mönnum upp, vegna þess að menn hefðu enga aðstöðu til þess yfirleitt að koma sér upp húsum. Fyrst ekki var hægt að láta þá byggja yfir sig, þótti ekki rétt að leyfa að segja þeim upp. Það fyrsta, sem hefði því átt að fylgja því, að húsnæðislöggjöfin væri afnumin, væri það, að menn hefðu að minnsta kosti formlegt frelsi til að byggja, að ekki væri hægt að banna mönnum að byggja yfir sig. Það má ekki minna vera en þeim sé tryggt, að þeir hafi formlegt leyfi af hálfu þjóðfélagsins til að byggja yfir sig. Það er það minnsta, sem þjóðfélagið hefði getað gert. Nægilegir mundu þeir efnahagslegu erfiðleikar verða fyrir menn almennt. Hvernig hagar nú til um þessa forsendu? Það hagar til þannig, að það hefur ekki fengizt linað nokkurn skapaðan hlut á því banni, sem hér hefur verið komið á. Hér hafa verið bornar fram till. á Alþ., brtt. við frv., sem hér hafa verið á ferðinni um þessi efni, að mönnum, sem ættu ekki íbúðir sjálfir, væri þó leyfilegt að byggja yfir sig án þess að leita fjárfestingarleyfis. En því fer svo fjarri, að slíkar till. hafi fengið nokkurn minnsta hljómgrunn, heldur hafa þeir, sem haft hafa vilja til að byggja yfir sig, verið sviptir frelsi til að gera það, þó að þeir hygðust að klóra sig einhvern veginn fram úr því efnahagslega.

Í öðru lagi er spurningin um nægilega getu og frelsi til þess að reisa ný íbúðarhús. Það er vitanlegt, að svo framarlega sem afnema á húsaleigulöggjöfina, verður það að fylgja, sé það ekki tilgangurinn að skapa neyð í þjóðfélaginu, að setja löggjöf, er geri mönnum mögulegt efnahagslega að byggja yfir sig. Það þýðir, að koma verður í gegn þeirri löggjöf, er að einhverju leyti miðar að því að gera slíkt mögulegt. Það eru jú þrenns konar möguleikar til slíks. Það er í fyrsta lagi til löggjöf um aðstoð bæjarfélaga við að útrýma heilsuspillandi íbúðum, og ef Framsfl. hefði viljað sýna það í einhverju, að hann vildi gera þeim, sem nú er verið að kasta út á kaldan klaka, mögulegt að fá einhvers staðar inni, hefði hann samtímis þessu frv. átt að afgreiða lög um að koma aftur í gildi þeim l., sem samþ. voru 1946 um aðstoð við útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Framsfl. hefði þá að minnsta kosti átt að sjá um að láta slík lög verða samferða. Það bólar ekki á neinu slíku. Þannig er verið að gera bænum ókleift að útrýma því heilsuspillandi húsnæði, sem í þessum bæ er. — Þetta væri líka hægt að gera með því að samþykkja í sambandi við fjárl. framlög í þessu skyni. Framsfl. hefur líka fellt allt slíkt. — Þá væri einnig í þriðja lagi hægt að gera þetta með því að gefa þeim einstaklingum, sem eru það illa efnum búnir, að þeir geta ekki sjálfir lagt fram fé til að byggja yfir sig, kost á að fá lán með sæmilegum kjörum. Ekkert af þessum hliðarráðstöfunum er lagt til af hálfu Framsfl. að gera. Það er eingöngu samþykktin á afnámi húsa-

leigul., sem þarna er farið fram á. Afleiðingin af því, að þessi löggjöf yrði samþ. án þess að hitt fylgdi með og framkvæmd slíkrar löggjafar yrði fullkomlega tryggð, yrði sú, að það hlyti að skapast neyðarástand í þessum málum, og það er auðséð, að það neyðarástand, sem nú er verið að undirbúa í húsnæðismálunum, kemur til með afnámi húsaleigul. að skella á þeim leigjendum, sem sagt verður upp og hent þannig út.

Í þessu sambandi er einnig það að athuga, að það eru margir menn úr millistétt, sem á undanförnum árum hafa treyst því að geta lagt nokkurn hluta af launum sínum til hliðar í því skyni að geta eignazt íbúð, og í því trausti hafa þeir þrælað í aukavinnu og eftirvinnu til þess að reyna að borga niður slíkar íbúðir sínar. Það er nú svo komið, að ákaflega mikið er fallið niður af allri þeirri eftirvinnu, sem menn hafa haft. Og með gengislækkunarl. núv. ríkisstj. er afkoma þessara manna svo stórlega rýrð, að meginið af launum þeirra fer nú í það að borga brýnustu lífsnauðsynjar, matinn, sem þeir borga daglega, og fötin, sem þeir ganga í. Þegar búið er að hækka verð á fjöldanum öllum af nauðsynjum, kannske 50%, fer ekki að verða mikið eftir hjá þessu fólki til þess að standast vexti og afborganir. Með öðrum orðum, með þeirri ránsferð, sem stjórnin hefur farið á hendur þessum mönnum með gengislækkuninni, er verið að gera þessum mönnum, sem voru að reyna að gerast bjargálna, ókleift að halda þessum íbúðum, og þeir missa þær. Það er verið að skapa neyðarástand í þessum efnum. Þegar þessir menn hafa þrælað árum saman myrkranna á milli, er þeim steypt ofan í örbirgð aftur, og hvert frv., sem við höfum lagt fram til þess að fá lánstímann lengdan og vextina lækkaða, hefur verið fellt. Hverjir verða það svo, sem reka þá út úr húsum sínum? Það eru ríkustu mennirnir hér í Rvík, sem eiga mikið af húsum og leigja þau. Og það er auðséð, að það er nú að verða, eins og á tímabilinu á milli styrjaldanna, ein af gróðavænlegustu atvinnugreinunum í Rvík að braska þannig með hús. Á sama tíma og smælingjarnir eiga í vaxandi erfiðleikum með að fá lán, kaupa ríku mennirnir í Reykjavík þessar íbúðir, sem launamennirnir eru að stritast við að halda. Það er þess vegna verið að skapa einokun. Eins og við þekkjum frá tímabilinu milli styrjaldanna, safnast meira og meira af húseignum í hendur auðmannastéttar Íslands. Það eru afleiðingarnar af þeim aðgerðum, sem verið er að gera með því að afnema húsaleigul. og láta vera að gera þær hliðarráðstafanir, sem óhjákvæmilegt er að gera, ef það á að gera þessum mönnum kleift að byggja yfir sig og halda þeim húsum, sem þeir eru að byggja yfir sig. Herferðin af hálfu íslenzku auðmannastéttarinnar á eignir alþýðu manna samsvarar þeirri herferð, sem farin var með gengislækkunarl. á lífskjör og laun manna.

Ég hef flutt hér frv., sem hæstv. forseti óskaði að láta bíða, þar til þetta húsaleigufrv. kæmi frá nefnd, en þetta frv. mitt snertir einmitt það að framlengja lánin á þeim íbúðum, sem menn hafa verið að reyna að eignast á undanförnum árum. Nú er ástandið þannig, að ef þessi lög verða afnumin og látið undir höfuð leggjast að gera samtímis þær ráðstafanir, sem eru óhjákvæmileg skilyrði fyrir því, að fólk geti lifað, skapast slík neyð í þjóðfélaginu og fyrst og fremst í Reykjavík, að við höfum ekki litið framan í aðra eins. Það er verið að gera fólki ókleift að lifa. Það kemur nú fyrir í búðum, sem ekki hefur komið fyrir síðustu 10 árin, en það er skortur á óhjákvæmilegum neyzluvörum eins og kaffi og smjörlíki. Og þó er svo komið, að sumir biðja ekki um nema ½ stykki af smjörlíki og ½ pakka af kaffi, af því að þeir hafa ekki meiri peninga. Við munum þá tíma, þegar krakkarnir voru sendir eftir sykri fyrir 10 aura, vegna þess að fátæktin leyfði ekki stærri innkaup. En við höfum ekki þurft að lifa við slíka eymd síðustu 10 árin þrátt fyrir húsaleiguokur og ýmsa aðra erfiðleika. Ég veit, að þm. gera sér ljóst, að nú eru ekki lengur átök um það hjá verkalýðnum, hvort hann eigi að lifa vel eða 10% betur, heldur eru átökin aðeins um það að lifa sæmilegu lífi, og meira að segja þýðir kjararýrnun frá því, sem nú er, neyðarástand hjá mörgum fjölskyldum. Það er liðinn sá tími, þegar verkamenn dreymdi um að eignast eitthvað. En þrátt fyrir þetta ástand er meiningin að afnema húsaleigulögin, svo að svarti markaðurinn á húsnæði verði enn hærri. Mér finnst það satt að segja koma úr hörðustu átt, þegar Framsfl. samþykkir með íhaldinu svona frv. Hann er með því orðinn nokkuð fjarlægur stóru loforðunum, sem Tíminn gaf fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Hins vegar hefur Framsfl. fyrr brugðizt, svo að maður ætti kannske ekki að láta sér bregða við afstöðu hans í þessu máli. Við sósíalistar höfum reynt að ráða fram úr þessum húsnæðisvandamálum, og meðal annars tókst okkur að fá samþ. lög um útrýmingu heilsuspillandi íbúða 1946, en Framsfl. veitti sinn stuðning til þess að eyðileggja þá löggjöf. Flokkurinn virðist hafa gleymt orsökum þessa ástands, þó að hann hins vegar reyni að nota sér það til framdráttar, þegar þannig stendur á, með sýndarróttækni, samanber Tímann í vetur, en þá var ekki verið að spara stóru orðin um hið alvarlega ástand, þó að efndirnar um úrbætur virðist ætla að vera minni. Rétt fyrir jólin, eða 22. des., birti Tíminn svo hljóðandi fyrirsögn: „Jólasaga úr höfuðstaðnum: Fjöldi Reykvíkinga býr við sárustu örbirgð í örgustu grenjum. Margt af þessu fólki hefur bókstaflega gefizt upp í vonlausri baráttu við húsnæðisleysi, kulda og átakanlegustu neyð.“

Síðan er haldið áfram að lýsa, hversu voðalegt ástandið sé. Þetta átti að minna Reykvíkinga á, hvernig ástandið væri svona rétt fyrir jólin, og var ekki nema gott um það að segja, ef hugur hefði fylgt máli. Nokkrum dögum áður hafði Tíminn birt myndir af húsnæðisástandinu, og voru margar þeirra ófagrar, en það var ekki nóg með það, þá stóð líka á fremstu síðu, að til væru útilegumenn í höfuðstaðnum, er hvergi hefðu höfði sínu að að halla, og svo langt gengi, að þeir pöntuðu sumir vist í hegningarhúsinu yfir hátíðarnar. Á Þorláksmessu birti Tíminn líka gífurlegar fyrirsagnir.

Þar stóð meðal annars: „Frásögn Tímans af örbirgðinni í fátækrahverfunum hefur vakið gífurlega athygli. — Margvíslegar gjafir bárust í gær, en útrýming fátækrahverfanna er hið eina, sem getur forðað þjóðfélagslegri ógæfu.“

Og nú átti að bæta úr húsnæðisvandræðunum, en til þess átti að vera aðeins eitt ráð, en það var að veita Framsfl. fylgi við bæjarstjórnarkosningarnar, og þá átti líka að bæta úr allri örbirgð, og þá áttu ekki lengur að finnast útilegumenn í höfuðstaðnum. Þetta var jólasaga Tímans. En hvað gerist svo eftir kosningar? Jú, þá stendur Framsfl. fremstur í því að hækka nauðsynjar um leið og mikið dregur úr atvinnu hjá öllu fólki, og ofan á ætlar flokkurinn að afnema húsaleigulögin og henda þannig hundruðum manna út á götuna. Máske til þess að fleiri panti vist í „kjallaranum“, ekki einungis einstaklingar, heldur líka fjölskyldur. Hvers konar hræsni er þetta eiginlega? Fyrst er komið til reykvíska kjósenda undir yfirskini umbóta, en svo eru öll loforð þverbrotin með alls konar árásum á lífskjör almennings.

Ég vil svo að lokum minna alvarlega á, að í þessu máli er ekki um að ræða nein aukaatriði eða hégóma, heldur er um að ræða, hvort skapa á í bænum algert neyðarástand, þar sem fjöldamargar fjölskyldur verða algerlega húsvilltar. Og ég vil leyfa mér að aðvara Framsfl., af því að hann hefur stundum verið að kalla sig ábyrgan flokk — að minnsta kosti fyrir kosningar — í þessu máli, því að það er á hans valdi, hvort hundruðum reykvíska fjölskyldna verður kastað á götuna eða ekki.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð út af ræðu fyrri þm. Árn. Hv. frsm. taldi óeðlilegt, að við sósialistar skyldum ekki snúast til fylgis við þá lausn, sem hann hefur lagt til í málinu, þar sem það sé sú sanngjarnasta leið, sem samkomulag náist um. Ég hef viðurkennt, að húsaleigulögin eru að mörgu leyti ósanngjörn, en þess verður bara að gæta, að það er mikill meiri hluti fólks, sem hefur hagsmuna að gæta í því efni, að þau séu látin halda gildi. Auk þess eru fleiri þeirra, sem hagsmuni hafa af því að þau séu afnumin, efnaðir menn, sem gildi laganna skiptir raunverulega litlu máli fyrir, að minnsta kosti fjárhagslega. Ég vil líka benda á, að afnám húsaleigulaganna á þessum tíma, þegar dýrtíðin margfaldast og atvinnuleysi færist í aukana, getur haft mjög alvarlegar afleiðingar hér í Reykjavík og víðar í bæjum og meira að segja skapað alveg óleysanleg vandræði. Þess vegna vil ég undirstrika það, að það hvílir ábyrgð á þeim, sem beita sér nú fyrir afnámi þessara laga.

Í dag sendir Leigjendafélag Reykjavíkur bréf, þar sem varað er við þessu frv. og bent á, hvaða vandræði geti af því hlotizt.

Ég leyfi mér að vænta, að Framsfl. endurskoði afstöðu sína í þessu máli, eftir að rifjaðar hafa verið upp fyrir honum lýsingarnar, sem hann gaf sjálfur í Tímanum í vetur og 2. þm. Reykv. las hér upp. Eftir þeim yfirlýsingum ætti þessi flokkur ekki að fara nú að taka þátt í að skapa enn meiri vandræði í húsnæðismálunum hér í Reykjavík en þau, sem hann hefur lýst svo átakanlega. Ég get vel fallizt á, að húsaleigulögin verði lagfærð og leiðréttir þeir ágallar, sem ég hef áður minnzt á, en hins vegar sé ég ekki nein rök með því að afnema þau.

Allt bendir líka til þess, að þær ráðstafanir, sem gera á, þegar húsaleigulögin hafa verið afnumin, til þess að koma í veg fyrir óhóflega dýra húsaleigu, verði einskis virði í framkvæmd, enda er það vitað mál, að það nægir ekki, þó að Alþingi ákveði að ekki skuli okra á húsnæði. Það má því eins vel búast við, að afnám húsaleigulaganna leiði beint til okurs í ýmsum tilfellum, auk þess öngþveitis, sem það skapar.

Ég vil svo enn einu sinni mælast til þess, að hv. þm. felli þetta mál, vegna þess að það leiðir til skerðingar á hagsmunum þeirra, sem sízt mega við því, og getur orðið til þess að skapa öngþveiti, sem erfitt verður að leysa úr.

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. forseta, að hann láti atkvgr. ekki fara fram um þetta mál á meðan deildin er svona þunnskipuð. (*ÁkJ:* Ég held, að hæstv. forseti ætti að lofa þm. að vera fjarverandi, því að þeir hafa forðað sér til þess að þurfa ekki að samþ. frv.).

Forseti (FJ): Ég hélt nú satt að segja, að hv. 1. flm. væri áhugamál að fá þetta frv. afgr., en eftir hans eigin ósk verður atkvgr. frestað um sinn. (*Fjmrh.:* Óskaði hv. þm. eftir, að málið væri tekið af dagskrá?) Ég skildi ummæli hans á þá leið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 557, frá minni hl. allshn., felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ, MK, SG.

nei: SkG, StSt, BÁ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, PÞ, PO, SÁ, SB.

8 þm. (StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÓ, GTh, JóhH, KS, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:5 atkv.

Brtt. 548,1 (ný 2. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JS, JR, JörB, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, BÁ, EystJ, GG, SB.

JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG greiddu ekki atkv.

7 þm. (JóhH, KS, StgrSt, ÁÁ, ÁB, BÓ, GTh) fjarstaddir.

Einn þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Finnur Jónsson: Ég tel rétt, að Framsfl. og Sjálfstfl. hafi allan sóma af afgreiðslu þessa frv. og tek ekki þátt í atkvgr.

3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 548,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 548,3,1—2 samþ. með 19:1 atkv.
— 548,3,3 samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KS, ÓTh, PÞ, PO, SÁ, SkG, StSt, BÁ, BÓ, EystJ, GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JG, JPálm, JR, JörB, SB.
nei: MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁS, EOl, EmJ, FJ, GÞG, JÁ.
6 þm. (StgrSt, ÁÁ, ÁB, GTh, JóhH, JS) fjarstaddir.
7. gr. þar með ákveðin.
8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:10 atkv.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. fundi í Nd., 4. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 605, 627).

Frsm. meiri hl. (Jörundur Brynjólfsson): Herra forseti. Meiri hl. allshn. hefur leyft sér að bera fram brtt. við 7. gr. frv. Það er að vísu um litla efnisbreytingu að ræða, heldur aðallega ótvíræðara orðalag í sambandi við ákvörðunarrétt bæjar- og sveitarstjórna um gildi laganna. Það er að segja, að lögin haldi gildi, ef bæjar- eða sveitarstjórnir óska þess.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa litlu breytingu og vænti, að öllum þm. sé ljóst, hvað við er átt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að biðja hæstv. forseta að fresta þessu máli, þar sem ég hafði hugsað mér að flytja við það brtt., en hefur ekki unnizt tími til þess enn.

Forseti (SB): Það líður nú senn að þinglokum, og þess vegna er ástæða til að hraða þeim málum, sem afgreiðslu eiga að hljóta, en ég vil þó verða við beiðni hv. þm. og vænti, að till. hans liggi fyrir, þegar næsti fundur hv. deildar verður haldinn.

Umr. frestað.
Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

Áki Jakobsson: Herra forseti. Ég er búinn að lýsa afstöðu minni til málsins einu sinni, en leyfi mér nú að bera fram nokkrar brtt. til lagfæringar á ákvæðum frv. Tek ég það þó fram, að ég tel, ef brtt. mínar verða felldar, frv. vera svo mikla skerðingu á lífskjörum almennings, að eigi verði við það unað. Vil ég nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þessar brtt.:
1. Við 1. gr. Orðin „systkini sín" falli niður. — Hér var það fólgið í, að leigusala er heimilt að segja upp íbúðarhúsnæði, ef hann hefur eignazt það fyrir þ. 9. sept. 1941 og þarf á því að halda fyrir sjálfan sig, skyldmenni í beinni línu, kjörbörn og fósturbörn. Þessu hefur verið breytt, þannig að ákvæðin eru og látin ná til systkina. Gerbreytir þetta allri aðstöðu og gerir húsaleigul. mjög þýðingarlítil. Mundu allmargar íbúðir vafalaust verða ruddar mjög fljótlega, og þetta yrði notað sem átylla til að losa húsnæði. Og eins og oft er, þá er þetta meira notað sem átylla til þess að losa íbúðina en um raunverulega nauðsyn sé að ræða í sambandi við þær heimildir, eins og í l. eru nú.
Í öðru lagi legg ég til, að í Reykjavík verði húsaleigunefnd skipuð fimm mönnum, og auk þeirra þriggja, sem tilgreindir eru í frv., verði tveir menn kosnir í n. af bæjarstjórn Reykjavíkur.
Og í þriðja lagi legg ég til, að sú breyt. verði gerð á 7. gr. frv., að 2. tölul. gr. falli niður. En það er tölul. um það, að húsaleigulöggjöfin falli niður varðandi atvinnuhúsnæði og leiguíbúðir, sem eru í því sama húsi, sem húseigandi býr sjálfur í, 14. maí 1951. Og ef sú brtt. mín yrði samþ., mundi aðeins gilda 3. liðurinn, sem nú er, þannig að húsaleigul. féllu þá úr gildi eftir tvö ár í einu lagi.
Vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessar brtt. mínar og biðja hann að leita afbrigða fyrir þeim.

Forseti (SB): Hv. þm. hafa þegar heyrt fram komna brtt. frá hv. þm. Siglf. Hún er of seint fram komin og skrifl., og þarf því tvöföld afbrigði fyrir henni, sem ég leita hér með.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 657) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 657,1 felld með 17:8 atkv.
— 657,2 felld með 18:8 atkv.
— 657,3 felld með 18:5 atkv.
— 627,1—2 samþ. með 19:2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GG, HÁ, HelgJ, IngJ, JóhH, JG, JPálm, JS, JR, JörB, KS, ÓTh, PÞ, PO, SkG, StSt, BÁ, BÓ, SB.
nei: FJ, GÞG, JÁ, MK, SG, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, EOl, EmJ.
ÁB greiddi ekki atkv.
4 þm. (EystJ, GTh, SÁ, StgrSt) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 658).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:2 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, KK, LJóh, PZ, BBen, EE, GJ, BSt.
nei: RÞ, BrB.
7 þm. (HG, HermJ, StgrA, VH, ÞÞ, FRV, HV) fjarstaddir.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 658, n. 695 og 706, 696).

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eins og þingskjöl bera með sér, þá áttu allshnm. ekki samleið um málið. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og til þess eru aðallega 3 ástæður. Sú fyrsta, að meiri hl. telur frv. til bóta, í öðru lagi, að form þess sé viðunandi, og í þriðja lagi, að svo langt er áliðið þingtímans, að ef breyt. yrði á því gerð, þá mundi það vera sama og að málið dagaði uppi. Minni hl. leggur fram brtt. og boðar, að ef þær nái ekki fram að ganga, þá muni hann leggja fram fleiri, og þess vegna er ekki hægt að gizka á, hvað fyrir kann að liggja við 3. umr. frá minni hl.

Ég vil með nokkrum orðum minnast á einstakar gr. þessa frv.

1. gr. húsaleigul. fjallar um það, að húseigandi hafi rétt til að segja upp leigusamningi, ef hann eða skyldmenni hans þurfa á því að halda. Aðalbreyt. í 1. gr. þessa frv. er í því fólgin að taka upp í l., þá skyldmennatölu, sem til greina kemur, systkini húseigenda, og það má að sjálfsögðu telja sanngjarnt. Í öðru lagi er í þessari gr. brtt. um tímatakmarkið fyrir því, hvað lengi húseigandi á að hafa átt eignina; það var frá 9. sept. 1941, en færist til 1. jan. 1946. Má það að sjálfsögðu eðlilegt heita, af því að takmarkið hefur haldizt síðan l. þessi gengu í gildi.

2. gr. frv. felur í sér þá breyt., að skylt sé að láta barnafjölskyldur sitja fyrir húsnæði, sem á að leigja. Vafalaust mun enginn hafa á móti því, og allri þótti n. það til bóta.

3. gr. er um þá breyt., að fækkað sé mönnum í húsaleigunefnd Reykjavíkur, að 3 menn skipi þá n. framvegis, en áður voru þeir 5. Satt að segja virðist þetta eðlilegt, bæði vegna þess, að engin sérstök trygging er fyrir því, að ráðið verði betri ráðum, þó að fleiri menn komi saman, og svo líka hitt, að svo mikið er um nefndastörf, að rétt er að draga úr fyrirhöfn í þessum efnum, þar sem því verður við komið. — Þá er það, hvernig þessi n. er skipuð. Áður voru 2 menn skipaðir af bæjarstjórninni, 2 af ríkisstj. og 1 af hæstarétti. Nú er lagt til, að n. verði þannig skipuð, að Leigjendafélag Reykjavíkur tilnefni einn mann, Fasteignaeigendafélagið einn og hæstiréttur einn. Vafalaust er það til bóta, að leigjendur og húseigendur, þeir aðilar, sem þarna eiga að beinastan hlut, fái aðstöðu til að vera þátttakendur í þessari n. Þá er enn fremur lagt til, að sú breyt. verði á, að n. taki nú öll þátt í að meta leigusamninga, en áður var það n. úr nefndinni; er það eðlilegt, þegar nm. hefur verið fækkað.

4. gr. frv. er um það, að utan Reykjavíkur skuli valið á mönnum í húsaleigun. vera á sama hátt og í Reykjavík, þegar leigjendafélagsskapur og fasteignaeigendafélag er fyrir hendi.

5. gr. felur í sér ákvæði um hámarksverð á húsaleigu, en áður hefur það ekki verið. Það virðist vera mjög mikil trygging í því fyrir leigutaka. Þau hámörk, sem tiltekin eru í frv., eru á þá leið, að gera má ráð fyrir, að húsaleiga í mörgum tilfellum lækki, ef l. verður framfylgt.

6. gr. er um hækkun á viðurlögum, og ætti enginn að hafa neitt við það að athuga.

7. gr., sem telja má að ýmsu leyti aðalgr., er um það, hvernig skuli leysa upp þessa löggjöf. Nú er það svo í landi okkar, að telja má, að þjóðin sé farin að þjást af nokkurs konar lagavaldi. Þetta er kannske fyrir ofrausn löggjafarþingsins og að ýmsu leyti einnig fyrir það, að yfir þjóðina hafa gengið sérstakir tímar, hernámið, stríðsáhrifin, sem gerðu lagasetningu í ýmsum efnum nauðsynlega, sem ekki er ástæða til, að við búum við á normal tímum. Nú virðist það svo, að minni hl. hafi mjög mikið við það að athuga, að löggjöfin sé afnumin. En ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé mjög skynsamlega til lagt að gera ráð fyrir því, að þjóðin sjálf leysi sig undan löggjöfinni eftir því, sem hún telur rétt vera. Ég tel það ofur heilbrigt, að þau sveitarfélög, sem það vilja, geti haldið hjá sér þessari löggjöf, en önnur megi leysast undan henni, því vitanlega er það víðs vegar um landið, að húsaleigul. eru ekkert nema pappírsgagn. Aðallega eru þau fyrir Reykjavík, og það er engin ástæða til að ætla, að Reykjavík hafi ekki dug til þess að framlengja þessi l., ef henni virðist þau þurfa að gilda áfram hjá sér. Minni hl. leggur til, í till. sinni, að það verði látin um land allt fara fram rannsókn á húsnæðisvandamálunum og reglugerð verði gefin út, sem segi fyrir um slíka rannsókn. Mér finnst þetta bera vott um það, að enn sé hugsað of mikið um að vafstrast að óþörfu í þessum félagsmálum, og mér finnst fjarstæða að leggja það á sveitarfélög landsins, þar sem l. hafa ekki sérstaka þýðingu, að senda út n., skrifa skýrslur og vefja sig þannig í fyrirhöfn og skjalafargan. Það er enginn vafi á því, að þau sveitarfélög, sem það vilja, geta látið slíka rannsókn fara fram, þó að þetta frv. verði að l. Af framangreindum ástæðum vil ég þess vegna leggja áherzlu á, að frv., eins og það liggur fyrir, verði samþ.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá og sjá má af skjölum, þá klofnaði allshn. um þetta mál. Meiri hl. vill láta samþ. frv., en minni hl., ég og hv. 6. landsk., leggur til, að það verði fellt í núverandi mynd. Aðalefni þessa frv. er 7. gr., og frv. er beinlínis borið fram til þess að fá ákvæði hennar samþ.; það er tilgangurinn, þetta er höfuðatriðið. En samkv. 7. gr. falla húsaleigul. og allar hömlur á verzlun með húsnæði og með verðlagi þess niður smátt og smátt og að fullu og öllu 14. maí 1952. Önnur ákvæði frv. eru þess vegna ekki til frambúðar og hafa aðeins takmarkað gildi. Ef 7. gr. væri hins vegar felld niður, þá horfir málið allt öðruvísi við. Ég fyrir mitt leyti gæti þá fallizt á sum atriði frv. og mundi þá flytja við það þær brtt., sem ég teldi nauðsynlegar til þess að sníða af því hina smærri annmarka. En þetta er sem sagt höfuðatriðið og það, sem máli skiptir. Ef frv. væri samþ. í núverandi mynd, þá er erfitt að gera sér grein fyrir því ástandi, er mundi skapast, og fyrst og fremst hér

í Reykjavík, en víst er um það, að það mundi verða mjög illt, og þeir, sem að því standa í núverandi mynd, taka þess vegna á sig mikla og þunga ábyrgð, og þeir eiga eftir að verða dregnir til ábyrgðar. Ef hins vegar húseigendum er frjálst að segja upp húsnæði án þess að á því séu nokkrar hömlur og semja um húsaleiguna eftir geðþótta við því verði, sem þeim sýnist, þá verða engin takmörk fyrir því, hvað húsaleigan getur orðið há, m. ö. o., það verður svartur markaður á allri húsaleigu í þessum bæ. Það er lögmál, sem ekki verður umflúið, að þegar mikill skortur er á einhverri vöru, en ekkert verðlagseftirlit og engar hömlur á verðlagi, þá er hún seld á okurverði, á svartamarkaðsverði. Nú þarf ekki um það að ræða eða deila, hve gífurlegur skortur er á húsnæði hér í Reykjavík; það ætla ég að allir hv. dm. viti, og um það liggja fyrir svo órækar sannanir. Það væri t. d. fróðlegt fyrir hv. dm. að lesa greinar Tímans fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur um húsnæðisástandið hér í Reykjavík. Þær athuganir, sem fram hafa farið hér í Reykjavík, lýsa ástandinu og lýsa því beinlínis óhugnanlega.

Verði þetta frv. samþ., þá má búast við því, að þúsundum Reykvíkinga verði kastað á götuna. Allir vita, hversu efnahagsástæður manna fara versnandi, það er ekki nóg með það, að laun manna lækki vegna gengislækkunarinnar, heldur fer atvinnuleysi mjög í vöxt. Við slíkar aðstæður er sýnilegt, að fjöldi fólks, sem ekki á sjálft íbúð sína, fær bókstaflega ekki risið undir þeim háu upphæðum, sem gera má ráð fyrir, að það verði að greiða, þegar allar hömlur eru úr gildi felldar, og jafnframt er mönnum bannað að byggja yfir sig. Hvað er verið að gera með slíkum ráðstöfunum? Hvað Reykjavík snertir, þá er verið að flæma fjölda fólks frá húsi og heimili og þar með úr bænum. Hvert á fólkið að flýja, eins og atvinnuástandið er nú annars staðar á landinu? Það er sem sagt verið að gera gyllingar til þess að koma þessu fólki á vonarvöl, og þetta er ekki ofmælt. Því hefur verið haldið fram, að það mundi verða meira framboð af húsnæði, ef húsaleigul. væru úr gildi felld, vegna þess að þá mundi verða boðið til leigu húsnæði, sem nú er ónotað. Það liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það, hvað mikil brögð eru að því, en ef svo er, þá ber hinu opinbera að gegna þeirri skyldu að gera ráðstafanir til þess, að l. séu í heiðri höfð og ónotað húsnæði sé leigt út. Leigjendafélag Reykjavíkur hefur sent Alþ. álit sitt í þessu máli og mótmælir í því áliti samþykkt þessa frv. En um þetta atriði stendur í áliti Leigjendafélagsins eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur af ýmsum verið haldið fram, að með niðurfellingu á þeirri takmörkun á rétti húseigenda til að segja upp leiguhúsnæði, sem felst í 1. gr. húsaleigul., mundi skapast aukið framboð á leiguhúsnæði, vegna þess að vegna þessa ákvæðis sé minna leigt af húsnæði til íbúðar en ella mundi vera. Að voru áliti er það augljóst, að slíkar röksemdir fá ekki staðizt, þar eð ekki hefur verið möguleiki til þess að fullnægja leiguíbúðaþörfinni með húsnæði því, sem til er, og langt frá að það hafi verið mögulegt, og vöntunin á húsnæði hefur aukizt en ekki minnkað nú síðustu árin.“ Þetta er álit Leigjendafélags Reykjavíkur.

Í l. um gengisskráningu o. fl., sem samþ. voru á þessu þingi, er svo fyrir mælt, að inn í vísitöluna, sem nú er í gildi samkv. þeim l., skuli taka hæstu húsaleigu, þ. e. a. s. leigu í húsum, sem byggð eru eftir 1945, en í þeirri vísitölu, sem áður gilti, var miðað við lægstu húsaleigu. Það var þetta ákvæði, sem var aðalhamla þess, að fulltrúar stjórnarflokkanna legðu í að afnema húsaleigul. til þessa, eins og nú er komið fram og sjá má af því, að strax er lagt í það, þegar þessu ákvæði hefur verið breytt. Sem sagt, það var ekki umhyggja fyrir fólkinu, sem fékk þá til að hika, heldur umhyggja fyrir vísitölunni, ótti við það, að vísitalan hækkaði og almenningur sæi betur, hversu miklu hann er rændur af kaupi sínu með festingu kaupgjaldsvísitölunnar. Nú er þetta ekki lengur fyrir hendi, nú hefur það ekki áhrif á hina nýju vísitölu, þó að leigan í gömlu húsunum sé hækkuð til samræmis við leigu í nýjum húsum. Ýmsir spáðu, þegar þetta ákvæði var sett inn í gengisl., að það væri fyrirboði þess, að húsaleigul. yrðu felld niður og leigan hækkuð í eldri húsum; öðrum þóttu það ljótar getsakir, en það hefur sannazt, að þessar getsakir voru á rökum reistar. Nú mun því verða haldið fram og á það bent, að samkv. 7. gr. er bæjarstjórnum heimilt að láta sum ákvæði húsaleigul. vera í gildi áfram þrátt fyrir þetta frv., og á það var bent af hv. frsm. meiri hl. En ég hef gengið út frá því, að 7. gr. kæmi öll til framkvæmda þrátt fyrir þetta ákvæði, a. m. k. í flestum bæjum, en náttúrlega varðar það Reykjavík mestu. Ég hef gengið út frá þessu vegna þess, að ég þykist vita, að frv. hafi tilgang, nefnilega þann tilgang að afnema húsaleigul. og allar hömlur á verzlun með húsnæði, og ég tel víst, að þeir, sem að frv. standa, hafi kynnt sér vilja a. m. k. bæjarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, og ég geri ráð fyrir, að sá meiri hl. sé sama sinnis og flokksmenn hans hér á Alþ. Minni hl. hefur gert brtt. við 7. gr., þ. e. a. s. að hún falli niður. Minni hl. n. telur það fullkomið ábyrgðarleysi að samþ. 7. gr. þessa frv. án þess að nokkur athugun fari fram um ástandið í húsnæðismálunum í bænum, m. a. eins og það er nú. Slík allsherjar athugun hefur ekki farið fram síðan 1946 og var í rauninni ekki lokið þá. Við höfum því borið fram brtt. á þá leið, að í stað 7. gr. komi gr. þess efnis, að slík rannsókn verði látin fara fram og að þeirri rannsókn lokinni leggi félmrn. till. sínar fyrir Alþ., þ. e. a. s. næsta reglulegt Alþ. Þeir, sem ekki geta samþ. þessa till., láta sig engu skipta ástandið í húsnæðismálum landsmanna, en líta eingöngu á málið frá sjónarmiði húseigenda.

Það er sagt, að það sé ekki hægt annað en að mæla á móti því, að þetta sé samþ., vegna þess að þá dagi málið uppi. En ég vil benda á það, að það eru ýmis mál, sem ætlazt er til að nái fram að ganga, sem eru ekki eins langt komin og þetta, svoleiðis að það er vandalaust, ef vilji er fyrir hendi, að láta frv. ná fram að

ganga, þó að þessi breyt. yrði samþ. Þetta eru því tylliástæður. Enda nær það engri átt, þegar frv. eru tekin fyrir seint á þingi, að þá sé sú röksemd notuð gegn brtt. og gagnrýni á frv., að það sé svo áliðið þings, að ekki sé hægt að samþ. breyt., og þess vegna verði að láta þau ná fram að ganga, hversu skaðleg sem þau eru og hversu mikil nauðsyn sem er á því að breyta þeim, vegna þess að þau geti dagað uppi. Svona röksemdir eru fráleitar. Ef um er að ræða þýðingarlitlar brtt. allra síðustu daga þingsins um mikilvæg frv., þá er kannske hægt að segja slíkt um þetta, annars ekki, en þegar farið er að gera þetta að reglu síðustu daga og síðustu vikur þingsins, þá er það svo fráleitt, að engu tali tekur. Verði þessi till. felld, þá leggjum við minni hl. til, að frv. verði einnig fellt. Yrði hún samþ., þá væri hægt að reyna að endurbæta frv. svo, að hægt væri að mæla með samþykkt þess.

Finnbogi R. Valdimarsson: Virðulegi forseti. Ég held hér á tveimur þskj. í hvorri hendi. Í vinstri hendi held ég á frv. til l. um stóríbúðaskatt, sem flutt er af 3 hv. þm. Framsfl. hér í d., en í hægri hendi held ég á frv. því til l. um húsaleigu, sem hér er til umr. Ég er að þessu leyti eins og hv. Framsfl. Hann heldur á þessum tveimur frv., því fyrrnefnda í vinstri hendinni fyrir kosningar, en því síðarnefnda í hægri hendinni eftir kosningar. Hv. Framsfl. hefur talið það eitt af stefnumálum sínum að gera róttækar breytingar í húsnæðismálum bæjanna, og hann hefur viljað telja sig málsvara alþýðunnar í bæjum og kaupstöðum í þessum efnum. Ég hefði því búizt við, að hann reyndi að fá framgengt þeim róttæku aðgerðum, sem hann hafði boðað, og þegar frv. um stóríbúðaskatt var flutt, hefði ég búizt við, að flokkurinn berðist djarflega fyrir því, en það er nú að koma í ljós, að það er ekki það frv., heldur hitt, sem ég held á í hægri hendinni, sem á að ná fram að ganga. Í þessum frv. eru tvær gerólíkar stefnur. Stefnan í þessu frv., sem hér er til umr., er að gera ekki neitt í húsnæðismálum bæjanna. Hins vegar á að nema úr gildi l., sem hafa verndað fólkið í bæjunum, að vísu með nokkrum fresti, en stefnan er að gera ekki neitt, og það er ekki ný stefna, því að slík hefur lengi verið stefna Sjálfstfl. Einn af forustumönnum Sjálfstfl. lýsti yfir því á Alþingi á sínum tíma, að bezta stefnan í húsnæðismálunum væri að gera ekki neitt. Þessi maður er að vísu horfinn af þingi nú, en er eftir sem áður einn af ábyrgustu mönnum flokksins, og á ég hér við formann fjárhagsráðs, sem hefur í hendi sinni valdið til þess að leyfa umbætur í húsnæðismálunum, en sjálfsagðasta og bezta leiðin til þess er að byggja ný hús. Ekki eru heldur nema nokkur ár síðan hæstv. núv. dómsmrh., þáv. borgarstjóri í Reykjavík, lýsti yfir sömu stefnu. Fyrir hans atbeina var samþ. ályktun í bæjarstjórn Reykjavíkur þess efnis, að húsbyggingar væru bænum óviðkomandi. Hins vegar virðist Sjálfstfl. horfinn frá þessari stefnu, því að nú að undanförnu hefur bærinn látið byggja mikið og gott húsnæði, og er út á það aðeins að setja, að það hefur verið of dýrt fyrir fátækt fólk. En hin stefnan, sem Framsfl. hélt fram fyrir kosningar, er að gera róttækar ráðstafanir til þess, að það húsnæði, sem til er, sé notað til hin ýtrasta. Þetta var yfirlýst stefna flokksins, og kemur hún greinilega fram í frv., sem ég held á í vinstri hendinni. Þar á að leggja skatt á húsnæði, sem ekki er notað eins vel og skyldi. Einnig hefur verið bent á skömmtun húsnæðis. Hvort tveggja miðar að því, að vegna neyðarástands þess, sem nú ríkir í húsnæðismálunum, þá verði að nýta sem bezt allt húsnæði, sem til er. Þegar frv. um stóríbúðaskatt var til umr., sagðist hæstv. dómsmrh. vilja láta vel athuga ákvæði um slíkan skatt, en síður væri hann fylgjandi skömmtun. Hins vegar hefur hv. þm. Barð. frekar verið fylgjandi skömmtun, og lýsti hann yfir því, er frv. kom til n. Hann er aftur ákveðinn andstæðingur skattsins. Frv. um stóríbúðaskatt er ekki komið frá n., og ber þar m. a. til, að n. hefur eytt afar miklum tíma í stórmál, eins og tryggingamálin, en á þeim tíma, sem frv. var í athugun hjá n., rétt fyrir bæjarstjórnarkosningar, lagði Framsfl. opinberlega sem mesta áherzlu á að standa við stefnu sína í því frv. Hv. 8. þm. Reykv. tjáði sig að vísu fúsa til að fallast á breytingar á frv., t. d. um að draga úr refsiaðgerðum þess og lækka skattstigann. Ég held, að ég megi segja, að bæði ég og hv. 4. þm. Reykv. höfum einnig hallazt að því, að ákvæði frv. væru heldur róttæk, og að úr þeim mætti draga án þess, að frv. missti gildi sitt, en þegar að því kom, að n. ætti að afgreiða frv., þá kom í ljós, að aðeins eitt af þremur frv. um húsnæðismál, sem fyrir þessu þingi liggja, ætti að fá afgreiðslu samkv. samningum hv. stjórnarflokka, og það er frv., sem hér liggur fyrir til umr. Þá var sú breyting á orðin, að þeir hv. þm. Sjálfstfl., sem áður voru til viðtals um skömmtun húsnæðis eða breytt ákvæði um stóríbúðaskatt, tóku nú slíkt ekki í mál. Furðar mig ekki á því, þó að þeir hallist að sinni gömlu stefnu um að gera ekki neitt, og lít ég nú svo á, að Sjálfstfl. hafi aftur tekið upp þá stefnu að gera ekkert til að bæta úr neyð þeirra þúsunda alþýðufólks, sem búa í ófæru og heilsuspillandi húsnæði, eða þess fólks, sem hrakið verður út á götuna, ef þetta frv. nær fram að ganga óbreytt. Og ef þetta frv. nær fram að ganga óbreytt, þá hefur Framsfl. líka tekið upp þá gömlu stefnu íhaldsins, sem túlkuð var á sínum tíma af Magnúsi Jónssyni, stefnuna að gera ekki neitt. Með þeirri brtt., sem fyrir liggur, er sú ein breyting gerð að skjóta málinu á frest til aðgerða næsta Alþingis, þannig að í sumar skuli hæstv. félmrh. láta fara fram gagngera rannsókn á ástandinu og leggja svo till. til úrbóta fyrir næsta þing. Sé ég ekki, að það sé neitt neyðarbrauð fyrir flm. frv. um stóríbúðaskatt að hallast að þessari lausn. Framsóknarmenn ættu sízt að vantreysta hæstv. félmrh., og með þessu er Framsfl. gefið tækifæri til þess að marka stefnu sína á ný og leggja hana fyrir næsta Alþingi. Einmitt vegna þess, að ljóst er, að nú er miklum erfiðleikum bundið að byggja ný hús, þá er enn meiri ástæða til þess að gera allt, sem unnt er, til þess

að það húsnæði, sem til er, verði notað sem bezt. Ég bíð eftir afstöðu þeirra hv. þm., sem fluttu frv. um stóríbúðaskatt, og afstöðu þess flokks, sem lýsti sig fylgjandi róttækum aðgerðum í húsnæðismálunum, til þessarar brtt. um að undirbúa svo sem bezt verði við komið till. til úrbóta í þessu þýðingarmikla vandamáli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég get lýst yfir því sem minni skoðun, að ég tel, að eins og nú standa sakir, verði ekki húsnæðisspursmálið leyst, nema með skömmtun, en fyrir því hefur aldrei verið vilji á hv. Alþingi. Hvað snertir frv. í vinstri hendi hv. 7. landsk., þá segi ég aðeins um það, að frv. um slíkt efni hafa alltaf legið fyrir Alþingi annað veifið og það, meira að segja, áður en ég kom á þing. Aldrei hafa þessi frv. náð fram að ganga, og eyði ég ekki frekari orðum að frv. í vinstri hendinni, þar sem engar líkur eru til þess, að það fái framgang nú. Frv. það, sem hér er til umr., er bót á því ástandi, sem um er að ræða, en í sambandi við brtt. hv. minni hl. allshn. vil ég leyfa mér að benda hæstv. ríkisstj. á, að í þessari till. er sá rauði þráður réttur, því að það vantar almenna athugun á húsnæði. Nú á skv. l. að fara fram almennt manntal í haust, og beini ég því til hæstv. ríkisstj., að um leið og það er tekið, þá verði teknar glöggar og góðar skýrslur um húsnæði og allt, sem að því lýtur. Það kostar eitthvað lengri töf á hverjum stað fyrir þann, sem tekur manntalið, en það munar ekki miklu, og það er alveg nauðsynlegt að safna þessum skýrslum, og það kostar mjög lítið, ef það er gert á þennan hátt, sem ég hef bent á. Áður hefur verið safnað smávegis upplýsingum um húsnæði í sambandi við manntal, en allt var það ófullnægjandi, en auðvelt er á þennan hátt að fá fullkomnar skýrslur, sem fljótlegt er að vinna úr með þeim tækjum, sem nú eru til á hagstofunni. Þegar þessar skýrslur liggja fyrir og úr þeim hefur verið unnið, þá er hægt að fara að tala í alvöru um breyt. á þessu frv., sem hér liggur fyrir og mun eiga að samþ. sem lög. En lög gilda ekki um aldur og ævi, þótt enn séu kannske til einstaka atriði úr Járnsíðu og Jónsbók og hvað þær nú heita allar lögbækurnar. Ég vil því eindregið mælast til þess við hæstv. ríkisstj., að hún láti þessa skýrslusöfnun fara fram. Það gefst til þess upplagt tækifæri við manntalið, og þegar við höfum skýrslurnar og niðurstöður þær, sem fást af þeim, þá getum við athugað, hvaða leiðir séu heppilegastar til úrbóta í þessu vandræðamáli.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. viðurkenndi það, að mörg atriði í þessu frv. væru til bóta, en taldi frv. fyrst og fremst borið fram vegna 7. gr., og hún gerði það að verkum, að húsaleigulögin ættu ekki að vera til frambúðar. Þetta er ekki rétt, því að þau geta orðið til frambúðar í þeim bæjum, sem það vilja. Hv. þm. sagði mig vera mótfallinn brtt. minni hl. vegna þess, að tæpt væri með afgreiðslu málsins, en ég er aðallega á móti till. efnislega, þar sem ég tel þær óþarfar, því að bæjarfélögin sjálf geta komið á þessari athugun hjá sér, ef þeim sýnist ástæða til. Það er talað um, að þetta skipti mestu fyrir Reykjavík, en hún ætti sjálf að kunna fótum sínum forráð, og er ekki nema eðlilegt, að hún meti sjálf skókreppu sína.

Hv. 7. landsk. hampaði hér tveimur þskj. frá sama flokki. Öðru þeirra hefur lítt verið hampað hér, og er máske gott að vita, að það á sér hér unnendur, en það rekst ekki á nokkurn hátt á það frv., sem hér er til umr. En hér þarf ekki eingöngu að tala um hægri og vinstri stefnu, heldur miklu fremur ríkisstefnu og bæjarstefnu. Ég vil ekki, að ríkisvaldið blandi sér í fleira en nauðsyn ber til, og því þykir mér rétt, að bæjarfélögin ráði sjálf, hvort þau hafi húsaleigulögin áfram í gildi. Það má enn fremur segja, að hér sé um að ræða valdstjórnarstefnu og frelsisstefnu. Við erum komnir nokkuð langt í því að marka okkur bás með ríkisafskiptum. Lagaflækjurnar eru orðnar svo miklar, að menn vita ekki sitt rjúkandi ráð. Menn eru orðnir eins og molbúarnir með fæturna flækta saman og það verri þó, að þeir þekkja ekki sína fætur, þótt barið sé á þá. En þetta frv. er til að greiða úr flækjunni, svo að menn geti þreifað á því, hver þeirra fótur er. Sannleikurinn er sá, að valdstjórnarstefnan er búin að eyðileggja virðingu manna fyrir lögunum. Af mjóum þvengjum læra hundarnir að stela, og af oflöggjöf læra menn að brjóta lögin og hætta að bera virðingu fyrir þeim. Ég álít rétt að láta menn meta sjálfa, hvort menn vilja hafa lög eða ekki. Og mér finnst rétt, að Reykjavík sé út af fyrir sig og sé sjálf látin kosta sínar húsaleigunefndir.

Það hefur mikið verið talað um húsnæðisvandræðin í Rvík, og mér hefur oft ógnað sá mikli áróður, sem hafður hefur verið í frammi fyrir nauðsyn þess að byggja þar stöðugt meira og meira, þegar jafnframt hefur svo verið talað um, að hún væri orðin allt of stór, svo að hún ætlaði að sliga landsbyggðina. En með því að ofbyggja þannig í Rvík er boðið upp á siaukna fólksfjölgun þar utan af landi, og byggðin dregst eftir því saman og vandinn vex.

Ég skal ekki orðlengja þetta, en taka það enn fram, að ég álít, að frv. þetta geri hvort tveggja — efli heimastjórn héraðanna og leysi lögviðjar, og aðalatriði nál. meiri hl. er þetta, að við lítum svo á, að rétt sé að frv. verði gert að lögum óbreytt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það var út af ummælum hv. 7. landsk., sem mér þykir rétt að segja nokkur orð og svara ummælum hans um persónulega afstöðu mína í heilbrigðis- og félagsmálan. Hv. þm. taldi, að vonir hefðu staðið til, að samkomulag næðist á milli fulltrúa Sjálfstfl. í n. og hinna fulltrúanna um breytingu á frv. um stóríbúðaskatt. Ég vil nú í þessu sambandi lýsa því enn yfir, sem ég hafði áður gert í n. og hér við umræður, að af tvennu illu vildi ég heldur að tekin yrði upp skömmtun á húsnæði en stóríbúðaskattur. Ef taka ætti upp skömmtun, verður það ekki gert nema að undangenginni ýtarlegri rannsókn og ekki nema knýjandi nauðsyn teljist þá vera fyrir hendi. Sé slíkt ástand fyrir hendi í bænum, að ekki þyki hjá því mega komast, þá mun bæði ég og

aðrir beygja sig undir skömmtun. En á því er reginmunur og á beinum refsiaðgerðum eins og stóríbúðaskattinum gagnvart þeim, sem með framtaki og dugnaði eiga mestan þátt í að bæta úr húsnæðisþörfinni og byggt hafa yfir sig sjálfir. Þetta vil ég taka skýrt fram. — Um afstöðu hins n.-fulltrúans, hv. þm. Seyðf., gildir sú yfirlýsing, er hann hefur gefið hér, að ef frv. um stóríbúðaskatt ætti fram að ganga, þá vildi hann vera með að semja heldur um hvert atriði, sem horfa þætti til bóta í frv., og fá því breytt, en að samþykkja það eins og það væri. Annars er það nú svo, að fyrst þegar mál þetta kom fyrir, þá var ákafi meiri hl. n. svo mikill að berja það strax í gegn, að það mátti ekki einu sinni bíða eftir umsögnum viðkomandi aðila, og ég fékk því aðeins framgengt, að fyrirspurnir væru gerðar til þeirra með því skilyrði, að svör bærust innan 14 daga. En þessi ákafi hefur nú minnkað síðan, og ástæðan til þess er sú takmarkalausa andúð, sem almenningur sýndi frv. fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vetur. Þá opnuðust augu flm. frv. og nm. fyrir því, að hér væri farið út á ranga braut og óliklega til vinsælda, og þess vegna hefur nú verið tekin sú stefna að salta það mál.

Út af ummælum hv. 1. landsk. um það, að þetta frv. stefndi út í hreint öngþveiti og þeir sem að því stæðu mundu verða dregnir til ábyrgðar fyrir gerðir sínar, þá vil ég benda honum á, að ef sá spádómur rætist, að þúsundum manna verði kastað á dyr, ef húsaleigulögin verða afnumin, — heldur hann þá virkilega, að það verði gert til þess að láta húsin standa auð? — Nei! Það verður fyrst og fremst gert til þess að losna við fólk, sem menn hafa orðið að sitja uppi með vegna laganna, þó það hafi verið hreint kvalræði að búa með því öll þessi ár. Og það vita allir, að á mörgum stöðum hefur sambúð manna verið þannig af þessum sökum, að kalla má hreinasta víti. Þessir leigjendur verða nú að fá sér annað húsnæði og aðrir koma í þeirra stað. Það hverfur ekkert af þessum húsum af markaðnum, þótt lögin séu felld úr gildi; en það hverfur mikið af úlfúð og takast upp skynsamlegri samningar um húsnæði, og eklan verður beinlínis minni með samþykkt þessa frv., því að frelsið í þessum efnum mun leysa þann vanda, sem ekki tókst að leysa úr með kúgunarráðstöfunum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að þá, sem ráða yfir húsnæði, má flokka í þrennt. Í fyrsta flokkinum eru þeir, sem reist hafa sér íbúðir af frjálsum vilja og framtaki; sá flokkur er langstærstur og mun ráða yfir 80—90% af öllu húsnæði í landinu. Þessir menn hafa sjálfir komið upp sínum húsum og ekki fengið til þess neina aðstoð; en þeir eiga langmestan þátt í að leysa þann vanda, sem húsnæðisvöntunin er. En hvernig hefur verið farið með þessa menn? Þeir hafa beinlínis verið hundeltir og ofsóttir látlaust af vinstri flokkunum, og þessi mál hafa verið reyrð í þá fjötra, að þeir hafa alls ekki verið þessara eigna sinna ráðandi né fengið að ráðstafa þeim eins og öðru, sem þeir hafa átt. Og þó hafa þessir menn leyst þann vanda, sem hið opinbera hefði annars orðið að taka að sér, og án þess að fá til þess nokkra hjálp. Þá eru í öðrum flokkinum þeir menn, sem hafa byggt hús í landinu og fengið til þess aðstoð í lánum eða styrkjum hins opinbera, sbr. t. d. lögin um verkamannabústaði. Loks eru svo í þriðja lagi þeir, sem bær og ríki hafa byggt yfir, og er sá hópur langminnstur.

Á þann flokkinn, sem stærstur er og hefur að langmestu leyti átt þátt í að leysa húsnæðisvandamálin, hefur verið hafinn skipulagður áróður, og hann hefur of lengi orðið að þola það, að réttur hans væri stórlega skertur með slíkri lagasetningu sem húsaleigulögin eru. Þau hefði átt að vera búið að afnema fyrir löngu. Og enda þótt þetta frv. gangi ekki nægilega langt, þá verður þó að teljast að því stórkostleg bót á því neyðarástandi, sem ríkt hefur í þessum málum, og þær hrakspár, sem um það hafa verið hafðar, munu reynast fjarstæður einar. Ég mun því ljá þessu frv. fylgi mitt og sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum; vildi aðeins láta það koma fram, sem nú er sagt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er alkunna, að húsaleigulögin hafa fyrst og fremst komið að gagni í kaupstöðum og aðallega í Reykjavík, og enda þótt þörf sé ýmiss konar breytinga á þeim lögum, þá eru þau þó til mikillar verndar því fólki, sem býr í leiguhúsnæði.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki um að ráða bót á þeim ágöllum, heldur um að afnema þessa löggjöf í áföngum. Það var gert hér að umtalsefni af hv. 7. landsk., að það sætti furðu, að frv. Framsfl. um stóríbúðaskatt, sem fram kom á s. l. hausti, skuli nú alveg vera horfið í skuggann. Það miðaði þó að því, að það húsnæði, sem fyrir hendi er, yrði hagnýtt betur en gert er. En við því er nú sem sagt ekki hreyft lengur, og stjórnarmeirihlutinn virðist ekki ætla því lengra líf. Í stað þess er nú tekið upp úr salti frv. þeirra sveitakjördæma-þingmanna, Jörundar Brynjólfssonar og Páls Þorsteinssonar, um húsaleiguástandið í Reykjavík, sem vænta mætti, að sumir aðrir þm. hefðu nú máske betri skilning á; enda er það sannast sagna, að ekki er fjallað um þessi mál af miklum skilningi í frv. hv. þm. En hafi það frv., sem hér var til umræðu í upphafi þings um stóríbúðaskatt, og önnur slík horfið í skuggann, þá má nú segja um þetta frv., að það litið, sem í því var af efni og innihaldi, er það kom frá hendi hv. flm., það hafi nú verið þurrkað út við meðferð þá, er það hefur hlotið í hv. Nd.

1. gr. frv. hljóðar nú upp á það, að húseigendur megi segja upp húsnæði, ef þeir geta fært sönnur á, að þeir þurfi þess fyrir sjálfa sig, systkini sín eða skyldmenni í beinni línu, kjörbörn eða fósturbörn. Samkv. ákvæðum 1. gr. er þannig hægt að setja enn fleira fólk á kaldan klaka en áður var. Samkv. orðanna hljóðan í 2. gr. frv., eins og hún var orðuð upphaflega, þá skyldu barnafjölskyldur hafa forgangsrétt að húsnæði, sem leigt er öðrum en skyldmennum leigusala. Nú stendur svo í frv. eftir afgreiðsluna frá Nd., með leyfi hæstv. forseta: „... skal hann (leigusali) leitast við að leigja hana fjölskyldu, er hefur á framfæri sínu

börn innan 16 ára aldurs....“ — Já, mikið held ég þeir leitist við að láta barnafjölskyldurnar sitja fyrir, er þeir velja sér leigjendur, blessaðir húseigendurnir í Rvík. Það er ekki aldeilis ónýtt fyrir barnafjölskyldurnar að styðjast við þennan lagastaf! — Ákvæðið um, að þær skuli hafa forgangsrétt, er þurrkað út, en í stað þess eiga húseigendur að „leitast við“ að láta þær sitja fyrir um húsnæði. — Vinstri hlið frv. er visnuð. Í upphaflega frv. stóð, að ef leigusali sjálfur seldi ekki barnafjölskyldu íbúð sína á leigu, skyldi hann gefa húsaleigunefnd kost á að ráðstafa íbúðinni á þann hátt, áður en hann leigði hana öðrum. Nú er þetta ákvæði orðið svo, að leigusali skuli „jafnan leita tillagna húsaleigunefndar um ráðstöfun íbúðarinnar, áður en hann leigir hana öðrum.“ — Þannig er búið að gera 2. gr. frv. að slíku skrípi, að það er ekki sæmandi fyrir Alþingi að láta annað eins frá sér fara. Í staðinn fyrir „forgangsrétt“ barnafjölskyldnanna er nú komin „viðleitni“ húseigenda, enda þótt allir viti, að húseigendur hafa ekki viljað leigja barnafjölskyldum og æska bæjarins er af þeim sökum í heilsusamlegum háska stödd, hrakin í kjallaraíbúðir og bragga. Hefði sannarlega verið þörf á að ráða þar bót á með annars konar aðgerðum en þessari loðmullu, sem gerir húseigendum frjálst að komast algerlega hjá íhlutun húsaleigunefndar. Má vera, að hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. A-Sk. haldi, að svona ákvæði komi að gagni, en ég býst við, að hv. 8. þm. Reykv. a. m. k. trúi því ekki.

Þá er þriðja gr. frv., og er þar talað um, að skipa skuli húsaleigunefnd í Rvík. Og hvernig á hún svo að vera skipuð? Jú, það á að vera einn fulltrúi fyrir fasteigendur og annar fyrir leigjendur og hæstiréttur á svo að skipa þriðja manninn, sem væntanlega verður fasteigandi, svo að þeir fá þannig tvo fulltrúa í n., sem á að dæma í málum þessum, sem fyrst og fremst eru þó mál leigjenda — því þó það kunni að vera peningaspursmál fyrir húseigendur, þá er það á hinn bóginn lífsafkomuspursmál fyrir mikinn þorra leigjenda. Og eins og hér er í pottinn búið, þá er það undir hælinn lagt, hvort þessi nýja lögfræðingaskrifstofa verður leigjendum til nokkurrar verndar.

Þá er ekki gaman að sjá breytinguna á 5. gr., frá því sem upphaflega var þar tiltekið. Hámarksleiga fyrir hvern ferm. gólfflatar var áður ákveðin 7 kr. og lækkandi, ef lofthæð var undir 2,50 m. Þetta hefur nú tekið þeim breytingum, að 7 kr. hámarkið er bundið við hús, sem reist eru fyrir 1944. Í gömlum timburhjöllum í Rvík skal 100 fermetra íbúð þannig goldin með kr. 700 á mánuði. Svo hækkar hámarkið í húsum, sem byggð eru 1945 og síðar, og þar á 100 fermetra íbúðin að kosta 800—900 kr. á mánuði. Ég hefði nú fremur átt von á því, að Framsfl. hefði látið gamla hámarkið standa, en lækkað það í eldri húsum niður í 5 kr. En nei, ónei! Það var heldur hækkað upp í 8—9 kr. í hinum nýrri húsum. Vitaskuld er ranglátt að hafa hið sama gjald, hvort sem húsin voru ný eða gömul, en 7 kr. hámarkið var nóg og bar að lækka það í eldri húsunum. Vinstri hlið upphaflega frv. er þannig gersamlega visin orðin.

Áreiðanlega gerist ekkert það í sumar í húsnæðismálum Rvíkur, sem geri það knýjandi nauðsyn að samþykkja þetta frv. nú. Og fulltrúar Framsfl. þurfa ekki vegna kosningaloforða sinna að fylgja þessu máli. Þvert á móti. Ef þeir vildu nota tækifærið og innleysa örlítið af sínum kosningavíxlum á þessu þingi, þá ættu þeir að samþ. brtt. okkar hv. 1. landsk., svo að hæstv. félmrh. geti á meðan sólin skín í sumar undirbúið skynsamlegar aðgerðir í þessum málum fyrir næsta vetur, er þing kemur aftur saman. Og hvernig geta framsóknarmenn haft nokkuð á móti því, að það fari fram slík könnun á íbúðarhæfu húsnæði í Rvík í sumar? Þeir hljóta þá að hafa gleymt ýmsum þeim upplýsingum og myndum, sem birtust ásamt kosningaloforðunum í Tímanum í haust, ef þeir telja hér engra rannsókna þörf. Og ég held það yrði betra að fá niðurstöður slíkra rannsókna í skýrsluformi heldur en átakanlegar lýsingar á ástandinu einar saman, þó prentaðar séu með rauðu yfir þverar síður í Tímanum. Hafa þm. Framsóknar nokkuð á móti því, að upplýsingar séu fengnar um stærð og nýtingu húsnæðis — um stóríbúðirnar, sem standa ónotaðar að mestu, og um þúsundirnar, sem í bröggunum búa, sumum svo lélegum, að húsmæðurnar verða að standa þar í vaðstígvélum við vinnu sína? Hafa þeir nokkuð á móti því, að upplýsinga sé aflað um þá tugi þúsunda, sem fátækt fólk hefur orðið að borga í húsaleigu umfram það sem kvittanirnar segja til? Hafa hv. þm. Framsfl. nokkuð á móti því, að þeir gæfu skýrslu um þetta, sem fyrir ókjörunum hafa orðið? Hafa hv. þm. Framsfl. nokkuð á móti því, að félagsmálaráðuneytinu berist skýrslur um húsnæðisástandið í Reykjavík? Hafa hv. þm. Framsfl. nokkuð á móti því, að hæstv. félmrh. fái skýrslur um ástand þessara mála í sínar hendur og leggi skynsamlega löggjöf um lausn þessara mála fyrir næsta þing? Ég get ekki skilið það. En með því að samþykkja brtt. okkar hv. 1. landsk. þm. gæfist kostur á slíku. En enginn þessara hv. þm. getur bent á nokkuð, sem réttlæti það, að þetta fái ekki að bíða sumarlangt. Nei, endirinn á sögu þessa þings skal vera vaxandi húsnæðisskortur, og þó að menn hafi nú einhver tök á því að byggja, þá er varla hægt að kría út fjárfestingarleyfi til þess hjá fjárhagsráði, jafnframt fer fjárhag manna hrakandi, meðal annars vegna gengislækkunarinnar, en húsnæðisleysið eykst, og það verður meiri neyð og meiri þörf fyrir húsnæði um næstu jól. Það á ekki að koma í veg fyrir það, með því að skattleggja ónotað og illa notað húsnæði, og það má ekki taka upp skömmtun á húsnæði. Það er meiningin hjá þessum nöbbum að þvo sér um hendurnar með því að samþykkja þetta plagg, til þess að sýna Reykjavík, að eitthvað hafi verið gert í húsnæðismálunum. En ég held, að það sé engin þörf á þessum þvotti, hann verður að minnsta kosti lélegur Pílatusarþvottur. Það eina, sem vit væri í að gera núna fyrir Framsfl. eftir allar vanefndirnar frá því í haust og vetur, er að koma málinu í hendur félagsmálaráðherra, sem er einn af forustumönnum flokksins, í trausti þess, að það verði tekið myndarlegum

tökum til þess að ráða fram úr því yfir sumartímann, því að það liggur miklu meira á því heldur en að afnema húsaleigulögin.

Hv. þm. Barð. barmaði sér mjög yfir því, hve fasteignaeigendur væru hörmulega fjötraðir í eigin húsnæði, þeir væru algerlega ósjálfráðir um ráðstöfun á því. Þetta höfum við allt heyrt áður, og ég get vel skilið það frá hans sjónarmiði, — það er eins og með íhaldsmenn yfirleitt. En frá mínu sjónarmiði lítur þetta dálítið öðruvísi út, jafnvel þó að ég hafi sjálfur orðið að hlíta ákvæðum þessara laga og leigja út íbúð, sem ég hefði kannske gjarnan viljað ráðstafa eftir eigin geðþótta. Frá mínu sjónarmiði líta húsaleigulögin út sem nauðsynleg ráðstöfun til þess að fyrirbyggja okur á húsaleigu, og hafa þar af leiðandi orðið til blessunar, og það færi jafnvel betur, ef slíkar hömlur hefðu verið settar á fleiri sviðum þjóðfélagsins, og vil ég því snúa við orðum hv. þm. Barð. og segja, að við ættum að gráta, að það skyldi ekki hafa verið gert.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Hv. þm. Barð. sagði hér nokkur orð, og meðal annarra þau, í sambandi við afnám húsaleigulaganna, að sér þætti það skrýtið, ef ekkert húsnæði yrði á boðstólum við sæmilegu verði, þegar búið er að kasta þúsundum manna á götuna, því að ef það væri rétt, að verðið færi eftir eftirspurninni og framboðinu, þá gætu ekki verið miklir örðugleikar á því. Ég verð að segja það, að þetta er hrein hundalógik, sem ekki er einu sinni samboðin hv. þm. Barð., ekki einu sinni samboðin honum. Það er ekki eingöngu vegna þess að leigan er svo lág núna, að þeim verður kastað út á götuna úr því húsnæði, sem þeir búa í og ekki er hægt að segja upp. Húseigendurnir geta þá fengið ennþá meira fyrir leiguna af því að framboðið er ekki í neinu samræmi við eftirspurnina eftir húsnæði. Nú er ekki svo að skilja, að þetta húsnæði, sem þannig losnar, verði ekki leigt aftur, en látið standa autt. Þetta verður leigt aftur, en þá verður eftirspurnin orðin ennþá meiri eftir húsnæði, því að það verða fyrst og fremst allir, sem nú eru húsnæðislausir, og auk þess allir, sem sagt verður upp. Ef leiga var áður 100 krónur á mánuði, fer hún í 500—600 kr. Þetta ætti hv. þm. að geta skilið. En hverjir eru það þá, sem fá þetta húsnæði? Það eru þeir, sem hafa peningana til þess að leigja út fyrir undir slíkum kringumstæðum. Þeir, sem þá segja upp húsnæði, fá 5—6 sinnum meira fyrir það. Með öðrum orðum: þar sem hlutfallið á milli framboðs og eftirspurnar er þannig, að framboðið er miklu minna, þá verður afleiðingin sú, að svartur markaður verður á öllu húsnæði. Þeir, sem ekki hafa efni á slíku, verða hraktir frá húsi og heimili. Það liggja fyrir um það staðreyndir, svo að það þarf ekki að bíða eftir neinni reynslu til þess að sjá það, það getur hver maður sagt sér sjálfur. En ég geri ráð fyrir því, að það sé þýðingarlaust að benda hv. þm. Barð. á staðreyndir. Þær hrökkva af honum eins og vatn af gæs. En reynslan mun skera úr þessu, og þegar sú reynsla er komin, þá munu þingmenn Framsfl. og Alþfl. sannarlega verða dregnir til ábyrgðar.

Þá sagði hv. þm., að sá munur mundi á verða, eftir að húsaleigulögin væru úr gildi numin, að þá mundi húsaleigan byggjast á vinsamlegum samningum milli húseiganda og leigjanda. Já, ég get svona rétt trúað því, að það skapi vinsemd hjá manni, sem sagt hefur verið upp húsnæði, sem hann borgar 100 krónur fyrir, þegar hann þarf að borga fyrir það 500—600 krónur til þess að fá að halda því áfram. Það er óttalega trúlegt! Hins vegar get ég trúað því, að húseigandi verði heldur vinsamlegri, þegar hann fær 5—6 sinnum meira fyrir leiguna.

Hv. þm. talaði um frelsi í þessu sambandi. Við skulum minnast ofurlítið á það frelsi, sem hv. þm. er fylgjandi í húsnæðismálunum, það er frelsi húseiganda til þess að segja upp húsnæði, til þess að geta fengið meira verð fyrir, og þetta frelsi er honum svo annt um, að honum er alveg sama, þótt hundruðum og þúsundum manna sé kastað á götuna fyrir það; það er þá frelsi fyrir þá menn á götunni. En hvað þá um frelsi þeirra manna, sem vilja byggja? Þeir eru ekki fjötraðir af húsaleigulögunum. Þeir, sem vilja byggja og hafa einhverja möguleika til þess, þeir eru fjötraðir vegna þess, hve dýrt það er að byggja, þeir eru fjötraðir vegna innflutningshafta og hárra vaxta. En hvað segir hv. þm. um frelsi þeirra manna, sem hafa möguleika til þess að koma sér upp húsi, en er bannað það? Hverjir eru það, sem eru höfundar að slíku frelsi? Erum það við? Eða eru það kannske flokksbræður hans? Hvað segir hv. þm. Barð. um það, ef ég kem fram með till. um það, að þeim mönnum, sem möguleika hafa á því að byggja, skuli það frjálst, án tillits til þess, hvort leyfi fjárhagsráðs liggi fyrir? Ef hann vill ekki hlíta því, þá ætti hann að tala sem allra minnst um frelsi.

Hv. frsm. meiri hl. sagði það í sinni ræðu, að þetta frv., sem hér ætti að fara að gera að lögum, gæti orðið til frambúðar, ef bæjarfélögin aðeins vilji það. Já, það er nú rétt. Það er svo á pappírnum. En spurningin verður þá, hvort þau vilji, að þau séu til frambúðar. Þetta skiptir mestu máli hér í Reykjavík. Og hvað vill þá meiri hluti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík? Meiri hluti bæjarstj. í Reykjavík er skipaður sjálfstæðismönnum og stendur að baki þessu frv., eins og þeir gera á þingi með framsóknarmönnum. Þessi flokkur vill afnema húsaleigulögin, og hann vill og hefur barizt fyrir afnámi þeirra. Það er því helber hræsni að setja þetta ákvæði inn í frv., því að tilgangurinn er bersýnilega sá, að þetta komi til framkvæmda hér í Reykjavík, jafnskjótt og auðið er, því að ef það hefði ekki verið tilgangurinn, þá hefði sannarlega komið hljóð úr horni við umr. um málið, um að þetta ákvæði tæki ekki til Reykjavíkur. Þetta er því einber hræsni. Þetta er auðvitað gert í þeim tilgangi að afnema húsaleigulögin í Reykjavík. (*KK:* Ræður þá ekki meiri hluti kjósenda bæjarstjórninni í Reykjavík?) Jú, en það eru önnur mál, sem hefur verið veifað framan í kjósendur fyrir kosningarnar í vetur, en nú eru 4 ár til næstu kosninga, svo

að það er nægur tími til þess að framkvæma þetta, og þess vegna er þetta gert nú.

Hv. frsm. sagði nú í seinni ræðu sinni, að hann væri mótfallinn till. okkar efnislega, af því að hvert bæjarfélag getur látið fara fram rannsókn á húsnæðisástandinu hjá sér, en í fyrri ræðu sinni sagðist hann vera henni mótfallinn, af því að það væri bara óþarfa vafstur. Hér er verið að samþ. frv., sem verður til þess að skapa hið mesta neyðarástand, fyrst og fremst hér í Reykjavík, og þá er það kallað óþarfa vafstur að láta fara fram slíka rannsókn. Spurningin er ekki um það heldur, hvort setja eigi löggjöf, sem skapar slíkt neyðarástand, alveg út í bláinn án nokkurrar rannsóknar á húsnæðisástandinu og án þess að athuga það, hverjar afleiðingar slík löggjöf mundi hafa í för með sér. Því að aðalatriðið í þessu máli er, að sú rannsókn fari fram áður en ekki eftir að lögin eru sett. Hvað „vafstrið" snertir, þá er hér ekki um neitt óþarfa vafstur að ræða, því að þessi rannsókn er mjög einföld og auðvelt að framkvæma. Hv. 1. þm. N-M. sýndi meðal annars fram á það í sinni ræðu, að það væri hægt að fá upplýsingar þessar í sambandi við manntalið og að mikið af þessu lægi fyrir í brunamatinu. Í frv. framsóknarmanna um stóríbúðaskatt er einnig gert ráð fyrir slíkri rannsókn og að hún verði framkvæmd fyrir 1. júní, svo að af því er sýnilegt, að flutningsmönnum þess frv. hefur ekki fundizt það erfitt eða miklum vandkvæðum bundið að framkvæma slíka rannsókn. Nei, það er ekki neitt vafstur, sem veldur því, að þm. getur ekki fallizt á till. okkar.

Hv. þm. sagði, að það þýddi ekki neitt að tala um frv. um stóríbúðaskatt núna, það væri orðið svo áliðið þings, og það mundi ekki vera hægt að afgreiða það fyrir þinglausnir, enda hefði það líka verið borið fram á undanförnum þingum, en þá hafi ekki verið hægt að afgreiða það. En þá er spurningin: Hvers vegna hefur ekki verið hægt að samþykkja þetta á undanförnum þingum, og hvers vegna er ekki hægt að samþykkja það núna? Hvers vegna er þessu máli þá svo flýtt í gegnum þingið núna? Ætli það sé ekki af því, að viljann hafi vantað til þess að samþ. það? Ætli það hafi ekki vantað viljann hjá framsóknarmönnunum? Auðvitað eru agnúar á frv., sem þurft hefði að laga, en það hefði engu að síður verið meiri hluti samþykkur frv. um stóríbúðaskatt, ef Framsfl. væri því fylgjandi. En það er sama ástæðan fyrir því, að það er ekki gert nú, og áður: það, sem Framsfl. heldur á í vinstri hendinni fyrir kosningarnar, er ekki til þess að samþykkja eftir kosningar. Framsfl. leggur fram tvö frv. um húsnæðismál á þessu þingi: þetta frv., sem hér er til umr., og frv. um stóríbúðaskatt. Þessu frv. heldur Framsókn á í hægri hendi og hefur samvinnu við sjálfstæðismenn um að afgreiða, en ekki hitt. Annað frv. er lagt fram fyrir kosningar, og það á ekki að samþykkja eftir kosningar. Hitt, frv. í hægri hendinni, er lagt fram eftir kosningar, og það er samþ. Hvernig sem framsóknarmenn reyna að koma sér undan þessu, þá geta þeir það ekki.

Hv. þm. talaði um tvær stefnur, sem um væri að ræða í þessu máli: heimastjórnarstefnu og íhlutunarstefnu ríkisins, og væri þetta heimastjórnarstefnan, sem felst í frv. Má ég þá spyrja: til hvorrar stefnunnar telst frv. um stóríbúðaskatt? Þá sagði hv. þm., að hann væri mótfallinn því að koma mönnum til að brjóta lög. Hvað þá um ákvæði 5. gr. þessa frv.? Heldur hv. þm., að þeim verði framfylgt um hámarksverð, og heldur hann, að það verði gert, þegar búið er að afnema allar hömlur á húsnæði og búið er að segja öllum upp? Hann veit, að það er algengt nú, að menn verði að borga oft svo þúsundum skiptir bara til þess að fá íbúðina, og verða svo að greiða fulla leigu eftir sem áður. Hann veit, að það er hrein vitleysa, að þetta frv. bæti eitthvað úr því, eins og hv. 6. landsk. þm. hefur sýnt fram á. „Á mjóum þvengjum læra hundarnir að stela." Og þetta eru ekki mjóir þvengir, heldur eru þeir breiðir. Þetta telur hann kost á þessu frv., en þetta ákvæði er einmitt mjög siðspillandi. Þrátt fyrir allt, sem hv. þm. segir, þá koma húsaleigulögin að miklu gagni, einmitt af því að hindranir eru settar við því að segja leiguhúsnæði upp. Það er nú sannleikurinn í málinu.

Hv. þm. minntist á húsnæðisástandið í bænum. 1946 fór fram allsherjar rannsókn á húsnæði í bænum, svo að það má segja, að það sé kominn tími til þess að láta aðra slíka fara fram nú, en skýrslur af þessari rannsókn 1946 geta gefið verðmætar upplýsingar um ástandið, eins og það var þá. Íbúðir í bröggum voru þá 326, en síðan er vitað, að þeim hefur sama sem ekkert fækkað. Af þessum braggaíbúðum voru taldar lélegar eða óhæfar 70%. Íbúarnir í þessum íbúðum voru árið 1947 2114, þar af 836 börn. Þá var enn fremur gerð athugun á kjallaraíbúðum 1946. Þeirri athugun var aldrei að fullu lokið, en skýrslur sýna, að það hafa verið rannsakaðar 1884 kjallaraíbúðir, en eins og ég sagði áður, þá var rannsókninni ekki lokið að fullu, svo að viðbúið er, að mikill fjöldi þeirra hafi orðið útundan, en af þessum 1884 íbúðum voru 50% lélegar eða óhæfar til mannabústaða, en allar voru þær ólöglegar. Þetta er nú það, sem rannsóknin 1946 sýnir. Árið 1946 voru um 6 þús. manns í þessum kjallaraíbúðum, þar af voru 2 þús. manns í lélegum, en 670 í mjög lélegum eða óhæfum, eða samtals tæplega 3 þús. manns í mjög lélegum eða óhæfum íbúðum. Þetta allt er hægt að lesa í skýrslu hagfræðings bæjarins, nýútkominni. Húsnæðisþörfin, sem hann áætlar í Reykjavík, er um 500—600 nýjar íbúðir á ári. Heildarniðurstaða þessarar skýrslu frá 1946 sýnir, að allt að 1000 fjölskyldur eru svo að segja húsnæðislausar, þ. e. a. s. búa í óhæfum bráðabirgðaíbúðum. (*Forseti:* Ég bið hv. þm. að afsaka. Á hann mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, ég er rétt búinn með ræðuna.

Hv. frsm. meiri hl. hélt fram í sinni ræðu, að það væri of mikið byggt í Reykjavík, eða það yrði að athuga, hvort ekki væri of mikið byggt í Reykjavík. Nú er það vitanlega fjarstæða, að það sé of mikið byggt í Rvík handa því fólki, sem þar á heima, eins og ég hef rækilega sýnt fram á, svo hv. þm. hlýtur að ætlast

til, að fólkið eigi að flytja þaðan burt. Nú vil ég spyrja hann: Hvert á fólkið að flýja? Er atvinnuástandið í bæjunum betra? Hann á sjálfsagt við, að það eigi að fara upp í sveit. En hvað eru það margir í sveitinni, sem geta borgað það kaup, að lífvænlegt sé? Þetta mundi þýða það, að leysa yrði heimilin upp. Ég man ekki betur en gert hafi verið ráð fyrir því í áliti hagfræðinganna um gengisskráningu, að það mundi verða samdráttur í landbúnaðarframleiðslunni og flótti úr sveitunum. Hvert á fólkið að flýja? En út af þessu vil ég spyrja hv. þm. að því, hvers vegna hann gat ekki fengið inni fyrir þessa skoðun sína í Tímanum fyrri partinn í vetur eða haust. Þá voru birtar ákaflega margar greinar um húsnæðismál í Tímanum, feikilega skeleggar greinar. Það var auðséð, að flokkurinn hafði sérstakan áhuga fyrir húsnæðismálum. Fyrst slíkar skoðanir voru uppi í Framsfl., þá er undarlegt, að þessi skoðun skyldi ekki koma þar fram. Það sýnir sig meira að segja nú, að það er þessi skoðun, sem er ríkjandi hjá Framsfl. Hvers vegna fékk hún ekki inni í blöðunum, þegar mest var rætt um húsnæðismálin? Nei, það voru aðrar greinar, sem þá fengu þar inni. Það mun hafa verið 8. janúar, sem grein kom í Tímanum, ein af mörgum um húsnæðismál. Þar segir svo, orðrétt: „Hin hræðilega aðbúð í bragga- og fátækrahverfum bæjarins sviptir fólkið trú á lífið og framtíðina og hlýtur óhjákvæmilega að skilja eftir geigvænleg för í þjóðlífinu, ef ekki verður tekið í taumana og ráðin bót á ófremdarástandinu.“ Síðan segir frá því, að á s. l. hausti bjuggu 1677 manns, þar af 419 börn, í bröggum og öðru húsnæði af því tagi og mikill fjöldi fólks í öðru húsnæði, sem telja verður með öllu óviðunandi. Þá stendur í annarri grein um svipað leyti: „Í mörgum af verstu vistarverunum, sem fólk í Reykjavík verður að sætta sig við og að áliti allra dómbærra manna eru heilsuspillandi hverjum sem er, búa fjölmargir, sem læknar hafa sérstaklega lagt bann við, að mættu dvelja í vondum húsakynnum heilsufars síns vegna. Margs konar heilsubrestir þjá þetta fólk, sumt er nýútskrifað frá Vífilsstöðum og Reykjalundi og þarf umfram allt að njóta góðra skilyrða, meðan það er að venjast eðlilegu starfslífi á nýjan leik.“

Þá segir í annarri grein um þessar mundir: „Blaðið hefur gert sér far um að sýna sem gleggst bölvun húsnæðisleysis, sem þúsundir manna, þar á meðal fjölmargar barnafjölskyldur, eiga við að búa. Það hefur reynt að sýna fram á, hvaða afleiðingar það hlyti að hafa fyrir mannfélagið, ef stór hluti af börnum bæjarins á í framtíðinni, eins og verið hefur nú um skeið, að alast upp við slíka kosti. Þær afleiðingar hljóta að verða andlegar og líkamlegar og höfuðstað landsins og þjóðinni býsna dýrar. Það hefur sýnt fram á, hvernig þrekminna fólkið gefst smám saman upp í hinni vonlausu baráttu, þegar samfélagið vill ekki eða hirðir ekki um að veita því liðsinni til þess að losna úr utangarðsvist í alls konar hrófum, sem eru eins fjarri því að vera mannabústaðir og skútar uppi í fjöllum. Það hefur sýnt fram á, hversu ægilegt ástand hér hlýtur að skapast, jafnskjótt og bóla tekur á verulegu atvinnuleysi. Og það hefur sýnt fram á, hvernig menn, sem raunverulega eru sjúklingar og ekkert annað, eru settir gersamlega á guð og gaddinn, í stað þess að búa þeim sjúkrahúsvist, þar sem þeir gætu unnið fyrir sér á sómasamlegan hátt, náð heilsu á ný og orðið nýtir menn í þjóðfélaginu. Framsóknarflokkurinn berst fyrir alhliða umbótum í kaupstöðum landsins. Hann hefur einsett sér að brjóta niður ofurvald fjárplógsmanna og uppræta spillinguna í þjóðfélaginu og gera eymdina og ranglætið útlægt. Vilji nógu margir kjósendur veita honum brautargengi, skapast ný viðhorf.“

Ójá, það voru nógu margir kjósendur, sem veittu honum brautargengi, og nú er árangurinn að koma í ljós, sá, að þúsundum kjósenda verður kastað á götuna.

Það mætti lengi halda áfram að lesa upp úr Tímanum. Það mundu verða miklu skeleggari ræður en ég get flutt frá eigin brjósti. M. a. stendur einhvers staðar, að það sé býsnazt yfir, ef einhverjum sé styttur aldur úti í löndum, en hitt sé látið viðgangast, að börn í Reykjavík séu beinlínis borin út og svipt lífi vegna þess ástands, sem er í húsnæðismálum bæjarins. Og nú kemur bjargráðið. Það er þetta frv. Og þegar framsóknarmenn eru spurðir að því, hvað þetta fólk eigi til bragðs að taka, sem verður kastað úr íbúðum sínum, þá er svarið, að Reykjavík sé orðin of stór og fólkið eigi að flytja burt upp í sveit, en ég býst við, að það standi í þeim að svara því, hvert það eigi að flýja, þangað sem það geti lifað.

Umr. frestað.

Á 106. fundi í Ed., 15. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég þarf aðeins að svara hér örfáum orðum, sumpart út af ræðu hv. 6. landsk. og sumpart út af orðum hv. 1. landsk., sem féllu hér við umr. í gær. Hv. 6. landsk. fullyrti, að þetta mál væri aðeins peningamál fyrir húseigendur, en lífsafkomumál fyrir leigjendur. Ég vildi nú leyfa mér að spyrja þennan hv. þm. og aðra hv. þm., sem honum eru sammála og hafa fylgt því hér fram að viðhalda húsaleigulögunum, hvort þetta eigi við þá menn, sem árum saman hafa orðið að hafa einungis húsaleigutekjurnar sér til lífsframfæris. Hvort þetta er einungis peningamál fyrir þá, en ekki lífsafkomumál, sem hafa þurft að hafa sem leigjendur í húsum sínum menn með stórkostlegar tekjur, er hafa misnotað þannig aðstöðu sína, að þeir hafa leigt út frá sér einstök herbergi fyrir miklu hærra verð en þeir hafa greitt hinum fátæka húseiganda fyrir alla íbúðina og bætt þannig lífsafkomu sína á kostnað fátæks húseiganda. Þetta veit ég, að báðir þessir hv. þm. vita, að hefur átt sér stað hér í bæ svo hundruðum skiptir og er eitt hið svartasta í sambandi við hin margumtöluðu húsaleigulög. Efnamenn hafa setið í húseignum fátækra húseigenda, sem hafa leiguna eina sér til lífsframfæris, og leigt svo út frá sér ekki einungis til þess að hafa upp í leiguna, heldur einnig til þess að hafa sjálfir

tekjur af því á kostnað húseigandans. Hv. þm. spurði, hvort Framsfl. hefði ekkert á móti því, að tugir þúsunda kr. væru greiddar á bak við fyrir húsnæði. Í þessari fyrirspurn frá hv. þm. liggur beinlínis yfirlýsing um það, sem raunar allir vita, að greitt er stórfé á bak við og þannig farið á bak við lögin. En er þetta ekki einmitt til þess að sýna, hvernig löggjöf á ekki að vera í landinu? Og eru þetta ekki nægileg rök fyrir hv. þm. til þess að samþykkja þetta frv.? Sú löggjöf, sem þús. manna brjóta og ekkert er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir það, hún á ekki rétt á sér. Slík löggjöf á ekki samúð þjóðarinnar, og væri þetta því ærin ástæða til þess að búið væri að afnema þessi lög fyrir löngu. Þessi rök hv. þm. eru því ein þau sterkustu fyrir því, að afnema eigi húsaleigulögin. Það þarf því einhverjar aðrar leiðir til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum en að halda við lögum, sem þúsundir manna brjóta án þess að hægt sé að koma við nokkrum refsingum gagnvart slíkum brotum. Það er einmitt styrkur fyrir hvaða lög, sem samþ. eru af Alþingi, að sem flestir telji sér skylt að halda þau, en ekki brjóta. Húsaleigulögin væru þó ekki brotin nema því aðeins, að það væri samkomulag beggja aðila og báðir aðilar hefðu af því hagnað. Það er einmitt slíkt, sem átt hefur sér stað. Slík löggjöf, sem þannig er háttað um, hlýtur bæði að vera röng og siðspillandi í þjóðfélaginu. Hv. þm. sagði, að það, sem ég hefði verið að barma mér yfir, væri, að settar væru skorður við hinu háa leiguokri. Þetta hef ég ekki gert, því að þessi löggjöf hefur aldrei snert mig, þar sem ég hef aldrei þurft að búa við hana, hvorki sem leigjandi né húseigandi. En hvaða skorður setur þessi löggjöf við slíku? Mér sýnist, ef hún setti á annað borð einhverjar skorður, þá væru þær brotnar í burtu eftir því sem hv. þm. hefur sjálfur lýst yfir, þar sem hann segir, að tugir og jafnvel hundruð þúsunda kr. sé borgað á bak við. Svo sannarlega eru þær skorður, sem settar eru með lögunum, ekki haldnar, heldur brotnar, eftir því sem þurft hefur á hverjum tíma, með góðu samkomulagi milli húseiganda og leigjanda nema í örfáum tilfellum. Flest það fólk, sem býr í húsum, sem byggð voru eftir 1940, hefur komið sér saman um, að það sé ekki bundið af húsaleigulögunum og þess vegna brotið þau. Svo segir hv. þm., að þessi löggjöf hafi orðið til blessunar fyrir þúsundir manna, og harmar, að slíkt ástand, sem skapazt hefur samfara húsaleigulögunum, skuli ekki vera á öllum sviðum þjóðfélagsins, og segir, að við ættum að gráta slíkt. Sem sagt, við ættum að gráta það, að báðir aðilar hafa ekki komið sér saman um að greiða stórar fjárhæðir á bak við og brjóta lög á öllum sviðum þjóðfélagsins. Það er ekki mikið, sem hv. þm. fer fram á! Ég veit nú ekki, hvaða ástand væri hér á landi, ef á öllum sviðum þjóðfélagsins væru framkvæmd lög líkt og þessi. En ef öll lög væru framkvæmd á sama hátt og húsaleigulögin, þá held ég, að sannarlega væri óbúandi á Íslandi. Svo ég held, að við mættum gráta, að ekki hefði tekizt til á þessu sviði eins og með lagabreytingu á flestum öðrum sviðum þjóðfélagsins. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða við hv. 6. landsk. að öðru leyti en þessu.

En út af ræðu hv. 1. landsk. vildi ég gera örlitla athugasemd. Ég vildi nú spyrja hv. þm.: Hafa lífskjör þeirra, sem enn búa við gamla og lága leigu, verið verri en þeirra, sem búa við háa leigu? Það er nefnilega alveg gengið fram hjá þessu atriði. Sannleikurinn er sá, að þetta er orðið hagsmunamál þeirra, sem enn búa við hina gömlu leigu, en eru nú orðnir örfáir miðað við það, sem var 1940. Þessir menn hafa því miklu betri lífsafkomu en hinir, sem verða að borga 600—800 kr. fyrir íbúðina, sem þeir hafa þurft að flytja inn í. Þess vegna er ekkert vit í því að hafa gildandi lög, sem orsaka svona tvöfalda lífsafkomu fyrir menn með sömu laun. Annar maðurinn situr í húsi með lágri leigu, en hinn hefur bæði enga tryggingu fyrir því að fá að vera áfram í húsinu og verður þar að auki að greiða háa svartamarkaðsleigu. Þetta er því atriði, sem orsakar það, að nauðsynlegt er að breyta húsaleigulögunum. Hv. 1. landsk. sagði, að menn væru ekki fjötraðir af húsaleigulögunum, heldur af fjárhagsráði, og spurði mig, hvort ég vildi vera með í því að aflétta því ófrelsi, sem það skapaði mönnum. Nú veit hv. þm., að ég vann ekki minna á móti setningu fjárhagsráðslaganna en hann sjálfur. Ég er og var á móti því að setja á fót stofnun, sem ein ráði svo miklu í landinu. Það þarf ég ekki að endurtaka hér, ég hef svo oft sagt það áður. En hitt veit einnig hv. þm., að hann var með í undirbúningi að stofnun, sem skapaði grundvöllinn að fjárhagsráði. En það er annað, sem þessi hv. þm. hefur ekki viljað fylgja Sjálfstfl. í, og það er að skapa það ástand í landinu, að ekki þyrfti nein innflutningshöft og neitt fjárhagsráð eða slíkt, þ. e. a. s. að koma á frjálsri verzlun í landinu með því að skrá gengið á réttu verði og með því móti gera raunhæfar ráðstafanir til þess að fá sem mest vörumagn fyrir sem minnst fé. En á móti þessu hefur þessi hv. þm. staðið manna fastast. Ef hann og hans flokkur hefði verið sammála mér um þetta atriði, þá væri ástandið í landinu ekki eins og það er í dag. Þá væri heldur ekkert fjárhagsráð og öngþveiti í öllum framkvæmdum. Það, sem skapað hefur öngþveitið, er, að stöðugt hefur verið skráð rangt gengi íslenzku krónunnar á móti allri erlendri mynt, og þess vegna hefur verið sett á fót stofnun eins og fjárhagsráð, til þess að skipta því á milli innflytjendanna, sem flutt er inn í landið. Það er nú sannleikurinn í málinu. Þegar gjaldeyrir er of lítill til þess að kaupa það, sem kaupa þarf, og kaupmátturinn innanlands er meiri en kaupmátturinn út á við, þá skapast það ástand, sem ríkir í dag, og þessi hv. þm. vill halda fast við þetta ástand. Annars blandar hv. þm. saman tveimur óskyldum atriðum, annars vegar húsnæðiseklunni og hins vegar erfiðleikunum fyrir það fólk, sem þarf á húsnæði að halda, til þess að greiða fyrir það húsnæði, sem til er. Sannleikurinn er sá, að húsnæðiseklan er engan veginn eins mikil og af er látið, en hitt er annað atriði, að möguleikarnir til þess að greiða fyrir það húsnæði eins og þarf að gera til þess að fá viðkomandi aðila til að leigja

eru ekki eins miklir og áður, og það er þess vegna sem það koma til með að læknast nokkuð af sjálfu sér þau húsnæðisvandræði, sem nú eru, þegar búið er að segja upp því fólki, sem nú er í íbúðunum. Framboðið á húsnæðinu takmarkast af því, hvort menn hafa fé til þess að bjóða í húsnæðið, það takmarkast af þeim atvinnumöguleikum, sem eru í landinu á hverjum tíma. Þegar framboðið minnkar, þá er sjálfsagt, að fólk þrengi að sér og láti ekki íbúðir sínar standa auðar lengi og leigi þær út, þegar þeir eru orðnir frjálsir um val á sínum viðskiptamönnum. En ég vildi spyrja þessa hv. þm.: Hvers vegna börðust þeir ekki fyrir því í vetur, að þær 14 millj. kr., sem samþ. var, með þeirra meiri hl., að veita sem uppbætur á laun embættismanna, færu til að bæta úr húsnæði þessara vesalinga, sem þeir bera nú fyrir brjósti? Ég held, að það væri þeim nær að taka upp baráttu fyrir því — og einnig hv. 8. þm. Reykv. — heldur en að bæta 14 millj. kr. ofan á tekjur þessara manna, en það hafa þeir ekki gert. Þetta eru heilindin hjá þessum mönnum. En mikið hefði mátt laga kjallaraíbúðirnar og braggana, ef þessum 14 millj., sem nú eru settar inn á fjárl., hefði verið varið til þess. En þeir hugsuðu ekkert um afkomu þessara manna, sem þeir nú þykjast vera að berjast fyrir, til þess að láta fólkið hlusta á sig, en meina ekkert með því.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Herra forseti. Það var margt rætt hér síðast, þegar þetta mál var til umr., á laugardaginn, og mætti ætla, að aðstandendur álits minni hl. n. ættu að baki sér stórar og miklar aðgerðir í húsnæðismálum þjóðarinnar. Það var á árunum 1944—1946, sem þessir flokkar sátu í svokallaðri nýsköpunarstjórn, þeir höfðu 4 ráðh. af 6. Þessi stjórn hafði til umráða meira fé en nokkur önnur stjórn hafði haft til umráða á Íslandi áður eða hefur haft síðan. Það var til gjaldeyrir, sem skipti hundruðum milljóna, og fjármagnið flaut um landið. Við mættum trúa því, að á þessum árum hefðu þessir flokkar, svokallaðir vinstri flokkar, sem nú tala mikið um húsnæðismálin, látið báðar hendur vinna, bæði þá vinstri og hægri, og hefðu sannarlega tekið til höndunum í þessum málum. En hvað var gert í þessum málum? Það voru aðallega byggðar villubyggingar og sumarbústaðir, en verkamannabústaðir, sem höfðu þá komizt í l. á sínum tíma fyrir atbeina Framsfl., voru að mestu leyti látnir eiga sig. Samkv. því, sem hv. 1. landsk. upplýsti hér á laugardaginn, hafði farið fram rannsókn á húsnæðismálunum á árinu 1946, og sú rannsókn leiddi ýmislegt í ljós, og þær skýrslur sýndu, að húsnæðisástandið var slæmt, eins og hann sýndi fram á. Þessi skýrsla er gerð í lok starfstíma þessarar ríkisstj. og í lok þess tímabils, sem þessir flokkar höfðu til þess að vinna að bættum húsnæðismálum hér í þessu landi, og það ættu þeir að muna, þessir herrar, þegar þeir eru að lesa skýrslur sem þessar. Það er á árunum 1944—1949, sem ráðh. Alþfl. hafa yfirstjórn húsnæðismálanna í þessu landi, og á þessum árum er næsta lítið lagt til þessara mála, þannig að tölurnar tala, og mig langar til þess að spyrja hv. 6. landsk. þm., hvers vegna hann hvessti þá ekki augun á sína flokksmenn, — af hverju flutti hann þá ekki einhverja af sínum skeleggu ræðum um húsnæðismálin? Er það vegna þess, að hann geri meiri kröfur til annarra heldur en til sjálfs sín? Aldrei heyrði ég því líkar ræður til hans þá eins og hann þóttist vera maður til að flytja hér yfir framsóknarmönnum á laugardaginn, og ég geri ráð fyrir, að hafi hann þá brýnt sína ágætu flokksmenn á sama hátt og hann þóttist geta brýnt framsóknarmenn, þá hafi eitthvað verið gert. En það, sem hefur gerzt nú í sambandi við gengisskráningarl. fyrir atbeina Framsfl., sem þessir menn vilja troða niður í svaðið fyrir aðgerðir í húsnæðismálunum, er það, að það hefur verið innt af hendi stærra átak heldur en ráðh. þessara flokka höfðu látið eftir sig liggja alla sína ráðherratíð. Ég á þar við það fjármagn, sem tryggt er til íbúðarhúsabygginga í gengisskráningarl. Þetta vita þessir hv. þm., en þeir kjósa að þegja yfir því og nota aðra aðferð heldur en að láta sannleikann koma í ljós.

Hv. 1. landsk. þm. las upp grein úr Tímanum, sem lýsir húsnæðismálunum eins og þau voru eftir síðustu áramót; það er mjög greinargóð lýsing og alveg sönn lýsing á því, hvernig þessir menn hafa skilið við þessi mál, og ég verð að segja, að skrif Tímans sæma sér prýðilega innan þess ramma, sem þau eru, annars vegar aðgerða hinna svokölluðu vinstri flokka og hins vegar aðgerða Framsfl., og aðstandendur þessa blaðs þurfa ekki að blygðast sín á nokkurn hátt fyrir það. Svo standa þessir menn hér, þessir farísear, berja sér á brjóst og þakka guði fyrir, að þeir séu ekki eins og aðrir menn, og koma með yfirborðstill. í sambandi við afgreiðslu fjárl., till., sem þeir þakka fyrir, að er ekki samþ. og er gerð í von um að verði ekki samþ., og gera svo hróp að mér fyrir, að ég vil ekki taka þátt í þessari auglýsingastarfsemi Þjóðviljans.

Ég ætla að lokum aðeins að minnast nokkrum orðum á þetta frv., sem fyrir liggur. Ég tel það á ýmsan hátt til bóta. Ég tel það rétta stefnu, að bæjarstjórnir eigi sem mest að hafa meðgerð með þessi mál, en á hinn bóginn liggur ekkert fyrir í þessu máli annað en fullyrðingar. Það liggja fyrir fullyrðingar um það, hvað húsaleigulöggjöfin sé óréttlát og hve illa hún komi niður á vissum aðilum, og það eru vissar staðreyndir, sem liggja fyrir í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði, svartur markaður og húsnæðisokur, sem húsaleigul. hefur ekki tekizt að afstýra. Á hinn bóginn liggja fyrir fullyrðingar og miklar getsakir um allt það öngþveiti, sem mundi skapast, ef húsaleigul. væru afnumin, en það er ekki til neinn grundvöllur fyrir neinu af þessu annað en einstakar ágizkanir manna. Það er ekki hægt að sanna neitt af þessu með tölum, eins og stendur. Í sambandi við annað húsnæðismál, sem ég er viðriðin, frv. um stóríbúðaskatt, hefur það komið í ljós, að til þess að hægt sé að fá alhliða löggjöf um húsnæðismál, þá er nauðsynlegt, að á þeim sé gerð gagnger rannsókn. Það verður ekki gert öðruvísi en það liggi fyrir

skýrslur og greinargóð rannsókn. Ég geng ekki með þá bjartsýni, sem hv. 6. landsk. gerir, að það fáist skýrslur um það, hvað það kosti að fá húsnæði á svörtum markaði, en aðrar skýrslur eitthvað. Ég álít, þrátt fyrir það þó að þessir menn hafi nú ætlað öðrum en ríkisstj., sem þeir studdu, að framkvæma þá skýrslugerð, sem farið er fram á í nál. minni hl., að með samþykkt slíkrar till. mundi skapast grundvöllur fyrir starf í þessum málum. Þrátt fyrir það, þó að ég vilji ekki undirskrifa allar fullyrðingar, sem hér hafa verið gerðar um það, að öngþveiti mundi skapast við afnám húsaleigul., þá tel ég, að verið hafi grundvöllur fyrir því 1943, að löggjafinn hefði eitthvað að segja í þessu gagnvart bæjarstjórnum og öðrum, þegar húsaleigul. voru sett — að hafi það verið nauðsynlegt þá, sé það ekki síður nauðsynlegt nú. Á hinn bóginn er ég sannfærð um, að húsaleigul., sem við búum við, eru óréttlát, og það er viðurkennt margsinnis, að þau eru alls ekki réttlát, en ég tel mig ekki geta verið fylgjandi því, að þau séu afnumin án þess að lagður sé grundvöllur að því, að annað komi í staðinn. Af þessum sökum mun ég greiða till. minni hl. atkv. við þessa umr., en vona að öðru leyti, að frv. það, sem hér liggur fyrir, nái fram að ganga.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Rétt fyrir helgina, við 1. umr. um þetta mál, lýsti ég eftir því, hver afstaða framsóknarmanna hér í hv. d. væri til þeirrar brtt., sem liggur fyrir frá minni hl. allshn. Ég lýsti eftir því, hver væri afstaða 3 þm. Framsfl., sem eiga sæti hér í d. og hefðu snemma á þinginu flutt frv. um stóríbúðaskatt, sem því miður hefur ekki komið til afgreiðslu frá n. enn þá. Nú hefur aðalflm. frv. um stóríbúðaskatt, hv. 8. þm. Reykv., lýst yfir, að hún muni greiða atkv. með brtt. minni hl., en hv. 1. þm. N-M. talaði hér að vísu á laugardaginn, en talaði svo, að mér er ekki ljóst um afstöðu hans til brtt.; hv. 3. flm. frv. um stóríbúðaskatt hefur hins vegar ekki lýst yfir afstöðu sinni. Mér þykir vænt um að heyra, að hv. 8. þm. Reykv. treystir sér til þess að fylgja minni hl. í þessu máli og samþ. þá brtt., sem hér liggur fyrir. Ég sagði á laugardaginn og segi enn, að ég sé ekki, að það sé neitt neyðarbrauð fyrir framsóknarmenn, bæði þá, sem stóðu að frv. um stóríbúðaskatt, og aðra, að fallast á það, sem er meginatriðið í brtt., sem hér liggur fyrir, að félmrn. láti fara fram rannsókn á ástandinu í húsnæðismálunum í kaupstöðum og öðrum stöðum, þar sem húsaleigul. hafa verið í gildi, og fá þannig upplýsingar um húsnæðisþörfina, sem ekki er fullnægt eins og nú standa sakir, og leggja síðan fyrir næsta þing vandlega undirbúið frv. um úrbætur í þeim málum öllum. Ég vil benda á það, að með embætti félmrh., sem vitanlega hefði undirbúning slíkrar löggjafar með höndum, fer nú einn af aðalforustumönnum Framsfl., svo að þá mundi einmitt sjást, hver væri stefna þess flokks í húsnæðismálum. Hvort það yrði sú stefna, sem hefur verið haldið hátt á lofti fyrir kosningar, eða hin, sem fylgt er í þessu frv., sem ég leyfi mér að segja að sé sú gamla stefna, að gera alls ekki neitt í húsnæðismálunum af opinberri hálfu, en láta skeika að sköpuðu, hver yrðu viðskipti húseigenda og leigjenda, og jafnvel að þeim leigjendum, sem eiga ekki völ á húsnæði, yrði þeytt burtu úr húsnæði, sem þeir hafa notað. Hv. frsm. meiri hl. lýsti því sem sinni skoðun, að það væru tvær stefnur í þessum málum, önnur, að ríkisvaldið hefði afskipti af þessum málum, en hin, sem hann vildi kalla heimastjórnarstefnu, að ríkisvaldið hefði sem minnst afskipti af þessu, en ef það væri nokkuð, þá væru það helzt bæjar- og sveitarstjórnir, sem hefðu það. Ég vil benda honum á, að stefna Alþ. hefur a. m. k. í 3 áratugi verið sú, að hið opinbera ætti að hafa afskipti af þessum málum, ef húsnæðisvandræði væru í landinu, í kaupstöðum. Það var fyrst 1917, sem sett voru húsaleigul., sem að vísu giltu þá ekki nema fyrir Reykjavík, en þau giltu til 1927. Þetta var fyrir þann tíma, sem áhrifa verkalýðsflokka, eða þeirrar stefnu, að ríkisvaldið hefði sem mest afskipti af málum, fór að gæta. Ástæðan er sú, að löggjafinn getur ekki skorazt undan því að bæta úr neyð, sem uppi er í landinu í húsnæðismálum. Þau húsaleigul., sem sett voru 1917, giltu aðeins um Reykjavík, og það var hert á þeim eftir fyrstu raun, og á sömu leið hefur farið, þegar Alþ. hefur haft afskipti af þessum málum. Í gengisskráningarl. 1939 var sett inn ákvæði, sem takmarkaði samningsfrelsi manna, húseigenda og leigjenda, og raunin er sú, að í öll þau skipti, sem Alþ. hefur haft þau mál til meðferðar síðan, hefur alltaf verið hert á ákvæðum húsaleigul., og samningsfrelsi manna hefur verið skert meir og meir og alltaf af sömu ástæðum, — vegna þess að húsnæðisvandræði og neyð, sem ríkti, hafa kallað að, og aðgerðir hafa orðið meiri og meiri. Og nú er lýst yfir, að húsnæðisvandræðin hafi aldrei verið meiri en þau eru í dag, a. m. k. í Reykjavík, og það er af þeim ástæðum, að síðustu árin hefur ríkisvaldið orðið að takmarka meir og meir frelsi manna til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum á þann hátt að byggja yfir sig. Og nú í ár vitum við, að þessi réttur manna til þess að bæta úr húsnæðisvandræðunum verður skertur meira en nokkurn tíma áður, því að hann verður nánast enginn. Frelsi manna til þess að bæta úr húsnæðisleysi sínu er afnumið, með því að fjárhagsráð veitir engin leyfi til þess að bæta úr því, hversu sárt sem það er, og þess vegna er nú meiri ástæða til þess en áður fyrir löggjafann að hafa afskipti af þessum málum. Ég sagði það á laugardaginn, að ég sæi ekki betur en að það væru tvær stefnur hjá Framsfl. í þessum málum, önnur, sem lýsir sér í frv. um stóríbúðaskatt og í þeim áróðri, sem rekinn er af flokksins hálfu og gengur út á það að sýna, að hann vilji ekki hika við að gera sem allra róttækastar aðgerðir til þess að bæta úr húsnæðisskortinum í Reykjavík, en hin stefnan lýsir sér í frv., sem hér er til umr. og sýnilega á að ná fram að ganga, að gera sem allra minnst og nema það, sem eftir er af húsaleigul., úr gildi. Ég vil minna hv. frsm. meiri hl. á, að ég veit ekki betur en að stefna Framsfl. í löggjöf hafi verið sú, að hafa mjög mikil afskipti

af húsnæðismálunum. Það kom fram, þegar fyrstu húsaleigul. voru sett og þegar ríkisvaldið og löggjafinn setti fyrstu l. um verkamannabústaði, og hefur komið fram alltaf síðan, að Framsfl. hefur ekki aðhyllzt þá stefnu, að ríkisvaldið hafi engin afskipti af því máli, og það hefur komið fram í setningu þeirra húsaleigul., sem nú gilda frá 1939 með þeim viðbótum, sem gerðar hafa verið síðan, sem munu vera allt að 10 breyt., allar til þess að herða á þeim ákvæðum, sem að vísu skerða samningsfrelsi manna. Í blöðum Framsfl. hefur því verið haldið fram, að það stæði ekki á Framsfl. að gera sem róttækastar aðgerðir í þessum málum, vegna þess hve þörfin fyrir þær væri brýn hér í Reykjavík, eins og hefur verið átakanlega lýst í blöðum hans nú um síðustu áramót, og neyðarástandið, sem blaðið sýndi fram á, hefur ekki minnkað síðan. Það er því alveg ljóst, að sú brtt., sem hér liggur fyrir, leggur það í raun og veru á vald félmrh., hvaða úrræði yrðu höfð í löggjöf til þess að bæta úr neyðarástandinu, sem hér er, og ég skil ekki, hver ástæða er til þess, að meiri hl. getur ekki fallizt á það, vegna þess að meira að segja andmælandi frv. um stóríbúðaskatt lýsti því yfir, að hann teldi, að það þyrfti að gera ýtarlegri rannsókn á þeim málum heldur en hefur verið gert, og telur meira að segja, að það eigi að gera verulegar breyt. á þeim till., sem felast í frv. um stóríbúðaskatt, þó þær séu mjög róttækar.

Hv. þm. Barð. ræddi hér nokkuð um afskipti heilbr.- og félmn. af þessum málum, og þá helzt frv. um stóríbúðaskatt, og varð ég ekki var við, að hann mótmælti neinu af því, sem ég hélt fram um afstöðu einstakra nm. Það var strax auðséð, að hv. sjálfstæðismenn mundu ekki treystast til þess að vera á móti öllum aðgerðum til að nýta ónotað húsnæði, annaðhvort með skömmtun eða skatti. Ég er sammála hv. þm. Barð. um það, að tilgangurinn með slíkum lögum sem stóríbúðaskatti á ekki að vera sá að seilast eftir fé í ríkissjóð, heldur á hann að vera sá að bæta úr húsnæðisleysi, og það er til hér í Reykjavík, að stórar íbúðir, jafnvel stórhýsi, eru notuð af örfáum einstaklingum, meðan hundruð og þúsundir bæjarbúa mega hafast við í grotnandi bröggum og öðru stórlega heilsuspillandi húsnæði. Ég er fylgjandi því, að ónotað húsnæði verði tekið til afnota fyrir húsnæðislaust fólk með skatti eða með því að láta viðurlög fylgja misnotkun á húsnæði, en frv. hv. framsóknarmanna um stóríbúðaskatt er svo róttækt í einstökum atriðum, að ég get ekki fylgt þeim. Það kemur sem sé fyrir, að hv. Framsfl. verður afar róttækur, jafnvel byltingarsinnaður. En ég tel það ekkert atriði í þessu sambandi að refsa þeim, sem búa í óþarflega stórum íbúðum. Höfuðatriðið er að fá þetta húsnæði til afnota fyrir það fólk, sem ekki á þak yfir höfuðið. Í þessu tilfelli þarf skatturinn ekki að vera hár, því að flestir munu heldur kjósa að leigja húsnæðið fyrir sæmilegt verð en verða að borga af því skatt, þótt hóflegur sé. — Fyrir þessu þingi liggja þrjú frv. um þessi mál. Eitt þeirra er samið af Leigjendafélagi Reykjavíkur og er um stóríbúðaskatt, en þar eru skattaákvæðin vægari en í frv. hv. framsóknarmanna. Þá hefur Leigjendafélagið sent heilbr.- og félmn. umsagnir um þessi frv., og hefur stjórn félagsins haft það raunhæfa sjónarmið að benda Alþingi á, að vel færi á að samræma ákvæði fram kominna frv. Ég get vel fallizt á þessa afstöðu, en nú er svo langt liðið á þing, að mjög er hæpið, að til þess vinnist tími. Hins vegar virðist mér ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja brtt. hv. minni hluta. Það þarf að gera mátulega róttækar ráðstafanir í þessum málum, og húsaleigunefndir í mörgum bæjum, þar á meðal Reykjavík, hafa lýst sig fylgjandi frv. hv. framsóknarmanna um stóríbúðaskatt, ef því verði breytt. Hv. 6. landsk. þm. hefur nú lýst því, hvernig frv. þessu, sem hér er til umr., hefur verið spillt frá því, sem var, þegar það var borið fram; t. d. má benda á ákvæðin um mat á húsaleigu, sem nú eru stórum verri frá sjónarmiði leigjenda, því að nú er matið 9 kr. á ferm., en hingað til hefur það aldrei verið hærra en 8,50 kr. á ferm., svo að það er fráleitt að halda því fram, að þetta frv. verði til þess að lækka húsaleigu. Slíkt verður hvorki í gömlum húsum né nýjum. Í gömlu húsunum hækkar leigan stórlega, enda viðurkenna það allir, og hitt, að framboð á húsnæði aukist, ef húsaleigulögin verða úr gildi felld, eru einberar fullyrðingar, sem ekki hafa sannfært mig. Hv. frsm. meiri hl. og hv. 8. þm. Reykv. sögðust vilja, að vald bæjar- og sveitarstjórna væri sem mest í þessum málum, en með þessu frv. er einmitt valdið tekið af þeim, því að samkv. lögunum skipa bæjar- og sveitarstjórnir meiri hluta húsaleigunefndar, en skv. frv. eiga þær enga aðild að skipun nefndanna. Það er því eitthvað annað en vald þeirra sé aukið með frv. Hv. 8. þm. Reykv. sagði, að við, sem andmælum frv., vildum troða hv. Framsfl. niður í svaðið vegna aðgerða hans í húsnæðismálunum. Ég vil mótmæla þessu. Í fyrsta lagi eru aðgerðir hans í húsnæðismálunum engar til þess að troða í svaðið, enda er það ekki tilgangur minn að fara svo með flokkinn sem hv. þm. sagði, heldur er með till. minni hl. verið að gefa Framsfl. tækifæri til þess að hafa sem mest áhrif á þá framtíðarlöggjöf, sem sett yrði um þessi mál. Ég hef í vetur fylgt Framsfl. í öllum þeim málum, sem snerta landbúnaðinn og bændur landsins. Ekki af því, að ég hafi ævinlega verið honum algerlega sammála, því að úrræði Framsfl. hafa stundum náð of skammt og framkvæmdir verið þannig, að ekki sé sjálfsagt að fylgja þeim, en ég hef haft þá afstöðu, að fólkið í mínum gamla flokki, Alþfl., og bæjarbúar yfirleitt þurfi að skilja aðstöðu fólksins í sveitunum, en ef Framsfl. tekur upp þá stefnu að vera mótfallinn úrræðum til þess að bæta úr neyð verkafólks í bæjunum og vill afnema lög, sem hingað til hafa verndað það, þá getur komið til þess, að í mínum augum verði Framsfl. ekki svo nauðsynlegur fyrir sveitirnar sem hann sjálfur álítur, því að ef hann ætlar sér að verða íhaldssamur bændaflokkur, þá eru nógir íhaldssamir bændur í Sjálfstfl. og sá flokkur fær um að túlka það sjónarmið. Ef Framsfl. vill enga samvinnu hafa við fulltrúa verkalýðsins í þessum málum, þá sé ég ekki,

hvaða munur er á honum og íhaldinu sjálfu, og mun þá verða að endurskoða mína vinsamlegu afstöðu, sem ég hef haft til hans. — Að lokum vildi ég aðeins segja það, að ég hef ekki enn séð, hvers vegna hv. þm. ættu að vera andvígir brtt. hv. minni hl., og vænti þess því í lengstu lög, að hún verði samþ.

Frsm. minni hl. (Brynjólfur Bjarnason): Herra forseti. Það hafa orðið alllangar umr. um þetta mál. Hafa margir tekið til máls. Hv. þm. Barð. hélt hér alllanga ræðu og gat um mörg atriði í húsaleigul. Það er eigi nýtt. Hefur þeirra verið getið bæði fyrr og nú, og kom hann fram sem fulltrúi húseigenda, eins og hann viðurkenndi sjálfur. Hv. þm. hefur áður bent á m. a. atriða, að svo kunni að vera háttað, að ríkur maður sé við lága leigu í húsnæði hjá fátækum manni, og taldi það óréttlátt. Hvað það snertir, að slíkir menn hafi leigt út frá sér, þá er það fjarstæða. Þeir geta ekki gert það án samþykkis húseigenda. En það hefur ekki verið getið um þau atvik, að ríkur maður sé í húsnæði hjá fátækum húseiganda. Eru mörg slík atriði í framkvæmd húsaleigul. En þar er um undantekningar að ræða. Hitt er reglan, að fátækur maður sé í leigu hjá ríkum manni, okurleigu í flestum atvikum, — öllum atvikum, ef hömlurnar verða afnumdar og þetta frv. samþ. Ég spurði hv. þm., hvort hann mundi fylgja till. um að afnema hömlur þess, að einstaklingar fái að byggja yfir sig, þeir sem eru á götunni. Hann svaraði því engu. Hv. þm. talaði um, að ég hefði unnið að undirbúningi l. um fjárhagsráð. Hann veit þó, að það er fjarstæða. L. þessi voru búin til, samþ. og framkvæmd af flokki hans sjálfs. Sósfl. hefur reynt að fá þau afnumin og ýmsar hömlur. En flokkur hans reis sem veggur á móti. Úr þeirri átt vænti ég einmitt stuðnings, og mér þykir leitt, að fsp. minni hefur eigi verið svarað. Hv. þm. kvað skilyrði þess að afnema fjárhagsráð og taka upp frjálsa verzlun vera að fella gengið. Í vegi hefur staðið ósamkomulag um þetta. Nú er búið að fella gengið um 40%. Hvað er þá í vegi fyrir því að afnema fjárhagsráð og gera verzlunina frjálsa? Ég endurtek: Hvað er þá í vegi? Annars vil ég spyrja: Trúir hann því, að eftir gengislækkunina verði auðveldara að gefa verzlunina frjálsa? Ég veit, að hann trúir því ekki. Enginn trúir því. Hann veit — eftir upplýsingum Jóns Árnasonar bankastjóra, — að innflutningsáætlunin hefur hækkað í 345 millj. kr. á þessu ári móts við 325 undanfarið ár og 270 millj. árið þar á undan. Hv. þm. getur eigi haldið, að þá verði auðveldara að gefa verzlunina frjálsa.

Þá sagði hv. þm., að þingið hefði veitt 14 millj. kr. til embættismanna. Sósfl. hefur verið því fylgjandi. Hitt er annað mál, að meðal starfsmanna ríkisins eru fátækir menn, sem nauðsynlegt er að fá launabætur til að byggja yfir sig. Sósialistar hafa lagt til, að þessir menn fengju mest af þessari fjárhæð, en hún gengi eigi til hálaunaðra manna. Flestir hv. þm. felldu till. þess efnis og samþ. hina, að láta hálaunaða menn fá meiri hluta fjárins. Er ætlunin því að láta menn þessa fá jafnmikið, þó að of lítil leiðrétting sé fólgin í því. Sósialistar hafa lagt til, að 20 millj. kr. yrðu veittar og fé þetta yrði lagt í íbúðarhúsabyggingar.

Já, að sjálfsögðu eru mörg og margvísleg óþægindi í sambandi við húsaleigul., um leið og óréttlætinn verður að þoka sæti. Það er óhjákvæmileg leið í sambandi við húsnæðisskömmtunina, að hver maður búi við það, sem til er. Það eru óþægindi að allri skömmtun. En verra er, að einstökum mönnum sé frjálst að sölsa undir sig hinar takmörkuðu vörubirgðir. Þá fengju hinir ekkert. Það eru óþægindi og leiðindi að biðröðum. Verra er þó, að hver maður ryddist og hinir sterkustu og ósvífnustu hefðu betur. Það er mjög mikið gert úr óþægindum húseigenda og erfiði vegna uppivöðslu leigjenda. Er og víst, að slíkt kemur fyrir, og einhvers staðar verða vondir að vera. En verði ósæmilegrar framkomu vart af hálfu leigjenda, er eigi nema rétt, að húseiganda sé leyfilegt að segja upp skv. gildandi l. Vitaskuld eru því óþægindi í sambandi við þessar hömlur, sem allir eru á móti. En skortur á nauðsynjavörum hlýtur að valda óþægindum. Við óhjákvæmileg óþægindi bætast einnig önnur. Undanfarið hafa ýmsir menn, sérstaklega sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, unnið að afnámi húsaleigul. Einn þáttur í því er hér á dagskrá, en miðar að því að auka óþægindin. Látlausum áróðri hefur verið haldið uppi gegn l. Er það auðvelt verk. Hefur verið óskaplegur þrýstingur og hótanir fyrir kosningar af hálfu félags fasteignaeigenda. En öll óþægindin í sambandi við við l. eru smámunir borið saman við það neyðarástand, er skapaðist við afnám þeirra. Þess vegna hefur verið óvandaðan málflutning um að ræða og haldið uppi áróðri fyrir ráðstafanir, sem flæmdu menn úr húsnæði og sköpuðu óbærilega dýrtíð í Reykjavík.

Hv. þm. hefur orðið tíðrætt um það ranglæti, er húseigendur verða að þola varðandi húsaleigul. En hitt snertir eigi réttlætisvitund þeirra, þegar fátæku fólki er kastað á götuna, en margt þarf að greiða hærri leigu en þá rís undir. Hvaða réttlætis á að krefjast fyrir húseigendur? Það þykir ranglæti í því, að eigendur eldri íbúða hafi eigi jafnan rétt til að selja leigu háu verði. Nú fá eigendur eldri húsa vexti af eignum sínum, og nauðsynlegt er að halda þeim við. En eigendur eldri húsanna eru eigi verr settir en sparifjáreigendur, heldur þvert á móti. Vextir þeirra hafa eigi hækkað til samræmis við verðlag, og eigi hafa eignir þeirra verið bættar. Húsin hafa þó nífaldazt í verði. Úr því að verið er að tala um réttlæti, sem að vísu á að ná til þeirra, sem eignir eiga, þá má spyrja, hvaða réttlæti sé í því, að eigendur húsanna beri meira úr býtum en sparifjáreigendur. Réttlætið er hér þannig: Úr því að þeir, sem geta, verzla á svörtum markaði, þá eiga allir að geta notið þeirra hlunninda. Lengra nær réttlætið ekki.

Ég má nú til með að gera aths. við ræðu hv. 8. þm. Reykv., sem er viðstödd. Hún sagði, að sósialistum færist ekki að tala, því að þeir hefðu verið svo slæmir 1946. Ástandið hefur versnað síðan, eins og sýnt var fram á með töl-

um, og bæjarstjórnarmeirihlutinn stóð á móti till. sósialista. Hitt er aðalatriðið, að á tímum nýsköpunarstj. var meira byggt en bæði fyrr og síðar í Reykjavík og víðar, íbúðarhús og villur. Síðan hefur, a. m. k. um skeið, virzt svo sem einu byggingarnar, sem leyfðar væru, séu „lúxus"íbúðir. Árin 1944—46 var byggt eins mikið og vinnukraftur leyfði. Hið helzta var bygging íbúða og framleiðslutæki. Þessi stefna var framkvæmd þrátt fyrir andstöðu Framsóknar. Í næstu andránni sagði þessi hv. þm., að aldrei hefði verið byggt minna en eftir fráför nýsköpunarstj., þ. e. síðastl. 3 ár, á stjórnartímabili fráfarandi stj., og afsakaði þar með fullyrðingu sína. Hverjir fóru þá með völd á því tímabili, sem hv. 8. þm. Reykv. lýsti? Það voru Framsfl. og Sjálfstfl. og Alþfl. Þyngstur verður þó dómurinn yfir Framsfl., eins og komið hefur fram í umr. Á tímabili nýsköpunarstj. voru l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða samþykkt á Alþingi og lagður grundvöllur að stærri átökum. Hverjir voru þeir, sem felldu þau l. úr gildi? Það var Framsfl. gegn andstöðu Sósfl. Hverjir eru það, er í hv. Nd. voru að enda við að fella till. Sósfl. um, að l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða yrðu látin taka gildi að nýju? Það er Framsfl., og nú fer sami flokkur með stjórn þessara mála. Nú hefur verið tækifæri til að standa við stóru orðin. Það skiptir mestu máli. Hvað hefur flokkurinn látið að sér kveða? Það að fella till. Sósfl. Með gengislækkuninni er að því miðað að stöðva húsabyggingar, og nú síðast með frv., sem rekur barnafjölskyldur út á götuna. Það eru orð í tíma töluð um fariseana, og get ég komið þar með eina tilvitnun, og er þá hægt að draga ályktanir. Hv. þm. var að minna á það fé, sem til húsabygginga er ætlað í gengislækkunarl. Nú veit hv. þm., að þetta er eigi nema lítið brot af því, sem byggingarkostnaðurinn hækkar vegna gengislækkunarl., — þ. e., verði byggt að ráði. Hvað stóreignaskattinn snertir — hver veit um, hvort hann verður innheimtur? Með þessum l., sem Framsfl. hefur staðið að, þ. e. um gengisskráningu o. fl., er mönnum gert enn erfiðara fyrir en áður að byggja yfir sig. Þarf lítið til að hrósa sér af slíku. M. ö. o.: Enn er það frv. verk Framsfl., er hér er til umr. og kastar hinum verst stæðu út á götuna og eykur verðbólguna í landinu mest, að gengislækkunarfrv. undanskildu. Nú langar mig til að minna á skrif Tímans og loforð í húsnæðismálunum. Það er þá Tíminn, fimmtudaginn 22. des. s. l., grein á forsíðu: „Jólasaga úr höfuðstaðnum: Fjöldi Reykvíkinga býr við sárustu örbirgð í örgustu grenjum. Margt af þessu fólki hefur bókstaflega gefizt upp í vonlausri baráttu við húsnæðisleysi, kulda og átakanlegustu neyð." Á þá leið eru fyrirsagnirnar, og svo vil ég leyfa mér að lesa dálítið upp, með leyfi hæstv. forseta. (*HV:* Úr Tímanum? — nei. — *Forseti:* Ekki ótakmarkað. — *GJ:* Ekki nema það sem satt er.) Ég trúi því vel, sem hér stendur. Ég skal eigi lesa nema það, sem satt er. (*GJ:* Það verður þá ekki mikið.)

„Það eru af þeir dagar, að Íslendingar geti hælt sér af því, að hér búi enginn við sára neyð. Mitt í öllum þeim fjáraustri, sem á sér stað, býr nú í höfuðstað landsins fólk, er berst við svo átakanlega neyð, að hvern mann, sem því kynnist, hlýtur að setja hljóðan andspænis svo himinhrópandi eymd." Þetta er að loknu þriggja ára stjórnartímabili Framsfl. „Tíðindamaður frá Tímanum hefur nokkuð kynnt sér þau kjör, sem þetta fólk á við að búa, og verða hér nefnd nokkur dæmi þessu til sönnunar. En því fer fjarri, að það, sem hér verður sagt frá, sé einsdæmi, heldur er það spegilmynd af því, sem hundruð manna verða að þola." Svo koma margar sögur þessu til staðfestingar. Ég leyfi mér að lesa aðeins eina, enda er sagt, að sögur þessar séu ekkert einsdæmi. Er rétt að nefna dæmi, sem er ágætt.

„Í bragga við Reykjanesbraut búa ung hjón, ættuð af Vesturlandi, bæði innan við þrítugt, ásamt tveimur börnum, dreng og stúlku, tveggja ára og þriggja ára.

„Herbergi" þeirra er nálægt þrír metrar á hvorn veg, helmingur af bragga úti við gafl. Einhvern tíma hefur þessi skonsa verið veggfóðruð, en þess sér nú lítinn stað. Á loftið hefur verið neglt striga, en síðan bætt hér og þar vaxdúkstætlum. Gaflinn ekkert annað en ber steinninn. Meðfram hurð og víðar eru rifur, sem stinga má fingrum í gegnum, og troðið tuskum hér og þar. Þakjárnið er sundurbrunnið og má reka fingur víðast í gegnum það.

Húsgögnin eru hnéhár ofn, sligaður legubekkur, sem hjónin sofa á með annað barnið, kassi handa hinu, eitt agnarlítið borð og kollóttur stóll. Þarna er ekkert salerni, ekkert vatn, engin skólpleiðsla og engin raflögn. Vatnið verður að sækja langt upp í hlíð. Þar er vatnsból hverfisins. Skólpi og saur er helt í gjótur milli bragganna. Til eldunar er kamína í gangskonsu.

Hjónin, sem þarna búa, eru bæði veik, maðurinn bilaður í baki og getur ekki unnið nema endrum og sinnum. Nú í haust hefur hann verið nokkurn veginn vinnufær, en ekki fengið vinnu, þar til von um fárra daga snöp í fyrradag." (*GJ:* Hér hlýtur að vera farið út fyrir sannleikstakmörkin.) Nei, ekki enn. Þetta er sannleikur. „Börnin eru kirtlaveik og kvefuð, enda klæðlaus með öllu, og drengurinn tveggja ára gamli hefur tvívegis fengið lungnabólgu, frá því kólna tók í haust.

Þessi hjón njóta einskis styrks, og fatnaðurinn, sem þau eiga, er líkastur druslum, sem fólk brygði sér í til óþrifalegustu vinnu, og auk þess skjóllaus, slitinn og stagaður. Í haust átti konan hvorki sokka né skó, svo að hún komst ekki út fyrir húsdyr. Í síðasta kuldakasti áttu þau engin kol, svo að þau urðu að hírast í kuldanum, sem var litlu minni í þessu braggaskrifli en undir berum himni. Allt stokkfraus um nætur.

Sængurklæðnaður þeirra er ein rifin sæng, ekkert ver né lak. — Hvorugt hjónanna neytir áfengis." Þá segir um íbúð eina: „Kuldinn er svo mikill í þessari „íbúð", þegar frost er, að húsmóðirin verður að fara á fætur tvisvar á nóttu til þess að halda við eldi í ofni í „svefnherberginu", ef ekki á að stofna lífi barnanna í voða. En nú í haust hefur hún ekki átt kol nema stundum. Þegar ekki er hægt að kynda,

er slagi svo mikill, að sá, sem hallar sér upp að þili, gegnblotnar, ef hann er ekki sjóklæddur. Þakið á kofanum er eins og pappahimna, sem ekki á annað eftir en detta í sundur.

Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd, eru aðeins örfá af mjög mörgum. Í braggahverfum Reykjavíkur og kofahverfingum úti um holt og hæðir búa mörg hundruð manna við ömurlegri lífskjör heldur en þorri bæjarbúa hefur nokkurn grun um, fullkomna eymd og niðurlægingu.“...

Svo kemur seinasti kafli, sem heitir: Er þetta ekki yfirdrepskapur.

„Við Íslendingar þykjumst fyllast ógn og hryllingi, þegar við heyrum, að fólk hafi verið dæmt til dauða úti í löndum — kannske í hópum. En er ekki eitthvað af hræsni og yfirdrepskap í þessum hrolli, meðan svo er ástatt í höfuðstað landsins sem nú hefur verið lýst?

Með þeirri eymd, sem hér er látin viðgangast, er nefnilega verið að dæma til dauða bæði andlega og líkamlega hópa barna á ýmsum aldri og jafnvel fullorðið fólk líka. Það er hollast fyrir alla að gera sér afdráttarlaust grein fyrir ástandinu, og síðan getur hver og einn stungið hendinni í eigin barm og hugleitt, hvað af ábyrgðinni hann ber.“ Og ég vil biðja hv. þm. að taka vel eftir því. Svo stendur áfram: „Þessir ömurlegu mannabústaðir, sem hér hefur verið lýst og líklega eru verri og ömurlegri en verstu greni Reykjavíkur á dögum Jörundar hundadagakonungs, eru svo að segja allt í kringum bæinn. Í öllum áttum eru þessi fátækrahverfi sprottin upp — þyrpingar af kofaskriflum, yfirfullum af fólki á mismunandi stigum örbirgðar og vonleysis.“

Já, hér er talað um ábyrgð með mörgum og þungum orðum, og nú er að bera það saman við verk þess flokks, sem að þessu blaði stendur, hv. Framsfl. Skal ég ekki gera það hér, en ég held, að hv. þm. Framsfl. væri það hollt að hugleiða vel þessar hugleiðingar Tímans um ábyrgðina, sem á þeim hvílir, — og nú á hv. Framsfl. leikinn.

Frsm. meiri hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Út af þessum upplestri hv. 1. landsk. þm. vil ég segja örfá orð til að byrja með. Líklega veit hv. þm. það eins vel og ég, að Framsfl. hefur ekki stjórnað Reykjavík, en þaðan eru þær lýsingar, sem blaðið tekur. Framsfl. á því ekki sök á því, að þetta er lýsing á því, sem er að gerast. Sósfl. hefur haft meiri völd hér í Reykjavík en Framsfl., og hann ber því meiri ábyrgð á því, að þessi lýsing er rétt. Ég sé, að flokksbræður hv. þm. brosa að þessu, en þannig er þetta þó.

Mér virðist sem þetta mál sé nú að beinast inn á aðrar brautir en því var í upphafi ætlað, og finnst mér það ekki viðeigandi, að það sé gert að flokksskammamáli. Málið hefur verið gert að Reykjavíkurmáli, en ekki landsmáli. Það hefur verið gert að flokkspólitísku máli, í stað þess að vera mál til úrlausnar aðsteðjandi vandamálum.

Ég bið menn að athuga það vel, að hér er ekki um það að ræða að afnema húsaleigulögin fyrir Reykjavík, og þess vegna á það ekki við, þegar hv. 7. landsk. þm. segir, að Framsfl. sé með þessu að ganga á móti stefnu sinni. Það, sem Framsfl. leggur til, er, að þeir bæir, sem álíta að húsaleigulögin eigi ekki lengur við hjá sér, og telja að þau séu til óþæginda fyrir sig, geti losnað við þau. Hv. 1. landsk. þm. sagði, að húsaleigulögin hlytu náttúrlega alltaf að vera til óþæginda fyrir einhvern, en ónauðsynleg óþægindi hefðu þau ekki. Ég held nú, að með þessari löggjöf sé verið að leggja málið þannig fyrir, að löggjöfin geti verið afnumin, þar sem hún á ekki við og er bara til óþæginda, en hins vegar að leyfa þeim landshlutum að hafa hana áfram, sem það vilja.

Hv. 7. landsk. þm. minntist hér á samvinnu sína við Framsfl., sem hann sagði hafa verið stofnaða af heilindum, en sagði jafnframt, að hann sæi ekki fram á það, að sú samvinna mundi geta haldið áfram, ef Framsfl. beitti sér með þessu móti, og sagði, að Framsfl. hefði ekki af miklu að státa í húsnæðismálunum og ætti því ekki að troða þeim niður í svaðið. En ég vil bara spyrja hv. þm. að því, af hverju hans flokkur eða hans gamli flokkur hafa að státa í þessum efnum. Ég hygg, að Framsfl. hafi átt meiri hlut að því, að hafin var bygging verkamannabústaða, heldur en hans gamli flokkur, og sömuleiðis frumkvæðið að samvinnubústöðum, og hygg ég enn fremur, þó að hv. 1. landsk. þm. hafi viljað gera lítið úr ákvæðum gengislækkunarlaganna um að verja ákveðinni upphæð til verkamannabústaða, þá hafi hann eða gamli flokkurinn ekki af neinu að státa í þessum málum. Hv. 7. landsk. þm. sagði, að aldrei hafi verið meira byggt hér á landi en á dögum nýsköpunarstj. Það þykir nú ekki merkilegt, því að aldrei hefur annað eins fé verið í eigu landsmanna. En aldrei hefur fé verið varið til ónauðsynlegri bygginga en meiri hlutinn af þessum byggingum er heldur en á því tímabili, sem þá fór í hönd. Eftir að nýsköpunarstjórnin fór frá völdum, má segja, að betur hafi verið byggt, að byggt hafi verið við hæfi þjóðarinnar með hagsýni fyrir augum, og hafi það komið að meiri og betri notum og fyrir fleiri.

Ég vil, út af því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði um samvinnu hans við Framsfl., geta þess, að mér hefur fallið vel samvinna við hann um mörg mál þann stutta tíma, sem við höfum verið saman, t. d. um sveitarstjórnarmál, og hefur mér þá fundizt, að við ættum samleið um að efla vald sveitarfélaganna gegn ofurvaldi ríkisins. En nú virðist mér hann vera orðinn ríkisvaldsmaður, hann, sem áður hafði tvær hendur, hefur nú bara eina, vinstri.

Ég verð nú að segja það, að ég fæ ekki séð, að Reykjavík fái með þessu neitt meira vald en aðrir staðir. Það fá allir tækifæri til þess að losna undan lögunum, ef þeir vilja það og álíta, að það sé hagur að því fyrir borgarana. Og ég skil heldur ekkert í þessum þm., jafngáfuðum og gjörhugulum og hann er, að vilja ekki breyta húsaleigun. þannig, að hún verði skipuð bæði leigjanda og leigusala og sá þriðji sé skipaður af hæstarétti. Með því finnst mér, að hagsmunir beggja hljóti að vera tryggðir.

Hv. 1. landsk. þm. viðurkenndi þá skoðun

mina núna í ræðu sinni áðan, að ónauðsynleg löggjöf gæti verið mjög siðspillandi. Ég er nú þeirrar skoðunar, að húsaleigulöggjöfin hafi verið ónauðsynleg mjög víða á landinu, og þar af leiðandi siðspillandi, þar sem hún hefur verið brotin af mönnum. Ég þekki tilfelli, þar sem húsaleigunefndir hafa ekki haldið fundi í mörg ár, en í 10. gr. húsaleigulaganna er ákvæði um það, að allt nýtt húsnæði, sem tekið er í notkun, skuli metið af húsaleigunefnd. Þetta ákvæði er því alltaf sniðgengið og er því ónauðsynlegt, og er því rétt að afnema það, þar sem því er ekki fylgt, og það er rétt að veita sveitarfélögunum heimild til þess að leysa menn undan þessu ákvæði. Það er miklu betra en að láta menn brjóta lögin, því að það er vitanlegt, að menn hafa það alltaf á meðvitundinni, að þeir séu að brjóta lögin, þó að það sé jafnvel hagkvæmt fyrir báða aðila, og það veldur aftur því, að þeir hætta að bera tilhlýðilega virðingu fyrir lögunum, þeir hætta að gera greinarmun á þýðingarmiklum lögum og lögum, sem hægt er að sniðganga.

Tillaga sú, sem hv. minni hluti flytur hér, er um það, að ekki skuli neitt gert í þessu efni fyrr en rannsókn hafi farið fram á húsnæðisástandinu, og á sú rannsókn að fara fram eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Síðan á að safna skýrslum um húsnæðisástandið í landinu. Það var þessi rannsókn og þessar skýrslugerðir, sem ég tel vera ónauðsynlegt vafstur. Það kann að vera, að slík rannsókn eigi þó við í Reykjavík, — en getur þá ekki Reykjavík látið fara fram slíka rannsókn nú eins og 1946? Það hefur verið mikið um það talað, hve illa það hefur gengið að fá þeirri stefnu framgengt að afnema allt nefndafarganið, en hins vegar vilja þeir ekki afnema þær úr sögu þeirra góðu daga félagshyggjunnar. Nefndafarganið er nú orðið svo mikið, að margir eru þeir menn, sem muna ekki einu sinni, í hvaða nefndum þeir eru, svo mikil var ofrausnin í nefndaskipunum. En það er ekki að sjá, að menn séu neitt að tapa trúnni á þessum nefndum, þrátt fyrir allt tal þeirra, þegar þeir vilja nú fara að bæta fleiri nefndum við. Það fer fyrir þessum mönnum eins og Þorsteini matgoggi forðum, hann át alltaf meira og meira, unz yfir tók. Ráðið við ofstjórn er meiri ofstjórn, ráðið við of mikilli óþarfa löggjöf meiri óþarfa löggjöf, og bótin á nefndafarganinu verði ráðin með því að bæta við nýjum nefndum og nýjum skýrslugerðum. Það virðist sem hv. minni hl. sé í málflutningi sínum einna líkastur Þorsteini matgoggi.

Ég sagði á laugardaginn var, að Reykjavík yrði að gæta þess að álíta ekki, að ríkið tæki ótakmarkaða ábyrgð á byggingarframkvæmdum hennar. Ég segi þetta ekki af því, að ég sé á móti því, að Reykjavík byggi yfir sitt fólk, en ég álít, að það sé vafasamt, að ríkið geri of mikið af því að styrkja hana í því og með því auka á fólkstrauminn til Reykjavíkur. Ég segi ekki heldur, að húsnæðislausa fólkið í Reykjavík eigi bara að flytja upp í sveit, því að ég veit, að sveitirnar geta ekki tekið á móti því eins og er, en ef ég væri spurður að því, hvert það ætti að fara, þá mundi ég svara því til, að það væri ástæða til þess að stuðla að því með lagasetningu, að fólkið snúi sér að framleiðslunni, og það þarf að búa þannig í haginn fyrir það í sveitum og með ströndum fram, að fólkið fari þangað, vilji fara þangað og geti farið þangað. Því að sannleikurinn er nú sá, að menn lifa ekki á húsnæði, heldur í húsnæði, og ég er viss um það, að hv. andstæðingar þessa frv., sem felur í sér þessa stefnu beint og óbeint, voga sér ekki að æskja þess, að þeir þjóðflutningar, sem verið hafa utan af landi, frá framleiðslunni til Reykjavíkur, haldi áfram.

Hv. 6. landsk. þm. talaði hér dálítið um áttir, hægri og vinstri. Ég verð að segja það, að mér finnst það hafa farið vel í sambandi við efni þeirrar ræðu, en ég get hins vegar ekki að því gert, að mér finnst hv. þm. hafa tekið nokkuð mikið loftkast þarna. Það rifjast upp fyrir mér í því sambandi, að einu sinni átti ég hest, fjörmikinn og gangléttan, og var hann talinn til góðhesta, en sá galli var þó á honum, að það kom fyrir, að hann hljóp út undan sér til vinstri. Ég átti tal um þetta við dýralækni, og hann sagði mér, að hesturinn hefði sjóngalla á hægra auga, og þess vegna hlypi hann svona út undan sér til vinstri. Þetta rifjaðist upp fyrir mér, þegar ég heyrði orð hv. 6. landsk. þm. á laugardaginn. Hann virðist vera haldinn sjónhræðslu, því að honum virðist óhæfilegt, að samkvæmt 1. gr. frv. skuli leigusala vera það heimilt að leigja systkinum sínum eða skyldmennum í beina línu. Ég er nú hins vegar viss um það, að þegar hv. þm. athugar það betur, að ættarböndin hafa mjög mikla þýðingu í þjóðfélaginu, þá kemst hann á aðra skoðun. Ættarböndin hafa í þjóðfélaginu sömu hlutverkum að gegna og ræturnar í moldinni: að vinna á móti upplausn og eyðingu.

Þá er þm. hræddur við það, að hæstiréttur tilnefni mann í húsaleigunefndina. Það kalla ég fáheyrt, því að hvar er þá hægt að fá hlutlausan aðila, ef ekki frá hæstarétti?

Þá missýnist hv. þm. mjög, ef hann heldur, að við þessa rannsókn, sem hann vill að verði látin fara fram, fáist upplýst, hvar húsaleigulögin hafa verið brotin með baksamningum og svörtum markaði. Það eru engar líkur til þess, að slíkt komist upp, því að menn hafa þarna sakarefni að verja, ef um einhverjar sakir er að ræða, og vilja þá leyna því í lengstu lög.

Nei, andstaðan gegn þessu frv. er sjálfráð eða ósjálfráð fælni frá raunveruleikanum. Frv. er um endurbætur á 6 greinum laganna, og mótbárur gegn því eru meira fluttar af kappi og til málamynda heldur en forsjá. 7. gr. leggur það hins vegar til, að bæjar- og sveitarfélög fái að ráða því sjálf, hvort húsaleigulögin skuli hafa gildi þar eftir þann tíma, sem ákveðinn er í gr. Og ég hef fært fyrir því rök, að það sé viðsjárvert að hafa húsaleigulögin, eins og víða er úti á landi, þar sem þau eru aðeins siðspillandi pappírsgagn. Þau eru siðspillandi vegna þess, að menn hafa tilhneigingu til þess að brjóta þau, eða hafa það að minnsta kosti á meðvitundinni, að þeir séu að brjóta þau, og þegar menn eru einu sinni farnir að brjóta ein lög, minnkar virðing þeirra á öðrum lögum, sem mikilvægari eru. Og ég held, að Reykvíkingar

þurfi ekki að vera hræddir við þetta frv., ef að lögum verður, því að hver einasti maður sér, að Reykjavíkurbær hlýtur að halda í þessa löggjöf, ef einhverjar líkur eru fyrir því, að þær lýsingar, sem hér hafa verið gefnar á húsnæðisástandinu í bænum, séu á rökum reistar. Ég veit þá, að meiri hluti bæjarstj. í Reykjavík er skipaður óvenjulegum illmennum, ef hann lætur ekki löggjöfina halda gildi sínu, ef þær lýsingar, sem hér hefur verið getið, eru sannar, og ef hann skirrist við að halda lögin, þá er ég viss um það, að hið langþráða takmark andstöðuflokka meiri hlutans er upp runnið til þess að fella hann, og þá getur kannske Alþfl. eitthvað stækkað og Sósfl. gefið um það skýrslu til yfirboðara sinna, að þeim hafi nú tekizt að afreka eitthvað.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ., sem nú settist niður, var að ræða um það, hversu mikil bót væri að því frv., sem hér væri til umr., miðað við núverandi húsaleigulög. Ég verð að viðurkenna, að þetta getur verið rétt, en það fer eftir því, hvort menn bera fyrir brjósti hag húseigenda eða leigjenda, þegar menn draga þá ályktun. Ef menn tala út frá sjónarmiði húseigenda, þá er frv. til bóta. Það heimilar húseigendum að segja upp fólki frekar en núv. húsaleigulög heimila. Þar eru hömlur þær, sem nú eru á húseigendum, rýmkaðar. Nú má samkvæmt frv. rýma húsnæði vegna systkina, ættingja í beina línu, kjörbarna og fósturbarna, en samkv. núv. löggjöf má ekki rýma húsnæði fyrir allt þetta fólk. Þeir, sem telja þessa breyt. til bóta, tala ekki fyrir munn leigjendanna í Reykjavík, heldur fyrir munn húseigenda. Þannig er með flest ákvæði frv. Það er til bóta fyrir húseigendur. Það á að fella niður ákvæði, sem eru í gildandi löggjöf til verndar rétti leigjenda. Auk þess er það óneitanlegt, að frá því að frv. var flutt af hv. 1. þm. Árn. og hv. þm. A-Sk., hefur því verið breytt í Nd., þannig að réttur, sem leigjendum var þó tryggður í frv. upphaflega, hefur nú verið felldur niður, t. d. ákvæði 2. gr., þar sem l. veita forgangsrétt að leiguhúsnæði fjölskyldum, sem í eru börn innan 16 ára aldurs. Það hefur oft verið svo, þegar fólk hefur verið að leita sér að húsnæði, þá hefur það beinlínis strandað á því, að börn hafa verið í fjölskyldunni. Forgangsréttur fjölskyldufólksins hefur nú verið niður felldur. Hvernig er það í frv. nú? Það er á þann veg, að þegar leigusali leigir íbúð öðrum en skyldmennum, skal hann leitast við að leigja fjölskyldum, sem hafa börn innan 16 ára aldurs. Það er búið að nema fjölskylduréttinn burt. Nú á að vera viðleitni húseigenda til að leigja barnafjölskyldum. Það verður nú viðleitni í lagi! Nei, vitanlega forðast þeir það, eftir að svona loðmulla væri orðin að lögum.

En er þá ekki hægt að leita verndar húsaleigunefndar? Nei, ég held nú síður! Í ákvæðunum um það segir nú, að það megi leita tillagna húsaleigunefndar, þegar húseigandi er búinn að neita barnafjölskyldum. Annað er ekki sagt um það í þessu frv., sem hv. frsm. mælir svo mikið með sem umbót. Húseigendur munu fagna þessu ákvæði, af því að það rýmkar um hendur húseigenda um að hafna öllum barnafjölskyldum.

Hvers konar umbót er svo á 5. gr.? Hámarkið á leigu fyrir hvern fermetra er nú sett upp í 9 kr. Það er umbót fyrir húseigendur, en að sama leyti skerðing á rétti leigjenda.

Nei, það er því aðeins hægt að mæla með frv., að menn beri fyrir brjósti hagsmuni húseigenda og vilji halla rétti leigjenda. Þessi hækkun verður heimiluð, ef frv. verður að l. Þá má hver fermetri kosta 9 krónur. Hér er því verið að rýmka rétt húseigenda um verðlagið. Og það verður notað. Húsaleigunefndir utan Reykjavíkur hafa ekki farið nærri því svona hátt, en nú, þegar búið er að lögfesta ákveðið verð fyrir hvern fermetra, þá er ég viss um, að húseigendur annars staðar á landinu munu vilja fara með verðlagið, — og hafa stoð til þess í l., — upp í 9 kr. á fermetrann. Þetta mundi því valda margfaldri hækkun á húsaleigu í ýmsum kaupstöðum. Það er ekki lítil endurbót að slíku, þ. e. a. s. ef litið er á málið frá sjónarmiði húseigenda. Sé þess mest þörfin núna að setja af stað nýja dýrtíðaröldu og hækka einn allra stærsta útgjaldalið almennings, því að húsnæði er einn allra stærsti útgjaldaliður hjá þeim, sem húsnæði þurfa að kaupa, þá er frv. mesta metfé og mesta gersemi. En ef þess er meiri þörf að reyna að koma í veg fyrir svartan markað og okur á húsnæði, og að því hafa húsaleigulögin stefnt, þó að það hafi ekki tekizt að öllu leyti, þá hefði kannske verið betra að fara einhvern veginn öðruvísi að en að hækka hámarkið á leigu fyrir húsnæði.

Hv. frsm. talaði um, að ég mundi vera líkur hesti, sem hefði verið ágætur reiðhestur, en væri fælinn og hlypi ætíð til vinstri. Það kann vel að vera. En ég verð að segja, að mér virðist þá ekki síður bera á því, að hv. frsm. meiri hl. sé með sama galla, en fælist bara til hægri, og það er frá mínu sjónarmiði sízt betra. En ég verð að segja honum, að þetta getur ekki stafað af sjóngalla hjá mér, því að nýlega fór ég til augnlæknis og reyndist hafa 6/6 sjón á báðum augum, svo að af sjóngalla stafar þessi fælni mín ekki.

Ég held, að ég hafi komið svo rækilega inn á þetta frv., að öllum ætti að vera ljóst, sem ekki bregða við blinda auganu, að með þessu frv. er ekki verið að berjast fyrir hagsmunum leigjenda. Það var ekki fram borið til að berjast fyrir hagsmunum leigjenda, og þær breyt., sem það hefur tekið á Alþingi, hafa ekki verið gerðar til að vinna að hagsmunum leigjenda, heldur er allt miðað við hagsmuni húseigenda. Öll túlkun okkar, sem ræðum frv., er náttúrlega með gerólíku móti, því að sumir líta á málið frá sjónarmiði leigjenda, en aðrir frá sjónarmiði húseigenda, og niðurstaðan verður þá eðlilega á allt annan veg.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að hv. þm. Barð. Hann hagræddi orðum mínum, eftir því sem hann hefði kosið, að þau hefðu verið. Hann sagði, að ég hefði fagnað því ástandi, sem hefði skapazt við gildandi húsaleigulög, ég væri svo ánægður yfir því, að báðir aðilar hefðu komið sér saman um að brjóta lög. Það er síður en svo. En ég er ánægður með l. eins og þau

eru, að svo miklu leyti sem hægt er að framkvæma þau. Ég er síður en svo ánægður með það, að þrátt fyrir hin verndandi ákvæði l. skuli hafa tekizt að fara á bak við þau og brjóta þau. En ég sé samt ekki, að þetta frv. komi að neinu leyti í veg fyrir, að hin verndandi ákvæði l. séu brotin. Það, sem ég sagði, var það, að hinum verndandi ákvæðum l., sem koma að meira og minna leyti í veg fyrir okur, þeim fagnaði ég, og ég taldi fulla þörf á að setja l. til að koma í veg fyrir okur á fleiri sviðum í þjóðfélaginu, en það, sem hv. þm. Barð. væri alltaf að tárfella yfir, væri það, að l. væru í gildi, en það, sem okkur bæri báðum að tárfella yfir, væri það, að ekki hefði tekizt að setja ákvæði, sem fyrirbyggðu til fulls okur á húsnæði.

Hv. þm. sagði, að ekkert væri auðveldara en að koma í veg fyrir svartan markað og okur, það væri ekki annað en skrá gengið rétt. Er þá ekki búið að laga þetta? Er nokkur hætta á svartamarkaðsbraski meir? Er ekki búið að breyta genginu eins og stjórnarflokkarnir töldu þurfa til að það væri rétt skráð? Ég er hræddur um, að þau áhrif séu ekki enn farin að koma í ljós af gengislækkuninni. Eða þarf kannske nýja gengislækkun? Stendur til að breyta genginu á ný til þess að koma í veg fyrir húsaleiguokur í Reykjavík og lækna þær þjóðfélagslegu meinsemdir, svartamarkaðsbrask og okur? Hv. þm. Barð. segir, að það sé lækningin. Hans meginskoðun hlýtur að vera sú, að það eigi að breyta genginu, lækka það, þangað til ekki sést svartamarkaðsbrask. Hann ætti að auglýsa þetta í sínu Morgunblaði.

Ég er hræddur um, að hæstv. stj. sé búin að sjá það, að sú gengislækkun, sem þegar hefur verið framkvæmd, verður hvorki lækning á einu né neinu. Þess vegna býst ég við, að leigjendur megi lengi bíða eftir, að komið verði í veg fyrir svartamarkaðsbrask í húsnæðismálum eða á öðrum sviðum, ef gengislækkun hæstv. stj. á að lækna slíkar meinsemdir.

Það var nokkuð langt sótt hjá hv. þm., þegar hann spurði, hvers vegna ég og Sósfl. hefðum ekki barizt fyrir, að þær 14 milljónir, sem ákveðnar voru til launauppbótar, færu til að leysa húsnæðisvandamál Reykjavíkur. Að því er mig snertir, þá tók ég ekki þátt í afgreiðslu þess máls, ég var ekki á þingi, þegar sú ákvörðun var tekin. En ég býst við, að hv. þm., sem viðurkenndu þörf fastlaunamanna fyrir launauppbótina, hafi byggt það á því, að þeir hafi viðurkennt þá staðreynd, að dýrtíð hefur aukizt, en föst laun ekki, og talið, að það væri ekki viðunanlegt. En það hefur ekki nein áhrif á ástandið í húsnæðismálunum, og ef farið er að rýmka um verndarákvæði húsaleigulaganna leigjendum til handa, þá verður það viðbótarrök fyrir því, að þörf hafi verið að veita fastlaunamönnum nokkra launauppbót, m. a. til að standa straum af húsaleiguokri í Reykjavík.

Hv. 8. þm. Reykv. rakti afskipti hinna stjórnmálaflokkanna af húsnæðismálunum. Hún talaði um verkamannabústaðina og sagði, að þeir væru fyrst og fremst mál Framsfl. Mér er ekki kunnugt um, að Framsfl. hafi haft neina forustu í því máli. Ég held, að það sé óumdeilt, að Alþfl. hafi þar átt frumkvæðið. Hann barðist árum saman fyrir því máli við daufar undirtektir Alþingis. Allir forustumenn Sjálfstfl. töldu þetta erlent fyrirkomulag og bezt væri að gera engar umbætur og hafa engin afskipti af þeim málum. Sjálfstfl. barðist eins og ljón gegn þessari lagasetningu. Þegar l. um verkamannabústaði voru lögfest með samþykkt frv. Héðins heitins Valdimarssonar, var það óneitanlega með stuðningi Framsfl., en það var fyrst og fremst baráttumál Alþfl.

Þá kom hv. þm. að því, hvað gert hefði verið fyrir afskipti nýsköpunarstj. Niðurstaða hv. þm. var sú, að þá hefði lítið verið gert, enda lýsti hann ástandinu þá þannig, að þá hefði fjármagnið flotið um allt land og peningar verið til alls. Nú er skiljanlegt, að þegar slík flóðalda peninga fer yfir landið, þá sé einna minnst ástæða fyrir hið opinbera að leggja fram stórfé til aðstoðar í húsnæðismálunum, þá geta einstaklingarnir fremur bjargað sér sjálfir, og að því leyti hefði verið eðlilegt, að dregið hefði úr framlögum hins opinbera til húsbygginga, þegar flóðalda peninganna fór yfir landið. Stjórnendur landsins á því tímabili voru Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. En þrátt fyrir þetta peningaflóð hjá almenningi var þó haldið áfram þeirri starfsemi að byggja verkamannabústaði og þó nokkuð umfram það, sem veitt var á fjárl., þannig að yfirdráttarlán mynduðust hjá sjóðnum, svo að milljónum skipti, fyrir það, að meira var byggt en ákveðið var samkvæmt fjárl.

Þá sýndi hv. þm. fram á og það með nokkrum rökum, að þegar sú stjórn sat að völdum, sem við tók af nýsköpunarstj., en hún var skipuð fulltrúum frá Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., hefði aðgerðaleysið orðið algert í þessum málum. Þá hefði m. a. verið felld niður löggjöf um aðstoð við byggingar til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum. Ég held ég muni það. Það bar þannig að, að þáverandi fjmrh., Jóhann Jósefsson, lagði það fyrir sína meðráðherra, að það væri ekki fé fyrir hendi í ríkissjóði til þess að standast útgjöld til að framkvæma þennan kafla l. um verkamannabústaði o. fl., og krafðist þess, að framkvæmd þessa kafla l. yrði frestað. Mér er ekki kunnugt um, að fulltrúar Framsfl. í þeirri stj. hafi mótmælt þessu eða eigi þar á nokkurn hátt aðra sögu en hinir flokkarnir. Um þetta sagði hv. þm. það, að hún minntist þess ekki, að ég hefði haldið neina ádeiluræðu í þingsölunum út af þeim aðgerðum. Það er rétt, en ég barðist á móti því í mínum flokki, að gengið yrði inn á slíkt samkomulag í stj., að fella niður framkvæmd 3. kafla þessara l. Það má vera, að hv. 8. þm. Reykv. heyi nú sams konar baráttu móti því í sínum flokki, að ekkert sé aðhafzt í húsnæðismálunum annað en að spilla löggjöfinni í framhaldi af því, sem þá var gert, en fái ekki rönd við reist. Mér kæmi það ekki á óvart, því að nú er sú saga að endurtaka sig, að þegar svokallaðir vinstri flokkar eiga samstarf við Sjálfstfl., þá koma fram kröfur að gera ekkert í þeim málum, sem mest varðar um fyrir fátækasta hluta þjóðarinnar, og ef þeir fá undirtektir um það, þá er farið að færa sig upp á skaftið og beðið um, að sú verndandi löggjöf,

sem til er, verði felld niður eða breytt til hagsbóta fyrir þá, sem hafa aðstöðu til að reka einhverja fjárplógsstarfsemi í landinu. Það var þetta, sem gerðist, þegar Alþfl. stjórnaði með Sjálfstfl. og Framsfl., þegar 3. kafli l. var felldur niður. Sama endurtekur sig nú, þegar Framsfl. er í samstarfi við Sjálfstfl. um ríkisstjórn. Þá á að spilla þeirri verndandi löggjöf í húsnæðismálum, og Framsfl. virðist sætta sig við það mætavel. Sama gerðist á þessu þingi, þegar þessi hv. þm. flutti frv. um skattlagningu á lúxusíbúðunum. Flokkurinn var kúskaður til að leggja það mál til hliðar. Þá fluttu tveir sveitamenn frv. til l. um húsaleigu, sem er ekki róttækara en það, þegar af stað er farið, að dregið er stórkostlega úr öllum verndandi ákvæðum gildandi l., sem verulegu máli skipta, og svo er ákveðið síðast, að löggjöfin skuli afnumin í áföngum. En sagan er ekki öll sögð með því. Meðferð þingsins á þessu frv. sveitaþm. er þannig, að dregið er enn úr þeim fáu verndandi ákvæðum, sem þó voru eftir, svo að nú eru þau að engu að verða. Heimildin til verðlagningar er hækkuð. Það er dregið úr hinum verndandi ákvæðum um fjölskyldufólk og þar fram eftir götunum. Ég veit, að þetta verður Framsfl. að sætta sig við vegna stjórnarsamstarfsins. Og þetta er sönnun þess, að róttækar kröfur til umbóta í húsnæðismálunum, eins og Framsfl. bar fram fyrir síðustu bæjarstjórnarkosningar og skrifaði myndarlega um í flokksblað sitt, Tímann, verði nú að hverfa úr sögunni, en þess í stað að standa að frv. eins og því, sem hér liggur fyrir, til að halda frið á heimilinu, þar sem annar aðilinn heimtar, að lokum sé skotið frá, til þess að þeir, sem stunda gróðastarfsemi með lausafé eða fasteignir í landinu, fái óbundnari hendur, og þau mál, sem sýna einhverja viðleitni til vinstri sjónarmiðs, eigi ekki framgangsvon. Þegar vinstri flokkarnir eiga samstarf við Sjálfstfl., á sú vinstri hönd, sem heldur á einhverju góðu máli, að visna — og visnar líka. Ég þekki þessa sögu. Hún hefur endurtekið sig það oft, að ég er farinn að kannast við hana. Ég þekki hana í sambandi við minn flokk, og ég sé, að nú endurtekur hún sig í sambandi við Framsfl. Hv. 8. þm. Reykv. sagði réttilega, að skrif Tímans frá því fyrir kosningar um húsnæðismálin sómi sér vel. Þetta er rétt, en efndirnar eru ekki til eins mikils sóma. Mér líkaði vel þegar hv. 8. þm. Reykv. var komin út í stríðshumör í umr. í dag og lét að sér kveða, og ég hefði verið fullur fagnaðar, ef hún hefði verið að innleysa kosningarloforðin um að segja fjárplógsstarfseminni stríð á hendur, en hún var í þess stað að segja leigjendum í Reykjavík stríð á hendur. Og að standa með samþykkt þessa frv. er að standa með auknum fjárplóg á hendur þeim og segja málstað þeirra stríð á hendur. Ég átti von á því, að hv. 8. þm. Reykv. tjáði sig fylgjandi till. okkar í minni hl., okkar hv. 1. landsk. þm., um að fela hæstv. félmrh. að undirbúa heildarlöggjöf um þessi efni, sem full þörf er að gera sem fyrst, og ég vona, að hún verði ekki ein úr sínum flokki til að fylgja brtt. við 7. gr., því að fengist hún samþ., þá væri þó í undirbúningi og ég vil segja í góðum höndum endurbót, sem byggð væri á sönnum rannsóknum, og vænti ég góðs af þeim niðurstöðum, en ég er ekki vonlaus um, að vilji sé fyrir því meðal Framsfl. hér í deildinni að gera fleiri lagfæringar á frv., svo að ekki felist minni vernd í því fyrir leigjendur en var þegar frv. var lagt fyrir Nd., og ég er ekki vonlaus um, að með aðstoð framsóknarmanna megi fá fram breytingu á 2. gr., að forgangsréttur barnafjölskyldna, fram yfir aðra en skyldmenni, til húsnæðis verði tryggður og till., sem felur í sér að halda sig við 7 kr. hámarksleigu á hverjum m² gólffletar, eins og var í frv. í upphafi, en hámarkið er nú komið í 9 kr. Þá vona ég, að styrkur Framsfl. fengist með því, að leiga í gömlum húsum, þ. e. húsum, sem byggð eru fyrir áramót 1940, verði ekki nema í hæsta lagi 5 kr. fyrir hvern fermetra gólffletar, og er það raunar dýrara en að greiða 7 kr. í nýjum húsum, þar sem hitakostnaður er stórum meiri í þeim og auk þess vantar ýmis þægindi í þau, sem leiðir af sér stóra kostnaðarliði fyrir íbúana, auk óþæginda, sem af því stafa. Ég vona því, að framsóknarmenn og aðrir réttsýnir menn í hv. d., sem ekki eru um of bundnir af hagsmunum húseigenda, geti fylgt till. þeim, sem ég hef gert hér grein fyrir við 2. og 5. gr. frv. Það er ekki þar með sagt, að ég telji ekki þörf á fleiri breytingum við frv., t. d. við 1. gr., að ekki verði rýmkað fyrir húseigendum, en ég tel meiru máli skipta um skýlausan forgangsrétt barnafjölskyldna og um leiguhámarkið í 5. gr. og að mismunur verði gerður á leigu í gömlum og nýjum húsum. Þá hefur það verið venja hjá húsaleigunefndum að meta leiguna eftir gólffleti íbúðarherbergja, en reikna ekki geymslur, ganga, forstofur og annað slíkt með í leigunni, en nú er gert hér ráð fyrir að reikna allt með á 9 kr. hvern fermetra, og yrði því af þeim ástæðum um stórfellda hækkun húsaleigu að ræða, auk þess sem farið yrði inn á nýjar leiðir í þessum efnum. Ég mun því í brtt. minum miða við fermetra gólffletar í íbúðarherbergjum, svo sem hingað til hefur verið gert. Ég þykist því geta markað afstöðu Framsfl. og geta séð, hvað hann vill, með afstöðu hans til þessara till. og þeirra, sem þegar hafa verið lagðar fyrir. Það hefði verið rétt að taka inn í frv. heimild til skömmtunar á húsnæði, til að tryggja betri notkun þess, og hefur hv. þm. Barð. talið sig fylgjandi þeirri leið, og væri einnig rétt að fullnægja Framsfl. með því að setja inn í frv. heimild til að leggja á stóríbúðaskatt, þannig að hæstv. félmrh. hefði haft sem rýmstar hendur um hverjar þær ráðstafanir, sem tiltækilegastar væru til að ráða sem mesta bót á húsnæðisvandamálunum, og notfæra sér þær ýmsu aðferðir, sem menn hafa látið sér detta í hug til úrbóta þessu vandamáli og þá sérstaklega hér í Reykjavík. Það er nú þeim mun meiri ástæða til að gefa þessum málum gaum en áður, í fyrsta lagi að færri geta nú byggt yfir sig en áður; í öðru lagi, að fjárhagurinn hefur nú versnað það hjá fólki, að færri geta af þeim ástæðum byggt yfir sig en áður, og í þriðja lagi eru nú slíkir fjötrar á í þessum efnum, að óvíst er, hvort nokkrar byggingarframkvæmdir verða leyfðar á þessu ári.

Ég hef nú liggjandi í fjárhagsráði umsókn um heimild til að byggja verkamannabústað á Hnífsdal, en þar hafa ekki áður verið byggðir verkamannabústaðir. Það er beðið um að fá að byggja 2 íbúðir, og eru báðir þeir aðilar, sem í hlut eiga, í óhæfu húsnæði, en heyrzt hefur, að fjárhagsráð ætli að synja um öll leyfi, og sennil. verður engu fé varið í þessu skyni, og sjá menn þá, hvernig fólk er statt í þessum efnum. Ég hefði því talið heppilegra að hafa í frv. heimild til hvers konar gagnlegrar ráðstöfunar fyrir leigjendur, sem verða nú verr settir með hverri vikunni, sem líður, og ekki mun minnka, sérstaklega ef þetta frv. verður samþ. óbreytt. Ég leyfi mér svo að leggja fram hinar skriflegu brtt. mínar og afhenda þær hæstv. forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflegar brtt. (sjá þskj. 781 og 782) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.

Brtt. 782,1 felld með 7:5 atkv.

2. gr. samþ. með 9:3 atkv.

3.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 782,2 felld með 8:5 atkv.

5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 696 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrA, BrB, FRV, HV, HG, RÞ.

nei: VH, ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, PZ, BSt.

3 þm. (BBen, EE, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Eins og ég hef bent á, er ríkisstjórninni í lófa lagið að afla sér upplýsinga á einfaldari hátt um málið og komast að því, hvaða kostnað hér verður um að ræða fyrir ríkissjóð, og ég segi því nei.

Bernharð Stefánsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. N-M. segi ég nei.

Brtt. 781 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HG, StgrA, BrB, FRV.

nei: HermJ, KK, LJóh, PZ, RÞ, VH, ÞÞ, GJ, BSt.

3 þm. (JJós, BBen, EE) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel mikil vandkvæði vera á framkvæmd þessarar till., en í trausti þess, að það verði lagfært á síðara stigi málsins, segi ég já.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Þetta mál hefur verið rætt og er til athugunar í ríkisstj., hvort ekki sé hægt að taka upp svipaðan hátt með úthlutun fjárfestingarleyfa og þessi till. gerir ráð fyrir. Þetta er þó ekki endanlega ákveðið enn þá. En ég vil taka það fram, að það er hægt að taka upp þennan hátt án þess að breyta lögum; slíkt er hægt að gera með reglugerð. Ákvörðun um þetta verður endanlega tekin seinna í sumar. Með tilliti til þessa segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég tel, að þessi brtt. eigi ekki heima í þessum lögum, heldur í lögunum um fjárhagsráð o. fl., en frv. um breyt. á þeim lögum liggur einmitt nú fyrir þinginu. Ég segi þess vegna nei.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti. Það liggur nú fyrir till. sama efnis í hv. Nd., sem hv. fjhn. þeirrar deildar stendur óskipt að. En þar sem sýnilegt er, að sú till. nær ekki fram að ganga á þessu þingi, hef ég ásamt hv. 7. landsk. borið fram þessa till., svo að hv. þm. geti sýnt vilja sinn í þessu efni. Ég segi já.

Bernharð Stefánsson: Ég segi nei með tilvísun til grg. hæstv. landbrh.

7. gr. samþ. með 8:5 atkv.

8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur ummæli frá hv. 6. landsk., sem eigi má láta ómótmælt. Hann sagði í sambandi við þetta mál, að sagan væri að endurtaka sig, Sjálfstfl. væri að nema brott öll verndarákvæði í löggjöfinni. Ég leyfi mér að lýsa þetta sem rakalaus og tilhæfulaus ósannindi. Hann segir, að þetta snerti flokk sinn. Ég vil í sambandi við samstarf flokks hans og Framsfl. á sínum tíma benda honum á, að Alþfl. hefur aldrei farið verr út úr kosningum en eftir slíka samvinnu. Ég veit, að hv. þm. ætlar þetta ekki, en þó má eigi láta þessu ómótmælt. Það eru rakalaus ósannindi. Er ósanngjarnt að bera slíkt fram í umr. — Hann sagði, að rétt væri að taka inn heimild um skömmtun húsnæðis til að mæta vilja Framsfl. En hv. 6. landsk. veit, að ég hef gert grein fyrir því, að ég vildi heldur skömmtunina en tekinn væri upp stóríbúðaskattur hv. 8. þm. Reykv. Hvort tveggja gat ekki samrýmzt í frv., og get ég eigi fylgt málinu, ef stóríbúðaskatturinn á að fylgjast með. Er því rétt að taka þetta fram. Ég vil þó gera grein fyrir því, hvers vegna ég greiði atkv. á móti hámarkstill. Ég var andvígur því að hafa hámark á húsaleigu, ekki af því, að spornað sé við hárri húsaleigu með því, heldur vegna þess, að rangt er, þegar sett er í frv., að húsaleigan skuli ákveðin af dómbærum mönnum, að takmarka þannig upphæðirnar. Hljóta ævinlega að vera tilhneigingar til að færa húsaleigufjárhæðina upp í þetta hámark. Þess vegna vildi ég að hámarkið yrði þurrkað út. Ég tel, að menn þeir, sem ákveða húsaleiguna, hafi nægа dómgreind til að bera. Þarf ekki að setja hámarksákvæði um mjög gömul hús, heldur á vald dómkvaddra manna, og á ekki að kveðja aðra menn til þess. Þess vegna vil ég ekki heimila hámark. Treysti ég þessum mönnum.

Ég get ekki látið vera að benda á, að hv. 6.

landsk. hefur skýrt frá því, að húseigendur væru fjárglæframenn. En ég lít svo á, að húseigendur hafi tekið að sér merkilegt verkefni, sem hvorki ríkisvaldið né bæjaryfirvöld hafa treyst sér til að leysa. Ef þetta verkefni er í höndum stórgróðamanna eða glæpamanna, þá væri miklu nær að bera fram lagafrv. um að taka allar eignir af þessum mönnum og fá hinu opinbera. Ég er þeirrar skoðunar, að þessir menn leysi af hendi merkilegt starf, og er því ranglátt að halda uppi áróðri gegn þessari stétt. Auk þess veit ég, að margir húseigendur, sem hér er um að ræða, eru verr settir en þeir, sem hv. þm. vill verja. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. þm. Barð. taldi sig nú tilbúinn að kveðja sér hljóðs til að lýsa þau ummæli mín ósannindi, að um ákveðinn flokk hefði jafnan farið svo í samstarfi við Sjálfstfl., að um hin góðu mál.... (*Forseti:* Ég óska eftir því, að rætt sé um frv.) hefði orðið samkomulag, að þau næðu eigi fram að ganga. Hann taldi flokk minn hafa fengið reynslu af þessu. Verður því vart undanhalds hjá honum. Ég get minnt á rök hæstv. fjmrh. um niðurfelling 3. kafla l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Dæmin liggja nær en hv. þm. Barð. vill viðurkenna. Þótt hann lýsi ummæli mín ósönn, þá eru þau jafnnærri sannleikanum fyrir því, og mótmæli standast ekki, því að ummæli mín eru í samræmi við staðreyndir.

Þá mótmælti hann till. minni um skömmtun á húsnæði og stóríbúðaskatt. Í fyrsta lagi taldi hann sig geta fremur verið fylgjandi skömmtuninni. En vitanlega verður skatturinn einnig settur inn í gr. í frv., ef þetta verður samþ. Hefur hv. þm. þó vitanlega óbundnar hendur. En framsóknarmenn hafa greitt atkv. með stóríbúðaskatti, þar eð 3 hv. þm. þeirra hafa flutt frv. þess efnis á þessu þingi. Verður því hægt að gefa hvorum tveggja aðila tækifæri til að standa við fyrri fullyrðingar sínar.

Fullyrðing hv. þm., að ég hafi lýst húseigendur glæpamenn, eru hans eigin gífuryrði. Ég er sjálfur húseigandi og væri því í hópi þeirra glæpamanna, sem hann lýsir. Hitt hef ég sagt, að full ástæða væri til, eins og málunum er nú háttað, vegna hækkandi verðlags og versnandi efnahags almennings og hins, hverjir slagbrandar nú eru settir af fjárhagsráði fyrir það, að byggingarefni fáist í íbúðarhús, að hafa öll verndarákvæði í l. fyrir leigjendur. Mundi ég sætta mig við ákvæði, sem kæmu í veg fyrir okur. Ég er ekki steinblindur, eins og hv. þm. Barð., á þörf þeirra manna, sem þurfa að fá leigt húsnæði. Það er mikið djúp staðfest á milli þess að stimpla húseigendur sem glæpamenn og að koma í veg fyrir hækkaða leigu vegna nauðsynjar þeirra, er taka þurfa á leigu.

Ég hef eigi túlkað annað í ræðu minni en það, sem hv. þm. Barð. bar á móti.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, RÞ, VH, ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, BSt.

nei: StgrA, BrB, FRV, HV.

4 þm. (BBen, EE, HG, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Þótt ég sé ekki ánægður með frv. eins og það er og telji það ekki nægilega róttækt, segi ég já í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir Alþ. í haust frv. til l. um húsnæði á öllu landinu.

Rannveig Þorsteinsdóttir: Í trausti þess, að tími vinnist til að fá nýja löggjöf í stað þessarar, sem felli niður 7. gr. frv., segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 791).

58. Skógrækt.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 14. maí 1940, um skógrækt [103. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 49. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki stórt eða mikilvægt að vöxtum, en þarft virðist það vera og nauðsynlegt, eins og nú er háttað, og við flm. höfum eftir ósk Skógræktarfélags Íslands tekið að okkur að flytja það hér. Í sandgræðslul. okkar eru nokkurn veginn skýr ákvæði um það, hvernig fara eigi um það, þegar búpeningur sækir í girt gróðurlönd sandgræðslunnar, en það eru ekki eins nákvæm ákvæði um þau lönd, sem girt eru vegna skógræktarinnar. Hér í þessu frv. er leitazt við að gera þau ákvæði skýrari og rækilegri en áður hefur verið, og m. a. er það skýrt sagt hér, hvað til þess þarf, að hægt sé að heimta að fénaði þeim, sem ásækir trjáræktarlönd manna, verði slátrað, og þurfi ekki að vera ádeilur um það og jafnvel málaferli, eins og hefur átt sér stað um slík atriði. Flm. hafa ekki viljað hafa ákvæðið svo strangt, að fénaður væri tekinn undireins, þó í eitt skipti væri, sem hann kæmist inn fyrir hið girta svæði, og slátrað, en ef það er oftar, þá er heimild til þess. Þetta kann að þykja heldur lint ákvæði, og yfirleitt er mikil hætta á því, ef aldar eru upp dilkær, sem komast inn í svona girt lönd, að þau svæði verði fyrir miklum ágangi, eins og hefur sýnt sig í Þingvallahrauni og víða, þar sem slík lönd eru girt. Ég ætla svo ekki við þessa 1. umr. að orðlengja um þetta mál, en vil leyfa mér að stinga upp á, að því verði vísað til landbn. að lokinni þessari umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Enda þótt þetta mál fari til n., sem ég á sæti í, þá langar mig til að fá hjá hv. flm. nokkrar upplýsingar um málið. Það er tekið fram, að komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem afgirt er með fullgildri girðingu, þá skuli eigandi merkja féð, tilkynna það hreppstjóra o. s. frv. Nú langar mig til að spyrja, hvað er fullgild girðing. Telur hann fullgilda girðingu, ef hún er styrkhæf til jarðarbóta eftir jarðræktarl.? Sé svo, þá fara skepnur í gegnum þær girðingar, og mér er ekki vitanlegt, að nokkurt skóglendi hafi verið girt með girðingu, þar sem skepnur fara ekki í gegn. Ríkið á Þingvöll, og 1. flm. frv. er einn af þeim, sem þar á að sjá um, en út úr þeirri girðingu er smalað fleiri hundruð fjár á hverju ári, og í þeirri skógræktargirðingu, sem ég þekki bezt, á Hallormsstað, eru ævinlega nokkrar kindur á hverju hausti, og þó hugsa ég, að það verði að telja, að það sé nokkurn veginn fullgild girðing eftir girðingarlögum. Þegar vatn rennur niður hlíðarnar, myndast grófir, þar sem féð smýgur undir, þó reynt sé að hlaða undir girðinguna einu sinni á ári. Þess vegna finnst mér þetta ákaflega tvísýnt ákvæði og finnst þar að auki tvísýnt, hvort eigi að gera skógræktinni hærra undir höfði en jarðrækt og túnrækt, sem þjóðin, a. m. k. sveitafólkið, lifir af. En það, sem vakti sérstaklega fyrir mér að fá að vita, var þetta, hvað er meint með fullgildri girðingu, og hverjir eiga að skera úr því, þegar finnast einhverjar kindur á haustin í skógargirðingum, hvort þær hafa smogið undir girðinguna um einhverjar grófir, sem vatn hefur grafið og ekki hefur verið gert við nógu snemma, eða ekki, svoleiðis að kindurnar séu ekki réttdræpar fyrir að vera komnar þar inn. Ég held, að þetta sé ákaflega vafasamt mál og þurfi meiri og ýtarlegri grg. fyrir því, hvað hér er meint með fullgildri girðingu og hver á að skera úr því, hvort galli er á girðingunni, eða hún er lögleg, og kindur, sem gegnum hana fara, réttdræpar.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. Mér hefði fundizt, þar sem hv. síðasti ræðumaður er form. þeirrar n., sem þetta frv. fer til, að hann hefði getað látið bíða að láta sitt ljós skína þangað til málið kom til n. En fyrst hann lætur ljós sitt skína og leggur spurningar fyrir, þá verð ég að segja, að mér virðist, að því hvað fullgilda girðingu snertir, að þessu leyti girðingarl. landsins, að ef þeim l. er áfátt, þá beri okkur landbnm. að reyna að endurbæta þau ákvæði, sem þar eru. En hann ætti að vita það, þessi hv. þm., að alls staðar eru kindur, meira að segja meðal mannkindanna, sem eru sérkennilegar og einstakar, og þess vegna er það líka með sauðkindina, að það eru skepnur, sem leita frekar á girðingar og bannað svæði heldur en aðrar skepnur, og ef þær sjá opið rúm, þá fara þær inn, þó að það sé ekki alfaravegur. En það er satt, að ef girðingin er gölluð, þá þarf ekki að nota þær aðferðir að skera þessar skepnur. En hann spyr, hvað sé galli. Ef um galla væri að ræða á girðingu, þá geri ég ráð fyrir, að það mundi jafnvel koma undir mat úttektarmanna, hvað væri galli á girðingunni, en eins og hann gat um, þá getur vatnsrennsli opnað leið undir girðinguna. En annars álít ég, að við getum sparið okkur frekari umr. um þetta mál nú, þar sem við eigum báðir sæti í þessari n., sem málið fer sennilega til, og getum við þá athugað um þetta. Ef við teljum, að það þurfi endurbætur á girðingarl., þá getum við gert breyt. þar um. Ég veit ekki betur en ég væri hvatamaður að því á s. l. ári, að girðingarl. væru endurskoðuð bæði um það, hvað væri ógölluð girðing, o. fl., og ég býst við, að það verði lagðar fyrir næsta búnaðarþing till. um þau atriði, en ef það mætti ekki bíða, þá er rétt að gera þessar endurbætur strax. Nú er það önnur löggjöf, sem liggur fyrir og er komin til okkar, það eru ræktunarl., og þó þar sé ekki um að ræða venjulegar merkjagirðingar, þá gæti komið til greina, að reynt væri að koma því inn, hvað þarf til að gera slíkar girðingar styrkhæfar. Við getum athugað, hvort n. getur ekki sameinazt um þessa hluti, og kemur það þá í ljós við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 378, 379).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Landbn. varð sammála um þetta frv., þannig að efnislega vill hún fylgja því, en gerði á því ýmsar umbætur eða vildi kveða nákvæmar á um ýmis atriði, en lítið er það og fremur formbreytingar. Og náðist þá samkomulag. Breyt. þær, sem gerðar eru á frv., eru aðallega fólgnar í því, að eigi er gert ráð fyrir, að ákvæðin um ágang búfjár nái til girðinga, sem einstakir menn eiga. En svo er viðaukagr., sem gerir þeim fært að leita til hreppsnefnda eða bæjarstjórna, hvort þær vilji ákveða, að skógrækt þeirra fái þá vernd, sem í frv. greinir. En vilji þær ekki gera þetta, þá geta þeir snúið sér til skógræktarstjóra og lagt skógræktarsvæði undir tilsjón hans, en þurfa þá eigi að leita til hreppsnefnda eða bæjarstjórna um þessi atriði. Það getur komið fyrir, að þetta verði snúningasamara, en ég býst við, að hægt sé að koma fram fullum hefndum á því búfé, sem ráðizt hefur áður inn á skógræktarsvæði, þannig að því verði lógað. En hins vegar er ekki rétt að heimta, að því sauðfé verði lógað, sem komizt hefur inn fyrir vegna þess, að girðingarnar hafa ekki verið í lagi. Er það gert til þess, að eigi sé lógað fé, sem ekki hefur reynt að ráðast á löghelgaðar girðingar.

Þá er bætt ákvæði inn í frv. skv. ósk hv. 7. landsk., sem sýndi fram á, að þeir, sem hafa trjálundi, í aðalkaupstöðunum og víðar, eiga við sömu erfiðleika að búa. Þetta kemur eins og engisprettuplága á einni nóttu og eyðileggur mikið í sömu svipan. Okkur þótti þetta því rétt og sáum okkur eigi fært að setja okk-

ur á móti því, að b-liður yrði settur í frv. Teljum við það sjálfsagt. En þetta er líka komið undir því, hvort slík vernd verður veitt af hálfu hreppsnefnda eða bæjarstjórna.

Annars er hér ekki um verulegar breyt. að ræða, og gat ég sætt mig við þetta og hef líka borið það undir þá menn, sem stóðu að því, að frv. var flutt.

N. leggur til, að brtt. á þskj. 379 verði samþ. í stað 1. gr. frv. sjálfs.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á því, sem í brtt. felst. Og ég er hræddur um, að þetta sé of flókið og betra sé að hafa engin lagaboð en svo löng fyrirmæli, sem fremur eru til að sýnast en ná tilgangi sínum. Ég get ekki áttað mig á því, sem í b-lið brtt. greinir, hvað það eigi að tákna: að trjáræktarreitir einstakra manna eiga að geta notið verndar, þótt hreppsnefndir og bæjarstjórnir mæli ekki með því. Talað er um, að þeir falli þá undir umsjá skógræktarstjóra. En ég þarf að átta mig á, hvaða kvaðir muni fylgja þessu. Ég sé ekki, að sanngjarnt sé, að menn þurfi að viðhafa umrædda aðferð, ef þeir hafa gengið vel frá girðingum sínum. En ég efast um, að lagaboð þetta muni koma að ákaflega miklu gagni, ef úttektarmenn hreppsins eiga að vera endanlegir úrskurðarmenn um þessi efni. Það er ekki heldur alltaf tryggt, að þeir séu óvilhallir. Á hinn bóginn hef ég ekki enn séð þá girðingu hér á landi, að sauðskepnan geti ekki einhvers staðar skriðið í gegn. En þetta er matsatriði, og held ég, að um þessi efni þurfi skýrari ákvæði. — Hv. flm. sagði, að menn hefðu borið sig saman við ýmsa aðila. Ég veit nú ekki, hverjir þeir eru, en það mun vera Skógræktarfélag Íslands. En ég tel eigi óeðlilegt, að leitað verði álits Búnaðarfélags Íslands. Er óeðlilegt, að gengið sé lengra í málinu, áður en sá félagsskapur hefur látið uppi umsögn sína. Ég óska því eftir, að málinu verði frestað. Brtt. hv. landbn. er svo flókin, að ekki er hægt að ætla hv. þingmönnum að kynna sér hana til hlítar á þessum fundi

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég vil geta þess undireins, að óski hæstv. dómsmrh. eftir að fá námskeið í frv., þá tel ég víst, að hv. 1. þm. N-M. sé tilbúinn að veita honum það. Hann er gamall kennari, og hefur verið talið, að honum léti eigi sízt starfa að kenna. — Annars fæ ég ekki séð, að þetta sé svo stórlega flókið. Það er svo, að skógræktarstjóri hefur „registrerað" þau skógræktarsvæði, er hann hefur tekið í umsjá sína, og lætur menn frá sér líta á staðinn, sjá um viðhald og sæmilega meðferð. Ég held, að það sé þetta, sem hann vildi aðallega leggja áherzlu á. En ég sé ekki betur en hreppsnefndir og bæjarstjórnir mundu leyfa þetta og gera þau ákvæði, að trjárækt aukist hjá þeim. Ég held, að eigi komi að sök, að innanhéraðsmenn verði úttektarmenn, og ég hef hvergi orðið var við, að þeir séu hlutdrægir í slíkum málum, enda er sett fyrir þann leka með því, að sýslumaður eða bæjarfógeti kveðji þá óvilhallan mann eða menn í stað þeirra. Ég held, að það þurfi því eigi að óttast rangdæmi. En menn hafa um tvennt að velja: skjóta sér undan eftirliti skógræktarstjóra og snúa sér til hreppsnefnda eða bæjarstjórna og „vice versa", undan eftirliti hreppsnefnda eða bæjarstjórna og til skógræktarstjóra, ef þær snúast illa við málinu. Hér er því eigi um að villast. Gátum við fallizt á þetta og þótti það réttara, þó að orðalagið sé ekki eins skýrt og hæstv. dómsmrh. vill vera láta, og gæti ég umturnað því.

Þegar hæstv. ráðh. talar um að fresta afgreiðslu málsins, þá er þar af að segja, að frv. hefur verið borið undir formann Skógræktarfélags Íslands. Hér situr nú varaformaður þess. Held ég, að hann sé ekki öndverður málinu. Ég sé því ekki ástæðu til að senda frv. til umsagnar Skógræktarfélagsins.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég mundi greiða atkv. með þessari brtt., ef eigi er hægt að fá frv. samþ. eins og það var. En það hefði verið eðlilegast að fá það samþ. eins og gengið var frá því á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands árið 1949. Fjöldi bænda var á þessum fundi. Mæltu þeir ákveðið með málinu og töldu, að það yrði að sýna viðsýni og setja lagaákvæði um slík meindýr sem sauðfé er. Hér er fyrst og fremst um ásókn fárra skepna að ræða. Þær ganga á undan, síðan koma lömbin á eftir og þannig áfram koll af kolli. Svipuð ákvæði þessum eru í l., eins og minnzt hefur verið á, og þess vegna er ekki óeðlilegt, að skógræktin njóti sömu verndar, eins og er t. d. í sandgræðslul. Ég átti dálítinn þátt í þessu máli á fundinum, vegna þess að ég geri mér það ljóst, að þó að skógræktin sé rétthá og rétt sé að gera mikið fyrir hana, þá er sauðfjárbúskapur ein höfuðatvinnugrein Íslendinga, og verður því að taka fullt tillit til hennar. Það er vitað mál, að þessi atvinnugrein verður ekki rekin, nema nokkuð mikið sé beitt bæði vetur og sumar. Mér virtist allir vera sammála um, að nægilegt tillit væri tekið til sauðfjárræktar í þessu frv., ekki sízt, þar sem gert er ráð fyrir, að sé skepnu slátrað á óvenjulegum tíma árs, þá á sá, sem gerir til þess kröfu, að bæta allan skaðann, svo að það getur aldrei orðið tjón fyrir sauðfjárræktarbóndann. Vitanlega mundi ég kjósa, að frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir, en ég hef gengið inn á að samþ. þessa breyt., vegna þess að meðflm. minn að frv., hv. 11. landsk. þm., hefur skýrt mér frá því eða álítur, að ekki muni hægt að koma málinu fram með öðru móti en að gera þessar breyt. Og aðeins út frá því sjónarmiði, að betra sé að fá þetta samþ. heldur en ekki neitt, fylgi ég málinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka hv. frsm. fyrir það, að hann vísaði mér á svo gott námskeið sem hann gerði, en ég hygg, að þau orð hans hafi raunar sannað, að hann hafi ekki, þótt ótrúlegt sé, áttað sig á skyldu sinni sem frsm., vegna þess að skylda frsm. er að halda stutt námskeið fyrir dm. og gera grein fyrir því máli, sem honum er falið að kynna sér. (*ÞÞ:* Það virðist þurfa langt námskeið í þessu tilfelli.) Ég held honum væri nær, ef hann treystir sér ekki til að

hafa svo langt námskeið, að fela hv. 1. þm. N-M. að gera það, því að honum treysti ég betur til að mæla fyrir röngu máli heldur en hv. frsm. þessa máls. En undirbúningsleysi hv. frsm. kom glögglega fram í því, að hann gat ekki gert hv. d. grein fyrir því, hvernig varið væri þessari umsjón skógræktarinnar með skógræktarlöndum einstakra manna. Ég tek lítið mark á því, þó að hann vitni hér til skilríkra manna, sem hann hefur talað um þetta við, eins og t. d. skógræktarstjóra. Á hinu hefði ég tekið meira mark, ef hann hefði vitnað í lagaboð og gert grein fyrir, hvernig þessu væri varið, og þeir, sem í alvöru vildu sinna því hlutverki að halda námskeið um þetta efni, hefðu kynnt sér, hvaða lagareglur giltu um þetta og hvaða kvaðir væru samfara þeim, en hefðu ekki leitað til þess, sem hann gerði í þessum efnum. Að öðru leyti virðist mér það hafa komið fram í ræðu hv. þm. Str., að það er rétt, sem ég óskaði eftir, að æskilegt væri, að Skógræktarfélag Íslands, sem mun standa að flutningi þessa frv., láti uppi umsögn um brtt., vegna þess að ég hygg, að ekki fari fjarri því, að verði brtt. samþ., þá sé gildi frv. þar með úr sögunni og málinu að langmestu leyti eytt, eins og reyndar kom fram strax við 1. umr. Að minnsta kosti heyrði ég það útundan mér, að hv. 1. þm. N-M. var lítið um frv. gefið, og það er ljóst, að hann hefur hlunnfarið meðnm. *sína í þessu máli af undirhyggju og klókindum*, eins og honum var treystandi til.

Ég skal ekki rekja þetta frekar, en aðeins drepa á það, vegna þess að hv. frsm. gat þess, að ekki þyrfti að óttast, þó að hreppsn. væri látin hafa úrskurðarvald um málið, að á því er engin launung, að sums staðar og einmitt þar, sem hafa orðið deilur út af ágangi búfjár á skóga, hafa hreppsbúar margir verið algerlega andvígir þeim skógræktartilraunum, sem þar hafa verið gerðar, þannig að allir kunnugir vita, að ef eftir þeirra dómi hefði átt að fara, þá hefði sú tilraun aldrei átt sér stað, og þeir grétu víst þurrum tárum, þó sú tilraun færi út um þúfur. Það hefði ég haldið, að jafnglöggskyggn maður og hv. frsm. er hefði átt að vita, ef hann hefði ekki látið aðra sér verri menn véla sig út af réttri braut í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ekki ætla ég að taka fram fyrir hendur hv. frsm. þessa máls og ekki að halda það námskeið, sem hann var að vísa hæstv. dómsmrh. á. En hitt ætla ég að gera, ég ætla að gera nokkra grein fyrir, í hverju þessar brtt. eru fólgnar, sem hæstv. dómsmrh. virðast svo ákaflega þungskildar, og mun ég þá jafnframt að nokkru gera grein fyrir, hvernig þær eru til orðnar.

Fyrsta breyting n. frá því, sem er í frv., er sú, að skilgreint er, hvað er búfé. Við ætlumst ekki til þess, að drepin séu hænsni, gæsir, kettir og hundar, þó að þessi dýr komist inn á skógræktarsvæði, en allt er þetta réttdræpt, ef það kemst tvisvar inn á þessi svæði, eftir frv., eins og það liggur fyrir. Það er skilgreint í okkar till., að það sé sauðfé eða geitfé, annað ekki. (*GJ:* Ekki karakúlfé?) Það heitir allt sameiginlega sauðfé, hvað sem afbrigðin heita, eins og talað er um menn, hvort sem það eru dánumenn eða varmenni. Þar næst ætlast frv. til þess, að öll lönd, sem kölluð eru skógræktarsvæði og girt eru fullgildri girðingu, skuli friðuð. Nú eru til girðingarl., sem taka fram, hvað er fullgild girðing. Það er á allra manna vitorði, sem eitthvað þekkja til úti um landið eða utan Reykjavíkur, hvernig þessu hagar til, og girðingar, sem eru fullgildar eftir girðingarl., sem eru gömul, eru ekki sauðheldar. Það er gefin vissa, að með því að láta þetta standa eins og það var í frv. var til fjöldi af girðingum, sem ekki voru sauðfjárheldar, sem áttu þó að fá þau réttindi, að hver skepna, sem kæmist inn um girðinguna í annað sinn, skyldi vera réttdræp. Til þess að komast hjá þessu, settum við þann varnagla, að úttektarmenn viðkomandi hreppa skuli athuga og ákveða um það, hvort girðing teljist fullgild, og því aðeins, að sú athugun hafi farið fram, öðlast girðingin þann rétt, sem frv. gerir ráð fyrir. Þetta er önnur breyt. okkar. Við látum það undir mat úttektarmannanna að dæma um, hvað sé fullgild girðing. Þá vildi ég, að þetta næði aðeins til skógræktarsvæða ríkisins, en ekki til einstakra manna, en í staðinn gæfum við sýslun. heimild til að láta þessa skipun ná til skógræktarfélaga innan sýslunnar, en hreppsn. heimild til að láta hana ná til skógræktarlanda einstaklinga innan hreppsins. Um þetta varð ekki samkomulag í n., þar sem hún féllst ekki á mitt sjónarmið, en til samkomulags var ákveðið, að þau skógræktarsvæði, sem heyra undir skógræktarstjóra, skyldu beint koma undir l. Nú er að athuga, hvaða svæði það eru. Það eru í fyrsta lagi þau skógræktarsvæði, sem ríkið á, því að enginn vafi er um það, að þau heyra undir skógræktarstjóra og ekki neinn annan. Í öðru lagi heyra þau svæði undir skógræktarstjóra, sem hann hefur af ríkisins hálfu látið styrk til gegn ákveðnum skilyrðum, sem hann á að sjá um að sé fullnægt. Þau skógræktarsvæði eru mörg. Þá koma allmörg svæði, sem prívatmenn eiga, sem skógræktarstjóri getur fengið einhvers konar umsjón yfir. Prívatmenn geta samið um, að svæði þeirra komi þarna undir. Slík svæði eru ekki til, þegar þessi l. eru sett, en hv. frsm. hefur komið þessu inn í frv., og þá tel ég, að ég sé hlunnfærður, en ekki, að ég hafi hlunnfært aðra, ef þetta er talið að fara á bak við einhvern. Þá er þess að geta í þessu sambandi og það gerði mig alltaf myrkfælinn við l., að þegar við lítum á skógræktargirðingarnar, þá kemur það í ljós, að það skiptir þúsundum, sem smalað hefur verið úr skógræktargirðingum á hverju hausti, hundruðum hefur verið smalað úr Þingvallagirðingunni og tugum úr Hallormsstaðagirðingunni á hverju ári. Það er sagt, að þetta sé sama féð og enginn skaði skeður, þó að það sé drepið, þegar eigi að borga mismuninn á niðurlagsverðinu. En ég minnist þess, að einn af betri hrútum, sem ég hef séð á Austfjörðum — og var eign Thulin Johansen, sem bjó þá á Áreyjum í Reyðarfirði, — hann var kominn ofan úr Hallormsstaðaskógi, þó að hann ætti heima á Reyðarfirði. Ég skal ekki

um það segja, hvort eigandi þessa hrúts hefði sætt sig við venjulegt niðurlagsverð fyrir hann, en ég hefði ekki talið það neinar bætur fyrir þá skepnu, ef ég hefði átt hana, svo að það er nokkur spurning, hvort svona bætur út af fyrir sig gætu komið til greina. Þar að auki hefur hagað þannig til nú um nokkurt áraskeið, að það hefur verið erfitt að fá nýtt fé, ef menn hafa neyðzt til að drepa fé af einhverjum orsökum. Líka það atriði gæti þarna komið til greina. Þá er þess að gæta, að ýmis skógræktarsvæði, sem heyra undir skógræktarstjóra, liggja þannig, að þau eru fjarri bæjum og sum mjög langt frá bæjum, og menn eru þar ekki til staðar til neinna hluta nema á vorin, þegar unnið er í löndunum. Það er þess vegna ákaflega hætt við því, að misfellur geti komið fyrir á þessum svæðum, t. d. vatnavextir, svo að vatn grafi sér farveg undir girðingar og eftir því sé ekki tekið fyrr en eftir dúk og disk og fé komist inn í millitíðinni. Ég er þess vegna myrkfælinn við lög sem þessi, þó að ég hafi gengið inn á það til samkomulags að hafa skógræktarsvæði, sem heyra undir skógræktarstjóra, undir þeim.

Þá vantaði með öllu ákvæði um það í frv., eins og það er á þskj. 280, hvað gera skyldi, ef ágreiningur kæmi upp um það, hvort vanrækslu á viðhaldi girðinga yrði um kennt eða ekki. Í frv. var aðeins nefnt mat út af ágreiningi, sem kynni að verða út af fé, sem drepið væri, en ekkert viðvíkjandi hinu. Við höfum bætt því inn í frv., hvernig þá skuli með fara. Ég held þess vegna, að hvernig sem á er litið, sé ekki hægt að segja annað en að okkar brtt. séu til bóta, líka frá skógræktarinnar sjónarmiði séð. Það, sem þarna hefur fallið undan, er það, að skógræktarsvæði einstakra manna, sem skógræktarstjóri hefur enga umsjón með, koma ekki undir l., nema viðkomandi hreppar eða hreppsn. mæli með því. En ég hygg, að þau skógræktarlönd, sem mest eru í eign einstakra manna, hafi fengið styrki og sum líka frá ríkinu, svo að þau heyra undir skógræktarstjóra og koma því undir l. Mestu ásteytingarsteinana ráða þessi l. ekki við, og það er þegar sauðfé hefur komizt inn í skóglönd á vetrum, á snjó, og valdið eyðileggingu. Þessi l. ná ekki til þess, þegar girðingar eru komnar í kaf vegna snjóa, en það hefur komið fyrir sums staðar, þar sem skóglönd eru, og í nokkrum skóglöndum er þetta svona langt fram á sumar, og það mun vera þessi ágangur, sem mestum usla veldur í nokkrum skóglöndum hér á landi. Engin vörn er að girðingu, þegar hún er öll undir snjó, og til þess að ráða við þetta þyrfti önnur l. en þessi. Það yrði þá líklega helzt að banna mönnum í nágrenni við þessi svæði að láta skepnur út á vetrum, þegar snjór er yfir öllu. Á þetta atriði var ekkert minnzt í frv., eins og það var lagt fram, og þess vegna höfum við ekki komið inn á það í nál. Eins og ég sagði áður, þá hefði ég miklu frekar kosið, að l. hefði verið breytt þannig, að þau næðu aðeins til skógræktarsvæða ríkisins, og því mun veitast fullerfitt að girða sín lönd, svo að fullgild girðing megi teljast. Nokkur lönd eru ógirt, eins og t. d. Sigríðarstaðaskógur, og svo er ætlazt til, að engin skepna komi inn í hann. Ég held þess vegna, að ákaflega hæpið sé að fara svona langt í friðunarákvæðin. Grein um sama efni var á sínum tíma sett í sandgræðslul., sem hefur verið breytt nokkrum sinnum. Það er talið, að a. m. k. á einum stað hafi það komið að gagni, að því leyti, að vissum ærstofni, sem hafði vanið sig inn í sandgræðslulandið, hafði verið eytt og ekki komið annað fé í staðinn. Slík tilfelli geta vel átt sér stað á einstöku stöðum, og ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að hægt sé að auka friðun skóga; þó að ég sé ekki neinn fanatískur skógræktarmaður og álíti ekki, að taka eigi upp undir helming þess lands, sem ræktanlegt er, undir skóga, þá álít ég, að skógræktin eigi fyllilega rétt á sér og rétt sé að hlynna að henni. En það á ekki að gera á kostnað okkar ræktunarlands. Það er þó ekki hætta á því í bili, en þó er nú deilt mjög um það í Noregi, hvort höggva eigi skóginn og búa til unnið land í stað hans eða láta það vera að höggva hann. Ég hef nýlega lesið tvær greinar í norskum tímaritum, og í annarri var því haldið fram, að sjálfsagt væri að taka skóginn í beitiland, en í hinni var haldið fram, að sjálfsagt væri að gera það ekki, því að skóglendi gæfi meira af sér en beitiland. Um þetta er deilt í Noregi, en um það skal ég ekkert segja, hvort þeir tímar koma, að um þetta verði deilt hér. Skoðanir eru skiptar um þetta, þar sem skógur er og gefur mikinn arð.

Þá er enn fremur þess að geta, að til þess að stuðla að því, að þeim girðingum, sem koma undir 1. gr. brtt., sé haldið almennilega við, höfum við sett það ákvæði, að ef fé fer inn um girðingu og er drepið af þeim sökum, þá skuli, ef það reynist um að kenna vanrækslu á viðhaldi girðingar, greiða fyrir féð tvöfalt niðurlagsverð. Það er aðhald fyrir þá, sem girðingarnar eiga, að halda þeim það vel við, að vörn sé að þeim, en slíkt brestur mjög víða. Þetta er ekki bara af viljaleysi fyrir mönnum, heldur líka af því, að gaddavír hefur ekki fengizt undanfarið nema einstaka sinnum — og það í smáum skömmtum — hér á landi.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta, en ég vænti þess, að brtt. okkar verði samþ. Hún er samkomulags brtt., og ég hef nú skýrt frá því, sem ég hafði við frv. að athuga eins og það var, og frá þeim atriðum, sem við í n. höfum breytt og ég tel, að standi til bóta. Annars álít ég, að þetta verði ákaflega vafasöm tilhögun í framkvæmdinni. Kindur eru reknar út úr skógargirðingu einhvern daginn. Þær eru merktar og mörkin tekin upp og send hreppstjóra. Eftir mánuð er fé kannske komið í girðinguna aftur, og þá kemur í ljós, að einhverjar af sömu kindunum eru komnar þar aftur. Þá hefur skógarumsjónarmaðurinn heimild til að reka þær til hreppstjórans og heimta, að þær séu drepnar. Hreppstjórinn þarf fyrst að ganga úr skugga um, hvort eitthvað hafi bilað í girðingunni. Það getur tekið tíma og spurning, hvort hann vill geyma féð svo lengi. Hann getur því verið búinn að drepa féð, áður en úr því er skorið, hvort girðingunni er um að kenna eða ekki. Eins og frv. kom til okkar, er ekki stafur í því um það, hvernig eigi að að fara í því tilfelli,

ef hann hefur drepið féð, án þess að úr því væri skorið, hvort girðingunni var um að kenna. Við höfum sett það ákvæði í frv., að þá skuli greiða tvöfaldar bætur fyrir féð, ef það sannast, að girðingunni verði um kennt. Þetta verður þungt í vöfunum í framkvæmdinni, og náttúrlega er ekki víst, að þetta verði alls staðar framkvæmt. Þetta er ekki framkvæmt svipað því alls staðar viðkomandi sandgræðslugirðingunum, þó að það sé gert í einstökum tilfellum, og mætti segja mér, að eins færi með skógargirðingarnar. Hver skyldi líta eftir Núpsstaðaskógargirðingunni? Og þó farið sé með henni á vorin, en kindur finnist í henni á haustin, hver fer þá að drepa þær kindur eða bíða eftir því, að einhverjir menn fari með girðingunni og athugi, hvort hún sé í fullgildu ástandi eða ekki? Hins vegar er vel líklegt, að hægt sé að framkvæma þetta og að það geti orðið að gagni, þar sem mikið uppeldi ungviðis er.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég verð að taka undir það, eftir að hafa hlýtt á þennan fróðlega fyrirlestur hv. 1. þm. N-M., að það hefði verið miklu skynsamlegra fyrir hv. 11. landsk. þm. að fela honum að halda námskeiðið frá upphafi. Samvizkusemi hv. 1. þm. N-M. lýsir sér í því, að þó að hann ætti ekki að búa sig undir að hafa framsögu í þessu máli, þá er sannað, að hann eyðir nóttunni til að lesa fræðirit, til þess að vera við öllu búinn, ef aðrir skyldu verða uppiskroppa, og kom það sér vel nú. Og ég held, eftir að hafa heyrt þessa ræðu, að hv. landbn., eins og hún er nú skipuð, ætti ekki að hafa annan frsm. en hv. 1. þm. N-M.

En ég vildi gera hér smáathugasemd, því að mér virðist hafa sannazt á orðum hv. 1. þm. N-M., að þessi umsjón skógræktarstjóra með skógarlöndum og görðum einstakra manna eigi sér ekki stað, svo fremi þessi skógrækt sé ekki styrkt af ríkinu. Ég hafði þá hugmynd áður, en ég fann, að hv. 1. þm. N-M. var mér sammála um, að þetta ætti sér ekki stað, og það var einmitt vegna þess, að ég hafði óljósan grun um, að því væri svo varið, að ég óskaði að fá vitneskju um, við hvaða lagaheimildir þessi umsjón styddist, ef hún væri fyrir hendi. Ef hún er fyrir hendi, þá er sjálfsagt að kannast við hana, en ef hana vantar inn í l., þá verða að vera einhverjar heimildir eða reglur um það, hvernig henni skuli vera varið. Það hljóta allir að sjá, sem um þetta hugsa. Ég verð að segja það, að hv. frsm. hefur illa verið blekktur, ef hann hefur látið hafa sig til að breyta frv. undir yfirskini slíkrar umsjónar, sem hv. 1. þm. N-M. hefur upplýst, að á sér ekki stað. Ég vil líka benda á það, að það er mjög óeðlilegt að láta þá einstaklinga, sem sjálfir hafa kostað skógrækt og að öðru leyti styrkjalausa, njóta lakari réttarverndar en aðra, ef þeir á annað borð fullnægja skilyrðum um gæði girðinga, og ég verð að telja þau lagaboð, sem hníga í þá átt, mjög ranglát og horfa til ills, en ekki bóta.

Þá verð ég einnig mjög að efast um það, að skilningur hv. 1. þm. N-M. á frv., eins og það liggur fyrir, fái staðizt varðandi það atriði, ef sauðfé kæmist inn í girðingar vegna snjóa. Ef girðingin út af fyrir sig er fjárheld, þá hygg ég, að eins og frv. nú liggur fyrir og brtt., að þá mundi slíkt fé réttdrepið. Ég get ekki skilið frv. og brtt. á annan veg. Ef það er annað, sem vakir fyrir n. og flm., þá er það atriði eitt af því, sem athuga þarf betur, því að það er vafasamt, ef ekki ljóst, að féð væri réttdrepið, og ef þetta er réttlætismál, þá á að senda það til umsagnar stjórnar Skógræktarfélags Íslands og ekki taka það til lokameðferðar fyrr en sú umsögn hefur legið fyrir í málinu. Það er til lítils að samþ. frv., ef mestu áhugamenn um þessi efni telja frv. ófullnægjandi, og það lýsti sér af orðum hv. þm. Str., að hann taldi frv., eftir brtt., lítt fullnægjandi.

Eiríkur Einarsson: Það var ekki ætlun mín að ræða um þetta frv., en að gefnu tilefni vildi ég sem einn nm. í landbn., sem hefur, eins og lýst hefur verið, verið hlunnfarin, lýsa mig auman. Ég er ekki að sjá eftir því, þó að ég hafi skrifað undir nál. athugasemdalaust. Það er tekið fram hér, að brtt., sem liggur fyrir, sé nokkurs konar málamiðlun og samkomulagsgrundvöllur, vegna þess að það var ágreiningur í n. um afgreiðslu frv., og ég játa það, eins og kom fram á nefndarfundi, að ég er nokkuð tortrygginn um framgang þessa frv. Ég játa að vísu, að það er borið fram í góðu skyni og tryggir öruggari skógrækt í landinu, og vitanlega er ekki nema það ágætasta um það að segja. En þrátt fyrir frv., miðað við að það verði að l., hvort sem brtt. er samþ. eða ekki, þá er nú vandasamara að fylgja því þannig eftir, að til gagns verði, heldur en að koma því dálitið álitlega fyrir á pappírnum. Það er þessi varnagli, sem settur er í brtt. um það, hverjir eigi að vera úrskurðarmenn um ágreining. Ég gat verið með því, því að endanleg úrslit samkvæmt brtt. eru í höndum dómkvaddra manna, en það er auðvitað nauðlending, þegar allt er komið í þrot um samkomulag á annan hátt. En hversu góðir sem þessir menn eru, þá er þeim yfirleitt ekki treystandi með tilliti til þess arna, þeir, sem mundu færa sönnur á, hvort girðingin er góð eða ekki, það eru túnrollurnar sjálfar, þær laumast með óskiljanlegum hætti um hin torsmognustu net. Ég er þess vegna hræddur um, að það verði erfitt að framkvæma þessa löggjöf, vegna þess hvað torvelt er að verja þessar girðingar. Undirstaðan verður náttúrlega aukið öryggi með girðingarl. sjálfum, og er þar að mínum dómi auðveldara að segja heldur en framkvæma og ganga þannig frá girðingarl., að öruggt verði. Það má vel vera, en ég er ekki svo viss um það, að það séu vissir fjárstofnar, sem séu sérstaklega áleitnir, og ef lömbunum sé útrýmt, þá sé sauðkindin búin að missa sinn sauðþráa. Ég er tortryggnari en svo og held, að sauðkindin, með sitt sauðareðli, sé sjálfri sér lík og komi stofn af stofni, sem sanni það. Þið, sem eruð klókir, þekkið, hvernig það berst frá manni til manns, frá kyni til kyns, það þýðir ekki að einangra nokkra menn til þess að þá verði allir einfaldir sem dúfur. Ég er líka hræddur

um, að þegar á að fara að dæma þetta og varðveita svæðin, þá verði þetta upplagt mál að ýmsu leyti til að verða eldkveikjumál og illt út úr því. En samt sem áður var það vegna þess, hvað tilgangurinn með þessu er góður, að ég treysti mér ekki til annars en að vera með frv. með þeirri breyt., sem kemur fram á brtt. okkar á þskj. 379. Ég finn, að l. um girðingar eru hreystiorð. Kindurnar smjúga, sá sem á að líta eftir finnur aldrei út, hvar þær fara, þær þekkja veginn. Ég vildi gjarnan, að það kæmi fram, að ég finn ágalla á frv. á ýmsan veg, þó að ég vegna markmiðs þess, sem er gott, treysti mér ekki til að skera úr um það. En ég finn jafnframt, að það á að fara á ákveðnari hátt að vernda betur en gert hefur verið öll ákvæði um lögmæltar girðingar, og það verður aldrei nein sérfræði, nema kannske hyggileg lagasetning, sem skapar öryggi í þessum efnum. Til þess að þessi lagasetning megi koma að notum, sem ég vildi óska, því ég er henni í meginatriðum fylgjandi, þá þarf ákvörðun um girðingar og girðingarl. að treystast langtum betur en orðið er, ef unnt væri.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég skal ekki lengja umr., þar sem líka þruman er liðin hjá og þrumuvaldur horfinn úr d. Námskeiðið tókst held ég með prýði, svo að það er litlu við að bæta. En það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vil minnast á. Hæstv. dómsmrh. spurði um það, hvaða l. maður gæti stuðzt við til þess að verja trjálönd sín. Með því að frv. heimilar honum að semja við skógræktarstjóra um umsjón með löndum sínum, þá er sá samningur honum um leið löggilt vörn gagnvart ágangi búfjárins, en kæri hann sig ekki um að fara til hreppsins, þá er hann búinn að tryggja sér þá aðstoð, sem þarf lagalega til þess á ýmsan hátt gegn þeim ágangsvargi, sem ásækir. Menn þurfa ekki að halda, að mér væri mjög mikið ásóknarmál að fá breyt., því að frv. uppfyllti það, en ég taldi undir öllum atvikum brtt., sem hér er gerð, bæði til skýringar á máli og eins taldi ég það líklegt til að halda d. saman um málið, og ég vil taka það fram, að það er hægt fyrir hæstv. ráðh. að koma með brtt. við 3. umr., og ég segi fyrir mig, að ef ég sé, að þær brtt. eru til bóta á þessari brtt., ef hún kann að verða samþ. nú, þá mun ég vera fús til þess að greiða því atkv. En aftur á móti sé ég ekki ástæðu til þess að fara að senda þetta frv. eða brtt. okkar aftur til stjórnar Skógræktarfélags Íslands, þar sem búið er að fá umsögn þeirra fremstu manna í skógræktarfélaginu. Það er þá til þess að tefja málið, en ekki af áhuga fyrir því að koma því áleiðis. Það væri þá hægt, ef n. kæmi sér saman um það, að ákalla einhverja menn úr þessari stjórn milli 2. og 3. umr. En ég tel rétt að ganga til atkv. um frv. og brtt. nú og láta skeika að sköpuðu, hvernig fer, það getur þá staðið til bóta við 3. umr.

Ég ætla ekki að fara að lenda í orðaskaki við hæstv. dómsmrh., en ég ætla að lýsa því yfir, að landbn. mun ráða því, hverja hún kýs til framsögu í hverju máli, en fer ekki eftir skipun hvorki fyrrverandi né núverandi ráðh.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál, en það eru fáein atriði, sem ég vil þó minnast á. Mér er vel ljóst, að með þessari lagasetningu er ekki fyrir allt girt í þessu sambandi, en mér er of vel kunnugt um það, hvert tjón getur orðið af einstökum ættum eða stofnum í þeim löndum, sem afgirt eru, til þess að ég vefengi nauðsynina á því að setja skýr ákvæði um þetta. Ég er sammála hv. 1. þm. N-M. um það, að brtt. n. taki margt fram, sem nauðsynlegt er að taka fram og ekki var fram tekið í frv. En hins vegar er það svo, að mér sýnist hafa komið fram við umr. og við nánari athugun á brtt., að það sé sitt hvað í þeim, sem betur megi fara. Ég ætla aðeins að benda á 3 atriði, sem mér sýnist dálítið hæpin. Í fyrsta lagi stendur í brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„*Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem skógræktarstjóri hefur umsjón með.*“ Mér finnst þessi klausa bæði dálítið hæpin í sjálfu sér og enn fremur finnst mér þetta ákvæði vera óljóst. Það getur verið, að það sé vegna þess að ég þekki ekki nógu vel viðkomandi löggjöf, en mér finnst óljóst, hvernig þessari umsjón skógræktarstjóra á að vera háttað. Í öðru lagi er hér talað um girðingu, sem viðurkennd hefur verið fullgild vörn af viðkomandi úttektarmönnum. Er ekki dálítið hæpið að taka svona til orða án þess að nokkuð ákveðið liggi fyrir um það, við hvað úttektarmennirnir á hinum ýmsu stöðum í landinu eiga að miða úrskurð sinn þessu viðkomandi? Í þriðja lagi vil ég benda á ákvæði brtt. um tvöfalt niðurlagsverð, ef galli á girðingunni hefur orðið þess valdandi, að fé komst inn. Mér finnst þetta ekki þannig fram sett eins og efni standa til, miðað við þá skýringu, sem hv. 1. þm. N-M. gaf á þessu atriði. Ég skildi hann svo, að það væri til þess ætlazt, að þetta atriði kæmi aðeins til framkvæmda, ef fé hefði verið lógað og síðan kæmu í ljós áður ókunnir gallar á girðingunni. Hafi ég skilið þetta rétt, þá finnst mér þetta orðalag ekki eins og skyldi. Það má vera, að þessi ábending mín sé ekki fullskýr, og ég er ekki við því búinn að leggja fram brtt. um þetta nú, en ég vildi mælast til þess, að hv. landbn. athugaði þetta. Það þarf ekki að fresta umr. vegna þess, heldur gæti hún aðeins litið yfir þetta milli umr.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er aðeins aths. út af fyrirspurn hv. 2. þm. S-M. Ég get tekið það fram hvað snertir fyrstu fyrirspurn hans, að það ákvæði er alls ekki komið að fyrirlagi mínu inn í þetta frv., heldur er það tilraun til að mæta hv. 1. þm. N-M. í þessu máli, og það var búið að tala svo mikið um það, að það þarf ekki nú að taka það frekar fram. Hann minntist á, að það liggi þarna óskýrt fyrir, — að það er ekki tekið fram í frv., — hvað sé fullgild girðing. Við höfum ákvæði um það í girðingarl. frá 1931, hvað þar er talin fullgild girðing, en það er ekki talin fullgild skepnugirðing nú. Það er talið nú, að það þurfi sexfalda girðingu eða jafnvel sjöfalda til þess að hún geti talizt fullgild skepnugirðing, ef það er gaddavír. Þess vegna eru engin lagaákvæði til um þetta, og við töldum ekki liggja fyrir að

setja þau hér inn, en nú liggur fyrir, að komi fram l. um girðingar. Það kemur sennilega frá næsta búnaðarþingi frv. um það, sem verður lagt fyrir Alþ., en mþn. er að semja l. um girðingar, því þau lög, sem nú gilda, eru talin úrelt.

Þetta er það, sem ég vildi sérstaklega taka fram. En um tvöfalda gjaldið af þessu er það að segja, að þá er síður lagt út í það af skógareiganda að nauðsynjalausu að drepa niður fé, þegar hann verður að greiða tvöfalda borgun, svo að þess vegna er það, að það mundi aldrei vera farið að drepa nema alveg sérstakar fálur, sem sæktu sérstaklega í skóglendi. Þetta vil ég taka fram, en eins og ég tók fram áðan, þá er þetta 2. umr., og er hv. þm. í lófa lagið að koma með brtt. um þessi atriði við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 379,a samþ. með 10 shlj. atkv.
— 379,b samþ. með 10 shlj. atkv.
— 379 í heild (ný 1. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 388).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. í gær benti ég á nokkur atriði, sem mér þótti orka tvímælis í þeim brtt., sem hv. landbn. lagði þá fram um umorðun á megingrein frv. Ég hef nú reynt að gera mér nokkru nánari grein fyrir þessum atriðum, síðan umr. fór fram, og mun ég út frá því leggja hér fram skrifl. brtt. og óska, að leitað verði afbrigða fyrir þeim.

Eitt af þeim atriðum, sem ég vék að hér í gær, var ákvæði varðandi vörzlugirðingar, um að úttektarmenn skuli segja til um það, hvenær girðing sé lögmæt, án þess að nokkuð sé til tekið um það nánar í frv., eftir hverjum reglum þeir skuli framkvæma þetta mat. Hv. frsm. landbn. benti á það, að í undirbúningi væri ný löggjöf um girðingamál yfirleitt, þó að vísu sá undirbúningur sé ekki lengra kominn en það, að búnaðarþing hefur gert um þetta frv. Að þessu athuguðu og einnig af því, að það er augljóst mál, að ekki á við að setja inn í þetta frv. nákvæm ákvæði um það, hvernig girðingar skuli vera, þá læt ég þetta hjá líða og flyt ekki brtt. um þetta atriði. — Það var einnig annað atriði, þ. e. ákvæðið um það tvöfalda niðurlagsverð, sem ég gerði athugasemdir við. Og mér fellur að vísu ekki alls kostar það orðalag, sem þar er. En við nánari athugun sé ég ekki ástæðu til að bera fram um þetta sérstaka brtt. — Þá er það þetta atriði í a-liðnum, sem með leyfi hæstv. forseta hljóðar svo: „Komist búfé (sauðfé eða geitfé) inn á skógræktarsvæði, sem skógræktarstjóri hefur umsjón með“ o. s. frv. Ég vék að því í gær, að mér fyndist þetta ákvæði um umsjón skógræktarstjóra vera nokkuð óskýrt og enn fremur vafasamt í sjálfu sér. Ég hef verið að velta þessu dálítið fyrir mér síðan. Og ég hef komizt að þeirri niðurstöðu, að frá mínu sjónarmiði sé réttast að fella þetta ákvæði hér um skógræktarstjóra alveg niður. Það mun vera svo samkv. þeirri löggjöf, sem gildir um skógræktarmál, að skógræktarstjóri hefur eins konar umsjón með öllum skógræktargirðingum þeim, sem styrks njóta úr ríkissjóði. Nú er það jafnframt svo, að ákvæði laganna um styrkveitingar í þessu skyni gera það að verkum að sjálfsögðu, að allar eða flestar meiri háttar framkvæmdir á þessu sviði koma undir þetta. Það er nú einu sinni svo hér á landi, að ef menn eiga kost á ríkisframlagi til hluta, þá nota þeir sér það. Þess vegna er það, að ég hygg, að þeir skógræktarreitir, sem ekki heyra undir umsjón skógræktarstjóra af sjálfu sér, séu bæði fremur fáir og smáir, og ég get ekki séð, að brýn ástæða sé til að fara að krefjast þessarar umsjónar þessa embættismanns með þeim. Ég verð að líta svo á, að ef menn hafa þannig girt smáreiti til skógræktar, og að dómi úttektarmanna með fullgildri girðingu, þá eigi slíkt að nægja til þess, að þeir aðilar njóti réttinda af þessari lagasetningu.

Út af þessu mun ég leyfa mér að leggja fram brtt., í fyrsta lagi við a-lið frv., um að orðin „skógræktarstjóri hefur umsjón með og“ falli niður. Og einnig mun ég leggja til, að í b-lið falli niður orðin „skógræktarsvæði og“.

Þá er nýtt atriði, sem ég ekki minntist á í gær, en vaktist upp fyrir mér, þegar ég fór að skoða frv. í ró og næði. Mér sýnist vanta þarna ákvæði inn í, fyrst á annað borð er verið með þau sérákvæði, sem hér um ræðir. Það er sem sé hvergi gert ráð fyrir því, að fjáreiganda gefist kostur á að ráðstafa fé sínu eða fjarlægja það. Mér skilst, að ákvæði frv. í þessu sambandi mundu verka þannig í framkvæmdinni, að í fyrstu umferð tekur umsjónarmaður skógræktarsvæðis það fé, sem inn á það hefur komizt, merkir það, athugar, hver á það, sleppir því síðan, tilkynnir svo hreppstjóra og hann svo eiganda. Í næstu umferð yrði svo gangur málsins sá, að umsjónarmaður tæki féð og afhenti það hreppstjóra og því yrði þá lógað umsvifalaust. Mér sýnist þarna vanta inn í ákvæði um að gefa fjáreigendum, þegar þess er kostur, færi á að gera ráðstafanir í sambandi við sína meingripi, sem þarna er um að ræða. Í minu nágrenni þekkir maður það einkum í sambandi við garðlönd, að þá nægir það oft alveg, að þær skepnur, sem ágangi valda hliðstætt því, sem hér um ræðir, eru teknar og fluttar burt, t. d. yfir fjörð, og þegar þær eru komnar í nýtt umhverfi, leita þær ekki að ræktunarlöndum, heldur fara í fjallið og gera ekki meiri usla. — Ég hefði því viljað leyfa mér að leggja til, að á eftir orðunum: „en hreppstjóri tilkynnir það síðan eigendum“ í stafl. a komi: Skal eigendum gefinn kostur á að vitja fjárins, ef fært þykir að áliti hreppstjóra. — Það er hvort sem er gert ráð fyrir því, að þetta gangi í gegnum hendur hreppstjóra, og þá er í lófa lagið að fela þetta hans úrskurði. Vitanlega getur oft staðið svo á, að

það sé ekki hægt að koma þessu við, bæði ekki hægt að ná til mannanna, sem skepnurnar eiga, og enn fremur, að þeir geti ekki komið við að hirða sínar skepnur og ráðstafa þeim á þann hátt, sem henta þykir. En oft mun þetta þó mögulegt, bæði í þéttbýli og eins og víða er nú háttað um síma og samgöngur að öðru leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir brtt. minum.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. þm. S-M. (VH), við 1. gr., sem menn hafa nú heyrt. Þessi brtt. er of seint fram komin og þar að auki skrifl. Fyrir henni þarf tvöföld afbrigði, sem ég vil leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 390) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil fyrst benda á það, sem ég býst reyndar við, að hafi ekki farið fram hjá hæstv. forseta, að á þetta frv. vantar alveg höfuðið. Þar stendur hvergi á þskj. 1. gr. Það hefur fallið niður í prentinu að setja framan við frvgr.: 1. gr. Það verður sjálfsagt að skoða sem prentvillu.

Þá vil ég að öðru leyti vera sem fáorðastur núna, því að ég vil ekki fá yfir mig skúrir á hverjum degi, og skal nú reyna að fara með löndum, eftir því sem hægt er.

Hv. 2. þm. S-M. kom hér fram með þrjár brtt., eða í raun og veru ekki nema tvær, því að ég tel, að tvær brtt., sem hann gat um fyrst, hangi hvor við aðra, og sú seinni þeirra, sem er nr. 3 á þskj., leiði af fyrstu brtt., ef hún verður samþ. — Ég get lýst yfir, að það var til samkomulags í n., að ég leiddist út í þetta og við mættumst þarna á miðri leið, hv. form. n. og ég og fleiri, sem voru í n., um þetta atriði. Og við vildum í raun og veru ekki hafa það, að sjálfseignarskógræktargirðingar hefðu ekki jafnan rétt á við hinar skógargirðingarnar, sem á einhvern hátt tilheyrðu skógræktarstjóra. Og ég segi fyrir mig, að þar sem þessi brtt. er komin fram hér í hv. þd. og hverjum þm. er skipað að greiða atkv. eftir sinni sannfæringu, þá sé ég mér ekki fært annað en að greiða þeirri brtt. atkv., sem hv. 2. þm. S-M. hefur borið hér fram.

Ég álít, sannast að segja, að 2. tölul. brtt. sé ekki verulega gagnsmikill. En sú brtt. er meinlaus, að ég hygg, og ég sé ekki ástæðu til að bregða fæti fyrir hana, eftir því sem ég tók eftir hennar orðanna hljóðan, þegar hæstv. forseti las hana upp. Ég segi þetta fyrir sjálfan mig. En ég veit einnig, að einhverjir af mínum meðnm. eru á sama máli og ég um þessa 1. brtt. hv. þm. — Ég vildi aðeins taka þetta fram nú og sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta meira að sinni.

Forseti (BSt): Út af ábendingu hv. frsm. n., þá vil ég geta þess, að ég lít svo á, alveg tvímælalaust, að það sé prentvilla, að ekki stendur „1. gr." fyrir ofan efnisgreinina, sökum þess þá líka, að í frv., eins og það var áður en brtt. voru samþ., þá stóð „1. gr." á undan efnisgreininni, og það komu engar till. fram um að fella niður, að þarna skyldi standa „1. gr.", og hefur sú niðurfelling því aldrei verið samþ. hér í hv. þd. Þetta má því tvímælalaust skoða sem prentvillu, ef enginn mælir því gegn. Annars vildi ég vikja þessu til hæstv. dómsmrh.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, en mér skilst, að fyrsta og þriðja brtt. leiði hver af annarri. Mig langar annars til að spyrja hv. flm.: Hvað er trjáræktarreitur, og hvað er skógræktarsvæði? Skógræktarsvæði er frá nokkrum hundruðum m² og upp í tvær þrjár dagsláttur. Ef þessar till. eru samþ., verður að setja inn ákvæði um stærð skógræktarsvæðis. Ég skal taka sem dæmi svæðið kringum Ferjukot. Er það skógræktarsvæði eða trjáræktarreitur? (*Dómsmrh.:* Því verður landbn. að svara.) Ekki landbn., því í hennar till. er miðað við skógræktarsvæði, sem skógræktarstjóri hefur umsjón með, en sé það honum óviðkomandi, er ákvörðunarvaldið í þessum efnum hjá viðkomandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn. En ef þessi brtt. er samþ., þá verður að taka inn í frv. ákvæði um stærð, sem miðað sé við, og þá er hægt að fella burt úr b-lið orðið skógræktarsvæði, eins og lagt er til í 3. brtt. Annars geri ég ráð fyrir því, að n. óski þess, að málinu verði frestað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil benda á, út af fyrirspurn hv. aðstoðarfrsm., að landbn. notar tvö orð í sínum till.: skógræktarsvæði og trjáræktarreitur. Ef þau merkja það sama, þá er óþarfi að hafa tvö orð. Ef þau merkja sitt hvað, þá er líklegt, að hann viti það. Þess vegna á hann ekki að spyrja okkur, heldur svara sjálfur.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég held, að hér sé verið að gera úlfalda úr mýflugunni. Um þetta eru engin ákvæði í l., og þá verður málvenja að gilda. Við vitum allir, að það er sitt hvað skógræktarsvæði og trjáræktarreitur. Svæði tekur yfir hálfa dagsláttu eða meira, en reitir undir trjágarða eru litlir um sig, aðeins nokkrir metrar. Hér er sagt, að um þá gildi ákvæði 19. gr., ef þeir falla ekki undir ákvæði 18. gr. Ég held, að það dugi að skýra frá þessu í framsöguræðu, og vil skora á hv. form. n. að fallast á þetta. Annars eru engin vandkvæði á því að setja visst metratal, t. d. að trjáreitur sé 300—400 metrar², ef hann getur ekki tekið undir þetta með mér.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði áðan. Eins og frv. kom frá landbn., þurfti engin ákvæði um stærð skógræktarsvæða, en verði þessar brtt. samþ. gegnir öðru máli. Hv. frsm. vísaði til málvenju um þetta, en hún er sitt á hvað. Ég skal nefna sem dæmi Skáney. Þar hefur verið afgirt svæði ofan við túnið og plantaður skógur. Þetta er ýmist kallaður trjáreitur eða skógarsvæði. Norður í Vatnsdal er reitur afgirtur hjá bónda fyrir skógrækt. Hann gengur jöfnum höndum

undir nöfnunum skógræktarsvæði og trjáræktarreitur. Það er því ekki rétt, að um þetta gildi málvenja. Það kann að vera svo einhvers staðar á landinu, en ég held þó ekki. Ég man eftir þriðja dæminu í Lundarreykjadal, þar sem trjáreitur og skógræktarsvæði gengur jöfnum höndum. Hér er því ekki um nein glögg takmörk að ræða. Ég er á móti 1. og 3. brtt. og tel mér ekki skylt að gera breyt. á þeim nú, þó að þurft hefði að taka inn ákvæði um stærð skóglendisins. Ef þessar till. hefðu komið fram við 2. umr. og verið samþ., hefði ég hins vegar hiklaust komið fram með brtt. í þá átt.

ATKVGR.
Brtt. 390,1 samþ. með 9:2 atkv.
— 390,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 390,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Sþ., 6. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 391).

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 391, n. 540).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed., og leggur landbn. til, að frv. verði samþ. með þeirri brtt., sem er á þskj. 540.

ATKVGR.
Brtt. 540 samþ. með 20 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 88., 90., 92., 93. og 94. fundi í Nd., 25. og 28. apríl, 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 6. maí, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 577, 614).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 614,1—3 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 102. fundi í Ed., 8. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 652).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eftir þær umræður, sem þetta frv. hefur farið í gegnum og eins og það liggur nú fyrir, sýnist mér, að breytingar, sem á því hafa verið gerðar í Nd., hafi ekki verið til bóta. Það eru einkum 2 atriði, sem ég hef komið auga á og mér sýnist heldur vera til að spilla frv. A-liður, 2. mgr., um úttektarmenn. 3. og 4. mgr. í sama lið eru einnig stórlega breyttar frá því, sem áður var. Nú er það að vísu svo, að frv. hefur nokkuð verið lagað frá því, sem það var verst, í Nd. Þetta var lagað með því að bæta við 3. mgr., en þetta ákvæði er lakara en það var, er það fór héðan úr hv. deild. — Ég vil spyrja hv. n., hvort Skógræktarfélag Íslands, sem mun vera sá aðili, er mest barðist fyrir því, að frv. þetta yrði að lögum, telur viðunandi að samþ. það í þeirri mynd, sem það er nú. Nú er verið að verða við ósk fyrrnefnds félags, og skiptir þá miklu máli, hvort það getur unað við þetta frv. Ég veit, að ef breytingarnar, sem gerðar hafa verið við 3. umr. málsins, ná fram að ganga, þá vilja ýmsir, sem næst standa frv., að það hljóti ekki samþykki. Ég vil því, að hv. n. íhugi málið og kynni sér, hvaða álit þeir aðilar, sem mest hafa barizt fyrir frv., hafi á því nú.

Þá vil ég líka benda á 4. mgr. í a-lið, að hún er þess eðlis, að þar er verið að setja á stofn nýjan dómstól, sem mér sýnist ekki að neinu leyti færari til að gegna sínu hlutverki en hinir almennu dómstólar. Mér virðist, að ef það er ætlunin að láta úttektarmennina fá svo mikið vald sem raun ber vitni, þá verði a. m. k. að vera heimild til að skjóta málinu til yfirmatsmanna, og er fáheyrt, ef þessu mati má ekki áfrýja, eftir að búið er að víkka verksvið þessara manna, svo sem Nd. hefur gert. — Það er nauðsyn, að n. láti okkur heyra álit sitt á breyt. Nd. og álit Skógræktarfélags Íslands. Annars hef ég hugsað mér að bera fram brtt., en vil fyrst heyra álit nefndarinnar.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hafði hér framsögu í þessu máli, þegar það var tekið á dagskrá, og jafnvel þótt sú framsaga tækist ekki sem bezt að sumra dómi, þykir mér rétt að taka enn til máls. — Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., 4. mgr. a-liðar í 1. gr. er ótæk og getur ekki gengið. Hér eiga matsmenn að dæma um, hverjir eru valdir að skaðanum, og síðan eiga þeir að dæma. Ef ágreiningur rís, er þetta auðvitað hreint dómstólamál. — Mér hefur dottið í hug að bera fram brtt. og hafa þennan málslið eins og hann var áður. — Það er óvenjulegt, eins og hæstv. dómsmrh. gat um, að ekki skuli vera hægt að skjóta málinu undir yfirmat. Þó er þetta oft svo, t. d. um skemmdir á vörum. Þá eru menn kvaddir til að meta þær, án þess að nokkurt yfirmat komi til greina, og er þetta líkt og í sandgræðslulögunum. Um það atriði, sem hv. Nd. bætti inn viðvíkjandi snjóalögunum, held ég, að megi við

hlíta, og hef ég ekki orðið var við annað en þeir, sem komu þessu máli á framfæri, uni sæmilega við það eins og það er nú, og ég held það hafi líka tekið bótum, en hér er nú viðstaddur varaformaður Skógræktarfélags Íslands, og getur hann sagt sitt álit á þessu. — Hér er ég með brtt., sem ég óska, að verði borin upp, og ég afhendi hana hæstv. forseta. Það má vera, að fleiri brtt. komi fram, enda stendur það þá til bóta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 677) leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er ljóst, að í hv. Nd. hefur þetta mál tekið breytingum, sem ekki hafa verið til bóta, og einkanlega, þegar á það er litið, að setja ætti upp sérstakan dómstól í landinu, sem skógareigendur mundu alveg vafalaust sætta sig verr við en hina almennu dómstóla. Hér hefur nú komið fram brtt. um þetta frá hv. 11. landsk., og er hún borin fram í samráði við mig, og styð ég hana. — En um hitt ákvæðið er það að segja, að svo þykir sem bætt hafi verið úr því með því að skjóta inn í 3. málsgr. a-liðar: „Nú verða óvenjuleg snjóalög“ o. s. frv., og tel ég, að hér komi ekki til mála að sleppa fjáreigendum við þá ábyrgð, sem í umræddri grein segir vegna snjóalaganna. Í gömlum lögum frá 1881 er hliðstætt dæmi varðandi heystakka. Þar á fjáreigandi að tilkynna eiganda heystakksins, að hann sé í hættu fyrir ágangi fjárins. Það er alls ekki eigandi heystakksins, sem ber ábyrgðina. Eins ættu auðvitað ákvæðin að vera um fjáreiganda, sem á fé nálægt skógræktargirðingu. Ef hún bilar eða snjóalög verða þannig, að girðingin kemur ekki að gagni, ber fjáreiganda að tilkynna það girðingareiganda. Raunverulega ætti sama lögjöfnun að gilda um skóg og hey. Þetta vilja menn bara ekki líta á né skilja, að skógur er engu verðminni en hey. Þetta er hið sama og átti sér stað í Norður-Noregi. Þá var hlegið að þeim, sem voru að reyna að rækta skóg. En nú er þetta breytt, þegar hægt er að rækta þar nytjaskóga. — Auðvitað er sauðkindin réttháa, en það nær engri átt, að þeir, sem eru að reyna að rækta nytjaskóga, njóti einskis réttar. — Nú er talið, að þessum ágöllum hafi verið rutt úr vegi með því að skjóta eftirfarandi inn í 3. mgr. a-liðar: „Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að skógræktargirðingu fenni í kaf. Skal þá girðingareigandi eða eftirlitsmaður hans tilkynna fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar hættu þá, er af þeim stafar, og ber þá þeim fjáreigendum í nágrenni girðingarinnar, er slíka viðvörum hafa fengið, að hafa gætur á fé sínu og halda því frá viðkomandi girðingu.“ Hér er reglunni alveg snúið við. Hér á skógareigandi að tilkynna fjáreiganda, að skógurinn sé í hættu. Það er vitað mál, að oft verða hríðar á vetrum og snjóa leggur þannig yfir girðingar, að þær verða gagnslausar, og hvernig á þá skógareigandi að vita um það? Á hann að senda eftir hverja hríð mann til að athuga, hvernig snjóinn hefur lagt? En hins vegar er auðvelt fyrir fjáreiganda að vita í hvert skipti, hvort viðkomandi girðing sé að gagni eða ekki. Hann fylgist með fé sínu í haga. — Það er óhjákvæmilegt, að n. taki til athugunar brtt. og reyni að lagfæra þetta. Ég vil ekki, að neitt ákvæði verði sett inn, sem verði ósanngjarnt fyrir fjáreigendur. — Það er athyglisvert, að frv. þetta var borið fram eftir að 70—80 fulltrúar í landinu, sem margir eru bændur, höfðu samþykkt það. Bændur töldu ákvæðin vel viðunandi eins og þau voru. Það er nauðsynlegt, að n. taki þetta til athugunar.

Forseti (BSt): Það hefur komið fram ósk um það frá hv. fyrri flm. frv., að n. gefist kostur á að athuga frv. nánar. Þá hefur mér borizt svo hljóðandi brtt. við frv. frá hæstv. dómsmrh.: [sjá þskj. 678.]

Þessi brtt. er skrifl. og auk þess of seint fram komin og þarf því tvöfaldra afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Það er nú ekki komið svo að þingslitum, að það trufli málið gersamlega, þótt n. athugi málið aftur, og því get ég lýst því yfir sem frsm. n. og vona, að ég tali einnig fyrir hönd hv. form., að n. mun athuga málið til morguns. En mér sýnist nú, að tveir lögfræðingar í hv. deild telji, að eldri lög geti haldið áfram að gilda þrátt fyrir þær breytingar, sem gerðar voru í Nd. En ef fallizt verður á brtt. hæstv. dómsmrh., þá koma snjóalög ekki til greina, en það er aftur á móti gagnstætt lögskýringu hæstv. landbrh. En ég hallast nú að þeirri skoðun, að þeir, sem eiga fé nálægt skóggirðingum, eigi að láta skógareiganda vita, ef snjóalög leggur að girðingum hans. Annars skilst mér, að bæði ákvæðin geti gilt hvort fyrir sig. — Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, því að þetta verður athugað nánar í n. á morgun.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk frá hv. fyrri flm. frv. er umr. frestað, og hv. n. mun athuga málið á ný.

Umr. frestað.

Á 103. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 652, 677, 678).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að verða langorður um þetta mál.

Landbn. kom saman í morgun til að ræða brtt., sem fyrir lágu í málinu. Fjórir þm. voru mættir. Hv. 4. þm. Reykv. var ekki viðstaddur. N. mælir með því, að þær brtt., sem fyrir lágu, verði samþ., brtt. frá hæstv. dómsmrh. og brtt. frá mér.

Að öðru leyti er búið að ræða málið svo, að að ég sé ekki ástæðu til að lengja frekar umr.

Gísli Jónsson: Brtt. á þskj. 677 sýnist mér ganga mjög á rétt manna, þar sem ekki er hægt að áfrýja mati, sem er gert samkv. l. Ég mun því ekki geta greitt þessari till. atkv. Það er

venjulegt, að hægt sé að heimta yfirmat, þegar svo stendur á. Ég álít, að svo eigi að vera hér, og mun því greiða atkv. á móti till.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Mér virðist hv. þm. Barð. vera nokkru vöruvandari um vörur, sem aðrir bjóða en hann sjálfur. Ég held, að það sé almennt svo, að þegar talað er um mat, þá sé þar átt við dómkvadda menn og venjulega sé því ekki skotið til annarra matsmanna, t. d. þegar metnar eru vöruskemmdir. En ég geri ráð fyrir, ef það kæmi fram, að matsmenn hefðu ekki rækt skyldu sína, þá væri hægt að fá úrskurð um að láta mat fara fram á ný. Hv. þm. var búinn að samþ. þetta hér í d. fyrir nokkru, áður en málið fór til Nd.

Gísli Jónsson: Ég skal ekki lengja umr. um það, hvað borið er á borð fyrir hv. þm. Ég vil aðeins benda á, að það stríðir á móti réttarvenjum, að ekki sé hægt að áfrýja mati, og þykir mér undarlegt, að slíkt skuli koma fram frá margra ára dómara. Ég mun því verða á móti brtt., eins og ég sagði.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil eingöngu benda hv. þm. Barð. á það, að skaplegra er að vera með brtt. en með gr., ef brtt. væri ekki samþ. Í báðum tilfellunum er synjað um yfirmat, en frv., eins og það er, gengur miklu lengra á móti mönnum en brtt., ef hún yrði samþ. Frá sjónarmiði hv. þm. Barð. skilst mér, að brtt. hv. 11. landsk. yrði til nokkurra bóta, hvort sem hann að lokum verður með gr. eða ekki. Eftir hans eigin rökum er brtt. miklu geðfelldari en gr., eins og hún er. Má athuga, hvort ekki væri rétt að breyta þessu ákvæði og taka fram, að yfirmat megi fara fram, þegar svona stendur á. Ég mundi því óska, að hæstv. forseti vildi fresta málinu um stund, meðan ég byggi til brtt. um það.

Forseti (BSt): Samkvæmt ósk hæstv. dómsmrh. er málinu frestað um stund. — [Fundarhlé.]

Mér hefur borizt svo hljóðandi skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 677 frá hæstv. dómsmrh.: [sjá þskj. 688.]

Till. þessi er skrifleg og of seint fram komin og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gerði grein fyrir þessari brtt. áðan, og er hún flutt til að fullnægja kröfu hv. þm. Barð. um yfirmat. Hún kemur í veg fyrir, að þetta fari undir dómstólana, og ættu allir að geta sætt sig við hana, en óeðlilegt er að hafa hvort tveggja, að yfirmat sé leyft og málið geti gengið til dómstólanna.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get óskað hv. þm. Barð. til hamingju að vera búinn að fá svo röskan og duglegan handskrifara. Ég ætla ekki að fara að gagnrýna yfirboðara minn, en mér finnst, að hefði átt að nefna, hver tilnefndi yfirmatsmennina, en hér er ekkert um það. Mér finnst því, að þessi till. sé alls ekki til bóta, og virðist, að eðlilegra hefði verið að skjóta gerð matsmannanna, ef þeir hefðu metið á rangan hátt, til dómstólanna, en ekki til yfirmatsmanna, sem ekkert er gefið um, hvaðan eigi að koma, ef til vill ofan úr skýjunum eða hver veit hvaðan. En réttast væri, að þeir væru kvaddir á sama hátt og undirmatsmennirnir. Ekkert er heldur um það sagt, hve margir þessir yfirmatsmenn eigi að vera, aðeins heimilað að krefjast yfirmats, en ekkert um það, hve margir þeir eigi að vera eða hver eigi að tilnefna þá. Mér finnst því, að hæstv. dómsmrh. hafi farið margt betur úr hendi en þetta, og get ég ekki fylgt till. hans.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég held, að óþarfi hafi verið að óska hv. þm. Barð. til hamingju, úr því að ekki tókst betur til en þetta, en ég held, að flestir dómarar hefðu ráðið fram úr þessu, að úr því að um yfirmat væri að ræða, mundu gilda um það venjulegar reglur, og ekki sízt, að menn, sem eru í stjórn Dómarafélags Íslands, mundu sjá þetta, þó að það væri ekki tekið fram berum orðum.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Ef hæstv. ráðh. er að beina geiri sínum að mér, þá vil ég taka það fram, að ég er ekki í stjórn Dómarafélags Íslands, og hefur hæstv. ráðh. oft verið beinskeyttari heldur en hann er í dag. Mér finnst hæpið að taka ekki fram, hve yfirmatsmennirnir skuli vera margir, því að þeir eru oft helmingi fleiri en undirmatsmennirnir, og finnst mér þetta vera fært á verri veg frá því, sem var.

ATKVGR.

Brtt. 678 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 688 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, VH, BBen, EE, GJ, HV, BSt.

nei: PZ, RÞ, StgrA, ÞÞ, BrB, FRV.

4 þm. (HermJ, JJós, KK, LJóh) fjarstaddir.

Brtt. 677, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 689).

Á 99. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 100. fundi í Nd., 13. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 689, 727).

Frsm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál er komið aftur frá hv. Ed. og hefur tekið þar breytingum. Landbn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og álítur einróma, að breytingar þær, sem gerðar voru á frv. í hv. Ed., séu til að spilla málinu að verulegu leyti, þar sem kippt hefur verið í burtu þeim ákvörð-

unum, sem settar voru hér í d., sem hnigu að því að tryggja það, að samkomulag gæti orðið milli þeirra aðila, sem hér eiga andstæðra hagsmuna að gæta, þannig að síður komi til árekstra út af þeim atriðum, sem hér um ræðir, Þess vegna hefur landbn. öll verið sammála um að flytja þær brtt., sem hér eru á þskj. 727 og miða að því að koma frv. í sama horf og það var í, þegar það var samþ. hér í d. fyrir tiltölulega fáum dögum, og n. leggur einróma til, að þessar brtt. verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 727 samþ. með 24:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 15. maí var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 751).

Á 50. fundi í Sþ., 16. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Nd. og frá útbýtingu brtt. 780. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. Mál þetta hefur orðið að átakamáli milli deilda og lendir nú hér í Sþ. Nú hafa landbn. beggja d. komið sér saman um afgreiðslu á málinu, eða þeim þætti þess, er síðast varð að deiluatriði milli deildanna. Er brtt. á þskj. 780 flutt í tilefni af því samkomulagi, og standa því landbn. beggja d. raunverulega að þeirri till. Ég vil því leyfa mér að vænta, að á þessum grundvelli verði málið afgreitt.

ATKVGR.
Brtt. 780 samþ. með 30:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 38:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 795).

---

59. Lántaka hjá efnahagssamvinnustofnuninni.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá efnahagssamvinnustjórninni í Washington [170. mál] (þmfrv., A. 757).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. flytur 9. og 10. mál á dagskránni f. h. hæstv. ríkisstj. skv. beiðni hæstv. fjmrh. Flestir nm. munu fylgja frv., en einn maður virðist hafa óbundnar hendur. Að öðru leyti mun hæstv. fjmrh. gera grein fyrir málinu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Eins og segir í aths. við frv., er framlag efnahagssamvinnustofnunarinnar fyrir tímabilið 1. júlí 1949 til 30. júní 1950 7 millj. dollara. Af þessu fé eru 2 millj. veittar sem lán, en afgangurinn væntanlega óafturkræft framlag. Heimild þ. þarf til að stj. geti tekið við því fé, sem á boðstólum er, og er farið fram á í frv., að hún verði veitt. Ég skal geta þess, að stj. hugsar sér, eins og fram kemur í grg., að féð verði veitt til Sogs- og Laxárvirkjananna til kaupa á vélakosti, og er svo ráð fyrir gert, að lánin verði veitt með sömu kjörum og ríkið nýtur hjá efnahagssamvinnustofnuninni. Annað frv. er flutt á þskj. 758, þar sem nánar er rætt um þetta. Mun ég gera grein fyrir því, en læt þetta nægja um þetta frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 108. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur beðið mig að segja nokkur orð við 1. umr. þessa máls. Eins og málið ber með sér, þá þarf það ekki frekari skýringa við. Það hefur áður verið minnzt á í greinargerð, til hvers þessi lántaka er ætluð og með hvaða kjörum. — Ef ekkert sérstakt kemur fram, sé ég ekki ástæðu til að ræða málið frekar á þessu stigi, en vil leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RÞ, VH, ÞÞ, GJ, HermJ, KK, LJóh, BSt.
PZ, StgrA, HV greiddu ekki atkv.
6 þm. (BBen, BrB, EE, FRV, HG, JJós) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 805).

---

60. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Á 28. fundi í Nd., 12. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum [93. mál] (þmfrv., A. 205).

Á 30., 31. og 32. fundi í Nd., 16., 17. og 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Nd., 20. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. L. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir frá 1945 eru, eins og kunnugt er, eins konar heimildarlög, þar sem jarðræktarmönnum í sveitum og við sjó er gefinn kostur á því, ef þeir gangast undir ákveðnar reglur um jarðræktarframkvæmdir, að þeir fái helming þess kostnaðar, sem er við það að afla hinna stórvirku tækja, úr framkvæmdasjóði ríkisins. Hins vegar er framlagið að öðru leyti bundið við 3 millj. kr.

Það verður ekki með sanni sagt, að menn hafi tekið þessum l. með tómlæti, því að ekki var fyrr búið að samþ. l. en hafin voru samtök víðs vegar um landið þvert og endilangt að mynda þessi jarðræktarsambönd og koma á hjá sér löglegum samþykktum og afla sér þessara tækja, sem þurfti til að hefja framkvæmdir í stórum stíl. Og fjórum árum eftir að l. gengu í gildi, má segja, að öll sveitarfélög landsins hafi bundizt í þessi jarðræktarsambönd. Af 226 sveitahreppum eru nú aðeins 12, sem ekki hafa enn þá gerzt aðilar í slíkum samböndum.

L. gera ráð fyrir, að aðalreglan sé sú, að ræktunarsamböndin nái yfir heila sýslu. Hins vegar er gefin heimild til undanþágu, og hefur sú raun á orðið, að samböndin eru mjög misjafnlega stór. T. d. má nefna, að allir Vestfirðir, að undantekinni Strandasýslu, eru eitt og sama ræktunarsamband, með allmörgum undirdeildum þó, eða 13. Sama er að segja um Búnaðarsamband Austurlands, það er eitt og sama ræktunarsamband með 17 undirdeildum. Hins vegar eru tvær sýslur víða saman um eitt ræktunarsamband og ein sýsla á nokkrum stöðum. Hins vegar er það einnig til, að fleiri en eitt samband sé í sömu sýslu. Má þar m. a. nefna Rangárvallasýslu með 4 ræktunarsambönd og Árnessýslu með 5.

Nokkur þeirra sambanda, sem fyrst voru um að koma þessum málum í lag hjá sér, hafa nú fyrir nokkru eignazt meginhlutann af þeim verkfærum, sem talin eru nauðsynleg til þess að að jarðrækt verði unnið á þann fullkomnasta hátt, eftir því sem tæki eru til, en það eru verkfæranefnd ríkisins og Búnaðarfél. Íslands, sem eiga að leggja dóm á, hvað hvert ræktunarsamband þurfi af vélum, til þess að þessi jarðrækt geti gengið með þeim hraða, sem að öðru leyti efni standa til. Vitanlega er þetta mjög misjafnt, eftir því hvað samböndin eru stór, eins og gefur að skilja, og er vélakosturinn miðaður við það. En hins vegar hefur mjög borið á því á undanförnum árum, að ræktunarsamböndin hafa ekki getað eignazt allar þær vélar og verkfæri, sem þau hafa óskað eftir og voru tilbúin að kaupa, og hefur þar strandað mest á gjaldeyri undanfarið, eins og kunnugt er. Í árslok 1948 höfðu verið fluttar inn og styrktar af framkvæmdasjóði til ræktunarsambandanna 18 vélar 30 hestafla, 17 vélar 35—50 hestafla og 4 vélar 50 hestafla og þar yfir, og 21 hjóladráttarvél. 1949 má segja, að þessi verkfærakaup hafi verið tvöfölduð. Þá hafa verið fluttar inn 11 vélar 30 hestafla, 35 vélar 35—50 hestafla og 6 yfir 50 hestafla, þannig að á þessu ári hefur verið bætt mikið úr þeim skorti, sem hefur verið á þessum ræktunarvélum. Hins vegar er það svo, að enn þá vantar allmikið á það, að nægilegur vélakostur sé fyrir hendi fyrir þau ræktunarsambönd, sem eru mynduð. Í grg. frv. er birt bráðabirgðaáætlun um þetta, sem verkfæranefnd fól Pálma Einarssyni landnámsstjóra og Sigurði Kristjánssyni framkvæmdastjóra að gera um þann vélakost, sem vantar til þeirra ræktunarsambanda, sem eru nýstofnuð. Síðan þessi áætlun var gerð hefur verkfæranefnd farið yfir hana, og hefur hún breytt nokkuð innan þeirra liða, sem hér eru áætlaðir, en í heild lætur nærri því, sem verkfæranefnd hefur nýskeð komizt að, að vantaði til ræktunarsambandanna. Það eru nú um 5793 jarðir, sem standa að þessum samböndum, eða eigendur þeirra og ábúendur, og koma því nærri því 50 jarðir á hverja vélasamstæðu.

Nú er það svo, eins og ég sagði áðan, að í l. er að vísu gert ráð fyrir því, að þeim rækt-

unarsamböndum, sem komið er á og fá staðfestar samþykktir sínar, skuli séð fyrir helmingi þeirra véla, sem þau nauðsynlega þurfa til ræktunarinnar, en annars er það bundið við 3 millj. kr. Var sú upphæð tekin samkvæmt áætlun, sem gerð var af kunnugustu mönnum, áður en þessi starfsemi hófst. Nú hefur sýnt sig, að þessi upphæð hrekkur ekki til. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú, að vélar hafa hækkað mjög í verði, frá því að áætlunin var gerð og fyrstu samþykktirnar settar. Það lætur nærri, eins og nú er komið, að ýmsar vélar séu komnar upp í allt að því tvöfalt verð við það, sem þá var. Auk þess hefur sú breyting á orðið, að gert var ráð fyrir, að meira yrðu notaðar minni og ódýrari vélar við jarðyrkjuna, en reynslan hefur sýnt, að ræktunarsamböndin sækjast mest eftir stærri og dýrari vélunum og telja sér ávinning að því. Verður það til þess, að kostnaður við þetta hefur orðið nokkru meiri en við hefur verið búizt, en langmest munar þó um verðhækkunina, sem orðið hefur á síðustu árum á vélunum.

Þá er eitt enn, sem kemur til með að hækka þessa áætlun nokkuð. Það, sem hefur sparað ræktunarsamböndunum vélar og þar með styrk úr framkvæmdasjóði, er það, að ríkið hefur haft á sínum vegum allmargar skurðgröfur, sem það hefur átt sjálft. Af þeim ástæðum hefur ekki verið nauðsynlegt fyrir öll ræktunarsambönd að eignast skurðgröfur, því að þau hafa fengið þær hjá ríkinu. En eins og öllum, sem þekkja til ræktunar, er kunnugt um, þá verður undir flestum kringumstæðum framræslan að fara fram á undan ræktuninni. Það verður að byrja víðast á því að þurrka landið, og þar hafa skurðgröfur ríkisins bætt úr þessu þannig, að þær hafa verið að nokkru leyti til taks og getað gengið á undan ræktunarvélunum, og ræktunarsamböndin hafa þar af leiðandi ekki öll þurft að kaupa þessar vélar. Hins vegar hafa nú á síðari árum ríkið og Alþingi dregið að sér höndina um að verja fé til þess að kaupa þessar vélar, svo að síðari samböndin hafa orðið að kaupa þær sjálf, til þess að framræslan gæti komið á undan ræktuninni, eins og nauðsynlegt er. Nú sem stendur eru starfandi hér 44 stórvirkar gröfur. Af þeim á vélasjóður 29, en aðrir aðilar 15, og þar af eru 10 ræktunarsambönd, sem eiga gröfu, og nýbýlastjórn ríkisins á 3. En það er talið, að til þess að ræktunin geti haldið áfram með þeim hraða, sem nauðsynlegt er og bændur og búalið sækjast eftir að hrinda í framkvæmd, muni þurfa enn þá um 11 skurðgröfur. Af þeim er að vísu kominn helmingurinn nú eða vel það, en hann hefur ekki notið styrks enn þá, og þarf því vegna þeirra að bæta við þann styrk, sem nauðsynlegur er vegna jarðræktarinnar.

Ég skal geta þess í sambandi við skurðgröfurnar, að þeim hefur fjölgað nokkuð á síðari árum. Á árunum 1942—46 voru grafnir opnir skurðir samtals 344 km og að rými 1371 þúsund teningsfermetrar. Árið 1948 nemur gröfturinn með skurðgröfum vélasjóðs 1052 þús. rúmmetrum, og 1949 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri hefur verið grafið 1635 þús. rúmmetrar. Á þessum síðustu átta árum hafa því verið grafnir hjá bændum 1077 km, að rúmmáli 4102 þús. rúmmetrar, og svarar það til þess, að það hefðu verið fullræstir með opnum skurðum 6835 hektarar lands. En sem sagt, það er nauðsynlegt að fjölga þessum skurðgröfum nokkuð, og það verður að gera ráð fyrir, ef ræktunarsamböndin kaupa þær, að hækka verði styrkveitinguna sem nemur hálfu kaupverði þeirra.

Nú er svo komið, að um síðustu áramót var ekki eftir í framkvæmdasjóði ríkisins nema um ½ millj. króna óráðstöfuð, og er það því sýnilegt samkvæmt þeim áætlunum, sem hér liggja fyrir, að það mun þurfa til þess að vera öruggur um, að ekki strandi á styrknum til kaupanna, 2—2,5 millj. kr. enn þá. Er þar gert ráð fyrir þeirri hækkun á verði, sem er á þessum vélum. Eru líkur til, að hægt verði að segja, að þetta muni duga fyrir þann vélakost, sem nægi til þess, að öll ræktunarsambönd landsins fái þær vélar, sem þeim er talið nauðsynlegt til þess að geta komið ræktunarstarfi sínu í fullan gang.

Af þessum ástæðum er það, sem ég hef leyft mér að flytja þetta frv., og verð ég að segja, að það er að nokkru vegna þess, að hér hefur komið fram till., sem lögð hefur verið fyrir Alþingi, frá Landsbanka Íslands, að það fé, sem framkvæmdasjóði ríkisins er ætlað samkvæmt l. um eignakönnun, því verði varið til afborgana á skuldum ríkisins. Það væri náttúrlega mjög gott að geta það. En ég vil minna á það með flutningi þessa frv., að það er óafsakanlegt að kippa að sér hendinni með löggjöfina og styrkveitingar samkvæmt löggjöfinni og skilja þá menn eftir, sem af ýmsum ástæðum, m. a. vegna gjaldeyriserfiðleika, hafa ekki enn getað notið þessarar aðstoðar, svo að þeir ekki aðeins verði að sætta sig við að kaupa miklu dýrari vélar en hafa fengizt áður, heldur einnig að vera sviptir þeim styrk, sem jarðræktarsambönd hafa hingað til notið.

Ég minntist á það í sambandi við l. um eignaraukaskatt, að gert er ráð fyrir, að helmingur af tekjunum renni í framkvæmdasjóð ríkisins, en hinn helmingurinn í aflasjóð. Nú veit ég ekki, — það getur verið, að hæstv. fjmrh. geti gefið upplýsingar um það, — hvaða líkur eru til, að þessar tekjur verði miklar. Einu sinni var gert ráð fyrir 10 millj. kr., og minna hygg ég það verði ekki. Ef það væri, þá þyrfti helming af þessu fé, sem samkvæmt l. ætti að renna í framkvæmdasjóð ríkisins, til að bæta við þessar 3 milljónir, sem áður var ákvarðað í þessu skyni. Tel ég rétt, að þetta komi þegar fram, áður en ráðagerðir um ráðstöfun á þessu væntanlega fé komast lengra til framkvæmda en nú er orðið.

Ég vildi svo óska þess, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og landbn., því að þessi mál hafa verið í þeirri n.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Í tilefni af því, að þetta frv. kom fram, þar sem farið er fram á, að goldið sé talsvert meira fé úr framkvæmdasjóði í þessu ákveðna skyni en lög mæla fyrir nú, bað fjmrn. búnaðarmálarn. um upplýsingar um þessi efni. Ég hef bréf frá

rn. um þetta. Virðist fram koma af bréfi þessu og öðrum bréfum, sem fram hafa farið milli rn. og verkfæranefndar ríkisins, að þetta mál sé ekki jafnvel undirbúið og skyldi. Það kemur fram í þessu bréfi, að rn. hefur ekki fengið þær upplýsingar, sem það hefur óskað eftir. Ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta, það sem rn. segir, ef það mætti verða þeirri n., sem málið mun fara til, nokkur leiðbeining. Að öðru leyti legg ég ekki dóm á nauðsyn þess að hækka framlag úr verkfærasjóði í þessu skyni, eins og hér er lagt til, heldur undirbúning málsins og það, sem lýtur að fjáröfluninni. — Í bréfi landbrn. segir svo:

„Í tilefni af frumvarpi rn. til laga um breytingu á lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, sem fram er komið á Alþingi, vill landbúnaðarráðuneytið upplýsa eftirfarandi:

Þann 19. júlí ritaði ráðuneytið verkfæranefnd sem hér segir:

„Eftir móttöku bréf verkfæranefndar, dags. 6. júlí þ. á., vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Ráðuneytið vill fela nefndinni að láta gera nú þegar, annars vegar fullt yfirlit yfir vélakost ræktunarsambandanna og styrkgreiðslur til þeirra, þann sem styrkur hefur verið greiddur til að kaupa, og um heildarþörf sambandanna, að því er varðar ræktunarvélar, bæði þeirra sambanda, er fengið hafa vélar, og hinna, sem ekki hafa fengið þær. Séu talin jöfnum höndum ræktunarsambönd, sem þegar hafa verið stofnuð, og sambönd, sem gera má ráð fyrir að verði stofnuð á næstunni.

Að fengnum þessum upplýsingum ætti að vera hægt að gera áætlun um, hversu langt fé það, sem fyrir hendi er í framkvæmdasjóði ríkisins, muni hrökkva til styrkgreiðslna og hve miklu muni þurfa við að bæta, til þess að endarnir nái saman.

Ráðuneytið getur hins vegar upplýst nú þegar, að ráðuneytið mun, er þar að kemur, beita sér fyrir því, að fé verði veitt til þess að staðið verði við eðlilegar skuldbindingar um styrk til ræktunarsambandanna til vélakaupa samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945. Mun ráðuneytið bera fram tillögur um breyting á lögunum, ef með þarf, til þess að svo megi verða.

Loks skal tekið fram, að ráðuneytinu er ljóst, að verkfæranefnd hefur nú þegar mælt með svo miklum styrk til nokkurra ræktunarsambanda, að stinga verður við fótum um frekari styrkgreiðslur til þeirra fyrst um sinn."

Þrátt fyrir munnlegar eftirgrennslanir bárust ráðuneytinu engin svör, og leið svo út árið 1949.

Þann 10. janúar þessa árs ritaði ráðuneytið nefndinni á ný um málið samkvæmt meðfylgjandi afriti.

Ekkert svar hefur enn borizt við þessu bréfi ráðuneytisins.

Af ofanrituðu er ljóst, að ráðuneytinu kom mjög á óvart, er hið umrædda frumvarp kom fram á Alþingi. Ráðuneytið hafði ætlað þessu máli allt aðra meðferð og fyllri undirbúning, sem sé að leggja hóflegar tillögur til úrbóta fyrir Alþingi, það er nú situr að störfum, í frumvarpsformi eða á annan hátt, er samkomulag hefði orðið um við fjármálaráðuneytið.

Sá miður heppilegi dráttur, sem orðinn er á því, á að öllu leyti rót sína að rekja til seinlætis verkfæranefndar um athugun og svör við málaleitun ráðuneytisins.

Er ljóst, hve ótilhlýðilegt er, að hið umrædda frumvarp skuli borið fram af manni, er á sæti í verkfæranefnd, áður en nefndin svarar ráðuneytinu, og að upplýsingar, sem ráðuneytið bað um fyrir 6 mánuðum, skuli vera til staðar sem uppistaða í greinargerð með frumvarpinu, þótt ráðuneytið geti ekki fengið þær í sínar hendur þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.

Þess skal getið, að reikningar þeir, er ráðuneytið ræðir um í niðurlagi bréfsins 10. janúar 1950 og sem upphaflega var beðið um með bréfi, dags. 28. febrúar 1948, bárust ráðuneytinu samdægurs, eða 10. þ. m."

En þessir reikningar, sem rn. er að rukka um, eru reikningar vélasjóðs og verkfæranefndar fyrir undanfarin ár.

Þetta vil ég, að komi fram, um leið og málið fer til n. Samkvæmt l. er hér ekki um neitt beint gjald úr ríkissjóði að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að gjaldið sé tekið úr framkvæmdasjóði. En framkvæmdasjóður er því nær alveg févana, og þegar búið er að inna af hendi þær greiðslur, sem gert er ráð fyrir, þá er svo að segja ekkert fé eftir í framkvæmdasjóði. Um hina hlið málsins, sem hv. flm. ræddi um í flutningsræðu sinni, að fá tekjur af eignakönnunarskattinum, þar er því til að svara, að þessi skattur er ekki enn á lagður. Það er ekki hægt að segja með vissu, hver hann verður eða hvernig hann innheimtist. Það eru liðin 3 ár síðan samþ. var að leggja þennan skatt á, en l. hafa tekið svo langan tíma, að framkvæmdinni er ekki enn lokið, og á þessum tíma hafa orðið miklar breyt. á fjárhag manna í landinu, svo að ekki er hægt að segja, hvernig sá skattur innheimtist, þegar hann loks kemur til innheimtu. Á þessu vil ég vekja athygli, en ég legg engan dóm á þá þörf, sem þarna er til staðar um vélakaup.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Það eru engar nýjar upplýsingar fyrir mig, sem komu fram frá hæstv. fjmrh., því að ég er í verkfæranefnd og var líka um tíma í landbrn. og vissi, hvað fór þar á milli. Ég vil bæta því við, að verkfæranefnd átti upptökin að athugun á þessu máli. Okkur var ljóst, að óðum leið að því, að ekki yrði nægilegt fé fyrir hendi í framkvæmdasjóði til þess að veita styrk á þær vélar, sem þá var sýnt, að þyrfti til ræktunarsambandanna á næstunni. Þá var það, að verkfæranefnd sneri sér til ráðuneytisins og spurðist fyrir um það, hvort líkur væru til þess, að þessar 3 milljónir króna, sem lögin gera ráð fyrir, yrðu hækkaðar, svo að áfram yrði hægt að veita styrk til þessara véla. Þegar ráðuneytið svaraði aftur, þá óskaði það eftir því, að verkfæranefnd kæmi með yfirlit yfir það, sem hún teldi þurfa að bæta við þessar 3 milljónir til þess, að ræktunarsamböndin fengju nægilegan styrk. Um drátt á þessu skal ég ekki segja. Formaður verkfæranefndar er hinn ágæti búnaðarfröm-

uður Guðmundur Jónsson, skólastjóri á Hvanneyri, og veit ég, að hann hefur gert það, sem honum var unnt, til þess að hraða verkinu, en það var ýmislegt í sumar, sem tafði menn frá slíkri skýrslugerð. Leitað var til ræktunarsambandanna um að fá frá þeim skýrslur um það, sem þau töldu sig þurfa, og þær skýrslur þurfti að endurskoða, og dróst það nokkuð fram á haustið, en þá var gerð bráðabirgðaáætlun um fjárþörfina í þessu efni. Nú er hins vegar fullnaðarskýrsla um þetta í þann veginn að koma út, og var gengið frá henni fyrir nokkrum dögum. En óðar en það lá fyrir, hvaða upphæð þyrfti í sjóðinn, þá taldi ég mér bæði rétt og skylt að bera þetta frv. fram og taldi mig engan þurfa þar um leyfis að spyrja. Hins vegar er hægt að leggja fram skýrsluna um þessa fjárþörf, og mun þá koma í ljós, að ekki munar miklu á henni og þeirri bráðabirgðaáætlun, sem verkfæranefndin gerði síðastliðið haust.

Landbrh. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þegar l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum voru samþ. á Alþingi 1945 og ákveðið var að veita þrjár millj. króna til styrktar í þessu skyni, þá var gert ráð fyrir, að upphæðin yrði greidd í eitt skipti fyrir öll og skipt milli ræktunarsambandanna af verkfæranefnd og Búnaðarfélagi Íslands. Nú hefur komið í ljós, að þetta fé hefur ekki dugað, en sannleikurinn er sá, að ekki hefur verið farið eftir föstum reglum um úthlutunina, til þess að frekar mætti sjá fyrir endann á því, hve mikil þörfin í þessu sambandi yrði. Er nú svo komið, að mikil þörf er á auknu fjármagni til ræktunarsambandanna, en allt um það finnst mér það heldur óviðfelldið að kasta fram þessu frv. á bak við ráðuneytið. Það er að vísu aukaatriði og kemur ekki því við, hve fjárþörfin er mikil, en skemmtilegra hefði verið fyrir hv. flm. að tryggja framgang þessa frv. áður en hann fór úr ráðuneytinu, eins og hann hafði mörg tækifæri til. Hins vegar er skylt og eðlilegt, að Alþingi og ríkisstj. reyni að fá til þessara mála svo mikið fé sem unnt er. Annars óska ég þess, að hv. landbn. hafi um það samráð við mig og hæstv. fjmrh., hvað fært sé talið að leggja fram í sambandi við þetta frv.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. Bara örfá orð út af því, sem hæstv. landbrh. sagði, að ég hefði getað tryggt þetta meðan ég var í ríkisstj. En það er ekki hægt, nema með lagabreytingu, og var þá eðlilegra að bíða þess, að Alþingi kæmi saman, en fara að gefa út brbl. um svo stórkostleg fjárframlög. Því lét ég málið bíða Alþingis, og dettur mér ekki annað í hug en hv. landbn. og Alþingi í heild hafi samráð við hæstv. ríkisstj. um afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 205 n. 554, 536).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 205 er flutt af hv. þm. Mýr., hæstv. fyrrv. landbrh., sem er einn af fulltrúum í verkfæranefnd ríkisins. Landbn. hefur lagt til, að frv. verði samþ. með breytingum þeim, sem hún flytur á þskj. 536. Þegar l. voru sett í ársbyrjun 1945, var gert ráð fyrir, að þær 6 millj. kr., þar af 3 millj. úr ríkissjóði, sem þar eru nefndar, mundu nægja til verkfærakaupa og annars í sambandi við þau l. Lög þessi hafa nú staðið í 5 ár og gert mikið gagn, svo að ræktun hefur vaxið mjög mikið í landinu. Nú hefur komið í ljós, að fé þetta, sem hefur verið í vörzlu verkfæranefndar og Búnaðarfélags Íslands, nægir ekki til þess, að fullt samræmi verði milli vélakosts þess og styrks, sem hin einstöku svæði í landinu fá. Þetta fór einkum að koma í ljós á síðari hluta ársins 1949, en þá urðu miklar verðhækkanir á þessum vélum, og má búast við, að það verð muni ekki lækka. Síðastliðið haust lét svo verkfæranefnd fara fram athugun á því, hve mikið fé mundi þurfa til að standa undir þessu, og varð niðurstaðan sú, að 2,5 millj. mundu vanta til viðbótar við þessar 3 millj. kr., sem áður höfðu verið veittar, og við gengislækkunina var það sýnilegt, að upphæð þessi mundi hækka um ½ millj. kr., og er það tekið fram hér. N. vill, að þetta verði samþ., þó að vitað sé, að lítið sé í sjóði, svo að leggja verður úr ríkissjóði í þessu skyni á næstu 3—4 árum, og mun n. beita sér fyrir því á þessu þingi, að það verði gert.

Þá vildi ég segja nokkur orð um 2. brtt. á þskj. 536, en hún er byggð á bréfi frá Búnaðarfélaginu og stafar af samþykkt, sem gerð var á síðasta búnaðarþingi. Landbn. hefur orðað till. um og gert hana nokkru skýrari. Í till. er gefin heimild til að ávaxta séreignir ræktunarsambandanna heima í héraði, en hér er um einn sjóð að ræða, framkvæmdasjóð landbúnaðarins, og er hann undir stjórn Búnaðarfél. Íslands. Þá er ræktunarsamböndum og félögum heimilt með samþykki Búnaðarfél. að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru. Þetta er gert vegna þess, að mörg búnaðarsamböndin og félögin eru í fjárþröng og í vandræðum með framkvæmdir og er því heimilað þetta. Ég vona svo, að þessu verði vel tekið, því að þetta er mjög þýðingarmikið mál fyrir sveitarfélögin, og vona ég því, að menn sjái og viðurkenni þörfina, sem að baki þessu liggur.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ég get mjög tekið undir með hv. frsm. landbn., að mikil þörf sé þessara breytinga, sem hér eru gerðar, og mun ég fyrir mitt leyti styðja það, en þó vil ég vekja nokkra athygli á síðustu mgr. brtt. Það getur orkað tvímælis, hvort halda megi eftir af jarðræktarstyrknum til að vega á móti því, sem vangoldið er í fyrningarsjóð. Það er vitað, að styrkur þessi er persónuleg eign þess, sem hlýtur hann. Hann getur að vísu gefið öðrum styrkinn, en að hægt sé að taka hann

þannig með l. án samþykkis hlutaðeiganda, það finnst mér nokkuð mikið gengið á eignarréttinn. Það er að vísu vitanlegt, að flestir þeir menn, sem hljóta þennan styrk, eru í búnaðarsamböndum, en eigi að síður finnst mér ekki hægt að ráðstafa þessu fé án samþykkis eigendanna. Ég vil því vekja athygli nefndarinnar á þessu, áður en gengið verður til atkvæða.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., er gert ráð fyrir að hækka tillag úr framkvæmdasjóði til jarðræktar og húsagerðar í sveitum úr 3 millj. kr. í 5½ millj. kr. og í till. n. í 6 millj. kr. Í grg. er tekið fram, að nú sé ekki nema ½ millj. kr. í framkvæmdasjóði, sem verja má í þessu skyni, og eins er þess getið, að samkv. l. um dýrtíðarráðstafanir frá 1947 eigi helmingur þeirra tekna, sem kunna að verða samkv. II. kafla þeirra laga (um eignaraukaskatt), að ganga til framkvæmdasjóðsins, en hinn helmingurinn á að ganga til afla- og hlutatryggingarsjóðs bátaútvegsins. Í grg. er sagt, að þetta muni nema um 10 millj. kr., svo að framkvæmdasjóðurinn mun eftir því fá um 5 millj., en sem kunnugt er, voru með gengislækkunarlögunum felld niður ákvæðin um eignaraukaskatt, svo að framkvæmdasjóðurinn fær ekki það fé, sem honum er þar ætlað. Mér skilst því, að ríkissjóður verði þarna að leggja fram allmargar millj., ef þetta verður samþ. Ég vil því beina því til hæstv. fjmrh., hvort fjárhag ríkisins sé þannig háttað, að hægt sé að leggja fram 3 eða 6 millj. í þessu skyni. Ráðh. verður að vaka yfir fé ríkissjóðs og gæta þess vel á slíkum tímum og nú eru, og á meðan ég sé ekki fjárhag ríkisins betur borgið en nú er, treysti ég mér ekki til að vera með þessu, þó að gott hefði verið að geta það, ef fé hefði verið til.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð út af athugasemdum þeim, sem hér hafa komið fram. Ég vil taka fram út af aths. hv. þm. Borgf. um, að hæpið væri að taka jarðræktarstyrkinn upp í vangreidd gjöld til fyrningarsjóðs, eins og segir í síðustu mgr. 2. brtt. landbn. En n. telur þetta eðlilega ráðstöfun. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að hér er um styrk að ræða, sem er persónuleg eign þess, er hann hlýtur, en eins er með fyrningargjaldið, að það er persónuleg skuld sama manns, svo að það er aðeins jöfnuður, að haldið er eftir af jarðræktarstyrknum, sem þessu nemur. Ég vona því, að hv. þm. Borgf. skilji, að hér er aðeins um jöfnuð að ræða, þar eð styrkurinn fer að langmestu leyti til manna, sem eru í jarðræktarsamböndum.

Varðandi það, sem hv. 8. landsk. tók fram, þá finnst mér það eðlileg aths. frá hans hlið, að honum finnst ógætilegt að samþ. þetta án þess að vita, hvort það verði samþ. í fjárl. Um það vil ég vísa til þess, sem ég sagði áðan, að n. mun beita sér fyrir því, að 1 millj. kr. verði tekin á þessa árs fjárl. í þessu skyni, og sama upphæð næstu tvö ár, en frv. hefur því aðeins gildi, að gerðar verði slíkar ráðstafanir í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Ég mun svo ekki ræða þetta frekar, en það, hvort menn greiða atkv. með eða móti þessum till. og frv., fer eftir því, hversu mikils þeir meta þá miklu nauðsyn, sem er á að halda áfram á þessari braut samkv. l. um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Það er hægt að halda áfram á ræktunarbrautinni í þeim héruðum, sem búin eru að fá sínar vélar, en verði þetta ekki samþ., eru hin héruðin, sem lítið eða ekkert eru búin að fá, sett á hakann. Ég vona því, að menn taki með velvilja á þessu og eins í sambandi við afgreiðslu fjárl., verði þetta samþ.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. A-Húnv., að lögin frá 1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum eru þýðingarmikil fyrir ræktunarmál landsins. Þá var stigið stórfellt spor í málefnum landbúnaðarins, en raunar mun árangur þess þó ekki sjást fyrr en síðar. Þarna voru mörkuð tímamót í sögu ræktunarmálanna á Íslandi. Með innflutningi skurðgrafanna til landsins var hægt að byrja á því að þurrka upp mýrarnar í landinu. Unnið hefur verið af kappi að því verki, og hefur það gengið sæmilega, en auðvitað hafa þar orðið mistök. Þessi lög lögðu ríkisvaldinu þungar skyldur á herðar. Þar var ákveðið, hversu mikinn vélakost þyrfti í hvert ræktunarsamband til að koma ræktunarmálunum þar í gott horf. Þess vegna tók ríkissjóður það á sig að greiða helming kaupverðs þessara véla í eitt skipti fyrir öll. Nú vitum við, að síðan þessi ræktunarsambönd voru stofnuð, hafa allir hreppar komizt í þau, nema 1 eða 2, og að það er búið að kaupa mikið af vélum, en í sum ræktunarsamböndin vantar mikið, og til eru þau ræktunarsambönd, sem engar vélar hafa fengið. Og nú virðist eiga að skilja þau sambönd algerlega eftir, sem ekkert hafa fengið. Ríkissjóður ætlar að víkja sér undan þeirri skyldu, sem ríkið tókst á hendur um að greiða helming andvirðis vélanna. Mér virðist þetta ómögulegt og álít, að ríkið eigi að standa við þessar skuldbindingar hér eftir sem hingað til. Því held ég, að þetta frv. eigi fullan rétt á sér. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að sveitir, sem hafa pantað vélar fyrir löngu á þeim grundvelli, að ríkið greiddi helming þeirra, verði nú sviknar um þetta. Það er nóg, að þau ræktunarsambönd, sem seinni hafa orðið, verði að greiða þá hækkun, sem stafar af gengislækkuninni. — Það var greinilega og traustlega gengið frá þessari löggjöf. M. a. átti að leggja til hliðar fyrningargjöld til þess að endurnýja vélarnar. Það var ákveðið 16% af kaupverði vélanna. Þetta fyrningargjald átti að vera á vöxtum í Búnaðarbankanum. Þessi sambönd áttu þá að geta keypt nýjar vélar í stað hinna gömlu, er gengu úr sér. Og ég er ekki í vafa um, að það var mikil nauðsyn á að ná fé á þennan hátt í svona framkvæmdasjóð.

Þetta mál hefur verið athugað rækilega í ríkisstj., og ég tel sjálfsagt, að það eigi að leggja fram á fjárlögum upphæð til þess að standa straum af vélakaupum ræktunarsambandanna. Auðvitað ætti þessi kostnaður að

dreifast á nokkur ár. Ríkisstj. verður að skilja, að hér er um sjálfsagða kvöð að ræða, að láta öll ræktunarsambönd njóta jafnréttis, auðvitað jafnt þau, sem þegar hafa fengið vélarnar, og hin, sem eiga eftir að fá þær. Ég vil leyfa mér að taka það fram, að ég hygg það ekki vera í andstöðu við ríkisstj., að þetta frv. megi ná fram að ganga.

Þá vil ég einnig taka fram út af ummælum hv. þm. Borgf. um 2. brtt. á þskj. 536, þar sem Búnaðarfélaginu er heimilað að halda eftir af jarðræktarstyrknum upp í fyrningargjöld, sem vangreidd kunna að vera, að mér finnst þetta ákvæði ekki óeðlilegt, og hef ég talsverða reynslu í þessum málum. Að vísu hafa mörg ræktunarsambönd greitt inn í sinn fyrningarsjóð samvizkusamlega, en hjá öðrum samböndum, og ég ætla sumum þeim stærstu og fjársterkustu, hefur gengið illa að innheimta fyrningargjaldið. Ég tel mikið öryggi fyrir Búnaðarfélag Íslands að fá heimild til þessa, og ég get varla búizt við því, að hv. Alþingi haldi áfram að veita fé til vélakaupa, nema trygging sé fyrir því, að innheimt sé í fyrningarsjóðinn til þess að hægt sé að endurnýja vélarnar. Því að ríkið leggur ekki nema einu sinni út þessa fjárupphæð til þess að koma upp vélakostinum.

Ég vil taka það fram, að ég held, að það sé ábyggilega í lögum, að stjórn hvers ræktunarsambands geti heimtað styrkinn afhentan sér, en ekki má afhenda hann formönnum stjórnanna. Með þessu er styrkurinn gerður félagslegur og nýtanlegur fyrir heildina. Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að jarðræktarstyrkurinn er persónuleg eign þess manns, sem skráður er fyrir honum. Þessi stjórn verður svo að skila honum í réttar hendur. Ég segi, að það sé ekki óeðlilegt, þótt þetta ákvæði sé sett inn vegna þeirrar reynslu, sem af þessu er fengin, því að hún gerir það fullkomlega réttlætanlegt.

Þá mun ég ekki hafa fleiri orð um þetta, en mig langaði aðeins til að skjóta þessu fram. Þetta eru ein þýðingarmeiri lög, sem hér eru í gildi. Og ég er ekki í neinum vafa um, að eftir einn eða tvo áratugi mun sjást greinilega, hversu miklu þessi lög hafa áorkað.

Umr. frestað.

Á 88. og 89. fundi í Nd., 25. og 27. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 28. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Stefán Jóh. Stefánsson: Af því að hæstv. forsrh. er eigi við, fell ég frá orðinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýndist hæstv. fjmrh. viðstaddur. Hann er e. t. v. genginn út aftur. Mig langaði til að beina til hans fsp. eða ítreka það, sem áður hefur komið fram í umr. Það er gengið út frá því — já, nú kemur hæstv. fjmrh., — mig langaði til að beina fsp. til hans í sambandi við þetta mál, að hækka allmikið fjárframlög úr ríkissjóði, eða upp í 6 millj. kr., til þess, er þarna þarf að framkvæma. Nú er það svo um allmörg l., sem samþ. hafa verið á Alþ. eða sett og nauðsynleg eru eins og þetta frv., að það hafa verið felldar niður framkvæmdir l., sem sett hafa verið um svipað leyti og l., sökum þess að valdhafarnir hafa álitið, að eigi væri nægilegt fé fyrir hendi. Þannig hefur það t. d. verið um l. um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, sem í gildi eru. Framkvæmd þeirra hefur verið felld niður, vegna þess að fé hefur eigi verið til hennar veitt á fjárl. Nú er í rauninni eðlilegt, þegar barátta stendur um það, hvort ríkissjóður geti staðið undir framkvæmdum vegna endurbótalöggjafar þeirrar, sem sett var 1945 og 1946, að þetta allt sé athugað samhliða. Það er eigi rétt eða sanngjarnt að ákveða að öllu leyti framkvæmd einstakra l. af þessari löggjöf, án þess að annarra l. sé gætt. Ég skal ekki draga úr þörf stórvirkra vinnutækja handa sveitunum. Ég býst við, að þeim, sem samþykktu gengislækkunarl., hafi verið ljós sú þörf. Ég vil hins vegar, um leið og Alþ. á að bæta við millj. kr. til þessara framkvæmda, minna á, að það er ekki nema eðlilegt, að kröfur um aðrar framkvæmdir komi á eftir. Það er ekki nema eðlilegt, þegar Alþ. sér sér fært að verða við eðlilegum kröfum bænda, sem beðið hafa þungar búsifjar vegna gengislækkunarl., og tekur tillit til þeirra, að þá fari þeir, sem eru sérstaklega fulltrúar alþýðunnar í kaupstöðunum, fram á, að þá verði einnig tekið tillit til hennar. Hver samþykkt slíks máls er í rauninni siðferðisleg skuldbinding um að verða við svipuðum kröfum á eftir um framkvæmd annarra l., sem þarfleg eru.

Þá er hitt atriðið: Ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh., hvort það sé ekki rangt, að ríkissjóður standi eigi undir þessum samþykktum. Mér þykir óliklegt, að slíkar till. séu gerðar öðruvísi en í samráði við hæstv. ríkisstj., og menn hljóta að ganga út frá því, að eigi verði vandkvæði á nokkrum útgjöldum til viðbótar, þegar gömlu tekjustofnarnir hafa verið felldir burt. Það er hins vegar eigi óeðlilegt, að þd. fái það upplýst frá hæstv. fjmrh., þegar slíkt er samþ., hvort ríkissjóði muni kleift að standa undir þessu. Með þeirri stefnu, sem nú er ríkjandi í atvinnupólitík hæstv. ríkisstj., eigi hvað sízt varðandi útflutningsmálin, þá virðist frá mínum bæjardyrum séð ákaflega tæpt að treysta á þann innflutning allan, sem ríkissjóður reiknar með, að hann fái tekjur sínar af, treysta því, að hann haldist og tekjurnar hagnýttar, vegna þess að útflutningurinn mun eigi standa undir honum. Ég held, að hv. þingmönnum sé það ljóst, að til þess að tekjur ríkissjóðs standist, þarf innflutningsáætlunin að standast, og til þess að hún fái staðizt, þá þarf útflutningurinn að standa í fullum blóma. Nú er hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. kunnast um útlitið í þessum efnum, hvort ríkissjóður fái staðið undir hinum auknu útgjöldum sínum, án þess að dregið verði úr bráðnauðsynlegum útgjöldum eða neitað um önnur útgjöld, t. d. til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Ég vildi fá upplýsingar um þetta hjá hæstv. fjmrh. og getu ríkissjóðs í þeim efnum, — því að þætti óhægt að taka slík útgjöld á fjárl., þá er eigi fjarri lagi, þegar um svo nauðsynlegar framkvæmdir er að ræða, að skapaður verði sérstakur tekju-

stofn til að standa undir þessu. Ég hef fyrr bent á í sambandi við fjáröflunarleiðirnar, að óhjákvæmilegt verði, ef eigi á að brjóta á bak gjaldþol alþýðunnar, að ganga á hagsmuni verzlunarstéttarinnar í Reykjavík og taka t. d. undir ríkið einhvern hluta af þeirri verzlun og gera einstaklingsgróðann að tekjulind fyrir ríkissjóð. Svo fremi að í ljós kæmi, að óvarlegt væri að ákveða, að tekjurnar stæðu undir framlögunum, þá er nærri lagi að skapa sérstaka tekjustofna, já, taka liði af innflutningsáætluninni og ákveða vörur, sem ríkið tæki í einkasölu, til þess að láta þær tekjur standa undir slíkum hlutum, — og það er tvímælalaust hægt. Ég held, að eigi sé fært að standa undir réttmætum kröfum bænda og alþýðunnar í bæjunum, án þess að gengið sé á hagsmuni verzlunarstéttarinnar og útrýmt möguleikum á gróða hennar.

Ég vildi aðeins koma fram með þetta, vegna þess að tekjuöflun sú, sem gengið er út frá, hefur eigi verið rædd og við engar upplýsingar fengið um, hvernig hún sé hugsuð.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í l. þeim, sem hér á að breyta, er verið að tryggja kaup á ræktunarvélum og skurðgröfum. Það er búið að styrkja nokkuð skv. ákvæðum þessara l., en orðið hefur að hætta í miðju kafi. Hér við bætist, að þessi áhöld eru hin nýtilegustu, sem til landsins hafa komið, og fyrir allar verklegar framkvæmdir. Þótt þau hafi verið keypt af búnaðarsamböndunum, þá hafa þau einnig verið notuð til annarra framkvæmda, og þetta hefur gert byltingu í verklegum efnum. Það er sjálfsagt eigi hægt að verja peningunum betur en til þess, að þróunin geti haldið þannig áfram. Nú var gert ráð fyrir því, að féð mundi duga til þess að bera áætlunina til enda, en nú þegar hefur verið rætt um hækkun heimildarinnar í þessu skyni. Þótt þetta verði samþ., þá er eigi þar með samþ., að allir peningarnir gangi til kaupanna, því að á því stendur, hverjar fjárhæðir verða tilteknar. Þessar fjárhæðir verða eigi hærri en leyfi þau, sem gefin verða, og eigi örar lagðar fram en fjárhagsgetan leyfir og ákveðið verður á fjárl., a. m. k. meðan núverandi ríkisstj. situr. Því að þetta er eins konar rammi í l., þar sem áætlað er, en það verður ákveðið í fjárl., og ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að fjárhæðirnar verði teknar upp í fjárlagafrv. Hér er um heildaráætlun að ræða í l., sem sýnist þurfa að hækka, til þess að þetta þurfi eigi að stranda, þegar frá líður, á heimildarskorti. Það væri hægt að styðja þetta plan með einfaldri ákvörðun í fjárl. án þess að breyta l., en af því að þetta var upphaflega sett í löggjöfina, þá sem hér er til meðferðar, virðist eðlilegt að breyta hámarksákvæðinu. Hér er m. ö. o. um að ræða ramma, sem fyllt verður smátt og smátt upp í með fjárlagasamþykktum.

Einar Olgeirsson: Ég þakka hæstv. fjmrh. upplýsingarnar í þessu máli. Hann drap á það, að hér hefði verið byrjað á máli, sem er þýðingarmikið. Það er rétt. En nú er svo, að fleira þarf til, að hægt verði að halda þessu fram en hinar nýju vélar. Ég veit eigi betur en til þess, að svo geti orðið, þ. e. af aukinni ræktun, þá þurfi að tryggja mikinn innflutning á áburði til landsins, og því meira sem flutt sé inn af vélum, því meiri áburðar sé þörf og til því fleiri hluta landsins. Í ýmsum hlutum landsins hefur þegar verið unnið mikið með nýju tækjunum og ráðizt í stórvirkar framkvæmdir. Nú heyri ég sagt, að svo sé sums staðar ástatt úti um sveitirnar, að menn, sem þegar hafa pantað áburð á þau svæði, er ræktuð hafa verið, hafi jafnvel endursent áburðinn eftir hina gífurlegu hækkun sökum gengislækkunarinnar og treysti sér eigi til að leysa hann út. Nú vil ég spyrja: Þurfa eigi þessir hlutir að fylgjast að, þegar land er ræktað með vélum og áburðar er þörf? Er nægilegt að tryggja innflutning á vélum og standa síðan uppi án nokkurs áburðar? Hver er hugsun þeirra manna, sem segja, að bændum sé brýn nauðsyn að fá þessar vélar, en hækka síðan áburðarverðið, svo að allmörgum bændum finnst ókleift að standa undir þessu? Mér þykir sem verið sé að stöðva ræktunina í miðju kafi. Það er ekki nema eðlilegt, þegar Alþ. er ætlað að veita millj. kr. til nýrra tækja, að þá vilji þ. vita fyrir víst, að áfram verði haldið með ræktunina. — Ég vildi minna á þetta, því að ég lít svo á, að þróunina eigi ekki að stöðva. En annað virðist vera gert með gengislækkunarl.

Finnur Jónsson: Ég vildi leyfa mér út af þessu máli að beina fsp. til hæstv. fjmrh. — Mér er ljóst, að innflutningur stórvirkra landbúnaðarvéla er nauðsynlegur til þess að geta komið ræktuninni í fyrirhugað horf. Á hitt þarf þó eigi að draga neina dul, að eins og sakir standa, er lítið um gjaldeyri. Nú vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann telji, að innflutningsáætlun þessa árs geti verið svo rúm, að hægt verði að flytja inn verulega mikið af þessum vélum eða í áttina við það, sem lagt er nú til, að fjárveitingin nemi. Ástæðan til þess, að ég spyr, er sú, að mér er kunnugt um, að það liggur við, að þær vélar, sem nú er búið að kaupa til landsins, stöðvist í sumar vegna vöntunar á varahlutum. Mér er kunnugt um það, að gjaldeyrisyfirvöldin treysta sér ekki til að veita vélasjóði ríkisins meira en helming af þeim gjaldeyri, sem sjóðurinn hefur sótt um til að geta haldið skurðgröfum þeim, sem þegar eru komnar til landsins, í fullum gangi. Ef svo er, að eigi sé hægt að flytja inn vélahluti til að halda skurðgröfunum í gangi, þá er óliklegt, að ástandið sé svo, að hægt verði að flytja inn mikið af nýjum skurðgröfum, og þá virðist hækkun fjárveitingarinnar óþörf, þótt annars kunni hún að vera réttlætanleg í framtíðinni, þegar gjaldeyrisástandið verði þannig, að hægt sé að flytja inn þessar vélar. En ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. hefur verið kunnugt um þetta. Ef svo er eigi, er æskilegt, að hann kynnti sér þessi mál, því að nauðsynlegt er að hafa stjórn þeirra þannig í framkvæmd, að vélar þær, sem fyrir eru í landinu, notist að fullu.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Út af orðum hv. þm. Ísaf. vil ég segja það, að þetta er hámarksheimild, en engin ákvörðun hefur verið tekin um það, hversu mikið eigi að greiða, og ekkert ákveðið á þessu ári. Eru heldur engin tengsl milli þessa frv. og innflutnings á vélum næstu mánuðina. Hins vegar er þannig ástatt, að eigi er hægt að greiða út allar vélarnar, svo að það mun standa upp á ríkisvaldið að greiða þar eitthvað, og engin ástæða er til að ætla, að örara gangi að greiða úr ríkissjóði upp í hámarksfjárhæð þá, sem hér er stungið upp á, en innflutningur vélanna kallar eftir.

Ásmundur Sigurðsson: Ég vildi aðeins segja örfá orð út af ræðu hæstv. fjmrh. — Hann hefur sagt, að óvíst sé, hversu mikið fé verður greitt, því að hér sé um eins konar hámarksramma að ræða. Ég er einn af þeim, sem hafa mælt með, að þetta verði samþ., því að búið er með l. að veita aðstoð til þessara hluta. Það er ástæðulaust að fara að stöðva þetta núna, því að þá verður hluti manna út undan. Ég þori og að fullyrða, að sé ákveðið, að l. komi að gagni, þá sé hið minnsta, sem hægt sé að greiða, 1 millj. kr. á ári næstu þrjú ár. Hins vegar vil ég benda á þá staðreynd, að núna er Alþ. í vandræðum með þessa fjárhæð, því að í gengislækkunarl. hefur eignaraukaskatturinn verið felldur niður, en hann var ákveðinn með l. frá 1947, og var ákveðið, að hann gengi að hálfu leyti til framkvæmdasjóðs ríkisins. Þriggja flokka stj. fyrrverandi sveikst um innheimtu þessa skatts, og núv. hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að fella hann niður. Því komu nú vöflur á hæstv. fjmrh., og hann virðist feiminn við að segja, að þörf sé á þessari miklu fjárhæð, segir, að allt sé óvíst og hér sé verið að skapa hámarksramma.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það verða örfá orð út af vífilengjum hv. landsk. þm., þess er síðast talaði. — Hann sagði, að verið hefðu vöflur á mér, og gaf í skyn, að óvíst væri, hversu mikið fé yrði veitt á næstu árum. Þetta er bara heilaspuni hjá hv. þm. Ég sagði, að óvíst væri um fjárveitinguna á þessu ári. Ég veit ekki, hvort hv. þm. veit það, en a. m. k. vita aðrir hv. fjvnm. það, að stj. mun leggja til, að 1 millj. verði veitt til þessara hluta á þessa árs fjárl., og það stendur, að þetta er aðeins rammi, og ákveðið verður í fjárl., hversu mikið skuli greiða í hvert sinn.

Ásmundur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit um það, að hæstv. landbrh. kom í fjvn., og hann hefur lagt til, að 1 millj. kr. verði veitt á fjárl. Má vera, að það verði gert, en það er þó ekkert búið að ákveða um það enn þá. Hinu mótmælti hæstv. fjmrh. ekki, sem ég fullyrti, að ekki mundi af veita að halda áfram með sömu fjárveitingar á næsta ári eða árum, ef standa ætti við fjárveitingarákvæði þessara l., til þess að þau héruð á landinu, sem ekki hafa notið hlunninda samkv. þessum l., yrðu ekki afskipt. Og hæstv. fjmrh. mótmælti því ekki, að vandræðin með þetta mál nú, sem eru hreint ekki lítil, eru aðeins vegna þess, að búið er að fella niður framlagið, sem fyrst og fremst eðnaðri borgarar landsins áttu að leggja til þeirrar viðreisnar, sem átti að gera með dýrtíðarl. frá 1947. Þeir hafa ekki verið látnir leggja fram fé í þessu skyni, en almenningur er látinn leggja fram sitt framlag til þessa, en núv. ríkisstj. hefur þóknazt að leggja þetta alveg niður.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki að öllu leyti ánægður með svar hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni. Það er alveg augljóst mál, að meðan svo er ástatt með gjaldeyrinn, að gjaldeyrisyfirvöldin vilja ekki veita gjaldeyri fyrir nema helmingi þeirra varahluta, sem verkfærakaupasjóður telur þurfa til þess að hafa þær skurðgröfur, sem nú eru til í landinu, í standi, þá er ekki hagsýni í því að gera ráð fyrir auknum innflutningi á skurðgröfum, því að vitanlega verður fyrst og fremst að nota þær vélar, sem eru komnar inn í landið. Innflutningur á nýjum vélum er ákaflega óhagkvæmur, að mínu viti, ef gjaldeyrisástandið er þannig, að ekki er hægt að hafa þær vélar í gangi, sem þegar er búið að flytja inn, vegna þess að það vanti varahluti, sem kosta nokkur hundruð krónur. Það munu vera nú 28 skurðgröfur til í landinu (*BÁ:* Þær eru fleiri en það.) — á vegum vélakaupasjóðs. Og mér er kunnugt um það, að vélakaupasjóður taldi sig m. a. þurfa frá Ameríku, ef ég man rétt, varahluti fyrir þær vélar fyrir um 80 þús. kr., með gamla genginu, en hann fékk 50 þús. kr. leyfi og það þrátt fyrir það, þó að þessir varahlutir eigi að greiðast með Marshallfé. Mér er líka kunnugt um það, að umsókn vélakaupasjóðs um varahluti frá Bretlandi var skorin niður um helming eða rúmlega það. Og þar sem hér mun ekki vera um að ræða, til þess að halda mörgum vélum í gangi, meira fé en sem svarar andvirði tveggja skurðgrafa, þá sýnist lítið vit vera í að ætla að verja stórfé úr ríkissjóði til innflutnings á nýjum skurðgröfum, meðan ekki er hægt að gera ráð fyrir, að þær, sem þegar eru komnar inn í landið, komi að fullum notum. Ég spurði hæstv. fjmrh. um, hvort hann teldi innflutningsáætlunina leyfa, að fluttar væru inn margar nýjar skurðgröfur, meðan ekki er hægt að flytja inn varahluti til þess að þær, sem þegar eru komnar til landsins, gætu starfað. Ég hef ekki fengið svar við þessu, en hæstv. fjmrh. svarar því kannske til, að hann sé ekki viðskmrh., og þá hefur maður kannske hans svar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég verð að segja það, að ef varahluti vantar í skurðgröfur, sem til eru í landinu, þá þarf að gera ráðstafanir til að flytja þá inn. (*FJ:* Þó að enginn gjaldeyrir sé til fyrir þeim.)

ATKVGR.

Brtt. 536,1 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 536,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 606).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 99. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 100. fundi í Ed., 4. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 606, n. 679, 680).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er frá Nd. Það kann að sýnast, að við höfum gert á því miklar breyt., en þær eru í rauninni sárfáar og lítils virði.

Eins og frv. kom frá Nd., var það breyt. á l. frá 1945 um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. En Nd. láðist að gæta þess, að áður var búið að breyta jarðræktarl. og umskíra n. og kalla vélan., sem áður var kölluð verkfæran. Þess vegna höfum við alls staðar sett inn vélan. fyrir verkfæran. Þetta er bara orðabreyt., enda var það sagt í gríni hér áðan, að við værum orðnir prófarkalesarar fyrir Nd.

Eins og frv. kom frá Nd., var heimilað að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum í héraði, en áður skyldi ávaxta allan fyrningarsjóð í Búnaðarbanka Íslands. Nm. töldu réttara, að þessi heimild næði einnig til banka á svæðum viðkomandi sambanda, eins og t. d. bankanna á Selfossi, Akureyri og Seyðisfirði.

Þetta eru allar breyt. n. Verkfæran. hefur verið breytt í vélan. og heimilað að ávaxta fyrningarsjóðina einnig í bönkum. Annars er frv. eins og það kom frá Nd.

Breyt. Nd. eru nokkrar og verulegar. N. er sammála þeim, og er kannske rétt að ég geri nokkra grein fyrir þeim. Lagt er til, að framlag ríkisins til öflunar ræktunarvéla hækki úr 3 millj. kr. upp í 6 millj. kr., þar sem sýnilegt er, að hin upphaflega áætlun um stofnkostnað mun ekki standast. Síðan sú áætlun var gerð hefur tvennt skeð, samböndin hafa hallazt að kaupum á stærri og dýrari vélum en upphaflega var ætlað, og stórkostleg verðhækkun hefur orðið á vélum. Þessi verðhækkun á vélum veldur mestu um það, að nauðsynlegt er að hækka framlag ríkisins. Enn eiga 23 ræktunarsambönd eftir að fá vélar, og þessar 6 millj. kr. eru miðaðar við, að þau njóti sama stuðnings og önnur sambönd hafa fengið. Þetta er því réttlætismál, þrátt fyrir allan sparnað.

Þá er önnur breyt. sú, að áður skyldi ávaxta fyrningarsjóði í Búnaðarbankanum, en nú má líka ávaxta þá í sparisjóðum og bönkum í héraði. Þriðja breyt. á rætur sínar að rekja til þess, að minni ræktunarsambönd, sem þröngt hafa um rekstarfé, hafa farið fram á að fá að hafa fyrningarsjóði sína í rekstrarfé. Með samþykki Búnaðarfélags Íslands og gegn ábyrgð sýslun. er samböndunum heimilað að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum. Þar sem gengið hefur illa að ná inn fyrningargjaldinu í einstaka tilfellum, — það munu vera tvö eða þrjú ræktunarsambönd, sem ekki hafa staðið í skilum, — er loks Búnaðarfélagi Íslands heimilað að halda eftir af jarðræktarstyrk, svo að gjaldið verði greitt og hægt að endurnýja vélarnar. Fyrningargjaldið er nú 15%. Sums staðar, þar sem vel er farið með vélarnar, er það tiltölulega of hátt, en annars staðar ekki nóg; þó má telja það nærri réttu lagi. Þetta eru breyt. Nd. Okkar eru í rauninni engar, þó að nokkuð fari fyrir þeim.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þó að þunnskipað sé í d., eftir umr. í dag, vil ég þó ekki, að þetta mál fari til 3. umr. án þess að ég segi nokkur orð.

Ég er á móti frv. eins og það liggur fyrir. Það er ljóst, að verkefni fyrir aukinn vélakost eru aðkallandi í sambandi við annan aðalatvinnuveg okkar. En það er líka ljóst, að svo mörg fyrirmæli eru í l. um að greiða millj. kr. til þess fyrirtækis eða hins, að spyrna verður við fótum. Við, sem vinnum að afgreiðslu fjárl. árlega, þekkjum allar þær kröfur, sem ríkissjóði berast, ekki bara umsóknir, heldur kröfur um að uppfylla þau fyrirmæli, sem Alþ. hefur gefið. Mér finnst hv. 1. þm. N-M. ekki langminnugur. Hann hefur áður lýst því yfir, að hann vildi ekki lofa meiru en staðið yrði við, nú gerist hann hins vegar talsmaður þess, að farið sé inn á þá braut að auka brigðmæli alþm. Á ríkissjóði hvíla stórkostlegar kröfur vegna verkamannabústaða, sjúkrahúsa, hafnarbóta og mannvirkja, skólamála og annars. Þetta er afleiðing af bjartsýni undanfarinna ára og af því kapphlaupi, sem hver og einn hefur háð til þess að tryggja sér sem mest. Bikarinn er þegar fullur. Ég get ekki um það dæmt, hvort þetta eigi að hafa framgang fremur en annað. Það er vitað, að mikil þörf er á því að hlúa að landbúnaðinum, svo að unnið verði á véltæku landi. En í öðrum atvinnuvegum er einnig þörf fyrir stórkostlegar umbætur, ef þeir eiga ekki að leggjast niður. Í landinu eru líka þúsundir örkumla manna, sem gætu framfleytt sér án þess að vera öðrum byrði, ef vinnustöðvum væri komið upp, þar sem þeir gætu unnið eins og kraftar og líf þola. Reynslan á Reykjalundi hefur sýnt það. Það eru því ótal verkefni, sem eiga eins mikinn rétt á sér. Mér finnst líka rétt að minna á það, að ríkisstj., undir forustu búnaðarmálastjóra, hefur sett sér það takmark að minnka fjárfestingu og innflutning. Fyrirmæli 1. gr. koma því í bága við stefnu stj. Annars er það táknrænt, að hv. frsm. minntist varla á aðalefni frv., en það er hækkun á framlagi ríkissjóðs um helming.

Ég vil leyfa mér að bera fram rökst. dagskrá, er ég óska, að hæstv. forseti beri upp. Hún er svo hljóðandi:

„Með því að vitað er, að ríkissjóður á þess

engan kost sem stendur að greiða af árstekjum sínum framlög til margvíslega framkvæmda samkvæmt gildandi lagaákvæðum, þykir ekki rétt að samþykkja frumvarp það, sem hér um ræðir, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, hvaða lögbundnar greiðslur eru mest aðkallandi og á hvern hátt unnt er að inna þær af hendi, og leggi niðurstöður þessar til athugunar fyrir næsta Alþingi ásamt tillögum um, hvaða greiðslur skuli hafa forgang, á meðan ekki er unnt að inna þær allar af hendi svo sem lög mæla fyrir um, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég álít þetta einu sjálfsögðu og þinglegu leiðina. Þegar búið er að hlaða á ríkissjóð skyldum, eins og raun ber vitni um, þá á ekki að knýja fram útlát án tillits til þess, hvort hægt er að greiða þau útgjöld, sem áður hafa verið samþ. Ég vildi óska þess, að hæstv. forseti frestaði atkvgr., þar til dagskráin hefur verið prentuð, svo að þm. geti kynnt sér hana.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá hv. þm. Barð.: (sjá að framan og þskj. 722).

Það er ekki unnt að halda lengur áfram fundi, því að fundur hefur verið boðaður í Sþ. Umr. er því frestað og 7., 9. og 10. mál tekin út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 105. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 106. fundi í Ed., 15. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 606, n. 679, 680, 722).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það hefur nú komið fram rökst. dagskrá við frv. þetta, og verð ég því að gera grein fyrir málinu í heild og hvernig það stendur nú. Ég vil minna á það, að þegar fyrst kom til tals að setja þau l., sem hér er verið að breyta, var ástandið í ræktunarmálum þannig, að á 24 árum hafði útheysheyskapur landsmanna minnkað úr 1200 þús. hestburðum niður í 860 þús. hestburði á ári, en töðufengur hafði á sama tíma vaxið úr 650 þús. hestburðum í 1400 þús. hestburði á ári. Og var mönnum nú orðið ljóst, að undirstaða þess, að landsmenn gætu rekið samkeppnishæfan landbúnað, væri sú, að ræktun ykist í landinu. Aukning töðufengs á þessum árum stafaði af því, að gömlu túnin höfðu verið sléttuð og stækkuð. 1920 höfðu verið 14 plógar til í landinu, en árið 1944 voru þeir orðnir líðlega 1000. Voru margir þeirra í hreppabúnaðarfélögum, er höguðu mörg vinnunni svo, að menn ferðuðust um með plóga og herfi og unnu fyrir bændur að sléttun gömlu túnanna og nýrækt, en þessi vinna gekk hægt og seint og fór fjarri, að allar jarðir nytu þessara tækja, en þá voru 6200 jarðir í landinu, en plógar aðeins 1033. Dráttarvélar voru þá nær engar í landinu, þó komu hingað nokkrar hjóladráttarvélar um 1930, en þær reyndust ekki vel, og stærri hjóladráttarvél kom svo ekki til landsins fyrr en 1941, og hafði vélan. þá ákveðið að flytja aðallega inn vélar, sem væru svo stórar, að þær gætu unnið þau verk, sem af þeim var krafizt. 1942 kom svo ein beltisdráttarvél, 1943 3 og 1944 7. Lögin voru svo sett 1945, og var rauði þráðurinn í þeim, að meðal bænda væru mynduð félög, sem gerðu ræktunarsamþykktir og mynduðu ræktunarsambönd, sem síðan fengju sér vélar til að vinna í félagsvinnu að ræktuninni. Þegar farið var að athuga, hve margar vélar mundi þurfa að kaupa til landsins, var verkfærakaupanefnd beðin að segja álit sitt í þeim efnum, hve margar vélar þyrfti til að fullnægja þörfum landsmanna. Þegar nefndin var beðin um þetta, voru engin ræktunarsambönd í landinu og því óhægt í þessum efnum, svo að nefndin varð að gera áætlun í þessum efnum, en verkfærakaupanefndin ályktar um áramótin 1944—45, að til landsins muni þurfa vélar fyrir um 6 millj. kr. Var þá styrkur ákveðinn 3 millj. kr., eða helmingur upphæðarinnar, og var það samþ. á Alþ. Hugmyndin var, að allir bændur yrðu í einhverju ræktunarsambandi og var gert ráð fyrir, að þeir gætu vænzt styrks, sem næmi helmingi kaupverðs vélanna, eða allt að 3 millj. kr. í allt. Síðan hafa ræktunarsamböndin orðið til og eru nú hér um bil alls staðar á landinu. Alls eru þau 70 og í þeim nær allir bændur landsins. En þá skeður það, að vélarnar fara hækkandi í verði og kosta nú um 40% meira en gert var ráð fyrir. Þá hefur það sýnt sig, að sum af samböndunum, sem áttu að fá minni vélarnar, hafa óskað eftir að fá þær stærri, þar sem hinar hafa reynzt illa og eru dýrar í rekstri, þannig að þær 6 millj. króna, sem verja átti í þessu skyni, hrökkva hvergi nærri. Þessum málum er nú svo háttað, að búið er að verja þeim 3 millj. kr., sem upphaflega var ákveðið að verja í þessu skyni, og eru nú 15 ræktunarsambönd af 70 búin að fá þær vélar, sem þau eiga að fá. 37 sambönd eru búin að fá einhvern hluta þess, sem þau eiga að fá, sum aðeins lítinn hluta og sum allt, sem þeim ber, en 18 ræktunarsambönd hafa ekki fengið styrk út á eina einustu vél. Það var athugað nú í vetur, hve mikið þær vélar mundu kosta, sem enn vantar, og er búizt við, að þær muni kosta nær 12 millj. kr., svo að hækka verður framlagið allt að 6 millj. kr. Nú er það því spurningin, hvort samþ. á hina rökst. dagskrá frá hv. þm. Barð. og láta þessi 17 sambönd, sem engan styrk hafa fengið að þessu, — sum í kjördæmi hv. þm. Barð. — engan styrk fá, en láta hin 15 samböndin fá styrk út á allt sitt. Hv. fjvn. hefur verið inni á því að gera þetta ekki, því að hún er búin að fá okkur til að greiða atkv. með 1 millj. kr. framlagi á fjárl. til framkvæmdasjóðs til að greiða styrk út á þessar vélar jafnóðum og þær koma til landsins. Nú tel ég ófært að láta ræktunarsambönd, sem út úr hafa orðið af ýmsum ástæðum, ekkert fá. Ræktunarsamböndin mynduðust fyrst í nærsveitum Reykjavíkur og breiddust síðan út um landið, en voru síðast stofnuð á Austfjörðum og Vestfjörðum, og eru þessi sambönd, sem ekkert hafa fengið, flest þar. Jafnframt og l. bjuggu svo um, að styrkur þessi skyldi vera til að koma starfseminni af stað innan ræktunarsambandanna, var gert ráð fyrir því, að leggja skyldi á vinnu vélanna 15% fyrningargjald,

er leggja skyldi í sjóð til að standa undir endurnýjun vélanna. Nú eru til 167 beltisdráttarvélar í landinu, en nokkrar þeirra eru í eigu bæjarfélaga og vegagerðar ríkisins og eru því ekki notaðar til ræktunar, en hinar eru í ræktunarsamböndum og hafa fengið styrk. Vélanefnd ákveður, hvaða gjald skuli leggja á vinnuna til að standa undir viðhaldi vélanna, og með þessu tvennu og breyt., sem nú er verið að gera á l., er ræktunarsamb. veittur þessi styrkur einu sinni og svo ekki meira. Þetta er gert til að auka ræktun og á að gera það að verkum, að landbúnaðarvörur verði ódýrari. Ég get ekki skilið, að það sé mögulegt, að hv. þm. Barð. meini þessa dagskrá, sem hann hefur lagt hér fram. Hún er svo fjarstæð, að ætla að setja alla þá hjá, sem ekki hafa fengið styrk enn þá, og mun það þá aðallega bitna á þeim, sem eru búsettir fjærst höfuðstaðnum, enda hefur slíkt ekki vakað fyrir Alþ. og fjvn., þegar tekin var upp á fjárl. 1 millj. kr. til að halda áfram að greiða þennan styrk, sem þó er ekki mögulegt að greiða að lögunum óbreyttum, því þar er 3 millj. kr. framlagið hámark.

Ég vænti þess, að hv. þm. felli þessa rökst. dagskrá, en samþykki frv. með þeim breytingum, sem ég legg til. Eru breytingarnar aðeins orðalagsbreytingar, sem leiðir af því, að búið er að breyta jarðræktarlögunum. Ég teldi það hróplegt ranglæti, ef neita á þeim jarðræktarsamböndum um styrk, sem skemmst eru á veg komin og helzt eru á útkjálkum, og því trúi ég ekki, að hv. þm. vilji gera sig seka í þessu athæfi.

Haraldur Guðmundsson: Eins og nál. á þskj. 679 ber með sér, var ég fjarstaddur, er hv. landbn. afgreiddi þetta mál. Þess vegna mun ég skýra afstöðu mína hér. — Ég vil ekki draga úr því, að nauðsynlegt er að leggja fé fram til að tryggja og flýta fyrir því, að keyptar séu stórar vélar til jarðvinnslu, enda hefur þingið viðurkennt það með fjárveitingum, sem veittar hafa verið í þessu skyni. Ég vil minna á, að ég ætla, að í lögunum um eignaraukaskatt hafi verið ákveðinn hluti skattsins lagður í framkvæmdasjóð og síðan ákveðnum hluta sjóðsins varið til vélakaupa. Með niðurfellingu laganna um eignaraukaskatt var þessi fjáröflunarleið úr sögunni. Mér finnst því ekki óeðlilegt, þótt þetta frv. sé borið fram með tilliti til þeirra verðhækkana í ísl. krónum, sem átt hafa sér stað vestan hafs vegna gengislækkunarinnar. — Sú skýrsla, sem hv. frsm. flutti hér um það, hversu mikið er búið að kaupa og hversu mörg sambönd eru skammt á veg komin, var fróðleg. Ég vil þó minna á, að þrátt fyrir allt það fé, sem lagt hefur verið til jarðræktarmálanna, þá hefur ekki lánazt að gera landbúnaðarframleiðsluna það ódýra, að hún gæti orðið samkeppnisfær, og vantar meira að segja mikið á það. Því miður hefur árangurinn orðið lítill. Ég vil einnig minna á, að hæstv. ríkisstjórn virðist orðin sjóndöpur, þegar um er að ræða ýmis önnur nauðsynjamál. Fróðir menn telja, að söluhorfur á fullverkuðum saltfiski séu góðar. Fiskþurrkunarstöðvar eru hér litlar og ónógar, og engum dettur í hug, að hægt sé að taka hér upp fiskþurrkun með gamla laginu, að fólk beri fisk út á reiti. Það er enginn vafi á því, að það á að hjálpa mönnum til að koma hér upp fiskþurrkunarstöðvum með nýtízku tækjum. Sú sama ríkisstjórn, sem vill framgang landbúnaðarins, virðist vera steinblind á nauðsyn sjávarútvegsins, sem er jafnvel enn þýðingarmeiri. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, hversu ríkisstj. eru mislagðar hendur í þessu efni. Fyrir örfáum dögum ákvað ríkisstjórnin að stöðva breytingar á alþýðutryggingalögunum, sem mundu hafa kostað ríkið um 1½ millj. kr. Það er nauðsyn að spara þetta — að áliti hæstv. ríkisstjórnar. Og það er ekki lagt fé í það að létta undir með mönnum að taka upp saltfiksþurrkun með nýjum tækjum. Ég fæ ekki varizt þeirri hugsun, að hér sé hæstv. ríkisstjórn og þeir flokkar, sem hana styðja, heldur skammsýn. Ég hefði talið hyggilegt að sýna viðleitni til þess að mæta þörfum sjávarútvegsins hliðstætt þeim fjárveitingum, sem veittar eru landbúnaðinum, ef ríkisstjórnin telur á annað borð, að hægt sé að auka kvaðir ríkissjóðs. Þá á ekki síður að rétta hlut sjávarútvegsins. Ég viðurkenni, að bændur eigi rétt á að vænta þess, að þeir fái hinn sama styrk til vélakaupanna og þeim var heitið í upphafi. En ég vil ekki, að ríkisstjórnin sé að mismuna þegnunum og veita sumum hærri styrki en öðrum. Þetta taldi ég rétt að láta koma fram hér.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. landbn. hefði vel getað sparað sér meginmál sitt um hina rökst. dagskrártill. mína. Till. mín er um það að fresta framgangi málsins, þar til hægt er að fá heildaryfirlit um þarfir landsins á hverju sviði og hvað er mest aðkallandi. Fjárframlögum úr ríkissjóði verði síðan varið skv. þessu heildaryfirliti. Ég er sammála hv. þm. um það, að þörfin er miklu meiri en hann ræddi um. En ég er ekki sammála honum um, að þessir aðilar eigi að fá allt meðan aðrir fá ekkert. Ég vil benda hv. þm. á: Hvað er mikil þörfin í raforkumálum bænda? Hvað er mikil þörfin í vega- og brúamálum? Hvert mundi stefna, ef við veittum svo að segja ótakmarkað fé til þessara framkvæmda? Það ætti að leiða rafmagn og leggja veg heim á hvert býli, hversu strjálbýl sem sveitin væri. Hvar mundi þetta lenda? Það má lengi segja, að á þessu sé þörf, já, mikil þörf. Þetta mundi auðvitað enda í hreinasta kaos — ringulreið og vitleysu. Það sér hver heilvita maður. Við vitum, að hin þéttbýlu héruð hafa ekki hrifsað mest til sín í þessu máli, heldur hafa það verið fulltrúar bænda hér í Reykjavík. Hvar lendum við með þessi mál, ef fullnægja á öllum þörfum vega, brúa og hafna á þessu þingi? Það er ekki sæmandi fyrir þá menn, sem telja sig fulltrúa fyrir ríkisstjórn landsins, að fullnægja einu verkefni, en veita ekkert til annars. Till. mín er einungis um það að fresta frekari fjárframlögum til þessa, þar til ríkisstj. hefur látið fara fram rannsókn á fjárhag landsins og gert áætlanir um þær framkvæmdir, sem helzt eru aðkallandi. Auðvitað yrði það í beinu hlutfalli við fjárhagslega getu landsins. Hvaða goðgá er þá

þessi tillaga mín? Hún er aðeins sjálfsögð, hvað þá að hægt sé að segja, að hún sýni aðeins andúð gagnvart bændastéttinni. Hún er eins heilbrigð og frekast getur verið frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar. Hún er miklu frekar trygging fyrir því, að bændur fái það, sem þeim ber, en allt verði ekki látið vaða á súðum í fjárhagslegum efnum eins og hingað til. Ég get ekki séð, að það sé nein hjálp fyrir bændur, þótt þeir fái veitingu fyrir fjárupphæð einungis á pappírnum, ef ríkið getur ekki staðið við. Auðvitað verður þetta allt að miðast við fjárhagslega getu ríkissjóðs.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég mótmæli því, að fulltrúar bænda hér í Reykjavík hafi ráðið nokkru um það, hvernig styrkurinn hefur verið veittur. Ræktunarsamböndin hafa verið mynduð á fundum bænda, og þeir hafa sent ríkisstj. samþykktir sínar. 1941 var myndað ræktunarsamband í Barðastrandarsýslu. Þau hafa sjálf getað náð í lögin, án þess að nokkur fulltrúi hér í Reykjavík hafi sent þeim þau. Ræktunarsamböndin sjálf hafa verið að myndast allt fram á þennan dag, og ég held hið síðasta nú á Austfjörðum á árinu 1950. — Annars vil ég víkja að styrknum, og eftir því sem mér hefur skilizt, þá á afstaða mín að vera fjandsamleg sjávarútveginum, af því að ég vil, að bændur hljóti þann styrk, sem þeim hefur verið lofað. Ég tel, að skipta megi öllum styrkveitingum í þrennt:

1) Framtíðarverðmæti. Það er sá styrkur, sem skapar framtíðarverðmæti, sem öll þjóðin mun njóta síðar, en nútíðin og sá, sem framkvæmir umbæturnar, nýtur takmarkað. Styrkveitingar í þessu skyni eru alltaf réttmætar. Hér undir heyrir t. d. ræktun landsins.

2) Nútíðarstyrkir. Það eru styrkir, sem veittir eru mönnum til þess að auðvelda þeim að selja framleiðslu sína til sjós og lands og koma þjóðinni aðeins að notum þá stundina. Álíka styrkir og hv. 4. þm. Reykv. var að tala hér um áðan. Styrkveitingar í þessu skyni eru oft vafasamar, en geta þó stundum verið réttlætanlegar.

3) Eyðslustyrkir. Það eru styrkir, sem veittir eru til einhvers einstaklings til að lifa af. Þeir eru sjaldan réttlætanlegir. Þeir hjálpa þjóðinni ekki, en taka stundum þann, er nýtur, úr vinnu við framleiðslu og þjóðnýt störf. Nú síðast í vetur voru t. d. veittar 200—300 þús. kr. til þess að athuga, hvernig hægast mundi vera að ná í síldartorfur — sem sagt, hvernig hægast mundi vera að uppræta síldina. Alveg hið sama er að segja um dragnótaveiðina innan landhelginnar. Skipin eru tekin í landhelgi og sektuð, en síðan er sektin gefin eftir og verður þá að verðlaunum til lögbrjóta fyrir að spilla framtíðarveiði þeirra, er lifa af sjósókn og heiðarlegum veiðum. Styrki til þessa á ekki að veita. Ef hægt væri t. d. að tryggja það, að synir Gísla Jónssonar gætu aflað meira á sínum togurum en nú er gert, þá skyldi ég fúslega vilja leggja þar til stórfé. En að gera allt til þess, að synir Gísla Jónssonar afli minna á sínum togurum en hann þó hefur gert og veita styrk til þess, — með því er ég ekki.

Hv. þm. Barð. heldur, að sín till. mundi ekki skemma neitt fyrir bændum. Hún þýðir bókstaflega það, að þeir, sem eru nú að fá vélarnar, hljóta engan styrk. Og að ætla sér að láta þá ekki fá neinn styrk, nær engri átt fyrst aðrir hafa fengið hann. — Ég veit, að hv. þm. Barð. vill ekki, að ræktunarsambönd sem enn hafa ekki fengið neinar vélar, fái engan styrk. En þetta hefur einhvern veginn gripið hv. þm., að hann ætti endilega að bera fram rökstudda dagskrá og verður nú að fylgja henni. Ég veit, að hv. þm. vill, að styrkur sé veittur þeim jafnt, sem síðastir voru og fyrstir.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um það, að oft hefðu verið veittir styrkir til landbúnaðarins, en framleiðsla hans hefði ekki verið að sama skapi ódýrari. Þetta er nú ekki rétt. Fyrir um það bil 20 árum, eða 1930, þá unnu að landbúnaðarframleiðslu 42% þjóðarinnar, en nú tæpl. ⅛ hluti. Samt er framleitt nálega sama kjötmagn og fyrir 20 árum, og mjólkurframleiðslan er um ⅓ hluta meiri. (*GJ:* Og allt með hækkuðu verði.) Ég geri ráð fyrir, að ef ekki hefði orðið breyting á búnaðarháttum, þá væri landbúnaðarframleiðslan lítil, en dýr. Það er ekki auðvelt að reikna þetta út, en ég geri ráð fyrir, að við mundum sjá gróflega mikinn mun á því, ef tekið væri upp gamla lagið á landbúnaðinum. Þá mundi varan verða með því verði, að enginn gæti keypt. Þessar umbætur hafa raunar gengið hægara en æskilegt væri. En ég er þess fullviss, að þetta hefur verið til þess, að enn er hægt að framleiða og selja á Íslandi landbúnaðarvörur.

Þá sný ég mér að ræktunarsamböndunum. 1946 voru mynduð 14, 1947 19, 1948 11 og 1949 það, sem eftir var. Þetta hefur nú ekki gengið hraðara, og er það mjög eðlilegt. En því grátlegra er það, að þessi 15 sambönd, sem þegar hafa fengið styrk, fá sínar vélar líka á gamla verðinu, en svo eiga hin ræktunarsamböndin engan styrk að fá og þar að auki kaupa vélarnar þriðjungi hærra verði. Nei, það verður að láta styrkinn ganga jafnt yfir öll samböndin.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki vera fjölorður, svo að ég tefji ekki þessar umræður. Það er rétt hjá hv. 1. þm. N-M., að framleiðsla landbúnaðarafurða hefur aukizt verulega, þótt fólki hafi fækkað í sveitunum, enda mætti nú fyrr vera. Þótt það sjáist nú í einhverju þeir styrkir, sem veittir hafa verið til sveitanna! Það væri naumast, ef enginn árangur sæist af öllu því fé, sem lagt hefur verið til jarðabóta og húsabygginga. En það sem ég átti við var, að ekki væri enn farið að gæta þess í verði landbúnaðarafurða, að til landbúnaðarins væru nú komin hin fullkomnustu nýtízku tæki. Það er tilfellið, að það meðalbú, sem lagt er til grundvallar við verðlagningu landbúnaðarafurða, illu heilli, þar er gert ráð fyrir, að búið sé rekið með mjög frumstæðum hætti. Þær tölur, sem þar er miðað við, kann nú hv. fyrri þm. N-M. miklu betur en ég, en mig minnir, að þar sé miðað við 70 ær, 4—5 kýr og nokkur hross, og sú vinna, sem ætlað var að þyrfti til þess að framfleyta þessu búi, var alveg ótrúlega mikil. Þetta er sá grundvöllur, sem verð

landbúnaðarvaranna er miðað við nú. Við sitjum sem sagt enn uppi með sex manna búið sæla, og verðið er miðað við það. Það, sem á raunverulega að gera, er það að reikna út, hvað kostar framleiðslan á búi, sem rekið er á ræktuðu landi og einungis með vélum, og svo aftur á móti að reikna út, hvað kosti framleiðsla á jafnstóru búi, sem ekki er rekið á ræktuðu landi og ekki hefur vélar til að vinna með nema að mjög takmörkuðu leyti. Þegar þetta liggur fyrir, þá sér maður mismuninn og getur þá einnig séð, hvernig bezt er að skipta styrkjunum til landbúnaðarins með það fyrir augum, að þeir, sem starfa við útflutningsframleiðsluna, verkamenn og aðrir, geti veitt sér afurðirnar á sómasamlegu verði, en ekki það háu verði, að útflutningsframleiðsla verði af þeim sökum ekki samkeppnisfær. Fram hjá þessu hefur alveg verið gengið, og ég segi þetta nú ekki vegna þess, að ég geri mér vonir um, að þessu verði breytt á næstunni, en mig furðar mjög á því, að hin stóra stofnun Búnaðarfélag Íslands skuli ekki fyrir löngu vera búin að gera áætlun um þessi atriði.

ATKVGR.
Rökst. dagskráin á þskj. 722 felld með 7:2 atkv.
Brtt. 680,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 680,2.a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 680,2.b samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 680,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
— 680,4 (tvær nýjar gr., verða 4.—5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 108. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 772).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 105. fundi í Nd., 16. maí, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 806).

---

61. Lánveitingar og lántaka vegna Sogs- og Laxárvirkjana.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lánveitinga til Sogs- og Laxárvirkjana og til lántöku vegna sömu fyrirtækja [171. mál] (þmfrv., A. 758).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta frv. er í nánum tengslum við 9. dagskrármálið, 170. mál. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að lána Sogsvirkjuninni og Laxárvirkjuninni í Þingeyjarsýslu allt að 2 millj. Bandaríkjadollara af framlögum frá efnahagssamvinnustjórninni í Washington með þeim skilmálum, sem ríkisstj. telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, er hún tekur gildar. Undanfarið hefur það verið svo, að af fyrrv. ríkisstjórnum og þessari ríkisstjórn líka í framhaldi af því hefur verið unnið að þessum málum á þeim grundvelli, að Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin og áburðarverksmiðjan fyrirhugaða, þessi þrjú fyrirtæki, þau gætu fyrst og fremst notið stuðnings af því fé, sem fæst frá þessari stofnun. Nú hefur núv. ríkisstjórn komið sér saman um að vinna að þessum málum þannig. En af því að Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin eru lengra komnar í undirbúningi málanna en þriðja málið, sem ég nefndi, og hægt mun vera að hefjast handa um framkvæmdir í þeim í sumar, ef annað nauðsynlegt en lán til þeirra er fyrir hendi, þá þótti rétt að ákveða nú, að þessar tvennar framkvæmdir nytu þessa láns, sem hér er um að ræða, sem væntanlega verður tekið 1. júlí í sumar, en að áburðarverksmiðjan kæmi svo til síðar á árinu með að fá sinn hluta af þessum gjaldeyri, sem væntanlega kemur til landsins síðar á árinu af Marshallfé. — Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóði sé heimilt að gerast meðeigandi að Laxárvirkjuninni hvenær sem er eftir að lög þessi öðlast gildi, og er lánveiting til Laxárvirkjunarinnar bundin því skilyrði, að samningar í því efni takist um sameign og framkvæmd Laxárvirkjunarinnar milli ríkisstj. og Akureyrarbæjar á sama grundvelli og samið hefur verið milli ríkisstj. og Reykjavíkurbæjar um viðbótarvirkjun Sogsins. Og þessi heimild um 26 millj. kr. lán og endurlán á því til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar er þannig hugsuð, að ráðgert er, að keyptar verði utan Bandaríkjanna fyrir allt að þessari fjárhæð vélar og efni til Sogs- og Laxárvirkjananna. Nú óttast ríkisstj., að örðugt muni reynast að taka af gjaldeyri, sem fæst fyrir seldar afurðir, til þess að greiða fyrir þessar vörur, og ráðgerir því að fara þess á leit að fá lán í þessu skyni erlendis til greiðslu á þessum hluta kostnaðarins. Þá yrði ekki farið til Marshallstofnunarinnar, heldur yrði farið í önnur hús til þess að útvega þetta lánsfé, og

því er þessi till. fram borin. — Ég skal taka fram, að í lögum, sem þegar eru fyrir hendi um Sogsvirkjunina og Laxárvirkjunina, eru nokkrar lánsheimildir, en þær eru þannig, að þær gátu undir vissum kringumstæðum orðið ekki einhlítar, eins og þær eru úr garði gerðar, vegna þess að þar er ráðgert, að lántökurnar séu á vegum hlutaðeigandi bæjarfélaga, en að ríkið ábyrgist lánin. En nú er þessu komið að nokkru leyti og stefnt að því að koma þessu að öllu á nýjan grundvöll, svo sem frv. ber með sér, þannig að Sogsvirkjunin er þegar sameign bæjar og ríkis og gert er ráð fyrir, að Laxárvirkjunin verði það líka. Og þá er sjáanlegt, að breyta verður þessum samþykktum, sem gerðar hafa verið, þannig, að ríkið gerist þá lántakandinn beinlínis. En ef hitt formið yrði haft, þannig að þessar stofnanir, Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, beinlínis tækju lánin, mundi ríkið ábyrgjast þau lán. En það verður að líta svo á, að ef þessi till., sem er í 2. gr. frv., verður samþ., þá yrði einnig heimilt, að ríkið gengi í ábyrgð fyrir lánunum, ef sú aðferð yrði höfð. Þess vegna þykir réttast að búa svo um eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Í þeirri gr. í 2. málsgr. er líka tiltekið, að lánveiting til Laxárvirkjunarinnar sé bundin því skilyrði, sem ég gat um áður, að þar kæmi til greina hliðstæða við það, sem á sér stað viðkomandi Sogsvirkjuninni. Þetta þykir eðlilegt fyrirkomulag, að sami háttur verði hafður á í þessum efnum í báðum tilfellunum, og þess vegna er þetta ákvæði tekið inn í, svona til öryggis.

Ég hygg, að það sé ekki ástæða til að gefa á þessu frekari skýringar. En ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þd. vilji greiða fyrir því, að þetta mál, ásamt hinu málinu, sem er þessu máli nátengt og er hér á dagskrá í dag, fái fljótan framgang.

Jónas Rafnar: Herra forseti. Ég hef ekki átt kost á að ræða um þetta mál við bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, þar sem þessu frv. er fyrst útbýtt á þinginu í dag. Ég geri þó frekar ráð fyrir því, að bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefði fremur kosið, að ákvæðið um lánveitinguna hefði verið sett inn án þess skilyrðis, að samningar um sameign og framkvæmd Laxárvirkjunarinnar skyldu vera gerðir á sama grundvelli og samningar hafa verið gerðir á milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar viðkomandi viðbótarvirkjun Sogsins. En ekki er ástæða til að ræða frekar um það nú. En ég tek fram, að allir Akureyringar gera sér ljóst, að stækkun Laxárvirkjunarinnar verður aldrei framkvæmd nema með aðstoð og stuðningi ríkisvaldsins.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 108. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. óskaði eftir, að ég segði nokkur orð í sambandi við 1. umr. þessa máls. Hins vegar liggur málið greinilega fyrir, og frekari skýringar fylgja í grg. Eins og ljóst er, leggur ríkisstj. til, að varið verði 2 millj. dollara til þessa fyrirtækis, en auk þess verði veitt heimild fyrir 26 millj. kr. láni. Samkv. áætlun er gert ráð fyrir, að auk dollaragjaldeyris þurfi annan gjaldeyri, allt að 26 millj. kr., og ríkisstj. er ekki svo bjartsýn, að hún telji möguleika á að taka þann gjaldeyri af gjaldeyrisöflun næstu ára. Þess vegna fylgir þessi heimild með í frv. Frekari upplýsinga geta þm. aflað í grg. og sé ég því ekki ástæðu til að ræða málið frekar.

Ég geri till. um, að málinu sé vísað til 2. umr., en hins vegar sé ég ekki ástæðu til, að það verði látið fara til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þessara stóru mála mun ég láta nægja örfá orð í sambandi við afgreiðslu þessa máls. — Hér eru bornar fram óskir um það, að ríkissjóður taki á sig stór fjárframlög og þungar byrðar vegna raforkumálanna í landinu, en þessar framkvæmdir ná þó ekki til allra landsmanna, heldur aðeins til einstakra héraða, þó að byrðin af þeim hvíli á almenningi í landinu. Á 16. gr. fjárl. eru 650 þús. kr. ætlaðar til þess að styrkja þá menn, sem fara verða aðrar leiðir í raforkumálunum en þá, sem hér er um að ræða. Þannig er það víðast hvar á Vesturlandi og Austurlandi, að menn verða að koma sér upp dieselrafstöðvum, vegna

þess að þeir geta ekki notið góðs af þessum virkjunum. Vildi ég þá vænta þess, að hæstv. ráðherra liti með sanngirni á mál þessara aðila, þegar kemur til úthlutunar fjárins. Það hefur orðið nokkur deila um það í fjvn., hvort veita ætti þetta fé til smástöðva, og var á það sætzt að veita 400 þús. kr. til stöðva yfir 75 ha. af þessu fé. Vænti ég þess, að hæstv. ráðherra sjái sér fært að láta raforkumálasjóð standa undir þessum framkvæmdum og hlúi að því eins vel og hægt er í sambandi við úthlutun þessara 650 þús. kr., að þessum aðilum verði gert kleift að eignast dieselrafstöðvar. — Mér þótti rétt að láta þetta koma fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Það er alveg rétt athugað, að þessar stórvirkjanir, Laxá og Sogið, ná ekki nema til nokkurs hluta landsins, og það hefur verið rætt um það í ríkisstj., og það verða teknar umræður um þetta eftir að þinginu lýkur, vegna þess að það hefur ekki unnizt tími til þess enn vegna ýmissa annarra mála, hvernig haga eigi smærri virkjununum og koma þeim áleiðis. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég hef ekki síður áhuga fyrir þeim virkjunum en þessum, sem hér eru til umræðu, en það þyrfti helzt af öllu að vera hægt að leysa þessi mál samhliða. Hins vegar get ég ekki lýst því nú, hvernig þessu muni hagað í framkvæmdinni. Um þetta hefur verið mikið rætt, einkum þar sem fallvötn eru fyrir hendi, en ekki hafa verið skilyrði til þess að hafa not af þeim.

Viðvíkjandi styrknum til dieselvélarafstöðvanna get ég ekki gefið aðrar yfirlýsingar en þær, að úthlutun á honum skal vera gerð af sanngirni og eins og menn hafa bezt vit á. Þó að ég hafi ekki í höndunum heimildir, sem sýna útgjöld raforkumálasjóðs, þá veit ég, að þau eru mikil, því að ég veit, að það hefur verið ráðizt í miklar framkvæmdir, sem ekki hafa verið fullgerðar. Þannig hefur verið byrjað á mörgum framkvæmdum og það gert, sem ódýrara hefur verið, en eftir er það, sem dýrara er, og sú fjárveiting, sem á fjárlögum er ætluð raforkumálasjóði, getur engan veginn nægt til þess að fullgera allt, sem byrjað hefur verið á, og þess vegna var í byrjun þings veitt heimild til þess að taka 1.5 millj. kr. að láni í þessu skyni. Ég skal svo ekki fara að rekja þetta nánar núna, en það er vitað, að raforkumálasjóður er ofhlaðinn í ár og eitthvað fram á það næsta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 807).

---

62. Laxárvirkjunin.

Á 108. fundi í Ed., 15. maí, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 25. maí 1949, um Laxárvirkjunina [175. mál] (þmfrv., A. 770).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af fjhn. samkvæmt beiðni hæstv. landbrh. Það er í samræmi við það, sem oft skeður, einkum á síðari hluta þings, að n. tekur að sér flutning mála fyrir ráðh., án þess að taka á sig ábyrgð á málinu á annan hátt, enda hafa einstakir nm. áskilið sér óbundnar hendur um einstök atriði frv. Aðalefni þessa frv. er það, að kveða svo á, að Laxárvirkjunin, eða Akureyrarbær fyrir hennar hönd, skuli hafa sömu kjör eins og Sogsvirkjunin hefur og Reykjavíkurbær fyrir hennar hönd, þ. e. a. s., að það verði sams konar félagsbú milli Akureyrarkaupstaðar og ríkisins um stækkun og eignarrétt á Laxárvirkjuninni eins og búið er að ákveða um Sogsvirkjunina. Þetta er aðalatriði frv., að ríkið verði ekki aðeins eigandi að því, sem hér eftir verður gert til viðbótar Laxárvirkjuninni, heldur fái sinn hluta af þeim mannvirkjum, sem nú eru til, með kostnaðarverði. Nú er ekki því að leyna, að mótstaða hefur verið gegn þessari breytingu í hlutaðeigandi kaupstað, Akureyri. En ég skal nú taka það fram, að ég, sem er Akureyringur og gjaldþegn á Akureyri, lít svo á, að það geti ekki komið til mála, að Akureyrarbær krefjist annarra réttinda fyrir sig en Reykjavíkurbær hefur í þessu efni, og að hitt sé miklu meira virði fyrir bæinn, að úr frekari framkvæmdum geti orðið, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir og annað frv., sem lagt hefur verið fyrir Alþ., gerir einnig ráð fyrir, sem sé því, að greiða fyrir frekari framkvæmdum og það stórkostlegum framkvæmdum í þessu máli. Á annað vildi ég einnig leggja áherzlu, og það er, að sveitirnar umhverfis Laxárvirkjunina, — og þar á ég ekki aðeins við Þingeyjarsýslu, heldur a. m. k. einnig við Eyjafjarðarsýslu, — nytu fyrirgreiðslu um línur út frá virkjuninni, á svipaðan hátt og þegar er hafið hér á Suðurlandi í sambandi við Sogsvirkjunina. Nytu þær þá jafnréttis við nágrenni Sogsins, eins og ég ætlast ekki til annars en að Reykjavíkurbær njóti jafnréttis við Akureyri. Ég vil í því sambandi minna hæstv. landbrh., sem jafnframt fer með raforkumál, á það, að til eru l., sem eru orðin nokkurra ára gömul, — ég held þau hafi átt að koma til framkvæmda á árinu 1946 — um línuna frá Akureyri til Dalvíkur, sem er ekki nema að

mjög litlu leyti búið að framkvæma enn. Á þetta legg ég miklu meiri áherzlu heldur en hitt, að Akureyri geti haft tiltölulega ódýrasta hluta raforkuversins sem séreign sína og notið þannig réttinda fram yfir aðra, sem líkt stendur á fyrir, og þá sérstaklega fram yfir Reykjavík. Að öðru leyti geri ég ráð fyrir, að sá hæstv. ráðh., sem þetta mál heyrir undir, geri grein fyrir frv., því að það er í sjálfu sér hans mál.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að frv. ber með sér þá breytingu, sem gera á á þessu máli frá núverandi skipan þess. Það er kunnugt hv. þd., að samningar voru gerðir við Sogsvirkjunina, um að ríkið eignist Sogsvirkjunina að hálfu, og gengur þá Sogsvirkjunin inn á þá samninga með mjög hagkvæmu verði fyrir ríkið. Á þessu var nokkur tregða hjá Reykjavík, sem var þó fljótt yfirunnin, vegna þess að menn gerðu sér ljóst, að þýðingarmikið var að fá ríkið til að vera meðeiganda í þessari virkjun, vegna þess hve aðstaðan verður betri, sem sést á því, hvernig þessum málum hefur verið fylgt eftir nú upp á síðkastið. Hins vegar samdist ekki við Akureyri um þetta mál. Þeir hafa þar viljað halda ríkinu utan við þetta, þar til núverandi virkjun, sem stendur fyrir dyrum, verði lokið. Akureyri hefur ekki fengizt til að gera um þetta samninga síðustu 2 árin, vegna þess að meiri hl. bæjarstj. var á móti því. Sumir bæjarfulltrúarnir voru þó með því, að gerðir væru við ríkið samningar, eftir því sem við yrði komið hliðstæðir þeim, sem Reykjavík hafði gert við ríkið. Nú stendur fyrir dyrum stórvirkjun þessa fallvatns, og ríkisstj. er sammála um það, að óeðlilegt sé að hafa á því þann hátt, sem meiri hl. bæjarstj. Akureyrar hefur gert kröfu til, og hefur þess vegna einum rómi verið farið fram á það, að bæjarstj. Akureyrar samþ. það fyrirkomulag, að eignarhaldi á virkjuninni verði breytt til samræmis við það, sem gert er ráð fyrir hér í 2. gr. frv. Mótstaðan gegn þessu fyrirkomulagi mun vera að hverfa, a. m. k. er meiri hl. bæjarstj. Akureyrar nú reiðubúinn til að samþ. það. Þetta er það, sem felst í frv. — 3. gr. frv. er svo afleiðing af þeirri breytingu, sem af þessu leiðir, að því er snertir stj. fyrirtækisins. Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, án þess að tilefni gefist. Ég geri ráð fyrir, að málið og forsaga þess sé hv. þdm. kunn, svo að engin þörf sé á að tefja tímann með því að rekja það mál. Ég læt svo útrætt um málið að svo stöddu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég er dálítið undrandi yfir því, að inn á Alþ. skuli koma á síðustu stundu svona mál. Hér er um að ræða hækkun úr 22 millj. kr. og upp í 38 millj. kr. Og mér finnst, að svona mál eigi að fá fullkomlega þinglega meðferð, ganga gegnum n. og gefa út um það venjulegt nál. En nú er þetta borið fram af n., sem venjulega hefur ekki haft með þessi mál að gera, því að raforkumál hafa heyrt undir iðnn. Ég mun ekki gera það að till. minni, að málið verði látið ganga til iðnn., því að það væri sama og að drepa það, en það væri eðlilegast, að þeir aðilar, sem um slík mál hafa fjallað, fengju eitthvað um þau mál að segja hér í hv. d. Ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að það sé orðið um þetta samkomulag, þá gerir ekkert til, þó að málið fari aths.lítið í gegnum þingið að öðru leyti. En mér finnst óviðkunnanlegt, að mál, sem skipta tugum milljóna, fái þá meðferð, sem ætlazt er til að þetta mál fái, og mér finnst það skylda gagnvart Alþ. að láta þau mál fá aðra og meiri athugun en hægt er að gera á þessu máli síðustu nótt þingsins.

Landbrh. (Hermann Jónasson): Ég hef ekkert annað að segja en að þessar aths. eru efnislega réttar. En það stendur þannig á þessu, að eins og hv. þd. er kunnugt, þá hefur mikið verið rekið á eftir þessu máli, virkjun Sogsins og virkjun Laxár, því að báðar eru þessar virkjanir aðkallandi, en við höfum ekkert getað fullyrt um það, hvort hægt væri að ganga frá þessu máli frá þessu þingi, og ástæðan er sú, að það hefur staðið á samningum um það, hvort við fengjum að nota Marshalllánið í þessar virkjanir. Í fyrrakvöld klukkan 8 kom tilkynning um það, að það hefði verið fallizt á, að þetta lán yrði notað í þessum tilgangi. Samningar hafa staðið yfir um þetta, og skrifstofustjórinn í viðskiptamálarn., sem hefur með þessi mál að gera, hefur að því er snertir Marshallféð unnið að því að gefa skýrslu um þessa þörf og gera hana ljósa þeim, sem ráða um þetta atriði, og það var síðast í fyrrakvöld, sem gefin var út tilkynning um það. Þá var farið að ræða við Akureyri um þetta, og þeir tóku því mismunandi, sumir stjórnmálaflokkarnir í bæjarstj. voru þessu samþykkir og álitu hyggilegt, að ríkið eignaðist þá hluti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en fulltrúar annarra flokka voru þessu ekki mótstæðir, en sumir fordæmdu það. Seinast í dag töluðum við við bæjarstjórann um þetta mál, og við gerum ráð fyrir, að það verði ekki mótstaða á móti þessu. Þetta eru ástæðurnar til þess, að við verðum að bera þetta mál fram nú á allra seinustu stundu. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að það er mjög leitt, að þetta kemur svona seint fram, en um annað var ekki að ræða, ef á að koma þessu máli fram, svo mjög sem liðið er á þingtímann, en að hafa hraðann á. Um hitt atriðið, að málið sé sent til iðnn., en ekki fjhn., er það að segja, að sú aths. mun líka vera efnislega á rökum reist, en hún er ekki sök míns ráðuneytis, heldur kemur það af því, að í þessu bréfi um málið stendur, til iðnn. Alþ. Þessar aths. eru efnislega réttar, en ástæðurnar fyrir því eru þær, sem ég hef skýrt frá.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 16. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 105. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 811).

Önnur mál.

I. Stjórnarskipti.

Á 8. fundi í Sþ., 6. des., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Háttv. alþingismenn. — Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetaúrskurð:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set ég hér með eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Forsætisráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Enn fremur félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðasjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undanteknir. Byggingarfélög.

Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómaskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegningar- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þar á meðal gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undanteknir. Útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Barnaverndarmál. Menntamálaráð. Leikhúsa- og kvikmyndamál. Kirkjumál. Enn fremur utanríkismál.

Ráðherra Björn Ólafsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna. Undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáraukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyrir undir annan ráðherra. Hagstofan. Viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og utanríkisverzlun, önnur en verzlun með sjávarafurðir. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál (dýrtíðarráðstafanir).

Ráðherra Jóhann Jósefsson. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálanefnd, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur, síldarútvegsnefnd), utanríkisverzlun með sjávarafurðir. Landssmiðjan. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Skipagöngur. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Mæling og skrásetning skipa. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan. Ríkisprentsmiðjan. Heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli. Enn fremur flugmál, þar undir flugvallarekstur.

Ráðherra Jón Pálmason. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þar á meðal skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. — Enn fremur rafmagnsmál, þar á meðal rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit. Vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknaráð ríkisins. Vegamál. Póst-, síma- og loftskeytamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmál. Svo skal og ráðherra-

fundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 4. febrúar 1947, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., svo og forsetaúrskurður frá 28. febrúar 1947, um breyting á þeim úrskurði.

Gert í Reykjavík, 6. desember 1949.

Sveinn Björnsson./Ólafur Thors."

Í umræðum þeim, er fóru fram fyrir alþingiskosningarnar í október s. l., gerði Sjálfstæðisflokkurinn grein fyrir því, með hverjum hætti hann teldi hyggilegast að vinna bug á þeim örðugleikum, sem nú steðja að í þjóðlífi Íslendinga, og þá einkum í atvinnu- og fjármálum. Þess var að vísu getið af flokksins hálfu, að ekki væri unnt að fullyrða, að hann réði fremur en aðrir yfir alveg óyggjandi úrræðum til lausnar þessum vanda, en á það var lögð höfuðáherzla, að skilyrði þess, að úrræði flokksins yrðu framkvæmd, væri, að hann fengi meiri hluta á Alþingi.

Flokkurinn fékk ekki þennan meiri hluta. Og þar sem enginn annar flokkur öðlaðist heldur meiri hluta á Alþingi, ákvað Sjálfstæðisflokkurinn að beita sér fyrir sem víðtækustu samstarfi þeirra flokka, er stóðu að fyrrv. stjórn, um stjórn landsins og löggjöf. Taldi flokkurinn þó óvænlega horfa um frið milli flokka, og eru auk þess að sjálfsögðu löngu ljósir annmarkar slíks samstarfs.

Í samræmi við þessa ákvörðun og eftir umboði forseta Íslands gerði Sjálfstæðisflokkurinn tilraun til myndunar meirihlutastjórnar og tók einnig vel umleitunum Framsóknarflokksins meðan stóð á tilraunum hans til stjórnarmyndunar.

Eftir að sannprófað var, að í bili var ekki auðið að mynda meirihlutastjórn, beindi forseti Íslands þeirri beiðni til mín, að ég myndaði innanþingsstjórn, enda þótt hún hefði ekki fyrirfram tryggðan stuðning meiri hluta Alþingis.

Sjálfstæðisflokkurinn ræddi málið á tveimur fundum, 25. og 26. fyrra mánaðar. Leit flokkurinn svo á, að athuguðu máli, að með því að hann er stærsti flokkur þings og þjóðar, bæri honum ótvíræð skylda til þess að verða við framangreindum tilmælum forseta Íslands, úr því að eigi hafði reynzt auðið að mynda meirihlutastjórn. Tilkynnti ég því forseta Íslands, laugard. 26. f. m., að ég, í samræmi við vilja flokksins, tæki að mér að mynda stjórn, svo sem forseti hafði farið fram á. Var ætlunin að leggja ráðherralistann fyrir forseta til skipunar ráðuneytis fyrri hluta síðustu viku. En þennan dag að kvöldi lagðist ég í lungnabólgu, og hefur því þessi dráttur orðið á stjórnarmynduninni.

Stjórn sú, sem nú sezt að völdum, hefur ekki tryggt sér hlutleysi né stuðning neinna þingmanna utan Sjálfstæðisflokksins. Hún er því viðbúin vantrausti hvenær sem er. En á meðan hún fer með völdin, mun hún leitast við að leysa þann vanda, er liggur fyrir, með þeirri samvinnu við þingið, sem nauðsynleg er og kostur er á. Enda er það ljóst, að svo sem Alþingi nú er skipað, verður úrlausn þeirra mála, sem löggjafar þarf um, en flokka greinir á um, ekki náð, nema með samningum þeirra í milli.

Það mál, sem nú þarfnast skjótastrar úrlausnar, er, með hverjum hætti verði greitt fyrir því af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar, að útgerðin þurfi ekki að stöðvast nú um áramót. En svo sem kunnugt er, hefur allt frá því 1946 þurft að leysa þann vanda með löggjöf. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst yfir því, að hann teldi þau úrræði, sem beitt hefur verið, ekki vera til frambúðar. Þótt menn greini mjög á um, hvernig til frambúðar skuli ráða fram úr þessum málum, eru allir, eða flestir, sammála um, að úrlausn fáist ekki, nema gerðar séu margar samfelldar ráðstafanir, sem verulegs undirbúnings þarfnast og verða því ekki framkvæmdar án nokkurs aðdraganda. Nægir um það að vísa til yfirlýsinga flokkanna fyrir kosningar. Til bráðabirgða verður því sennilega nú um áramótin að fara troðnar slóðir, jafnframt því sem þegar í stað verður að hefja undirbúning lausnar, sem varanlegri geti orðið, og er þar fyrst að telja samþykkt greiðsluhallalausra fjárlaga.

Svo sem afstöðu ríkisstjórnarinnar til Alþingis er háttað, telur hún á þessu stigi að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða um fyrirætlanir sínar. Þær munu koma fram í málum þeim, er ríkisstjórnin leggur fyrir Alþingi, og daglegum stjórnarháttum, og gefst Alþingi þá að sjálfsögðu færi á að kveða á um traust sitt eða vantraust á stjórninni. En sú skoðun Sjálfstfl. er óbreytt, að úr því honum tókst ekki að ná þinglegum meiri hluta við kosningarnar, þá sé farsælast að koma á sem víðtækustu samstarfi milli áðurgreindra flokka um stjórn landsins og löggjöf.

Að þessu mun stjórnin vinna, og sjálfur finn ég ástæðu til að taka það sérstaklega fram, að slíkt samstarf er á engan hátt háð forsæti mínu eða þátttöku í væntanlegri ríkisstjórn.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Um leið og þessi háttvirta ríkisstjórn hefur göngu sína, vil ég lýsa yfir því, að Framsóknarflokkurinn hvorki styður þessa ríkisstjórn né veitir henni hlutleysi, því að hann ber ekki traust til hennar.

Til þessa liggja augljós rök. Framsóknarflokkurinn hefur á undanförnum árum löngum átt í harðri baráttu við Sjálfstæðisflokkinn, vegna þess að hann hefur talið og telur störf hans og stefnu ranga og skaðlega fyrir þjóðina.

Framsóknarflokkurinn hefur stundum átt samstarf við Sjálfstfl., þegar þannig hefur verið ástatt í stjórnmálum, að málefnum hefur ekki virzt verða lengra þokað áleiðis með öðrum hætti.

Í síðasta stjórnarsamstarfi reyndist Sjálfstfl. svo andvígur flestum þeim umbótamálum, er Framsóknarflokkurinn taldi mestu máli skipta fyrir hag þjóðarinnar, að Framsóknarflokkurinn sá sig til neyddan að slíta samstarfinu og áfrýja málum til þjóðarinnar.

Eftir kosningarnar hefur Framsóknarflokkurinn reynt að ná samtökum um stjórnarmynd-

un, til þess að koma fram þeim málum, sem hann álítur aðkallandi, en meðal þeirra eru þau málefni, sem Framsóknarflokkurinn telur grundvallaratriði þess, að þjóðin sætti sig við þá fórn í bráð, sem af henni verður að krefjast til þess að koma fjármálalífi þjóðarinnar og framleiðslu á heilbrigðari grundvöll. — Hið aukna fylgi, sem þjóðin veitti Framsfl., er mikils virði, en það hrekkur ekki til þess, að hann geti komið málunum áleiðis án mikils stuðnings annars staðar frá.

Þær viðræður, sem hafa átt sér stað milli flokkanna, virðast sýna, að afstaða Sjálfstæðisflokksins sé hin sama og áður til þeirra mála, er Framsfl. taldi og telur einna mestu varða. Afleiðingarnar eru þessi hæstv. ríkisstjórn, sem nú er tekin við stjórn landsins, — en af framansögðu er ljóst, að það er ekki Framsfl., sem er líklegur til þess að geta átt nokkra samleið með henni um lausn málanna. Til þess að svo yrði þyrfti Sjálfstfl. að gerbreyta um stefnu frá því, sem verið hefur.

Forseti Íslands hefur með skipun þessarar minnihlutastjórnar tekið hér upp nýjan sið, sem að vísu tíðkast svipaður erlendis, þar sem er þingbundin konungs- eða forsetastjórn. Um það skal ekki rætt.

Á hitt skal minnt, að forsetinn tók það skýrt fram, að nú mætti myndun stjórnar fyrir engan mun dragast, vegna þeirrar hættu, sem þjóðinni stafaði af því, ef nokkur dráttur yrði á, að tekið væri á vandamálunum og þau þegar leyst. Til þess þurfti stjórnin að koma svo fljótt.

Það skal ekki í efa dregið, að þessi skoðun forsetans og varnaðarorð hafi verið réttmæt, — þvert á móti.

En sá flokkur, sem tók að sér stjórnarmyndun úr hendi forsetans, eftir að hann hafði mælt áðurnefnd varnaðarorð, hlýtur að hafa gert sér það ljóst, að stjórn hans varð að hafa tillögur til úrbóta á reiðum höndum og verður þegar að skýra Alþingi frá því í höfuðatriðum, hverjar þær séu — og hvernig hún ætli að leysa mál, sem ekki þola neina bið.

Ef til vill hefur og verið frá þessu atriði gengið milli forsetans og væntanlegs stjórnarformanns, er hann tók að sér stjórnarmyndunina, því það liggur í augum uppi, að aðgerðalítil eða aðgerðalaus ríkisstjórn var ekki það, sem aðkallandi var að fá. Slík ríkisstjórn getur *þvert á móti orðið mjög skaðleg.*

Ef Alþingi þyldi nú setu aðgerðarlausrar ríkisstjórnar, væri það að taka á sig ábyrgð, sem forsetinn frammi fyrir Alþingi varaði svo mjög við og kvaðst ekki geta tekið á sínar herðar, — þess vegna kvað hann ríkisstjórn verða að vera komna fyrir 1. desember s. l., til þess að hún tæki til starfa við vandamálin, er ekki þyldu bið.

Vegna þessarar nauðsynjar taldi hann sig hafa vald og skyldu til að setja hinn óvenjulega stutta frest til samninga um stjórnarmyndun. Það er eðlileg þingræðisvenja, sem styðst við augljós rök, að ríkisstjórn, sem kemur fram fyrir þing í fyrsta sinn, skýri frá því, hver stefna hennar sé og með hverjum hætti hún ætli að ráða fram úr vandamálunum. Á þetta skortir mjög í yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra, svo ekki sé sterkar til orða tekið. En af ástæðum, sem ég hef rakið, var enn ríkari ástæða en venjulegt er til þess, að stefnuyfirlýsingin lægi fyrir og sem allra skýrust.

Ég vil vara við því, að þetta sé látið dragast, því eins og hæstv. ríkisstj. er til komin, svo sem ég hef rakið, fæ ég eigi séð, að við slík vinnubrögð verði unað.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Þegar ný ríkisstjórn tekur við störfum í dag, þykir mér rétt að taka það fram af hálfu Alþýðuflokksins, að hann hvorki styður hina nýju ríkisstjórn né veitir henni hlutleysi.

Alþýðuflokkurinn mun eins og áður miða afstöðu sína eingöngu við málefnin. Hann mun fylgja málum, er til heilla horfa, og styðja þau, en berjast eftir mætti gegn þeim málum, er hann telur brjóta í bága við hagsmuni almennings. Fer það svo eftir stefnu og störfum hæstv. ríkisstjórnar, hvernig viðbrögð Alþýðuflokksins verða.

Tímar eru nú vissulega örðugir og framtíð torráðin. Veltur því á miklu, að lausn málefna verði á þann veg, að hagsmuna alþýðunnar sé vel gætt. Það hlutverk mun Alþýðuflokkurinn rækja í samræmi við markaða stefnu sína og með lýðræðislegum og ábyrgum hætti. Hvað sem við kemur ágreiningi lýðræðisflokkanna, meira og minna djúpsettum, í innanlandsmálum, vildi ég mega vænta þess, að áfram geti haldizt góð og heilbrigð samvinna lýðræðisflokkanna um utanríkis-, sjálfstæðis- og öryggismál þjóðarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd Sósíalistaflokksins lýsa yfir, að flokkurinn er andvígur þessari ríkisstj. og álítur þær aðferðir, sem beitt hefur verið við myndun stjórnarinnar, mjög aðfinnsluverðar. Þingflokkunum hafa ekki verið gefin þau tækifæri, sem þeim þó var heitið, að reyna, hvort hægt væri að mynda stjórn, sem væri örugg gegn vantrausti. Það var rangt að fela form. eins stjórnmálaflokks völd til myndunar minnihlutastjórnar án þess að ráðgast fyrst við formenn annarra þingflokka, svo fremi Ólafur Thors hafi ekki við forseta lýðveldisins lagt fram líkur fyrir hlutleysi eða stuðningi, leynt eða ljóst, frá fleirum en sínum eigin flokki, og það er það, sem mér virðist, sérstaklega frá form. Alþfl., að núverandi hæstv. forsrh. muni á einn eða annan hátt hafa tryggt sér. Ég vil taka það fram, að það er á ábyrgð alls Alþfl. og vissra afla í Framsfl., að þessi stjórn er komin til valda. Þau öfl hafa, undir annarlegu yfirskini, hindrað myndun annarrar stjórnar og virðast nú ætla að leyfa þessari stjórn að sitja við völd, þar til hægt verði að mynda þriggja flokka stjórn, þeirra, sem áður fóru með völdin. Ég hef ekki trú á, að hagsmunir alþýðunnar verði tryggðir að neinu leyti með því, sem þessi stjórn kæmi til með að leggja fyrir, og jafnvel því síður, svo framarlega sem ný þriggja flokka stjórn kæmi. Sósfl. er því andvígur þessari stjórn og mun hvorki veita henni hlutleysi né stuðning. Hann mun taka afstöðu til þeirra

mála, er hún kann að flytja, samkvæmt eðli þeirra málefna. Hann mun fylgja vantrausti, ef hinir flokkarnir flytja það. Flytji þeir ekki vantraust, mun Sósfl. sjálfur gera ráðstafanir til þess að prófa fylgi ríkisstj. í þinginu, þegar honum þykir henta.

Á 34. fundi í Sþ., 14. marz, var tekin til meðferðar samkv. dagskrá
tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Háttvirtir alþingismenn. Nú undanfarið hafa staðið yfir samningsumleitanir milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um myndun ríkisstjórnar í sambandi við lausn aðkallandi vandamála. Þessar samningsumleitanir hafa nú borið þann árangur, að mynduð hefur verið ríkisstjórn, sem skipuð er fulltrúum þessara tveggja flokka og hefur stuðning þeirra.

Á fundi ríkisráðs í morgun gaf herra forseti Íslands út svo hljóðandi forsetaúrskurð um ríkisstjórn og skiptingu starfa milli ráðherra o. fl.:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar og tillögu forsætisráðherra set ég hér með eftirfarandi ákvæði um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.:

I. Forsætisráðherra Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenzka fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál, er varða meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkisbúið á Bessastöðum. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undanteknir. Byggingarfélög. Enn fremur heilbrigðismál, þar á meðal sjúkrahús og heilsuhæli.

II. Ráðherra Bjarni Benediktsson. Undir hann heyrir dómskipun, dómsmál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsidóma, hegningar- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sifjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignarréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Enn fremur utanríkismál.

III. Ráðherra Björn Ólafsson. Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undanteknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð Íslands, leiklistarmál og kvikmyndamál, skemmtanaskattur. Viðskiptamál, önnur en utanríkisverzlun. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál. Enn fremur flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskeytamál.

IV. Ráðherra Eysteinn Jónsson. Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáraukalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.

V. Ráðherra Hermann Jónasson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Námurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög. Atvinnudeild háskólans. Rannsóknaráð ríkisins. Kirkjumál. Samgöngumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir vegamál.

VI. Ráðherra Ólafur Thors. Undir hann heyra sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsnefnd), svo og öll önnur atvinnumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Utanríkisverzlun. Landssmiðjan. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Vitamál. Hafnarmál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaréttarleyfi. Veðurstofan.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera upp mál.

Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 6. desember 1949, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Gert í Reykjavík, 14. marz 1950.
Sveinn Björnsson.

Steingr. Steinþórsson.

Forsetaúrskurður um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.“

Það er samkomulag, að forsætisráðherra beiti ekki þingrofsvaldi, nema með samþykki beggja

stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar eða ráðherra þeirra.

Það er háttvirtum alþingismönnum og alþjóð kunnugt, að útflutningsframleiðsla landsmanna er nú þannig á vegi stödd, vegna verðbólgu innanlands og erfiðleika á sölu íslenzkra afurða erlendis, að alger stöðvun þessarar framleiðslu virðist vera yfirvofandi og þar með stórfelldur samdráttur í utanríkisviðskiptum, — samfara atvinnuleysi innanlands, — nema gripið sé til róttækra aðgerða. Undanfarin ár hefur verulegum og vaxandi hluta af útflutningnum verið haldið uppi með útflutningsuppbótum úr ríkissjóði, jafnframt því, sem fé hefur verið varið til að halda niðri verðlagi innanlands. Sú leið, að halda útflutningsframleiðslunni uppi með sívaxandi greiðslum úr ríkissjóði, er nú þegar orðin ríkissjóði ofviða — og ekki fær lengur, og mun það nú almennt viðurkennt með þjóðinni, að svo sé.

Þær róttæku aðgerðir, sem óhjákvæmilegar eru til að rétta útflutningsverzlunina við og gera hana samkeppnisfæra, geta ekki orðið á annan veg en þann, að niður komi með nokkrum þunga á öllum þegnum þjóðfélagsins, og má raunar segja, að slíkir erfiðleikar fyrir alþýðu manna séu að verulegu leyti þegar fram komnir, en hljóta hins vegar mjög að vaxa og verða óviðráðanlegri, sé ekkert að gert. Ætti þá ekki að vera áhorfsmál, að betra sé fyrir almenning að freista þess að koma einhverri sæmilegri skipan á þau mál samhliða erfiðleikum en að þola erfiðleikana eina, án þess að nokkur tilraun sé gerð til varanlegra umbóta á ástandinu.

Ríkisstjórnin er fyrst og fremst mynduð til þess að koma á, eftir því sem unnt er, jafnvægi í viðskipta-, atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar.

Í þessu skyni hafa stuðningsflokkar ríkisstj. samið um afgreiðslu á frumvarpi því, er nú liggur fyrir Alþingi um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., með breytingum, sem nánari grein verður gerð fyrir síðar og samkomulag hefur náðst um milli stuðningsflokka ríkisstj.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því af alefli, að fjárlög verði samþ. án greiðsluhalla og að lausaskuldir ríkisins verði lækkaðar eftir megni.

Með stóreignaskatti þeim, er stuðningsflokkar ríkisstj. hafa samið um, verður efnuðustu borgurum þjóðfélagsins gert að leggja fram allverulegan hluta af eignum sínum til að mæta erfiðleikum þeim, sem fram undan eru, og verður allmiklu af því fé varið til að greiða úr húsnæðismálum almennings með byggingu verkamannabústaða og tryggja fjármagn til íbúðarhúsabygginga í sveitum, en að öðru leyti til að létta skuldabyrði ríkisins og þar með árleg útgjöld, sem af henni stafa.

Ríkisstj. er það ljóst, að lífskjör almennings hér á landi eru ekki það rúm, að þeir, sem lágar tekjur hafa, megi vel við því að taka á sig auknar byrðar.

Ríkisstj. er því staðráðin í því að gera það, sem í hennar valdi stendur, til þess að þær byrðar, sem almenningur kann að þurfa að taka á sig vegna leiðréttingar á hinu skráða gengi krónunnar, verði sem minnstar, og óskar í því sambandi að hafa samráð og samstarf, svo sem verða má, við stéttarsamtök almennings og forustumenn þeirra.

Flokkar þeir, sem nú hafa tekið höndum saman um myndun ríkisstjórnar og lausn aðkallandi vandamála, hafa löngum staðið á öndverðum meið í íslenzkum stjórnmálum, enda eru sjónarmið þeirra ólík í mörgu.

En vegna þess mikla vanda, sem Alþingi og þjóðinni er nú á höndum, hafa þeir nú talið sér skylt að sameina krafta sína, eftir því sem unnt er, í trausti þess, að með þeim hætti mætti fremur takast að afstýra þjóðarvoða.

Enginn sanngjarn maður getur neitað því, að erfiðlega horfi um margt varðandi hag og afkomu þessarar þjóðar og að þörfin sé meiri nú en áður á traustu samstarfi um úrlausn hinna aðsteðjandi vandamála. Þegar flokkur minn skoraði á mig að mynda þessa ríkisstjórn og Sjálfstfl. féllst á, að Framsfl. hefði forsætisráðherrann, taldi ég mér ekki fært að neita því. Ég tekst þetta á hendur í þeirri von, að með þessu samstarfi megi takast að sigrast á þeim örðugleikum, sem nú ógna hag þjóðarinnar, — og treysti ég því, að ríkisstjórnin njóti skilnings og velvildar sem flestra þegna þjóðfélagsins í þessari viðleitni sinni.

Forseti (ÞÞ): Hæstv. forsrh., Steingrímur Steinþórsson, hefur lokið máli sínu. — Næstur tekur til máls hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóh. Stefánsson.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. Það þarf varla að taka það fram, svo mjög sem það liggur í augum uppi eftir stjórnmálaþróun síðustu mánaða, að Alþfl. hvorki styður þá stjórn, sem nú sezt að völdum, né veitir henni hlutleysi. Og þar sem ríkisstj. er fyrst og fremst til þess mynduð að knýja í gegn á Alþingi það gengislækkunarfrumvarp, sem fyrrv. ríkisstj. lagði fram og Alþfl. hefur lýst sig andvígan, þá leiðir það einnig rökrétt af þeirri mótuðu afstöðu flokksins, að hann er andstæður þeirri ríkisstjórn, sem mynduð er í þessu skyni.

Eins og alkunnugt er fóru fram vantraustsumræður hér á Alþingi fyrir tæpum tveim vikum. Hæstv. núverandi landbrh, Hermann Jónasson, og hæstv. núv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, fluttu þá vantraust á ríkisstjórn þá, er hæstv. núverandi atvmrh., Ólafur Thors, veitti forstöðu, en þar áttu þá einnig sæti hæstv. núverandi og þáverandi utanrrh., Bjarni Benediktsson, og hæstv. núv. og þáv. viðskmrh., Björn Ólafsson. Þá lá fyrir Alþingi, flutt af fyrrv. ríkisstjórn, gengislækkunarfrv. það, sem núv. ríkisstj. er mynduð til þess að fá samþ. Við Alþýðuflokksmenn lýstum þá yfir því við þessar vantraustsumræður, að okkur undraði nokkuð aðfarirnar á milli borgaraflokkanna, þar sem annar flutti vantraust á stjórn hins, en bak við lá það, sem nú er fram komið, að sameinast á eftir um stjórn. Hefur vantraustið þannig snúizt í traust á milli hinna áður stríðandi enn nú samstarfandi aðila. Orðaði hv. þm. Hafnf., Emil Jónsson, það þannig við vantraustsumræðurnar, að

Framsfl. væri að berja Sjálfstfl. til ásta. Þetta virðist hafa tekizt. Tíminn mun svo leiða það í ljós, hversu haldgóður kærleikurinn verður og hversu vel hann þolir hina hversdagslegu gráu stjórnmálabaráttu og hvort afbrýðiseminni verði haldið í hóflegum skefjum í sambúðinni.

Alþýðuflokkurinn mun eins og endranær móta afstöðu sína til mála ríkisstjórnarinnar í samræmi við yfirlýsta stefnu sína og starfsaðferðir og ljá öllum þeim málum lið, er hann telur til heilla horfa, en berjast gegn þeim, er til óþurftar snúa fyrir alþýðu landsins. Afstaða hans verður eins og áður mótuð af málefnunum.

Alþfl. væntir þess, að núv. ríkisstj. haldi þeirri stefnu í utanríkismálum og afstöðu til ofbeldis- og einræðishneigða kommúnista, er hann fær við unað. Ætti það að vera nokkur trygging í þessu efni, að sá ráðherra fer áfram með utanríkismál, sem áður hefur haft þau með höndum í ríkisstjórn undir forustu Alþfl. og í góðu samkomulagi við hana. Og þó einhver ný og andstæð sjónarmið í utanríkismálum kynnu nú að skjóta upp kollinum í ríkisstj., þá er þess að vænta, að þeirra gæti ekki í utanríkisstefnunni.

Mun Alþfl. svo bíða og sjá, hvað setur, og á Alþingi standa vörð um markaða stefnu sína.

Forseti (ÞÞ): Þá hefur hv. 8. landsk. þm., Stefán Jóh. Stefánsson, lokið máli sínu. — Tekur þá til máls hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Afstaða Sósfl. til þessarar ríkisstj. markast af yfirlýstri stefnu hæstv. ríkisstjórnar, eins og hún hefur komið fram, bæði af því, sem hún hefur samið um að gera, og því, sem hún augljóslega hefur samið um að sleppa. Þessi ríkisstjórn er mynduð til þess að skipuleggja og framfylgja skipulagðri árás á launamenn, verkamenn og bændur, með ákvæðunum, sem felast í gengislækkunarfrv., sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ. Þessi ríkisstj. er auðsjáanlega — eins og sést á því, hverju sleppt er í gengislækkunarfrv., — ráðin í að vernda þá gróðalind auðvaldsins á Íslandi, sem einokunin á útflutnings- og innflutningsverzluninni er, í þágu örfárra útvaldra. Í stefnu hennar sést hins vegar ekkert votta fyrir þeirri þjóðnýtingu verzlunargróðans, sem er höfuðskilyrðið fyrir efnahagslegri velferð íslenzku þjóðarinnar. Þessi ríkisstjórn þorir ekki né vill horfast í augu við aðalvandamál íslenzku þjóðarinnar, efnahagsmálin, fjárhagsöngþveiti hins íslenzka þjóðfélags, undir stjórn hins amerísku auðvaldsskipulags, sem við á síðustu árum höfum verið hlekkjaðir við og hv. form. Alþfl. lýsti fögnuði sínum yfir áðan og sagði, að hann vonaði, að það fyrirkomulag mundi duga. Þessi ríkisstjórn sér ekki við útlendu og innlendu arðráni, sem átt hefur sér stað með hjálp verzlunaryfirvaldanna. Þess vegna leiðir þessi ríkisstjórn fátækt yfir þjóð vora í enn ríkara mæli en þær tvær ríkisstjórnir, sem setið hafa á undan henni, hafa gert. Sú braut hennar er nú sérstaklega hafin með gengislækkunarfrv., sem hún er mynduð um. Það leiðir því af þessari stefnu hæstv. ríkisstj., að Sósfl. er henni andvígur. Hann mun leggjast gegn þeim árásum, sem hún framfylgir, með þeim kröftum, sem alþýðan í landinu gefur honum. En komi mál frá henni, sem til heilla horfa, mun hann taka afstöðu til þeirra samkv. málefnum. Hann veitir henni hvorki hlutleysi né stuðning, en mun berjast gegn henni og þeim málum hennar, sem beint er gegn íslenzkri alþýðu.

Forseti (ÞÞ): Hv. 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur lokið máli sínu, og er þar með lokið þessum útvarpsumr.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir o. fl.

Á 10. fundi í Nd., 9. des., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Fyrir alllöngu mun hafa verið skipuð nefnd til þess að endurskoða skattalögin. Mér er sagt, að nefnd þessi muni hafa skilað áliti fyrir alllöngu, líklega snemma á þessu ári, til þáverandi hæstv. ríkisstjórnar. Ég hef ekki orðið þess var, að þetta álit hafi komið fyrir almenningssjónir.

Nú vildi ég gjarnan, og ég get búizt við því, að það sé svo um fleiri en mig hér á Alþ., að þeir vildu gjarnan mega kynnast þessu nál. Ég vil því spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., hvort hann vildi hlutast til um, að þingmenn fengju þetta nál. til athugunar hið fyrsta.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði um nál. í sambandi við breyt. á skattal., verð ég, því miður, að segja, að mér er ekki kunnugt um, hvort þetta nál. er komið til ráðun. eða ekki, sem stafar af mínum ókunnugleika af eðlilegum ástæðum. Hitt er mér sagt, að þetta nál. hafi komið í fyrra til ráðun., áður en þingi lauk. — Ég skal með mestu ánægju athuga, hvort álit þetta liggur fyrir og hvort hægt er að láta hv. þingmenn hafa afrit af þessu nál.

Á 14. fundi í Ed., 15. des., utan dagskrár, mælti

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem nú er hér viðstaddur, hvenær við getum vænzt þess, að lagðar verði fram hér á Alþ. till. í dýrtíðarmálunum eða a. m. k. þeim hluta þeirra, sem mest er aðkallandi, en það eru till. um ráðstafanir til þess að koma bátaflotanum af stað og þann ágreining, sem á sér stað í sambandi við hann. Það hefur verið venja, að þessar till. hafa komið nokkuð seint fyrir jólin, og þær hafa komið helzt til seint, en nú er farið að líða að jólum, og er stutt þar til jólafrí hefjast, ef um jólafrí verður að ræða. Þess vegna er þessi fyrirspurn borin fram, að ýmsir þm. hafa áhyggjur af því, ef dráttur verður á því úr þessu, að till. komi fram. Ég vildi því leyfa mér að spyrjast fyrir um það,

hvenær menn geta vænzt þess, að þessar till. verði lagðar fyrir Alþ.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Str. vil ég upplýsa það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu leitast við að leggja einhverjar till. einmitt til úrlausnar úr þessum vanda, sem mest kallar að í bili, fyrir Alþ. sem allra fyrst. Það er mjög skiljanlegt, að þessi fyrirspurn komi fram. Eins og hv. þm. sagði, fara nú jólin að nálgast, og sannarlega væri æskilegt, að hægt væri að veita eitthvert jólafrí, ekki sízt vegna þeirra hv. þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur. Hins vegar er það staðreynd, sem mig langar til að leiða athygli hv. fyrirspyrjanda og annarra hv. þdm. að, að fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem hófst 8. des., lauk ekki fyrr en nú snemma í morgun, kl. 5 til 6, og það hafa þess vegna verið mjög lítil tækifæri fyrir ríkisstj. að kynna sér till. útvegsmanna um þessi efni fram að þessu. Ég vil þó að gefnu tilefni upplýsa það, að þrátt fyrir það, að aðalforráðamenn útvegsins hafa verið mjög önnum kafnir við störf á þessum aðalfundi, hafa þó einstakir ráðh. í ríkisstj. átt nokkra fundi með sumum aðalleiðtogum útgerðarinnar, og var slíkur fundur haldinn í morgun og verður haldið áfram í dag.

Ég treysti mér ekki að svara því hiklaust, hvenær ríkisstj. geti lagt fram till. um bráðabirgðalausn þess vanda, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umræðuefni, en ég segi það hins vegar, að ríkisstj. er alveg eins ljóst og hv. þm., að það er ákaflega æskilegt, að þetta gæti orðið sem allra fyrst. Það er ekki margra daga völ, ef það á að vera hægt að veita þinghlé fyrir jólin, það er ljóst. Meira treysti ég mér ekki til að segja á þessu stigi málsins.

Hermann Jónasson: Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör. Ég skil þetta svo, sem er líka vitanlegt, að það er öllum ljóst, að ekki verður hjá því komizt að leggja þessar till. fram nú alveg næstu daga, og þyrfti að vera búið, vegna þess að undanfarið hefur það alltaf verið gert of seint, þar sem þetta hefur verið gert rétt fyrir jólin. Ég skil svör hæstv. ráðh. svo, að það hafi verið landsfundur ísl. útvegsmanna, sem hafi verið að ræða þessi mál, og honum hafi ekki verið lokið fyrr en í morgun og verið sé að vinna úr þessum till. og till. ríkisstj. komi strax upp úr þessu, eftir að fundinum er lokið. Það má vissulega ekki, eins og okkur kemur saman um, vera neinn dráttur á því, ef á að ljúka því máli fyrir jólin, eins og gert hefur verið og þótt nokkuð seint, vegna þess undirbúnings, sem þarf að hafa í þessum efnum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég segja það, um leið og ég staðfesti það, sem hv. þm. Str. sagði, að þessum fundi Landssambands ísl. útvegsmanna er nýlokið, og það liggja tæplega fyrir í föstu formi þeirra óskir, og liggja eiginlega ekki fyrir. Um leið og ég ítreka það, að það væri ákaflega æskilegt, að till. yrðu lagðar sem allra tafarminnst fyrir Alþ., þá treysti ég mér ekki til þess á þessu stigi málsins að fullyrða um það, hvort ríkisstj. treystir sér til að bera hér fram, kannske með eins eða tveggja daga fyrirvara, till. þess eðlis, að hún telji þær frambærilegar og líklegar til samkomulags á Alþ. annars vegar og hins vegar, að þær fullnægi þó þeim megintilgangi að koma útgerðinni af stað. Það er varla með sanngirni hægt að ætlast til, að ríkisstj. treysti sér til að segja um þetta, fyrr en hún hefur séð þær kröfur og óskir, sem útgerðin ætlar að bera fram. En það skal ekki verða neinn ónauðsynlegur frestur á vinnubrögðum ríkisstj. í þessum efnum.

Á 16. fundi í Nd., 17. des., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að vekja athygli á því, að það eru nú aðeins 6 dagar til jóla, og enn þá eru ekki komin fram nein frv. frá hæstv. ríkisstjórn, varðandi þau vandamál, sem fram undan eru óleyst, og þá er sérstaklega þar að geta málefna sjávarútvegsins. Fiskábyrgðin, sem lögfest var í fyrra, fellur úr gildi nú um næstu áramót, og enn fremur þær ákvarðanir um tekjuöflun til þess að standa undir fiskábyrgðinni, sem eru í dýrtíðarl. — Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þessu, að enn þá skuli ekki koma neitt fram af stjfrv. í þessum efnum. — En aðaltilefnið til þess, að ég stóð upp, var það, að ég vildi spyrja hæstv. forsrh. um það, sem ég veit, að muni vera ofarlega í hugum margra hv. þm., hvenær þess er að vænta, að fram komi frv. frá hæstv. ríkisstjórn um þetta efni. Kemur það í dag, eða kemur það ekki í dag? Og ef það kemur ekki í dag, hvenær kemur það þá? Mér finnst, að hv. þm. eigi rétt á að fá að vita afdráttarlaust, hvað fyrirhugað er í þessu sambandi, og vildi fara fram á það við hæstv. forsrh., að hann gæfi þinginu um þetta upplýsingar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér er það nokkurt undrunarefni, að hv. 1. þm. S-M., sem sjálfur hefur verið í ríkisstjórn undanfarin þrjú ár, skuli láta í ljós undrun sína yfir því, að ekki skuli vera komin fram frv. nú þegar frá ríkisstj. um það, hvernig eigi að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem við er að etja, og þá sérstaklega þeim, sem hann gerði aðallega að umræðuefni, þ. e. vandræðum sjávarútvegsins. Ég hefði talið, að hv. 1. þm. S-M. væri svo kunnugur málum, að hann út af fyrir sig gæti ekki undrazt það, að það er ekkert barnameðfæri að bera fram till. að lítt athuguðu máli til þess að ráða fram úr vandamálum eins og þeim, sem hér er um að ræða. — Hv. þm. Str. spurði mig um þetta í hv. Ed., ég held í fyrradag, hvenær væri von á frv., eins og hv. 1. þm. S-M. spurði nú um. Ég svaraði þá á þá leið, að áður en hægt er að kveða upp úr um það, þarf tvennt að liggja fyrir. Í fyrsta lagi, hverjar eru kröfur útvegsmanna, og í öðru lagi hitt, hvort ríkisstj. treystir sér til þess að færa þær kröfur inn á Alþ. óbreyttar eða með þeim breyt., sem kynnu að fást á þeim með samningum við útvegsmenn, og til að samræma

slík ákvæði, í einu eða öðru formi, gjaldgetu ríkissjóðs. Þessu svaraði ég fyrir tveimur dögum. Þann dag, 15. desember, að morgni, að ég hygg kl. sex til sjö, hafði lokið aðalfundi íslenzkra útvegsmanna. En samt sem áður gerði ég þeim nú boð, sem þann fund sátu, fyrir hádegi þann dag að koma á minn fund og á fund hæstv. atvmrh. Og við sátum með þessum mönnum á fundi allan daginn og fram á nótt, til þess að ræða við þá um þeirra óskir og kröfur. — Nú veit hv. þm. S-M., að málið er tvíþætt. Annars vegar eru þessar kröfur framleiðendanna, og þá fyrst og fremst bátaútvegsins, en hins vegar eru kröfur frystihúsanna, og þær eru engu síður örðugt mál en fyrr taldi liðurinn. Og ég vil segja hv. 1. þm. S-M. það í öllu bróðerni, að kröfur frystihúsanna liggja ekki fyrir ríkisstj. enn þá. Ég hef að vísu fengið munnlega frásögn um það, að þeir í aðalatriðum fari fram á allverulega hækkun. En á hverju þær óskir eru reistar eða hversu háar þær eru eða hvernig þær koma út til greiðslna úr ríkissjóði, um það liggur ekkert fyrir enn þá. — Ég tók eftir því í dag, þó að það komi ekki beinlínis við hv. 1. þm. S-M., að hans aðalblað segir, — og kannske réttilega — að það sé ekki von, að Alþ. geti tekið tillit til tillagna, fyrr en þær liggi fyrir. Ég hygg; að þessu góða blaði hafi nú stundum orðið á að segja eitthvað, sem sé fjarstæðara en þetta. En alveg á sama hátt og hæstv. Alþ. getur ekki tekið afstöðu til slíkra till. fyrr en þær liggja fyrir, þá veit ég, að hv. 1. þm. S-M. viðurkennir einnig, að ríkisstj. getur ekki gert sér grein fyrir, hvaða boð hún þarf að flytja Alþingi eða hvaða till. hún þarf að leggja fyrir Alþingi, fyrr en hún veit hvað það er, sem útvegurinn annars vegar og frystihúsin hins vegar fara fram á. Ég get sagt hv. þm. það, að það getur vel verið, að þær kröfur verði svo alvarlegar, að það verði ekki auðið að bera fram bráðabirgðalausn á málinu. Það getur vel verið. En ég verð að sjá þessar till., áður en ég get kveðið á um það. Ég veit, að hv. 1. þm. S-M., svo stjórnvanur sem hann er, játar, að þetta sé eðlilegt. — Ég vil einnig leiða athygli þessa hv. þm. og hv. þingmanna að því, að á undanförnum árum hefur ævinlega verið langur aðdragandi að lausn þessa máls á Alþ. Og ég hygg t. d., að á síðasta hausti eða um síðustu áramót þá hafi fyrst nefnd frá öllum flokkum, eða a. m. k. frá stjórnarflokkunum, fjallað um kröfur og óskir útgerðarmanna í margar vikur — margar vikur — áður en ríkisstj. taldi sig færa um að leggja fyrir Alþ. sínar till. Og hvernig geta menn búizt við því, að við getum lagt fram till. okkar til Alþ. fyrirvaralaust og jafnvel áður en við höfum séð, hvers útvegsmenn krefjast, úr því að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn þurfti margar vikur til að gera samninga við útvegsmenn, áður en hún gat gert sér grein fyrir, hvers hún taldi nauðsynlegt að krefjast af ríkissjóði til þess að leysa málið? Mér finnst ekki, að maður, sem hefur átt sæti í fyrrv. ríkisstjórn og á langa þingsögu og ráðherradóm að baki, geti með nokkurri sanngirni mælzt til þess, að við leggjum þessar kröfur fram, áður en við vitum, hvað útvegurinn vill. Sérstaklega getur maður ekki borið þetta fram sem kröfu, sem setið hefur í ríkisstjórn, sem þurfti margar vikur til þess að hugsa sig um, áður en hún gat borið fram frv. um það á Alþ., og reyndi að semja við útveginn áður en ríkisstjórnin lagði málið fyrir Alþ. Og ég vil vekja athygli hv. þm. og hv. þd. á því, að enda þótt þessi langi aðdragandi væri að málinu á síðasta vetri, þá var málið alls ekki fullleyst fyrir því, þó að löggjöfin um það væri búin að ganga gegnum Alþ. og löggjafinn væri búinn að ganga frá málinu. Þvert á móti kostaði það mikla fyrirhöfn fyrir ríkisstj. og margar millj. kr. úr ríkissjóði umfram það, sem löggjafinn hafði tilskilið og samþ. til þess að koma útveginum af stað, eftir að búið var að samþ. um þetta löggjöf. Og til þess að lengja þetta ekki meira, skal ég segja aðeins það, að svo alvarlegt sem ástandið var fyrir ríkissjóð og þjóðarheildina þá, er það þó að mínu viti margfalt alvarlegra í dag. Ég tel, að sú mynd, sem ég sé framan í, eftir að ég hef fengið þá aðstöðu, sem ríkisstjórn hefur til þess að rannsaka kringumstæður eftir beztu heimildum, sé svo alvarleg, að það verði ekki hjá því komizt, að ríkisstjórnin, eftir að hún er búin að draga saman nægileg gögn, til þess að teikna þessa mynd svo ljóslega sem auðið er, komi fram fyrir Alþ. og láti það heyra, hvernig ástandið er. Og það er miklu verra ástand en ég hafði búizt við. Það krefst miklu stærri aðgerða að leysa þetta mál heldur en ég hafði gert ráð fyrir. Og hv. fyrirspyrjandi, sem sjálfur hefur verið í fyrrv. hæstv. ríkisstjórn, hlýtur að hafa haft gleggri hugmynd um þetta en ég. Og því hlýtur honum að vera það ljóst, að það er ekki sanngjarnt að fara fram á það við núv. ríkisstj., að hún án allrar athugunar flytji hér inn á þing einhverjar till., sem geti leyst málið í bráð og lengd. Ríkisstj. vinnur að þessu máli núna dag og nótt, og engin ónauðsynleg bið er á þessu starfi hennar. En ef ástandið þykir svo alvarlegt, að við treystum okkur ekki til þess að bera fram till. um bráðabirgðalausn á málinu, þá verður meiri töf á málinu en ella hefði orðið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. taldi það merkilegt, að ég skyldi lýsa undrun minni yfir því, að ekki skyldi vera komið fram frv. um þetta mál nú þegar af hendi hæstv. ríkisstj., þ. e. vandamál sjávarútvegsins. Ég benti á það áðan, að það eru aðeins 6 dagar til jóla. Og ef dagurinn í dag er ekki notaður, þá eru aðeins tveir vinnudagar eftir, ef það ætti að veita þinghlé með venjulegum hætti, svo að utanbæjarþm. gætu verið heima hjá sér um jólin. Og við vitum, að fiskábyrgðin og lög um tekjuöflun hennar vegna, þessi ákvæði renna út um áramótin n. k., ef ekkert verður sérstakt ákveðið þar um fyrir þann tíma. Og þegar tekið er tillit til þess, að á undanförnum árum hefur yfirleitt verið hafður sá háttur á að afgreiða þessi mál fyrir jól, — og hefur ekki þótt seinna mega vera, — þegar þetta er athugað, þá finnst mér það bera vott um einkennilegan hugsunarhátt hjá hæstv. ráðh., að honum skuli þykja það frekja, þó að þm. láti í ljós undrun sína yfir því, að ekki skuli hafa komið fram frv. um þetta frá hæstv. ríkisstjórn. Því að það er ekki svo,

þó að frv. um þetta væri komið fram frá hæstv. ríkisstjórn, þá væri málið til lykta leitt, því að þá á þingið eftir að fjalla um málið. Og mætti gera ráð fyrir, að það þyrfti að eðlilegum hætti sízt minni tíma til þess að fjalla um málið, þegar það er undirbúið af stjórn, sem aðeins styðst við minni hluta þingsins.

Ég verð þess vegna að leggja hina allra ríkustu áherzlu á, að hæstv. forsrh. og hans ríkisstjórn hafi brugðizt skyldu sinni með því að vera ekki búin nú þegar að leggja fyrir þingið till. sínar í þessu máli um það, hvað skuli gera til þess að gera það líklegt, að vertíðin geti hafizt á þeim tíma, sem venja er til. Hæstv. forsrh. er að tala um það í þessu sambandi, að Landssamband ísl. útvegsmanna hafi ekki lokið fundi sínum fyrr en um kl. 6 einhvern morguninn nú nýverið, og sjálfur sé hann ekki enn búinn að heyra frá eigendum hraðfrystihúsanna um óskir þeirra eða kröfur. Þetta kemur þessu máli ekkert við. Skylda hæstv. forsrh. og hans ríkisstj. var, um leið og þeir tóku við, að kynna sér af eigin frumkvæði, hvernig ástatt væri fyrir bátaútveginum og fyrir hraðfrystihúsunum, og athuga, hvað ríkisstj. teldi, að þyrfti að gera til þess að útgerðin færi af stað. Ríkisstj. hafði ekkert leyfi til þess að láta líða dag eftir dag í aðgerðaleysi, þó ekki væri kominn saman einhver fundur útvegsmanna eða ekki væri komið eitthvert bréf frá hraðfrystihúsunum. Þetta var ástand, sem við vitum og hæstv. ríkisstj. vissi vel, hversu vandasamt var, eins og líka hæstv. forsrh. gat um í þeim boðskap, sem hann flutti, þegar stjórnin tók við. Og þá hefði mátt vænta þess, þegar hæstv. ríkisstjórn var þetta fullljóst, að hún hefði gengið til þess með fullri atorku — hvað sem öllum fundahöldum líður — að ræða við útvegsmenn og segja við þá: Við verðum að keppa að því að koma þessum till. sem fyrst fyrir þingið, og þess vegna verðið þið að segja, hvert ykkar álit er, ef þið viljið hafa áhrif á málið. Og hvernig sem þau svör hefðu orðið, sem fengizt hefðu við þessu, þá þurfti að fara fram af hendi ríkisstj. rannsókn á þessu.

Ég ætla ekki að þreyta kappræður við hæstv. forsrh. um þetta og tefja hann með því frá undirbúningi frv., heldur vil ég aðeins, að gefnu tilefni, sem hann gaf áðan, þegar hann talaði, taka það fram, sem ég hef nú sagt. Því að hann sagði áðan, að sér þætti skrýtið, að ég, sem hefði nokkurn kunnugleika á undirbúningi svona mála, skyldi láta í ljós undrun mína yfir því, að ekki væru komnar fram till. í þessum efnum. — Ég tel sem sagt þennan drátt aðfinnsluverðan, sem hefur orðið í þessu efni, og að þetta sé komið í mesta óefni, ekki sízt fyrir það, hve áliðið er orðið tímans. Og ég verð að segja það, að ég gerði ráð fyrir því — og minnist þess, að í þeim boðskap, sem hæstv. forsrh. flutti, þegar ríkisstj. tók við, talaði hann um tröðnar leiðir í þessum efnum og bráðabirgðaráðstafanir — og ekki sízt vegna þess, að hann ræddi um það, þá gerði ég, og sjálfsagt aðrir fleiri, ráð fyrir því, að hann mundi flýta sér einmitt að leggja fram þær bráðabirgðaráðstafanir, til þess að engin töf yrði á framleiðslunni.

Hæstv. ráðh. segir, að ástandið sé slæmt. Og ég dreg ekki í efa, að ástandið er mjög slæmt. Hitt vil ég nú ekki álíta, að hæstv. forsrh. hafi verið svo ókunnugt fyrir nokkrum dögum síðan um afkomu- og rekstrarhorfur sjávarútvegsins í höfuðdráttum þeirra mála, að ástæða sé til þess að taka það alvarlega, að hann hafi í því efni gert einhverjar nýjar uppgötvanir um eitthvað verulegt í því efni, sem hann hafi ekki vitað um áður. Enda væri stórvítavert, ef svo væri, þar sem hann tók að sér þann vanda að standa að minnihlutaráðuneyti á þessum tímum, ef hann hefur gert það án þess að vita í allra stærstu dráttum, *hvernig ástatt var um landsmálin.*

Ég vildi láta þessi fáu orð falla út af því, sem hæstv. forsrh. sagði hér. En það lakasta finnst mér það, að hann hefur ekki treyst sér til að gefa upplýsingar um það, hvenær frv. um þessi mál muni koma fram af hendi hæstv. ríkisstj. Það var aðalatriðið, ef hann hefði getað gefið upplýsingar um það, og hvenær hægt væri að hefja þinghlé. Geri ég ráð fyrir, að hann hafi þær upplýsingar ekki á reiðum höndum á þessu stigi, því að annars hefði hann látið þær þinginu í té. Verður auðvitað við það að sitja, þó að það sé óneitanlega slæmt og komi sér sjálfsagt illa fyrir marga.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það þýðir náttúrlega ekki að fara í langar umr. um þetta. En mér finnst vera framúrskarandi lítil heilindi — svo ekki sé meira sagt — í því, að maður, sem nýkominn er úr ríkisstj., skuli telja það undrum sæta og ítreka það, að núv. ríkisstj. skuli ekki hafa lagt sínar till. um lausn á þessu máli fyrir þingið. — Hv. 1. þm. S-M. segir, að það sé merkilegt, ef ég hafi ekki verið jafnkunnugur þessum málum áður en ég kom í ríkisstj. *eins og ég er nú, eftir að ég hef fengið* að tala um málið við trúnaðarmenn ríkisstj. í viðkomandi málum. Hann veit sjálfur, hv. 1. þm. S-M., að ríkisstj. hefur miklu betri aðgang til þess að rannsaka frumheimildir í sambandi við mál heldur en þm. hafa — og líka miklu meiri skyldur til þess. En ef þetta er svo einfalt og ef hann veit, hvert ástandið er í þessum efnum, mundi hann þá vilja draga fram, í allra stærstu dráttum, hvernig ástandið er? Ef hann telur vítavert, að ég, sem ekki var í ríkisstjórn, hafi ekki haft nægan kunnugleika um þessi mál, og telur, að mér hafi borið skylda til að hafa þennan kunnugleika, þá langar mig til þess að sannprófa, hvort hann hefur þessa þekkingu, — hvort hann getur dregið upp mynd, í allra stærstu dráttum, af því, hvernig komið er í þessum málum og hver breyt. hefur orðið, við skulum segja á búskap ríkissjóðs og atvinnulífi landsmanna bara yfir það tímabil, sem hann hefur átt sæti í ríkisstj. Það væri sjálfsagt þægilegt fyrir mig að fá þetta svona til leiðbeiningar og viðbótar þeim hugmyndum, sem eru að verða æ gleggri fyrir mér um það, hvernig ástandið er í þessum málum í dag. — Og það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að tala um það, að núv. ríkisstjórn hafi brugðizt skyldu sinni með því að vera ekki búin að leggja fram fyrir þingið till. um þessi mál nú þegar. Og hv. 1. þm. S-M. veit, að hann sjálfur og öll fyrrv. hæstv. ríkisstjórn, ásamt öllum hennar trúnaðarmönnum, þurfti að semja við hinn aðilann

fyrst í margar vikur, áður en þeir, sem mynduðu fyrrv. hæstv. ríkisstjórn, lögðu fram frv. að löggjöf um þessi mál, — og svo þurfti enn fremur að semja í margar vikur við atvinnurekendur um þessi mál, eftir að löggjöfin um þau hafði verið samþ. Er það ekki rétt hjá mér, að hæstv. ríkisstjórn hafi þurft að semja við útveginn í margar vikur og verja mörgum millj. kr. úr ríkissjóði til þessara mála umfram það, sem ætlað var áður, að gæti fullnægt þeim megintilgangi ábyrgðarlaganna að hrinda útgerðinni úr vör og sjá um, að atvinna landsmanna héldist í fullum gangi? En ef fyrrv. ríkisstj. þurfti fyrst margar vikur til samninga, áður en hún samdi löggjöfina, og auk þess margar vikur til samninga, eftir að l. voru sett, hvaða sanngirni er þá, að við berum fram okkar till., áður en við vitum, hvað það er, sem nú er aðallega farið fram á? Þetta er samningsatriði. Það er í mörg ár búið að ríkja það ástand í landinu, að framleiðendurnir koma til ríkisstj. og semja við hana um sín kjör, enda sagði einn úr fyrrv. ríkisstj.: Ástandið er þannig, að það er ekki svo mikið áhugamál fyrir atvinnurekendur, hvað síldin er í Póllandi eða Danmörku, aðaláhugamálið er, hvað síldin er í stjórnarráðinu. — Þetta veit hv. þm. betur en flestir aðrir, af því að hann hefur verið í stjórn undanfarin erfiðleikaár, og þá á hann sízt að vera ósanngjarn í kröfum við minnihlutastjórn, sem er að glíma við erfiðleikana. Ég hef ekki óskað eftir minnihlutastjórn. Við sjálfstæðismenn höfum talið, að betra hefði verið, að stj. væri studd af þeim þremur flokkum, sem að fyrrv. stj. stóðu.

Ég veit það alveg, að ef hv. þm. segir, að ríkisstj. hefði, strax og hún settist að völdum, átt að finna hvöt hjá sér til að rannsaka, hvað útvegurinn þyrfti, án tillits til þess, hvað þessir aðalfundir þeirra væru að fara fram á, — að hann, svo skyldurækinn maður, hefur verið búinn að gera sér grein fyrir þessu öllu, þegar hann fór úr stj. 6. desember, þegar hann gerir þá kröfu til mín, áður en útgerðarmenn hafa talað við mig.

Hann segir, að það komi ekkert málinu við, hvað þessir fundir hafi farið fram á. Nei, stj. átti að gera sér sjálfstæða grein fyrir því. Sá, sem vill leysa þetta mál fyrir jól, og sá, sem vissi þá geigvænlegu örðugleika, sem eru á lausn málsins, og sá, sem var ráðh. og ætlaði að leysa málið fyrir jól og þekkti þessa geigvænlegu örðugleika, hlýtur að hafa verið búinn að gera sér grein fyrir, hvernig átti að leysa málið 7. desember, ef hann ætlast til, að stj., sem tók við 6. eða 7. desember, gæti undireins komið með till. Þá var líka farið að líða að jólum, sérstaklega í hugum þeirra, sem muna það, að á síðasta þingi þurfti margar vikur, áður en málið var leyst. Ef það er sanngirniskrafa til núv. stj. að gera þetta sjálfstætt, án þess að útgerðarmenn legðu fram till. sínar og óskir, þá er það einnig sanngirniskrafa til fyrrv. stj., sem þurfti margar vikur til að leysa málið.

Að lokum vil ég segja tvennt. Fjmrn. er nú að undirbúa frv. um endurnýjun á tekjuöflun dýrtíðarlaganna, því að sjálfsögðu þarf ríkissjóður þeirra með. Það væri a. m. k. undarlegt ástand, ef það ætti 2.—5. janúar að greiða lægri tolla en verið hafa 1949 og sennilega lægri en yrðu 1950. Ég tel því, meðan ekki er endanlega ráðið fram úr því, eftir hvaða leiðum reynt verður að leysa vandræði sjávarútvegsins, að sjálfsagt sé að endurnýja þá tekjustofna, sem stóðu undir útgjöldum dýrtíðarlaganna, að svo miklu leyti sem þeir eru inni í dýrtíðarlögunum. Ég býst við, að það frv. sé komið fram eða sé nú á tröppunum.

Ég vil í öðru lagi segja það, að við verðum að gera okkur grein fyrir, að ástæðan til þess, að þetta mál liggur ekki eins skýrt fyrir nú og í fyrra, er sú, að nú er allt miklu seinna á ferðinni í þessu efni. Þingið kom seint saman, og þá fór nokkur tími í stjórnarmyndunina. Ég ætla ekki að troða illsakir við neinn, en það voru ekki við sjálfstæðismenn, sem beittum okkur fyrir því, að það samstarf rofnaði, sem var um fyrrv. stj. Ef það hefði ekki rofnað, hefði þing komið miklu fyrr saman, eins og til stóð, og þá væri lausn þessa máls lengra komin. Ég endurtek það í tilefni af lokaorðum hv. þm., að ríkisstj. verður að fá að sjá heildarmyndina af ástandinu, áður en hún treystir sér til að koma til þingsins og segja: Við viljum fara troðnar slóðir í bili. Þeir, sem vilja glíma við þennan vanda, verða að fá að athuga málið gaumgæfilega, en ekki standa í deilum, eins og við værum í kosningunum enn þá. Ég sé, að hv. þm. er mér sammála, hvað sem hann segir.

Eysteinn Jónsson: Þetta gefur ekki tilefni til mikilla aths. — Hæstv. forsrh. segir, að það sé ósanngjarnt, að ríkisstj. hefði getað verið búin að gera frv. um þessi málefni. Ég held það gagnstæða. Hæstv. forsrh. segir, að ef ég telji þetta einfalt, — ég hef ekki sagt, að það væri einfalt, — þá mundi ég geta gefið yfirlit yfir ástandið í stórum dráttum, eins og þróunin hefur verið undanfarin ár. Ég mundi treysta mér til þess, en ég mun ekki misnota þolinmæði hæstv. forseta eða níðast á hv. þm. með að halda langa ræðu um það mál nú. En ég vil svara með því að segja hæstv. forsrh., að ef ég hefði tekið að mér að mynda stj., þá mundi ég áreiðanlega hafa gert það með það fyrir augum, að mér væri skylt að semja frv. um þetta efni og leggja það fyrir þingið það snemma, að þingið gæti fjallað um málið fyrir jól, að ég nú ekki tali um til úrslita fyrir áramót. Þetta mundi ég hafa talið mér skylt að gera. Ég hefði aldrei talið mér heimilt að leggja í að mynda stj. án þess að hafa þann háttinn á, og þegar hæstv. ráðh. er að tala um, að hann hafi átt erfitt um að fylgjast með, þá vil ég benda honum á, að hann hefur sér til aðstoðar í þessu efni menn, sem hafa ástæður til að fylgjast fullkomlega með í þessum málum, og ríkisstj. á vitanlega alltaf aðgang að þeim.

Sama er það, að þegar hæstv. forsrh. er að klóra í bakkann með því að tala um, að ég, sem er að halda því fram, að stj. hafi getað þetta, ég hljóti að hafa vitað 6. des., hvað sanngjarnt var að leggja til í þessu efni, þá vil ég svara á sama hátt og áður, að það hefði enginn átt að leyfa sér að mynda stj., eins og ástatt er, nema sá sami hefði kynnt sér ástandið og gert sér

ljóst, að hann gæti haft um þessi málefni till., a. m. k. bráðabirgðatill., það snemma, að þingið gæti fjallað um þær á venjulegan hátt fyrir jól.

Ég skal svo ekki halda þessum umr. áfram, enda er ekki ástæða til þess. Ég hef sagt það, sem ég vil segja, en vil aðeins endurtaka það, að mér þykir það mjög miður, að hæstv. ráðh. hefur ekki getað létt af neinu af þeirri óvissu, sem er á þingstörfunum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég vil aðeins minna hv. þm. á, að till. ríkisstj. eru gagnslausar, ef þær eru ekki þannig, að þær komi útveginum af stað. Það er megintilgangur till. að koma útgerðinni af stað. Ríkisstj. verður líka að treysta sér til að koma fram fyrir þingið með till. varðandi þær kvaðir, sem yrðu lagðar á, ef á að fara einhverja leið, sem kostar fé úr ríkissjóði. En hvernig getur hann eða ég eða nokkur annar gert sér grein fyrir, hvað það sé, sem þurfi að bera fram fyrir þingið til þess að fá útgerðina úr vör, áður en útvegsmenn treysta sér sjálfir til að segja það? Það er ekki fyrr en 15. des., að þeir koma með sínar till., og hraðfrystihúsin eru ekki enn búin að gera sér fulla grein fyrir þessu. *(EystJ:* Ég hef rætt um þetta atriði). Já, en við ræðum það kannske hvor frá sínu sjónarmiði. Mér skilst, að ef það er viðurkennt, — og það er ekki hægt að komast undan að viðurkenna það, — að till. stj. hljóti að miðast við það að ýta útgerðinni úr vör, þá sé það frumskilyrðið að vita, hvað útgerðin fer fram á, jafnvel þó að um bráðabirgðalausn sé að ræða, auk þess sem ástandið getur verið það alvarlegt, að maður treysti sér ekki til að bera fram bráðabirgðalausn, en það treysti ég mér ekki til að dæma um, fyrr en ég sé framan í till. En ég verð að segja það, að ef sá maður, sem ætlaði fyrir beiðni forseta Íslands að mynda stjórn, hefði fyrst átt að vera búinn að gera sér grein fyrir, hvernig ætti að sinna útveginum og hans þörfum, þá hygg ég, að sá frestur, sem gefinn var, hefði skammt hrokkið til þeirrar athugunar. Og ef við þm. hefðum gert þær kröfur til sjálfra okkar, þá hefði það leitt til þess, að við hefðum hér nú utanþingsstjórn, sem ég skal ekkert illt um segja, en það sýnir þó, að ef sá háttur hefði verið hafður, sem hv. þm. talar hér um, þá hefði það haft áhrif á fleira en gang þessa eina máls.

Eysteinn Jónsson: Mér skilst á hæstv. forsrh., að hann telji það líka of mikla frekju að gera ráð fyrir, að þeir, sem taka að sér að mynda ríkisstj., geri sér ljóst fyrirfram, hvaða vandamál það eru, sem bíða úrlausnar, og hvernig eigi að leysa þau. Ég aftur á móti álít, að menn eigi að gera sér ljósan vandann, áður en þeir taka að sér að leysa hann.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég tel, að það hafi ekki verið ósanngjarnt að fara fram á að fá að vita, hver vandinn er, áður en lagðar eru fram till. um að leysa hann. Okkar lína er bein. Ég sagði, þegar stj. tók við völdum, að ég byggist við, að við yrðum að fara troðnar slóðir í bili, en svo yrði reynt að leggja grundvöll að varanlegri lausn. Þetta er stefna stj. Svo fáum við ekki að sjá framan í hina réttu mynd af örðugleikunum fyrr en smátt og smátt. Hún hefur ekki verið skýr fyrir mér, og ég vænti ekki heldur fyrir hv. þm. Ég veit ekki skoðun útvegsmanna enn þá til fulls, en ég er búinn að sjá nógu mikið til þess, að ég álít, að það sé hæpið að biðja þm. um bráðabirgðalausn. En fyrr en fram eru komnar till. útgerðarmanna og þær liggja fyrir stj., get ég ekki gert mér fulla grein fyrir lausn málsins.

Eysteinn Jónsson: Mér skilst, að hæstv. forsrh. sé með þessu að játa, að hann hafi ekki vitað, hvað hann var að gera, þegar hann myndaði núv. ríkisstj., og hygg ég, að það sé sönnu næst.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ef það er ætlunin að fara út í skæting, þá skal ekki standa á mér. Þessi maður er búinn að sitja í ríkisstj. í 3 ár og sýnist ekki vita neitt um það ástand, sem nú er í landinu. En þótt nú þurfi skjótra úrræða við, getur samt verið þörf að bíða það lengi, að menn fái rétta spegilmynd af því ástandi, sem ráða þarf bót á.

Eysteinn Jónsson: Ef hæstv. forsrh. ætlar að sýna spegilmynd af núverandi ástandi, þá verður sú mynd aðeins afleiðing af því, sem hann lagði grundvöllinn að með þeirri stj., sem hann veitti forustu nú fyrir nokkrum árum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Það er ákaflega ódýr skemmtun, ef Framsfl. heldur, að hann geti losað sig við ábyrgðina af dýrtíðinni í landinu með því að segja, að ég hafi talið, að með einu pennastriki væri hægt að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar í landinu. Ég bið hann að finna þessi orð mín, hvar þau standa.

Það gæti orðið langt mál að fara að ræða um það, hvaða hlut hver og einn hafi átt að vexti dýrtíðarinnar. Hann hefur ætlað að ná öðrum tökum á henni, en það hefur lítinn ávöxt borið, en það allt er lengri saga en svo, að útgerðin megi bíða eftir lausn sinna mála, meðan það væri allt rifjað upp og rætt.

Skúli Guðmundsson: Það snertir ekki þær umr., sem hér hafa farið fram. Mig langar til að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Því miður sé ég hann ekki í sínu sæti, en mér dettur í hug, að hæstv. atvmrh. mundi ef til vill bera honum þessa spurningu mína, og reyndar snertir málið hann, því að það er ekki langt síðan hann lét af störfum fjmrh. Það, sem ég vildi spyrja um, er það, hverju það sæti, að frv. til fjárl. fyrir árið 1950 skuli ekki enn hafa verið tekið til 1. umr. Það mun hafa verið venja, hér áður fyrr a. m. k., að láta líða mjög skamman tíma, frá því þing hófst og þar til frv. var lagt fyrir þingið. Þá var algild regla að taka frv. fljótt til 1. umr. og koma því til n. Nú mun hæstv. fyrrv. fjmrh., sem nú er atvmrh., hafa lagt frv. fyrir, að ég hygg um það bil hálfum mánuði eftir að þing hófst, en síðan eru liðnir hart nær 20 dagar, og enn er ekki farið að taka frv. til 1. umr. Mér finnst þetta óhæfilegur dráttur og hér sé spillt miklum tíma, því að fjvn. hefði getað notað þennan tíma, ef frv. hefði fljótt

verið tekið til 1. umr., til að athuga það. Þetta verður því til að lengja þinghaldið að óþörfu. Ég vænti, að það sé ekki þörf að vekja athygli hæstv. stj. á því, að að réttu lagi á að vera búið að afgr. frv. sem l. fyrir lok þessa árs. Það er að vísu orðinn siður upp á síðkastið að stjórna landinu án fjárl. fyrri hluta ársins, misjafnlega langan tíma. Það ástand tel ég óviðunandi með öllu og að það eigi ekki að halda slíku áfram. Ég sem sagt beini þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvernig á því standi, að fjárlfrv. er ekki enn þá komið til 1. umr.

Þá er önnur spurning, sem ég vil leyfa mér að beina til hæstv. stj., og geri frekar ráð fyrir, að hæstv. fyrrv. fjmrh. geti svarað en sá, sem nú gegnir því embætti. Hvernig stendur á því, að við skulum ekki enn, eftir að þing hefur setið 5 vikur, vera farnir að sjá lagðan fyrir þingið ríkisreikninginn fyrir árið 1946 og þá auðvitað ekki heldur þá, sem á eftir koma, reikninginn fyrir 1947 og 1948, en reikningurinn fyrir öll þessi ár hefur enn ekki verið lagður fyrir þingið til úrskurðar? Mér finnst þetta ákaflega kynlegur dráttur, sem orðið hefur á þeim málum í seinni tíð. Ég vildi heyra frá hæstv. atvmrh., hvernig á þessum ósköpum stendur, að ríkisreikningurinn fyrir 1946 skuli ekki enn vera kominn fyrir Alþingi.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Hv. þm. V-Húnv. beindi umkvörtun og fyrirspurn til mín eða hæstv. fjmrh. um það, að fjárlagaræðan hefur enn ekki verið haldin. Það er siður, að frv. til fjárl. sé ekki vísað til fjvn. fyrr en að henni lokinni. Það er eðlileg ástæða til þess. Ég var búinn að leggja frv. til fjárl. fyrir þingið, áður en stjórnarskiptin urðu. Sá, sem tók við embætti fjmrh., óskaði þess sjálfur að fá að setja sig inn í málið og halda fjárlagaræðuna, og var ekki nema eðlilegt, að til þess þyrfti tíma, og meiri tíma en ef sá, sem gekk frá frv., hefði átt að inna það af hendi. Það er eðlilegt, að sá, sem tekur við starfi fjmrh., haldi fjárlagaræðuna og afhendi frv. í hendur fjvn., en ekki maður, sem er hættur í embættinu. En hvað viðvíkur vinnubrögðum hjá fjvn., vil ég ekki viðurkenna það, sem hv. þm. sagði, að fjvn. sé bægt frá að starfa að frv., þar til því hefur verið formlega vísað til hennar. Það er ekki nema hártogun, vegna þess að frv. sjálft fær enga breyt. við það, að fjárlagaræðan er haldin. Fjvn. hefur nú haft frv. með höndum þessar þrjár vikur og hefur auðvitað unnið að undirbúningi þess á ýmsum sviðum, svo sem með því að rannsaka ýmis plögg og því um líkt, sem tilheyrir undirbúningi frv., og þarf því ekki að verða dráttur á málinu af hendi fjvn., þó að ekki sé búið að vísa frv. formlega til hennar.

Þá er síðari fyrirspurnin, hvers vegna ríkisreikningurinn fyrir árið 1946 hafi ekki enn verið lagður fram. Ég geri ráð fyrir, að ástæðan sé sú, að ekki sé búið að ganga frá svörum og því um líku við aths. endurskoðendanna, en ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að dragast lengi úr þessu, að þessi reikningur verði fram lagður, en eins og komið hefur í ljós á undanförnum þingum, þegar rætt hefur verið um það, hvað ríkisreikningurinn kæmi seint fram, þá er það ekki á fjmrh. eins valdi að hraða þeim vinnubrögðum, því að það er ekki aðeins um að ræða þá administrativu endurskoðun í stjórnarráðinu, heldur einnig yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins og þá, sem þeim þurfa að svara.

Þegar hv. þm. þarf næst að spyrjast hér fyrir, þá vil ég benda honum á, að það er augljóst, að hæstv. fjmrh. er ekki staddur hér, en ég skal fúslega svara því, sem snertir afskipti mín af fjárlfrv. í fjarveru hæstv. fjmrh., þó að ég vilji annars ekki grípa inn í hans verkahring. Mér virðist málinu vera þannig háttað, að það sé óþarfa aðfinnsla við hæstv. fjmrh., þó að hann sé ekki kominn enn með fjárlagaræðuna fyrir þingið, eins og í hendur hans er búið, þ. e. a. s. að hann tekur við frv., sem aðrir hafa samið, og verður þess vegna að setja sig sjálfur inn í hina ýmsu þætti þess, og er því eðlilegt, að hann þurfi til þess meiri tíma en þeir hefðu þurft, sem sáu um samningu frv. Annars veit ég til þess, að hæstv. fjmrh. er svo að segja búinn með þann undirbúning, sem hann þarf að gera, og geri ég ráð fyrir, að það verði snemma í næstu viku, sem hv. þm. getur hlustað á hann halda sína fjárlagaræðu, — en að það tefji fyrir störfum fjvn., er ekki nema formleg aðfinnsla, en ekki raunveruleg.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru örfá orð. — Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir, að hann hefur svarað þessum fyrirspurnum, þó að, eins og ég tók fram, það hefði átt betur við um aðra þeirra að beina henni til hæstv. núv. fjmrh. Þó vil ég segja út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um fjárlagaræðuna, sem væri svo seint á ferðinni vegna ráðherraskiptanna, að úr því að hæstv. fyrrv. fjmrh. útbjó fjárlfrv. og lagði það fyrir þingið, þá hefði verið mjög eðlilegt, að hann hefði fylgt því úr hlaði með framsöguræðu. Sá fjmrh., sem við tók, gat að sjálfsögðu komið á framfæri við fjvn. og Alþingi þeim aths., sem hann óskar að gera við frv. Það er fullt samræmi í því, fyrst fyrrv. hæstv. fjmrh. samdi frv. og lét útbýta því í þinginu, þá hefði hann einnig haft framsögu fyrir því máli hér á þingi. Væri málið þá fyrir löngu komið til n.

Ég held, að það sé ekki venjulegt, að þingnefndir fáist við mál, fyrr en búið er að vísa þeim til þeirra til athugunar. Það getur vel verið, að fjvn. gæti það. Hún mun þó ekki hafa unnið enn að afgreiðslu frv. á þessu sinni.

Þá er það viðvíkjandi síðari liðnum, um ríkisreikninginn. Þar upplýsir hæstv. ráðh., að áður en langt líður, megi vænta þess, að ríkisreikningurinn fyrir 1946 verði lagður fyrir Alþingi. Ég tel, að ef nokkurt lag væri á þessum hlutum og reikningshaldið væri eins og það á að vera, þá ætti nú að leggja fyrir Alþingi ríkisreikninginn 1946, 1947 og 1948. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að það þætti slæm ráðsmennska og léleg vinnubrögð heima í minni sveit, ef hreppsnefndin þar væri ekki farin að leggja fyrir sýslunefnd hreppsreikninginn fyrir 1946 né fyrir þau ár, sem síðan eru liðin. Og ég held, að hreppsnefndaroddviti, sem trassaði þannig sín störf, mundi naumast í hávegum hafður og tæpast kemba hærurnar í þeirri stöðu. Nú má segja, að ríkisreikningurinn sé

umfangsmeiri en reikningar eins sveitarfélags. En benda má þá einnig á það, sem þar vegur mjög á móti, að ríkisstj. hefur mikið og frítt lið — m. a. í fjmrn. — ráðh. til aðstoðar við þessi störf. — Annars skal ég ekki — af því að langar umr. eru nú þegar orðnar utan dagskrár — fara lengra út í þessa sálma. En ég tel það eitt viðunandi í þessum efnum, að við fáum að sjá á þessu þingi ekki aðeins ríkisreikninginn fyrir 1946, heldur einnig fyrir árið 1947 og 1948.

Steingrímur Steinþórsson: Það eru aðeins örfá orð. Út af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram viðvíkjandi því, hvenær 1. umr. fjárl. fari fram, vil ég geta þess, að samkvæmt samtali, sem ég átti við hæstv. fjmrh. fyrir stuttri stundu, hefur verið ákveðið, að þessi umr. fari fram á þriðjudaginn kemur. Vegna þess, að þetta kom til umræðu, kann ég betur við að skýra hv. þm. og þd. frá því.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég vil benda á í sambandi við það, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði áðan, að það er hvorki fráfarandi fjmrh. né núv. fjmrh., sem hafa staðið fyrir skipulagningu þeirra vinnubragða, sem snerta ríkisreikningana eða endurskoðun þeirra. Í öðru lagi vil ég taka fram, að ég hef gert ýtarlegar tilraunir til þess, og kannske ekki að árangurslausu, að fá fleiri reikninga fram lagða fyrir þetta þing en hv. þm. minntist á.

Um fjárlagaræðuna er það að segja, að hægt er að gera að álitamáli, hvort það er fráfarandi fjmrh., sem þegar hefur skilað frv., eða sá fjmrh., sem við tekur, sem á að bera hita og þunga dagsins og halda fjárlagaræðuna. Báðir geta þó ekki gert það, og úr því að það varð að ráði, að núv. fjmrh. gerði það, þá gefur það auga leið, að hann þurfti meiri tíma til að setja sig inn í það mál en búast hefði mátt við af þeim ráðh., sem sjálfur skilaði frv. í þingið. Ég heyrði, að forseti Sþ. gaf hér yfirlýsingu um það, — sem ég og hafði hugboð um —, að þessi ræða mundi nú bráðlega verða haldin.

Á 12. fundi í Sþ., 20. des., utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef nýverið skýrt frá því í báðum deildum Alþingis, að ríkisstjórnin biði tillagna frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna um, hvaða verð þessir aðilar teldu nauðsynlegt, að bátaútvegurinn fengi fyrir afla sinn og frystihúsin fyrir vinnslu sína til þess að rekstur þessi yrði hallalaus. Lýsti ég því yfir, að fyrr en slíkar tillögur lægju fyrir, væri ríkisstj. að sjálfsögðu ekki auðið að átta sig á, hverjum tökum bæri að taka málið, og þ. á m. hvort hægt mundi að tryggja með bráðabirgðaráðstöfunum, að útgerð gæti hafizt upp úr áramótum eða hvort bíða yrði róttækari ráðstafana í samræmi við fyrirætlanir Sjálfstfl., ef hann hefði náð meiri hluta á Alþingi við kosningarnar í haust. En það er mikið verk og vandasamt að ganga endanlega frá slíkum tillögum. Jafnframt gat ég þess, að vel mætti svo fara, að ríkisstj. treystist ekki til að gera tillögur til Alþingis í þessum efnum fyrr en henni hefði unnizt nokkur tími til að athuga álitsgerð útvegsmanna og frystihúsaeigenda og ræða málið við þessa aðila. Er það og kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin ár hafa samningar um þessi efni staðið yfir vikum og mánuðum saman milli stjórnarinnar og útvegsins, áður en stjórnin treystist til að flytja álit sitt og tillögur inn á Alþingi.

Hinn 15. þ. m. bárust stjórninni tillögur Landssambands ísl. útvegsmanna, en tillögur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna ekki fyrr en í gær.

Ríkisstjórnin hefur þess vegna, enn sem komið er, tæplega getað gert sér tölulega grein fyrir því, hvaða baggar væru bundnir ríkissjóði, ef ábyrgð yrði tekin samkvæmt þeim óskum, er nú hafa verið bornar fram. En þó virðist málið liggja nægilega skýrt fyrir til þess, að stjórnin telur rétt að tilkynna Alþingi, að henni sé ekki auðið, án frekari rannsókna og samninga, að gera ákveðnar tillögur um viðunandi lausn.

Þessu til rökstuðnings eru meðal annars eftirfarandi staðreyndir:

1) Afkoma ríkissjóðs á árinu 1949 hefur orðið miklu lakari en gert var ráð fyrir, er fjárlög voru sett. Hefur orðið greiðsluhalli, sem nemur mörgum tugum milljóna, og mun hæstv. fjmrh. ræða það og skýra í fjárlagaræðu sinni í dag.

2) Í fjárlagafrv. því, er nú liggur fyrir Alþingi, er ekkert ætlað til verðuppbóta á útfluttri framleiðsluvöru landsmanna, enda er það eindregin skoðun Sjálfstfl. og raunar margra annarra, að hverfa verði af þeirri braut.

3) Kröfur útvegsins eins og þær liggja fyrir mundu kosta ríkissjóð yfir 95 milljónir króna, samkvæmt bráðabirgðaútreikningum fiskábyrgðarnefndar, og er þá gert ráð fyrir sama aflamagni og verðlagi á erlendum markaði sem á þessu ári.

Veit ég að vísu, að útvegsmenn mundu sætta sig við eitthvað lægra verð, en útreikninga sína hafa þeir byggt á því, að ábyrgðarverðið hækki úr 65 aurum í 104 aura fyrir kílóið af slægðum fiski með haus. En hitt er jafnvíst, að án mikillar hækkunar bæði sjómönnum og útvegsmönnum til handa getur útvegurinn ekki hafizt. Sést það bezt á því, að frá því að fiskábyrgðarlögin voru sett í árslok 1946, hefur vísitalan hækkað allverulega. Hefur þó verið varið mörgum milljónatugum úr ríkissjóði til að greiða hana niður. Jafnframt hafa orðið miklar grunnkaupshækkanir. — Samkvæmt skýrslu, er ég hef fengið frá Vinnuveitendasambandi Íslands, nema þær víða milli 20 og 30% og allt upp í 42%, auk aukinna fríðinda. En ákvæðisvinnutaxtar hafa á þessu tímabili hækkað mjög mikið. Sem dæmi nefni ég, að hækkun þessi er í Reykjavík við fiskþvott frá 51—63% og við síldarsöltun 32%. Af þessu sést, að kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags hefur haldið mjög hratt áfram. Verður því ekki komizt hjá að rétta hag útvegsins. Skal ég aðeins nefna, að þótt hækkunkröfur útvegsins yrðu ekki teknar til greina nema að hálfu leyti, mundu útgjöld ríkisins af slíkri ábyrgð samt verða yfir 70 millj. kr. Mun

reynast ærið erfitt að benda á nýja skatta fyrir þessum útgjöldum, þótt eigi yrðu meiri en 70 millj. kr., hvað þá 95 milljónir. Þá hafa útvegsmenn og borið fram óskir um sömu gjaldeyrisfríðindi sem þeir urðu aðnjótandi á þessu ári, sem og að fríðindi þessi yrðu látin ná til fleiri vörutegunda.

4) Sem kunnugt er, hafa nær allir hinna eldri togara legið við festar nú um langt skeið, sakir undangengins hallarekstrar þeirra. Nú hefur Landssamband ísl. útvegsmanna borið fram óskir um aðstoð þessum skipum til handa og jafnframt sýnt fram á, að fiskframleiðslan er allmiklu ódýrari á þeim en vélbátunum. Ef verðuppbótaleiðin yrði farin, er hæpið, að auðið yrði að vísa þessum óskum á bug, en yrðu þær teknar til greina, mundu útgjöld ríkissjóðs enn aukast um milljónatugi. — Rétt þykir og að geta þess, að Landssamband ísl. útvegsmanna hefur skýrt stjórninni frá því, að mikill halli hafi orðið á rekstri margra nýsköpunartogaranna að undanförnu, svo að afkomuhorfur þessara nýtízku fyrirmyndarskipa eru nú einnig orðnar uggvænlegar, ef ekki rætist fljótt úr og betur en líkur benda til.

5) Fyrir Alþingi liggja nú margvíslegar kröfur um aukin útgjöld ríkissjóðs, þ. á m. um 20% bráðabirgða kauphækkun til starfsmanna ríkisins. Er það í samræmi við framkvæmdir fyrrv. stjórnar á þingsályktun frá 18. maí síðastl. Verður vart hjá þeim útgjöldum komizt, enda ekki þess að vænta, að starfsmenn ríkisins uni því lengur að vera einir settir hjá, þegar allar aðrar stéttir fá hækkanir og sumar árlega.

Það er ófrávíkjanleg krafa Sjálfstfl., að fjárlög verði afgr. greiðsluhallalaus, enda vitað, að án þess er ekki hægt að stöðva vöxt dýrtíðarinnar, en síðustu þrjú árin hefur skort um 175 milljónir króna á, að svo hafi verið.

Ríkisstjórnin getur því ekki, án þess að henni gefist tími til nokkurrar íhugunar á þessu viðhorfi, sem án efa er skuggalegra en menn hafa átt von á, gert rökstuddar tillögur til Alþingis um, hversu snúizt skuli við því. Mun ríkisstjórnin þó vegna hinnar brýnu nauðsynjar á því að forðast drátt á málinu viðhafa allan þann hraða, sem auðið er. Mun stjórnin vinna sleitulaust að því, ásamt sérfræðingum þeim, er hún hefur sér til aðstoðar. Hlé á fundum Alþingis um jólin er á þessu stigi málsins sízt til tafar, enda hafa hæstv. forsetar Alþingis ákveðið fundarhlé í samráði við stjórnina.

Stjórnin mun leggja tillögur í málinu fyrir Alþingi svo fljótt sem auðið er eftir áramótin, hvort heldur sem þær hníga að bráðabirgðalausn sem undanfara róttækari tillagna eða hinar síðarnefndu verða lagðar fram, og þá eins fljótt og við verður komið án slíks undanfara.

Ég hef talið rétt og raunar skylt að bregða upp þessari ófullkomnu mynd úr atvinnu- og fjármálalífinu í því skyni, að þingmönnum og þjóðinni allri gefist kostur á að virða hana fyrir sér. Tillögur þær, er ríkisstjórnin mun bera fram, ber að skoða í ljósi þessara staðreynda. Leyfi ég mér að vænta þess, að Alþingi geri sér ljóst, að nú ríður meira á samhentu liði til þess að ráða fram úr örðugleikunum en brigzlyrðum og metingi um, hvort betur eða miður hafi reynzt heilræði eða bjargráð eins eða annars.

Á 13. fundi í Sþ., 4. jan., utan dagskrár, mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Síðasta dag, sem fundur var haldinn í Alþingi, áður en jólafrí hófst, gerði ég hérna grein fyrir viðhorfi ríkisstj. til þess vanda, sem nú blasir við og þjóðin væntir, að Alþingi ráði bót á svo fljótt sem auðið er.

Ég gerði það þá sérstaklega að umræðuefni, hvernig komið væri fyrir bátaútveginum, og skýrði í því sambandi frá því, að ríkisstj. hefðu borizt skýrslur frá Landssambandi ísl. útvegsmanna þann 15. des. og þann 18. des. frá hraðfrystihúsunum, þar sem bornar eru fram óskir og kröfur frá þessum aðilum, til þess að þeir gætu hafið starfsemi sína sem fyrst.

Ég lýsti því yfir þá, að ríkisstj. hefði ekki gefizt ráðrúm til þess að athuga það, hvort auðið væri að tryggja þessa aðila með bráðabirgðaráðstöfunum, til þess að útgerðin stöðvaðist ekki núna um áramótin, eða hvort grípa ætti til róttækari ráðstafana í samræmi við yfirlýsta stefnu Sjálfstfl., ef hann hefði náð meirihlutaaðstöðu hér á þingi. En endanlega gaf ég það heit fyrir hönd ríkisstj., að hún mundi leggja fram tillögur í málinu fyrir Alþingi svo fljótt sem auðið yrði, hvort heldur sem þær mundu hníga að bráðabirgðalausn sem undanfara róttækari tillagna, eða þá að hinar síðarnefndu yrðu lagðar fram svo fljótt sem auðið yrði án slíks undanfara.

Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að vinna að framgangi þessa máls, og um áramótin var undirbúningur málsins það langt á veg kominn, að ég taldi mér fært að lýsa því þá yfir í áramótaboðskap mínum í Morgunblaðinu, að ríkisstjórnin mundi: „1) Leggja fyrir Alþingi þegar í stað, er það kemur saman til funda að nýju, tillögur, er miða að því að hindra stöðvun útvegsins og ætlaðar eru eingöngu til bráðabirgða. 2) Leggja fyrir Alþingi svo skjótt sem auðið er, að loknum nauðsynlegum undirbúningi málsins, tillögur um lausn á vandamálum atvinnu- og viðskiptalífsins, sem byggjast á afnámi uppbótaleiðarinnar og stefna að hallalausum rekstri framleiðslustarfsemi landsmanna í meðalárferði, afnámi hafta og banna og verzlunarfrelsi.“

Ég skýrði þá einnig frá því, að ríkisstjórnin hefði unnið sleitulaust með sérfræðingum sínum að undirbúningi skýrslna og tillagna í þessum málum, og að þessum tillögum miðaði vel áfram, en að sjálfsögðu þarfnast þær mikillar athugunar og vinnu, en leitazt mun verða við að hraða þeim sem mest.

Ég taldi mér sem forsætisráðherra skylt að skýra Alþingi frá því nú, er það kemur til fundar á ný, að í samræmi við þessi fyrirheit sín hefur ríkisstj. nú lagt fyrir Alþingi frv. til bráðabirgðaúrlausnar á þessum vandamálum. Ég tek það fram, að ríkisstj. þótti ekki kleift að bíða eftir endanlegri lausn þessara mála, því að mörg atriðin krefjast mjög ýtarlegrar athug-

unar, svo að ekki verður hægt með neinni sanngirni að ætlast til þess, að Alþingi geti á einum eða tveim dögum látið uppi álit sitt um það og samþ.

Að þessu athuguðu telur ríkisstj. rétt og flutti þess vegna þetta frv., sem miðar að bráðabirgðalausn þessara mála. Ég skal svo ekki að svo stöddu fara að ræða um þessa bráðabirgðalausn, því að hún kemur til umr. hér í þinginu á morgun, og mun þá viðkomandi ráðherra gera grein fyrir henni, en ég vil aðeins undirstrika það meginatriði, að ákvæði þessa frv. er eingöngu bráðabirgðalausn, og ætlazt er til, að þau gildi aðeins þangað til í marz. Það er miðað við, að þau gildi til 1. marz, ef ekki verður búið að setja heildarlöggjöf áður, en þau falla úr gildi strax og heildarlöggjöf er sett. Skyldi svo fara, gegn von ríkisstj., að Alþ. verði ekki búið að setja heildarlöggjöf um þetta 1. marz, þá gildir þó þessi bráðabirgðalausn áfram, í breyttu formi varðandi tekjuöflun, til vertíðarloka, þar sem útgerðarmenn töldu sig ekki geta hafið vertíð, ef ekki fengist vilyrði fyrir því, að sú vertíð, sem nú er að hefjast, fengi annaðhvort að njóta ábyrgðar eins og verið hefur eða þeirra grundvallarbreytinga, sem um er að ræða og hníga í þá átt að koma fótum undir framleiðslustarfsemi landsmanna almennt. Þó er svo ætlazt til, að þessi bráðabirgðalausn, ef hún heldur áfram lengur en til 1. marz, falli niður, hvenær sem endanleg skipun málanna verður gerð á Alþ., og gildi aldrei lengur en til vertíðarloka, 15. maí. Ég get um þetta aðeins af því, að ég vil, að hæstv. Alþ. sé það ljóst, að ríkisstj. ber fram bráðabirgðalausn í viðurkenningu þess, að það er ekki hægt að láta útveginn stöðvast, meðan stendur á varanlegri lausn málsins, en hún slær því jafnframt föstu, að hún vill ekki una þessari bráðabirgðalausn sem varanlegri lausn í málinu. Og hún telur eftir sem áður skyldu sína að bera fram till. um aðrar leiðir í þessu máli og mun leggja þær fyrir Alþ. svo skjótt sem auðið er.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Ríkisstj. mun, þegar þessar aðrar leiðir liggja fyrir, gera Alþ. ýtarlega grein fyrir þeim. Ég tel ekki, að ríkisstj. sé skylt að gera grein fyrir þeim fyrr en þær liggja fyrir. Þetta vildi ég herra forseti, láta koma fram á þessum fyrsta fundi Alþ.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það væri náttúrlega eðlilegt að ræða um skýrslu eins og þessa, en ég ætla þó ekki að gera það í neinu verulegu atriði. Það er eðlilegt, að skýrsla um þennan drátt, sem orðið hefur á því, að gerðar hafi verið nokkrar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum, sé rædd í sambandi við þær ráðstafanir, sem bornar eru fram. Og dómurinn um það, hve miklar ástæður hafa verið til þess, að slíkur dráttur varð, hlýtur að fara eftir því að verulegu leyti, hve stórvægilegar ráðstafanir eru bornar fram og hvað langan tíma hefur þurft til að undirbúa þær. Það liggur ekki fyrir á þessu stigi málsins að ræða um það, en þó er ástæða til að vekja athygli á því, að þær ráðstafanir, sem hér eru bornar fram sem bráðabirgðaráðstafanir og hæstv. forsrh. minntist nokkuð á, þær eru í senn bráðabirgðaráðstafanir og geta líka orðið, ef ríkisstj. þóknast og fær ekki samþ. sínar ráðstafanir, allvaranlegar ráðstafanir, því að, eins og tekið er fram í þessu frv., sem hér liggur fyrir, þá geta þessar ráðstafanir gilt vertíðina út, og að því er virðist, þá gilda aðrar ráðstafanir í samræmi við þann kostnað, sem þarf til að halda útgerðinni gangandi allt árið, og eru þær upphæðir ekki smávægilegar, þar sem er um að ræða 30% söluskatt á alla aðflutta vöru, sem á að gilda fyrir allt árið. Ríkisstj. hefur það þannig í hendi sér samkv. þessum bráðabirgðaráðstöfunum, hvort hún lætur þessar ráðstafanir gilda áfram eða ekki. Eins og ég sagði í upphafi, þá er eðlilegast, þó að hæstv. forsrh. hafi lítils háttar minnzt á þetta frv., sem hér hefur verið lagt fram, að umr. um það sé frestað, þangað til málið liggur hér fyrir til meðferðar, því að þær umr. verða sjálfsagt mjög víðtækar. Ég vildi aðeins taka það fram hér, að þögnin er engan veginn sama og samþykki. Dómurinn um þann frest, sem orðið hefur á því, að ráðstafanir yrðu gerðar til að bjarga framleiðslunni, hlýtur að verða eftir því, hvernig ráðstafanirnar sjálfar dæmast, en í fljótu bragði virðist hér vera um að ræða upprentun á gömlu frv., með breyttum tölum, og lítið annað.

Á 43. fundi í Sþ., 3. maí, utan dagskrár, mælti

atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég sé hér í einu mjög virðulegu dagblaði, Alþýðublaðinu, að hv. þm. Ísaf. hefur veitzt að mér á þingfundi í gær fyrir að vera aldrei staddur á fundum í þinginu og beint fyrirspurn til hæstv. forseta, sem hann sagði, að beina hefði átt til sjútvmrh., en þar sem ekki væri sýnilegt, að sjútvmrh. gegndi embætti sínu, þá beindi hann henni til forseta. Ég er nú venjulega ekkert sérstaklega hörundssár maður, en mér finnast þessi ummæli ekki sanngjörn. Hv. þm. Ísaf. hefur síðan sagt, að þessi ummæli séu ekki alveg rétt eftir sér höfð, og trúi ég honum betur í þessu efni en blaðinu, en hv. þm. hefur sagt, að hann hafi látið þau orð falla, að ég sæist ekki á þingfundum, en þessum málum er svo háttað, að ráðh. er ekki skyldur til að mæta á fundum í þinginu fram yfir það, sem hann sjálfur kýs. Í öðru lagi vil ég taka það fram út af því, sem hann minntist á stofnlánadeildina, þá hef ég fjallað mikið um það mál og fór utan þeirra erinda, og var sú för með fullri blessun hv. þm. Ísaf., og held ég, að hann sem áhugamaður á þessu sviði hafi kunnað því betur, að sú för var farin, og mun ég bráðum láta frá mér fara skýrslu um förina og árangur hennar. Vil ég halda því fram, að sú för hafi verið árangursríkari og gagnlegri heldur en ef ég hefði setið hér á meira eða minna gagnslitlum umræðufundum. Ég hef rætt þessi mál við skrifstofustjóra ráðuneytisins og hef í hyggju að ræða á næstunni við skilanefndina. Ég tel því, að ég hafi unnið vel að þessum málum og eigi ekki skilið, að verið sé að hnýta í mig út af vanrækslu á þeim. Þá hefur núv. ríkisstj. haldið fundi um þessi mál. Ég tel, að ég ræki betur starf mitt með því að vera á

skrifstofu minni og ræða við menn varðandi þessi mál heldur en að sitja hér á fundum. Ég veit, að hv. þm. Ísaf. veit þetta og skilur, og ég veit, að honum er kunnugt frá þeim tíma, sem við störfuðum saman, að ég reyni eftir fremsta megni að sinna störfum þeim, sem mér er trúað fyrir. Ég hefði ekkert verið hissa, þó að slíkar aðdróttanir hefðu komið frá hv. þm. Ísaf. hér fyrr á árum, áður en við fórum að starfa saman, en ég undrast og hryggist yfir, að þetta skuli koma frá honum nú. — Ég skal svo fullvissa hv. þm. Ísaf., að ég hef fullan vilja á að draga fram hlut sjómanna eftir beztu getu, ekki sízt nú, þegar þeir hafa orðið fyrir svo miklum vonbrigðum vegna lækkunar á fiskverði, sem stafar þó ekki af gengislækkuninni, heldur af verðfalli á erlendum markaði.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég mundi hafa boðið hæstv. ráðh. velkominn hingað í þingið með handabandi, ef ekki væri svo langt á milli okkar. Það er mjög ánægjulegt að sjá hæstv. ráðh. hér og vita, að hann hefur orðið að svo miklu gagni, eins og hann hefur nú sagt. Ástæðan fyrir kvörtun minni var sú, að ég held, að síðan hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum, höfum við lítið séð hér í þinginu annað en landbúnaðarmál. Það hafa verið hér til afgreiðslu ekki færri en þrjú mikilvæg mál fyrir landbúnaðinn á sama tíma, sem mál, er varða sjávarútveginn, liggja hér óafgreidd, en ekki stafar þetta aðgerðaleysi í þessum málum af því, að þau liggi í sjútvn., því að engin slík mál eru nú þar, sem hún getur afgr. Fiskimálasjóður var hér til umr. í gær og hefur fengið meðmæli n., en málið er komið til 2. umr. án þess, að hæstv. ráðh. hafi verið þar viðstaddur eða látið í ljós álit sitt. Gert er ráð fyrir, að fiskimálasjóður verði nokkuð aukinn og nokkru fé verði úr honum varið í því skyni, sem honum var upphaflega ætlað að vinna að, en ekki verði öllu fénu varið til lánveitinga. En sjóðurinn hefur ekkert unnið að tilraunum með nýjar veiðiaðferðir og öflun nýrra markaða. Ég ásamt tveim hv. þm. úr *Sjálfstfl. stend að því, að frv. verði samþ.* óbreytt eins og það kom frá Ed. Ég kann því illa, að á meðan verið er að afgreiða landbúnaðarmál unnvörpum, þá liggi sjávarútvegsmál óafgreidd, og gat ég þess í gær við hæstv. forseta.

Þá er það frv. um breyt. á l. um stofnlánadeildina, sem var flutt af hæstv. fyrrv. ríkisstj. og hefur legið hjá fjhn. síðan skömmu eftir að þing var sett í haust, og skilanefndin hefur af þeim ástæðum verið starfslaus. Ég tel, að þessi dráttur muni vera samkvæmt beiðni hæstv. ríkisstj., og vona ég, að hæstv. ráðh. upplýsi það nú á eftir. Samkvæmt lögum, sem sett voru eftir síldarvertíðina, þá er síldarsjómönnum meinað að ná kaupi sínu með sjóveðsrétti og þar með tekinn af þeim réttur, sem þeim ber, og hefur Alþ. með þessu móti fyrirbyggt, að þeir gætu notfært sér þennan löghelga rétt sinn. Þegar við hv. þm. Borgf. vildum heimila 1½ millj. kr. til að aflétta þessu ranglæti gegn atkv. hæstv. sjútvmrh., þá er málið látið liggja mánuð eftir mánuð, og það er fyrst nú, sem ég heyri, að hæstv. ráðh. hafi áhuga á að leysa það. Nú er komið nærri nýrri síldarvertíð, og á annað hundrað skip bíða eftir afgreiðslu skilan., svo að afgreiða verður þessi mál strax. Og sökum hins mikla dugnaðar, sem hæstv. ráðh. hefur, þegar hann vill, undrast ég mjög, hve mál þetta hefur dregizt. Ég hreyfði þessum málum ekki af persónulegri óvild til hæstv. ráðh., en ég er fulltrúi útvegsbæjar, svo að ég veit, hve þörfin til að leysa þetta er brýn, og ég vona, að svo verði. Ég sé af ummælum hæstv. ráðh., að þetta mál mun nú bráðum leysast, enda ekki vanþörf á því eftir öll þau vonbrigði, sem bjargráðaráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafa valdið. Ég geri mér því beztu vonir, að úr þessu muni brátt rætast, úr því að hæstv. ráðh. hefur nú tekið rögg á sig og ætlar að fara að tala við skilanefndina.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Mér finnst mér skylt að segja nokkur orð út af ræðu hv. þm. Ísaf. Hann sagði, að það væri mér að kenna, að skilanefndin hefði ekki getað starfað, en ég hef aðeins setið nokkrar vikur í þessu embætti, og sá, sem sat í því á undan mér, er sá maður, sem lengst og bezt hefur unnið að þessum málum, en um skilanefndina er það að segja, að hún er búin að sitja lengi, og sennilega ræður hún ekki við verkefnið. Ég veit ekki heldur, hvort heppilegt hefði verið að vera búið að hafa skuldaskil, því að þá hefði nú þurft að hafa önnur skuldaskil. Ég veit, að hv. þm. Ísaf. vill mér vel, en það er hægt að hafa aðgang að mér á annan hátt en þann að halda um mig skammarræðu eða skrifa um mig í blöðin. Hv. þm. sagði, að landbúnaðarmálin hefðu verið mikið rædd nú að undanförnu, og er það eflaust rétt, en það er nú svo í pottinn búið, að ákveða þarf, hvað gera skuli viðvíkjandi þeim 15 millj. kr., sem útgerðarmönnum hafa verið veittar á undanförnum síldarleysisvertíðum. Þá eru ýmsar fjárveitingar í þessu skyni og auk þess svo 1½ millj. kr., sem ríkisstj. hefur heimild til að greiða til að leysa sjóveð samkv. l., sem samþ. voru um síðustu áramót, og hæstv. fjmrh. ætlar að taka upp á fjárl. Það er satt, að ég greiddi ekki atkv. með þessu og vildi ekki greiða atkv. með meiru en útgerðarmenn fóru fram á. Þetta nemur því allt um 19 millj. kr., og verður samið um þetta á næstunni. Það verður að athuga, hvort nauðsynlegt sé að stofna til skuldaskila eða hvort bezt sé að gefa þetta allt eftir. Og þykir mér illt að sitja undir ámælum frá hv. þm. Ísaf. af þessum ástæðum. Það er mikill vilji innan ríkisstj. að ráða fram úr þessu á sem beztan hátt, en það er ekki hægt að bera fram endanlegar till., nema athuga þetta allt vel. Ég varð var við það í blaði hv. þm. Ísaf., að það taldi, að ríkisstj. væri í þessum efnum undir utanaðkomandi áhrifum, en skiljanlegt er, að komast þurfi að samkomulagi við lánastofnanir, en þessu þingi mun ekki ljúka svo, að frá þessu verði ekki gengið. — Ég mun ekki ræða um fiskimálasjóðinn, enda mun hæstv. fjmrh. gera það, en ríkisstj. mun koma inn á það, sem hv. þm. Ísaf. ræddi hér. Ég vil svo þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæðina.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Út af því, hver hafi hafið umr., vil ég geta þess, að fyrirspurn

mín var borin fram í minni deild um mál, sem þar voru, en hæstv. ráðh. svarar þeim hér, þar sem þær voru ekki bornar fram. Ég held ekki, að hæstv. ráðh. hafi eins miklar áhyggjur út af þessu og hann sagði. Ég held, að þær 17½ millj., sem búið er að veita, svífi ekki allar í lausu lofti, þar sem nokkuð af því hefur verið tekið á fjárl., en nokkuð svífur enn í lausu lofti, og getur hæstv. ráðh. haft áhyggjur af því. Ég sé ekki, að Alþ. geti nema einu sinni svipt sjómenn sjóveðsréttinum án þess að bæta það. Nú er nærri liðið ár, og aðeins 1½ millj. hefur verið tekin til að bæta sjómönnum tapið, og munu nú sjómenn fara að efast um gildi sjóveða.

III. Afgreiðsla mála úr nefndum o. fl.

Á 11. fundi í Sþ., 19. des., utan dagskrár, mælti

Gísli Jónsson: Mér heyrðist hæstv. forseti vera að lýsa dagskrá Sþ. á morgun. En ég vildi eindregið mælast til þess, að þáltill. um ábyrgð ríkisins á láninu handa Flateyjarhreppi yrði tekin fyrir þá, úr því að það er eigi gert núna. Er það mál mjög áríðandi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vildi einnig eindregið mælast til þess, að 13. dagskrármálið, þáltill. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur, yrði líka tekið fyrir á morgun.

Forseti (StgrSt): Þetta verður athugað á morgun. En tími Sþ. verður takmarkaður, því að fjárl. eru til 1. umr. og deildafundir ákveðnir að loknum fundi í Sþ., svo að mjög er vafasamt, að tími verði til þess að taka fleira fyrir.

Á 89. fundi í Nd., 27. apríl, utan dagskrár, mælti

Áki Jakobsson: Herra forseti. 18. málið, sem lagt var fyrir Alþ., er frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. Þessu máli var vísað til sjútvn. þ. 25. nóv. 1949, þ. e. mjög snemma á þinginu. Hafði n. frv. til ýtarlegrar athugunar, og var það afgr. í n. 21. marz s. l., eins og bókað er í gerðabók hennar, þannig að þrír nm. voru á móti því, en 2 með. Við tveir nm. höfum samið og skilað nefndarálitum. Ég skilaði mínu, sem er á þskj. 526, 13. apríl s. l., og fulltrúi Alþfl. í n. skilaði nál. sínu 17. apríl, á þskj. 538. Nú er sýnt, þegar svo langur tími sem raun er á er liðinn frá afgreiðslu málsins í n., að meiri hl. hennar ætlar ekki að skila nál. Í sjálfu sér er það ekki óeðlilegt, því að þeir hv. nm. hafa þegar áður skilað nál., á Alþ. 1947, og mun afstaða þeirra vera óbreytt. Leyfi ég mér því að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki málið á dagskrá nú þegar eða a. m. k. sem allra fyrst, því að sýnt þykir, að nál. komi ekki fram frá hv. meiri hl. n. En hún er, eins og ég tók fram, búin að afgreiða málið.

Emil Jónsson: Mér þykir rétt að minna á annað mál, sem líkt er ástatt um, þ. e. frv. til l. um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Það var borið fram í upphafi þings og er, að því er ég ætla, 5. eða 6. mál þingsins. Því var vísað til iðnn. í nóvembermánuði s. l. og hefur nú verið þar í 5 mánuði til afgreiðslu. Nú hef ég átt sæti í n., og var það afgr. þaðan fyrir þrem vikum og þannig, að nm. voru sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. En nál. hefur gufað upp. Nm. höfðu ætlað að gera einhverjar breyt. á frv., en þær hafa ekki sézt. En af því að hér er um mikilsvert mál að ræða, þá vil ég eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að hann annaðhvort innti form. n. eftir því, að hann skilaði nál. og þeim brtt. frá einstökum nm., sem þeir kunna að gera, eða hann að öðrum kosti taki málið þegar á dagskrá, — því að vissulega er þetta óhæf afgreiðsla á máli.

Forseti (SB): Í tilefni af óskum tveggja hv. þdm., sem talað hafa utan dagskrár, vil ég geta þess, að málin hafa alls ekki verið tekin á dagskrá. Fyrra málið hefur ekki verið tekið á dagskrá vegna þess, að meiri hl. n. hefur ekki skilað áliti, og síðara málið af því, að um það mál hefur alls ekki komið fram nál. Nú er upplýst, að í raun og veru hafa bæði þessi mál hlotið afgreiðslu í n., og mun nú verða grennslazt um það, hvort ekki megi vænta nál. frá meiri hl. n. þessara, og verða málin þegar tekin á dagskrá, er slík álit liggja fyrir. Vitnist það, að ekki sé nál. að vænta frá einhverjum hluta n., munu þau engu síður verða tekin á dagskrá, þannig að frá hendi forseta liggja engar óskir fyrir um það að verða þessum málum til tafar.

Á 94. fundi í Nd., 2. maí, utan dagskrár, mælti

Finnur Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiða athygli hv. forseta að því, að það eru tvö mál, sem mjög snerta sjávarútveginn og hafa enn ekki fengið afgreiðslu í hv. þingdeild.

Fyrra málið er um fiskimálasjóð, 45. mál. Um það mál hefur verið skilað nál., og hefur það verið á dagskrá, en af einhverjum ástæðum hefur það horfið af dagskránni. Ég óska þess, að forseti taki þetta mál á dagskrá sem fyrst. — Það hefur verið sett á laggirnar nefnd, sem hefur það hlutverk með höndum að annast síldarleit. Nú vantar þessa nefnd peninga, því að það er búið að binda fiskimálasjóð í öðru. Ég tel mikilsvert, að hægt sé að halda síldarleitinni áfram, og því nauðsynlegt, að þetta mál fái afgreiðslu þingsins.

Hitt málið er stjfrv., 47. mál, og er um viðauka við og breyt. á l. nr. 100 29. des. 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna o. fl. — Þessi skilanefnd var skipuð fyrir 2 árum vegna síldarleysisins, en nú er nefndin algerlega verklaus, vegna þess að frv. hefur ekki verið afgreitt. Um 100 skip munu hafa leitað til skilanefndarinnar, en þau hafa ekki fengið nein svör, af því að málið hefur ekki hlotið afgreiðslu. — Ég vil benda á það, að nú stendur fyrir dyrum að gera út á síld í sumar, og er því

nauðsynlegt, að málið hljóti sem fyrst afgreiðslu, svo að skipin geti fengið svör.

Það mætti e. t. v. segja, að réttara hefði verið að beina þessari fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsmrh., en hann sést nú alls ekki, og hefur þingið ekki séð í neinu, að hann hafi tekið við þessu embætti. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. forseta og mælist til þess, að hann taki þessi mál sem fyrst á dagskrá.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Út af þessum orðum hv. þm. Ísaf. vil ég taka það fram, að það er skv. minni beiðni, að þessi mál hafa ekki verið tekin á dagskrá, því að ríkisstj. er að athuga, hversu mikið á að taka upp á fjárlög og að hve miklu leyti fé verður sett í fiskimálasjóð. Því er beðið með þetta mál eftir minni ósk.

Forseti (SB): Ég vil bæta því við í tilefni af upplýsingum hæstv. fjmrh., að 47. málið hefur verið afgr. hér við 1. umr. og því vísað til nefndar, en nál. er ekki komið enn.

Finnur Jónsson: Herra forseti. Mér er kunnugt um, að 47. málinu hefur verið vísað til nefndar, en mér er sagt, að utanaðkomandi öfl hafi tafið afgreiðslu þess. Það er vægast sagt óviðeigandi, að þinginu sé ekki gefið tækifæri til að afgreiða þessi mál, þótt menn utan þings óski eftir öðru. — Í sambandi við 45. málið vil ég geta þess, að það er komið frá Ed. og fékk þar afgreiðslu, og hér virðist það einnig geta náð samþykki með talsverðum meiri hluta. Ég vænti þess, að vald ráðherra sé ekki orðið svo mikið, að þeir geti komið í veg fyrir, að mál komi fyrir til afgreiðslu.

Ásgeir Ásgeirsson: Herra forseti. Ég vil geta þess vegna þessara umræðna, að Landsbanki Íslands hefur gert tillögur um breytingar á lögum um stofnlánadeildina, en á eftir að bera sig saman við hina nýju ríkisstjórn um þær, og síðan mun viðkomandi nefnd fá málið til afgreiðslu.

Forseti (SB): Þessum umræðum er lokið, og verður gengið til dagskrár.

Á 101. fundi í Nd., 15. maí, utan dagskrár, mælti

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég hef veitt því athygli, að enn er ekki komið á dagskrá frv. um ríkisborgararétt, sem komið var til 3. umr., og mig minnir, að enginn hafi verið á mælendaskrá. Ég leyfi mér að spyrja forseta, hvort ekki sé von til, að þetta mál komi á dagskrá.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég hef tekið eftir því, að frv. um fjárhagsráð o. fl., en við það höfðu verið bornar fram brtt., er ekki enn komið fram. Nú er þetta aðkallandi mál og æskilegt, að Alþingi fái að segja álit sitt um brtt. þessar.

Forseti (SB): Eins og hv. þingmenn vita, er Alþingi nú að ljúka störfum, og verða forsetar að hafa samstarf við hæstv. ríkisstjórn um framgang mála, og því þurfa hv. þingmenn ekki að furða sig á, þótt mál, sem skammt eru á veg komin, séu ekki tekin á dagskrá. Forseti er alls ekki að sýna einstökum málum né þingmönnum neina persónulega óvild með því að taka málin ekki á dagskrá, heldur er nú ekki annars kostur.

IV. Minning látinna fyrrv. þingmanna.

Á 11. fundi í Sþ., 19. des., utan dagskrár, mælti

forseti (StgrSt): Áður en þessum fundi lýkur, vil ég minnast fáum orðum látins fyrrverandi þingmanns, Ólafs Proppé, sem andaðist hér í bænum í dag, 63 ára að aldri.

Ólafur Proppé fæddist í Hafnarfirði 12. maí 1886, sonur Claus Eggerts Diedrichs Proppés, bakara þar, og konu hans, Helgu Jónsdóttur, bónda á Grjóteyri í Kjós, Jónssonar. Hann gekk í Flensborgarskóla og brautskráðist þaðan árið 1900, stundaði síðan verzlunarnám í Edinborg í Skotlandi, Reykjavík og Ólafsvík á árunum 1901—1906, gerðist síðan verzlunarstjóri á Sandi, gegndi því starfi til 1914, fluttist þá að Þingeyri í Dýrafirði og stýrði þar verzlun, sem hann var meðeigandi í, til 1920. Þá fluttist hann til Reykjavíkur og hafði þar á hendi forstjórastörf í sama firma. Um alllangt skeið var hann einn af framkvæmdarstjórum Sambands íslenzkra fiskframleiðenda. Vestur-Ísfirðingar kusu hann á þing 1919, og átti hann sæti á 4 þingum, 1920, 1921, 1922 og 1923. Um hríð var hann ræðismaður fyrir Mexico.

Ólafur Proppé var einkar vel látinn maður og stakt prúðmenni í allri framgöngu. Þeir, sem þekktu hann, lýsa honum svo, að hann hafi verið gæðamaður, sem öllum vildi greiða gera, mjög vel að sér í öllu, er laut að verzlunarmálum og viðskipta, greindur og tillögugóður og dugnaðarmaður í starfi, meðan hann naut sín, en hann var mjög farinn að heilsu hin síðari árin.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa merka manns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 23. fundi í Sþ., 7. febr., utan dagskrár, mælti

forseti (StgrSt): Háttv. alþm. Klukkan tíu í morgun andaðist að heimili sínu hér í bænum gagnmerkur maður og fyrrv. þingmaður, Jóhannes Jóhannesson fyrrum bæjarfógeti, 84 ára að aldri.

Jóhannes Jóhannesson fæddist 17. janúar 1866 í Hjarðarholti í Stafholtstungum, sonur Jóhannesar sýslumanns Guðmundssonar og konu hans, Marenar Lárusdóttur sýslumanns Thorarensens í Enni. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík 1886 og lagaprófi í Kaupmannahöfn 5 árum síðar, 1891. Að loknu því prófi gerðist hann aðstoðar-

maður í stjórnarráði Íslands í Kaupmannahöfn og gegndi því starfi í rúm þrjú ár. Næstu 3 ár þar á eftir var hann settur sýslumaður í Húnavatnssýslu, en 1897 var hann skipaður sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði og hafði það embætti á hendi í 21 ár. 1918 var honum veitt bæjarfógetaembættið í Reykjavík, og því embætti gegndi hann, þar til það var lagt niður frá árslokum 1928. Hann átti sæti á Alþingi sem þingmaður Norðmýlinga 1901—1913 og sem þingmaður Seyðfirðinga 1916—31 og var forseti sameinaðs Alþingis 1918—21 og 1924—26.

Auk þessa hafði hann á hendi fjölmörg trúnaðarstörf í þarfir alþjóðar. Hann var forseti amtráðs Austuramtsins 1904—07, átti sæti í samninganefnd við Dani 1907—08 og 1918, í dansk-íslenzkri ráðgjafarnefnd 1918—35, í bankaráði Landsbankans 1927—36 og mörg ár í orðunefnd. Hann var formaður undirbúningsnefndar alþingishátíðar 1930, kosinn 1926.

Með Jóhannesi bæjarfógeta er til moldar hniginn einn hinna minnisstæðustu embættismanna landsins. Öll hin umsvifamiklu störf, er hann hafði á hendi, rækti hann með röggsemi, var greiður og reglusamur í embættisrekstri, glöggskyggn á kjarna hvers máls og mannúðlegur við alþýðu manna. Var sérstaklega orð á því gert, hve góður dómari hann þótti og réttlátur. Á Alþingi lét hann ekki mjög til sín taka sem ræðumaður í þingsal, en var hins vegar drjúgvirkur og tillögugóður í þingnefndum. Hann var hverjum manni fríðari og glæsilegri, prúður og háttvís í framgöngu og gat sér því hvarvetna miklar vinsældir.

Ég vil biðja hv. þingmenn að votta minningu þessa sæmdarmanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta fyrir þessi fallegu orð og hv. þingmönnum undirtektir þeirra.

V. Slysfarir á sjó — minning.

Á 24. fundi í Nd., 9. jan., utan dagskrár, mælti

forseti (SB): Enn hefur stórt skarð verið höggvið í raðir íslenzkrar sjómannastéttar. S. l. laugardag fórst vélskipið Helgi frá Vestmannaeyjum utan við mynni heimahafnar sinnar. Með honum fórst skipshöfn hans öll, 7 vaskir menn, og 3 farþegar, samtals 10 menn. Með þessu hörmulega slysi er ekki aðeins sár harmur kveðinn að Vestmannaeyingum, sem horfðu á atburðinn gerast við bæjarvegg sinn, öll hin íslenzka þjóð tregar hina látnu sjómenn og vottar ástvinum þeirra og byggðarlagi einlæga samhryggð sína.

Drottinn gefi dánum ró,
hinum líkn, er lifa.

Vér vottum hinum látnu sjómönnum og öðrum, er þarna létu lífið, virðingu vora. Ég vil biðja háttv. alþingismenn að láta í ljós virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 22. fundi í Sþ., 1. febr., samkv. dagskrá, mælti

forseti (StgrSt): Nú er skammt voveiflegra tíðinda og stórra högga milli. Fyrir rúmum þremur vikum, eða 7. janúar, fórst vélbáturinn Helgi við hafnarmynni Vestmannaeyja með allri áhöfn — 10 vöskum mönnum. — Síðastliðið sunnudagskvöld varð annað stórslys alllangt út af Vestmannaeyjum, þegar botnvörpungurinn Vörður frá Patreksfirði fórst í rúmsjó á leið til Englands með fiskfarm. Af áhöfn Varðar — 19 manns — var 14 bjargað af botnvörpungnum Bjarna Ólafssyni. Mun þar hafa verið unnið eitthvert mesta björgunarafrek á sjó, — en 5 af skipverjum drukknuðu. Slík tíðindi vekja alltaf sorg og söknuð í brjósti allra Íslendinga. Hér fórust 5 úrvalsmenn úr hinni djörfu og dáðríku sjómannastétt þjóðar vorrar, menn, er voru að gegna skyldustörfum fyrir ættjörð sína. — Fjórir af þessum ágætu sonum þjóðarinnar voru frá Patreksfirði og einn úr næstu sveit við Patreksfjörð. Tapið er því mest og sárast fyrir þessi byggðarlög á allan hátt. Vér sendum þessum sveitum og öllum íbúum þeirra hlýjar hluttekningarkveðjur. Öllum aðstandendum hinna föllnu sjómanna vottum vér dýpstu samúð. Þótt ekkert geti bætt þeim harm þeirra og tap, er þó ávallt huggun að vita, að ástvinirnir hafa fallið sem hetjur og hafa staðið á verði til hinztu stundar fyrir land sitt og þjóð.

Ég bið alla háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum og með því heiðra minningu hinna látnu sjómanna — um leið og vér vottum öllum, sem hlut eiga að máli, dýpstu samúð vora og hluttekningu. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 31. fundi í Sþ., 8. marz, samkv. dagskrá, mælti

forseti (StgrSt): Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin. Enn hefur Ægir lagt að velli flokk íslenzkra sjómanna, — sjómenn, er voru að gegna skyldustörfum fyrir land sitt og þjóð. Í vestanfárviðri því, sem geisaði um síðustu helgi, fórst vélbáturinn Jón Magnússon frá Hafnarfirði með 6 manna áhöfn. Í sama ofviðri tók mann út af vélbátnum Fylki frá Akranesi. Hér hafa því fallið í valinn fyrir hamförum náttúrunnar sjö vaskir úrvalssjómenn á bezta aldri, menn, sem voru að vinna að einhverjum allra mikilvægustu störfum þjóðfélagsins. — Slíkt er mikil blóðtaka fyrir fámenna þjóð og vekur harm og söknuð í huga hvers manns.

Mestur missir og sárastur söknuður er kveðinn að nánustu aðstandendum. Vér flytjum þeim öllum alúðarfyllstu hluttekningarkveðjur, jafnframt því sem vér þökkum hinum föllnu hetjum störf þeirra.

Má ég biðja háttvirta alþingismenn að rísa úr sætum í virðingar- og þakklætisskyni við hina látnu sjómenn. — [Þingmenn risu úr sætum.]

VI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (StgrSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. 2. des., frá hæstv. forseta Ed.:

„Hannibal Valdimarsson, 6. landsk. þm., hefur í dag skrifað mér á þessa leið:

„Ég leyfi mér hér með að sækja um leyfi frá þingstörfum fyrst um sinn. Ástæðan er sú, að mér hefur enn eigi tekizt að ráðstafa á fullnægjandi hátt skólastjórastarfi mínu við Gagnfræðaskólann á Ísafirði. Ég tel rétt, að varamaður verði kallaður til starfa í minn stað, meðan ég verð fjarverandi."

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra forseti, leyfi ég mér að óska þess, að á næsta fundi í sameinuðu þingi verði rannsakað kjörbréf þessa varaþingmanns, Guðmundar Í. Guðmundssonar."

Þá hefur mér borizt annað bréf, dags. 5. þ. m., frá Guðmundi Í. Guðmundssyni, svo hljóðandi:

„Í tilefni af því, að hv. alþingismaður Hannibal Valdimarsson hefur horfið af þingi um stund, vil ég sem fyrsti varamaður Alþýðuflokksins tjá yður, hr. forseti, að sökum mikilla embættisanna um þessar mundir get ég ekki fyrirvaralaust tekið sæti Hannibals á þingi fram að næstu áramótum. Óska ég eftir, að annar varamaður Alþýðuflokksins, hr. Erlendur Þorsteinsson, taki sæti Hannibals til áramóta, verði hann ekki kominn aftur fyrir þann tíma."

Hér liggur fyrir kjörbréf Erlends Þorsteinssonar, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar, og mun ég fresta fundi um 3—4 mínútur, á meðan n. ber saman ráð sín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Kjörbréfan. hefur athugað kjörbréf Erlends Þorsteinssonar og telur engan vafa á því leika, að hann er annar varauppbótarmaður Alþýðuflokksins. Einnig hefur n. athugað bréf frá Guðm. Í. Guðmundssyni, þar sem hann kveðst ekki treysta sér til að taka sæti Hannibals Valdimarssonar, og enda þótt hér liggi ekki fyrir kjörbréf hans, þá mun hann efalaust vera fyrsti varamaður flokksins, og leggur n. það til ágreiningslaust, að Erlendur Þorsteinsson taki sæti Hannibals Valdimarssonar, þar sem ekkert hefur þótt athugavert við kjörbréf hans.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (StgrSt): Ég vil leyfa mér að bjóða Erlend Þorsteinsson velkominn til þings.

Á 13. fundi í Sþ., 4. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (StgrSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd., dags. í dag:

„Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., hefur í dag sent forseta neðri deildar svo látandi símskeyti:

„Get ekki sótt þingfundi næstu vikur vegna óvenjulegra anna. Óska, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna, að varamaður, Magnús Kjartansson, taki sæti mitt á þingi meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að rannsakað verði á fundi sameinaðs þings í dag og borið upp til samþykktar kjörbréf varamanns þess, er í skeytinu greinir.

Finnur Jónsson."

Varaþingmaðurinn, sem í skeytinu getur, er hér viðstaddur, og enn fremur er til fundar kominn hv. 2. þm. Árn., Eiríkur Einarsson, sem ekki hefur setið á þessu þingi hingað til, svo sem kunnugt er, vegna veikinda. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf beggja þessara hv. þm., og tekur nú hv. frsm. nefndarinnar til máls.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Kjörbréfanefnd hefur á fundi sínum í dag athugað kjörbréf Eiríks Einarssonar, 2. þm. Árn., og Magnúsar Kjartanssonar ritstjóra, sem er 1. varamaður Sameiningarflokks alþýðu, sósíalistaflokksins, og hefur samþ. það einróma, að kjörbréf þeirra verði tekin gild.

ATKVGR.
Kjörbréfin samþ. með 28 shlj. atkv.

Forseti (StgrSt): Ég vil nú leyfa mér að bjóða báða þessa hv. þm. velkomna til starfa, en sérstaklega er gleðilegt að sjá hér aftur hv. 2. þm. Árn., sem er nýstaðinn upp úr þungri legu.

Þá þarf sá hv. þm., sem er 2. landsk. varaþm. og ekki hefur áður átt sæti á Alþingi, að undirrita drengskaparheit, og fer það nú fram. — [Magnús Kjartansson undirritar drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

Þá hefur hv. 2. landsk. varaþm. undirritað drengskaparheit sitt.

Á 15. fundi í Sþ., 10. jan., var tekin til meðferðar *rannsókn kjörbréfs.*

Forseti (StgrSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta efri deildar:

„Erlendur Þorsteinsson, 6. landsk. (vara)þm., hefur í dag skrifað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í erindum ríkisstj. og get því ekki sótt þingfundi næstu vikur, óska ég eftir, með skírskotun til 144. gr. kosningal., að fyrsti varamaður Alþfl., Guðmundur Í. Guðmundsson, taki í minn stað þingsæti aðalmanns flokksins, Hannibals Valdimarssonar, í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að boðað verði sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi og borið upp til samþykktar kjörbréf varamanns þess, er í bréfinu greinir."

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfan. kom saman á fund áðan til að athuga kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar. Var meiri hl. hennar mættur, og hafði hún ekkert við að athuga það kjörbréf, og leggur því

samhljóða til, að það verði tekið gilt, að Guðmundur Í. Guðmundsson, sem er fyrsti varamaður Alþfl., taki sæti Hannibals Valdimarssonar, 6. landsk., þar sem 2. varamaður Alþfl. hefur nú vikið af þingi. Mælir því n. eindregið með því, að kjörbréf Guðmundar Í. Guðmundssonar verði tekið gilt og hann taki nú sæti hér á Alþ.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 36 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 16. marz, var tekin til meðferðar *rannsókn kjörbréfs.*

Forseti (ÞÞ): Mér hefur borizt svolátandi bréf frá hæstv. forseta Ed.:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Páli Zóphóníassyni, 1. þm. N-M.:

„Með því að ákveðið er, að ég mæti á bændanámskeiðum í Skaftafells- og Múlasýslum næstu vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að 2. varamaður minn, Sigurður Vilhjálmsson (1. varamaður, Þorsteinn Sigfússon, er forfallaður), taki sæti í minn stað á Alþingi, meðan ég verð fjarvistum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns.

Bernharð Stefánsson.

Forseti sameinaðs Alþingis."

Kjörbréfan. hefur athugað þetta mál, og tekur frsm. hennar til máls.

Frsm. (Rannveig Þorsteinsdóttir): Kjörbréfan. hefur athugað kjörbréf Sigurðar Vilhjálmssonar og hefur ekkert við kjörbréfið að athuga. Að vísu liggur ekki fyrir nein yfirlýsing frá 1. varamanni um forföll hans, önnur en sú, sem fram kemur í bréfi hv. þm. til forseta efri deildar, en n. ákvað að líta á slíkt sem fullnægjandi yfirlýsingu í málinu og leggur því til, að kjörbréf Sigurðar Vilhjálmssonar verði samþykkt.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 31 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 75. fundi í Nd., 27. marz, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (SB): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 2. landsk. þm., Lúðvík Jósefssyni, dags. 24. þ. m.:

„Með því að ég get ekki gegnt þingstörfum næstu vikur sökum anna heima fyrir, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður minn, Magnús Kjartansson ritstjóri, taki sæti í minn stað á Alþingi meðan ég verð fjarvistum."

Samkv. þessari ósk tekur varamaður sá, er í bréfinu greinir, sæti 2. landsk. þm.

Á 46. fundi í Sþ., 9. maí, var tekin til meðferðar *rannsókn kjörbréfs.*

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd., Sigurði Bjarnasyni:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Gunnari Thoroddsen, 7. þm. Reykv.:

„Með því að ég er á förum til útlanda á vegum bæjarstjórnar Reykjavíkur og verð fjarverandi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Ólafur Björnsson prófessor, taki sæti mitt á Alþingi meðan ég verð fjarvistum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér boðið sem skjótast til fundar í sameinuðu þingi til þess að rannsaka og bera upp til samþykktar kjörbréf varamanns."

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfan. hefur á fundi sínum nú athugað kjörbréf prof. Ólafs Björnssonar og hefur ekkert við það að athuga, og allir fjórir nefndarmenn, sem mættir voru, lýstu sig því samþykka, að hann taki nú sæti á Alþingi í stað hv. 7. þm. Reykv., og leggur n. til við Alþingi, að það samþykki þessa breytingu og próf. Ólafur Björnsson taki nú um skeið sæti 7. þm. Reykv., Gunnars Thoroddsens.

ATKVGR.
Kjörbréfið samþ. með 36 shlj. atkv.

Að lokinni atkvgr. undirritaði hinn nýi þm. drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins, og bauð forseti hann velkominn í hóp þingmanna.

VII. Kosningar.

1. Menntamálaráð.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin á dagskrá *kosning menntamálaráðs, fimm manna, til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 7 12. apríl 1928, um menntamálaráð Íslands.*

Forseti tók málið af dagskrá, og enn var það af dagskrá tekið á 4., 5. og 6. fundi, 24., 28. og 30. nóv.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Valtýr Stefánsson, Vilhjálmur Þ. Gíslason, Barði Guðmundsson; á B-lista Pálmi Hannesson, Gísli Guðmundsson; á C-lista Magnús Kjartansson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi

9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Valtýr Stefánsson, ritstjóri,
Pálmi Hannesson, rektor,
Vilhjálmur Þ. Gíslason, skólastjóri,
Magnús Kjartansson, ritstjóri,
Barði Guðmundsson, þjóðskjalavörður.

2. Landskjörstjórn.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin á dagskrá *kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.*

Forseti tók málið af dagskrá. Svo fór og á 4., 5. og 6. fundi, 24., 28. og 30. nóv.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Ásbjörnsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Vilmundur Jónsson; á B-lista Bergur Jónsson, Sigtryggur Klemenzson; á C-lista Ragnar Ólafsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Ásbjörnsson, hæstaréttardómari,
Bergur Jónsson, héraðsdómslögmaður,
Þorsteinn Þorsteinsson, hagstofustjóri,
Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður,
Vilmundur Jónsson, landlæknir.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B, C, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Eggert Claessen, hæstaréttarlögmaður (A),
Sigtryggur Klemenzson, lögfræðingur (B),
Einar B. Guðmundsson, hæstaréttarlm. (A),
Steinþór Guðmundsson, kennari (C),
Einar Arnalds, borgardómari (A).

3. Útvarpsráð.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin á dagskrá *kosning útvarpsráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 18. marz 1943.*

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 4., 5. og 6. fundi, 24., 28. og 30. nóv.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Magnús Jónsson prófessor, Sigurður Bjarnason, Stefán Pétursson; á B-lista Ólafur Jóhannesson, Gísli Guðmundsson; á C-lista Kristinn E. Andrésson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Magnús Jónsson, prófessor,
Ólafur Jóhannesson, prófessor,
Sigurður Bjarnason, alþm.,
Kristinn E. Andrésson, magister,
Stefán Pétursson, ritstjóri.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B, C, og voru á þeim samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Jóhann Hafstein, alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri (B),
Magnús Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi (A),
Sverrir Kristjánsson, sagnfræðingur (C),
Guðjón Guðjónsson, skólastjóri (A).

4. Tryggingaráð.

Á 3. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin á dagskrá *kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, samkv. 6. gr. l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar.*

Forseti tók málið af dagskrá, og á sömu leið fór á 4., 5. og 6. fundi, 24., 28. og 30. nóv.

Á 7. fundi í Sþ., 5. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Brynjólfur Stefánsson, Gunnar Möller, Kjartan Ólafsson; á B-lista Helgi Jónasson, Rannveig Þorsteinsdóttir; á C-lista Sigfús Sigurhjartarson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því hlutu kosningu:

Brynjólfur Stefánsson, framkvæmdastjóri,
Helgi Jónasson, alþm.,
Gunnar Möller, hæstaréttarlögmaður,
Sigfús Sigurhjartarson, bæjarfulltrúi,
Kjartan Ólafsson, bæjarfulltrúi.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B, C, er á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ásgeir Þorsteinsson, verkfræðingur (A),
Rannveig Þorsteinsdóttir, alþm. (B),
Ágúst Bjarnason, skrifstofustjóri (A),
Brynjólfur Bjarnason, alþm. (C),
Stefán Jóh. Stefánsson, fyrrv. forsrh. (A).

5. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á 11. fundi í Sþ., 19. des., var tekin til meðferðar

kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv. 3. gr. í reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt. 1912.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var Þórður Eyjólfsson; á B-lista Þorkell Jóhannesson; á C-lista Matthías Þórðarson, Þórður Eyjólfsson. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Matthías Þórðarson, fyrrv. þjóðminjavörður,
Þorkell Jóhannesson, prófessor,
Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari.

6. Framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands, til 6 ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1955.

Kosningu hlaut

Vilhjálmur Briem, framkvæmdastjóri,

með 38 atkv., en 14 seðlar voru auðir.

7. Stjórn og endurskoðendur byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning stjórnar byggingarsjóðs, fimm manna, og tveggja endurskoðenda reikninga sjóðsins, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1953, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. og 9. gr. l. nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.*

Við kosningu sjóðsstjórnar komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Maríasson, Sveinbjörn Hannesson, Stefán Jóh. Stefánsson; á B-lista Eysteinn Jónsson, Björn Guðmundsson; á C-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Maríasson, bankastjóri,
Eysteinn Jónsson, fyrrv. menntmrh.,
Sveinbjörn Hannesson, verkstjóri,
Áki Jakobsson, alþm.,
Stefán Jóh. Stefánsson, fyrrv. forsrh.

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar, A og B, með einu nafni á hvorum. Kosning fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Björn Björnsson, doktor (A),
Gísli Guðmundsson, alþm. (B).

8. Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1952, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 1 5. jan. 1938 og l. nr. 43 19. maí s. á.*

Við kosningu sjóðsstjórnarinnar komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Maríasson, Sveinbjörn Hannesson, Stefán Jóh. Stefánsson; á B-lista Eysteinn Jónsson, Björn Guðmundsson; á C-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 1 atkv., C-listi 9 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Sveinn Benediktsson, framkvæmdastjóri,
Eysteinn Jónsson, fyrrv. menntmrh.,
Sigurður Ágústsson, alþm.,
Þóroddur Guðmundsson, bæjarfulltrúi,
Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri.

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B, C, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir:

Júlíus Havsteen, sýslumaður (A),
Jón Kjartansson, framkvæmdastjóri (B),
Jón Þórðarson, framkvæmdastjóri (A),
Tryggvi Helgason, útgerðarmaður (C),
Finnur Jónsson, alþm. (A).

9. Eftirlitsmenn með opinberum sjóðum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja eftirlitsmanna með opinberum sjóðum, til 5 ára, frá 1. jan. 1950 til 31 des. 1954, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 111 9. okt. 1941.*

Fram komu tveir listar, A og B, með samtals nöfnum þriggja manna. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Þorsteinn Þorsteinsson, alþm. (A),
Andrés Eyjólfsson, óðalsbóndi (B),
Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm. (A).

10. Síldarútvegsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning síldarútvegsnefndar, þriggja manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1952, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.*

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Þórðarson, Erlendur Þorsteinsson; á B-lista Björn Kristjánsson; á C-lista Áki Jakobsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Þórðarson, framkvæmdastjóri,
Björn Kristjánsson, kaupfélagsstjóri,
Erlendur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Óli Hertervig, bakari (A),
Þorsteinn M. Jónsson, skólastjóri (B),
Birgir Finnsson, framkvæmdastjóri (A).

11. Raforkuráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning raforkuráðs, fimm manna, til fjögurra ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1953, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 50. gr. raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.*

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Steingrímur Jónsson, Ingólfur Jónsson, Axel Kristjánsson; á B-lista Daníel Ágústínusson, Bjarni Ásgeirsson; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því hlutu kosningu:

Steingrímur Jónsson, rafmagnsstjóri,
Daníel Ágústínusson, fulltrúi,
Ingólfur Jónsson, alþm.,
Einar Olgeirsson, alþm.,
Axel Kristjánsson, framkvæmdastjóri.

12. Stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og endurskoðendur.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1953, samkv. 4. og 13. gr. l. nr. 25 23. apríl 1946.*

Við kosningu hafnarstjórnarinnar komu fram þrír listar. Á A-lista voru Alfreð Gíslason, Þórhallur Vilhjálmsson; á B-lista Danival Danivalsson; á C-lista Sigurbjörn Ketilsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Alfreð Gíslason, bæjarfógeti,
Danival Danivalsson, kaupmaður,
Þórhallur Vilhjálmsson, skipstjóri.

Við kosningu endurskoðenda komu fram tveir listar, A og B, með einu nafni á hvorum. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Guðmundur Guðmundsson, forstjóri (A),
Valtýr Guðjónsson, forstjóri (B).

13. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landsbankanefnd, allra til 6 ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1955, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 34. gr. l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Bjarni Snæbjörnsson, Jóhann G. Möller, Guðmundur R. Oddsson; á B-lista Eysteinn Jónsson, Þórarinn Þórarinsson; á C-lista Einar Olgeirsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:
Bjarni Snæbjörnsson, læknir,
Eysteinn Jónsson, fyrrv. menntmrh.,
Jóhann G. Möller, forstjóri,
Einar Olgeirsson, alþm.,
Guðmundur R. Oddsson, forstjóri.
Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, A, B, C, er á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:
Gísli Jónsson, alþm. (A),
Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri (B),
Ingólfur Jónsson, alþm. (A),
Ísleifur Högnason, forstjóri (C),
Björn Jóhannesson, bæjarfulltrúi (A).

14. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 17. fundi í Ed., s. d., var tekin til meðferðar
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1953, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888.

Kosningu hlaut
Garðar Jónsson, ritari,
með 12 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

15. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var tekin til meðferðar
kosning tveggja manna í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum til 6 ára, frá 1. jan. 1950 til 31. des. 1955.

Fram komu tillögur um tvo menn, og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:
Jón Gauti Pétursson, bóndi,
Sigurður Jónsson, verkfræðingur.

16. Forseti Sþ.

Á 36. fundi í Sþ., 22. marz, var tekin til meðferðar
kosning forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut
Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,
með 24 atkv. — Þorsteinn Þorsteinsson fékk 1 atkv., en 18 seðlar voru auðir.

17. Stjórn áburðarverksmiðju.

Á 37. fundi í Sþ., 29. marz, var tekin til meðferðar
kosning eins manns í stjórn áburðarverksmiðju til ársloka 1952, sbr. 4. gr. og bráðabirgðaákvæði l. nr. 40 23. maí 1949, í stað Steingríms Steinþórssonar forsætisráðherra.

Samkv. þeirri einu uppástungu, sem fram kom, lýsti forseti yfir því, að kosinn væri án atkvgr.:
Bjarni Ásgeirsson, alþm.

18. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var tekin á dagskrá
kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1949, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Sþ., 16. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu fjórir listar. Á A-lista var Sigurjón Á. Ólafsson; á B-lista Jörundur Brynjólfsson; á C-lista Ásmundur Sigurðsson; á D-lista Jón Pálmason. — A-listi hlaut 11 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 9 atkv., D-listi 14 atkv. Forseti lýsti yfir því, að kosnir væru:
Jón Pálmason, alþm.,
Jörundur Brynjólfsson, alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson, fyrrv. alþm.

19. Þingvallanefnd.

Á 47. fundi í Sþ., 10. maí, var tekin á dagskrá
kosning Þingvallanefndar (þriggja alþingismanna) til loka næsta þings eftir nýafstaðnar kosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Sþ., 16. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu fjórir listar. Á A-lista var Haraldur Guðmundsson; á B-lista Hermann Jónasson; á C-lista Brynjólfur Bjarnason; á D-lista Gísli Jónsson. — A-listi hlaut 10 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 9 atkv., D-listi 15 atkv. Lýsti forseti yfir því, að samkv. þessu væru kosnir alþingismennirnir:
Gísli Jónsson,
Hermann Jónasson,
Haraldur Guðmundsson.

20. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning fjögurra manna nefndar samkv. 15. gr. A. IX í fjárlögum fyrir árið 1950 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Fram komu fjórir listar, A, B, C, D, með einu nafni á hverjum. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, fór kosningin fram án atkvgr., og lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir:
Þorsteinn Þorsteinsson, alþm. (D).

Þorkell Jóhannesson, prófessor (B),
Sigurður Guðmundsson, ritstjóri (C),
Ingimar Jónsson, skólastjóri, (A).

21. Fulltrúar á þing Evrópuráðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja fulltrúa til þess að sitja fyrir Íslands hönd ráðgjafarþing Evrópuráðsins, er kemur saman í Strassbourg í ágústmánuði næstkomandi, samkv. þál. 10. maí 1950 um það efni.*

Fram komu tillögur um þrjá fulltrúa, eða jafnmarga og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:
Hermann Jónasson, ráðh.,
Jóhann Jósefsson, alþm.,
Stefán Jóh. Stefánsson, alþm.

VIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Erna Stefánsdóttir, Snæbjörn Jóhannsson, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Petrína Jónsdóttir, Guðrún Egilson.

Innanþingsskriftir:
Teknir strax: Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Helgi Tryggvason, Haraldur Matthíasson, Ólafur Siggeirsson, Kristrún Guðmundsdóttir, Þorsteinn Valdimarsson, Róbert Bjarnason, Gísli Jónsson, Baldur Jónsson, Sölvi Blöndal.
Teknir síðar eftir þörfum: Emil Björnsson, Þórður Jónsson, Sveinn Snorrason, Indriði Pálsson, Halldór Ó. Jónsson, Ólafur Jónsson.
Emil Björnsson hvarf frá starfi í febrúarlok, og var í hans stað ráðinn ½: Gunnar Finnbogason.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Einar Blandon, Magnús Guðmundsson, Þorlákur Haldorsen, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þórður Jónsson, Guðmundur Davíðsson, Guðmundur Arnar Guðmundsson.

Þingsveinsstörf:
Guðni Arnberg Þorsteinsson, Ingimar Karlsson, Guðmundur A. B. Guðmundsson, Daníel Stefánsson, Rafn Kjartansson.
4. marz voru ráðnir Jakob Möller og Skúli Pálmason til að gegna til skiptis störfum Rafns Kjartanssonar, sem slasazt hafði í sendiferð.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Halldóra B. Björnsson, Ólafur Marinósson.

Fatavarzla:
Vigdís Torfadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Kristín Ingileifsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

IX. Þinghlé.

Á 12. fundi í Sþ., 20. des., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (StgrSt): Hv. alþingismenn. Utanbæjarþingmenn hafa mjög eindregið óskað eftir því við forseta, að hlé verði á fundum Alþingis um jólin, eins og venja hefur verið. Forsetar sneru sér til hæstv. forsrh. og tjáðu honum, að þeir hefðu löngun til þess að verða við þessum óskum, ef ríkisstj. teldi ekki þörf vera á, að þingið héldi áfram störfum yfir hátíðirnar. Ríkisstj. kvaðst fyrir sitt leyti ekki óska eftir því, að fundir yrðu haldnir í Alþingi milli jóla og nýárs, þar sem hún gerði ekki ráð fyrir, að tillögur í aðkallandi vandamálum yrðu tilbúnar til þess að leggjast fyrir Alþingi fyrr en upp úr áramótum. Þess vegna er ákveðið, að þinghlé, sem væntanlega verður gefið, er lokið er störfum í deildum Alþingis í kvöld eða nótt, verði til 4. jan. 1950.
Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 4. jan. 1950, en verður að öðru leyti boðaður með dagskrá.
Ég vil leyfa mér að óska hv. utanbæjarþingmönnum, sem nú halda heim til átthaga sinna og ástmenna, góðrar heimfarar og góðrar heimkomu. — Alþingismönnum öllum óska ég gleðilegra jóla og nýárs. Þá vil ég óska þess og vona, að við hittumst öll heil til starfa, þegar fundir hefjast hér á nýju ári.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd allra alþingismanna að þakka hæstv. forseta góðar óskir í garð þm., og vil ég fyrir hönd þeirra óska honum gleðilegra jóla og góðs árs. Tökum allir undir þær óskir, að við megum hittast heilir til nytsamlegra starfa á nýju ári, og vil ég biðja hv. þm. að standa á fætur til að taka undir þær óskir. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (StgrSt): Ég vil þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í minn garð og endurtek mínar fyrri.

Á 24. fundi í Ed., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Háttv. þingdeildarmenn. Þar sem nú er ákveðið þinghlé fram yfir hátíðir, vil ég óska þeim ykkar, sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar ferðar og góðrar heimkomu og yður öllum gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs.

Atvmrh. (Jóhann Jósefsson): Ég þakka hæstv. forseta fyrir hinar góðu óskir hans og vinsamleg orð til okkar þdm. Vil ég leyfa mér fyrir hönd allra þdm. að óska honum sjálfum alls góðs og húsi hans og gleðilegra jóla, og óska ég, að við allir hittumst heilir til starfa að liðnum hátíðum. Ég vil biðja hv. þdm. að standa upp, hæstv. forseta til heiðurs og þessu til samþykkis. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hæstv. ráðh. góðar óskir, endurtek mínar til hv. þdm. og segi síðan þessum fundi slitið.

Á 21. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Væntanlega verður þetta síðasti fundur d. fyrir jól. Þó er varlegra fyrir hv. þm. að vera nærstadda, þar sem Ed. getur gert breyt., er gera það nauðsynlegt að kalla saman annan fund.

Dagskrá þessa fundar er þrotin. Ég vil árna utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og afturkomu og óska öllum þm. gleðilegra jóla og nýárs.

Eysteinn Jónsson: Ég vil þakka hæstv. forseta þessar óskir í garð þm. og leyfa mér að flytja honum árnaðaróskir. Ég óska honum góðrar heimkomu, gleðilegra jóla og góðs nýárs. Ég vil biðja hv. þm. að rísa úr sætum sínum til þess að staðfesta þessar árnaðaróskir. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka þessar árnaðaróskir hv. 1. þm. S-M. og vil endurtaka óskir mínar til hans og annarra hv. þm. um gleðileg jól og gott nýár.

Á 13. fundi í Sþ., 4. jan., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (StgrSt): Ég vil leyfa mér að bjóða háttv. alþingismenn velkomna til starfa á ný eftir jólahlé, og einnig vil ég geta þess, að margir utanbæjarþingmenn hafa tjáð mér, að þeir væru nú á leið til þings, og munu þeir flestir geta mætt hér næstu daga.

Á 25. fundi í Ed., 10. jan., mælti

forseti (BSt): Áður en gengið er til dagskrár vil ég leyfa mér að bjóða hv. dm. velkomna og óska þeim gleðilegs árs og þakka þeim fyrir ánægjulegt samstarf á liðna árinu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Ég vil fyrir hönd dm. þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans dm. til handa og óska honum allra heilla um leið og við þökkum honum gott samstarf. Vil ég biðja hv. dm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 80. fundi í Nd., 31. marz, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þar sem nú er gert ráð fyrir að veita þinghlé til 12. apríl, vil ég leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar, og sömuleiðis vil ég óska þeim utanbæjarþm., sem heim fara, góðrar heimferðar og góðrar endurkomu til þings aftur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka forseta góðar óskir, og ég veit, að ég mæli fyrir hönd allra þingdeildarmanna, þegar ég óska honum hér með gleðilegrar páskahátíðar og góðrar ferðar, ef hann skyldi fara úr bænum yfir hátíðina, og vil vænta þess, að við hittumst heilir að hátíð lokinni. Ég vil biðja hv. þdm. að rísa úr sætum sínum til að taka undir þessar óskir mínar til forseta. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (SB): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir hlýjar óskir í minn garð, svo og öllum þdm. fyrir góðar undirtektir.

X. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 111. fundi í Ed., 16. maí, mælti

forseti (BSt): Dagskrá þessa fundar er lokið, en ég geri ráð fyrir, að enn þurfi að halda fund í deildinni, og er hann hér með boðaður að loknum fundi í Nd. í kvöld, en þar sem hugsanlegt er, að verkefni þess fundar verði lítið eða ekki neitt, en slíkt sést ekki fyrir fram, þá vil ég nota tækifærið til að ganga frá afbrigðum. Ég fer því fram á að fá umboð deildarinnar til að ég og skrifarar gangi frá síðustu bókunum fundargerða í deildinni, sem ekki hafa verið staðfestar enn, og þessa fundar, sem nú er haldinn, og þess fundar, sem væntanlega verður haldinn síðar í kvöld. Og skoða ég það samþ., ef enginn mælir því í mót. — Ég vil svo nota tækifærið til að þakka hv. deildarmönnum fyrir ágæta samvinnu á þessu langa þingi, og hygg ég, að aldrei áður hafi verið haldnir svo margir fundir í þessari hv. deild á einu þingi, en allan þann tíma hefur samvinna deildarmanna við mig verið hin ánægjuríkasta, og vil ég mikillega þakka það, og fari svo, að við sjáumst hér fáir í kvöld, vil ég nota tækifærið til að óska þeim hv. þm., sem eiga heima utan Reykjavíkur, góðrar heimkomu og heimferðar og öllum hv. þm. árs og friðar.

Haraldur Guðmundsson: Ef hæstv. forseti skyldi verða sannspár, þá þykir mér hlýða að þakka honum fyrir hönd deildarmanna röggsama, lipra og óhlutdræga stjórn og góða samvinnu á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að óska honum allra heilla og góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við sjáumst á næsta þingi. Ég vil svo biðja menn að standa á fætur til heiðurs hæstv. forseta. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir hlý ummæli í minn garð og hv. þm. fyrir undirtektirnar.

Á 115. fundi í Ed., 17. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Nú geri ég fastlega ráð fyrir, að þetta verði síðasti fundur deildarinnar, og leyfi ég mér að endurtaka þakkir mínar til háttv. þingdeildarmanna, sem ég bar fram í gær, þegar ég bjóst við, að þá væri síðasti fundur hv. deildar, og árnaðaróskir mínar til þeirra.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil einnig endurtaka þakkarorð mín til hæstv. forseta, er ég flutti honum í gær í nafni allra hv. þingdeildarmanna, og heillaóskir honum til handa. Bið ég hv. þdm. að standa upp til staðfestu þeim orðum mínum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hlýleg orð og góðar undirtektir og segi svo þessum lokafundi deildarinnar slitið.

b. Í neðri deild.

Á 108. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (SB): Þetta verður síðasti fundur deildarinnar að þessu sinni. Vil ég mælast til þess, að mér verði heimilað ásamt skrifara að ganga frá þeim fundargerðum, sem ekki hefur unnizt tími til að staðfesta. Skoða ég það samþ., þar sem enginn mælir því í gegn.

Ég þakka háttv. þingdeildarmönnum góða og ánægjulega samvinnu við mig á þessu þingi, óska utanbæjarþingmönnum fararheilla og góðrar heimkomu og deildarmönnum öllum gæfuríks sumars, og vona ég, að við megum öll heil hittast á næsta þingi.

Einar Olgeirsson: Ég leyfi mér fyrir hönd allra þingdeildarmanna að þakka hæstv. forseta réttláta og röggsamlega fundarstjórn og alla samvinnu, óska honum góðs sumars og velfarnaðar í hvívetna, og vona ég, að við hittum hann öll heil á næsta þingi. — [Tóku deildarmenn undir með því að rísa úr sætum.]

Forseti (SB): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. hlý orð í minn garð og hv. deildarmönnum undirtektir þeirra. Endurtek ég svo árnaðaróskir mínar þeim til handa og segi fundi slitið.

XI. Þinglausnir.

Á 52. fundi í Sþ., 17. maí, las forseti upp eftirfarandi yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 14. nóv. 1949 til 17. maí 1950, eða alls 185 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	108	
Í efri deild	115	
Í sameinuðu þingi	52	
		Alls 275 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:			
1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	28		
b. Lögð fyrir efri deild	12		
c. Lögð fyrir sameinað þing	2		
		42	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	51		
b. Borin fram í efri deild	26		
		77	
			119
Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin frumvörp, sem nefndir fluttu að beiðni ríkisstjórnarinnar eða einstakra ráðherra, *21* að tölu.			
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	29		
Þingmannafrumv.	33		
		alls	62
b. Fellt:			
Þingmannafrumvarp			1
c. Afgr. með rökst. dagskrá:			
Þingmannafrumvörp			2
d. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp			13
Þingmannafrumvörp			41
			119
II. Þingsályktunartillögur, allar bornar fram í sameinuðu þingi			48
Þar af:			
a. Ályktanir Alþingis			17
b. Afgr. með rökst. dagskrá			2
c. Ekki útræddar			29
			48
III. Fyrirspurnir, allar bornar fram í sameinuðu þingi, 21, en sumar eru saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema			9
Allar þessar fyrirspurnir voru ræddar.			
Mál til meðferðar í þinginu alls			176
Tala prentaðra þingskjala alls			821

Síðan mælti

forseti (JPálm): Það Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, hefur staðið 185 daga og er því meðal lengstu þinga, sem haldin hafa verið. Af skýrslu þeirri, sem ég hef hér lesið, má sjá tölu þeirra mála, sem þingið hefur haft til meðferðar, en þar er í rauninni lítið sagt um afrek þingsins og aðstöðu til starfa. Hvort tveggja hefur verið mjög ólíkt því, sem áður hefur gerzt.

Þegar þingið kom saman að nýloknum almennum kosningum, hafði þáverandi ríkisstjórn

sagt af sér, en starfaði til bráðabirgða. Enginn líklegur meiri hluti til og mjög óvænlegar horfur um myndun þingræðislegrar meirihlutastjórnar. Allur fjárhagur í öngþveiti og í stuttu máli vandræðahorfur með alla eðlilega þingstarfsemi. Afleiðingin hefur orðið sú, að mikill meiri hluti þingtímans hefur farið í stjórnarsamninga og deilur milli ólíkra flokka. — Það er líka í fyrsta sinn nú í sögu Alþingis, að þrjár ríkisstjórnir starfa á sama þingi og fjalla um sömu fjárlögin og önnur þau vandamál, sem fyrir eru. Þetta hefur sett sinn svip á þetta þing og valdið miklu um lengd þess. En undirrótin liggur dýpra, og henni má ekki leyna. Hún er sú, að starf Alþingis gengur nú orðið mest út á það að ráða fram úr vandræðum, fjárhagslega, atvinnulega og pólitískt. Hvernig stendur á þessu, spyr maður mann, og klögumálin ganga á víxl. — Sannleikurinn er sá, að á undangengnu góðæratímabili hafa kröfur um framkvæmdir og lífsþægindi gengið úr hófi fram. Kröfur stéttarfélaga, bæjarfélaga, héraða og pólitískra flokka. Öllum þessum kröfum hefur verið stefnt á einn stað, fyrst og fremst til Alþingis, rétt eins og það ráði yfir ótæmandi auðsuppsprettum og óendanlegum úrræðum. Þar hlaut því hringurinn fyrst að bresta, og hann var brotinn, þegar þetta þing kom saman, vegna skulda og rekstrarhalla, — af því að of mikið hafði verið undan látið og meiru sinnt en rétt var af öllum kröfunum.

Þegar svo er komið, er og heldur ekki um neitt annað en neyðarkosti að velja. Sömu kröfum, sömu greiðslum, sömu skuldasöfnun er þó ekki hægt til lengdar að halda áfram. Á þessu þingi hafa staðið deilur um það, hver af mismunandi neyðarkostum væri skástur. Í því efni hefur meiri hlutinn tekið sína ákvörðun í bili, og verður hér ekkert um það rætt, hvort hún er sú eina rétta eða ekki.

Hitt verð ég að segja öllum flokkum, öllum stéttum og öllu landsfólki, að þegar auðsældartímabil liðinna ára er liðið, þá getur enginn vænzt þess, að allt sé áfram í sömu skorðum.

Allir verða að taka afleiðingum verka sinna í mismunandi mæli. En þó þetta sé svo, þá er þó þjóðin betur búin nú, að tækjum, byggingum, samgöngum og þekkingu, en nokkru sinni fyrr. Henni á því að geta liðið vel, ef hún kann að nota sér aðstöðuna. Þar skiptir mestu, að atvinnuvegirnir geti gengið og fólkið haft atvinnu. Þar næst árferði til sjávar og sveita og markaður fyrir afurðir. Á hinu lifir engin þjóð og sízt við Íslendingar, að eyða of mikilli orku í flokka- og stéttabaráttu, meira og minna ófrjóa, óþarfa og jafnvel fávíslega. Það er það, sem nú og áður hefur skapað Alþingi mesta orðugleika og gert því svo illa fært að ráða fljótt og vasklega fram úr þeim verkefnum, sem til þess hafa komið.

Alls þessa vegna vil ég við þessi þingslit óska þess, að allir aðilar taki með skilningi þeirri viðleitni, sem þetta þing hefur sýnt til úrræða. Að stéttir og flokkar, þjóðin öll, leitist við að nota bjargræðistímann, sumarið, sem bezt og í sem mestum friði. Reyni að njóta á sem hagfelldastan hátt þeirra náttúrugæða, sem okkar frjóa og fagra land hefur að bjóða. Deilurnar um mismunandi sjónarmið og mismunandi skoðanir verða í aðalatriðum að bíða haustsins og næsta vetrar. — Þá kann margt að liggja ljósara fyrir og verða auðveldara til úrlausnar en nú er. — Ég vil svo óska öllum áheyrendum nær og fjær, þjóðinni allri, hamingju og friðar á þessu nýbyrjaða sumri og framvegis.

Háttvirtum alþingismönnum, hæstv. ríkisstj og öllu starfsfólki Alþingis þakka ég vinsamlega samvinnu við mig sem forseta. Ég óska ykkur gleði og farsældar á þessu nýbyrjaða sumri, bæði atvinnulega og persónulega. Utanbæjarþingmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Hittumst allir heilir á hausti komanda, þegar næsta þing hefst.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér í nafni okkar þingmannanna allra að þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum fyrir góða og röggsamlega fundarstjórn og gott samstarf. Óska ég svo hæstv. forseta góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og vil ég vænta þess, að við hittumst heilir að hausti. — Ég vil biðja hv. þingmenn að taka undir þessi orð mín með því að standa upp. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í minn garð og sömuleiðis hv. þingmönnum fyrir undirtektir þeirra.

Forsrh. (Steingrímur Steinþórsson): Í ríkisráði í dag var gefið út svo hljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands (forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar) gera kunnugt:

Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Steingrími Steinþórssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi, 69. löggjafarþingi, er það hefur lokið störfum.

Ritað í Reykjavík 17. dag maímánaðar 1950.

Steingrímur Steinþórsson, Jón Pálmason,
Þórður Eyjólfsson.
/Steingrímur Steinþórsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um þinglausnir."

Samkvæmt þessu umboði lýsi ég hér með yfir, að þessu 69. löggjafarþingi, sem nú hefur lokið störfum sínum, er slitið.

Um leið og ég óska hv. þingmönnum velfarnaðar, vil ég biðja þá að rísa úr sætum sínum og minnast fósturjarðarinnar.

Þingmenn risu úr sætum, og *forsætisráðherra* mælti: „Lifi Ísland!"

Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.